ÚRSKURÐUR
ÓBYGGÐANEFNDAR

Mál nr. 3/2021

Fjalllendi milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar auk Nesdals

ÓBYGGÐANEFND

30. ágúst 2023

EFNISYFIRLIT

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD 1

2 MÁLSMEÐFERÐ 3

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar 3

2.2 Ísafjarðarsýslur (svæði 10B) teknar til meðferðar 3

2.3 Lýstar kröfur og kynning 5

2.4 Mál nr. 3/2021, Fjalllendi milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar auk Nesdals 6

3 KRÖFUGERÐ 12

3.1 Kröfur íslenska ríkisins 12

3.2 Kröfur vegna Mýra í Dýrafirði 13

3.3 Kröfur vegna Minni-Garðs í Dýrafirði 13

3.4 Kröfur vegna Klukkulands í Dýrafirði 14

3.5 Kröfur vegna Núps í Dýrafirði 14

3.6 Kröfur vegna Alviðru og Leitis í Dýrafirði 14

3.7 Kröfur vegna Gerðhamra í Dýrafirði 15

3.8 Kröfur vegna Arnarness við Dýrafjörð 15

3.9 Kröfur vegna Birnustaða og Skaga/Fjallaskaga við Dýrafjörð 16

3.10 Kröfur vegna Sæbóls, Álfadals og Villingadals á Ingjaldssandi 16

3.11 Kröfur vegna Sæbóls á Ingjaldssandi 16

3.12 Kröfur vegna Háls á Ingjaldssandi 17

3.13 Kröfur vegna Hrauns á Ingjaldssandi 18

3.14 Kröfur vegna Brekku á Ingjaldssandi 18

3.15 Kröfur vegna jarða í Mosdal og Valþjófsdal í Önundarfirði (Mosdals, Kirkjubóls í Valþjófsdal, Dalshúsa í Valþjófsdal, Tungu í Valþjófsdal, Grafargils í Önundarfirði og Þorfinnsstaða í Önundarfirði) 19

3.16 Kröfur vegna Hjarðardalstorfu í Önundarfirði (Ytri-Hjarðardals, Innri-Hjarðardals og Þórustaða) 19

3.17 Kröfur vegna Holts í Önundarfirði 19

3.18 Kröfur vegna Vaðla í Bjarnadal 20

3.19 Kröfur vegna Traðar í Bjarnadal 20

3.20 Kröfur Orkubús Vestfjarða vegna landréttinda 21

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN 22

4.1 Inngangur 22

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar 22

4.3 Vettvangsferð 23

4.4 Skýrslutökur 24

5 SAGA LANDSVÆÐA 25

5.1 Landnám 25

5.2 Afréttir og afréttarnot 26

5.3 Mýrar í Dýrafirði ... 27
5.4 Fell í Dýrafirði ... 45
5.5 Lækjarós í Dýrafirði ... 50
5.6 Meiri-Garður í Dýrafirði ... 57
5.7 Minni-Garður í Dýrafirði ... 61
5.8 Klukkuland í Dýrafirði ... 65
5.9 Núpur í Dýrafirði ... 68
5.9.1 Haukaberg í Dýrafirði ... 81
5.10 Alviðra í Dýrafirði ... 83
5.11 Leiti í Dýrafirði ... 93
5.12 Gerðhamrar í Dýrafirði ... 94
5.13 Arnarnes við Dýrafjörð ... 97
5.14 Birnustaðir við Dýrafjörð ... 101
5.15 Skagi/Fjallaskagi við Dýrafjörð ... 107
5.16 Sæból á Ingjaldssandi ... 111
5.16.1 Nesdalur milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar ... 121
5.16.2 Heiðar á Ingjaldssandi ... 131
5.17 Álfadalur á Ingjaldssandi ... 132
5.18 Hraun á Ingjaldssandi ... 138
5.19 Háls á Ingjaldssandi ... 141
5.20 Brekka á Ingjaldssandi ... 142
5.21 Villingadalur á Ingjaldssandi ... 148
5.22 Mosdalur í Önundarfirði ... 153
5.23 Kirkjuból í Valþjófsdal ... 154
5.24 Dalshús í Valþjófsdal ... 160
5.25 Tunga í Valþjófsdal ... 162
5.26 Grafargil í Önundarfirði ... 166
5.27 Þorfinnsstaðir í Önundarfirði ... 169
5.28 Ytri-Hjarðardalur í Önundarfirði ... 173
5.29 Innri-Hjarðardalur í Önundarfirði ... 177
5.30 Þórustaðir í Önundarfirði ... 180
5.31 Holt í Önundarfirði ... 182
5.32 Vaðlar í Bjarnadal ... 189
5.33 Tröð í Bjarnadal ... 190
6 SJÓNARMIÐ AÐILA ... 195
6.1 Íslenska ríkið ... 195
6.1.1 Barði, Nesdalur, Heiðar á Ingjaldssandi, Skagi og Skagafjall ... 195
6.1.2 Klukkulandsfjall, Heiðarhorn, Veturlandafjall, Lágfjall, Þverfell, Klúkuheiði, Brekkufjall, Tafla, Hrafnaskálanúpur, Lambaskál, Hörðudalshorn, Vatnahvilftarhorn, Torfhorn, Miðmundarfjall, Kaldbakur og Flatfjall ... 196

6.1.3 Núpsfjall og Alviðrufjall ... 196
6.1.4 Þorfinnur ... 196
6.1.5 Holtsfjall ... 197
6.1.6 Kambafjall og Messuhorn ... 197
6.2 Gagnaðilar íslenska ríkisins ... 197
6.2.1 Minni-Garður, Klukkuland, Núpur, Alviðra ásamt Leiti, Gerðhamrar, Arnarnes, Fjallaskagi og Birnustaðir í Dýrafirði; Brekka á Ingjaldssandi; Mosdalur í Önundarfirði; jarðir í Valþjófsdal; Hjarðardalstorfa og Holt í Önundarfirði; og Vaðlar og Tröð í Bjarnadal ... 197
6.2.1.1 Minni-Garður í Dýrafirði ... 201
6.2.1.2 Klukkuland í Dýrafirði ... 201
6.2.1.3 Núpur í Dýrafirði ... 201
6.2.1.4 Alviðra í Dýrafirði ásamt Leiti ... 202
6.2.1.5 Gerðhamrar í Dýrafirði ... 203
6.2.1.6 Arnarnes í Dýrafirði ... 203
6.2.1.7 Fjallaskagi og Birnustaðir í Dýrafirði ... 204
6.2.1.8 Brekka á Ingjaldssandi ... 204
6.2.1.9 Mosdalur og jarðir í Valþjófsdal ... 205
6.2.1.10 Hjarðardalstorfa í Önundarfirði ... 205
6.2.1.11 Holt í Önundarfirði ... 206
6.2.1.12 Vaðlar í Bjarnadal ... 206
6.2.1.13 Tröð í Bjarnadal ... 207
6.2.2 Sæból, Álfadalur, Háls og Villingadalur ... 207
6.2.3 Sæból og Háls ... 219
6.2.3.1 Sæból á Ingjaldssandi, ásamt Heiðum og Nesdal ... 225
6.2.3.2 Háls á Ingjaldssandi ... 229
6.2.4 Hraun á Ingjaldssandi ... 232
6.2.5 Orkubú Vestfjarða ... 235
7 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR ... 238
7.1 Inngangur ... 238
7.2 Almenn atriði ... 239
7.2.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar ... 239
7.2.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum ... 239
7.2.3 Almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu efstu hluta fjalla ... 243
7.2.3.1 Almennt ... 243
7.2.3.2 Nánar um áhrif staðhátta o.fl. á sönnunarmat ... 245
7.2.3.3 Áhrif þess að landamerkjabréf skortir eða merkjalýsing er óljós ... 246
7.2.3.4 Túlkun hugtaksins „fjallsbrún“ og sambærilegra tilvísana í merkjalýsingum ... 248
7.2.3.5 Þjóðlendur ofan „fjallsbrúna“ ... 250
7.2.3.6 Samanburður tilvika ... 250
7.2.3.7 Hæðarlínur ... 251
7.2.3.8 Landamerkjalýsingar og staðhættir í Ísafjarðarsýslum ... 252

7.2.3.9 Ályktanir og niðurstöður ... 254
7.2.4 Landnám ... 255
7.3 Afmörkun ... 256
7.3.1 Þorfinnur ... 257
7.3.2 Holtsfjall ... 258
7.3.3 Kambafjall og Messuhorn ... 260
7.3.4 Núpsfjall og Alviðrufjall, Gerðhamrahorn og Miðhvilftarnúpur ... 261
7.3.5 Fjallgarður á mörkum fyrrum Mosvallahrepps og Mýrahrepps ... 263
7.3.6 Nesdalur, Heiðar og fjalllendi milli Ingjaldssands og Dýrafjarðar ... 268
7.3.7 Niðurstöður um afmörkun ... 274
7.3.7.1 Efstu hlutar fjalla ... 275
7.3.7.2 Nesdalur, Heiðar og fjalllendi milli Ingjaldssands og Dýrafjarðar ... 277
7.4 Eignarréttarleg staða ... 279
7.4.1 Efstu hlutar fjalla ... 280
7.4.2 Nesdalur og Heiðar á Ingjaldssandi ... 281
7.5 Um kröfur Orkubús Vestfjarða ... 290
7.6 Um málskostnað ... 291
8 ÚRSKURÐARORÐ ... 292
VIÐAUKI: ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR ... I
VIÐAUKI II: MÁLSKOSTNAÐUR ... XCVII
FYLGISKJAL I: AÐILASKRÁ ... XCIX
FYLGISKJAL II: SKJALASKRÁ ... CI
a) Efnisflokkuð skjalaskrá ... CI
b) Skjalaskrá í númeraröð ... CXLIII
FYLGISKJAL III: KORT ... CLXXXIX
a) Úrskurðarkort í máli nr. 3/2021 ... CLXXXIX
b) Yfirlitskort um svæði 10B ... CLXXXIX

1 ÚRLAUSNAREFNI, SKIPAN OG AÐILD

Miðvikudaginn 30. ágúst 2023 er tekið fyrir mál nr. 3/2021, Fjalllendi milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar auk Nesdals, og í því kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Úrskurð þennan kveða upp Hulda Árnadóttir, Þorsteinn Magnússon og Eiríkur Elís Þorláksson.

Aðilar máls eru:[1]

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins vegna þjóðlendna.

(Ívar Pálsson lögmaður.)

Elísabet A. Pétursdóttir, Sveinn K. Sveinsson, Ragnheiður Kr. Finnbogadóttir og Birkir Þ. Guðmundsson vegna Háls á Ingjaldssandi.

Elísabet A. Pétursdóttir vegna Sæbóls á Ingjaldssandi.

(Ólafur Björnsson lögmaður.)

Bjarni M. Jónsson vegna Álfadals á Ingjaldssandi.

Bjarni M. Jónsson og Kristín Pétursdóttir vegna Sæbóls á Ingjaldssandi.

Kristín Pétursdóttir vegna Villingadals og Háls á Ingjaldssandi.

(Þórður Bogason lögmaður.)

Þorsteinshorn ehf. vegna Hrauns á Ingjaldssandi.

(Kristján Þorbergsson lögmaður.)

Matthildur Á. Helgad. Jónudóttir, Árni Þór Helgason og Sigríður Helgadóttir vegna Alviðru og Leitis í Dýrafirði.

Guðrún Einarsdóttir, Höskuldur Haukur Einarsson, dánarbú Svanfríðar Gísladóttur, Gunnar Baldursson, Halldís Gunnarsdóttir, Ásthildur Gunnarsdóttir, Júlía Leví Baldursdóttir, dánarbú Guðmundar Gilssonar, Baldur Gunnarsson, Þórlaug Erla Einarsdóttir, Halldór Gunnarsson, Sigrún Björk Einarsdóttir, Reynir Ásgeirsson, Garðar H Magnússon, Friðdóra Haukdal Magnúsdóttir og Katrín Haukdal Magnúsdóttir vegna Arnarness í Dýrafirði.

---

[1] Sjá einnig aðilaskrá (fylgiskjal I). Auk þeirra sem hér eru nefnd var við meðferð málsins lýst kröfum vegna Mýra í Dýrafirði af hálfu Unu Gísladóttur, Álfheiðar Gísladóttur, Valdimars Hauks Gíslasonar, Bergsveins Jóhanns Gíslasonar, Davíðs Gíslasonar, Vignis Sigurðssonar, Dagrúnar Sigurðardóttur, Hermanns Sigurðssonar, Gunnars Sigurðssonar, Torfa Sigurðssonar, Gísla Vagns Jónssonar, Sigurleifs Ágústssonar og Péturs Fjeldsted Einarssonar. Eftir breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins í málinu tilkynntu framangreindir aðilar að þeir létu málið ekki frekar til sín taka, fyrir utan kröfu um málskostnað.

Árelía Eydís Guðmundsdóttir og Jóhannes Kristjánsson vegna Brekku á Ingjaldssandi.

Gunnhildur Valdimarsdóttir, Margrét Rakel Hauksdóttir, Ásta Valdimarsdóttir, Viktoría Valdimarsdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Sigríður J. Valdimarsdóttir, Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, Hólmfríður Valdimarsdóttir, Rakel Valdimarsdóttir og Kristinn Valdimarsson vegna Birnustaða og Fjallaskaga í Dýrafirði.

Halla Signý Kristjánsdóttir, Árelía Oddbjörnsdóttir, Guðný Kristjánsdóttir, Eygló Kristjánsdóttir, Finnbogi Kristjánsson, Harpa Oddbjörnsdóttir, Guðrún Jóna Kristjánsdóttir, Jóhannes Kristjánsson, Íris Ósk Oddbjörnsdóttir, Helga Dóra Kristjánsdóttir, Kristján Sigurður Kristjánsson, Guðmundur Kort Kristjánsson og Evrópa ehf. vegna Gerðhamra í Dýrafirði.

Sólveig Bessa Magnúsdóttir, Björgvin Sveinsson vegna Hjarðardals Innri.

Leggur og skel ehf. vegna Hjarðardals Ytri.

Björn Björnsson vegna Þórustaða í Hjarðardal.

Kirkjumálasjóður vegna Holts í Önundarfirði

Guðmundur S. Björgmundsson vegna Kirkjuþóls og Dalshúsa í Valþjófsdal og Mosdals.

Guðmundur S. Björgmundsson, Sigríður Björgmundsdóttir og Sigmundur B. Þorkelsson vegna Þorfinnsstaða í Valþjófsdal.

Sigmundur B. Þorkelsson vegna Tungu í Valþjófsdal.

Garðar Guðmundsson, Kristín S. Guðmundsdóttir, dánarbú Hallgríms Guðmundssonar og Aðalsteinn S. Guðmundsson vegna Grafargils í Valþjófsdal.

John Francis Zalewski, Brynjólfur Jónsson, Sæmundur Kristján Þorvaldsson og Lúðvík Emil Kaaber vegna Klukkulands í Dýrafirði.

Jón Skúlason vegna Minni-Garðs í Dýrafirði.

Gunnhildur Valdimarsdóttir, Margrét Rakel Hauksdóttir, Ásta Valdimarsdóttir, Viktoría Valdimarsdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Sigríður J. Valdimarsdóttir, Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, Hólmfríður Valdimarsdóttir, Rakel Valdimarsdóttir og Kristinn Valdimarsson vegna Núps í Dýrafirði.

Ásvaldur Magnússon og Helga Dóra Kristjánsdóttir vegna Traðar í Bjarnadal.

Árni Guðmundur Brynjólfsson vegna Vaðla í Bjarnadal.

(Friðbjörn E. Garðarsson lögmaður.)

Orkubú Vestfjarða vegna landréttinda.

(Jónas A. Aðalsteinsson lögmaður.)

2 MÁLSMEÐFERÐ

2.1 Hlutverk óbyggðanefndar

Hinn 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998. Lögin kveða á um að starfa skuli óbyggðanefnd sem hafi með höndum eftirfarandi hlutverk skv. 7. gr:

a) Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda.
b) Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur.
c) Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna.

Af ákvæði 7. gr. leiðir að gildistaka laganna og úrskurðir óbyggðanefndar fela ekki í sér afstöðu til réttinda einstakra aðila yfir eignarlandi eða hver séu mörk milli eignarlanda og leiða ekki til neinna breytinga þar á.

2.2 Ísafjarðarsýslur (svæði 10B) teknar til meðferðar

Óbyggðanefnd skipti landinu upphaflega í ellefu hluta sem auðkenndir voru sem svæði 1–11 og tók eitt þessara svæða til meðferðar í einu. Með bréfi dagsettu 12. nóvember 2015 tilkynnti óbyggðanefnd fjármála- og efnahagsráðherra að ákveðið hefði verið, vegna knappra fjárheimilda nefndarinnar og að höfðu samráði við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands, að skipta svæði 10 í þrennt, þ.e. svæði 10A, 10B og 10C. Landsvæðið sem hér er til umfjöllunar, eftir þessa breytingu, er auðkennt sem svæði 10B, þ.e. Ísafjarðarsýslur.

Með bréfi dagsettu 27. nóvember 2019 var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt ákvörðun óbyggðanefndar um að taka til umfjöllunar svæði 10B, sbr. 8. gr., 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 11. gr. laga nr. 58/1998, og veittur frestur til 2. mars 2020 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu, væri um slíkar kröfur að ræða. Að beiðni íslenska ríkisins var frestur fjármála- og efnahagsráðherra til að lýsa kröfum á svæðinu framlengdur fimm sinnum, síðast til 15. september 2020.

Landsvæði þetta, hið fimmtánda í röðinni hjá óbyggðanefnd,[2] tekur til sveitarfélaganna Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar, Súðavíkurhrepps og hluta Strandabyggðar.

Við skiptingu svæðis 10 voru mörk svæða 10B og 10C miðuð við sýslumörk Ísafjarðarsýslna og Barðastrandarsýslna og svæðamörkin teiknuð inn á kort á grundvelli stafrænna gagna frá Landmælingum Íslands um legu sýslumarkanna. Við meðferð máls nr. 3/2020 á svæði 10C aflaði óbyggðanefnd upplýsinga frá Veðurstofu Íslands um legu vatnaskila við sýslumörkin. Af þeim var ljóst að vatnaskilin lágu ýmist aðeins sunnar

[2] Upphaflega var meginlandinu skipt í ellefu svæði við málsmeðferð nefndarinnar. Svæðum 7, 8 og 9 var öllum skipt í tvennt á síðari stigum, þ.e. svæði 7A, 7B, 8A, 8B, 9A og 9B. Svæði 10 var síðan skipt í þrennt, þ.e. svæði 10A, 10B og 10C. Svæði 10C var tekið fyrir á undan svæði 10B og því var síðarnefnda svæðið hið fimmtánda í röðinni af sextán svæðum á meginlandinu þegar þarna var komið sögu.

eða norðar en sýslumörkin, eins og þau höfðu verið dregin upp á grundvelli fyrrgreindra gagna frá Landmælingum Íslands. Þar sem gagnaðilar íslenska ríkisins í máli nr. 3/2020 á svæði 10C miðuðu kröfur sínar að norðanverðu við vatnaskil, varð ljóst að kröfurnar náðu á nokkrum stöðum norður fyrir sýslumörk og þar með mörk milli svæða 10C og 10B eins og þau höfðu verið skilgreind. Vegna þessa ákvað óbyggðanefnd á fundi 27. október 2020, að höfðu samráði við lögmenn aðila, að breyta mörkum milli svæða 10C og 10B til samræmis við legu vatnaskila, að því marki sem kröfur gagnaðila ríkisins í máli nr. 3/2020 á svæði 10C miðuðust við þau. Breytingin tók því einungis til þess hluta svæðamarkanna þar sem kröfur gagnaðila ríkisins í umræddu máli miðuðust við vatnaskil en ekki sýslumörk. Lögmenn íslenska ríkisins á svæðum 10B og 10C og lögmenn gagnaðila ríkisins í máli nr. 3/2020 voru upplýstir um breytinguna með tölvupósti 30. október 2020 og í kjölfarið aðlagaði íslenska ríkið kröfur sínar að breyttum svæðamörkum, bæði á svæði 10C og 10B.[3] Breytingin var gerð með það fyrir augum að hægt væri að fjalla í einu máli um kröfur viðkomandi gagnaðila ríkisins, til hagsbóta fyrir þá. Að öðrum kosti hefðu þeir einnig þurft að gera kröfur til lítilla svæða innan svæðis 10B til þess að halda kröfum sínum til streitu. Auk þess var við ákvarðanatökuna höfð hliðsjón af því að svæðið beggja vegna þess hluta svæðamarkanna sem breytingin tók til var undirorpið þjóðlendukröfu að langmestu leyti.

Að teknu tilliti til framangreindra breytinga afmarkast svæði 10B svo við málsmeðferð óbyggðanefndar: Sýslumörkum Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu er fylgt frá hafi við Geirólfsnúp milli Skjaldabjarnarvíkur og Reykjafjarðar til suðvesturs og síðan suðurs þar til komið er að norðurmörkum Austur-Barðastrandarsýslu. Þaðan er mörkum milli Norður-Ísafjarðarsýslu og Austur-Barðastrandarsýslu fylgt til vesturs þar til komið er að þeim stað þar sem vatnaskil milli Skálmarfjarðar og Ísafjarðardjúps skera sýslumörkin. Þaðan er vatnaskilum milli Skálmarfjarðar og Ísafjarðardjúps fylgt til vesturs að vatnaskilum milli Vattarfjarðar og Ísafjarðardjúps og þeim svo fylgt til vesturs að þeim stað þar sem þau beygja til suðvesturs frá norðurmörkum Austur-Barðastrandarsýslu, sem jafnframt eru norðurmörk Reykhólahrepps, skammt vestan við punkt í 673 m hæð. Þaðan er sýslumörkunum fylgt til vesturs þar til komið er að mörkum Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu. Þaðan er síðastnefndum sýslumörkum fylgt til vesturs að hafi við Langanes við Arnarfjörð. Að öðru leyti afmarkast svæðið af hafi.

Hlutaðeigandi sýslumannsembætti og sveitarfélögum var tilkynnt um málsmeðferðina þegar kröfur ríkisins höfðu borist og gerð grein fyrir framhaldinu.

[3] Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins á svæði 10B barst óbyggðanefnd 16. september 2020 og því lá fyrir á þessu stigi að gerð væri krafa um þjóðlendu norðan svæðamarkanna sem nú er til umfjöllunar í máli nr. 5/2021.

2.3 Lýstar kröfur og kynning

Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, um þjóðlendur á svæði 10B barst óbyggðanefnd 15. september 2020 en kröfulínukort bárust 5. og 6. október 2020. Kröfulýsingin ásamt kortum var birt 7. október 2020 á vefsíðu nefndarinnar. Óbyggðanefnd birti síðan tilkynningu um málsmeðferð á svæðinu og útdrátt úr kröfum ríkisins, ásamt uppdrætti, í Lögbirtingablaðinu 9. október 2020, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Skorað var á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 1. febrúar 2021. Þá kom fram að yfirlýsingu um kröfugerð og málsmeðferð kynni að verða þinglýst á þær fasteignir á svæðinu sem skráðar væru í þinglýsingabók og málið varðaði, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Yfirlýsingunni var síðan þinglýst 4. febrúar 2021. Útdráttur úr efni tilkynningarinnar í Lögbirtingablaðinu var birtur með auglýsingum í dagblöðum, sbr. fyrrnefnt lagaákvæði, auk þess sem birt var auglýsing í héraðsfréttamiðli.

Kynningargögn um kröfur fjármála- og efnahagsráðherra voru gerð aðgengileg almenningi á öllum skrifstofum sýslumannsins á Vestfjörðum, þ.e. á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði, auk skrifstofu og vefsíðu óbyggðanefndar. Að auki voru gögnin send sveitarfélögum á svæðinu með beiðni um að hafa þau aðgengileg. Enn fremur var fréttatilkynning send út um þjóðlendukröfu ríkisins, kröfulýsingarfrest annarra og hvar kynningargögn væru aðgengileg. Morgunblaðið og vefurinn Bæjarins besta (bb.is) fjölluðu um þjóðlendukröfurnar 8.–22. október 2020 og Ísafjarðarbær kynnti kröfurnar á vefsíðu sinni.

Kröfulýsingarfrestur annarra en íslenska ríkisins var síðar framlengdur þrisvar, síðast til 22. mars 2021. Innan frestsins bárust 123 kröfulýsingar, sumar vegna fleiri en einnar jarðar eða svæðis, og athugasemdir vegna einnar jarðar í viðbót. Síðar bárust nefndinni 36 kröfulýsingar í viðbót og þær urðu því samtals 159. Síðarnefndu kröfulýsingunum var veitt viðtaka á grundvelli 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga en samkvæmt henni ber óbyggðanefnd að gefa þeim, sem kunna að telja til eignarréttinda á þeim svæðum sem þjóðlendukröfur ríkisins taka til, kost á að gerast aðilar máls og lýsa kröfum fyrir nefndinni. Sumar kröfulýsingarnar bárust í kjölfarið á bréfi sem óbyggðanefnd sendi í maí og júní 2021, að liðnum kröfulýsingarfresti gagnaðila ríkisins, til eigenda jarða í grennd við þau kröfusvæði ríkisins þar sem gagnkröfum hafði ekki verið lýst til að vekja athygli á kröfum ríkisins og gefa eigendum jarðanna kost á aðild að málunum, á grundvelli áðurnefndrar 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga.

Gefið var út yfirlit yfir lýstar kröfur ásamt uppdrætti. Lögboðin kynning á heildarkröfum fór fram með því að yfirlit og uppdráttur lágu frammi á skrifstofum sýslumannsins á Vestfjörðum á Hólmavík og Ísafirði frá 1. desember 2021 til og með 7. janúar 2022, sbr. 12. gr. laga nr. 58/1998, auk þess sem skrifstofa sama embættis á Patreksfirði fékk gögnin send rafrænt. Athugasemdafrestur var til 14. janúar 2022. Kynningar-

gögnin voru jafnframt aðgengileg á skrifstofu óbyggðanefndar og vefsíðu nefndarinnar. Engar athugasemdir bárust fyrir lok athugasemdafrests.

Kröfugerð fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd íslenska ríkisins, tók til 45 skilgreindra svæða. Á móti bárust 159 kröfulýsingar ýmissa aðila sem sumar sköruðust en samtals tóku þær til tæplega 190 jarða eða svæða.

2.4 Mál nr. 3/2021, Fjalllendi milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar auk Nesdals

Við fyrstu fyrirtöku mála á svæði 10B, sem haldin var sameiginlega vegna allra málanna 4. júní 2021, var tilkynnt um skiptingu svæðisins í átta mál, nr. 1–8/2021, og að mál nr. 3/2021 nefndist Fjalllendi milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar auk Nesdals. Gerð var grein fyrir skipan óbyggðanefndar í málunum og að hana skipuðu í máli nr. 3/2021 Hulda Árnadóttir, Þorsteinn Magnússon og Eiríkur Elís Þorláksson. Upplýsingar um skiptingu í mál, skipan nefndarmanna í þau og mat á sérstöku hæfi nefndarmanna höfðu áður verið sendar lögmönnum og öðrum fulltrúum málsaðila í tölvupósti og engar athugasemdir borist. Ekki komu heldur fram athugasemdir við þessi atriði á fundinum. Farið var yfir forsögu meðferðar svæðis 10B og stöðu málsmeðferðar, m.a. upplýst að eigendum allnokkurra jarða í grennd við kröfusvæði ríkisins þar sem gagnkröfum hafði ekki verið lýst innan kröfulýsingarfrests hefði verið sent bréf til að vekja athygli þeirra á kröfum ríkisins og gefa þeim kost á aðild að málunum, sbr. 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga. Brýnt var fyrir lögmönnum að skila öllum kröfulýsingum sem þeir hefðu boðað, gera viðeigandi ráðstafanir varðandi kortlagningu kröfulína og skila skriflegum umboðum frá öllum umbjóðendum sínum til skrifstofu óbyggðanefndar. Bent var á að litið væri svo á að einungis þeir sem gefið hefðu slíkt umboð væru aðilar máls, að því frátöldu ef aðilar gættu hagsmuna sinna sjálfir.

Gerð var grein fyrir gagnaöflun nefndarinnar og stöðu hennar. Einnig var greint frá verklagi við framlagningu skjala og lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Sömuleiðis var gerð grein fyrir ýmsum atriðum sem varða málskostnað og greiðslur á útlögðum kostnaði en í því sambandi var vakin athygli á ákvæði 17. gr. þjóðlendulaga um samnýtingu á sérfræðiaðstoð o.fl. Því var beint til lögmanna og annarra fulltrúa aðila að kanna hvort ljúka mætti málinu með sátt, sbr. 15. gr. þjóðlendulaga. Enn fremur var farið yfir framhald málsmeðferðar og upplýst að vettvangsferðir væru fyrirhugaðar um sumarið. Lögmenn voru beðnir að kanna, í samráði við umbjóðendur sína, hvað þeir teldu helst þurfa að skoða í vettvangsferð og hvernig því yrði best komið við.

Önnur fyrirtaka í máli nr. 3/2021 var haldin 9. júní 2021. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Lögmenn voru inntir eftir því hvort tekist hefði að sætta málið að einhverju eða öllu leyti frá síðustu fyrirtöku en svo reyndist ekki vera. Fram kom að ágreiningur málsins sneri einkum að því hvort landamerki jarða á svæðinu lægju saman uppi á fjöllum eða hvort efsti hluti fjallanna væri utan eignarlanda og því þjóðlenda. Þórður Bogason lögmaður skoraði á lögmann ríkisins að falla frá kröfum vegna Nesdals og Heiða.

Sigmar Aron Ómarsson lögmaður upplýsti að lögmaður Orkubús Vestfjarða hefði sett sig í samband við lögmann íslenska ríkisins til að leita sátta vegna krafna Orkubús Vestfjarða en beðið væri viðbragða lögmanns ríkisins. Formaður beindi þeim tilmælum til lögmanns ríkisins að skoða vel hvort eitthvað væri fram komið af hálfu gagnaðila ríkisins sem gæfi tilefni til breytinga á kröfugerð.

Einnig var bent á að fjallsbrúnir hefðu áður komið til skoðunar í málum hjá nefndinni og vakin athygli á annars vegar málum nr. 3–4/2004 og 2–3/2005 þar sem þurft hefði að túlka hugtakið fjallsbrún í tengslum við Esju og Smjörfjöll, og hins vegar máli nr. 1/2018 sem varðaði svæði sunnan og austan Snæfellsjökuls en þar háttaði öðruvísi til. Því var beint til lögmanna að skoða framkvæmd nefndarinnar að þessu leyti, staðhætti og heimildir, ekki síst með tilliti til þess hvort líkindi væru með aðstæðum í málinu sem nú væri til umfjöllunar og einhverju fyrri mála. Þá voru ítrekaðar óskir um að fulltrúar málsaðila kæmu ábendingum og óskum umbjóðenda sinna vegna vettvangsferða á framfæri við nefndina ásamt upplýsingum sem áður höfðu verið sendar fulltrúum aðila í tölvupósti um að stefnt væri að vettvangsferðum í málum nr. 1–5/2021 dagana 16.–19. ágúst og að nánari tilhögun vettvangsferðar yrði ákveðin í samráði við lögmenn og aðra fulltrúa aðila. Fyrirkomulag vettvangsferðar var rætt nokkuð.

Vettvangsferð vegna máls nr. 3/2021 fór fram 20. ágúst 2021. Fjallað er um hana í kafla 4.3 hér á eftir.

Þriðja fyrirtaka í máli nr. 3/2021 var haldin 12. maí 2022. Við upphaf fyrirtökunnar greindi Friðbjörn Garðarsson lögmaður frá því að hann hefði tekið við hagsmunagæslu vegna Holts í Önundarfirði f.h. Kirkjumálasjóðs. Einnig greindi hann frá því að fallið hefði verið frá kröfu vegna Lækjaróss. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Vakin var sérstök athygli á því að söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands lægi fyrir og kerfisbundinni gagnaöflun óbyggðanefndar væri lokið. Þó gæti komið til frekari gagnaöflunar ef framhald rannsóknar málsins gæfi tilefni til þess og lögmönnum og öðrum fulltrúum aðila yrðu þá send skjöl jafnóðum og þau bærust líkt og áður. Formaður rifjaði upp að fram hefði komið af hálfu lögmanns ríkisins í nóvember 2021 að hann hygðist óska eftir greinargerð Náttúrufræðistofnunar um gróðurfar í málum á svæði 10B. Aðspurður sagði lögmaður ríkisins að enn lægi ekki fyrir hvort af þessari gagnaöflun yrði. Áhersla var lögð á að hraða þyrfti ákvörðun um það í ljósi þeirra þátta málsmeðferðar sem framundan væru.

Leitað var sátta með aðilum og farið sérstaklega yfir eftirfarandi áhersluatriði sem upplýst hafði verið um í tölvupósti: Í fyrsta lagi var bent á að í málinu sneri ágreiningurinn einkum að því hvort fjallsbrúnir sem mynduðu sýnileg skil í landslagi réðu merkjum milli eignarlanda og þjóðlendu eða hvort landamerki jarða næðu saman efst á fjöllum. Vettvangsferð hefði varpað ljósi á staðhætti og fyrir lægju frekari gögn en þegar kröfum var lýst. Því var beint til lögmanna og annarra fulltrúa málsaðila að meta með atviksbundnum hætti hvort unnt væri að sætta ágreining sem sneri að þessu atriði. Í öðru lagi var því beint til málsaðila að kanna hvort samræma mætti línur á tilteknum stöðum.

Bent var á að við punkt nr. 8 á kröfulínu ríkisins virtust allir hlutaðeigandi aðilar miða við Þúfu en línurnar væru dregnar með mismunandi hætti á kort. Einnig var bent á að óljóst væri hvað réði því hvernig kröfulína ríkisins væri dregin milli punkta nr. 2 og 3. Lögmenn ríkisins lýstu sig reiðubúna til að endurskoða staðsetningu punktanna í því skyni að samræma línur, t.d. kæmi til greina að milli punkta nr. 2 og 3 yrði línan dregin í punkt gagnaðila nr. 7 í Nesdalsskarði. Í þriðja lagi var bent á misræmi milli röksemda íslenska ríkisins fyrir kröfulínu á kröfusvæðinu „Barði, Nesdalur, heiðar í Önundarfirði, Skagi og Skagafjall“ og staðháttum í grennd við punkt nr. 4 á kröfulínu ríkisins þar. Í röksemdum fyrir kröfulínu ríkisins væri vísað til landfræðilegrar legu svæðisins og að það væri í um 500–700m hæð. Hins vegar væri svæðið í grennd við punkt nr. 4 á kröfulínunni í reynd láglent og vel gróið. Lögmenn ríkisins sögðu punktinn ekki rangt staðsettan heldur hefði þarna verið höfð hliðsjón af landamerkjalýsingum aðliggjandi jarða, en málið yrði skoðað nánar. Í fjórða lagi var bent á misræmi milli textalýsingar á kröfulínu ríkisins við sjó í Nesdal og legu línunnar á korti, auk þess sem ekki væri ljóst af textalýsingu hvaðan línan skyldi dregin upp í Búðarhorn. Lögmaður ríkisins sagði að í fyrrnefnda tilfellinu yrði kortið leiðrétt til samræmis við textalýsingu. Einnig sagði hann því að til athugunar væri hvort tilefni væri til breytinga á kröfugerð hvað varðaði afmörkun á svæði norðan Nesdals. Lögmaður eigenda Álfadals, Sæbóls, Villingadals og Háls á Ingjaldssandi mótmælti hugmyndum um breytta kröfugerð ríkisins. Í fimmta lagi var bent á að bæði ríkið og eigendur Háls drægju kröfulínu eftir Þverá en aðilar virtust ekki staðsetja upptök árinnar á sama stað. Í sjötta lagi var bent á að í grennd við Reyðarsker væri kröfulína ríkisins ekki dregin um fjallsbrúnir heldur eftir strandlengjunni þrátt fyrir að vísað væri til Reyðarskers í bréfum aðliggjandi jarða. Einnig virtist röksemdir vanta í kröfulýsingu ríkisins um svæðið. Í sjötta lagi var bent á að kröfur Holts og Vaðla sköruðust á korti en í vettvangsferð hefði aðilum borið saman um að enginn ágreiningur væri á milli jarðanna tveggja. Lögmaður landeigenda staðfesti að þetta yrði leiðrétt á kröfulínukorti. Að lokinni yfirferð um fyrrgreind atriði var brýnt fyrir fulltrúum málsaðila að leitast við að sætta málið eftir því sem unnt væri.

Enn fremur var rifjað upp að í tölvupósti hefðu verið kynnt áform um að halda aðalmeðferðir í málum nr. 1–5/2021 4.–5. október 2022 Ísafirði. Þessar tímasetningar væru staðfestar, enda hefðu ekki komið fram athugasemdir. Þá var íslenska ríkinu veittur frestur til 30. júní 2022 til að skila greinargerð og upplýst að aðrir málsaðilar fengju í framhaldinu frest til 19. september 2022 til að skila greinargerðum.

Fjórða fyrirtaka í málum nr. 1–5/2021 var haldin sameiginlega 27. september 2022. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá og bent á að flest skjölin hefðu áður verið gerð aðgengileg lögmönnum og öðrum fulltrúum málsaðila á vefsvæði og þeir hefðu fengið upplýsingar um skjölin jafnóðum og þau bárust. Vakin var sérstök athygli á því að greinargerðir íslenska ríkisins í málunum lægju nú fyrir og væru meðal framlagðra skjala en þær hefðu áður verið gerðar aðgengilegar rafrænt 1. júlí. Þá var vakin athygli á að frestur annarra til að skila greinargerðum hefði runnið út 26. september og að þær

greinargerðir sem hefðu borist væru nú lagðar fram. Þess var einnig getið sérstaklega að lagðar væru fram kröfulýsingar vegna tiltekinna jarða og að þeim væri veitt viðtaka þótt kröfulýsingarfrestur væri löngu liðinn, enda hefðu þær borist í framhaldi af ráðstöfunum sem skrifstofa nefndarinnar gerði á grundvelli 3. mgr. 13. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998 til að vekja athygli hugsanlegra rétthafa, sem ekki höfðu lýst kröfum, á málsmeðferðinni.

Einnig var vakin athygli á því að með greinargerðum íslenska ríkisins hefði kröfum þess verið breytt að því er varðaði afmörkun þjóðlendukrafna gagnvart tilteknum jörðum í málum nr. 3/2021 og 5/2021 og kröfulínukortum hefði jafnframt verið breytt til samræmis. Kallað var eftir afstöðu þeirra sem önnuðust hagsmunagæslu vegna viðkomandi jarða til þess hvort ágreiningi um merki viðkomandi jarða væri lokið en sú afstaða lá ekki fyrir á fundinum. Enn fremur var vikið að tilteknum atriðum sem vörðuðu hugsanlegar frekari sættir í málum nr. 1/2021 og 5/2021. Brýnt var fyrir fundarmönnum að ljúka því sem út af stæði varðandi mögulegar sættir.

Enn fremur var rætt um tilhögun aðalmeðferðar 4. og 5. október og m.a. rifjuð upp einstök atriði þar að lútandi sem fulltrúar málsaðila höfðu verið upplýstir um í tölvupósti. Þá var þess getið að enn ætti eftir að uppfæra sum kröfulínukort málanna m.t.t. breytinga á kröfulínum sem fulltrúar málsaðila hefðu tilkynnt um og að enn hefðu ekki öll umboð málsaðila til málflytjenda þeirra skilað sér að fullu til nefndarinnar. Brýnt var fyrir fulltrúum málsaðila að bæta úr því.

Aðalmeðferð í málum nr. 1–3/2021 var haldin sameiginlega 4. október 2022. Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá. Bent var á að þótt kerfisbundinni gagnaöflun væri lokið væri hugsanlegt að fleiri skjöl ættu eftir að koma fram síðar en lögmenn og aðrir fulltrúar málsaðila fengju að sjálfsögðu afhent jafnóðum öll skjöl sem kynnu að koma fram, sem og færi á að tjá sig um þau og uppfæra málskostnaðaryfirlit sín ef þeim þætti tilefni til. Formaður rifjaði upp að við 4. fyrirtöku hefði verið farið yfir málsaðild eigenda jarða þar sem kröfum ríkisins hefði verið breytt og nokkrir lögmenn hefðu staðfest að ekki væri lengur ágreiningur við íslenska ríkið um mörk tiltekinna jarða. Við fyrirtökuna hefði ekki legið fyrir afstaða eigenda Mýra í Dýrafirði í máli nr. 3/2021 en hún hefði borist í tölvupósti eftir fyrirtökuna og fulltrúi eigenda staðfest að ekki væri lengur ágreiningur við íslenska ríkið um mörk jarðarinnar.

Að því búnu fóru fram skýrslutökur sem gerð er grein fyrir í kafla 4.4.

Þá voru málin flutt munnlega. Fyrst flutti lögmaður íslenska ríkisins mál nr. 1–3 sameiginlega. Hann tók fram að það væri ósk íslenska ríkisins að á svæðum þar sem ríkisjarðir væru til staðar og á öðrum svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda, á sama hátt og ef gagnkröfur væru fyrir hendi. Í máli nr. 2/2021 gerði lögmaðurinn grein fyrir tiltekinni breytingu á texta kröfugerðar.

Nefndarmenn beindu spurningum til lögmanns ríkisins um tiltekin atriði. Bent var á að hugtakið fjallsbrún gæti haft tvíþætta merkingu og spurt af hverju lögmaðurinn teldi,

í tengslum við merkjalýsingar á svæðinu, að fremur ætti að leggja til grundvallar þann skilning að vísað væri til skarpra skila í landslagi, fremur en vatnaskila á fjalli. Einnig var bent á að fjölmörg dæmi væru um það í úrskurðar- og dómaframkvæmd að landamerki jarða hefðu verið talin ná saman á fjalli uppi, jafnvel á svæðum sem væru lítt gróin, og landamerkjabréf þyrfti jafnan að túlka með hliðsjón af staðháttum. Lögmaður ríkisins svaraði því til að þar sem skörp skil væru í landinu og aðstæður væru t.d. þannig að vísað væri til örnefnis við brún fjalls væri ekki sjálfgefið að merkin næðu áfram upp að vatnaskilum. Þá var spurt um samhengi við kröfugerð ríkisins á fyrri svæðum í tengslum við merki jarða til fjalla og meðalhóf í því sambandi. Enn fremur var spurt um kröfugerð ríkisins í tengslum við fjallsbrúnir og lögmaðurinn beðinn að draga fram að hvaða leyti hann teldi Ísafjarðarsýslur frábrugðnar öðrum landshlutum sem nefndin hefði fjallað um, þ.e. hvort kröfur ríkisins byggðust á því að staðhættir, heimildir, samspil þeirra eða eitthvað annað væri frábrugðið. Í þessu sambandi var bent á að óbyggðanefnd hefði lokið umfjöllun um megnið af landinu og fyrir lægju mörg fordæmi í úrskurðar- og dómaframkvæmd í tengslum við merki jarða til fjalla. Lögmaður ríkisins svaraði því til að kröfugerðin byggðist bæði á mati á merkjalýsingum jarðanna og því mati að staðhættir væru sérstakir þar sem sléttlendi afmarkaðist af skörpum hlíðum.

Þá fluttu málflytjendur gagnaðila íslenska ríkisins málin. Í máli nr. 3/2021 lýsti lögmaður eigenda Álfadals, Sæbóls, Villingadals og Háls á Ingjaldssandi undrun yfir því að krafa vegna Hrauns næði inn á Sæbólsheiðar og óskaði þess að færð væru til bókar mótmæli við kröfulýsingu Hrauns að því leyti. Lögmaður sem fór með mál annarra umbjóðenda vegna Sæbóls og Háls gerði grein fyrir varakröfu vegna Sæbóls, þess efnis að ef aðalkröfu um beinan eignarrétt yrði hafnað væri gerð krafa um fullkominn afnotarétt af því svæði sem kynni að verða úrskurðað þjóðlenda.

Lögmaður eigenda jarða í Mosdal og Valþjófsdal tilkynnti að þar sem nýjar upplýsingar hefðu borist um rétta staðsetningu Reyðarskers yrðu væntanlega gerðar breytingar á kröfulínukorti vegna jarðanna en ekki væri þörf á að breyta texta kröfulýsingar vegna þessa.

Við lok aðalmeðferðar tilkynnti formaður að málin væru tekin til úrskurðar en ef frekari gögn kæmu fram yrðu málin þó tekin fyrir aftur af því tilefni. Enn fremur áréttaði formaður að þótt málin væru tekin til úrskurðar gæti íslenska ríkið enn endurskoðað kröfugerð sína og vísaði til þess sem áður hefði komið fram um það af hálfu nefndarinnar.

Sjötta fyrirtaka mála nr. 1–8/2021 var haldin sameiginlega vegna allra málanna 29. ágúst 2023. Formaður gerði grein fyrir því að gerðar hefðu verið breytingar á kröfugerð ríkisins frá því að aðalmeðferðir málanna hefðu farið fram, líkt og lögmönnum og fulltrúum málsaðila hefði áður verið tilkynnt. Breytingarnar bárust óbyggðanefnd með bréfum 24. janúar og 24. mars 2023, en því bréfinu fylgdu jafnframt uppfærðar textalýsingar á þeim kröfusvæðum sem breytingarnar vörðuðu. Bréfin voru send lögmönnum og fulltrúum málsaðila 25. janúar og 24. mars 2023. Óbyggðanefnd barst einnig

leiðrétt textalýsing á kröfusvæði ríkisins við Hælavíkurbjarg 29. júní 2023, sem kynnt var lögmönnum og fulltrúum málsaðila með tölvupósti 3. júlí 2023.

Formaður kynnti að óbyggðanefnd hefði ákveðið breytingar á heiti mála nr. 4–5/2021 og 7–8/2021. Þá gerði formaður grein fyrir tilteknum atriðum sem vörðuðu mál nr. 4–5/2021.

Lögð voru fram skjöl ásamt skjalaskrá, sem höfðu áður verið gerð aðgengileg lögmönnum og þeir fengið upplýsingar um. Að því búnu tilkynnti formaður að mál nr. 1–8/2021 væru tekin til úrskurðar.

3 KRÖFUGERÐ[4]

3.1 Kröfur íslenska ríkisins

Kröfum fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins er skipt í sex svæði í máli þessu. Þess er krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðanna.

Barði, Nesdalur, heiðar á Ingjaldssandi, Skagi og Skagafjall:

Upphafspunktur er í fjallsbrún ofan við Merkislá sem ræður merkjum Sæbóls og Álfadal (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Hraunshorn sem ræður merkjum milli Álfadals og Hrauns (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Nesdalsskarði og þaðan í upptök Selár sem ræður merkjum Hrauns (3). Þaðan eftir miðlínu Selár og í Mórillu sem ræður merkjum við Háls (4). Þaðan eftir miðlínu Mórillu upp Hálsdal í fjallsbrún (5). Þaðan eftir fjallsbrúnum Ranghala að Sandsheiði, fjallsbrúnir Arnarneshvilftar, Óþola og í fjallsbrún sem er í beinni sjónhendingu í ytri Vogakamb sem ræður merkjum Arnarness og Birnustaða (6). Þaðan eftir fjallsbrún í punkt sem er í beinni sjónhendingu við Seljagil sem ræður merkjum Birnustaða og Skaga (7). Þaðan eftir fjallsbrún í Þúfu sem ræður merki Skaga (8). Þaðan í beinni línu til sjávar þar sem svæðið afmarkast af sjó að Nesdal og þaðan í sjónhendingu í Búðarhorn (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir Barða og Skálardals í upphafspunkt.

Klukkulandsfjall, Heiðarhorn, Veturlandafjall, Lágfjall, Þverfell, Klúkuheiði, Brekkufjall, Tafla, Hrafnskálarnúpur, Lambaskál, Hörðudalshorn, Vatnahvilftarhorn, Torfhorn, Miðmundarfjall, Kaldbakur og Flatfjall:

Upphafspunktur er í fjallsbrún þar sem Kýrá í Vatnadal rennur af fjalli og ræður merkjum Mýra og Garðs-Meiri (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir Svartahorns og Klukkulandsfjalls í Klukkulandskorn (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir þar sem Geldingadalsá rennur af fjalli og ræður merkjum Klukkulands og Núps (3). Þaðan eftir fjallsbrúnum um Hrútskál, Grjótadal, Þverfell, Klúkuheiði og þangað sem Þverá í Brekkudal rennur af fjalli, og ræður merkjum Háls og Brekku (4). Þaðan eftir fjallsbrún í Merkisgil (Merkishrygg) sem ræður merkjum Brekku og Villingadals (5). Þaðan eftir fjallsbrún Hrafnaskálarnúps (6). Þaðan eftir fjallsbrún ofan við miðja Lambaskál (7). Þaðan ráða fjallsbrúnir við Mosdal inn Hördal, Vatnahvilft, Þverfell og í Torfhorn í Valþjófsdal (8). Þaðan ráða fjallsbrúnir Valþjófsdals í Tunguhorn (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir Tungudals og í Torfhorn í Hjarðardal (10). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Miðhorn og þaðan eftir fjallsbrúnum Kaldbaks í Galtardal (11). Þaðan ráða fjallsbrúnir Skáldagrímsfjalls, Rjúpna- og Folaldahvilftar í upphafspunkt.

Núpsfjall og Alviðrufjall:

Upphafspunktur er í fjallsbrún sem er í beinni sjónhendingu frá Kaldalæk sem ræður merkjum Núps og Alviðru (1). Þaðan ræður fjallsbrún þar sem Miðyndislækur rennur af fjalli og ræður merkjum Alviðru og Gerðhamra (2). Þaðan eftir fjallsbrúnum Gerðhamrahorns, Gerðhamrahvilftar og að Núpsskarði (3). Þaðan eftir fjallsbrúnum Miðhvilftarnúps, um Miðhvilft, Seljalandsnúp, Seljahvilft og Núpsfjall í upphafspunkt.

Þorfinnur:

Upphafspunktur er í efstu fjallsbrún Þorfinns ofan við Ófæru í u.þ.b. 696m hæð (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir ofan við Ófæruhlíð, um Hjarðarskál, um fjallsbrún á

[4] Sjá einnig fylgiskjöl nr. I (aðilaskrá) og III (kort).

austanverðu fjallinu niður í fjallskamb við Manntapsskarð, syðst á fjallinu (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir við Tungudal í upphafspunkt.

Holtsfjall:

Upphafspunktur er í fjallsbrún Holtsfjalls við þar sem Þórustaðabrún liggur í hæstu fjallsbrún í um 724m hæð (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir fyrst ofan við Holtsskál og áfram hringinn í kringum fjallið í upphafspunkt.

Kambafjall og Messuhorn:

Upphafspunktur er í fjallsbrún fjallstopps Kambafjalls – Messuhorns þar sem kambur Messuhorns tengist fjallsbrún fjallstoppsins austast á fjallstoppnum (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir fjallstoppsins þangað sem kambur, sem tengist Holtsfjalli tengist fjallstoppnum (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir í upphafspunkt.

3.2 Kröfur vegna Mýra í Dýrafirði

Við meðferð málsins kom fram af hálfu eigenda Mýra í Dýrafirði kröfulýsing þar sem þess var krafist að viðurkenndur yrði eignarréttur landeigenda að landi Mýra eins landamerkjum væri lýst í landamerkjabréfi jarðanna Mýra, Fells og Lækjaróss í Dýrafirði að því marki sem landamerkin snertu kröfugerð ríkisins.

Eftir að framangreindum kröfum var lýst af hálfu eigenda Mýra færði íslenska ríkið kröfulínu sína til samræmis við hana. Að því búnu var ekki lengur uppi efnislegur ágreiningur um það landsvæði sem kröfugerð eigenda Mýra tók til og létu þeir málið ekki frekar til sín taka eftir það, fyrir utan kröfu um málskostnað.[5]

3.3 Kröfur vegna Minni-Garðs í Dýrafirði

Af hálfu eiganda Minni-Garðs í Dýrafirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Úr Núpsá (1) í Kjóamýri (punktur 2) þaðan ræður Hvassihryggur á fjall upp (3) og að hornmarki við Meira-Garð (4) þaðan beint gilið (5) og eftir því í Milli-Garðslæk (6) þaðan beina leið í upphlaðið merki ofan til við Langalæk (7) þaðan ræður lækurinn í Grástein (8) og þaðan beina sjónhendingu Skörðin (9)

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

[5] Í þessu sambandi skal þess getið að ekki var skilað greinargerð í málinu vegna Mýra í Dýrafirði, en frestur gagnaðila íslenska ríkisins til þess rann út eftir að umrædd breyting var gerð á kröfulínu íslenska ríkisins.

3.4 Kröfur vegna Klukkulands í Dýrafirði

Af hálfu eigenda Klukkulands í Dýrafirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Úr ósi Geldingadalsár við Núpsá (1) og eftir ánni á hreppamörk (2) og hreppamörkum fylgt þar til komið er á móts við Hvassahrygg (3) þaðan í Hvassahrygg (4) og beint í Kjóamýri (5) og sömu stefnu í Núpsá (6)

Til vara krefjast landeigendur þess að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.5 Kröfur vegna Núps í Dýrafirði

Af hálfu eigenda Núps í Dýrafirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Úr ósi Kaldalækjar við sjó (1) og að upptökum hans (2) þaðan beint upp í Hyrnu (3) og eftir vatnaskilum um Núpskarð í Þverfell (4) þaðan eftir hreppamörkum þar sem vötnum hallar til Núpsdals að upptökum Geldingsdalsár á vatnaskilum (5) og ræður hún uns hún fellur í Núpsá (6) sem ræður til sjávar (7).

Til vara krefjast landeigendur þess að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.6 Kröfur vegna Alviðru og Leitis í Dýrafirði

Af hálfu eigenda Alviðru og Leitis í Dýrafirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðanna í samræmi við merkjalýsingar þinglýsts landamerkjabréfs þeirra auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá ósi Míganda- eða Miðlendislækjar við sjó (1) og að upptökum hans (2) þaðan upp á vatnaskil á Alviðrufjalli (3) og eftir vatnaskilum á móti Núpi í Hyrnu (4) þaðan í upptök Kaldalækjar (5) sem ræður merkjum til sjávar (6)

Til vara krefjast landeigendur þess að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.7 Kröfur vegna Gerðhamra í Dýrafirði

Af hálfu eigenda Gerðhamra í Dýrafirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Úr ósi Arnarnessár við sjó (1) eftir dalnum þar til komið er að ósi lækjar sem rennur úr miðjum Tungunum (2) þaðan er læknum fylgt fyrir ofan Tungurnarar og á hæstu heiði þar sem vötnum hallar til Ingjaldssands (3) þaðan eftir vatnaskilum uns komið er á hreppamörk (4) þaðan er hreppamörkum fylgt á Þverfell (5) en þaðan þvert suður yfir Núpsskarð og eftir vatnaskilum á fjallinu uns komið er að upptökum Míganda- eða Miðlendislæk (6) og eftir læknum til sjávar (7)

Til vara krefjast landeigendur þess að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.8 Kröfur vegna Arnarness við Dýrafjörð

Af hálfu eigenda Arnarness við Dýrafjörð er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Úr ósi Arnarnessár við sjó (1) eftir dalnum þar til komið er að ósi lækjar sem rennur úr miðjum Tungunum (2) þaðan er læknum fylgt fyrir ofan Tungurnarar og á hæstu heiði þar sem vötnum hallar til Ingjaldssands (3) þaðan eftir vatnaskilum uns komið er á móts við Ytri-Vogakamb (4) og þaðan beint í kambinn við sjó (5)

Til vara krefjast landeigendur þess að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.9 Kröfur vegna Birnustaða og Skaga/Fjallaskaga við Dýrafjörð

Af hálfu eigenda Birnustaða og Fjallaskaga við Dýrafjörð er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðanna í samræmi við merkjalýsingar þinglýstra landamerkjabréfa jarðanna auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá sjó (1) beint í Þúfu (2) og þaðan eftir vatnaskilum á fjallinu þar til komið er á móts
> við er á móts við Ytri-Vogakamb (3) og þaðan beint í kambinn við sjó (4)

Til vara krefjast landeigendur þess að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.10 Kröfur vegna Sæbóls, Álfadals og Villingadals á Ingjaldssandi

Af hálfu hluta eigenda Sæbóls á Ingjaldssandi og eigenda Álfadals og Villingadals á Ingjaldssandi er þess krafist að málinu verði vísað frá óbyggðanefnd að því er varðar þau kröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess eru nefnd *Barði, Nesdalur, Heiðar á Ingjaldssandi, Skagi og Skagafjall*, og *Klukkulandsfjall, Heiðarhorn, Veturlandafjall, Lágfjall, Þverfell, Klúkueiði, Brekkufjall, Tafla, Hrafnaskálarnúpur, Lambaskál, Hörðdalshorn, Vatnahvilftarhorn, Torfhorn, Miðmundarfjall, Kaldbakur og Flatfjall*.

Til vara er þess krafist að þjóðlendukröfum íslenska ríkisins á framangreindum kröfusvæðum ríkisins verði hafnað og viðurkennt verði að allt land innan landamerkja jarðanna sé háð beinum eignarrétti og teljist ekki til þjóðlendu.

Til þrautavara er þess krafist að þjóðlendukröfulínur íslenska ríkisins á framangreindum kröfusvæðum ríkisins miðist við 600 metra yfir sjávarmáli og allt land undir þeirri hæð, þar með talið Nesdalur, Heiðar og strandlína við Ófæru, falli utan þjóðlendumarka og teljist til eignarlands jarðanna.

Til þrautaþrautavara er þess krafist að öll óbein eignarréttindi, hverju nafni sem þau nefnast, innan framangreindra kröfusvæða ríkisins verði viðurkennd eign landeigenda að því marki sem svæðin verða talin þjóðlendur. Undir óbeinan eignarrétt landeigenda falli öll venjubundin afnot að fornu og nýju, hverju nafni sem nefnist, þar á meðal reki, uprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi ríkissjóðs.

3.11 Kröfur vegna Sæbóls á Ingjaldssandi

Af hálfu hluta eigenda Sæbóls á Ingjaldssandi er þess krafist að þjóðlendukröfum ríkisins verði hafnað, að því marki sem þær taki til lands jarðarinnar, og viðurkennt verði að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna. Þess er krafist að

viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Sæból og Háls á Ingjaldssandi frá 15. maí 1886, þar sem segi:

> Milli Sæbóls- og Álfadals eru merkin í svonefnda Merkislá, eptir henni ofan sem hún ræður í sýki það, sem er Sæbólsmegin við svonefndan þrætupart; þaðan á jörðin land allt vestur fyrir allan Barða, vestur í Nesdal, með reka öllum til móts við endimörk Mýrareka, í Þúfu. Sæból á Villingadalshlíð úr Kikanum neðanvert við svonefnda Sýkiseyri, og þaðan beint á brún; svo niður eptir til sjávar, og reka allan, og land allt í svonefnt Reiðarsker.
>
> Kirkjan á ennfremur þriðjung í Nesdal og þriðjung í Heiðum og Seljalágar allar frá Mórillu í læk þann, er rennur fyrir utan Stóra bala.
>
> Kirkjujörðin Háls á Mórilleyrar beint í fjall eptir því sem áin Mórilla segir. – Sæbólskirkja á áttung í Geirsbrekku í Súgandafirði og skóga, sem fylgja því landi. Sæbólskirkja á land allt undir Hálsi innan þeirra landamerkja, er nú skal greina. Milli Háls og Brekku eru merkin í svonefnda Þverá, og skilur hún lönd milli þeirra landa fram í dalbotn. Milli Háls og Hrauns skilur Langá fram að Þverá sem rennur milli landamerkja Hrauns og Sæbólslands, sem hefir upptök sín neðanvert við Nesdalsskarð.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

3.12 Kröfur vegna Háls á Ingjaldssandi

Óbyggðanefnd bárust tvær kröfulýsingar vegna jarðarinnar.

Af hálfu hluta eigenda Háls á Ingjaldssandi er þess krafist að þjóðlendukröfum ríkisins verði hafnað, að því marki sem þær taki til lands jarðarinnar, og viðurkennt verði að innan landamerkja jarðarinnar sé enga þjóðlendu að finna. Þess er krafist að viðurkennt verði að heildarlandamerki jarðarinnar séu samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Sæból og Háls á Ingjaldssandi frá 15. maí 1886, þar sem segi:

> Kirkjujörðin Háls á Mórilleyrar beint í fjall eptir því sem áin Mórilla segir. – Sæbólskirkja á áttung í Geirsbrekku í Súgandafirði og skóga, sem fylgja því landi. Sæbólskirkja á land allt undir Hálsi innan þeirra landamerkja, er nú skal greina. Milli Háls og Brekku eru merkin í svonefnda Þverá, og skilur hún lönd milli þeirra landa fram í dalbotn. Milli Háls og Hrauns skilur Langá fram að Þverá sem rennur milli landamerkja Hrauns og Sæbólslands, sem hefir upptök sín neðanvert við Nesdalsskarð.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, að skaðlausu.

Af hálfu annars hluta eigenda Háls á Ingjaldssandi er þess krafist að málinu verði vísað frá óbyggðanefnd að því er varðar þau kröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess eru nefnd *Barði, Nesdalur, Heiðar á Ingjaldssandi, Skagi og Skagafjall*, og *Klukkulandsfjall, Heiðarhorn, Veturlandafjall, Lágfjall, Þverfell, Klúkueiði, Brekkufjall, Tafla, Hrafnaskálarnúpur, Lambaskál, Hörðdalshorn, Vatnahvilftarhorn, Torfhorn, Miðmundarfjall, Kaldbakur og Flatfjall*.

Til vara er þess krafist að þjóðlendukröfum íslenska ríkisins á framangreindum kröfusvæðum ríkisins verði hafnað og viðurkennt verði að allt land innan landamerkja jarðarinnar sé háð beinum eignarrétti og teljist ekki til þjóðlendu.

Til þrautavara er þess krafist að þjóðlendukröfulínur íslenska ríkisins á framangreindum kröfusvæðum ríkisins miðist við 600 metra yfir sjávarmáli og allt land undir þeirri hæð falli utan þjóðlendumarka og teljist til eignarlands jarðarinnar.

Til þrautaþrautavara er þess krafist að öll óbein eignarréttindi, hverju nafni sem þau nefnast, innan framangreindra kröfusvæða ríkisins verði viðurkennd eign landeigenda að því marki sem svæðin verða talin þjóðlendur. Undir óbeinan eignarrétt landeigenda falli öll venjubundin afnot að fornu og nýju, hverju nafni sem nefnist, þar á meðal reki, uprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi ríkissjóðs.

3.13 Kröfur vegna Hrauns á Ingjaldssandi

Af hálfu eiganda Hrauns á Ingjaldssandi er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur að öllu landi innan þessara merkja: Milli Hrauns og Álfadals er lína dregin frá Langá um miðjan Dýárdal og eftir lækjarskurði í merki í Geil. Þaðan að vatnaskilum Önundarfjarðar og Dýrafjarðar. Eftir þeim til austurs þar til komið er til móts við Krók, en þá um læk sem rennur framanvert við Krók í Selá um Gálgafoss og áfram Selá að Langá og eftir henni í upphafspunkt.

Þá er krafist málskostnaðar með vísan til 2. ml. 1. mgr. 17. gr. þjóðlendulaga nr. 58/1998.

3.14 Kröfur vegna Brekku á Ingjaldssandi

Af hálfu eigenda Brekku á Ingjaldssandi er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá upptökum Þverár á Klúkuheiði (1) er hreppamörkum (vatnaskilum) fylgt norður Brekkufjall eins og vötnum hallar á móti Valþjófsdsal og Mosdal þar til komið er á móts við Merkigilshrygg (2) og þegar honum sleppir í Urðarfætur (3) og þaðan beina sjónhendingu í Langá (4) sem ræður merkjum þar til Þverá rennur í hana (5) og þaðan ræður Þverá að punkti (1).

Til vara krefjast landeigendur þess að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.15 Kröfur vegna jarða í Mosdal og Valþjófsdal í Önundarfirði (Mosdals, Kirkjubóls í Valþjófsdal, Dalshúsa í Valþjófsdal, Tungu í Valþjófsdal, Grafargils í Önundarfirði og Þorfinnsstaða í Önundarfirði)

Af hálfu eigenda Mosdals í samnefndum dal, Kirkjubóls, Dalshúsa og Tungu í Valþjófsdal og Grafargils og Þorfinnsstaða í Önundarfirði er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðanna í samræmi við merkjalýsingar þinglýstra landamerkjabréfa jarðanna auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá hreppamörkum við Reyðarsker (punktur 1) er hreppamörkum fylgt uns vötnum hallar til Hjarðardals (punktur 2) þaðan er vatnaskilum fylgt þar til komið er á móts við Einhamar (punktur 3) og þaðan beint í Einhamar (punktur 4).

Til vara krefjast landeigendur þess að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.16 Kröfur vegna Hjarðardalstorfu í Önundarfirði (Ytri-Hjarðardals, Innri-Hjarðardals og Þórustaða)

Af hálfu eigenda Ytri-Hjarðardals, Innri-Hjarðardals og Þórustaða í Hjarðardal er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðanna í samræmi við merkjalýsingar þinglýstra landamerkjabréfa jarðanna auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá Einhamri (1) beint upp í Þorfinn (2) og þaðan er vatnaskilum á móti Valþjófsdal fylgt upp á hreppamörk (3) þaðan er hreppamörkum fylgt að hornmarki á móti landi Traðar á Kambafjalli (4). Þaðan er vatnaskilum fylgt á móti landi Traðar, Vaðla og Holts út fyrir Holtsskál (5) þaðan um Hlaðshrygg í Tvístein í Hlíðinni fyrir ofan Holtsskóla (6) og þaðan niður í Hlíðalæk (7) eftir læknum á móts við Borustaði. Um Borustaði til sjávar utanvert í Holtsbug (8).

Til vara krefjast landeigendur þess að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.17 Kröfur vegna Holts í Önundarfirði

Af hálfu eiganda Holts í Önundarfirði er þess krafist að viðurkennt verði að landsvæði þau sem eru innan eftirfarandi afmörkunar séu háð beinum eignarrétti Kirkjumálasjóðs:

> Upphafspunktur nyrðri spildu er í Tvísteinum, í mörkum við Þórustaði og þaðan annars vegar niður í sjó og hins vegar upp að fjallstoppi og fylgir vatnaskilum að mörkum við Vaðla. Þaðan niður Vaðlabotnsskriðu og þaðan gegnum Illukeldu niður í sjó.
>
> Upphafspunktur syðri spildu er frá Bjarnadalsá í mörkum við Traðir, yfir Selleiti og áfram í vestur upp í efstu brún Kaldbaks og þaðan í vatnaskil við mörk móti Tröð. Línan fylgir svo vatnaskilum gegnt jörðum í Dýrafirði og svo gegnt Hjarðardal þaðan eftir fjallstoppum í vatnaskilum norðvestur að upptökum Hádegisár og þaðan niður með henni að Bjarnadalsá og svo norður með henni að Selleiti.

Auk þess er gerð krafa um málskostnað úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

3.18 Kröfur vegna Vaðla í Bjarnadal

Af hálfu eiganda Vaðla í Bjarnadal er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeiganda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Frá Bjarnadalsá (1) til keldu ofan til við Kálfafit (2) og henni fylgt í Illukeldu (3) þaðan í Vaðalbotnsskriðu (4) og skriðunni fylgt á fjall upp (5) Þaðan er vatnaskilum fylgt á Holtsfjalli og Messuhorni þar til komið er á móts við Merkisblett (6) og þaðan beint í Merkisblett (7) þaðan beint í Merkisstein (8) og þaðan eftir lænu í Bjarnadalsá (9) sem ræður merkjum að 1.

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeiganda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeiganda.

3.19 Kröfur vegna Traðar í Bjarnadal

Af hálfu eigenda Traðar í Bjarnadal er þess krafist að viðurkenndur verði beinn eignarréttur landeigenda að landi jarðarinnar í samræmi við merkjalýsingar þinglýsts landamerkjabréfs jarðarinnar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. öllu landi innan tölusettra merkja á meðfylgjandi uppdrætti:

> Úr ósi lænu við Bjarnadalsá (1) og eftir lænunni að Merkissteini (2) þaðan beint í Merkisblett (3) og eftir sömu stefnu til fjalls (4) þaðan er vatnsskilum og hreppamörkum fylgt að Seljaleiti (hrygg) sem gengur niður úr Kaldbak (5) og honum fylgt í Bjarnadalsá (6).

Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði fullkominn afnotaréttur landeigenda að landi innan áðurlýstra merkja, sem kunni að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju, þar á meðal upprekstrar-, beitar- og námuréttur ásamt veiði í vötnum.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

3.20 Kröfur Orkubús Vestfjarða vegna landréttinda

Af hálfu Orkubús Vestfjarða er þess krafist að viðurkenndur verði eignarréttur Orkubúsins að landi á línustæði Ingjaldssandslínu en til vara að viðurkenndur verði eignarréttur Orkubúsins að umræddu mannvirki, að því marki sem það kann að standa í þjóðlendu.

Auk þess er krafist málskostnaðar úr hendi íslenska ríkisins, að skaðlausu.

4 GÖGN OG GAGNAÖFLUN

4.1 Inngangur

Í málinu hafa verið lögð fram skjöl í skjalaflokkum nr. 1−30 ásamt undirskjölum, samtals 802 skjöl, auk 24 hliðsjónargagna. Sjá nánar í fylgiskjali nr. II (skjalaskrá).

Gagna var ýmist aflað af málsaðilum eða óbyggðanefnd, á grundvelli rannsóknarskyldu nefndarinnar. Gerð var leit að frumgögnum sem varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi á svæðinu, farið á vettvang og jafnframt teknar skýrslur af málsaðilum. Verður nú gerð nánari grein fyrir hverju þessara atriða.

4.2 Rannsóknarskylda óbyggðanefndar

Óbyggðanefnd ber að hafa frumkvæði að því að afla heimilda og gagna um eignar- og afnotaréttindi yfir því landsvæði sem til meðferðar er og framkvæma rannsóknir og athuganir um staðreyndir og lagaatriði sem þýðingu hafa fyrir niðurstöðu í einstökum málum, sbr. 5. mgr. 10. gr. þjóðlendulaga, nr. 58/1998. Markmiðið er að tryggja sem best að rétt niðurstaða fáist um einstök álitaefni.

Á vegum óbyggðanefndar fór fram kerfisbundin leit að frumgögnum, prentuðum sem óprentuðum, sem líkur voru taldar á að varpað gætu ljósi á eignar- og afnotaréttindi yfir þeim landsvæðum sem hér eru til umfjöllunar. Könnun einstakra skjalaflokka skiptist á milli Þjóðskjalasafns Íslands og óbyggðanefndar og grundvallast á „Yfirliti yfir frumgögn sem könnuð eru vegna rannsóknarskyldu óbyggðanefndar“. Yfirlit þetta var kynnt lögmönnum og öðrum fulltrúum málsaðila og engar athugasemdir komu fram. Við samningu þess naut óbyggðanefnd ráðgjafar Gunnars Friðriks Guðmundssonar sagnfræðings, auk Bjarkar Ingimundardóttur og Jóns Torfasonar, starfsmanna Þjóðskjalasafns Íslands.

Fulltrúum aðila málsins var gerð grein fyrir því að þeir hefðu óskoraðan rétt til að fá upplýsingar um tilhögun gagnaöflunar á vegum óbyggðanefndar og afrit allra gagna. Jafnframt hafði óbyggðanefnd frumkvæði að því að upplýsa fulltrúa málsaðila um þessi atriði. Þeir gátu jafnframt bent starfsmönnum Þjóðskjalasafns eða óbyggðanefndar á gögn sem ástæða væri til að kanna eða afla. Rannsóknarskylda óbyggðanefndar dregur hins vegar ekki úr skyldu málsaðila til að afla og leggja fram þær heimildir og gögn sem þeir byggja rétt sinn á, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 58/1998. Lögmönnum/málsaðilum ber þannig að leggja sjálfstætt mat á gögn og gagnaöflun.

Þau frumgögn sem í leitirnar komu og talið var að þýðingu hefðu voru lögð fram jafnóðum við fyrirtökur í málinu. Um nánari framkvæmd gagnaöflunar vísast til skilabréfs Þjóðskjalasafns Íslands um þetta efni, þ.e. skjals nr. 2, inngangs að greinargerð safnsins, skjals nr. 3(3), og minnisblaða um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum, sbr. hliðsjónargögn nr. 9–11. Um afraksturinn vísast til skjalaskrár, sjá fylgiskjal nr. II.

4.3 Vettvangsferð

Óbyggðanefnd skoðaði vettvang málsins föstudaginn 20. ágúst 2021 í fylgd með lögmönnum aðila og tilteknum málsaðilum. Staðkunnugir önnuðust leiðsögn. Jafnframt voru með í för starfsmaður Þjóðskjalasafns Íslands og starfsfólk óbyggðanefndar.

Vettvangsferð hófst kl. 9:15 í Önundarfirði. Fyrst var ekið eftir Brimnesvegi, norðan Flateyrar, en þar var numið staðar og horft yfir á Mosdal og Valþjófsdal í Önundarfirði. Fjallið Þorfinnur var einnig skoðað og horft eftir Einhamri á merkjum Hjarðardals og Þorfinnsstaða. Eggert Stefánsson, sem m.a. annaðist leiðsögn, kvaðst ekki geta bent á Einhamar með nákvæmni, en viðstaddir töldu þó líklegt að þar væri um að ræða klett sem sást út við sjóinn, handan fjarðarins og hann var ljósmyndaður.

Því næst var ferðinni heitið að Holti í Önundarfirði. Þar slógust í hópinn Ásta Guðrún Beck og Arnór Skúlason fyrir hönd Kirkjumálasjóðs, sem er eigandi Holts. Ásta Guðrún skýrði frá merkjum milli Holts og aðliggjandi jarða, þ.e. Vaðla og Þórustaða.

Frá Holti keyrði framangreindur hópur suður Vestfjarðaveg nr. 60 og inn afleggjarann á Vöðlum og hitti þar Árna Brynjólfsson, eiganda jarðarinnar. Árni sagði frá merkjum jarðarinnar gagnvart aðliggjandi jörðum, þ.e. Tröð og Holti.

Að þeirri skoðun lokinni keyrði hópurinn áfram suður Vestfjarðaveg nr. 60 og nam svo staðar á Gemlufallsheiði, nálægt Mjóadal. Þar var horft upp til fjalla í vesturátt. Að því búnu kvöddu Ásta Guðrún og Arnór. Hópurinn keyrði aðeins lengra suður Gemlufallsheiði og nam svo staðar á bílastæði fyrir ofan veginn. Þar hitti Valdimar Haukur Gíslason frá Mýrum hópinn. Hann skýrði frá landamerkjum Holts og Mýra, og notaði til þess útprentaðar loftmyndir sem hann kom með. Þessu næst var ekið áfram suður eftir Vestfjarðavegi og síðan numið staðar á milli Gemlufjalls og Mýrarfjalls, nálægt minnisvarða um Gísla Súrsson, þar sem horft var upp til fjalla. Að því búnu var ekið áfram suður og staðnæmst á vegamótum Vestfjarðavegar og Ingjaldssandsvegar nr. 624 þar sem horft var í vesturátt að Mýrum. Að því loknu kvaddi Valdimar hópinn.

Næst var ekið um Ingjaldssandsveg nr. 624 vestur framhjá ýmsum jörðum sem kröfur eru gerðar vegna og síðan í norðurátt eftir sama vegi yfir Sandsheiði þar til komið var á Ingjaldssand. Um kl. 12:00 var numið staðar skammt frá bænum Hrauni á Ingjaldssandi. Þar tóku á móti hópnum lögmenn og aðilar vegna Sæbóls, Álfadals, Villingadals, Háls og Hrauns.

Frá Hrauni var ekið upp Nesdalsveg í átt að Nesdalsskarði. Á miðri leið nam hópurinn staðar og horfði yfir Heiðar, Seljalágar og í átt til jarðarinnar Háls. Þegar upp á Nesdalsskarð var komið staðnæmdist hópurinn í stutta stund við fornan nautagarð og horfði niður í Nesdal. Því næst var ekið niður í dalinn og um hann eins og hægt var. Þar lýsti einn eigenda Sæbóls merkjum, benti á örnefni og sagði frá því hvernig dalurinn var nýttur til beitar. Eftir það ók hópurinn til baka yfir Nesdalsskarð og kvaddi að því búnu þá sem höfðu bæst við á Hrauni. Að skoðun á Ingjaldssandi og Nesdal lokinni var sama leið yfir Sandsheiði ekin til baka. Uppi á heiðinni var numið staðar í stutta stund og horft niður í Gerðhamradal.

Að lokum var Ingjaldssandsvegur nr. 624 ekinn til baka í austur og svo numið staðar á Núpi í Dýrafirði um kl. 15:00. Þar hitti hópurinn Friðbjörn Garðarsson lögmann og Ólöfu Guðnýju Valdimarsdóttur, einn eigenda Núps. Farið var yfir kröfulínur aðila og að því búnu var vettvangsferð í málinu lokið kl. 15:25.

4.4 Skýrslutökur

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtalin skýrslur og svöruðu spurningum óbyggðanefndar og lögmanna málsaðila:

- Guðmundur Hagalín Guðmundsson vegna jarða á Ingjaldssandi.
- Bjarni Maríus Jónsson vegna Sæbóls og fleiri jarða á Ingjaldssandi.
- Elísabet A. Pétursdóttir vegna Sæbóls og Háls á Ingjaldssandi.
- Birkir Þór Guðmundsson vegna Háls á Ingjaldssandi.
- Guðmundur Steinar Björgmundsson vegna jarða í Mosdal og Valþjófsdal.

Að einstökum efnisatriðum í skýrslum þeirra er vikið í úrskurði þessum eftir því sem tilefni er til, en uppskriftir á þeim eru meðal hliðsjónargagna málsins.

5 SAGA LANDSVÆÐA

Í þessum kafla verður rakin saga svæðanna sem málið varðar. Í fyrstu er greint frá elstu ritheimildum um landnám þar. Því næst verða raktar heimildir um kröfusvæði málsins og nærliggjandi og tengdar jarðir, einkum afmörkun, eignarréttindi og nýtingu. Umfjöllun um þær jarðir sem liggja að ágreiningssvæðunum takmarkast oftast við heimildir um afmörkun. Að mestu er fylgt tímaröð í hverjum kafla.[6]

5.1 Landnám

Í *Landnámu* segir eftirfarandi um landnám í Dýrafirði:

> Eiríkr hét maðr, er nam Dýrafjǫrð ok Sléttanes til Stapa ok til Háls ens ytra í Dýrafirði.
>
> […]
>
> Vésteinn son Végeirs, bróðir Vébjarnar Sygnakappa, nam land milli Hálsa í Dýrafirði ok bjó í Haukadal; hann átti Þórhildi Bjartmarsdóttur, þeira bǫrn Vésteinn ok Auðr. Þorbjǫrn súrr kom út at albyggðu landi; honum gaf Vésteinn hálfan Haukadal.
>
> […]
>
> Dýri hét maðr ágætr; hann fór af Sunnmæri til Íslands at ráði Rǫgnvalds jarls, en fyrir ofríki Haralds konungs hárfagra. Dýri nam Dýrafjǫrð ok bjó at Hálsum.[7]

Í neðanmálsgreinum segir um landnám Eiríks í Dýrafirði að Hálsar heiti nú þrír klettar sem gangi fram í sjó nokkru fyrir utan Sveinseyri. Þá segir einnig að Háls innri, innri mörkin á landnámi Vésteins, hafi verið talið að væri þar sem nú heitir Brekkuháls, skammt fyrir utan Hvamm, en ósennilegra sé að átt sé við Höfða norðan fjarðar. Loks segir að Hálsar, bú Dýra í Dýrafirði, sé Hvammur.[8]

Þá segir eftirfarandi um landnám í Önundarfirði:

> Ǫnundr Víkingsson, bróðir Þórðar í Alvirðu, nam Ǫnundar<fjǫrð allan> ok bjó á Eyri.[9]

---

6 Þessi kafli er að mestu leyti byggður á greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, dagsettri 5. júní 2023, sem lögð var fram sem skjal nr. 3(3), sbr. einnig eldri gerðir hennar, skjöl nr. 3(1)–3(2), dags. 29. júní 2021 og 10. maí 2022. Þó hefur verið felld út eða stytt umfjöllun um heimildir sem ekki þykja hafa þýðingu fyrir úrlausn málsins, auk þess sem bæst hefur við umfjöllun um gögn sem aflað var annars staðar en á Þjóðskjalasafninu. Í inngangi að greinargerð Þjóðskjalasafnsins er greint frá gagnaflokkum sem leitað var í og tilhögun gagnaöflunar. Einnig skal nefnt að í heildarskilabréfi Þjóðskjalasafns Íslands, skjali nr. 2, minnisblaði yfir gögn í *Íslenzku fornbréfasafni*, skjali nr. 30, og minnisblöðum um leit óbyggðanefndar í tilteknum skjalaflokkum, hliðsjónargögnum nr. 9–11, er gerð grein fyrir fleiri skjölum sem varða jarðir sem fjallað er um hér en ekki þótti tilefni til að leggja fram.

7 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 178–180, skjal nr. 4(6).

8 *Íslenzk fornrit* I (1968), sjá bls. 179–181, skjal nr. 4(6). Sjá einnig *Árbók Ferðafélags Íslands* 1959, bls. 129; *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*, 1883, bls. 32–33; *Árbók Ferðafélags Íslands*, 1951, bls. 115; *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*, 1888–1892, bls. 133; Kristian Kålund, *Bidrag til en historisk-topografisk beskrivelse af Island* I, 1877, bls. 574.

9 *Íslenzk fornrit* I (1968), bls. 186, skjal nr. 4(6).

5.2 Afréttir og afréttarnot[10]

Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*[11] yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Nesdal:

> **Nesdalur**
>
> heitir afrjett vestan til við Íngjaldssand milli og Dýrafjarðar.
>
> Afrjett þessa eiga jörðin Sæból, kirkjan á Sæbóli og einn hlut þar í hefur eignaður verið bænhúsinu í Álfadal á Íngjaldssandi. Item eiga hjer ítök kirkjan í Holti í Önundarfirði, kirkjan að Mýrum og kirkjan að Núpi, eftir því sem þeirra máldagar hljóða.
>
> Í þessum Nessdal var fyrir 5 eður 6 árum sett bygð að forlagi eiganda Sæbóls, og hafði hjer aldrei fyrr bygð verið.
>
> […]
>
> Bygðin hjelst í 2 ár og ekki lengur, og ömuðust þeir við bygðinni, sem tiltölu áttu til Nesdals ásamt Sæbóls eiganda.
>
> Ekki kann hjer aftur að byggjast án haga þeirra, sem beit eiga í dalinn, enda var þessi bygð líkari búðarstæði en bæ, og var þar aldrei nein kýrin.
>
> Útræði mátti hjer vera ef búandinn hefði svo megnugur verið, hafði hann og lítinn bát sjer til fiskiafla. Þrjár vermannabúðir standa í þessum Nessdal, sem tilheyra Sæbóli, og eigandi Sæbóls tók vertolla eftir eður brúkaði sjálfur eina. Nú er ekki nema ein brúkuð, og lágu þar við um næstu vertíð 2 skipshafnir, sem guldu vertoll til eiganda Sæbóls (einn fjórðúng fyrir mann).[12]

Þá segir í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 meðal annars um Sæból á Ingjaldssandi:

> Afrjett á jörðin í Nesdal sem áður er sagt.
>
> […]
>
> Afrjettið Nessdalur brúkast til beitar fyrir geldfje vetur og sumar, so lengi sem snjór og klaki hylur ei gras, þar hafa hestar beit að öðru hvörju, so og á vetur meðan sjer úti gefa. Þar gengur eitt skip á vorin, stundum tvö, með fjórðúngs tolli, og geldneyti sumardag. Þar eiga kirkjur ítak til beitar um sumar, þar má fá lítið lýng og lítil ber, hvörgi í þessari landeign, að minni vitund, að neinum riðum ber að fá annarstaðar og ekki fjallagrös. Dalurinn heyrir til kirkjunni hjer og jörðinni, einnin bænhúsi á Álfadal að fornu.
>
> […]
>
> Á öðrum miða hefur Á. M. skrifað þessar minnisgreinar:
>
> […]
>
> Verbúðir heima. 1/3 í Nesdal. Beit 1/3 í heiðum fyrir ofan Íngjaldssand.[13]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir meðal annars um Álfadal á Ingjaldssandi:

> Útigángur heima á jörðunni er lakur, en geldfje gengur jafnlega á Nessdal. Afrjett á bænhúsið í Nessdal allan þriðjúng, eftir því sem almenniliga heyrst hefur.[14]

---

10 Sjá einnig kafla 5.16.1 um Nesdal.
11 Hér eftir verður vísað til hennar sem *Jarðabókar* Árna og Páls.
12 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 86–87, skjal H-12.
13 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 87–88, skjal H-12.
14 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 90, skjal H-12.

Í sama riti segir meðal annars um Mosdal í Önundarfirði:

> Meðan þetta pláts lá í eyði, brúkuðu þeir úr Önundarfirði það fyrir afrjett, item ráku þángað nokkrir úr Dýrafirði og af Íngjaldssandi, og var hjer fyrir goldið eftir samkomulagi til þess, sem Mosdal hafði leigt af eiganda. En hann galt landsdrotni árliga einn specie ríxdal.[15]

Enn fremur segir meðal annars um Holt í Önundarfirð í sama riti:

> Afrjett (5 kúgilda höfn) á staðurinn í Nesdal milli Dýrafjarðar og Íngjaldssands.[16]

Hinn 23. febrúar 1920 skrifaði Snorri Sigfússon, oddviti Mosvallahrepps, bréf til sýslumanns Ísafjarðarsýslu vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands, frá 29. desember 1919, um almenninga. Svar Snorra var að hvorki væru almenningar né afréttir í hreppnum sem ekki tilheyrðu einhverju lögbýli.[17]

Hinn 15. apríl 1920 skrifaði Kristinn Guðlaugsson, oddviti Mýrahrepps, bréf til sýslumanns Ísafjarðarsýslu vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands, frá 29. desember 1919, um almenninga. Svar Kristins var að almenningar væru ekki til í hreppnum. Um afréttarlönd komst Kristinn svo að orði:

> Afrettarlönd geta naumast talist að vera til. Sumstaðar er geldfé alls ekkert rekið. Á öðrum stöðum er það rekið á smá afdali, og haldið þar, eftir föngum. Þessir dalir eru: Dýrafjarðarbotn, Lambadalur, Hjarðardalur, Gemlufallsdalur (eða Mýrad.) Núpsdalur, Gerðhamradalur (eða Arnarnesd.) og Nesdalur. 6 hinir fyrst nefndu, eru innan landamerkja hlutaðeigandi lögbýla, enda líka notaðir fyrir búsmala, og til slægna. Hinn síðastnefndi – Nesdalur, sem afmarkar Barðan, að vestan – má teljast afrétt. Hefir í seinni tíð, verið talinn eign Sæbóls, en mun samkv. máldögum vera að 1/3 eign Álfadals (s.b. Jarðabók Árna Magnússonar) Kirkjurnar að Holti, Núpi og Mýrum eiga þar beitarítak.[18]

Hinn 20. febrúar 1989 sendi félagsmálaráðuneytið öllum sveitarstjórnum fyrirspurnir um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt.[19] Oddviti Mýrahrepps svaraði fyrirspurninni með bréfi dagsettu 6. nóvember sama ár og sagði engan afrétt vera í sveitarfélaginu.[20] Oddviti Mosvallahrepps svaraði fyrirspurninni með bréfi dagsettu 13. nóvember sama ár og sagði engin afréttarlönd tilheyra hreppnum.[21]

5.3 Mýrar í Dýrafirði

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið á Mýrum.[22]

Í máldaga Oddgeirs biskups Þorsteinssonar frá um 1367 segir meðal annars um kirkju að Mýrum:

---

15 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 94, skjal H-12.
16 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 103, skjal H-12.
17 Skjal nr. 2(514).
18 Skjal nr. 2(513).
19 Skjal nr. 2(541).
20 Skjal nr. 2(542).
21 Skjal nr. 2(543).
22 *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 13, skjal nr. 4(75).

> heimil selveidur af myrum at ollum hluta sem þeir geta veidt enn ad þridiunge ef einge veider þeirra er a.
>
> Jtem stendur hier suo.
>
> torfskurdur j gardland suo micill sem vill.
>
> eiga skala ẏste[r] og reit a mol ok þoke adrer. enn fyrir þeim suo ad þa skorte eige mol natt beit vndan felle. a nauta hialla. og reka suo ad fele sýn hinnar sijdustu kyr.[23]

Oddgeir biskup í Skálholti kvittaði Sigurð Þórðarson um porcio kirkjunnar í Mýrum hinn 12. ágúst 1378.[24]

Í máldaga Vilchins fyrir Mýrakirkju í Dýrafirði frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Sia er maldagi Myralandz kirkiu ad hun a iiij oc xx kugilldi oc ij hesta.
>
> xx^{c} j landi.
>
> […]
>
> allar fiorunytiar ad helminge fra Haukslæk og til þess er sier mann vr skaladyrumm j fiôru j Nesdal ad halffollnumm sio. firir utan reitisøl.
>
> Heimil selveidur af Myrumm ad ollumm hluta sem (þeir) gieta veitt. enn ad fiordungi ef eingi veider. þeirra er a.
>
> xv kugillda høfn j Nesdal. ad þridiungi jskipan j Miofadal vpp fra gardlagi þui sem giert er firir gielldfie. Rett er stodhross oc svijn til jskipanar.
>
> torfskurdur i Garda land suo micill sem vill.
>
> Skalagiord a Fiallanes. Hafa skip i fiski hvortt helldur sem vill sexærtt edur attærtt og taka sialfur toll af þeim skipverium ef adrer roa a skipi enn heimamenn. eiga skäla yster oc reit a môl.
>
> Nautbeit vndann Felli a Nautahialla oc reka so ad feli syn hinnar sijdustu kyr.[25]

Hinn 16. júní 1484 vitnaði Kolbeinn Sigurðsson eftirfarandi um reka Mýrakirkju í Dýrafirði:

> Halfa aluidru keypti gudrun Biornsdotter ad b(iskup) augmunde firir. xxiiij^{c}. j Sueinseyri og raudzdalinn .xx.(c) æ bardastraund.
>
> Þad giorum uid stefner Biornsson og aurnolfur Þorlaksson godum monnum kunnigt med þessu ockru opnu brefi at uid worum i hia saum og heyrdum æ at kolbeinn Sigurdarson handfeste Stulla bonda magnussyne suo felldann uitnisburd at hann uisse haft og halldit uera uppæ halfann siauunda taug wetra kirkiunnar eign æ myrum j dyrafirde allann halfann reka uida og huala. og allar adrar fiorunytiar ath helminge fra haukslæk hia aluidru og til þess er sier mann vr skaladyrum i fioru j nesdal ath halffollnum sio frateknum reytesaulum æ fiallaskaga. Suo og sagdizt fyrnefndur kolbeinn wita at hual rak a fiallaskaga fimm wetrum firir hina mycklu bolu og gudmundur bondi arason kom til hualsins og liet skiera nockut af honum. Suo og ei sidur sagdizt hann uita ad gudne Bonde oddson kom til adur enn hualurinn war allur uppskorinn. og lyste halfann hualinn eign kirkiunnar æ myrum i dyrafirde. og firir þad sama at adur nefndum gudina þotte fyrnefndur gudmundur hafa rangligi at sier tekit halfann hualinn. Þa handlagde opt nefndur gudmundur þrattnefndum gudina vj malnytu kugillde at næstum fardaugum. Sagdizt adur nefndur kolbeinn hafa werit dagligur

---

23 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 228, skjal nr. 4(76).
24 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 329, skjal nr. 4(98).
25 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 143–144, skjal nr. 4(99).

> mann gudina bonda Oddzsonar og þar werid med honum j þann sama tima er þessi giorningur for framm med handsaulum þeirra j mille. Suo og uisse eg hual og uidu bera æ þennann reka og skipt sidan i helminga i millum kirknanna. haufdu gnupsmenn og aluidrumenn annann helming enn myramenn annann. Og suo heyrda eg faudur minn sygurd þordarson og marga adra enu ellstu menn þad seigia ath myrakirkia ætti allann halfann reka og allar halfar fiaurunytiar i fyrsaugdu takmarke. Suo heyrda ec eigi sidur enu ellstu menn þad seigia at Sigurdur bonde Þordarson a myrum og þordur bonde Stullason under gnupi hefdi giort helminga skipte kirknanna i mille af ollum reka. og hier epter uil eg optnefndur kolbeinn sueria fullann bokareid ef þurfa þiker. Og til sanninda hier vm settum ver fyrnefndir menn ockur jnnsigle firir þetta bref er giort var a myrum i dyrafirde miduikudaginn næsta firir botolfsmesso þa lidit uar fra hingatburd wors herra iesu christi þushundrut fiogur hundrut attatiger og fiogur ær.[26]

Árið 1529 var Bjarna Narfasyni gefið umboð yfir jörðinni Mýrum í Dýrafirði ásamt öðrum eignum Þorleifs Grímssonar á Vestfjörðum.[27]

Hinn 27. júní 1538 var dæmt jörðina Mýrar í Dýrafirði undir Skálholtskirkju. Í dómnum var jörðinni lýst þannig:

> kyrkiann sialf og gardurenn spillt og roted ok ad nidurfalle komed.[28]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Mýrakirkju í Dýrafirði:

> Kirkian ä Myrum i Dyrafirdi ä .xx^{c}. i heimalandi.
>
> Jtem .xv. kugillda beit i Nessdal krossmessna ä mille
>
> Jtem hälffa Geirdhamrafiøru. og allar fiørunytiar.
>
> Jtem skog ä Dyrafiardarbotnum med vmmerkium.
>
> Jtem hälffann reka mille Huarffs og Haukslækiar. torffskurd i Gardaland so mikinn sem vill. nautbeit vnder Felle ä Nautahialla.
>
> Jtem ä kirkian skipstødu ä Skaga ättæringi og skälagiørd ä Fiallanese.
>
> Jtem ä kirkian thessar jarder. Fell .x. aura leiga. Rekavijk ä Strøndum .xL. alner i landgilldi. xxxiiij. kugilldi. halfft huortt kyr og ær.[29]

Hinn 4. ágúst 1587 seldi Torfi Þorleifsson 10 hundruð í Mýrum frá sér og bróður sínum, Bjarna Þorleifssyni, til Böðvars Jónssonar.[30]

Hinn 4. júlí 1606 seldi Böðvar Jónsson 10 hundruð í Mýrum til Jóns Magnússonar fyrir jörðina Munaðarnes í Stafholtstungum, 12 hundruð að dýrleika.[31]

Hinn 22. febrúar 1619 vitnuðu Steinþór Ormsson og Bjarni Árnason um kaupskap milli Jóns Magnússonar og Bjarna Þorleifssonar varðandi staðinn Mýrar, kirkjujarðir og kúgildi. Jón tók við staðnum en fram kemur í vitnisburðunum að umboð yfir Næfurnesi gengi ekki með og ekki heldur tollverið á Skaga þar sem aðrir ættu þá jörð.

---

26 *Íslenzkt fornbréfasafn* VI, bls. 515–517, skjal nr. 4(100).
27 *Íslenzkt fornbréfasafn* IX, bls. 506, skjal nr. 4(101).
28 *Íslenzkt fornbréfasafn* X, bls. 359–360, skjal nr. 4(102).
29 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 576, skjal nr. 4(103).
30 Skjal nr. 2(232).
31 Skjal nr. 2(233).

Allt var fyrirskilið af Jóni og lofað af Bjarna en þó var ekkert fært niður á blað um þeirra samtal varðandi kaupskapinn.[32]

Hinn 17. maí 1619 skrifaði Jón Magnússon Oddi Einarssyni biskupi þar sem Oddur hafði varað hann við að kaupa jörðina Mýrar í Dýrafirði. Jón sagði að hefði Oddur góðan rétt Skálholtskirkju til að gera kröfu í jörðina, þá skyldi hann koma fram fyrr en síðar. Hann myndi glaður ganga aftur að sínu ef kaup þyrftu að ganga til baka, en Jón sagðist þó myndi krefjast bóta ef hann væri áður búinn að leggja út kostnað.[33]

Í vitnisburði Gísla Hákonarsonar lögmanns, Halldórs Ólafssonar lögmanns, lögréttumannanna Björns Gvendssonar og Steinþórs Ormssonar og Péturs Þórðarsonar frá 1620, segir að þeir hafi ásamt biskupum allir verið viðstaddir þegar Jón Magnússon las upp bréf í Lögréttu árið 1619 um kaup sín á Mýrum. Fram kemur í bréfi Jóns að hann hafi árið 1618 keypt jörðina Mýrar í Dýrafirði fyrir smájarðir alls 74 hundruð auk þess að lofast til að gjalda peninga kirkjunnar. Þá segir að staðurinn hafi um 100 árum áður verið sæmdur undir Skálholt en aftur leystur af Jóni biskupi um 20 árum síðar og í framhaldinu seldur Bjarna Narfasyni fyrir Meðalfell, Kjós og hálfan Flekkudal. Loks lagði Jón fyrir lögþingið hvort Skálholtsbréf giltu til að vinna af sér jörðina Mýrar eða hvort hún tildæmdist sér.[34]

Í kirkjustól Mýrakirkju eru færður inn máldagi kirkjunnar, tilskrifaður Jóni Magnússyni eldri árið 1621. Í honum segir eftirfarandi:

> kirkiann ä Mÿrum i Dyrafirde a xviij kugillde ij Hross xx hndr. i Heimalande. Eins prests vist.
>
> […]
>
> Allar fiórunytiar ad helminge fra Haukslæk, og til þess er sier mann ur Skaladyrum i fióru i Nesdal, ad halffóllnum Siö, fyrer utann Reyte Sól. Heimel Selveidur af Mÿrum, ad óllum Hluta sem þeir fä veidt; enn ad þridiunge ef eings veider þeirra er eigu. xv. kugillda Hófn i Nesdal. Ad þridiunge J skipan i miöadal, upp fra Gardlage þvi er vered hefur fyrer gelldfie. Riett er Stödhross og Svÿn til Jskipunar. Torfskurd i Gardland so miked sem vill. Skalagiórd ä Fiallaness, Hafa Skip i fiske hvórt er vill vj ært, edur viij ært, taka sialfur toll af þeim Skipverium ef adrer Röa ä enn heimamenn; Eiga Skäla ydst ä mólum og Reyt, og þoke adrer fyrer þeim so þa Skorte ecke maul. Nättbeit undann Felle ä Nauta Hialla, og Reka so ad fels Sÿn hinnar Sÿdustu kyr, enn koma til ad midium morne. Nattbeit fra Astridarlæk mille Haga i Sæbols Felle og hallda upp Haga garde hinum Jnnra ad Helminge. Skog ad helminge milli Hesta Skridu og Hvallatradalsär. A kirkiann Skogarhógg fyrer Sunnann ä nidur fra kleifum, enn eige þann teig er næstur hefur vered kleifum.[35]

Í biskupsvísitasíu um Mýrakirkju í Dýrafirði frá 24. ágúst 1639 segir meðal annars:

> Kirkjann skal eiga utan sig effter til sógn Jöns Stirssonar, xx hndr. i hejmalande. Fell xij hndr. Rekavÿk á Stróndum viij. xxxv kúg og ejen kapal. Skögarhógg i Botn[e] i Dÿrafyrde. fjmtan kugilldabejt i Nessdal kross messna á mille. bejt i Miöadal fyrer ofan gardlag þad sem fyrer gielldfje er gjórdt. halfann reka fyrer hauk[s]læk til þess er sier

[32] Skjöl nr. 2(235) og 2(236).
[33] Skjal nr. 2(118).
[34] Skjal nr. 2(237).
[35] Skjal nr. 2(77).

> mann fyrer skäladyrum i Nessdal Attært skip a skaga tollafrÿ J ysta rejt a Mólu[m] halfa ~~Gjerdhamra~~ fjoru millj Gierdhamra og [Arn]arness mots vid Núp og Alvjdru.[36]

Í útdrætti af arfaskiptabréfi eftir Jón sál. Magnússon og Ástríði Gísladóttur, dagsettu 9. apríl 1642, segir að Gísli Jónsson hafi meðal annars eignast sex hundruð í Lambadal og átta og hálft hundrað í jörðinni Mýrum í Dýrafirði.[37]

Hinn 22. mars 1646 seldi Gísli Jónsson sr. Jóni Jónssyni átta og hálft hundrað í Mýrum í Dýrafirði og sex hundruð í jörðinni Innri-Lambadal í Dýrafirði. Á móti fékk Gísli hálfa jörðina Hafnarhólm í Steingrímsfirði og fjögur og hálft hundrað í jörðinni Gljúfurá.[38]

Hinn 23. ágúst 1650 var upplesinn og staðfestur reikningur Mýrakirkju frá 1639 og borinn saman við Vilchins-bók og vísitasíu Gísla biskups Jónssonar og bar honum saman við máldagana um fasteignir og ítök kirkjunnar en skráð er að nú virðist sem Þaralátursfjörður hafi verið orðin ein af eignum kirkjunnar og kom hún frá erfingjum Jóns Magnússonar.[39]

Hinn 24. apríl 1679 veitti sr. Jón Jónsson Ástríði dóttur sinni umboð til að lögfesta fyrir sinn hlut í jörðinni Mýrum í Dýrafirði. Einnig gaf hann Ástríði umboð til að heimta og taka saman ljóstolla og tíundir.[40] Degi síðar lýsti hún umboðinu og kallaði eftir greiðslum á tollum og tíundum til kirkjunnar.[41] Þann sama dag, 25. apríl, lögfesti Ástríður landamerki og ítök jarðarinnar Mýra, sem var hennar eign að hálfu en hinn helmingurinn í umboði föður hennar sr. Jóns. Í lögfestunni segir eftirfarandi:

> Eg Astrijdur Jonsdotter Logfeste Hier i dag Jordina Mÿrar J Dÿrafÿrde Halfa fÿrer mitt leite sem er mijn eign enn halfa i loglegu vmmbode mijns fodurs Séra Jons Jonssonar med allre Myra Kÿrkiu eign, Akra og Todur, eingiar, og Sköga, Hollt og haga, votn og veidestade, Reka og allar landznitiar, sem þessare Jordu og Kyrkiu eign, filger, filgia a, og fylgt hefur ad fornu og nÿu, til Sios og ländz, til þeirra ÿstu vmmerkia, Sem adrer menn eiga a möte uppa allar Sÿdur, Sem er uti þann itre Haga Gard, J Sælolfs felle, ad frateknu þvi Beitar itake, Sem Astrÿdar lækur a millum þess innra og jtra Hagagardz /: Hier med Logfeste eg Halfa Solvafióruna a Gerdhomrum, Sem er frägreindrar Myra Kyrkiu eign. Einninn allann Halfann Reka, og allar adrar fiorunitiar, ad Helminge fra Haugslæk Hia Avidru, til þess at Sier mann, ur Skaladÿrum j fióru i nesdal ad Hálf follnum Sio, frateknum Reite Solum, a Hialla Skaga[42]

Í biskupsvísitasíu um Mýrakirkju frá 5. september 1689 koma sömu upplýsingar fram og í biskupsvísitasíu frá 1639 nema nú er Þaralátursfjörður talin með sem ein af eignum kirkjunnar.[43] Sama dag árið 1689 sendi Ástríður Jónsdóttir til prófasts nokkrar spurningar um réttindi Mýrakirkju. Þær fjölluðu meðal annars um hvort kirkjusóknarmenn mættu beita á engjum og útgörðum á meðan á embættisgjörð stæði

[36] Skjal nr. 2(142).
[37] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 119–120, skjal H-18.
[38] Skjal nr. 2(234).
[39] Skjal nr. 2(143).
[40] Skjal nr. 2(125).
[41] Skjal nr. 2(126).
[42] Skjal nr. 2(124).
[43] Skjal nr. 2(144).

yfir, en skortur væri á slægjum og heyi. Þá spurði Ástríður um réttindi til að halda báta tolllausa á Fjallaskaga og torfskurð í landi Garða. Í vísitasíubók biskups er skráð að sr. Þorsteinn Gunnarsson prófastur hafi svarað 8. september sama ár þar sem hann vísaði á sýslumann og biskup til svara um viðkomandi atriði.[44] Hinn 31. mars 1695 svaraði Þórður Þorláksson spurningum Ástríðar um skipstöðu á Fjallaskaga og torfskurð í landi Garða. Um fyrra atriðið vísaði Þórður til máldaga en það væri henni í sjálfval sett hvort hún vildi hafa einn áttæring eða tvö fjögurra manna för. Um síðarnefnda atriðið kvað biskup það aðeins eiga við um húsatorf en ekki eldiviðartorf eða mótak.[45]

Í bréfi Þórðar Þorlákssonar biskups frá 31. mars 1695 er fjallað um þrjá pósta sem komu frá Ástríði Jónsdóttur um réttindi Mýrakirkju. Póstarnir voru um ítök kirkjunnar, þ.e. skipstöðu á Fjallaskaga, torfskurð í landi Garða, þ.e. Minni- og Meiri-Garðs, og tíundir af kirkjujörðum. Þórður biskups skrifaði að Ástríður skyldi láta skipför vera eftir hljóðan máldagans í skipstöðu kirkjunnar á Fjallaskaga en um torfskurð í landi Garða var það skilningur biskups að hann væri vegna húsatorfs, ekki fyrir eldiviðartorf eða móta.[46]

Hinn 25. ágúst 1697 fóru fram skipti á engjum Mýra í Dýrafirði sem fylgt höfðu tvennum 25 hundruðum í jörðinni. Engjum var skipt að leiguliðaskiptum á heimajörðinni. Við skiptin voru hlutarnir nefndir annars vegar Péturs hluti og hins vegar ytri hlut túnsins. Í skjali undirskrifuðu af Bjarna Jónssyni og Nikulási Bjarnasyni eru skiptunum lýst svo:

> J firstu – Jnnfraa Parturinn Næst hladinu heÿrer til peturs Hluta, Vt J lækinn Aa merkez brechu, og þad vpp J Reidgöturnar og offann J Vadal – stoors Moor framm J Jardgrifiulæk nochurn framann til J Moonum, Fraa Þeim Læk aptur ad Framann verdu heÿrer til þeim Jtre parte, og So aptur Wr Neffndum merkium heim J Rioodgötur firer Jnnann Twngardinn filger þeim Jtra parte
>
> Wt fraa Jtre Krökarner filgia peturs Hluta Merkie þar, Sÿkie Nedann til vid Krookana þad gagnvart ofann wr og so Langt Wt sem haægt er – Jnnare partur Krookanna, filger þeim Jtra parte twnsinz – Brechurnar ofann vndann stoora stechnum med Mÿrunum) þar firer Nedann, allt ofann ad Löma tiörn, Wr Nesinu þuj Hædsta Sem er ofann vndan stechiar Twninu og Wt J Nesed firer Vtann og Nedann ytre stechinn, og þad ofann J fuglstapa þwffu Nochra firer Nedann flooann filger Peturs Hluta Þar Aa Moote Þeim Jtra partinum, þar wt fraa firer ofann Sand Laagar, allar brechur og Mÿrarnar med ofann ad Grófunum þeim Jnnre og Jtre. Eÿrninn Kaalfa Laag wt – Grafernar Vpp fraa Naustunum til hlÿda peturs hluta enn þær Jtre grafer þeim Jtra parte
>
> Lömatiörn Melurinn og Hiallarnir Jnn fraa, med Sand Logum heffur optast vered under Samvinnu enn Nær Looma tiörn hefur Vered Sundur deilld Lietu þeÿr J helminga skiptast J þaa tuo Sÿnelega hoolma er standa Nær Vmm midia tiörnina, filgde Peturs hluta Saa Jtre partur tiarnarinnar, enn Saa Jnnare parturinn þeim Jtre – Eingiarnar Sem Mÿra Hwsum filgia, hafa Sÿn Vpptök fraa þvj gamla Kÿraarfare sem geingur ofann hiaa Mÿra hwsum J firri Krookinn og epter þuj Sem Lang Krookurenn aff mæler allt vvt ad þeim Krook sem ad vtann og Nedann J hann kemur filger Mÿra Hwsum Saa Hoolme Sem Þar A millum Krookanna verdur, þar til þeir aptur Samann Naa Sydan

[44] Skjal nr. 2(145).
[45] Skjal nr. 2(146).
[46] Skjal nr. 2(137).

> epter þuj sem Neffndur Lang krookur Sÿner Sig, og allt wt J þaa Jtstu Aa firer hiedann Loomatiörn, og þad wt og vpp J firr Nefndt stechiar Nes med filgiande Aullu þuj sleiged Verdur med Anum allt Vpp J Reid götur
>
> Eyrninn Lÿka hefur þeim Jafnann leifst ad Slaa wt med Langalæk allt wt ad lögmerkium mille Fells og Mÿra, Twnenu Twnenu [svo] Adur greindum tuennum tuttugu og fimm hundrudum skiptu Aa bwendur Suo Sÿn J mille sem Nü epterfilger – Annar hafde Peturs hluta ofann vndann Kirkiunne, hans merke eru, allt wr Reidgötu ad Jnnann, og þad J gamallt Lækiar far sem geinged hefur Vt undann Stadnum þegar vatned Rann þar Jnne, Asamt Virked, og firer ofann stadinn, wt J bæarlæk – huad halldenn voru fimtän hundrud – Hier ad Aukie haalfann bæiar hlutann, allt vt J midia Rennuna undan bæiardirunum, og ofann J midiann gamlann töttargafl ~~under~~ Aa vnder Twnz brechunne, og þad J stoora Sÿnelega Þwffu A Snid Jnnhallt og fraa henne gagnvart ofann J brunnhus brunnenn, og Riett sem Lænann helldur helldur [svo] ofann J vadalinn – þad Voru Halldinn 5 hndr. – Jtem filgde þeim Jnnra parte Twned firer Nedann götuna
>
> [á spássíu] NB þad er Sw gata sem geingur er til hwsanna
>
> Næst wt fraa fioostwngu allt J þaa lænu sem fioos twngu afmarkar, og þad gagnvart ofann J vadal, og Wt yfer Nautavad, þad wt og upp A Snid J ytra hlads Vegginn, Vr þeim Sama hlads Vegg, ad Sioon hending vpp J affrakstrar haug, fraa honum aptur og Vpp J götuna med Lÿtlum Rjma þar Vpp fraa
>
> Saa Jtre Parturinn er fioos Twnga aull Jnnann fraa bæjarlæknum, og wt J lænuna, epter þuj sem hwn hana afmæler wt og Vpp J Twngardinn, A Samt haalfur bæiarhlutinn til aadur sagdra merkia ad Jnnannverdu huor med Meinast presshwss hoollinn filgir, og er þaa fiös tünga 15 hndr. en þesse partur 5-hundrud, Jtem filgde þessum Jtra parte, Twned Vt frä Nefndre Lænu allt ofann J götuna, og þad wt J Hwsamerkenn, Vpp J þaa gömlu gömlu [svo] Siooargötu, og so heim epter henne allt Heim J Midiar stooru fiaar Hwss Dÿr, þad gagnvart vpp J gardinn.[47]

Hinn 30. maí 1698 lögfesti Ástríður Jónsdóttir alla jörðina Mýra og jörðina Lækjarós, byggða af heimalandi Mýra, ásamt jörðinni Felli. Lögfestan var upplesin við héraðsþing að Mýrum sama dag. Nokkrar skemmdir eru í skjalinu en texti þess er svo:

> Jeg Ästrÿdur Jönsdötter Lógfeste Hier J dag, Eign Mÿna og Minna Lóg Erffijngia – Alla Jordina Mÿrar J dÿrafirde, og lækiar Os sem Biggt er af Heimalande Greindrar Jardar, Med allrj Mÿrakirkiu eign Hier Nælægre, Nefnelega Jórdina fell tölf hundrud og Tuttugu hundrud J Heima Jordunne Mÿrum, Samt ollum Jtókum audrum (So sem eg Mæa framast ad Lógum Gióra) epter Mældogum Wilchinz Og Herra Gÿsla Jönssonar. Eirninn Sÿdare visitatiugiórnÿngum og Firerliggiande skiolum, Hollt og Haga, Vottn og Veidestade, Akra og Tödur Eingiar og sköga, og allar Landz Nÿtiar til fiallz og Fioru, Sem þessum Jordum og Kirkiu Eign Filger, filgia æ og filgt [hefur ad] fornu og Nÿu, sem er æ þæ Jnnre Sÿdu J Giemlufallz æ, og þad be[…] Fiallgard Nordannframm, epter Þui Sem litladalz æ Helldur, ad tilgrein[…] med Bædum Saudlaskordum og Hæa Dal. Eirninn Mÿradal allann framm […] fallz Heÿde, allt ad Holltz Kirkiu landeign (So framt sem Aunnur Bevÿsan […]rÿkie Bera hier ei æ Möte) Enn æ þæ ÿtre Sydu Lógfeste eg þessa ædur [grein]da Jórd Mÿrar, wtj þann Ytre Haga Gard J Sælölfz Felle (ad fræteknu […] beitar Jtake sem AstrydarLækur æ mille þess ÿnnra og ytra Haga Gardz. Hier Med Lógfeste Jeg þad skógar Jtak sem Mÿrakirkia æ J Dÿrafiardar bottne Og allann Hælfann Reka fræ Haukzlæk Hiæ Alvidru, til þess er Sier Mann Wr Skæladijrum J Fióru J Nesdal ad Hælf Fóllnum Siö, med Hælfre Solua fiórunne æ Gierd Hómrum, og aullum audrum Fiórugiædum ad Helmÿnge, (Fräteknum Reitesólum Aa fiallaskaga) Lógfeste Jeg ædur nefndar Jarder Mÿrar, Lækiar Oz og Fell

[47] Skjal nr. 2(119).

> til ytstu Vmm Merkia þejrra Sem adrer menn Edur Kirkiur Eigu J Moote Aa allar Sydur, bæde ad ordfullu og LógMaale Riettu, Firerbyd Jeg huorium Manne hiedann aff Sier ad Nytia Nie yrkia An Mÿnss Loffs edur Leiffez, So og Fÿrerbyd Jeg alla ONaudsinlega og oþarflega Mÿrar og Grundar Stwngu, Jordunum til skada edur Lÿta (ad Fraateknu þuj, Sem Aabwendurner þurfa NaudSinlega ad Rista og Stÿnga, til hwsa og heÿa Jardanna. Sómuleijdes Firerbyd Jeg Vnder Laganna Fullar Sechter, alla Leiffez Lausa skoogarÿrkÿng Thil Raptz Hrÿss edur kolvidar Moote Lógum, epter þennann dag Aa Firr Neffndum Jórdum og kirkiueign, ad Vndannskildu þuj Sem Leigu lidunum Thil Laated er J Landsslaga bookenne, þoo So þeijr huorke burt selie gieffe Nie Läne kol Nie hrÿ[s an] Leiffez Riettelegs Eiganda eche helldur Sa[…] [lle] Lofe edur lÿde, helldur aff Verie slÿkum Agange epter atórkan, So s[em] [Chri]stelegre NaaWnga Seme ber og skilldugt er[48]

Hinn 22. apríl 1700 lögfesti Ástríður Jónsdóttir jörðina Mýrar með Lækjarósi, sem byggð væri af heimalandi, og einnig jörðina Fell. Texti lögfestunnar virðist efnislega vera sá sami og í lögfestu Ástríðar frá 30. maí 1698 en engar skemmdir eru á þessu skjali:

> Jeg Astrÿdur Jöns Dötter Lógfeste Hier J Dag Eign Mÿna og Minna Lógerfÿngia allann Kaupa Hlutann J Jórdunne Mÿrum vid Dÿrafiórd, og Lækiar Os, sem Biggt er af Heimalande Greindrar Jardar, med allre Mÿra Kirkiu Eign Hier Nælægre, Nefnelega Tuttugu Hundrud J Heima Jórdunne Mÿrum og Jórdina Fell Tölff Hundrud, Samt aull aunnur Jtók (So sem eg mæa framast ad Lógum Gióra) Epter Mældógum Vilchins og Herra Gÿsla Jönssonar, Eirninn Sÿdare Visitatiu Giórningum Og firerliggiande Skiolum, Hollt Og Haga. Vóttn Og Veÿde stade, akra og tódur Eingiar Og Sköga, og allar Landz Nÿtiar til fiallz og Fióru, sem þessum Jórdum og Kirkiu Eign filger. filgia æ og filgdt Hefur ad fornu og Niju, Sem er ä þæ Jnnre Sÿdu J Giemlufallz æ, og þad Beindt vppæ fiallgard Nordann framm, epter þuj Sem litladalz æ Helldur, ad tilgreindum Fialldal, med Bædum Saudlaskórdum og Hæa Dal. Eirnenn Mÿradal allann framm æ Giemlufallz Heÿde allt ad Holltz Kirkiu Landeign. (So framt Sem bevÿsanleg Skilrÿke auglÿsast ei Hier æ Möte). Enn æ þæ ytre Sÿdu Lógfeste Jeg þessa ædur greinda Jórd Mÿrar, Utj þann ytre Haga Gard J Sælolfs felle (ad fræteknu þuj Beÿtar Jtake Sem Astrÿdar Lækur æ Mille þess Jnnra og ytra Haga Gardz) Hier med Laugfeste Jeg þad Skögar Jtak Sem Mÿrakirkia æ J Dÿrafiardar Bottne, Og allann Halfann Reka fræ Haukz Læk Hiæ alvidru, til þess er Sier mann Ur Skæladÿrum J fióru J Nesdal ad Hælf fóllnum Siö med Hælfre Sóluafiórunne a Gierd Hómrum, Og aullum audrum fióru Nÿtium ad Helmÿnge (fräteknum Reÿte Sólum A Fialla skaga) Hier med Lógfeste Eg þæ fimtæn Kwgilldabeÿt Sem Mÿra Kirkiu tilHeÿrer J Nessdal, Laugfeste Jeg ædur nefndar Jarder Mÿrar Lækiar Os og fell med tilgreindum Jtókum, til ytstu Ummerkia þeirra, Sem adrer Menn edur Kirkiur Eigu J möte æ allar Sÿdur, bæde ad Ordfullu og Laugmæle Riettu, firerbÿd Jeg Huorium Manne Hiedann af Sier ad Nÿtia Nie yrkia æn Mÿns Lofz edur Leifez, So og firerbÿd eg alla ONaudSinlega og oþarflega Mÿrar Og Grundar Stwngu Jórdunum til Skada edur Lÿta (ad frätechnu þvjSsem Abwendurner þurffa NaudSinlega ad Rista og Stÿnga til Hwsa og Heÿa Jardanna) Sómu leÿdiz firerbÿd Jeg vnder Laganna Fullar Seckter, alla Leifiz Lausa Skögar yrkÿng til Raptz Hrÿss edur Kolvidar Möte Lógum efter þennann dag æ firr Nefndum Jórdum og Kirkiu Eign, ad vndannskildu þuj Sem Leigulidunum til lætid er J Landzlaga Bökinne, J Sama Mæta afskil eg banna og firerbÿd abwendum opt Nefndra Jarda, ad burtselia af þessum Jórdum Læna edur giefa Harda torf edur annann Elldevid Sem Wr Jórdu er skorinn ellegar Grafinn, ei Helldur Hrÿs Lÿng Nie Fialldrapa Meÿr take enn þeirra Eiginn bwz Naudsinium þarfnast Hier ad [au]k banna Jeg og firerbÿd alla beytar brwkun og Grasnautn æ Mÿradal sem og Eÿrninn J Sælolfzfelle, Vtannbæa Mónnum

[48] Skjal nr. 2(127).

> þeim Sem þar eckert tilkall til eiga med Lógum. So og firer bÿ[d] eg allann skadlegann Agang J þessa Landeign fræ Górdum Bædum So sem Annarz Stadar, tilseige Jeg So sem C[h]ristelegre NæwngaSeme ber og Skilldugt er.[49]

Í biskupsvísitasíum um Mýrakirkju frá 25. ágúst 1700, 28. ágúst 1725, 11. september 1749 og 14. júlí 1852 koma fram sömu upplýsingar um eignir og ítök og getið er í eldri biskupsvísitasíum.[50] Sama gerir í kirkjustól Mýrakirkju frá 1749–1801.[51]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Mýrar í Dýrafirði:

> **Myrar.**
>
> Kirkjustaður.
>
> Jörðin er með Lækjarósi og Mýrahúsum lxxx hndr.
>
> Lækjarós er reiknaður fyrir xv hndr. Mýrahús hafa að fornu fari verið x hndr. Síðar voru þar til lögð v hndr. úr heimajörðunni, fylgdu þau stundum Mýrahúsum, stundum heimajörðunni. En í næstu 30 ár eður þar nærri hafa þau Mýrahúsum fylgt. Fyrir 18 eður 19 árum voru enn nú lögð til Mýrahúsa v hndr. af heimajörðunni, sem þeim enn nú fylgja, og eru svo Mýrahús nú xx hndr.
>
> Eigendur eru kirkjan hjer að xx hndr., dætur Magnúsar sál. Jónssonar í Vigur, Þorbjörg og Christín Magnúsdætur, kvinnur lögmannsins Páls Jónssonar og Monsr. Snæbjarnar Pálssonar, önnur eður báðar að lx hndr.
>
> Ábúandinn Monsr. Snæbjörn Pálsson á xxx hndr., Guðmundur Ólafsson á xv hndr.
>
> […]
>
> Útigángur er hjer í betra lagi, og sauðfje sjaldan hey gefið.
>
> Kirkjan á eftir máldögum xv kúgilda beit á sumar í Nesdal milli Dýrafjarðar og Íngjaldssands, item eftir máldögum beitarítak á Mjóadal, sem gengur út úr Bjarnadal í Önundarfirði.
>
> Kolviðarskóg hefur jörðin átt í heimalandi, er nú næsta því eyddur. Skógarítak á kirkjan í Botnsskógi í Dýrafirði. Móskurð á jörðin nógan. Eggvarp af kríum hefur hjer verið við sjóinn, en er fyrir löngu í burtu og plátsið í sand komið. Selveiði hefur hjer til forna verið fyrir jarðarinnar landi, en nú engin.
>
> Selveiði á kirkjan hjer fyrir utan út með firðinum eftir máldögum. Reka á kirkjan út með Dýrafirði norðanfram, sem máldagar útvísa. Ítak í sölvafjöru á Gerðhömrum á kirkjan eftir máldögum, en hefur nú í lánga tíma ekki gagn þar af, því sölvatekjan er þar eydd, bæði af fjárbeit og hafís, sem fyrir nokkrum árum fordjarfaði fjöruna. Hrokkelsaveiði hefur hjer góð verið, rjenar stórum, er þó enn að nokkru gagni. Tollfría skipstöðu á kirkjan í Minnabakka landi í Skálavík, aðra tollfría skipstöðu á kirkjan á Skaga yst norðanfram í Dýrafirði.
>
> Beitarítak í þessa jörð á kirkjujörðin Fell eftir Mýrakirkju máldögum.
>
> Hætt er hjer sauðfje á vetur fyrir flæðum, item fyrir vatnarenslum, sem á vetur bólgna upp og burt taka fjeð þess á milli; so ferst og fjeð í vaðlinum stundum, ef ekki er vandlega að gætt.
>
> Engjum staðarins hafa skriður að nokkrum hluta spilt, svo er og nú uppblásið og í grjót komið, þar sem áður hafa engjar verið. Sandur spillir landinu að neðanverðu, og er

[49] Skjal nr. 2(128).
[50] Skjöl nr. 2(147)–2(150).
[51] Skjöl nr. 2(170), 2(171) og 2(176).

> sýnilegt, að sú spillíng aukast muni og með tíðinni á túnið gánga. Hagar jarðarinnar eru ærið mjög uppblásnir.
>
> Útræði er hjer so að kalla, þá fiskur á sumar gengur inn á Dýrafjörð, en sá fiskiafli er mjög svipull, því hann bregðst oftlega.
>
> **Myrahus,** hjáleiga frá Mýrum, hefur til forna verið reiknuð fyrir x hndr., síðan hafa þar tillögð verið v hndr. og enn síðar önnur v hndr., so nú reiknast hjáleigan fyrir xx hndr. úr Mýrum ut supra.
>
> Eigendur sömu sem að heimajörðunni.
>
> Ábúendur Marteinn og Jón bræður Guðmundssynir ógiftir í samfjelagi.
>
> […]
>
> Ókostir öngvir eru á hjáleigunni aðrir en á heimajörðunni, því landinu er óskift.[52]

Hinn 1. október 1712 lögfesti Snæbjörn Pálsson jarðirnar Mýrar, Lækjarós og Fell ásamt ítökum. Lögfestan var lesin við hreppaskilaþing að Mýrum sama dag og er efni hennar svohljóðandi:

> Jeg Snæbjórn Paalsson Logfeste hier j dag Eign barna Minna allann kaupa hlutann J Jórdenne Mÿrum Vid Dÿrafiórd / Og Lækiar Ós sem bygt er af Heima Lande greindrar Jardar / med allre Mÿra kÿrkiu Eign hier Nälægre; Nefnelega Tuttugu Hundrud J Heima Jórdenne Mÿrum og Jórdena Fell 12 Hundrud samt Øll Aunnur Jtók / so sem eg mä framast ad Lógumm gióra effter Máldógumm Vilchins og H^r Gÿsla Jonssonar, Eirnenn Sÿdare Visitatiu giórningumm og fÿrer liggiande Skiólumm. Hollt og Haga Vatn og Veidestade Akra og Tödur Eingiar og Sköga og allar LandzNÿtiar til Fialls og fióru sem þessumm Jórdumm og kÿrkiu Eign filger / fylgia Ä og fÿlgt hefur ad fornu og Nÿu. Sem er Ä þä Jnnre Sÿdu j Gemlufalls Ä og þad beint uppä Fiallgard Nordann framm / eftter þvj sem Litladals Ä Helldur / ad tilgreindumm Fialldal med baadumm Sódla Skordumm og Häadal Eirnenn Mÿradal allann framm ä Gemlufalls heide allt ad Holltz kirkiu LandEign. Enn ä þä Jtre Sÿdu Lógfeste eg þessa Adurgreinda Jórd Mÿrar utj þann Jtre Hagagard J Sælolfs felle / (Ad fräteknu þvj beitar Jtake sem Ästrÿdar Lækur ä mille þess ytra og Jnnra Hagagards) Hier med Lógfeste eg þann Skóg er kirkiann Ä mille Hvallätrardals Aar og Hesta skridugÿls Eins skogar Hógg fÿrer Sunnann Ä J dÿrafiardar botne Nidur frä Kleifumm enn ej þann teig sem næstur er Kleifumm. Allar Hälfar FjóruNÿtjar frä HaukzLæk hiä Alvidru til þess er Sier Mann Ur Skaladÿrumm j Fióru J Nessdal ad Halffóllnumm Siö med Hälfre Sólvafiórunne A Gerdhomrumm. (Reite Sólumm a Hialla Skaga fräteknumm) Hiermed Lógfeste eg þä 15 kúgillda beit sem Mÿra kyrkiu tilheirer J Nessdal Torfskurd so mikenn sem Vill J garda Land og Attæringz Skipz Hófn Ä Skaga Med þartil Lógdum Hlunnendumm, Lógfeste eg AdurNefndar Jarder Mÿrar Lækiarös og Fell med tilgreindumm Jtókumm til ÿtstu ummmerkia þeirra sem adrer Menn edur kÿrkiur Eigu J Möte. Fÿrerbÿd eg hvórjumm Manne hiedann af sier ad Nÿta edur Jrkia Än Mÿns Lofs edur Leifes so og banna eg og fÿrerbÿd alla beitar brukun og gras Nautn Ä Mÿradal sem og Eirnenn J Sælolfs felle utann bæa Mónnumm þeim sem þar eckert tilkall til Eiga med Lógum, Eins Lÿka J Kyrkiu Jardernar Fells Lande.[53]

Hinn 3. nóvember 1727 lögfestu Snæbjörn Pálsson og Magnús Snæbjörnsson alla jörðina Mýrar með Lækjarósi, 80 hundruð að dýrleika, ítök Mýrakirkju og kirkjujörðina Fell. Lögfestan var upplesin að Mýrum 22. janúar 1728, fyrir söfnuði Mýrakirkju þriðja miðvikudag í föstu árið 1728. Svo virðist sem Brynjólfur Hákonarson hafi sett nafn sitt

---

52 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 67–69, skjal H-12.

53 Skjal nr. 2(130).

við lögfestuna en hún var aftur upplesin við manntalsþingsrétt að Mýrum þann 12. júlí 1837. Efni lögfestunnar hljóðar svo:

> Jeg Snæbiórn Paalsson, Br Hakonarson og eg Magnús Snæbiórnsson Lógfestum, alla Jórdena Myrar med Lækiar Öse 80 hndr. ad dÿrleika, til þessara landamerkia, a þa Jnnre Sydu, allt ad Gemlufallsä, og so framm eftter Mÿradal sem äenn Helldur, so langt sem vótnum hallar til Dÿrafiardar, ad Folalldagile, og so hinummeigenn a dalnum Gemlufallsmeigenn, þvert yfer um, Heim eftter so vÿdt sem logfest hefur vered med Aurnefnum þessum tilteknum, Hrútahialla, Fialldal, og Häfadal, med Sódlum, og allt heim J Litladals a, med Hälfum litladal framann verdt; A þa Jtre Sÿdu lógfestum vid Sælulfs fell allt, ut J hinn Jtre Hagagard, frateknu þvi Jtake sem Astrÿdarlækur a, hagagarda J mille, so framt ad þeir uppe hallda þeim Jnnre Hagagarde til Jafnadar vid mÿramenn, a þa Efre Sÿdu lógfestum vid, sem kÿr ä helldur, allann Jnnra hluta af Vatnadal, og so Nordur a fiall so langt sem vótnum hallar til vestre bigdar ad Gards landamerkium, sem Reidgótur hallda ut eftter, allt J langalæk, og so med honum Nedann til, allt ad þvi kelldu Sefe, er Stendst a vid Mÿrafells Seta, og skilur landamerke Jardarennar Fells og Mÿra /: vid lógfestum hier med Akra og tódur, Eingiar og skoga, vótn og veide stade og allt þad er Nÿta mä ä greindre Jórdu til gagnsmuna, frateknu Natt beit fra felle ä Nautahialla. Hier med lógfestum vid, þesse Jtók kyrkiunnar a Mÿrum, skög fra Hvallatradalsä, til hestagótugils, skögarhogg firer Sunnann a vestann til J dÿrafiardar botne Nidur fra Kleifum, enn ecke þann teig sem næstur er Kleifum, þridiungs Jskilldu J Miöfadal, firer ofann gardlag þad sem giórt er firer gelldfie, og eru þar Stöd hross og Suijn heimel til J skipunar, med audrum bu Smala, torfskurd so mikenn sem vill J gardaland, hier med logfestum vid allar fiórunytiar ad helminge med halfum Reka, er kyrkiann a fra Haukslæk og allt til þess er sier mann firer skäladÿrum J Nesdal ad half fóllnum Siö; attærings skipstódu tollfrÿ a Fiallaskaga, eiga Reit Jtster a mol og þoke adrer firer þeim, Jtem 15 kugillda beit J Nesdal, krossmessna J mille. Hier med lógfestum vid kyrkiu Jördina Fell, med þessum ummerkium, a Jnnre Sÿduna ad firrskrifudum Mÿra landamerkium, og so ut eftter sem lange lækur helldur J hinn Efre Grästein og ut J launguläg, þadann sem tvær fuglstapaþúfur greina Siönhending J hvÿtt berg sem siä er ofannverdt J Sælulfsfelle nedarlega, med aullum sómu adkvædum er greiner um Jórdena Mÿrar, firerbiödum vid hverium Manne, tiedar Jarder ad bruka til yrkingar, beitar, Elldevidarstungu, Hrÿsrifs, edur fialldrapa nie nockurs annars, nema ockar leifi til kome; So firerbiödum vid, under utbiggingar sok, aullum þeim mónnum sem bua a tiedum Jördum ad leifa, lÿda, edur hilma Nockra Jskilldu edur annara Manna brukun ä tiedum Jórdum, Slÿka sem hier Hófum vid bannad /: Vilie buendur a Astrÿdarlæk, niöta þeirrar Jskilldu beitar sem Mäldagar seigia hann eige medal Hagagarda, þa oskum vid ad þeir nu strax a næstkomanda vore, er gardlags stefnur vera eiga ad lógum, hlade upp halfann Hagagard þann Jnnre mots vid Mÿramenn, so Häfann og þukvann sem J lógum er mællt, og til seigium buendum a Mÿrum ad gióra sig liduga þar til.[54]

Í svari Jóns Árnasonar Skálholtsbiskups til Snæbjörns Pálssonar, dagsettu 22. febrúar 1727, um Mýrakirkju og réttindi í Nesdal segir að kirkjan eigi 15 kúgilda beit í Nesdal, en ekki 10 kúgilda beit.[55]

Hinn 22. apríl 1735 lögfesti Magnús Snæbjörnsson jörðina Mýrar með Lækjarósi, ítök Mýrakirkju og kirkjujörðina Fell. Lögfestan er efnislega eins og lögfestan frá 3. nóvember 1727 en hún var þinglesin við manntalsþing að Mýrum 23. apríl 1735. Á

[54] Skjal nr. 2(131).
[55] Skjal nr. 2(138).

sama skjal virðist sem Brynjólfur Hákonarson hafi undirskrifað nafn sitt 11. apríl 1815.[56]

Hinn 20. september 1748 lögfesti Magnús Snæbjörnsson skógarhögg Mýrakirkju fyrir sunnan á í Dýrafjarðarbotni. Lögfestan var upplesin við hreppaskilaþing að Meðaldal 28. september 1748 en með henni fyrirbauð Magnús eigendum jarðarinnar Dranga í Dýrafirði að nýta nefnt ítak kirkjunnar eins og texti lögfestunnar ber með sér:

> Eg Magnús Snæbiórnsson Lógfeste hier nu i dag þad Skogarhógg sem kyrkiann ad Myrum vid dýrafiórd ä effter gómlum Mäldógum og Nyrre Visitatium fyrer Sunnann Ä i Dyrafiardar Botne Nidur fra Kleifum, enn ecke þann Teig sem næstur hefur verid Kleifum. Fyrerbýd eg So vel Eigendum Jardarennar Dranga sem hvórium audrum uti fra Nefndt Skogar Jtak kyrkiunnar ad Eida, Nýda, eda til Eidslu og Skada kyrkiunne ad bruka, liä edur leifa under frekustu vidliggiande LagaSekter.[57]

Hinn 1. október 1767 lögfesti Magnús Snæbjörnsson prófastur jörðina Mýrar með Lækjarósi. Lögfestan er efnislega eins og eldri lögfestur um Mýrar og Lækjarós en hún var upplesin að Mýrum 2. október 1767.[58]

Hinn 28. september 1775 lögfesti sr. Jón Ásgeirsson jörðina Mýrar með Lækjarósi. Lögfestan er efnislega eins og eldri lögfestur um Mýrar og Lækjarós en hún var upplesin að settum hreppaskilum að Mýrum sama dag.[59]

Í prófastsvísitasíu um Mýrakirkju frá 23. nóvember 1784 er fjallað um bækur og skjöl prestakallsins en þar er getið um gjafabréf Orms Daðasonar sýslumanns fyrir 10 hundruðum í jörðinni Alviðru, prestinum í Mýraþingum til uppheldis og úttekt um sama jarðarpart. Skjölin voru frá árunum 1766 og 1783.[60]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Mýra metinn 65 hundruð en jörðin var að 4/13 hlutum eign kirkjunnar. Aðrir eigendur voru prófastarnir Jón Ásgeirsson og Guðlaugur Sveinsson. Með í matinu voru teknar hjáleigurnar Mýrahús og Lukkustaðir.[61]

Hinn 17. janúar 1811 skrifaði sr. Ásgeir Jónsson til biskups um Mýrarkirkju og jarðir hennar. Í bréfinu segir að forngildu og enn hafi 25 hundruð bændaeignar í heimajörðinni Mýrum fylgt þeim hálfparti kirkjunnar sem faðir sr. Ásgeirs, sr. Jón Ásgeirsson prófastur, forvaltaði og tengdafaðir hans, sr. Magnús Snæbjörnsson prófastur, þar á undan en sr. Magnús hafi tekið þann hálfpart í arf eftir móður sína. Þar á móti hafi bróðir hans, sr. Markús Snæbjörnsson, erft eftir móður sína 10 hundraða bændaeign í heimalandi Mýra, svokallaða Lukkustaði, og einnig jörðina Lækjarós, 15 hundruð að dýrleika. Þetta sagði sr. Ásgeir að sýndi ósannindi í bréfi Kristínar Markúsdóttur að faðir hennar hafi ekkert haft í þeirri eign. Sr. Ásgeiri var annars ókunnugt um hvernig

[56] Skjal nr. 2(132).
[57] Skjal nr. 2(133).
[58] Skjal nr. 2(134).
[59] Skjal nr. 2(135).
[60] Skjal nr. 2(172).
[61] Skjal nr. 2(46).

eignin hafi skipst til barna sr. Markúsar en tengdasonur hans og maður Kristínar, sr. Eggert Hákonarson hafi staðið fyrir reikningum hálfrar Mýrakirkju frá árinu 1787.[62]

Í bréfi Geirs biskups Vídalíns til Brynjólfs Hákonarsonar frá 27. mars 1811 er fjallað um rekstur Mýrakirkju en fram kemur í bréfinu að Kristín Markúsdóttir hafi skrifað biskupi um að hún hafi ekkert uppborið af gjöldum kirkjunnar. Biskup kvað Kristínu skylda jafnt við Brynjólf að standa skil á hálfum kostnaði við byggingu Mýrakirkju. Þá sagðist biskups ætla að Lukkustaðir væru byggðir úr heimalandi Mýra, sem kirkjan ætti í óúrskiptum 20 hundruðum, en jafnframt væri óskiljanlegt hvernig Kirstín hafi getað selt kotið Lukkustaði að öllum viðkomendum óaðspurðum, þar á eðal kirkjunni. Biskup leit því á þá sölu sem ómerka. Um jörðina Lækjarós skrifaði Geir biskup að væri lögbýlisjörð sem myndi ekki heyra til Mýraeignar, hún hefði einungis haft sömu eigendur og Mýrar.[63]

Við manntalsþing að Stóra-Hjarðardal 6. apríl 1811 var þinglesið kaupbréf fyrir 41 hundraði í Mýrum, Mýrarhúsum og Stóra-Garði. Seljandi var sr. Ásgeir Jónsson en kaupandi var sr. Brynjólfur Hákonarson. Kaupbréfið var dagsett 20. desember 1810 og kaupverðið var 600 ríkisdali.[64]

Við manntalsþingsrétt að Eyri við Skutulsfjörð 10. apríl 1811 var upplesið kaupbréf, dagsett 2. september 1809, fyrir 10 hundruðum í Mýrum við Dýrafjörð fyrir 120 ríkisbankadali. Seljandi var Kristín Markúsdóttir en kaupandi Jón Jónsson faktor.[65]

Hinn 9. janúar 1812 skrifaði sr. Ásgeir Jónsson prófastur til biskups um Nesdal og óskaði ráða um hvort Brynjólfur Hákonarson á Mýrum hefði myndugleika til að lána eða leigja öðrum 15 kúgilda beitarítak í Nesdal. Í bréfinu segir meðal annars:

> Tveir Partar Afréttis, adur bejtarlands-dalkorns, sem kalladur er Nesdalur, liggia, og frá elldgömulum Tÿdum Leigid hafa, undir nú verandi ábílis Jörd mÿna Sæból, i hvörre eg á sem stendur 1/3 edr 20 hndr., enn þridie Parturinn heyrdi til Bænhúse því, sem var á næsta bæ Alfadal, og liggr enn nu, eins sÿdann þetta Bænhús var aftekid, under sömu Jördu, i grend vid hvöria og Sæból dalkornið er; enn – Hvörsu lítilfjörlegt og hriostrugt þetta dalverpe annars ordid er, til eigna þó Biskupa og Prófasta Visitatiur hér kríngum liggiandi Kÿrkiuni, Hollts Myra og Nups beitar Itök þarí, nl. þeirri fyrstu VI, þeirri annare XV, og þeirri þridiu V kúgildabeit ótiltekinn Tyma. Héraf kémur þad, ad MyraKyrkiu nú ordinn Proprietarius, Bóndi Monsr Brynjólfur Hákonarson á Myrum hefur afrád vid mig: ad þar hann siái sig naumlega edur ecki siálfan géta notað sér með Peningsgaungu nefndt Itak fyrer fiarlægdar Saker, þá ad leigia þad einhvörium sem þyggia villde, edur hvörium sem hann vill, nærbúandi, til beitarlands, mót þeirri gódþægd edur borgun sem hann fá kynni, hvad eg aungvanveginn ad sostöddu hefi þá viliad hönum tilstanda fyrer mitt leite, enn þar hiá játad rímelegt: ad hann siálfur sem Proprietarius noti sér þad fyrir Kyrkiu Kúgilldenn, þótt aungver Formenn hans hafi, hvört sem þeir hafa seted siálfa Myra edur ecki; heldurenn hinna Kyrknanna Fjárhalldsmenn, svo eg vite edur géti til frétt, neitt um þad syslad, utann þá þeir hafa Gélddneiti átt, sem átölu laust hafa geingid þar í afrétt, og fyrer hvör, enn ecki Saudfé, til tédrar Kúgillda Tölu, beitar Itökenn sÿnast jafnvel i fyrstu hafa géfinn verið nefndum

[62] Skjal nr. 2(242).
[63] Skjal nr. 2(139).
[64] Skjal nr. 2(376).
[65] Skjal nr. 2(377).

> Kyrkium, hvörrar Fiárhalldsmenn umm þær innunder, hafa ad líkindum átt nockurra géldneÿta Rád.[66]

Biskup svaraði bréfi sr. Ásgeirs með bréfi dagsettu 16. mars 1812, en hann kvaðst ekkert vita sem kynni að hindra Brynjólf í að lána eða leigja öðrum 15 kúgilda beitarítak Mýrakirkju í Nesdal.[67]

Hinn 21. janúar 1813 skrifaði sr. Hákon Jónsson til biskups og spurði hvort Lækjarós ætti að fylgja Mýraeigninni og hvort eigandi Lækjaróss myndi þá tapa eignarrétti sínum þar sem hann ætti ekkert í Mýrum.[68]

Við manntalsþingsrétt að Mýrum 11. apríl 1815 var upplesin lögfesta fyrir landi Mýra og hafði enginn neitt á móti henni.[69]

Í prófastsvísitasíu frá 29. júní 1837 segir að Mýrakirkja haldi sínum eignum og ítökum, en sum þeirra hafi verið arðlaus.[70] Í prófastsvísitasíu frá 23. ágúst 1882 koma fram sömu upplýsingar. Þar er einnig fjallað um landamerkjaágreining milli kirkjujarðarinnar Þaralátursfjarðar og Reykjarfjarðar á Ströndum. Skráð er í vísitasíubókina að þar sem landamerkjalög komi til framkvæmda ári síðar þá hafi kirkjubóndinn ákveðið að bíða með lögsókn gegn eiganda Reykjarfjarðar út af þrætustykkinu.[71] Sömu upplýsingar koma fram í prófastsvísitasíu frá 7. september 1884 nema að þá hafi verið framkvæmd áreið á landamerki Þaralátursfjarðar og Reykjarfjarðar og að henni lokinni hafi kirkjan misst það stykki sem þrætan snérist um. Skráð er í vísitasíubókina að eigandi kirkjunnar hafi ætlað sér að fá það leiðrétt.[72]

Við manntalsþing að Mýrum 12. júlí 1837 var þinglesin lögfesta fyrir Mýralandi, dagsett 3. nóvember 1727 og undirrituð af Snæbirni Pálssyni og Magnúsi Snæbjörnssyni.[73]

Við manntalsþingsrétt að Mýrum 11. júní 1838 var upplesin lögfesta fyrir Mýralandi dagsett og þinglesin 22. apríl 1700.[74]

Með kaupbréfi dagsettu 26. júlí 1838 seldi Brynjólfur Hákonarson 20 hundruð í Mýrum, svokallaðan bæjarhluta og Fjósatungu, til sonar síns Guðmundar Brynjólfssonar. Með fylgdu hálft Fell, hálf Rekavík bak Höfn og hálfur Þaralátursfjörður og helmingur í öllum ítökum kirkjunnar í nefndum jörðum. Þinglýsingardags er ekki getið, aðeins innfærslu í afsals- og veðmálabók 6. september 1838.[75]

Hinn 21. september 1838 seldi P. Benediktsson, í umboði O. Hjaltalíns, 10 hundruð í Mýrum til Guðmundar Brynjólfssonar með tilheyrandi kirkjueignum, þ.e. hálfri

---

66 Skjal nr. 2(260).
67 Skjal nr. 2(261).
68 Skjal nr. 2(238).
69 Skjal nr. 2(378).
70 Skjal nr. 2(173).
71 Skjal nr. 2(174).
72 Skjal nr. 2(175).
73 Skjal nr. 2(379).
74 Skjal nr. 2(380).
75 Skjal nr. 2(277).

jörðinni Felli, hálfri Rekavík bak Höfn og hálfri jörðinni Þaralátursfirði. Kaupbréfið var þinglesið 3. júlí 1839.[76]

Við manntalsþing að Mýrum 3. júní 1839 var þinglesið kaupbréf fyrir 10 hundruðum í Mýrum, dagsett 21. september 1838, þar sem P. Benedictsen seldi nefnd 10 hundruð undan Hermóníusi Jónssyni til Guðmundar Brynjólfssonar á Mýrum fyrir 140 ríkisdali. Við sama þing var upplesið kaupbréf, dagsett 26. júlí 1838, þar sem Br. Hákonarson á Mýrum seldi og afhenti Guðmundi Brynjólfssyni 20 hundruð í Mýrum fyrir 200 ríkisbankadali.[77]

Hinn 30. desember 1839 skrifaði Guðmundur Brynjólfsson til biskups um réttindi Mýrakirkju í löndum Þaralátursfjarðar, Minni-Bakka og Garða í Dýrafirði. Í bréfinu kemur fram að Þaralátursfjörður hafi verið í eyði, en Guðmundur spurði einnig hvort Mýrakirkja hefði rétt til tollvers í landi Minni-Bakka en ábúandi þar hafi mælt í mót þegar formaður skipsins réri þaðan í umboði Guðmundar. Þá spurði Guðmundur hvort Mýrakirkja hefði rétt til torfristu í Garðalandi vegna kirkjunnar og heimilisnauðsynja.[78] Hinn 25. mars 1840 skrifaði biskup sr. Sigurði Jónssyni um fyrirspurn Guðmundar um réttindi Mýrakirkju. Í bréfinu óskaði biskups eftir frekari upplýsingum frá sr. Sigurði.[79] Sr. Sigurður svaraði biskupi með bréfi dagsettu 9. október sama ár og sagði ómögulegt að Þaralátursfjörður og tollverið í landi Minni-Bakka væru gengin undan kirkjunni á Mýrum, en þótt Þaralátursfjörður væri í eyði og gæfi ekki arð þá héldi kirkjan eignarhaldi á plássinu. Um torfristuna í Garðalandi vitnaði sr. Sigurður til máldaga sem segði að Mýrakirkja ætti þar torfristu sem vill, en einnig vísaði hann til úrskurðar Þórðar Þorlákssonar biskups frá 31. mars 1695 um að hér ætti að skilja húsatorf en ekki eldiviðartorf.[80] Biskup skrifaði sr. Sigurði að nýju með bréfi dagsettu 19. mars 1841 og sagði að hann vissi ekki betur en að Mýrakirkja hefði fullkominn rétt til óbyggðu jarðarinnar Þaralátursfjarðar og tollversins í landi Minni-Bakka. Um torfristu í landi Garða kvaðst biskup telja að sú brúkun næði einungis til kirkjunnar.[81]

Hinn 28. september 1842 lögfesti Guðmundur Brynjólfsson jörðina Mýrar með Lækjarósi. Lögfestan er efnislega eins og eldri lögfestur um Mýrar og Lækjarós.[82]

Hinn 21. október 1842 skrifaði Oddur Gíslason til biskups um hvort Mýrakirkja hefði lagarétt til að nýta torfristu úr landi Meiri- og Minni-Garðs.[83] Guðmundur Brynjólfsson á Mýrum var þeirrar skoðunar í bréfi frá 27. júní 1843 að Mýrakirkja mætti nýta torfskurð í Garðalandi svo sem mikið sem hún vildi.[84] Þá skrifaði sr. Sigurður Jónsson, prófastur á Hrafnseyri, að torfrista í landi Meiri-Garðs til handa

[76] Skjal nr. 2(278).
[77] Skjal nr. 2(381).
[78] Skjal nr. 2(244).
[79] Skjal nr. 2(245).
[80] Skjal nr. 2(246).
[81] Skjal nr. 2(247).
[82] Skjal nr. 2(136).
[83] Skjal nr. 2(248).
[84] Skjal nr. 2(249).

Mýrakirkju hafi verið svo lítilfjörleg að hún sé varla til mála takandi.[85] Biskup svaraði bréfi Odds Gíslasonar með bréfi dagsettu 12. október 1843, en þar vísaði hann til Vilchins- og Gíslamáldaga varðandi réttindi Mýrakirkju.[86]

Hinn 8. júlí 1846 skrifaði Guðmundur Brynjólfsson til Ólafs Ólafssonar á Gemlufalli um landamerki milli jarðanna Mýra og Gemlufalls í Dýrafirði. Tvö bréf liggja saman í skjalinu, sem bæði eru í afriti. Óvíst er hvort annað bréfið sé uppkast að hinu eða hvort innihaldið hafi verið sent Ólafi. Í öðru bréfinu kvaðst Guðmundur hafa orðið þess var að rifinn hefði verið fjalldrapi á landi sínum fram við Mýrasel. Guðmundur spurði hvort Ólafur hafi skipað sínu fólki að nytja á sínu landi og einnig hversu langt hann teldi að Gemlufall ætti land. Í hinu bréfinu birtist sama efni nema þar fjallar Guðmundur um landamerki jarðarinnar Mýra en þeim lýsir hann svo:

> Þegar eg vard fyrst eigandi ad jördinni Myrum, var mér þá undir eins skjallega vísad til hennar Landamerkja, nl. ad innann verdu á Myradal, sem Litladals á seigir: og ad nordann verdu, til þess ad vötnum hallar til Ønundarfjardar, sem eg veit ecki betur, enn stadid hafi á tölulaust, i hid mindsta 150 Ár.[87]

Hinn 14. apríl 1847 vitnaði Brynjólfur Hákonarson eftir Sigmundi heitunum Bjarnasyni á Ytri-Núpshúsum að bændur hefðu borgað til Mýraábúenda árlegan beitartoll, samtals eina vætt eða frían flutning til Þingeyrar.[88]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Mýrar í Dýrafirði metin 65 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon, sem taldi hér 10 kirkjukúgildi, segi að 20 hundruð úr jörðinni séu eign kirkjunnar. Þá hafi hann talið með hjáleiguna Mýrahús og þar að auki hafi hjáleigan Lukkustaðir verið talin með árið 1805, en hvoruga nefni nú sýslumaður eða prestur.[89]

Hinn 3. mars 1849 fór fram sá gjörningur milli Guðmundar Brynjólfssonar, hreppstjóra á Mýrum, og Ólafs Ólafssonar á Gemlufalli að Ólafur viðurkenndi Mýralandareign að lögfestum landamerkjum í Litladalsá, en þó með því skilyrði að hann fengi frekari skilríku um Gemlufallsland og sýni eigandi Mýra þau skilríki innan tveggja ára. Fram komi þau ekki þá viðurkenni Ólafur hér með að hann eða hans fólk hafi afgjört að rífa eða beita fyrir framan Litladalsá en baðst afsökunar á því. Guðmundur samþykkti það en bauð Gemlufallsfólki náttbeit fyrir kýr um selveratímann fyrir hálfvætt. Guðmundur skráði hinn 1. maí 1856 að engin skilríki hafi komið fram um Gemlufall og var skjalið þinglesið við manntalsþing að mýrum 7. maí sama ár.[90]

Í kirknaskjölum í Þjóðskjalasafni er varðveitt eintak af ódagsettu korti, líklega frá miðri nítjándu öld, en á það virðist hafa verið færð inn afmörkun milli Mýra í Dýrafirði annars vegar og Gemlufalls hins vegar. Eftir miðju kortsins er dregin lína og við hana merkt heitið „áin eptir dalnum kölluð Gemlufalsá“ þar til heitin „Gemlufalsheiði“ og

[85] Skjal nr. 2(250).
[86] Skjal nr. 2(251).
[87] Skjal nr. 2(121).
[88] Skjal nr. 2(122).
[89] Skjal nr. 4(1), bls. 193.
[90] Skjal nr. 2(41).

„leiðin norðᵘr úr dalnum“ taka við. Þessi lína virðist því vera dregin frá suðri til norðurs. Sitt hvoru megin við línuna í miðjunni eru svo merkt annars vegar fjöll Mýramegin, Mýrabær og Lækjarósbær (vestan megin) og hins vegar fjall Gemlufallsmegin og Gemlufallsbær (austan megin). Ofarlega á kortinu er svo dregin önnur lína, að því er virðist frá austri til vesturs, merkt sem „lækur“ og sitt hvoru megin við hana eru skráð inn heitin Mýraselstaða (norðan megin) og selstaða Gemlufalls (sunnan megin). Þar ofan við er svo skráð heitið „Gemlu varða eða leiði hennʳ“.[91]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Mýrar:

> 8. Mýrar: ~~tun~~ eingjar eru hjer nærsta litlar og liggja undir árensli og beitarland ónýtt ad kalla og graslaust hjá því sem gras má heita.[92]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 845 ríkisbankadali.[93] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Mýrum breytt í 750 ríkisbankadali.[94]

Við manntalsþing að Mýrum 7. maí 1856 var þinglesinn gjörningur milli G. Brynjólfssonar og Ólafs Ólafssonar á Gemlufalli um landamerki milli Gemlufalls og Mýra í Litludalsá. Bréfið var samið 3. mars 1847.[95]

Hinn 2. september 1869 skrifaði Stefán Bjarnarson sýslumaður til stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi en í bréfinu sagði Stefán það vera óvíst hvort Núpskirkja og Mýrakirkja ættu nokkuð í þeim jörðum sem þær stæðu á, á þann hátt að kirkjueignir þeirra væru tíundarfríar til konungs. Stefán óskaði eftir áliti stiftsyfirvalda um málið.[96]

Landamerkjaskrá jarðanna Mýra, Fells og Lækjaróss í Dýrafirði er dagsett 12. desember 1889 en hún var innkomin til þinglesturs 28. apríl 1891. Efni hennar er svohljóðandi:

> Lýsing á landamerkjum, jarðanna Mýra, Fells og Lækjaróss ásamt ítökum Mýrakirkju í Dýrafirði.
>
> Að innanverðu eiga Mýrar allt inn að Gemlufellsá og veiði í ánni og svo fram eptir Mýrardal sem áin heldur svo langt sem vötnum hallar til Dýrafjarðar að Folaldalgili, og svo hinu megin á dalnum Gemlufallsmegin þvert yfir en heim eptir sem þessi örnefni takmarka: Hrútahjalla, Fjalldal og Háfadal með Söðlum og það heim í Litladalsá með hálfum Litladal að framanverðu.
>
> Á þá ytri síðu sem Kýrá heldur innri hluta Vatnadals á móts við Folaldagil, að neðanverðu, sem reiðgata heldur í Langalæk og svo eptir honum allt í Keldusef, er stenst á við Mýrafellsseta og skilur landamerki Fells og Mýra.
>
> Fells landamerki eru eptir Langalæk og í hinn efra Grástein og úr honum beint í Löngulág og frá Löngulágarenda þar sem vegir skiptast út eptir Móabörðum beint í miðklettinn í Fellstaglinu, svo þaðan sem tvær fuglstapaþúfur greina sjónhending í hvítt berg sem sjá má neðarlega í Mýrafelli. Að utan verðu eiga Mýrar allt Mýrafell í þann

[91] Skjal nr. 2(123).
[92] Skjal nr. 2(76).
[93] Skjal nr. 2(81).
[94] Skjal nr. 2(79).
[95] Skjal nr. 2(382).
[96] Skjal nr. 2(243).

> Ytri hagagarð, fráteknu því beitar ítaki, sem Ástríðarlækur á hagagarða á milli, svo framt Lækjar ábúendur uppihaldi þeim innri hagagarði til jafnaðar við Mýramenn.
>
> Að innanverðu eru landamerki á engjum milli Mýra og Lækjaróss úr Grjóthlaði og niður í stein á bökkunum ofantil við Vaðalinn, innantil við Keldusef og á Mýrarland að neðanverðu þangað sem Vaðallinn rennur í sjóinn. En sameiginleg beit er á dalnum fyrir báðar jarðirnar eptir þörfum.
>
> Þessi eru ítök kyrkjunnar á Mýrum:
>
> Skógur frá Hvallátradalsá til Hestagötu gils, skógarhögg fyrir sunnan á vestan fram í Dýrafjarðarbotni, niður frá Kleifum en ekki þann teig, sem næstur er Kleifunum. Þriðjungs ískyldu í Mýrdal, fyr-fyrir [svo], ofan garðlag, sem gjört er fyrir geld fje, og eru þar stóðhross og svín heimil til ískipunar með öðrum búsmala.
>
> Torfskurð svo mikinn sem vill í Garðalandi. Allar fjörunytjar að helmingi með hálfum reka frá Haukslæk og allt til þess að sjer mann fyrir skáladyrum í Nesdal að hálfföllnum sjó. Skálagjörð á Fjallaskaga fyrir áttrætt skip með búðargjörð og taki sjálfir toll af skipverjum ef aðrir róa, en heimamenn eiga reit yst á möl og þoki aðrir fyrir þeim svo þá ekki skorti pláss. Heimil selveiði frá Mýrum að öllum hluta sem geta veitt, en að fjórðung ef enginn veiðir þeirra sem á.
>
> Fimmtán kúgylda beit í Nesdal krossmessna á milli. Kyrkjan á Þaralátursfjörð í Grunnavíkursókn og Rekavík bak Höfn, auk þess á kyrkjan frí tollver í Skálavík, í minna Bakkalandi fyrir áttrætt skip með öllum vergögnum ristu stungu, búðargjörð og því öðru, er nauðsynlega með þarf.
>
> Mýrum 12. des. 1889
>
> Guðrún Jónsdóttir Guðný Guðmundsdóttir eigendur Mýra og meiri Garðs og Fells.
>
> G.H. Guðmundsson eigandi Minna Garðs og Klukkulands.
>
> Sem eigandi Gemlufalls að þremur fjórðu pörtum: Jens Guðmundsson
>
> Kristjana Þorsteinsdóttir eigandi að einum fjórða parti í Gemlufalli
>
> Janus Jónsson fyrir Holt og Læk[97]

Við manntalsþing að Mýrum 26. júlí 1904 var þinglesið makaskiptabréf, útgefið 13. október 1894 af Guðmundi Hagalín Guðmundssyni, hljóðandi upp á afsal til Friðriks Bjarnasonar á Mýrum fyrir 12,85 hundruð að nýju mati í Mýrum.[98]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að jörðin Mýrar sé sú næsta við Lækjarós og að landamerki hennar séu þinglesin.[99] Sömu upplýsingar koma fram í undirmati II. Jörðin var metin á 4.500 kr. Eigendur hennar voru Friðrik Bjarnason og Guðrún Friðriksdóttir.[100]

Við manntalsþing 10. júlí 1930 var friðlýst varpi og fyrir skotum á landareign Mýra.[101]

---

97 Skjal nr. 2(1).
98 Skjal nr. 2(384).
99 Skjal nr. 2(83).
100 Skjal nr. 2(83).
101 Skjal nr. 2(385).

5.4 Fell í Dýrafirði

Hinn 30. maí 1698 lögfesti Ástríður Jónsdóttir alla jörðina Mýra og jörðina Lækjarós, byggða af heimalandi Mýra, ásamt jörðinni Felli. Lögfestan var upplesin við héraðsþing að Mýrum sama dag. Nokkrar skemmdir eru í skjalinu en texti þess er svo:

> Jeg Ästrÿdur Jönsdötter Lógfeste Hier J dag, Eign Mÿna og Minna Lóg Erffijngia – Alla Jordina Mÿrar J dÿrafirde, og lækiar Os sem Biggt er af Heimalande Greindrar Jardar, Med allrj Mÿrakirkiu eign Hier Nælægre, Nefnelega Jórdina fell tölf hundrud og Tuttugu hundrud J Heima Jordunne Mÿrum, Samt ollum Jtókum audrum (So sem eg Mæa framast ad Lógum Gióra) epter Mældogum Wilchinz Og Herra Gÿsla Jönssonar. Eirninn Sÿdare visitatiugiórnÿngum og Firerliggiande skiolum, Hollt og Haga, Vottn og Veidestade, Akra og Tödur Eingiar og sköga, og allar Landz Nÿtiar til fiallz og Fioru, Sem þessum Jordum og Kirkiu Eign Filger, filgia æ og filgt [hefur ad] fornu og Nÿu, sem er æ þæ Jnnre Sÿdu J Giemlufallz æ, og þad be[…] Fiallgard Nordannframm, epter Þui Sem litladalz æ Helldur, ad tilgrein[…] med Bædum Saudlaskordum og Hæa Dal. Eirninn Mÿradal allann framm […] fallz Heÿde, allt ad Holltz Kirkiu landeign (So framt sem Aunnur Bevÿsan […]rÿkie Bera hier ei æ Möte) Enn æ þæ ÿtre Sydu Lógfeste eg þessa ædur [grein]da Jórd Mÿrar, wtj þann Ytre Haga Gard J Sælölfz Felle (ad fræteknu […] beitar Jtake sem AstrydarLækur æ mille þess ÿnnra og ytra Haga Gardz. Hier Med Lógfeste Jeg þad skógar Jtak sem Mÿrakirkia æ J Dÿrafiardar bottne Og allann Hælfann Reka fræ Haukzlæk Hiæ Alvidru, til þess er Sier Mann Wr Skæladijrum J Fióru J Nesdal ad Hælf Fóllnum Siö, med Hælfre Solua fiórunne æ Gierd Hómrum, og aullum audrum Fiórugiædum ad Helmÿnge, (Fräteknum Reitesólum Aa fiallaskaga) Lógfeste Jeg ædur nefndar Jarder Mÿrar, Lækiar Oz og Fell til ytstu Vmm Merkia þejrra Sem adrer menn Edur Kirkiur Eigu J Moote Aa allar Sydur, bæde ad ordfullu og LógMaale Riettu, Firerbyd Jeg huorium Manne hiedann aff Sier ad Nytia Nie yrkia An Mÿnss Loffs edur Leiffez, So og Fÿrerbyd Jeg alla ONaudsinlega og oþarflega Mÿrar og Grundar Stwngu, Jordunum til skada edur Lÿta (ad Fraateknu þuj, Sem Aabwendurner þurfa NaudSinlega ad Rista og Stÿnga, til hwsa og heÿa Jardanna. Sómuleijdes Firerbyd Jeg Vnder Laganna Fullar Sechter, alla Leiffez Lausa skoogarÿrkÿng Thil Raptz Hrÿss edur kolvidar Moote Lógum, epter þennann dag Aa Firr Neffndum Jórdum og kirkiueign, ad Vndannskildu þuj Sem Leigu lidunum Thil Laated er J Landsslaga bookenne, þoo So þeijr huorke burt selie gieffe Nie Läne kol Nie hrÿ[s an] Leiffez Riettelegs Eiganda eche helldur Sa[…] [lle] Lofe edur lÿde, helldur aff Verie slÿkum Agange epter atórkan, So s[em] [Chri]stelegre NaaWnga Seme ber og skilldugt er[102]

Hinn 22. apríl 1700 lögfesti Ástríður Jónsdóttir jörðina Mýrar með Lækjarósi, sem byggð væri af heimalandi, og einnig jörðina Fell. Texti lögfestunnar virðist efnislega vera sá sami og í lögfestu Ástríðar frá 30. maí 1698 en engar skemmdir eru á þessu skjali:

> Jeg Astrÿdur Jöns Dötter Lógfeste Hier J Dag Eign Mÿna og Minna Lógerfÿngia allann Kaupa Hlutann J Jórdunne Mÿrum vid Dÿrafiórd, og Lækiar Os, sem Biggt er af Heimalande Greindrar Jardar, med allre Mÿra Kirkiu Eign Hier Nælægre, Nefnelega Tuttugu Hundrud J Heima Jórdunne Mÿrum og Jórdina Fell Tölff Hundrud, Samt aull aunnur Jtók (So sem eg mæa framast ad Lógum Gióra) Epter Mældógum Vilchins og Herra Gÿsla Jönssonar, Eirninn Sÿdare Visitatiu Giórningum Og firerliggiande Skiolum, Hollt Og Haga. Vóttn Og Veÿde stade, akra og tódur Eingiar Og Sköga, og allar Landz Nÿtiar til fiallz og Fióru, sem þessum Jórdum og Kirkiu Eign filger. filgia æ og filgdt Hefur ad fornu og Niju, Sem er ä þæ Jnnre Sÿdu J Giemlufallz æ, og þad

[102] Skjal nr. 2(127).

> Beindt vppæ fiallgard Nordann framm, epter þuj Sem litladalz æ Helldur, ad tilgreindum Fialldal, med Bædum Saudlaskórdum og Hæa Dal. Eirnenn Mÿradal allann framm æ Giemlufallz Heÿde allt ad Holltz Kirkiu Landeign. (So framt Sem bevÿsanleg Skilrÿke auglÿsast ei Hier æ Möte). Enn æ þæ ytre Sÿdu Lógfeste Jeg þessa ædur greinda Jórd Mÿrar, Utj þann ytre Haga Gard J Sælolfs felle (ad fræteknu þuj Beÿtar Jtake Sem Astrÿdar Lækur æ Mille þess Jnnra og ytra Haga Gardz) Hier med Laugfeste Jeg þad Skögar Jtak Sem Mÿrakirkia æ J Dÿrafiardar Bottne, Og allann Halfann Reka fræ Haukz Læk Hiæ alvidru, til þess er Sier mann Ur Skæladÿrum J fióru J Nesdal ad Hælf fóllnum Siö med Hælfre Sóluafiórunne a Gierd Hómrum, Og aullum audrum fióru Nÿtium ad Helmÿnge (fräteknum Reÿte Sólum A Fialla skaga) Hier med Lógfeste Eg þæ fimtæn Kwgilldabeÿt Sem Mÿra Kirkiu tilHeÿrer J Nessdal, Laugfeste Jeg ædur nefndar Jarder Mÿrar Lækiar Os og fell med tilgreindum Jtókum, til ytstu Ummerkia þeirra, Sem adrer Menn edur Kirkiur Eigu J möte æ allar Sÿdur, bæde ad Ordfullu og Laugmæle Riettu, firerbÿd Jeg Huorium Manne Hiedann af Sier ad Nÿtia Nie yrkia æn Mÿns Lofz edur Leifez, So og firerbÿd eg alla ONaudSinlega og oþarflega Mÿrar Og Grundar Stwngu Jórdunum til Skada edur Lÿta (ad frätechnu þvjSsem Abwendurner þurffa NaudSinlega ad Rista og Stÿnga til Hwsa og Heÿa Jardanna) Sómu leÿdiz firerbÿd Jeg vnder Laganna Fullar Seckter, alla Leifiz Lausa Skögar yrkÿng til Raptz Hrÿss edur Kolvidar Möte Lógum efter þennann dag æ firr Nefndum Jórdum og Kirkiu Eign, ad vndannskildu þuj Sem Leigulidunum til lætid er J Landzlaga Bökinne, J Sama Mæta afskil eg banna og firerbÿd abwendum opt Nefndra Jarda, ad burtselia af þessum Jórdum Læna edur giefa Harda torf edur annann Elldevid Sem Wr Jórdu er skorinn ellegar Grafinn, ei Helldur Hrÿs Lÿng Nie Fialldrapa Meÿr take enn þeirra Eiginn bwz Naudsinium þarfnast Hier ad [au]k banna Jeg og firerbÿd alla beytar brwkun og Grasnautn æ Mÿradal sem og Eÿrninn J Sælolfzfelle, Vtannbæa Mónnum þeim Sem þar eckert tilkall til eiga med Lógum. So og firer bÿ[d] ^{eg} allann skadlegann Agang J þessa Landeign fræ Górdum Bædum So sem Annarz Stadar, tilseige Jeg So sem C[h]ristelegre NæwngaSeme ber og Skilldugt er.[103]

Hinn 22. maí 1709 lögfesti Ástríður Jónsdóttir land kirkjujarðarinnar Fells. Lögfestan var upplesin fyrir þingsókninni að Mýrum sama dag. Efni lögfestunnar er svohljóðandi:

> Jeg Astrÿdur Jons dotter Logfeste hier j dag Eign Mÿra Kirkiu Jórdena Fell Liggiande Vid dÿrafiórd og under sómu Grein Jardarennar Mÿra heima Land Sælolfsfell med Aullu Þvj Er tilheirer Ad Riettumm Lógumm og Effter Mäldaganna Tilvÿsan Logfeste eg hier med Tun og Eingiar uthaga og Skoga og hvórt Eitt Er þessumm Lóndumm filgia Ä til Lands og Vatns Allt ad Jtstu Landamerkiumm þeim Er Audrumm Lóndumm heira j möte. Firirbÿd eg hvóriumm Manne J Ad vinna J þeim ad Jrkia edur þau ad beÿta Nema Mÿn edur þeirra ad Lógumm Eiga firer ad Svara sie fullt Leife til.[104]

Hinn 1. október 1712 lögfesti Snæbjörn Pálsson jarðirnar Mýrar, Lækjarós og Fell ásamt ítökum. Lögfestan var lesin við hreppaskilaþing að Mýrum sama dag og er efni hennar svohljóðandi:

> Jeg Snæbjórn Paalsson Logfeste hier j dag Eign barna Minna allann kaupa hlutann J Jórdenne Mÿrum Vid Dÿrafiórd / Og Lækiar Ós sem bygt er af Heima Lande greindrar Jardar / med allre Mÿra kÿrkiu Eign hier Nälægre; Nefnelega Tuttugu Hundrud J Heima Jórdenne Mÿrum og Jórdena Fell 12 Hundrud samt Øll Aunnur Jtók / so sem eg mä framast ad Lógumm gióra effter Máldógumm Vilchins og H^{r} Gÿsla Jonssonar, Eirnenn Sÿdare Visitatiu giórningumm og fÿrer liggiande Skiólumm. Hollt og Haga Vatn og Veidestade Akra og Tödur Eingiar og Sköga og allar LandzNÿtiar til Fialls og fióru

[103] Skjal nr. 2(128).
[104] Skjal nr. 2(129).

> sem þessumm Jórdumm og kÿrkiu Eign filger / fylgia Ä og fÿlgt hefur ad fornu og Nÿu. Sem er Ä þä Jnnre Sÿdu j Gemlufalls Ä og þad beint uppä Fiallgard Nordann framm / eftter þvj sem Litladals Ä Helldur / ad tilgreindumm Fialldal med baadumm Sódla Skordumm og Häadal Eirnenn Mÿradal allann framm ä Gemlufalls heide allt ad Holltz kirkiu LandEign. Enn ä þä Jtre Sÿdu Lógfeste eg þessa Adurgreinda Jórd Mÿrar utj þann Jtre Hagagard J Sælolfs felle / (Ad fräteknu þvj beitar Jtake sem Ästrÿdar Lækur ä mille þess ytra og Jnnra Hagagards) Hier med Lógfeste eg þann Skóg er kirkiann Ä mille Hvallätrardals Aar og Hesta skridugÿls Eins skogar Hógg fÿrer Sunnann Ä J dÿrafiardar botne Nidur frä Kleifumm enn ej þann teig sem næstur er Kleifumm. Allar Hälfar FjóruNÿtjar frä HaukzLæk hiä Alvidru til þess er Sier Mann Ur Skaladÿrumm j Fióru J Nessdal ad Halffóllnumm Siö med Hälfre Sólvafiórunne A Gerdhomrumm. (Reite Sólumm a Hialla Skaga fräteknumm) Hiermed Lógfeste eg þä 15 kúgillda beit sem Mÿra kyrkiu tilheirer J Nessdal Torfskurd so mikenn sem Vill J garda Land og Attæringz Skipz Hófn Ä Skaga Med þartil Lógdum Hlunnendumm, Lógfeste eg AdurNefndar Jarder Mÿrar Lækiarös og Fell med tilgreindumm Jtókumm til ÿtstu ummmerkia þeirra sem adrer Menn edur kÿrkiur Eigu J Möte. Fÿrerbÿd eg hvórjumm Manne hiedann af sier ad Nÿta edur Jrkia Än Mÿns Lofs edur Leifes so og banna eg og fÿrerbÿd alla beitar brukun og gras Nautn Ä Mÿradal sem og Eirnenn J Sælolfs felle utann bæa Mónnumm þeim sem þar eckert tilkall til Eiga med Lógum, Eins Lÿka J Kyrkiu Jardernar Fells Lande.[105]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Fell í Dýrafirði:

> **Fell.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr.
>
> Eigandinn Mýrakirkja.
>
> Ábúendur Guðmundur Þorkelsson, Sesselja Bjarnadóttir, á hálfri hvert.
>
> […]
>
> Útigángur í heimalandi er lítill, en jörðin á beitarítak í Mýraland, og bætir það útigánginn. Torfrista og stúnga bjargleg, móskurður sæmilegur. Fjalldrapi og lýngrif lítið.
>
> Vatnsból bregðst bæði vetur og sumar og er þá merkilega lángur vatnsvegur í úthaga og stundum verður að þíða snjó og klaka. Ágáng líður jörðin af Læk og Minnagarði og spillir það oftlega heyskapnum.[106]

Hinn 3. nóvember 1727 lögfestu Snæbjörn Pálsson og Magnús Snæbjörnsson alla jörðina Mýrar með Lækjarósi, 80 hundruð að dýrleika, ítök Mýrakirkju og kirkjujörðina Fell. Lögfestan var upplesin að Mýrum 22. janúar 1728, fyrir söfnuði Mýrakirkju þriðja miðvikudag í föstu árið 1728. Svo virðist sem Brynjólfur Hákonarson hafi sett nafn sitt við lögfestuna en hún var aftur upplesin við manntalsþingsrétt að Mýrum þann 12. júlí 1837. Efni lögfestunnar hljóðar svo:

> Jeg Snæbiórn Paalsson, Br Hakonarson og eg Magnús Snæbiórnsson Lógfestum, alla Jórdena Myrar med Lækiar Öse 80 hndr. ad dÿrleika, til þessara landamerkia, a þa Jnnre Sydu, allt ad Gemlufallsä, og so framm eftter Mÿradal sem äenn Helldur, so langt sem vótnum hallar til Dÿrafiardar, ad Folalldagile, og so hinummeigenn a dalnum Gemlufallsmeigenn, þvert yfer um, Heim eftter so vÿdt sem logfest hefur vered med Aurnefnum þessum tilteknum, Hrútahialla, Fialldal, og Häfadal, med Sódlum, og allt

[105] Skjal nr. 2(130).
[106] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 71, skjal H-12.

> heim J Litladals a, med Hälfum litladal framann verdt; A þa Jtre Sÿdu lógfestum vid Sælulfs fell allt, ut J hinn Jtre Hagagard, frateknu þvi Jtake sem Astrÿdarlækur a, hagagarda J mille, so framt ad þeir uppe hallda þeim Jnnre Hagagarde til Jafnadar vid mÿramenn, a þa Efre Sÿdu lógfestum vid, sem kÿr ä helldur, allann Jnnra hluta af Vatnadal, og so Nordur a fiall so langt sem vótnum hallar til vestre bigdar ad Gards landamerkium, sem Reidgótur hallda ut eftter, allt J langalæk, og so med honum Nedann til, allt ad þvi kelldu Sefe, er Stendst a vid Mÿrafells Seta, og skilur landamerke Jardarennar Fells og Mÿra /: vid lógfestum hier med Akra og tódur, Eingiar og skoga, vótn og veide stade og allt þad er Nÿta mä ä greindre Jórdu til gagnsmuna, frateknu Natt beit fra felle ä Nautahialla. Hier med lógfestum vid, þesse Jtók kyrkiunnar a Mÿrum, skög fra Hvallatradalsä, til hestagótugils, skögarhogg firer Sunnann a vestann til J dÿrafiardar botne Nidur fra Kleifum, enn ecke þann teig sem næstur er Kleifum, þridiungs Jskilldu J Miöfadal, firer ofann gardlag þad sem giórt er firer gelldfie, og eru þar Stöd hross og Suijn heimel til J skipunar, med audrum bu Smala, torfskurd so mikenn sem vill J gardaland, hier med logfestum vid allar fiórunytiar ad helminge med halfum Reka, er kyrkiann a fra Haukslæk og allt til þess er sier mann firer skäladÿrum J Nesdal ad half fóllnum Siö; attærings skipstódu tollfrÿ a Fiallaskaga, eiga Reit Jtster a mol og þoke adrer firer þeim, Jtem 15 kugillda beit J Nesdal, krossmessna J mille. Hier med lógfestum vid kyrkiu Jördina Fell, med þessum ummerkium, a Jnnre Sÿduna ad firrskrifudum Mÿra landamerkium, og so ut eftter sem lange lækur helldur J hinn Efre Grästein og ut J launguläg, þadann sem tvær fuglstapaþúfur greina Siönhending J hvÿtt berg sem siä er ofannverdt J Sælulfsfelle nedarlega, med aullum sómu adkvædum er greiner um Jórdena Mÿrar, firerbiödum vid hverium Manne, tiedar Jarder ad bruka til yrkingar, beitar, Elldevidarstungu, Hrÿsrifs, edur fialldrapa nie nockurs annars, nema ockar leifi til kome; So firerbiödum vid, under utbiggingar sok, aullum þeim mónnum sem bua a tiedum Jördum ad leifa, lÿda, edur hilma Nockra Jskilldu edur annara Manna brukun ä tiedum Jórdum, Slÿka sem hier Hófum vid bannad /: Vilie buendur a Astrÿdarlæk, niöta þeirrar Jskilldu beitar sem Mäldagar seigia hann eige medal Hagagarda, þa oskum vid ad þeir nu strax a næstkomanda vore, er gardlags stefnur vera eiga ad lógum, hlade upp halfann Hagagard þann Jnnre mots vid Mÿramenn, so Häfann og þukvann sem J lógum er mællt, og til seigium buendum a Mÿrum ad gióra sig liduga þar til.[107]

Hinn 22. apríl 1735 lögfesti Magnús Snæbjörnsson jörðina Mýrar með Lækjarósi, ítök Mýrakirkju og kirkjujörðina Fell. Lögfestan er efnislega eins og lögfestan frá 3. nóvember 1727 en hún var þinglesin við manntalsþing að Mýrum 23. apríl 1735. Á sama skjal virðist sem Brynjólfur Hákonarson hafi undirskrifað nafn sitt 11. apríl 1815.[108]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Fells metinn 12 hundruð en jörðin var kirkjujörð frá Mýrum.[109]

Með kaupbréfi dagsettu 26. júlí 1838 seldi Brynjólfur Hákonarson 20 hundruð í Mýrum, svokallaðan bæjarhluta og Fjósatungu, til sonar síns Guðmundar Brynjólfssonar. Með fylgdu hálft Fell, hálf Rekavík bak Höfn og hálfur Þaralátursfjörður og helmingur í öllum ítökum kirkjunnar í nefndum jörðum. Þinglýsingardags er ekki getið, aðeins innfærslu í afsals- og veðmálabók 6. september 1838.[110]

[107] Skjal nr. 2(131).
[108] Skjal nr. 2(132).
[109] Skjal nr. 2(47).
[110] Skjal nr. 2(277).

Hinn 21. september 1838 seldi P. Benediktsson, í umboði O. Hjaltalíns, 10 hundruð í Mýrum til Guðmundar Brynjólfssonar með tilheyrandi kirkjueignum, þ.e. hálfri jörðinni Felli, hálfri Rekavík bak Höfn og hálfri jörðinni Þaralátursfirði. Kaupbréfið var þinglesið 3. júlí 1839.[111]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Fell í Dýrafirði metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem Mýrakirkjueign. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður telji jörðina (líklega af vangá að mati Johnsens) bændaeign.[112]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Fell var metin á 240 ríkisbankadali.[113]

Landamerkjaskrá jarðanna Mýra, Fells og Lækjaróss í Dýrafirði er dagsett 12. desember 1889 en hún var innkomin til þinglesturs 28. apríl 1891. Efni hennar er svohljóðandi:

> Lýsing á landamerkjum, jarðanna Mýra, Fells og Lækjaróss ásamt ítökum Mýrakirkju í Dýrafirði.
>
> Að innanverðu eiga Mýrar allt inn að Gemlufellsá og veiði í ánni og svo fram eptir Mýrardal sem áin heldur svo langt sem vötnum hallar til Dýrafjarðar að Folaldalgili, og svo hinu megin á dalnum Gemlufallsmegin þvert yfir en heim eptir sem þessi örnefni takmarka: Hrútahjalla, Fjalldal og Háfadal með Söðlum og það heim í Litladalsá með hálfum Litladal að framanverðu.
>
> Á þá ytri síðu sem Kýrá heldur innri hluta Vatnadals á móts við Folaldagil, að neðanverðu, sem reiðgata heldur í Langalæk og svo eptir honum allt í Keldusef, er stenst á við Mýrafellsseta og skilur landamerki Fells og Mýra.
>
> Fells landamerki eru eptir Langalæk og í hinn efra Grástein og úr honum beint í Löngulág og frá Löngulágarenda þar sem vegir skiptast út eptir Móabörðum beint í miðklettinn í Fellstaglinu, svo þaðan sem tvær fuglstapaþúfur greina sjónhending í hvítt berg sem sjá má neðarlega í Mýrafelli. Að utan verðu eiga Mýrar allt Mýrafell í þann Ytri hagagarð, fráteknu því beitar ítaki, sem Ástríðarlækur á hagagarða á milli, svo framt Lækjar ábúendur uppihaldi þeim innri hagagarði til jafnaðar við Mýramenn.
>
> Að innanverðu eru landamerki á engjum milli Mýra og Lækjaróss úr Grjóthlaði og niður í stein á bökkunum ofantil við Vaðalinn, innantil við Keldusef og á Mýrarland að neðanverðu þangað sem Vaðallinn rennur í sjóinn. En sameiginleg beit er á dalnum fyrir báðar jarðirnar eptir þörfum.
>
> Þessi eru ítök kyrkjunnar á Mýrum:
>
> Skógur frá Hvallátradalsá til Hestagötu gils, skógarhögg fyrir sunnan á vestan fram í Dýrafjarðarbotni, niður frá Kleifum en ekki þann teig, sem næstur er Kleifunum. Þriðjungs ískyldu í Mýrdal, fyr-fyrir [svo], ofan garðlag, sem gjört er fyrir geld fje, og eru þar stóðhross og svín heimil til ískipunar með öðrum búsmala.
>
> Torfskurð svo mikinn sem vill í Garðalandi. Allar fjörunytjar að helmingi með hálfum reka frá Haukslæk og allt til þess að sjer mann fyrir skáladyrum í Nesdal að hálfföllnum sjó. Skálagjörð á Fjallaskaga fyrir áttrætt skip með búðargjörð og taki sjálfir toll af skipverjum ef aðrir róa, en heimamenn eiga reit yst á möl og þoki aðrir fyrir þeim svo þá ekki skorti pláss. Heimil selveiði frá Mýrum að öllum hluta sem geta veitt, en að fjórðung ef enginn veiðir þeirra sem á.

[111] Skjal nr. 2(278).
[112] Skjal nr. 4(1), bls. 193.
[113] Skjal nr. 2(81).

> Fimmtán kúgylda beit í Nesdal krossmessna á milli. Kyrkjan á Þaralátursfjörð í Grunnavíkursókn og Rekavík bak Höfn, auk þess á kyrkjan frí tollver í Skálavík, í minna Bakkalandi fyrir áttrætt skip með öllum vergögnum ristu stungu, búðargjörð og því öðru, er nauðsynlega með þarf.
>
> Mýrum 12. des. 1889
>
> Guðrún Jónsdóttir Guðný Guðmundsdóttir eigendur Mýra og meiri Garðs og Fells.
>
> G.H. Guðmundsson eigandi Minna Garðs og Klukkulands.
>
> Sem eigandi Gemlufalls að þremur fjórðu pörtum: Jens Guðmundsson
>
> Kristjana Þorsteinsdóttir eigandi að einum fjórða parti í Gemlufalli
>
> Janus Jónsson fyrir Holt og Læk[114]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Fell:

> Fell.
>
> er næsta jörð við minni-Garð
>
> Landamerki: að sögn ábúanda mjög óljós og vafasöm.[115]

Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar, en að landamerkin séu þinglesin. Jörðin var metin á 1.825 kr. Eigendur jarðarinnar voru Friðrik Bjarnason og Guðrún Friðriksdóttir.[116]

5.5 Lækjarós í Dýrafirði

Hinn 30. maí 1698 lögfesti Ástríður Jónsdóttir alla jörðina Mýra og jörðina Lækjarós, byggða af heimalandi Mýra, ásamt jörðinni Felli. Lögfestan var upplesin við héraðsþing að Mýrum sama dag. Nokkrar skemmdir eru í skjalinu en texti þess er svo:

> Jeg Ästrÿdur Jönsdötter Lógfeste Hier J dag, Eign Mÿna og Minna Lóg Erffijngia – Alla Jordina Mÿrar J dÿrafirde, og lækiar Os sem Biggt er af Heimalande Greindrar Jardar, Med allrj Mÿrakirkiu eign Hier Nælægre, Nefnelega Jórdina fell tölf hundrud og Tuttugu hundrud J Heima Jordunne Mÿrum, Samt ollum Jtókum audrum (So sem eg Mæa framast ad Lógum Gióra) epter Mældogum Wilchinz Og Herra Gÿsla Jönssonar. Eirninn Sÿdare visitatiugiórnÿngum og Firerliggiande skiolum, Hollt og Haga, Vottn og Veidestade, Akra og Tödur Eingiar og sköga, og allar Landz Nÿtiar til fiallz og Fioru, Sem þessum Jordum og Kirkiu Eign Filger, filgia æ og filgt [hefur ad] fornu og Nÿu, sem er æ þæ Jnnre Sÿdu J Giemlufallz æ, og þad be[…] Fiallgard Nordannframm, epter Þui Sem litladalz æ Helldur, ad tilgrein[…] med Bædum Saudlaskordum og Hæa Dal. Eirninn Mÿradal allann framm […] fallz Heÿde, allt ad Holltz Kirkiu landeign (So framt sem Aunnur Bevÿsan […]rÿkie Bera hier ei æ Möte) Enn æ þæ ÿtre Sydu Lógfeste eg þessa ædur [grein]da Jórd Mÿrar, wtj þann Ytre Haga Gard J Sælölfz Felle (ad fræteknu […] beitar Jtake sem AstrydarLækur æ mille þess ÿnnra og ytra Haga Gardz. Hier Med Lógfeste Jeg þad skógar Jtak sem Mÿrakirkia æ J Dÿrafiardar bottne Og allann Hælfann Reka fræ Haukzlæk Hiæ Alvidru, til þess er Sier Mann Wr Skæladijrum J Fióru J Nesdal ad Hælf Fóllnum Siö, med Hælfre Solua fiórunne æ Gierd Hómrum, og aullum audrum Fiórugiædum ad Helmÿnge, (Fräteknum Reitesólum Aa fiallaskaga) Lógfeste Jeg ædur nefndar Jarder Mÿrar, Lækiar Oz og Fell

[114] Skjal nr. 2(1).
[115] Skjal nr. 2(84).
[116] Skjal nr. 2(84).

> til ytstu Vmm Merkia þejrra Sem adrer menn Edur Kirkiur Eigu J Moote Aa allar Sydur, bæde ad ordfullu og LógMaale Riettu, Firerbyd Jeg huorium Manne hiedann aff Sier ad Nytia Nie yrkia An Mÿnss Loffs edur Leiffez, So og Fÿrerbyd Jeg alla ONaudsinlega og oþarflega Mÿrar og Grundar Stwngu, Jordunum til skada edur Lÿta (ad Fraateknu þuj, Sem Aabwendurner þurfa NaudSinlega ad Rista og Stÿnga, til hwsa og heÿa Jardanna. Sómuleijdes Firerbyd Jeg Vnder Laganna Fullar Sechter, alla Leiffez Lausa skoogarÿrkÿng Thil Raptz Hrÿss edur kolvidar Moote Lógum, epter þennann dag Aa Firr Neffndum Jórdum og kirkiueign, ad Vndannskildu þuj Sem Leigu lidunum Thil Laated er J Landsslaga bookenne, þoo So þeijr huorke burt selie gieffe Nie Läne kol Nie hrÿ[s an] Leiffez Riettelegs Eiganda eche helldur Sa[…] [lle] Lofe edur lÿde, helldur aff Verie slÿkum Agange epter atórkan, So s[em] [Chri]stelegre NaaWnga Seme ber og skilldugt er[117]

Hinn 22. apríl 1700 lögfesti Ástríður Jónsdóttir jörðina Mýrar með Lækjarósi, sem byggð væri af heimalandi, og einnig jörðina Fell. Texti lögfestunnar virðist efnislega vera sá sami og í lögfestu Ástríðar frá 30. maí 1698 en engar skemmdir eru á þessu skjali:

> Jeg Astrÿdur Jöns Dötter Lógfeste Hier J Dag Eign Mÿna og Minna Lógerfÿngia allann Kaupa Hlutann J Jórdunne Mÿrum vid Dÿrafiórd, og Lækiar Os, sem Biggt er af Heimalande Greindrar Jardar, med allre Mÿra Kirkiu Eign Hier Nælægre, Nefnelega Tuttugu Hundrud J Heima Jórdunne Mÿrum og Jórdina Fell Tölff Hundrud, Samt aull aunnur Jtók (So sem eg mæa framast ad Lógum Gióra) Epter Mældógum Vilchins og Herra Gÿsla Jönssonar, Eirninn Sÿdare Visitatiu Giórningum Og firerliggiande Skiolum, Hollt Og Haga. Vóttn Og Veÿde stade, akra og tódur Eingiar Og Sköga, og allar Landz Nÿtiar til fiallz og Fióru, sem þessum Jórdum og Kirkiu Eign filger. filgia æ og filgdt Hefur ad fornu og Niju, Sem er ä þæ Jnnre Sÿdu J Giemlufallz æ, og þad Beindt vppæ fiallgard Nordann framm, epter þuj Sem litladalz æ Helldur, ad tilgreindum Fialldal, med Bædum Saudlaskórdum og Hæa Dal. Eirnenn Mÿradal allann framm æ Giemlufallz Heÿde allt ad Holltz Kirkiu Landeign. (So framt Sem bevÿsanleg Skilrÿke auglÿsast ei Hier æ Möte). Enn æ þæ ytre Sÿdu Lógfeste Jeg þessa ædur greinda Jórd Mÿrar, Utj þann ytre Haga Gard J Sælolfs felle (ad fræteknu þuj Beÿtar Jtake Sem Astrÿdar Lækur æ Mille þess Jnnra og ytra Haga Gardz) Hier med Laugfeste Jeg þad Skögar Jtak Sem Mÿrakirkia æ J Dÿrafiardar Bottne, Og allann Halfann Reka fræ Haukz Læk Hiæ alvidru, til þess er Sier mann Ur Skæladÿrum J fióru J Nesdal ad Hælf fóllnum Siö med Hælfre Sóluafiórunne a Gierd Hómrum, Og aullum audrum fióru Nÿtium ad Helmÿnge (fräteknum Reÿte Sólum A Fialla skaga) Hier med Lógfeste Eg þæ fimtæn Kwgilldabeÿt Sem Mÿra Kirkiu tilHeÿrer J Nessdal, Laugfeste Jeg ædur nefndar Jarder Mÿrar Lækiar Os og fell med tilgreindum Jtókum, til ytstu Ummerkia þeirra, Sem adrer Menn edur Kirkiur Eigu J möte æ allar Sÿdur, bæde ad Ordfullu og Laugmæle Riettu, firerbÿd Jeg Huorium Manne Hiedann af Sier ad Nÿtia Nie yrkia æn Mÿns Lofz edur Leifez, So og firerbÿd eg alla ONaudSinlega og oþarflega Mÿrar Og Grundar Stwngu Jórdunum til Skada edur Lÿta (ad frätechnu þvjSsem Abwendurner þurffa NaudSinlega ad Rista og Stÿnga til Hwsa og Heÿa Jardanna) Sómu leÿdiz firerbÿd Jeg vnder Laganna Fullar Seckter, alla Leifiz Lausa Skögar yrkÿng til Raptz Hrÿss edur Kolvidar Möte Lógum efter þennann dag æ firr Nefndum Jórdum og Kirkiu Eign, ad vndannskildu þuj Sem Leigulidunum til lætid er J Landzlaga Bökinne, J Sama Mæta afskil eg banna og firerbÿd abwendum opt Nefndra Jarda, ad burtselia af þessum Jórdum Læna edur giefa Harda torf edur annann Elldevid Sem Wr Jórdu er skorinn ellegar Grafinn, ei Helldur Hrÿs Lÿng Nie Fialldrapa Meÿr take enn þeirra Eiginn bwz Naudsinium þarfnast Hier ad [au]k banna Jeg og firerbÿd alla beytar brwkun og Grasnautn æ Mÿradal sem og Eÿrninn J Sælolfzfelle, Vtannbæa Mónnum

[117] Skjal nr. 2(127).

> þeim Sem þar eckert tilkall til eiga med Lógum. So og firer bÿ[d] ^{eg} allann skadlegann Agang J þessa Landeign frä Górdum Bædum So sem Annarz Stadar, tilseige Jeg So sem C[h]ristelegre NæwngaSeme ber og Skilldugt er.[118]

Hinn 1. október 1712 lögfesti Snæbjörn Pálsson jarðirnar Mýrar, Lækjarós og Fell ásamt ítökum. Lögfestan var lesin við hreppaskilaþing að Mýrum sama dag og er efni hennar svohljóðandi:

> Jeg Snæbjórn Paalsson Logfeste hier j dag Eign barna Minna allann kaupa hlutann J Jórdenne Mÿrum Vid Dÿrafiórd / Og Lækiar Ós sem bygt er af Heima Lande greindrar Jardar / med allre Mÿra kÿrkiu Eign hier Nälægre; Nefnelega Tuttugu Hundrud J Heima Jórdenne Mÿrum og Jórdena Fell 12 Hundrud samt Øll Aunnur Jtók / so sem eg mä framast ad Lógumm gióra effter Máldógumm Vilchins og H^{r} Gÿsla Jonssonar, Eirnenn Sÿdare Visitatiu giórningumm og fÿrer liggiande Skiólumm. Hollt og Haga Vatn og Veidestade Akra og Tödur Eingiar og Sköga og allar LandzNÿtiar til Fialls og fióru sem þessumm Jórdumm og kÿrkiu Eign filger / fylgia Ä og fÿlgt hefur ad fornu og Nÿu. Sem er Ä þä Jnnre Sÿdu j Gemlufalls Ä og þad beint uppä Fiallgard Nordann framm / eftter þvj sem Litladals Ä Helldur / ad tilgreindumm Fialldal med baadumm Sódla Skordumm og Häadal Eirnenn Mÿradal allann framm ä Gemlufalls heide allt ad Holltz kirkiu LandEign. Enn ä þä Jtre Sÿdu Lógfeste eg þessa Adurgreinda Jórd Mÿrar utj þann Jtre Hagagard J Sælolfs felle / (Ad fräteknu þvj beitar Jtake sem Ästrÿdar Lækur ä mille þess ytra og Jnnra Hagagards) Hier med Lógfeste eg þann Skóg er kirkiann Ä mille Hvallätrardals Aar og Hesta skridugÿls Eins skogar Hógg fÿrer Sunnann Ä J dÿrafiardar botne Nidur frä Kleifumm enn ej þann teig sem næstur er Kleifumm. Allar Hälfar FjóruNÿtjar frä HaukzLæk hiä Alvidru til þess er Sier Mann Ur Skaladÿrumm j Fióru J Nessdal ad Halffóllnumm Siö med Hälfre Sólvafiórunne A Gerdhomrumm. (Reite Sólumm a Hialla Skaga fräteknumm) Hiermed Lógfeste eg þä 15 kúgillda beit sem Mÿra kyrkiu tilheirer J Nessdal Torfskurd so mikenn sem Vill J garda Land og Attæringz Skipz Hófn Ä Skaga Med þartil Lógdum Hlunnendumm, Lógfeste eg AdurNefndar Jarder Mÿrar Lækiarös og Fell med tilgreindumm Jtókumm til ÿtstu ummmerkia þeirra sem adrer Menn edur kÿrkiur Eigu J Möte. Fÿrerbÿd eg hvórjumm Manne hiedann af sier ad Nÿta edur Jrkia Än Mÿns Lofs edur Leifes so og banna eg og fÿrerbÿd alla beitar brukun og gras Nautn Ä Mÿradal sem og Eirnenn J Sælolfs felle utann bæa Mónnumm þeim sem þar eckert tilkall til Eiga med Lógum, Eins Lÿka J Kyrkiu Jardernar Fells Lande.[119]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Lækjarós í Dýrafirði:

> **Lækiarós.**
>
> Meinast í fyrstu hafa verið bygt af heimalandi Mýra og reiknast fyrir xv hndr. úr þeirri jörðu.
>
> Eigendur eru sömu sem að Mýrum (vide posterius).
>
> Ábúandinn er presturinn Sr. Bjarni Brynjólfsson.
>
> […]
>
> Útigángur er hjer í betra lagi.
>
> Nokkru af fyrrskrifuðum peníngi kemur og presturinn í fóður á vetur.
>
> Skóg hefur jörðin átt, sem nú er næsta eyddur, en má þó hjálpa enn nú til ljedengíngar naumast.

[118] Skjal nr. 2(128).
[119] Skjal nr. 2(130).

> Jörðin er hlunnindalaus.
>
> Flæðihætt er hjer fyrir sauðfje á vetur undir sköflum, sem leggur við sjóinn. Snjóskriður hafa og sauðfje grandað. Engjarnar eru stórum spiltar af skriðum og aurfalli úr fjallinu. Hagarnir eru stórliga skemdir af skriðuföllum úr fjallinu.
>
> Útræði getur hjer verið á sumar þá fiskur gengur so lángt inn á Dýrafjörð, en sá sjáfarafli er ærið svipull, því fiskurinn gengur nú ekki svo lángt inn í margt ár.[120]

Hinn 3. nóvember 1727 lögfestu Snæbjörn Pálsson og Magnús Snæbjörnsson alla jörðina Mýrar með Lækjarósi, 80 hundruð að dýrleika, ítök Mýrakirkju og kirkjujörðina Fell. Lögfestan var upplesin að Mýrum 22. janúar 1728, fyrir söfnuði Mýrakirkju þriðja miðvikudag í föstu árið 1728. Svo virðist sem Brynjólfur Hákonarson hafi sett nafn sitt við lögfestuna en hún var aftur upplesin við manntalsþingsrétt að Mýrum þann 12. júlí 1837. Efni lögfestunnar hljóðar svo:

> Jeg Snæbiórn Paalsson, Br Hakonarson og eg Magnús Snæbiórnsson Lógfestum, alla Jórdena Myrar med Lækiar Öse 80 hndr. ad dÿrleika, til þessara landamerkia, a þa Jnnre Sydu, allt ad Gemlufallsä, og so framm eftter Mÿradal sem äenn Helldur, so langt sem vótnum hallar til Dÿrafiardar, ad Folalldagile, og so hinummeigenn a dalnum Gemlufallsmeigenn, þvert yfer um, Heim eftter so vÿdt sem logfest hefur vered med Aurnefnum þessum tilteknum, Hrútahialla, Fialldal, og Häfadal, med Sódlum, og allt heim J Litladals a, med Hälfum litladal framann verdt; A þa Jtre Sÿdu lógfestum vid Sælulfs fell allt, ut J hinn Jtre Hagagard, frateknu þvi Jtake sem Astrÿdarlækur a, hagagarda J mille, so framt ad þeir uppe hallda þeim Jnnre Hagagarde til Jafnadar vid mÿramenn, a þa Efre Sÿdu lógfestum vid, sem kÿr ä helldur, allann Jnnra hluta af Vatnadal, og so Nordur a fiall so langt sem vótnum hallar til vestre bigdar ad Gards landamerkium, sem Reidgótur hallda ut eftter, allt J langalæk, og so med honum Nedann til, allt ad þvi kelldu Sefe, er Stendst a vid Mÿrafells Seta, og skilur landamerke Jardarennar Fells og Mÿra /: vid lógfestum hier med Akra og tódur, Eingiar og skoga, vótn og veide stade og allt þad er Nÿta mä ä greindre Jórdu til gagnsmuna, frateknu Natt beit fra felle ä Nautahialla. Hier med lógfestum vid, þesse Jtók kyrkiunnar a Mÿrum, skög fra Hvallatradalsä, til hestagótugils, skögarhogg firer Sunnann a vestann til J dÿrafiardar botne Nidur fra Kleifum, enn ecke þann teig sem næstur er Kleifum, þridiungs Jskilldu J Miöfadal, firer ofann gardlag þad sem giórt er firer gelldfie, og eru þar Stöd hross og Suijn heimel til J skipunar, med audrum bu Smala, torfskurd so mikenn sem vill J gardaland, hier med logfestum vid allar fiórunytiar ad helminge med halfum Reka, er kyrkiann a fra Haukslæk og allt til þess er sier mann firer skäladÿrum J Nesdal ad half fóllnum Siö; attærings skipstódu tollfrÿ a Fiallaskaga, eiga Reit Jtster a mol og þoke adrer firer þeim, Jtem 15 kugillda beit J Nesdal, krossmessna J mille. Hier med lógfestum vid kyrkiu Jördina Fell, med þessum ummerkium, a Jnnre Sÿduna ad firrskrifudum Mÿra landamerkium, og so ut eftter sem lange lækur helldur J hinn Efre Grästein og ut J launguläg, þadann sem tvær fuglstapaþúfur greina Siönhending J hvÿtt berg sem siä er ofannverdt J Sælulfsfelle nedarlega, med aullum sómu adkvædum er greiner um Jórdena Mÿrar, firerbiödum vid hverium Manne, tiedar Jarder ad bruka til yrkingar, beitar, Elldevidarstungu, Hrÿsrifs, edur fialldrapa nie nockurs annars, nema ockar leifi til kome; So firerbiödum vid, under utbiggingar sok, aullum þeim mónnum sem bua a tiedum Jördum ad leifa, lÿda, edur hilma Nockra Jskilldu edur annara Manna brukun ä tiedum Jórdum, Slÿka sem hier Hófum vid bannad /: Vilie buendur a Astrÿdarlæk, niöta þeirrar Jskilldu beitar sem Mäldagar seigia hann eige medal Hagagarda, þa oskum vid ad þeir nu strax a næstkomanda vore, er gardlags stefnur vera eiga ad lógum, hlade upp halfann Hagagard þann Jnnre mots vid

[120] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 66–67, skjal H-12.

> Mÿramenn, so Häfann og þukvann sem J lógum er mællt, og til seigium buendum a Mÿrum ad gióra sig liduga þar til.[121]

Hinn 22. apríl 1735 lögfesti Magnús Snæbjörnsson jörðina Mýrar með Lækjarósi, ítök Mýrakirkju og kirkjujörðina Fell. Lögfestan er efnislega eins og lögfestan frá 3. nóvember 1727 en hún var þinglesin við manntalsþing að Mýrum 23. apríl 1735. Á sama skjal virðist sem Brynjólfur Hákonarson hafi undirskrifað nafn sitt 11. apríl 1815.[122]

Hinn 1. október 1767 lögfesti Magnús Snæbjörnsson prófastur jörðina Mýrar með Lækjarósi. Lögfestan er efnislega eins og eldri lögfestur um Mýrar og Lækjarós en hún var upplesin að Mýrum 2. október 1767.[123]

Hinn 28. september 1775 lögfesti sr. Jón Ásgeirsson jörðina Mýrar með Lækjarósi. Lögfestan er efnislega eins og eldri lögfestur um Mýrar og Lækjarós en hún var upplesin að settum hreppaskilum að Mýrum sama dag.[124]

Hinn 3. febrúar 1803 seldi Kári Bjarnason, hreppstjóri í Vigur, sjö og hálft hundrað í Lækjarósi til Jóns Jónssonar, faktors í Ísafjarðarkaupstað. Kaupbréfið var þinglesið í Landsyfirrétti 6. júlí 1807.[125]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Lækjaróss metinn 15 hundruð en eigendur jarðarinnar voru Johnsen faktor og Magnús Ólafsson á Heydal.[126]

Í bréfi Geirs biskups Vídalíns til Brynjólfs Hákonarsonar frá 27. mars 1811 er fjallað um rekstur Mýrakirkju en fram kemur í bréfinu að Kristín Markúsdóttir hafi skrifað biskupi um að hún hafi ekkert uppborið af gjöldum kirkjunnar. Biskup kvað Kristínu skylda jafnt við Brynjólf að standa skil á hálfum kostnaði við byggingu Mýrakirkju. Þá sagðist biskups ætla að Lukkustaðir væru byggðir úr heimalandi Mýra, sem kirkjan ætti í óúrskiptum 20 hundruðum, en jafnframt væri óskiljanlegt hvernig Kirstín hafi getað selt kotið Lukkustaði að öllum viðkomendum óaðspurðum, þar á eðal kirkjunni. Biskup leit því á þá sölu sem ómerka. Um jörðina Lækjarós skrifaði Geir biskup að væri lögbýlisjörð sem myndi ekki heyra til Mýraeignar, hún hefði einungis haft sömu eigendur og Mýrar.[127]

Hinn 7. maí 1814 skrifaði John Johnsen, faktor á Ísafirði og fjárhaldsmaður Mýrakirkju, til biskups um jörðina Lækjarós. Í bréfinu segir Johnsen að Lækjarós hafi tilheyrt heimajörð Mýra eða kirkjueignum, en hann kvaðst senda með gamla lögfestu fyrir Lækjarós og að hann hefði undir höndum frekari gögn um að jörðin hafi verið byggð úr landi Mýra.[128] Meðfylgjandi bréfinu er afrit af lögfestu Ástríðar Jónsdóttur frá

[121] Skjal nr. 2(131).
[122] Skjal nr. 2(132).
[123] Skjal nr. 2(134).
[124] Skjal nr. 2(135).
[125] Skjal nr. 2(274).
[126] Skjal nr. 2(48).
[127] Skjal nr. 2(139).
[128] Skjal nr. 2(239).

22. apríl 1700, en afritið er dagsett 16. maí 1814.129 Biskup svaraði bréfi Johnsens með bréfi dagsettu 22. maí 1814 um að sér væri ekki kunnugt um að Lækjarósi hafi verið skipt úr sameign. Enn fremur sagði hann að Johnsen ætti að leitast við að fá keypt þau sex hundruð í Lækjarósi, sem nú væru komin í eigu annarra, til að forðast ágreining.[130]

Við manntalsþing að Reykjarfirði 30. mars 1797 var upplesið afsalsbréf Hólmfríðar Markúsdóttur fyrir sjö og hálfu hundraði í jörðinni Lækjarós til Magnúsar Ólafssonar fyrir 80 ríkisdali.[131]

Við manntalsþing að Eyri í Skutulsfirði 15. júlí 1820 var þinglesið afsal, dagsett 11. september 1819, þar sem Magnús Ólafsson á Snæfjöllum seldi Johnsen faktori á Ísafirði eitt og hálft hundrað í Lækjarósi fyrri 75 ríkisbankadali.[132]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 18. júlí 1823 var upplesið afsal, dagsett 22. desember 1821, þar sem Magnús Ólafsson á Snæfjöllum seldi 80 álnar í Lækjarósi til Jóns Jónssonar faktors fyrir 28 ríkisbankadali og 54 skildinga.[133]

Hinn 21. september 1838 seldi P. Benediktsson, í umboði O. Hjaltalíns, 15 hundruð í Lækjarósi til Brynjólfs Hákonarsonar á Mýrum. Kaupbréfið var þinglesið 3. júní 1839.[134]

Við manntalsþing að Mýrum 3. júní 1839 var þinglesið kaupbréf fyrir 15 hundruðum í Lækjarósi, þar sem P. Benedictsen eftir fullmakt seldi þessi 15 hundruð undan Hermóníusi Jónssyni og hans erfingjum undir Brynjólf Hákonarson á Mýrum fyrir 400 ríkisdali. Bréfið er dagsett 21. september 1838.[135]

Hinn 28. september 1842 lögfesti Guðmundur Brynjólfsson jörðina Mýrar með Lækjarósi. Lögfestan er efnislega eins og eldri lögfestur um Mýrar og Lækjarós.[136]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Lækjarós í Dýrafirði metin 15 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[137]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Lækjarós:

> 7. Lækjarós: eíngjar eru þar mjóg litlar og nokkud af túni liggur undir brotum af sjó og er þegar afbrotid tóluverdt.[138]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 240 ríkisbankadali.[139]

Landamerkjaskrá jarðanna Mýra, Fells og Lækjaróss í Dýrafirði er dagsett 12. desember 1889 en hún var innkomin til þinglesturs 28. apríl 1891. Efni hennar er svohljóðandi:

---

129 Skjal nr. 2(240).
130 Skjal nr. 2(241).
131 Skjal nr. 2(386).
132 Skjal nr. 2(387).
133 Skjal nr. 2(388).
134 Skjal nr. 2(275).
135 Skjal nr. 2(381).
136 Skjal nr. 2(136).
137 Skjal nr. 4(1), bls. 193.
138 Skjal nr. 2(76).
139 Skjal nr. 2(81).

Lýsing á landamerkjum, jarðanna Mýra, Fells og Lækjaróss ásamt ítökum Mýrakirkju í Dýrafirði.

Að innanverðu eiga Mýrar allt inn að Gemlufellsá og veiði í ánni og svo fram eptir Mýrardal sem áin heldur svo langt sem vötnum hallar til Dýrafjarðar að Folaldalgili, og svo hinu megin á dalnum Gemlufallsmegin þvert yfir en heim eptir sem þessi örnefni takmarka: Hrútahjalla, Fjalldal og Háfadal með Söðlum og það heim í Litladalsá með hálfum Litladal að framanverðu.

Á þá ytri síðu sem Kýrá heldur innri hluta Vatnadals á móts við Folaldagil, að neðanverðu, sem reiðgata heldur í Langalæk og svo eptir honum allt í Keldusef, er stenst á við Mýrafellsseta og skilur landamerki Fells og Mýra.

Fells landamerki eru eptir Langalæk og í hinn efra Grástein og úr honum beint í Löngulág og frá Löngulágarenda þar sem vegir skiptast út eptir Móabörðum beint í miðklettinn í Fellstaglinu, svo þaðan sem tvær fuglstapaþúfur greina sjónhending í hvítt berg sem sjá má neðarlega í Mýrafelli. Að utan verðu eiga Mýrar allt Mýrafell í þann Ytri hagagarð, fráteknu því beitar ítaki, sem Ástríðarlækur á hagagarða á milli, svo framt Lækjar ábúendur uppihaldi þeim innri hagagarði til jafnaðar við Mýramenn.

Að innanverðu eru landamerki á engjum milli Mýra og Lækjaróss úr Grjóthlaði og niður í stein á bökkunum ofantil við Vaðalinn, innantil við Keldusef og á Mýrarland að neðanverðu þangað sem Vaðallinn rennur í sjóinn. En sameiginleg beit er á dalnum fyrir báðar jarðirnar eptir þörfum.

Þessi eru ítök kyrkjunnar á Mýrum:

Skógur frá Hvallátradalsá til Hestagötu gils, skógarhögg fyrir sunnan á vestan fram í Dýrafjarðarbotni, niður frá Kleifum en ekki þann teig, sem næstur er Kleifunum. Þriðjungs ískyldu í Mýrdal, fyr-fyrir [svo], ofan garðlag, sem gjört er fyrir geld fje, og eru þar stóðhross og svín heimil til ískipunar með öðrum búsmala.

Torfskurð svo mikinn sem vill í Garðalandi. Allar fjörunytjar að helmingi með hálfum reka frá Haukslæk og allt til þess að sjer mann fyrir skáladyrum í Nesdal að hálfföllnum sjó. Skálagjörð á Fjallaskaga fyrir áttrætt skip með búðargjörð og taki sjálfir toll af skipverjum ef aðrir róa, en heimamenn eiga reit yst á möl og þoki aðrir fyrir þeim svo þá ekki skorti pláss. Heimil selveiði frá Mýrum að öllum hluta sem geta veitt, en að fjórðung ef enginn veiðir þeirra sem á.

Fimmtán kúgylda beit í Nesdal krossmessna á milli. Kyrkjan á Þaralátursfjörð í Grunnavíkursókn og Rekavík bak Höfn, auk þess á kyrkjan frí tollver í Skálavík, í minna Bakkalandi fyrir áttrætt skip með öllum vergögnum ristu stungu, búðargjörð og því öðru, er nauðsynlega með þarf.

Mýrum 12. des. 1889

Guðrún Jónsdóttir Guðný Guðmundsdóttir eigendur Mýra og meiri Garðs og Fells.

G.H. Guðmundsson eigandi Minna Garðs og Klukkulands.

Sem eigandi Gemlufalls að þremur fjórðu pörtum: Jens Guðmundsson

Kristjana Þorsteinsdóttir eigandi að einum fjórða parti í Gemlufalli

Janus Jónsson fyrir Holt og Læk[140]

Hinn 16. desember 1903 seldi Gísli Kristjánsson 12 hundruð að fornu mati í Lækjarósi til Gísla Oddssonar fyrir 1.125 kr. Kaupbréfið var þinglesið 26. júlí 1904.[141]

[140] Skjal nr. 2(1).
[141] Skjöl nr. 2(276) og 2(384).

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um: Lækjarós í Dýrafirði:

> Lækjarós.
>
> er næsta jörð við Gemlufall Landamerki að innan Gemlufallsá að utan Grænakelda að ofan Flatiskogur.
>
> […]
>
> Jörðin hefur litilfjörlegt mótak Slægna og beitarþröng[142]

Í undirmati II segir um landamerki Lækjaróss að þau séu innan Gemlufallsá, upp að Flataskóg, en að utan Grænakelda. Jörðin var metin á 1.200 kr. Eigandi hennar var Guðrún Guðmundsdóttir.[143]

5.6 Meiri-Garður í Dýrafirði

Hinn 30. maí 1508 seldi Ketill Þorsteinsson Sturla Magnússyni jörðina Syðri-Garð í Dýrafirði.[144]

Hinn 8. desember 1512 vitnuðu tveir menn að Halldór Sumarliðason hefði gefið Sumarliða syni sínum jörðina Syðri-Garð í Dýrafirði og Bríet dóttur sinni 15 hundruð og 20 álnir.[145]

Hinn 26. október 1513 fór fram tylftardómur vegna heybrennu á Meiri-Garði í Dýrafirði. Þar kom fram að Jón Narfason var með jörðina í umboði vegna mágkonu sinnar Birgittu Halldórsdóttur og sona hennar Jóns og Guðmundar Tumassona. Tumas Jónsson og Birgitta kona hans höfðu áður verið dæmd jörðin til fullrar eignar. Enn fremur hafði Halldór Sumarliðason með samþykki Hallgerðar Hákonardóttur gefið syni sínum Sumarliða nefnda jörð.[146]

Hinn 22. apríl 1514 vitnaði Pétur Sigfússon um að Halldór Sumarliðason hefði gefið syni sínum Sumarliða jörðina Garð í Dýrafirði.[147] Sama gerði Jón Kolbeinsson 25. júní sama ár.[148] Þá kemur fram í vitnisburði sr. Halls Ögmundssonar frá 7. júní 1517 að Halldór hafi gefið Sumarliða syni sínum jörðina Meiri-Garð.[149]

Hinn 4. nóvember 1516 dæmdi tylftardómur að Syðri-Garður væri eign Þorleifs Grímssonar og Sigríðar Sturladóttur konu hans eftir gjöf Sturla Magnússonar og samþykki bróður hennar Jóns. Í dómnum kemur fram að Ketill Þorsteinsson hafði selt Sturla jörðina.[150]

---

142 Skjal nr. 2(85).
143 Skjal nr. 2(85).
144 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 208–209, skjal nr. 4(78).
145 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 414–415, skjal nr. 4(79).
146 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 468–472, skjal nr. 4(80).
147 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 482–483, skjal nr. 4(81).
148 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 495–496, skjal nr. 4(82).
149 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 627–628, skjal nr. 4(83).
150 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 598–599, skjal nr. 4(84).

Hinn 18. september 1629 seldi sr. Jón Ormsson Eggerti Sæmundssyni alla jörðina Bæ, 24 hundruð að dýrleika fyrir Snældubeinsstaði í Borgarfirði. Einnig seldi Eggert sr. Jóni hálfan Leirulæk en sr. Jón seldi Eggerti Stærri-Garð.[151]

Hinn 30. nóvember 1663 gaf Ragnhildur Steinþórsdóttir dóttursyni sínum í löggjöf fimmta hvert hundrað úr fasteign sinni, sem voru 12 hundruð í Ytri-Veðrará, 12 hundruð í Stærri-Garði í Dýrafirði og átta hundruð í Hrauni á Ingjaldssandi. Hlutur Eggerts Snæbjörnssonar átti að vera sex hundruð úr Ytri-Veðrará. Einnig gaf Ragnhildur Snæbirni sex hundruð í lausafé.[152]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Meiri-Garð í Dýrafirði:

> **Storegardur.**
>
> Syðrigarður kallast hann í gömlum brjefum.
>
> Jarðardýrleiki xii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigendur Ari Þorkelsson að Haga, Eggert Snæbjörnsson að Kirkjubóli, að hálfri hver.
>
> Ábúandi á vi hndr. Eggerts og ii hndr. Ara Þórarinn Sigvatsson.
>
> […]
>
> Ábúandi á iiii hndr. Ara þeir bræður Jón <og> Marteinn Guðmundssynir í Mýrahúsum og á 2 hndr. Þórarinn ut supra.
>
> […]
>
> Útigángur við lakari kost. Torfrista og stúnga nýtandi. Móskurður til eldiviðar lítill, brúkast þó. Hrísrif til ljedengíngarkola bjarglegt alt til þessa. Lýngrif nokkuð, brúkast lítt. Úthagar eru graslitlir og víða lýngi vaxnir. Hætt er kvikfje fyrir holgryfju lækjum. Ágángi mætir jörðin af peníngi á Mýrum, en geldst þó enginn tollur.[153]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Meiri-Garðs metinn 12 hundruð en eigendur jarðarinnar voru Jón Ásgeirsson prófastur og Ólafur Bjarnason hreppstjóri.[154]

Við manntalsþing að Stóra-Hjarðardal 6. apríl 1811 var þinglesið kaupbréf fyrir 41 hundraði í Mýrum, Mýrarhúsum og Stóra-Garði. Seljandi var sr. Ásgeir Jónsson en kaupandi var sr. Brynjólfur Hákonarson. Kaupbréfið var dagsett 20. desember 1810 og kaupverðið var 600 ríkisdali.[155]

Hinn 6. júní 1835 seldi Bjarni Þorvaldsson hreppstjóri sex hundruð í Meiri-Garði til Odds Gíslasonar. Afsalsbréfið var þinglesið 17. júní 1836.[156]

Við manntalsþingsrétt að Mýrum 17. júní 1836 var upplesið afsalsbréf Bjarna Þorvaldssonar, dagsett 6. júní 1835, fyrir sex hundruðum í Meiri-Garði til Odds Gíslasonar[157]

---

151 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 155, skjal H-18.
152 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 166, skjal H-18.
153 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 69–70, skjal H-12.
154 Skjal nr. 2(49).
155 Skjal nr. 2(376).
156 Skjal nr. 2(279).
157 Skjal nr. 2(389).

Við manntalsþing að Mýrum 3. júní 1839 var upplesin yfirlýsing B. Þorvaldssonar um hvernig hann seldi sex hundruð í Meiri-Garði, dagsett 2. júní 1839.[158]

Hinn 30. desember 1839 skrifaði Guðmundur Brynjólfsson til biskups um réttindi Mýrakirkju í löndum Þaralátursfjarðar, Minni-Bakka og Garða í Dýrafirði. Í bréfinu kemur fram að Þaralátursfjörður hafi verið í eyði, en Guðmundur spurði einnig hvort Mýrakirkja hefði rétt til tollvers í landi Minni-Bakka en ábúandi þar hafi mælt í mót þegar formaður skipsins réri þaðan í umboði Guðmundar. Þá spurði Guðmundur hvort Mýrakirkja hefði rétt til torfristu í Garðalandi vegna kirkjunnar og heimilisnauðsynja.[159] Hinn 25. mars 1840 skrifaði biskup sr. Sigurði Jónssyni um fyrirspurn Guðmundar um réttindi Mýrakirkju. Í bréfinu óskaði biskups eftir frekari upplýsingum frá sr. Sigurði.[160] Sr. Sigurður svaraði biskupi með bréfi dagsettu 9. október sama ár og sagði ómögulegt að Þaralátursfjörður og tollverið í landi Minni-Bakka væru gengin undan kirkjunni á Mýrum, en þótt Þaralátursfjörður væri í eyði og gæfi ekki arð þá héldi kirkjan eignarhaldi á plássinu. Um torfristuna í Garðalandi vitnaði sr. Sigurður til máldaga sem segði að Mýrakirkja ætti þar torfristu sem vill, en einnig vísaði hann til úrskurðar Þórðar Þorlákssonar biskups frá 31. mars 1695 um að hér ætti að skilja húsatorf en ekki eldiviðartorf.[161] Biskup skrifaði sr. Sigurði að nýju með bréfi dagsettu 19. mars 1841 og sagði að hann vissi ekki betur en að Mýrakirkja hefði fullkominn rétt til óbyggðu jarðarinnar Þaralátursfjarðar og tollversins í landi Minni-Bakka. Um torfristu í landi Garða kvaðst biskup telja að sú brúkun næði einungis til kirkjunnar.[162]

Hinn 21. október 1842 skrifaði Oddur Gíslason til biskups um hvort Mýrakirkja hefði lagarétt til að nýta torfristu úr landi Meiri- og Minni-Garðs.[163] Guðmundur Brynjólfsson á Mýrum var þeirrar skoðunar í bréfi frá 27. júní 1843 að Mýrakirkja mætti nýta torfskurð í Garðalandi svo sem mikið sem hún vildi.[164] Þá skrifaði sr. Sigurður Jónsson, prófastur á Hrafnseyri, að torfrista í landi Meiri-Garðs til handa Mýrakirkju hafi verið svo lítilfjörleg að hún sé varla til mála takandi.[165] Biskup svaraði bréfi Odds Gíslasonar með bréfi dagsettu 12. október 1843, en þar vísaði hann til Vilchins- og Gíslamáldaga varðandi réttindi Mýrakirkju.[166]

Hinn 12. október 1843 skrifaði Steingrímur Jónsson biskup til Odds Gíslasonar á Meiri-Garði um torfskurð Mýrakirkju í landi Garða í Dýrafirði, þ.e. Minni- og Meiri-Garðs. Oddur hafði kvartað undan torfristunni sem hefði verið til frekari notkunar en viðhalds á kirkju, veggjum og kirkjugarðshleðslu. Steingrímur svaraði umkvörtun Odds

[158] Skjal nr. 2(381).
[159] Skjal nr. 2(244).
[160] Skjal nr. 2(245).
[161] Skjal nr. 2(246).
[162] Skjal nr. 2(247).
[163] Skjal nr. 2(248).
[164] Skjal nr. 2(249).
[165] Skjal nr. 2(250).
[166] Skjal nr. 2(251).

með vísun í máldaga Vilchins og Gísla biskups Jónssonar um torfskurð Mýrakirkju í Garðalandi.[167]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Garður í Dýrafirði metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að jarðabækurnar nefni Stóra-Garð og Litla-Garð, en prestur og sýslumaður segi að nú sé aðeins einn Garð.[168]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Meiri-Garð:

> 2. Gardur meiri: tún er hjer ærid gott og hægd, en lítt hætt víd árensli.[169]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 360 ríkisbankadali.[170]

Hinn 8. júní 1868 skrifaði sr. Stephán Pétursson Stephensen til Guðmundar Brynjólfssonar á Mýrum um fyrirspurn Guðmundar til biskups varðandi réttindi Mýrakirkju til torfristu í landi Garða, þ.e. Minni- og Meiri-Garðs í Dýrafirði. Svar biskups var að Mýrakirkja skyldi halda sínum réttindum til torfristu en notkun ítaksins skyldi vera innan vissra og hæfilegra takmarka.[171]

Hinn 6. nóvember 1885 seldi Guðmundur Hagalín Guðmundsson á Mýrum sex hundruð í Stóra-Garði til Bergþórs Jónssonar í Lambadal. Kaupbréfið var þinglesið 22. júní 1887.[172]

Hinn 10. nóvember 1885 fóru fram makaskipti þar sem Gísli Jónsson á Ketilseyri afhenti tæp sex hundruð að nýju mati í Stóra-Garði til Bergþórs Jónssonar í Lambadal fyrir 10 hundruð að fornu mati í Ytri-Lambadal. Makaskiptabréfið var þinglesið 7. júlí 1886.[173]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Meiri-Garðs í Dýrafirði er dagsett 10. mars 1890 en hún var innkomin til þinglesturs 22. apríl sama ár. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir Meira-Garði í Mýrarhreppi.
>
> 1, Að innanverðu ræður Kýrá upp á svonefnda Vatnahverk, og eptir því sem árfarvegurinn vísar á fjall upp, og að neðanverðu eptir reiðgötunni út í Langalæk, síðan eptir því sem hann rennur.
>
> 2, Að utanverðu milli Litla Garðs og Meira-Garðs ræður upphlaðið merki ofan til við Langalæk, beina sjónhending í Milli-Garðslæk, síðan úr honum, eins og gilið segir, beina sjónhending á fjall upp.
>
> Mýrum 10. marz 1890.
>
> G.H. Guðmundsson Eigandi Minni-Garðs og Mýra.
>
> Guðný Guðmundsdóttir Eigandi Stóra-Garðs og Mýra.[174]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Meiri-Garð:

---

[167] Skjal nr. 2(115).
[168] Skjal nr. 4(1), bls. 193.
[169] Skjal nr. 2(75).
[170] Skjal nr. 2(81).
[171] Skjal nr. 2(117).
[172] Skjal nr. 2(281).
[173] Skjal nr. 2(280).
[174] Skjal nr. 2(2).

> Garður-meiri
>
> er næsta jörð við Mýra. Landamerki að innan Kýrá að neðan Langilækur að utan Milligarðalækur[175]

Í undirmati II segir um landamerki Meiri-Garðs í Dýrafirði að þau séu Kýrá að innan, þar sem vísað er í jörði nr. 85 í fasteignamatinu, Langilækur að neðan og Milligarðalækur að utan. Jörðin var metin á 1.000 kr. Eigandi hennar var Jón Hákonarson.[176]

5.7 Minni-Garður í Dýrafirði

Hinn 22. apríl 1514 vitnaði Pétur Sigfússon um að Halldór Sumarliðason hefði gefið syni sínum Sumarliða jörðina Garð í Dýrafirði.[177] Sama gerði Jón Kolbeinsson 25. júní sama ár.[178]

Með skiptagjörningi 30. ágúst 1556 seldi Eggert Hannesson Þorláki Einarssyni jarðirnar Núp, Klukkuland, Hóla og Litla-Garð í Dýrafirði fyrir jarðirnar Tröð í Önundarfirði, átta hundruð í jörðinni Litla-Hjarðardal í Dýrafirði, Dranga í Dýrafirði, Geirseyri í Patreksfirði, fimm hundruð í Hnjóti í Örlygshöfn og jörðina Gillastaði í Króksfirði.[179]

Hinn 13. september 1696 játaði Ingibjörg Jónsdóttir að eiga eftir foreldra sína og bróður sex hundruð í Litlagarði og sex hundruð í Kirkjubóli í Mosdal, sem hún erfði eftir bróður sinn, Pétur Jónsson. Úr þessum sex hundruðum í Kirkjubóli gaf Ingibjörg systursyni sínum, Þorleifi Hannessyni, þrjú hundruð í löggjöf, en hin þrjú hundruðin selur hún Þorleifi fyrir að annast hana til deyjandi dags.[180]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Minni-Garð í Dýrafirði:

> **Litlegardur.**
>
> Sumir ætla að þessi jörð hafi í fyrstunni verið hjáleiga eður afbýli af Stóragarði, því jarðirnar liggja rjett nálægt hvör annari, og lítið engi á milli túnanna, sem báðar jarðirnar eiga, og ekki vita menn lögskifti á úthögum þessara jarða. En lengi hefur þetta verið lögbýli haldið.
>
> Jarðardýrleiki vi hndr., og so tíundast iiii tíundum.
>
> Eigandinn Ari Þorkelsson áður nefndur.
>
> Ábúandinn Dagur Ólafsson.
>
> […]
>
> Útigángur lakur. Kostir og ókostir sem áður segir um Stóragarð.[181]

---

175 Skjal nr. 2(86).
176 Skjal nr. 2(86).
177 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 482–483, skjal nr. 4(81).
178 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 495–496, skjal nr. 4(82).
179 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 152–153, skjal nr. 4(125).
180 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 177, skjal H-18.
181 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 70–71, skjal H-12.

Við manntalsþing að Súðavík 17. maí 1780 var upplesið kaupbréf Guðmundar Sigmundssonar, dagsett 3. apríl 1779, fyrir sex hundruðum í Litla-Garð af Magnúsi Ólafssyni.[182]

Við manntalsþing að Mýrum 14. júní 1785 var þinglesið makaskiptabréf Guðmundar Sigmundssonar á sex hundruðum í Minni-Garði og sex hundruðum í Hvammi.[183] Makaskiptabréfið var einnig þinglesið við manntalsþing að Súðavík 19. júlí 1785.[184]

Við manntalsþing að Þingeyri 8. júní 1793 var upplesið kaupbréf Pálma Guðmundssonar, dagsett 4. apríl sama ár, fyrir sex hundruðum í Hvammi af Ólafi Sveinssyni fyrir 45 ríkisdali. Við sama þing var upplesið annað kaupbréf Pálma frá 28. apríl sama ár fyrir sex hundruðum í Brekku í Sandasókn af Jóni Jónssyni fyrir 60 ríkisdali. Enn fremur var þinglesinn makaskiptagjörningur á sömu jarðarpörtum Pálma og Minni-Garði við Torfa Snæbjörnsson gegn jarðarpörtum hans í Bolungarvík, 12 hundruðum í Ósi og sex hundruðum í Gili með 15 ríkisdala millilagi. Einnig voru þinglesin tvö kaupbréf varðandi Hvamm í Dýrafirði. Annað var dagsett 6. maí 1793 þar sem Greipur Ólafsson keypti eitt hundrað í Hvammi af systrum sínum, Þóru og Guðrúnu Ólafsdætrum, fyrir átta ríkisdali. Hitt var dagsett 13. maí sama ár þar sem Jón Bjarnason keypti sex hundruð í Hvammi af Henkel kaupmanni fyrir sjö ríkisdali hvert hundrað.[185] Áðurnefndur makaskiptagjörningur milli Pálma Guðmundssonar og Torfa Snæbjörnssonar frá 26. maí 1793 var einnig þinglesin við manntalsþing í Ísafjarðarkaupstað 17. júní það ár, en þar segir að hálf jörðin Geirastaðir hafi einnig gengið til Torfa fyrir 20 ríkisdali.[186]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Minni-Garðs metinn sex hundruð en eigandi jarðarinnar var Bjarni Þorvarðsson á Brekku.[187]

Við manntalsþing að Þingeyri 2. júní 1823 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 10. apríl 1822, þar sem Bjarni Torfason hreppstjóri og Gísli Oddsson makaskiptu níu hundruðum í Ketilseyri og sex hundruðum í Minni-Garði.[188]

Hinn 30. desember 1839 skrifaði Guðmundur Brynjólfsson til biskups um réttindi Mýrakirkju í löndum Þaralátursfjarðar, Minni-Bakka og Garða í Dýrafirði. Í bréfinu kemur fram að Þaralátursfjörður hafi verið í eyði, en Guðmundur spurði einnig hvort Mýrakirkja hefði rétt til tollvers í landi Minni-Bakka en ábúandi þar hafi mælt í mót þegar formaður skipsins réri þaðan í umboði Guðmundar. Þá spurði Guðmundur hvort Mýrakirkja hefði rétt til torfristu í Garðalandi vegna kirkjunnar og heimilisnauðsynja.[189] Hinn 25. mars 1840 skrifaði biskup sr. Sigurði Jónssyni um fyrirspurn Guðmundar um

[182] Skjal nr. 2(390).
[183] Skjal nr. 2(391).
[184] Skjal nr. 2(392).
[185] Skjal nr. 2(393).
[186] Skjal nr. 2(394).
[187] Skjal nr. 2(50).
[188] Skjal nr. 2(395).
[189] Skjal nr. 2(244).

réttindi Mýrakirkju. Í bréfinu óskaði biskups eftir frekari upplýsingum frá sr. Sigurði.[190] Sr. Sigurður svaraði biskupi með bréfi dagsettu 9. október sama ár og sagði ómögulegt að Þaralátursfjörður og tollverið í landi Minni-Bakka væru gengin undan kirkjunni á Mýrum, en þótt Þaralátursfjörður væri í eyði og gæfi ekki arð þá héldi kirkjan eignarhaldi á plássinu. Um torfristuna í Garðalandi vitnaði sr. Sigurður til máldaga sem segði að Mýrakirkja ætti þar torfristu sem vill, en einnig vísaði hann til úrskurðar Þórðar Þorlákssonar biskups frá 31. mars 1695 um að hér ætti að skilja húsatorf en ekki eldiviðartorf.[191] Biskup skrifaði sr. Sigurði að nýju með bréfi dagsettu 19. mars 1841 og sagði að hann vissi ekki betur en að Mýrakirkja hefði fullkominn rétt til óbyggðu jarðarinnar Þaralátursfjarðar og tollversins í landi Minni-Bakka. Um torfristu í landi Garða kvaðst biskup telja að sú brúkun næði einungis til kirkjunnar.[192]

Hinn 21. október 1842 skrifaði Oddur Gíslason til biskups um hvort Mýrakirkja hefði lagarétt til að nýta torfristu úr landi Meiri- og Minni-Garðs.[193] Guðmundur Brynjólfsson á Mýrum var þeirrar skoðunar í bréfi frá 27. júní 1843 að Mýrakirkja mætti nýta torfskurð í Garðalandi svo sem mikið sem hún vildi.[194] Þá skrifaði sr. Sigurður Jónsson, prófastur á Hrafnseyri, að torfrista í landi Meiri-Garðs til handa Mýrakirkju hafi verið svo lítilfjörleg að hún sé varla til mála takandi.[195] Biskup svaraði bréfi Odds Gíslasonar með bréfi dagsettu 12. október 1843, en þar vísaði hann til Vilchins- og Gíslamáldaga varðandi réttindi Mýrakirkju.[196]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Garður í Dýrafirði metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að jarðabækurnar nefni Stóra-Garð og Litla-Garð, en prestur og sýslumaður segi að nú sé aðeins einn Garð.[197]

Hinn 12. október 1843 skrifaði Steingrímur Jónsson biskup til Odds Gíslasonar á Meiri-Garði um torfskurð Mýrakirkju í landi Garða í Dýrafirði, þ.e. Minni- og Meiri-Garðs. Oddur hafði kvartað undan torfristunni sem hefði verið til frekari notkunar en viðhalds á kirkju, veggjum og kirkjugarðshleðslu. Steingrímur svaraði umkvörtun Odds með vísun í máldaga Vilchins og Gísla biskups Jónssonar um torfskurð Mýrakirkju í Garðalandi.[198]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Minni-Garð:

> 3. Gardur minni: kot þetta er, sem adrar smá jardir betra ad hundradatali, en vænta má, er þad og vel hirdt og því komid nokkud ord á um.[199]

[190] Skjal nr. 2(245).
[191] Skjal nr. 2(246).
[192] Skjal nr. 2(247).
[193] Skjal nr. 2(248).
[194] Skjal nr. 2(249).
[195] Skjal nr. 2(250).
[196] Skjal nr. 2(251).
[197] Skjal nr. 4(1), bls. 193.
[198] Skjal nr. 2(115).
[199] Skjal nr. 2(75).

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 168 ríkisbankadali.[200] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Minni-Garð breytt í 180 ríkisbankadali.[201]

Hinn 8. júní 1868 skrifaði sr. Stephán Pétursson Stephensen til Guðmundar Brynjólfssonar á Mýrum um fyrirspurn Guðmundar til biskups varðandi réttindi Mýrakirkju til torfristu í landi Garða, þ.e. Minni- og Meiri-Garðs í Dýrafirði. Svar biskups var að Mýrakirkja skyldi halda sínum réttindum til torfristu en notkun ítaksins skyldi vera innan vissra og hæfilegra takmarka.[202]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Minni-Garðs í Dýrafirði er dagsett 10. mars 1890 en hún var innkomin til þinglesturs 22. apríl sama ár. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki Minna-Garðs.
>
> 1, Að innanverðu í upphlaðið merki ofan til við Langalæk, bein sjónhending í Milli-Garðslæk, síðan úr honum, eins og gilið segir, beina sjónhending á fjall upp.
>
> 2, Að neðanverðu sem Langilækur ræður í hinn efra Grástein, beina sjónhending í Löngulá, sem lækur rennur eptir.
>
> Að framanverðu eru landamerkin í Hvassahrygg og beint niður í Skörðin.
>
> Mýrum 10. marz 1890.
>
> Guðný Guðmundsdóttir, eigandi Stóra-Garðs og fyrir hönd kirkjujarðarinnar Fell
>
> G.H. Guðmundsson, eigandi Litla-Garðs og Klukkulands
>
> Gísli Oddsson, eigandi Klukkulands.[203]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að jörðin Minni-Garður sé sú næsta við Meiri-Garð og að landamerki séu þinglesin.[204] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 600 kr. Eigandi jarðarinnar var Jón Ólafsson.[205]

Hinn 10. mars 1953 skrifaði B. Guðmundsson á Núpi til sýslumanns og sagði honum frá ágreiningi um jörðina Minni-Garð sem Jón Ólafsson á Gemlufalli héldi en nýtti án þess að nokkur byggi þar. Guðjón Hálfdánarson á Alviðru IV hafi beðið Jón um jörðina til ábúðar eða kaups, en Jón hafi neitað. Engin niðurstaða var komin í málið en Guðjón hafði tekið málið upp við hreppsnefnd og landnámsstjóra. Að lokum er í bréfinu fjallað um fyrirhugaða sölu á jörðinni Næfranesi, en mögulegur kaupandi hafði ekki áform um að flytja á jörðina. Í lok bréfs var sýslumaður spurður hvort hægt væri að koma í veg fyrir að þannig væri farið með góðar ábúðarjarðir.[206]

---

200 Skjal nr. 2(81).
201 Skjal nr. 2(79).
202 Skjal nr. 2(117).
203 Skjal nr. 2(3).
204 Skjal nr. 2(87).
205 Skjal nr. 2(87).
206 Skjal nr. 2(230).

5.8 Klukkuland í Dýrafirði

Með skiptagjörningi 30. ágúst 1556 seldi Eggert Hannesson Þorláki Einarssyni jarðirnar Núp, Klukkuland, Hóla og Litla-Garð í Dýrafirði fyrir jarðirnar Tröð í Önundarfirði, átta hundruð í jörðinni Litla-Hjarðardal í Dýrafirði, Dranga í Dýrafirði, Geirseyri í Patreksfirði, fimm hundruð í Hnjóti í Örlygshöfn og jörðina Gillastaði í Króksfirði.[207]

Hinn 12. febrúar 1676 greindi Gissur Sveinsson, bróðir Brynjólfs biskups Sveinssonar, frá jarðagóssi sínum og fasteignakaupum. Eftir foreldra sína fékk hann meðal annars Arnarnúp, Nauteyri, Botn í Dýrafirði og hálft fimmta hundrað í Gljúfurá. Í arf eftir bróður sinn, Magnús Gissurarson, fékk hann Hrafnabjörg, tólf hundruð, og keypti meðal annars átta eða níu hundruð í Klukkulandi af Magnúsi Jónssyni fyrir sex hundruð í Svarfhóli og þrjú hundruð í lausafé, en þennan part í Svarfhóli átti Margrét Jónsdóttir, kona Gissurar. Þann átta hundruða part í Klukkulandi, sem Gissur meðtók vegna Margrétar, fékk hann meistara Brynjólfi. Þegar sr. Jón Jónsson giftist Halldóru Jónsdóttur gaf Gissur honum hálft níunda hundrað í Gljúfurá. Nauteyri seldi Gissur Bjarna Sigurðssyni fyrir Hofsstaði í Þorskafirði. Brynjólfur Sveinsson fékk meðal annars í fasteign Þorfinnsstaði. Í arf eftir Magnús Gissurarson fékk Brynjólfur Selvoga.[208]

Samkvæmt vitnisburði frá 19. mars 1703 höfðu Ólafur Ólafsson og kona hans Vigdís Bjarnadóttir á Suðureyri í Tálknafirði átt 12 hundruð í Gemlufelli og fjögur hundruð í Klukkulandi. Þessir jarðapartar höfðu fallið til sonar þeirra Þórólfs Ólafssonar.[209]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Klukkuland í Dýrafirði:

> **Kluckuland.**
>
> Jörðin er sundurdeild í 3 bæi, og standa þeir allir á forna bæjarstæðinu. Tún og engjar er sundurdeilt á milli bæjanna af leiguliðum (eftir sem meinast), öðru landi óskift.
>
> Jarðardýrleiki xxiiii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandi að hálfri jörðunni meinast að sje Steinvör Ögmundardóttir að Látrum á Breiðafirði, en byggíngarráðin hefur Jón Oddsson í Hrísdal í Arnarfjarðardölum. Eigandi að viii hndr. barnið Katrín dóttir Diðreks, sem hjer er búandi. Eigandi að iiii hndr. Arngrímur Jónsson að Suðureyri í Tálknafirði.
>
> Ábúandi á xii hndr. Steinvarar (það er 1 bærinn) Jón Sigvatsson. Ábúandi á parti Arngríms Guðmundur Brandsson, það er annar bærinn.
>
> […]
>
> Ábúandi á viii hndr. barnsins áðurnefndur Diðrek Sigurðsson, þess faðir (það er 3ji bærinn).
>
> […]
>
> Útigángur í skárra lagi. Torfrista lítt nýtandi, stúnga sæmileg. Móskurður lítill með taði undan kvikfje til eldiviðar. Skipsuppsátur er sagt að jörðin eigi í Lækjar landi, vide supra Læk.

[207] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 152–153, skjal nr. 4(125).
[208] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 169–170, skjal H-18.
[209] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 246–247, skjal H-19.

> Túnið spillist af sandfoki úr melum, sem liggja við túnið. Enginu spillir Núpsá með grjóts áburði að neðan, en skriður að ofan, hvörutveggja til stórskaða og eyðileggíngar. Úthagar eru og so mjög skriðurunnir allvíða. Hætt er kvikfje á vetur fyrir Núpsá og so af lækjum, sem kaldaverslur eru í. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórviðrum.
>
> **Hólakot** heitir eitt örnefni hjer í landinu. Þar sjást byggíngaleifar af tóftarústum, en öngvar girðíngar, og eru munnmæli, að þar hafi í fyrstunni Klukkuland staðið og þaðan færð verið þángað sem bærinn er nú. Enginn veit þó neitt víst um þetta.
>
> Aftur má hjer byggja, því túnstæðið er sæmilegt; en fyrir því að heyskapurinn er lítill, þá má heimajörðin einskis af hönum án vera.[210]

Hinn 10. júlí 1724 var af sýslumanni tekið fyrir mál þar sem Snæbjörn Pálsson var skuldugur Pétri Arfvedssyni og þurfti að greiða honum skaðabætur. Þar á meðal var jörðin Klukkuland.[211]

Við héraðsþingi að Mýrum 16. júní 1727 var haldið uppboð á Klukkulandi að ósk Péturs Arfvedssonar. Tilskilið var að greiðsla, 142 ríkisdalir í krónum, yrði greidd fyrir Alþingi 1728.[212]

Við manntalsþing að Mýrum 13. ágúst 1802 var auglýst brigðalýsing Ásgeirs Jónssonar á 12 hundruðum í Klukkulandi undan Jóni Grímssyni. Boðnir voru 144 ríkisdalir fyrir. Brigðalýsingin var dagsett 17. apríl 1802.[213]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Klukkulands metinn 24 hundruð en eigandi jarðarinnar var Jón Eggertsson á Hóli. Þá segir að eyðihjáleigan Hólakot sé með í matinu.[214]

Við manntalsþing að Mýrum 19. júlí 1805 var þinglesið afsalsbréf sr. Ásgeirs Jónssonar fyrir 12 hundruðum í Klukkulandi, fyrir 144 ríkisbankadali courant.[215]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 14. mars 1812 var upplesið kaupbréf, dagsett 9. maí 1811, fyrir 12 hundruðum í Klukkulandi fyrir 180 ríkisdali. Seljandi var Jón Eggertsson en kaupandi var Johnsen faktor.[216]

Við manntalsþing að Mýrum 10. maí 1819 var upplesið afsal Tómasar Eiríkssonar á Hrauni, dagsett sama dag, þar sem hann seldi Brynjólfi Hákonarsyni 12 hundruð í Klukkulandi fyrir 144 ríkisdali.[217]

Við manntalsþing að Mýrum 3. júní 1823 lýsti Eiríkur Tómasson á Hrauni brigðum í 12 hundruð í Klukkulandi sem faðir hans, Tómas Eiríksson, seldi 10. maí 1819 til Brynjólfs Hákonarsonar á Mýrum.[218]

---

[210] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 73–74, skjal H-12.
[211] Skjal nr. 2(396).
[212] Skjal nr. 2(397).
[213] Skjal nr. 2(398).
[214] Skjal nr. 2(51).
[215] Skjal nr. 2(405).
[216] Skjal nr. 2(449).
[217] Skjal nr. 2(399).
[218] Skjal nr. 2(400).

Við manntalsþing að Eyri 19. júlí 1825 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 3. apríl 1824, hvar Jón Sigurðsson makaskipti sex hundruðum í Hvítanesi til Jóns Jónssonar faktors gegn níu hundruðum í Klukkulandi.[219]

Við manntalsþing að Eyri í Skutulsfirði 22. júlí 1826 var þinglesið afsal, dagsett 8. október 1824, hvar sr. Jón Sigurðsson seldi níu hundruð í Klukkulandi til Jóns Jónssonar faktors fyrir 108 spesíur.[220]

Hinn 16. júlí 1839 seldi Einar Jónsson hreppstjóri í Ögurhreppi 12 hundruð í Klukkulandi til Brynjólfs Hákonarsonar á Mýrum. Kaupbréfið var þinglesið 20. júní 1840.[221]

Við manntalsþing að Mýrum 20. júní 1840 var upplesið afsal, dagsett 16. júlí 1839, þar sem E. Jónsson í Ögri seldi og afhenti Brynjólfi Hákonarsyni jörðina Klukkuland.[222]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Klukkuland í Dýrafirði metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 var eyðihjáleigan Hólakot talin með.[223]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Klukkuland:

> 9. Klukkuland: túnið er ljelegt og ágángsjórd mikil, er eingjar fánýtar og lítt notasælar.[224]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 336 ríkisbankadali.[225]

Hinn 22. nóvember 1877 seldi Guðrún Jónsdóttir á Mýrum 14 og hálft hundrað að fornu mati í Alviðru og fimm og hálft hundrað í Klukkulandi til Gísla Oddssonar. Afsalsbréfið var þinglesið 3. ágúst 1878.[226]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Klukkulands í Dýrafirði er dagsett 6. apríl 1886 en hún var innkomin til þinglesturs 22. apríl 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerki Klukkulands
>
> Öllum þeim mönnum, sem þetta bréf sjá eða heyra, kunngjörist hér með, að eptir því sem menn vita réttast eru landamerki Klukkulands þá eru merkin milli Litla-Garðs og Klukkulands þessi: Að Hvassihryggur ræður ofan eptir hlíðinni ofan í Kjóamýri neðst, en þaðan beint í Núpsá; þar eptir ræður Núpsá landamerkjum fram í Geldingadalsá og Geldingadal hálfan eptir því, sem áin ræður.
>
> Undir þetta bréf skrifum við nöfn okkar sem eigendur að nefndri jörðu.
>
> Mýrum í Dýrafirði 6. apr. 1886.
>
> K. Oddsson. Eigandi Núps
>
> Gísli Oddsson. (Eigandi Klukkulands)
>
> G.H. Guðmundsson (Eigandi Minni-Garðs).[227]

---

219 Skjal nr. 2(401).
220 Skjal nr. 2(402).
221 Skjal nr. 2(282).
222 Skjal nr. 2(403).
223 Skjal nr. 4(1), bls. 193.
224 Skjal nr. 2(76).
225 Skjal nr. 2(81).
226 Skjal nr. 2(283).
227 Skjal nr. 2(4).

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er í lýsingu um Klukkuland fjallað um hjáleiguna Hólakot. Þar segir eftirfarandi:

> Hólakot
>
> er í næsta jörð við Læk var hjáleiga frá Klukkulandi en hafði verið i eyði þegar 1805, en var seld nú verandi eiganda og ábúanda Eyjólfi Guðmundssyni 1897 fyrir kr. 300.00 með eftirrituðum landamerkjum, að framan milli Klukkulands undan heimsta úr Klukkulandshorni eftir 2 merkissteinum beint i Núppsá ~~sjá~~ að neðan og innan sjá Læk, Fell, Litla Garð. að utan Núpsá.[228]

Um Klukkuland segir svo eftirfarandi:

> Klukkuland
>
> er næsta jörð við Holakot. Landamerki að neðan sjá Hólakot að framan Geldingadals á[229]

Í undirmati II segir um landamerki Hólakots, nýbýlis sem ekki hafi áður verið metið, að þau séu að ofan tveir merkssteinar í Heimstagil í Klukkulandshorn. Um merkin að innan og neðan er vísað til jarða nr. 87, 88 og 89 í fasteignamatinu. Um landamerki Klukkulands segir að þau séu að ofan Geldingadalsá en um merkin að neðan er vísað í jörð nr. 90 í fasteignamatinu. Jörðin var metin á 1.700 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[230]

Við manntalsþing að Mýrum 9. júlí 1925 var þinglesinn lóðseðill Jóns H.F. Guðmundssonar við skipti á dánarbúi Fr. Guðmundssonar á Veðrará fyrir hálfri jörðinni Klukkulandi. Lóðseðillinn var dagsettur 29. nóvember 1920.[231]

5.9 Núpur í Dýrafirði

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið að Gnúpi, þ.e. Núpi í Dýrafirði.[232]

Í máldaga Jóns kirkju skírara undir Núpi í Dýrafirði, er Þórarinn biskup Sigurðarson setti um 1363, segir eftirfarandi:

> Kirkia hinns helga johannis baptiste vnndir gnupi a þridiung i heimalandi. skogarhogg a kleifum fyrir vestan j dyrafiardarbotni oc hina tijundu vætt j sæbols hluta i huolum oc tijunndu vætt j breckuhluta. tijundu vætt j breidaboli j skalavijk oc hina tijundu vætt j [dali j] arnnarfirdi. fiordung j reka ollum millum [huarfs] oc haukalækiar. selveid sem vill hier j millum. fimm kvgillda beit vnndann gnupi j nesdal. skipz hofnn a skaga tolllaust oc eiga jnnster reit a vollum oc skalagiord a brecku.[233]

Í máldaga Oddgeirs biskups Þorsteinssonar frá um 1367 segir um kirkju undir Núpi að hún eigi þriðjung í heimalandi.[234]

---

228 Skjal nr. 2(88).
229 Skjal nr. 2(88).
230 Skjal nr. 2(88).
231 Skjal nr. 2(404).
232 *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 14, skjal nr. 4(75).
233 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 197, skjal nr. 4(104).
234 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, 228, skjal nr. 4(76).

Í máldaga Jónskirkju skírara undir Núpi í Dýrafirði, er Oddgeir biskup Þorsteinsson setti um 1378, segir eftirfarandi:

> Jonskirkia baptiste vndir nupi a þridiung j heimalanndi skogar hogg a kleifum fyrir vestan j dyrafiardarbotnni oc hun a hina tijundu vætt j serbolz luta j huaulum oc tyunndu vætt j brek[k]u hluta. tijunnda vætt j breidaboli j skalavijk. oc hina tijundu vætt j dali j arnnarfirdi. fiordunnginn j reka ollum millum huarfs oc haukslækiar. selveidi sem vill hier j millum. fimm kugilldum beit vnnndann gnupi j nesdal. skipshofnn a skaga tollaus oc eiga jnnstir reit a melum oc skalagiord jnn a brecku.[235]

Í máldaga Vilchins fyrir Núpskirkju í Dýrafirði frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkia hins heilaga Johannis Baptistæ vnder Gnvpi a þridiung j heimalanndi.
>
> skogarhogg a Kleifum fyrer vestann j Dýrafiardarbotni oc hina tiundu vætt j Sæbolshluta i hvolumm. og tiunda part i Brecku hluta. tiundu vætt j Breidaboli j Skälavijk. og tiundu vætt j Dali j Arnarfirdi.
>
> fiordung j Reka ollum milli Hvarfs oc Haukalækiar.
>
> Selveidar sem vill hier i milli.
>
> fimm kugillda beit vndann Gnvpi j Nesdal.
>
> skipshofn a Skaga tolllaust oc eiga inster reit a Melum oc skalagiord a Brecku.[236]

Í máldaga Stefáns biskups Jónssonar frá 1491–1518 segir um Núpskirkju í Dýrafirði að kirkjan hafi í sína porcionem á meðan Jón bóndi Björnsson hafi haldið jörðina.[237]

Í vitnisburði, dagsettum 18. mars 1508, kom fram að samkvæmt 140 ára gömlu bréfi væru landamerki Núps í Dýrafirði eftirfarandi:

> garðurinn gnúpur á land allt til fjalls og fjöru í læk þann er heiter kalldelækur upp í uppsprettuna og svo rétt upp að leyte og beint á fiall upp og inn í gnúpsá. Alviðra á móskurð í gnúpsland í lambhaga. enn gnúpsmenn beit í alviðrubakka vor og haust. gnúpur á dal allann og í á þá er geingur ofan úr gjelldingadal og rennur í gnúpsá. Gnúpur á hestabeit á klukkulands hjalla.[238]

Í vitnisburðarbréfi, dagsettu 26. júní 1545, var vitnað um eftirfarandi landamerki á milli jarðanna Núps og Alviðru þegar Jón Björnsson átti jarðirnar:

> jn primis at aluidra ætti land at gardi þeim sem geingur ofan ur fialle oc ofan j gnupsæa fyrir innan lambhaga. enn at migandalæk mille gerdhamra oc aluidru. jtem at alvidra eige selstaudu j nupsdal suo sem þarfnazt æ haust framm. enn þar j gen æ gnupur j alvidru land skipstaudu oc naustgiaurd. bio jaurundr heitenn bavdaursson xx uetur j alvidru eda leingur oc hiellt oc hafde þetta ataululaust oc alldrei kom hier misgreining æ suo uid uissum fyrr enn þorgautur heitenn olafsson uar radzmadur undir gnupe, og hier eptir uilium uid sueria ef þurfa þiker.[239]

Með skiptagjörningi 30. ágúst 1556 seldi Eggert Hannesson Þorláki Einarssyni jarðirnar Núp, Klukkuland, Hóla og Litla-Garð í Dýrafirði fyrir jarðirnar Tröð í Önundarfirði, átta hundruð í jörðinni Litla-Hjarðardal í Dýrafirði, Dranga í Dýrafirði,

---

235 *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 330–331, skjal nr. 4(105).
236 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 142–143, skjal nr. 4(106).
237 *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 81, skjal nr. 4(107).
238 *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 9, skjal nr. 4(85).
239 *Íslenzkt fornbréfasafn* XI, bls. 417–418, skjal nr. 4(86).

Geirseyri í Patreksfirði, fimm hundruð í Hnjóti í Örlygshöfn og jörðina Gillastaði í Króksfirði.[240]

Hinn 4. september 1570 var gerð eftirfarandi sátt um landamerki á milli Núps og Alviðru:

> Gnúps Bref.
>
> J nafne heilagrar þrenningar. þa medkennunst vier epterskrifader menn Jön Olafsson. Þorleifur Biarnason. Olafur Þorgautsson. Sveirn Jonsson. Þordur Sigfusson. Jon Grimsson. og giorum gödum mønnum kunnugt med þessu voru opnu brefe. ad ä þann fiorda dag Septembrismanadar. þa lided var fra hingadburd vors liufa lausnara Jesu Christi MDLXX ara ä Myrum i Dyrafirde. þa vorum vier þar i hia og heyrdum þar uppa ord og handaband þessara effterskrifadra manna. sem var af eirnre halfu Þorlakur bonde Einarsson. enn af annare halfu Eggert Hannesson. Enn þad falldest og skilldest under þessu þeirra handabande ad þeir med sier sømdu og nidursettu med sinn gödann vilia. og med voru og annara gödra manna tillage þa langvarande þrætu og agreining sem vered hafde um landamerke i langa tima i mille Gnups og Alvidru er liggia i Dyrafijrde. þa i fyrstu var so til skiled. ad Gnupur skyllde eiga allt land med allre jardarhøfn og fie þvi ollu sem þar kynne ad finnast i jordu og ä. og ecke fyndest eigande ad. fra garde þeim sem geingur ofann ur fialle og ofann i Gnupsä fyrer jnnann lambhaga. og ut i læk þann sem heiter Kalldalækur. so sem sagdur lækur helldur nu fra sinne uppsprettu. og til siöfar ofann hia Føgrutraud. Enn i annann mäta fra sinne uppsprettu rietta sionhending upp effter leitenu. og so riett upp effter hlijdenne ä fiall upp. so hvørke skillde steckia ut ä nie jnn ä hvørkis land fyrrgreindra jarda. Enn Alvidra skillde eiga land allt utann ad fyrrgreindum læk og fyrrskrifudum takmørkum bæde til fialls og fiøru. Svo og skillde Alvidra eiga fyrer alla þa sem þar kynnu ad bua. hvort þeir eru fleijre eda færre. a hvoriu äre frialsa beit fyrer allann þeirra pening vetur og sumar. haust og vor. hatt og lagt i fyrrskrifadann part. sem er ä [mille] greinds Kalldalækiar og fyrrskrifads gards þess sem geingur ur fialle og ofann i Gnupsä sem fyrr seiger. Hier med skillde og aller þeir sem i Alvidru biggia a hvøriu äre hafa frialsann torfskurd til Elldevidartaks i fyrrskrifudum parte. so sem þeim þætte sier vel þarfnast til sins buss a hvoriu äre. og þar med frelse þann Elldevid hijrda og þurka. og sidann heim til sin flytia. Hier med skyllde Alvidra eiga allann Reka vidar og hvala. og allt annad hvad ä land kynne ad bera fra greindum Kalldalæk og jnn i midia Gnupsä. þar med skillde Alvidrumenn eiga met frelse veide i Gnupsä. ad jafnfrialsu sem Gnupsmenn þa þeir villdu veida sem i Alvidru eru. nedann fra siö og upp ad fyrr greindum garde þeim meigenn sem Gnupsland er. enn vijst ei leingra framm effter anne. I annare grein skylldu og aller þeir sem i Alvidru bigge. hvørt þeir være marger eda faer. a hveriu äre hafa frialsa selfør med allann sinn pening ä Gnupsdal hvørt är fra vordøgum. og so langt framm ä haust sem þeir villdu. Skilldu og Alvidrumenn meiga lata reka og renna sina peninga um sumar hvert ä fyrrsøgdum tima. hätt og lagt. nedarlega og framarlega ä fyrrsogdum Gnupsdal. utann lata varda sinum peninge þeim Eingium. sem Gnupsmenn liete sialfer varda sier til slægna. Hier med skilldu Alvidrumenn hafa frialsa þiodgotu ä Gnupsdal til sinna þarfenda. hvert helldur þeir fære ed efra edur nedra um dalenn ä medann þeir hefdu i selenu. enn beita þo hvørke Eingiar nie taudur þeirra sem under Gnupe være. Svo og skilldu Alvidrumenn hafa selstødu ä Gnupsdal þar sem ad fornu hafde vered. og þar meiga giora hus effter þørfum sinum. og hafa þar til frialsa stungu og ristu þar a dalnum. lingrif og hrijsrif a fyrrsogd hus til tröds effter þorfum. hier med torfskurd til Elldevidartaks so sem þeim þætte þarfna hvert är ä medann være vered i selenu. Skilldu Alvidrumenn meiga lata sin selhus ad frialsu standa þar ä dalnum hvert är. Svo og skilldu Gnupsmenn med frialsu meiga hafa skipa uppsatur i

[240] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 152–153, skjal nr. 4(125).

> fulla naudsyn i Alvidruland þar hia Kalldalæk. enn lata þo ei leingur standa enn skemst mætte þeir sem under Gnupe eru. utann þeir leifdu þeim sem Alvidru ættu.[241]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Núpskirkju í Dýrafirði:

> Kirkian vnder Nupe ä thridiung i heimalandi. Skógarhaugg ä Kleyffum fyrer vestann i Dyrafiardarbotne. og hina tijundu vætt i Sæbols hluta i huolum og tijunda part i Breidabole i Skalavijk. og tijundu vætt i Dale i Arnarfirde. fiordung i reka aullum mille Huarffs og Haukalækiar. Selveidar sem vill hier i mille. v. kugillda beit vnder Nupi i Nessdal. Skipshøffn ä Skaga tollaust og eiga jnster reit ä maulum. og Skälagiørd ä Brecku.
>
> Jtem .Lx. sauda beit ä Skagahlijd.
>
> Jtem reitesøl ä Skaga.
>
> […]
>
> Jtem eina jørd Kotnup tiju aura landskylld.[242]

Í biskupsvísitasíu um Núpskirkju í Dýrafirði frá 22. ágúst 1639 segir að hún eigi 20 hundruð í heimalandi en einnig segir frá staðfestingarbréfi Ögmundar biskups sem innihaldi frekari skýrslu um ítök kirkjunnar.[243]

Í biskupsvísitasíu um Núpskirkju frá 25. ágúst 1647 segir meðal annars:

> Anno 1647 þann 25 Augusti lesinn lystur og stadfestur hinn fyrste visitationis maldæge kirkjunnar Wnder nupe J Dyrafyrde so mikid sem yffirtekur og þad allt til sem þä War Jnnskriffad efftir Vilchins bök skal so skriffa kirkiann hins hejlaga Johannis Baptista undir Gnupe aa þridjung i hejmalande, Skoogarhogg a kleifum fyrir Westann J Dÿrafjardar bótne og hina tijundu Wætt J Sæbölzhluta J huolum og tijund Partt J breckuhluta, Tijundu Vætt J Brejdaböle J Skaalavÿk, og tijundu Vætt J dale i Arnarfyrde fjordung i Reka ollum, mille huarffs og Haukalækjar, Sel Vejdar sem Will hier i milli fim kujllda bejt Wndan Gnupe J nessdal. Skipshoffn aa Skaga tolllaust, og eiga instir rejt aa mólum, og Skaalagjord a brecku
>
> […]
>
> framar a kirkjann efftir Visitatiu bokenne Sextiju saudabejt a Skagahlyd, Jtem rejtesol a Skaga
>
> […]
>
> Jtem lyser Jon Gissursson ad üt eige ad skriffast Jordenn kotnupur, huorja hann kallar hejma land[244]

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíum frá 4. september 1689 og 28. ágúst 1725 en í þeirri síðarnefndu er einnig getið um 60 sauða beit á Skagahlíð og þess landi. Þar segir einnig að kirkjan eigi jörðina Kotnúp.[245] Í biskupsvísitasíu um Núpskirkju frá 29. ágúst 1761 er fjallað um kúgildaafslátt en fjárhaldsmenn jarðarinnar hafi viljað hann vera 12 kúgildi í stað 20 kúgilda, en þar á móti mættu koma níu hundruð í jörðinni Alviðru, en yfirvöld hafi ekki samþykkt þá tillögu. Vísað er í bréf Magnúsar Gíslasonar

---

241 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 433–436, skjal nr. 4(87).
242 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 575–576, skjal nr. 4(108).
243 Skjal nr. 2(151).
244 Skjal nr. 2(152).
245 Skjöl nr. 2(153)–2(154).

amtmanns, dagsett 1. júlí 1756, um þá afgreiðslu.[246] Í prófastsvísitasíu um Núpskirkju frá 15. september 1802 segir að kirkjan haldi sínum eignum og ítökum en þó hafi verið uppi ágreiningur um hvalrekarétt hennar í Arnarfjarðardölum.[247] Sömu upplýsingar koma fram í prófastsvísitasíum frá 6. ágúst 1804 og 22. september 1809, en í þeirri síðarnefndu segir að kirkjan haldi ekki lengur hvalrekaítaki í Arnarfjarðardölum.[248] Í biskupsvísitasíu frá 13. júlí 1852 er réttindum Núpskirkju um skógarhögg í Dýrafirði lýst sem svo að þau séu á Kleifum fyrir vestan Dýrafjarðarbotn.[249]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Núp í Dýrafirði:

> **Nupur.**
>
> Kirkjustaður.
>
> Jarðardýrleiki lx hndr., og reiknast heimastaðurinn fyrir xx hndr., Kotnúpur áður skrifaður fyrir x hndr., Innri Hús fyrir x hndr., Rani fyrir x hndr., Ytri Hús fyrir x hndr.
>
> Eigandi þessarra samanreiknaðra lx hndr. er Núpskirkja að xx hndr., Sr. Jón Torfason á Breiðabólstað í Fljótshlíð að xl hndr.
>
> Ábúandi á Núpi heima Monsr. Páll Torfason.
>
> […]
>
> Kirkjan á v kúgilda beit í Nesdal, sem er milli Dýrafjarðar og Íngjaldssands.
>
> Skógur hefur hjer fyrir löngu verið og nokkur lítill í manna minni, er nú gjörsamliga eyddur.
>
> Skógarítak á kirkjan i Drángalandi sunnanfram í Dýrafirði, þar sem Kleifar heita. Item annað skógarítak í sama Drángalandi. þar sem Kollamýri heitir.
>
> Silúngsveiði hefur hjer til forna verið, nú svo að segja engin.
>
> Selveiði á kirkjan út með Dýrafirði norðanfram eftir máldögum. Reka á kirkjan sömuleiðis eftir máldögum út með Dýrafirði norðanfram. Sölvatekja hefur hjeðan brúkuð verið í árósnum milli Gerðhamra og Arnaness. Hrognkelsaveiði hefur til forna að gagni verið, er nú mjög lítil. Tollfría skipstöðu á kirkjan í Fjallaskagalandi ytst í Dýrafirði. Beit 60 sauðum á vetur á kirkjan á Skagahlíð milli Skaga og Birnustaða.
>
> Selstöðu á Núpsdal (í Núpslandi) á Alviðra. Reka á Alviðra fyrir Núpslandi frá Haukslæk að Núpsá. Kemur þetta svo til, að þræta var millum Núps- og Alviðru-manna um landið fyrir ofan þenna reka og samdist svo, að Núpur skyldi eiga jarðarhöfnina, en rekinn hefur Alviðru fylgt sem áður.
>
> Vetrarhart er hjer sökum snjóa, helst þá veður svo leggjast. Flæðihætt er hjer þegar skafla leggur á sjáfarbakka. Torfrista er hjer valla nýtandi.
>
> Túnið er stórum af sjer gengið og blæs upp. Engjunum spillir Núpsá, brýtur af bakka og ber á grjót og aur. Hagarnir eru stórum af skriðum spiltir.
>
> **Innre Hus.** Hjáleiga frá Núpi, stendur í túninu.
>
> Ábúandinn Ásgrímur Þorláksson.
>
> […]

[246] Skjal nr. 2(155).
[247] Skjal nr. 2(177).
[248] Skjöl nr. 2(178) og 2(179).
[249] Skjal nr. 2(156).

> Túninu hefur nýlega aurskriða spilt. Engjunum spillir Núpsá eins sem fyrr er skrifað um heimastaðinn.
>
> **Rane.** Önnur hjáleiga við túnið, bygð í fyrstu hjer um fyrir 80 árum sem menn ætla, liggur nú í eyði síðan bóluna.
>
> […]
>
> Ekki er örvænt að þessi hjáleiga aftur bygðist þá fólkið fjölgar.
>
> Heybjörg þessa brúkar nú heimabúandinn.
>
> **Ytre Hus.** Hjáleiga frá Núpi.
>
> Ábúandinn Magnús Jónsson.
>
> […]
>
> Engjunum spillir nokkuð Núpsá.
>
> **Nesen** eður **Nesiabær** hjet hjáleiga bygð af heima xx hundruðum í Núpi hjer um fyrir 28 árum, eyðilagðist í bólunni, en var bygð næst fyrir hana, lá þó fyrrum í eyði í nokkur ár.
>
> […]
>
> Fóðrast kunni i kýr, og brúkast nú þessi heybjörg af heimabúandanum.
>
> Ekki er vonlegt að þetta býli aftur byggist, enda er heimajörðin svo af sjer gengin, að hún má engar slægjur missa.
>
> **Há-Nupur** eður **Hærre Nupur** var hjáleiga kölluð bygð af þeim xx hundruðum, sem heima-Núpi fylgja, fyrir nokkrum og 30 árum.
>
> […]
>
> Þetta býli er fyrir mörgum árum eyðilagt, og túnstæðið komið í grjót, og er engin von að það aftur byggist.
>
> Útheyis slægjurnar, sem kotinu fylgdu, fylgja nú heimajörðunni.
>
> […]
>
> Útræði hefur hjer verið á sumar þá fiskur gekk lengra inn í Dýrafjörð en nú hefur hann gengið um nokkur ár.[250]

Með byggingarbréfi dagsettu 7. júní 1790 byggði Björn Jónsson sr. Andrési Gíslasyni jörðina Núp í Dýrafirði, bæði heimajörðina og hennar hjáleiguparta, sem og jörðina Fremri-Hjarðardal.[251]

Við manntalsþing að Mýrum 9. júní 1790 var upplesið kaupbréf, dagsett 8. apríl sama ár, hvar Magnús Magnússon keypti af bróður sínum Ólafi 10 hundruð í Núpi og 7 og hálft hundrað í Alviðru fyrir 214 ríkisdali.[252]

Hinn 26. júlí 1795 seldi Jochum Arnórsson fimm hundruð í Núpi við Dýrafirði sem kölluðust hálf Innri-Hús, með öllum saman jarðarparti og tilheyrandi húsum, engjum, högum, eignum og ítökum til lands og vatns og með öllum sömu skilmálum og komu fram í kaupbréfi Jochums við Jóns Björnsson varðandi sama jarðarpart, dagsettu 19.

[250] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 75–78, skjal H-12.
[251] Skjal nr. 2(252).
[252] Skjal nr. 2(409).

nóvember 1793. Kaupandi var Torfi Jónsson og greiddi hann 50 ríkisdali fyrir jarðarpartinn.[253]

Við manntalsþing að Mýrum 23. júní 1796 var þinglesið kaupbréf fyrir fimm hundruðum í Núpi, dagsett 26. júlí 1795.[254]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Núps metinn 60 hundruð en 1/3 hluti jarðarinnar var eign kirkjunnar á staðnum. Eigendur að 2/3 hlutum jarðarinnar voru ábúandinn Magnús Magnússon og tveir aðrir meðeigendur sem ekki eru nafngreindir í jarðamatinu. Með í matinu voru hjáleigurnar Kotnúpur, Rani, Innri-Hús og Ytri-Hús. Þá segir einnig að eyðihjáleigurnar Nesjabær og Hái-Núpur fylgi heimagarðinum.[255]

Við manntalsþing að Mýrum 19. júlí 1805 var upplesin lögfesta Magnúsar Magnússonar fyrir öllu Núpslandi í Dýrafirði.[256]

Við manntalsþing að Mýrum 4. júní 1816 var upplesið kaupbréf, dagsett 2. mars 1816, fyrir tveimur hundruðum í Innri-Húsum fyrir 40 ríkisdali. Kaupandi var Torfi Jónsson á Hjarðardal en seljandi var A. Steenbach faktor. Við sama þing var upplesið kaupbréf frá 23. október 1815 hvar Guðrún Jónsdóttir seldi bróður sínum, Torfa Jónssyni á Hjarðardal, tvö hundruð í Rana fyrir 40 ríkisdali. Sömuleiðis var upplesið kaupbréf, dagsett 13. október 1815, fyrir 10 hundruðum í Núpi fyrir 160 ríkisdali. Brynjólfur Hákonarson á Mýrum var kaupandi en seljendur voru Jón Ásgrímsson á Flateyri og Torfi Gíslason á Kjaransstöðum.[257]

Við manntalsþing að Mýrum 20. júní 1818 var upplesið kaupbréf, dagsett 5. apríl 1817, fyrir fimm hundruðum í Rana fyrir 140 ríkisdali. Seljandi var Kristín Jónsdóttir en kaupandi var Brynjólfur Hákonarson á Mýrum.[258]

Hinn 15. maí 1837 seldi Jón Magnússon tvö og hálft hundrað í Núpi til Brynjólfs Brynjólfssonar. Kaupbréfið var þinglesið 3. júní 1839.[259]

Við manntalsþing að Mýrum 3. júní 1839 var upplesin auglýsing um byggingu á fimm hundruðum í Núpshúsum.[260]

Hinn 4. mars 1844 skrifaði Brynjólfur Brynjólfsson til sr. Sigurðar Jónssonar prófasts um jörðina Núp og hjáleigur hennar. Brynjólfur kvaðst vera eigandi að 20 hundruðum í jörðinni, en 15 þeirra hefði hann erft en fimm þeirra keypt af Magnúsi Magnússyni. Þá lýsti Brynjólfur því að hjáleigurnar Innri-Hús, Rani, Ytri-Hús og Kotnúpur væru hver og ein 10 hundruð að dýrleika og Núpur því samtals 60 hundruð að dýrleika. Þá segir í bréfinu að Núpsdalur sé tileignaður Núpi og þangað geti hann sótt slægjur en auk þess sé þar selstaða frá Alviðruþorpi, þ.e. fjórum búendum. Að öðru leyti lýsti Brynjólfur því hvernig átroðningur slagaði jörðina og kúgildafjöldi væri of

[253] Skjal nr. 2(40).
[254] Skjal nr. 2(406).
[255] Skjal nr. 2(52).
[256] Skjal nr. 2(406).
[257] Skjal nr. 2(414).
[258] Skjal nr. 2(415).
[259] Skjal nr. 2(284).
[260] Skjal nr. 2(381).

hár og að lokum bað hann sr. Sigurð um að bera málið upp við biskup til að gera bót á málefnum Núps.[261]

Hinn 20. apríl 1844 skrifaði sr. Sigurður Jónsson á Hrafnseyri til biskups um ítrekun varðandi jörðina Núp og hjáleigur hennar. Sr. Sigurður spurði meðal annars hvort 20 hundraða eign Brynjólfs Brynjólfssonar væri heimajörðin, hvort henni fylgdu einhver kot og hver ætti hin 20 hundruðin í jörðinni.[262]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Núpur í Dýrafirði metin 60 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður nefnir aðeins hjáleiguna Kotnúp, sem hann telur 10 hundruð, en heimajörðina útaf fyrir sig 50 hundruð að dýrleika, prestur nefnir aftur á móti allar hjáleigurnar. Árni Magnússon, sem segir 1/3 í jörðinni eign kirkjunnar, telur hér að auki Innrahús, Nesin eða Nesjabæ og Háfanúp.[263]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Núp:

> 5. Núpur: eins og Kotnúpur og Ytrihús er ad fornu voru þadan hjáleigur eru betri enn medaljardir sókum túngæda og beitar á Kotnúpi.[264]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 500 ríkisbankadali. Kotnúpur og Ytri-Hús voru hvor tveggja metin á 250 ríkisbankadali, Rani á 140 ríkisbankadali og Innri-Hús á 80 ríkisbankadali.[265]

Hinn 1. desember 1851 skrifaði Brynjólfur Brynjólfsson til biskups um að ágreiningur væri um landamerki milli Núps og Alviðru. Brynjólfur kvaðst hafa afrit af bréfi, sem skrifað hafi verið í Skálholti 24. maí 1712, en eftir efni þess vildi hann sjálfur fara. Alviðrubændur hafi á móti gert tilkall til selstöðu í Núpsdal, notað hana í nokkur ár, en í stað hennar hafi Núpur fengið svonefndan Lambhaga í landi Alviðru. Brynjólfur sagði Lambhaga hafa verið eign Núps árið 1368, en Alviðrumenn myndu byggja sín rök á gjörningi Eggerts Hannessonar hirðstjóra og Þorláks Einarssonar á Núpi frá miðri 16. öld. Brynjólfur óskaði eftir upplýsingum um landamerki kirkjueignarinnar og hvort óhætt væri að fara eftir áðurnefndu bréfi frá 1712, en að hans mati myndi bréf Alviðrumanna aðeins gilda um tíð Eggerts og Þorláks.[266]

Við manntalsþing að Mýrum 17. maí 1853 var þinglesið landamerkjabréf eða gömul afskrift fyrir Núpi en auk þess var upplesin afskrift af biskupsúrskurði frá 1. ágúst 1844, vegna kúgilda Núpskirkju.[267]

Hinn 10. ágúst 1853 skrifaði Brynjólfur Brynjólfsson til biskups um jörðina Núp, eignarrétt hennar og hundruð. Í bréfinu lýsti Brynjólfur eignarrétti sínum á 20 hundruðum en einnig háum kúgildafjölda á 1/3 hluta jarðarinnar, sem væri bændaeign.

---

261 Skjal nr. 2(253).
262 Skjal nr. 2(254).
263 Skjal nr. 4(1), bls. 193.
264 Skjal nr. 2(75).
265 Skjal nr. 2(81).
266 Skjal nr. 2(257).
267 Skjal nr. 2(407).

Þá segir Brynjólfur frá því að hann hafi látið upplesa á þingi landamerkjabréf fyrir Núp, en segir ekki hvenær það hafi verið gert eða hvaða dagsetning hafi verið á bréfinu. Að endingu sagði Brynjólfur að greiða yrði úr máli um kúgildi á jörðinni, ella myndi hann skila jörðinni um næstu fardaga auk þess sem hann varaði við því sem sr. Jón Sigurðsson skrifaði til biskups fyrir sína hönd.[268] Biskup svaraði með bréfi dagsettu 5. október sama ár en vísaði í bréf sitt frá 1. ágúst 1844 um réttindi Brynjólfs í þessu efni.[269]

Hinn 29. september 1857 seldi Brynjólfur Brynjólfsson 30 hundruð í Núpi ásamt umráðarétti yfir kirkjujörðinni Kotnúpi til Guðmundar Björnssonar á Lokinhömrum fyrir 400 ríkisdali. Kaupbréfið var þinglesið 28. júlí 1858.[270]

Hinn 28. desember 1860 bannaði Guðmundur Björnsson búfjárbeit og grasatekju á Núpsdal og búfjárbeit í svokölluðu Nesjum án leyfis.[271]

Við manntalsþing að Mýrum 28. júní 1861 var lesið bann frá 26. júní 1861 fyrir beit af lifandi pening á Núpsdal og svokölluðum Nesjum í Núpslandareign frá óviðkomandi mönnum.[272]

Hinn 2. september 1869 skrifaði Stefán Bjarnarson sýslumaður til stiftsyfirvaldanna yfir Íslandi en í bréfinu sagði Stefán það vera óvíst hvort Núpskirkja og Mýrakirkja ættu nokkuð í þeim jörðum sem þær stæðu á, á þann hátt að kirkjueignir þeirra væru tíundarfríar til konungs. Stefán óskaði eftir áliti stiftsyfirvalda um málið.[273]

Hinn 6. febrúar 1874 seldi Guðmundur Þorvaldsson tvö hundruð og 31 alin að nýju mati í Rana til Bjarna Kristjánssonar á Núpi. Kaupbréfið var þinglesið 11. ágúst 1874.[274]

Hinn 29. janúar 1880 seldi Ólafur Sakaríasson fjögur hundruð að nýju mati í Ytri-Húsum í Dýrafirði til Gísla Jónssonar á Svalvogum.[275]

Hinn 26. maí 1885 seldi Gísli Jónsson á Ketilseyri átta hundruð og 26 álnir í Ytri-Húsum til Hákonar Pálssonar á Kotnúpi. Kaupbréfið var þinglesið 29. maí sama ár.[276]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Núps í Dýrafirði er dagsett 2. desember 1889 en hún var innkomin til þinglesturs 16. janúar 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Núpi í Dýrafirði.
>
> 1, Að utanverðu í læk þann, er heitir Kaldilækur, eins og hann ræður frá sjó og að uppsprettu; síðan beina sjónhending á fjall upp.
>
> 2, Að innanverðu í Núpsá, og dal allan í á þá, er rennur úr Geldingadal og fellur í Núpsá.
>
> Núpur á beit í Alviðrubökkum vor og haust, svo og skipstöðu og naustgjörð. En Alviðra

[268] Skjal nr. 2(255).
[269] Skjal nr. 2(256).
[270] Skjöl nr. 2(285) og 2(452).
[271] Skjal nr. 2(286).
[272] Skjal nr. 2(436).
[273] Skjal nr. 2(243).
[274] Skjal nr. 2(287).
[275] Skjal nr. 2(288).
[276] Skjal nr. 2(289).

á selstöðu á Núpsdal, frá vori og það á haust fram, er þurfa þykir, svo og frjálsan fjárrekstur um Núpsdal, þó skal honum varnað ágangi í slægjuland það, er Núpur á.

Núpur á 5 kúgildabeit á Nesdal; sömuleiðis sauðfjárbeit á Skagahlíðum.

Núpskirkja á fjórðahluta af öðrum reka, viða og hvala, og öðrum fjörunytjum, frá Haukalæk hjá Alviðru, og til þess er sér mann úr skáladyrum í fjöru í Nesdal, að hálfföllnum sjó, frá teknum reitsólum á Fjallaskaga.

Það eru sagnir elztu manna, að Núpskirkja eigi tíunda hverja vætt af hval, sem rekur í Skálavík ytri, og hefir enginn ágreiningur út af því risið.

Núpi 2. dec. 1889.

Kristján Oddsson (eigandi Núps)

Gísli Oddsson, Guðrún Sakaríasdóttir (Eigendur Alviðru)

Kristján Andrésson Andrés Pétursson (Eigendur Skaga).

Frá alda öðli er mælt að Núpskirkja eigi frítt skipsuppsátur og búðargjörð á Fjallaskaga og hafa þau réttindi ávallt verið notuð. En eigendur Skaga eru því ekki samþykkir, nema frekari sannanir fáist.

Kristján Oddsson.[277]

Hinn 20. apríl 1896 seldi Kristján Oddsson jörðina Núp með hjáleigunum Kotnúpi, Rana og Innri-Húsum til Kristins Guðlaugssonar í Garði.[278] Afsalsbréfið var innkomið til þinglesturs 11. maí sama ár en með því seldi Kristján 32 hundruð og 69 álnir í Núpi ásamt hjáleigunum Kotnúpi, Rana og Innri-Húsum til Kristins.[279]

Hinn 30. mars 1898 seldi Hákon Pálsson hálfa jörðina Ytri-Hús, fimm hundruð að nýju mati, til Kristins Guðlaugssonar. Afsalsbréfið var þinglesið 4. júlí 1900.[280]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er fjallað um Núp ásamt hjáleigunum Kotnúpi og Ytri-Húsum. Þar segir eftirfarandi:

Kotnúpur

er næsta jörð við Klukkuland en utan Núpsá þar sem þetta er hjáleiga frá Núpi hefir hún sömu aðal landamerki og höfuðbólið að eins úr skipt tun og engi

[…]

Núpur

er næsta býli fyrir neðan Kotnúp. Landamerki að innan Núpsá og dalinn allan að Geldingadalsá að utan i Kaldalæk eins og hann ræður frá uppsprettu að sjó, og frá uppsprettu beint i fjall upp.

[…]

Jörðin Nupur er ein með slægnamestu jörðum hreppsins en mikið af þeim eru dalslæjur nokkuð fjarri. Motak er gott og nægjilegt Beitiland gott og ítök víða

Ýtrihús

áður hjáleiga frá Núpi. Landamerki (aðalmerki) söm og á Núpi, en af skipt tún og engi.[281]

[277] Skjal nr. 2(5).
[278] Skjal nr. 2(290).
[279] Skjal nr. 2(291).
[280] Skjal nr. 2(292).
[281] Skjal nr. 2(89).

Í undirmati II segir um landamerki Núps í Dýrafirði að þau séu að innan Núpsá og uppdalinn allan að Geldingadalsá, en að utan séu þau í Kaldlæk frá sjó ap uppsprettu og þaðan til fjalls. Jörðin var metin með Kotnúp, Rana, Innri-Húsum og Ytri-Húsum á 6.000 kr. Eigendur hennar voru Kristinn Guðlaugsson og Finnbogi Friðriksson.[282]

Hinn 29. september 1928 fóru fram skipti á Ytri-Húsum í Dýrafirði. Túnum og engjum var skipt milli Kristins Guðlaugssonar og Jens Jóhannessonar. Túninu var skipt í tvo parta en af engjunum fékk Kristinn svokallaða Neðri Grafarpart, Fremri Lambhaga og Neðra Sjávarengi. Jens fékk Efri Grafarpart, Neðri Lambhaga og Efra Sjávarengi. Mótaki var óskipt. Afrit af skjalinu var lagt fram í aukadómþingi Ísafjarðarsýslu 12. febrúar 1957.[283]

Í skýringum Kristins Guðlaugssonar, dagsettum 29. mars 1936, um fyrirhugað nýbýli í landi Ytri-Húsa í Mýrahreppi segir að land það sem Haraldur Kristinsson hafi fengið til að reisa á nýbýli sé hálft tún og hálfar engjar ásamt nokkru graslendi til viðbótar sem að jafnaði hafi ekki verið slegið. Stærð landsins er tilgreind 11,6 hektarar og að auki tveggja til þriggja hektara ræktanlegt land. Afrit af skjalinu var lagt fram í aukadómþingi Ísafjarðarsýslu 12. febrúar 1957.[284]

Með kaupsamningi, dagsettum 10. júní 1938, seldi Kristinn Guðlaugsson Haraldi Kristinssyni hálfa hjáleiguna Ytri-Hús í Mýrahreppi. Fram kemur í kaupsamningnum að landamerki nytjalands séu samkvæmt skiptagjörð, dagsettri 29. september 1928, sem sé innrituð í úttektarbók Mýrahrepps. Beitarlönd séu sameiginleg við heimajörðina Núp. Kaupverðið var 800 kr. Afrit af kaupsamningnum var lagt fram í aukadómþingi Ísafjarðarsýslu 12. febrúar 1957.[285]

Í ódagsettum minnisblöðum Kristins Guðlaugssonar, sem lést í september 1950, segist hann hafa keypt jörðina Núp með landamerkjum Núpsjarða, þ.e. landamerkjum utan heimajarðar og hjáleigna. Þá hafi hvílt á landareigninni að hver hjáleiga ætti tilkall til slægna eftir settum merkjum og beitar í óskiptu landi. Minnisblöðin voru lögð fram í aukadómþingi Ísafjarðarsýslu 12. febrúar 1957.[286]

Með kaupsamningi, dagsettum 15. ágúst 1951, seldu Sigtryggur Kristinsson, Unnur Kristinsdóttir, Hólmfríður Kristinsdóttir, Ólöf Kristinsdóttir og Guðný Kristinsdóttir þeim Hauki og Valdimar Kristinssonum á Núpi í Dýrafirði erfðahluti sína í jörðinni Núpi ásamt hlutum sínum í húsum, hjáleigunni Kotnúpi með húsum og jörðinni Birnustöðum. Fram kemur að öll hlunnindi fylgi jörðunum en í tilviki Núps er hvort tveggja vísað til landamerkjaskrár frá 2. desember 1889, þinglesinni 16. janúar 1890, og landamerkjaskrár frá árinu 1950. Undanþegnar kaupunum voru húsalóðir á heimajörðinni Núpi þar Núpsskóli hafði áður keypt og einnig vatnsréttindi til raforku neðan við Rana, sem heimiluð höfðu verið Núpsskóla árið 1930. Kaupverðið var 22.500

[282] Skjal nr. 2(89).
[283] Skjal nr. 2(229).
[284] Skjal nr. 2(228).
[285] Skjal nr. 2(224).
[286] Skjal nr. 2(227).

kr. Afrit af samningnum var lagt fram í aukadómþingi Ísafjarðarsýslu 12. febrúar 1957.[287]

Í desember 1954 fór Þorvaldur Zófaníasson á Læk fram á það við sýslumann Ísafjarðarsýslu að skipaðir yrðu matsmenn vegna áforma um færslu Núpsár í fornan farveg, sem markaði landamerki Lækjar og Núps, nánar tiltekið hvar Þorvaldi skyldi heimilt að veita ánni fram úr sjávarkambi. Sýslumaður útnefndi matsmennina í framhaldinu.[288] Þeir skiluðu niðurstöðu 9. apríl 1955 sem var þinglýst 25. júní 1957. Þar segir m.a.

> Undirritaðir hlýddu á rök landeigenda og álit um það, hvar áin hefði runnið áður, og hvar þeim þætti réttlátast að ánni væri ákveðin framrás. Einnig höfum við leitað álits óvilhallra manna um það, hvar Núpsá hefir runnið til sjávar á undanförnum áratugum. Virðist svo, eftir því sem fram kom í nefndum upplýsingum, að Núpsá hafi runnið til sjávar út við svonefnda Hundakotu yzt og innst undir Helluskeri og alls staðar þar á milli. Það fannst okkur ógjörlegt að vita hve lengi og hvenær áin hefir verið á hverjum stað á þessari 300 m leið, sem hún nú rennur inn með örmjóum malarkambi frá því hún rennur niður með holti eða hæð niður á móts við svonefnda Hundakotu, en beygir nú inn með sjónum nefnda leið, en líklega hefir áin runnið til sj´var hvar sem er í gegnum nefndan malarkamb, en brim og framburður árinnar ráðið því á víxl, hvar áin hefir runnið.
>
> Okkur undirrituðum fannst eðlilegast og réttlátast, að ánni væri veitt fram úr kambinum sem næst því, sem stefna árinnar er, síðasta spölinn að fjörukambinum. […] Að þessu öllu athuguðu, ákváðum við að áin skyldi grafin fram 35 m. – þrjátíu og fimm metrum – innan við litla vörðu, sem hlaðin var í grasbakkann við nefnda Hundakotu, í miðjan farveg. Miðað er við það, að 30 m séu inn að ytri mörkum árinnar.[289]

Í vitnisburði Guðrúnar Guðmundsdóttur, dagsettum 12. október 1955, er fjallað um landamerki Lækjar í Dýrafirði gagnvart Ytri-Húsum, fyrrum hjáleigu Núps. Vitnisburðurinn var framlagður í aukarétti Ísafjarðarsýslu 22. október 1956 og hljóðar svo:

> Þegar faðir minn Guðmundur Bjarnason bjó á Læk í Dýrafirði voru landamerki milli Læks og Ytri-Húsa, Nupsá. Hún á að renna utan við eyri sem er innan við ána, og þaðan beint í sjó.
>
> Samkvæmt sögn þeirra prófastanna í Holti, sera Stefáns sem byggði föður mínum jörðina um 1880 og síðar séra Janusar, átti ábúandi Lækjar að halda rennsli árinnar í farvegi sínum, þar sem hún vegna hafbáru leitaði öðru kvoru á Lækjar land. Lét faðir minn okkur systkinin vinna þetta verk. Heldum við ánni því oftastnær í farvegi sínum, með því að gera rás í kambinn – sem aldrei náði að verða stór. Reif áin sig þá fram á ný.[290]

Hinn 31. júlí 1956 lýstu eigendur jarðanna Ytri-Húsa, fyrrum hjáleigu Núps, og Haukabergs í Mýrahreppi, þeir Jens J. Jóhannesson, Haraldur Kristinsson og Þorvaldur J. Zófóníasson, merkjum milli jarðanna. Vísað var í skiptagerðir frá 29. september 1928

[287] Skjal nr. 2(225).
[288] Skjal nr. 4(41).
[289] Skjal nr. 4(41).
[290] Skjal nr. 2(223).

og frá árinu 1955. Þá voru aðilar samþykkir merkjalýsingu eigenda Haukabergs og Lækjar í Dýrafirði frá 12. júlí 1955. Skjalið var framlagt í aukarétti Ísafjarðarsýslu 22. október 1956 en efni þess hljóðar svo:

> Ytri mörk jarðarinnar Ytri Húsa er Kaldalækur frá sjó og að uppsprettu og þaðan bein sjónhending að þjóðvegi.
>
> Mörk milli hluta Jens Jóhannessonar af Ytri Húsum og Haukabergs fara eptir skiptagerð úttektarmanna frá 29. september 1928 og skiptagerð úttektarmanna frá 1955.
>
> Aðiljar eru samþykkir merkjalýsingu eigendar Haukabergs og Lækjar frá 12. júlí 1955, þar sem ákveðið er, að núpsá ráði mörkum milli Haukabergs og Lækjar frá þeim stað, er Ranalækur fellur í núpsá og til sjávar, þó þannig að undirritaðir eru því samþykkir, að eigandi Lækjar hefur veitt Núpsá frá grónu landi fram úr kambi og til sjávar um 30 – þrjátíu – metrum innan við Hundakotuhól. Skulu þar teljast mörk býlanna og haldast þau óbreytt framvegis, þótt farvegur árinnar kunni að breytast, nema nýtt samkomulag verði milli eigenda býlanna um breytingu þar á. Er þetta landamerkjaákvæði hér með samþykkt af Jens Jóhannessyni sem eiganda Ytri Húsa og að því er snertir jörð hans Ytri Hús.
>
> Að öðru leyti vísast til framangreindra landskiptagerninga og landamerkjalýsingar.[291]

Í ódagsettu skjali Kristins Guðlaugssonar er fjallað um skiptingu túna og slægjulands milli heimajarðarinnar Núps og hjáleignanna. Afrit skjalsins var lagt fram í aukadómþingi Ísafjarðarsýslu 12. febrúar 1957 en í því segir:

> Ranatún: Upp í gamla götutroðninga sem voru eftir undirtúninu (áður en það var sléttað).
>
> Engjar: Bein lína úr öskuhaugnum, út í Ranalækinn, allt þar fyrir neðan niður í á á milli lækjanna fyrir utan og innan Ranatún. Allar Ranamýrar innundir Inguholt og niður undir holtaborðin. Upp mýrina að innan réði lækjarfarvegurinn (gamli).
>
> Innrihús: Tún altt fyrir innan innri læk.
>
> Engjar: Lambamýri ofan við Inguholt út að lækjarfarveginum (gamla). Öfundarhvolf fyrir neðan Inguholt og allt undir holtaborðunum út í Ranalæk (innan við Rana). Ennfremur öll Lækjaraugu inn að vegi (gamla) og Hærri-nesin fyrir ofan flóðgarðinn innan til við „hól“ (Nesjakot, gamalt nafn). inn að Núpsá út að „augunum“ og upp að Kotnúpsmerkjum, sem liggja ofantil við núverandi skurð – neðri hluta hans – en eftir að hann beygir? í sömu stefnu og neðri (innri) hluti skurðsins.
>
> Kotnúpur: Tún eins og það vísar. Engjar: Frá nefndum merkjum að neðan milli ár, holta og túns fram á móts við Klukkuland.
>
> Ytrihús: Tún að innan eftir gömlum lækjarfarveg, sem liggur út úr núverandi Ytrihúsalæk, laust fyrir neðan gamla túngarðinn og í Núpslækinn – ytri – inn af Ytrihúsabænum. Tún allt út úr og ofanfyrir brekkuna, þar sem mýrin tekur við. Engjar allar á milli Ranalæks og Kaldalæks.
>
> Núpur: Tún, hið afmarkaða stykki milli Ytrihúsatúns, Ranatúns og Innrihúsatúns samkvæmt áðursögðu.
>
> Engjar: Lummuteigur, ofan við áður nefnda línu úr gamla öskuhaugnum á Rana, út í læk og inn að þúfnaborðunum og upp í lækjaruppsprettur. Stykkið utan við „augun“ í Nesjunum („Almenninga“) og Neðri-nesin frá flóðgarði niður að gamla vegi. – Ennfremur allar slægjur á Núpsdal fyrir framan Kotnúpsleiti og Geldingadalsá.

[291] Skjal nr. 2(222).

> Hjáleigurnar eiga óskipt beitarréttindi í beitarlöndum Núpsjarðar, fyrir þann pening, er fóðra má á slægjum þeirra.
>
> Þessi er skiptingin samkvæmt upplýsingum fyrrverandi eiganda og ábúanda jarðarinnar, Kristjáns Oddssonar og Ívars Einarssonar.
>
> Aths. Þegar ég seldi Sigtryggi sýni [svo] mýnum Rana, var girðingin látin ráða merkjum að innan og neðan út að innri læknum. Eftir að hann seldi skólanum var girðing sett á merkjunum að ofan. Að utanverðu þó heldur neðar en gömlu götutroðningarnir virtust benda til, var það vegna fjárhúsanna. Til uppbótar á því fékk skólinn neðsta hornið af Innrihúsatúninu, afmarkað af girðingu að ofan og innan, en af gamla lækjarfarveginum að utan og neðan (myndar þríhyrning).
>
> Gömlu götutroðningarnir innan við núverandi túngirðingu og út í undirtún eru óglöggir. Hygg ég þeir liggi þar nokkru neðar en girðingin milli Núpstúns og Ranatúns.[292]

Við aukadómþing 23. júlí 1958 var gerð sátt um landamerki milli jarðanna Núps og Lækjar í Dýrafirði. Landamerkjunum var þinglýst við manntalsþing að Mýrum 28. ágúst sama ár en efni þeirra er svohljóðandi:

> „Landamerki milli Núpstorfunnar og Lækjar skulu vera eins og hér segir:
>
> Núpsá allt fram að sjávarkambi við Sauðhústóftir (Hundakotu) en þvert yfir sjávarkambinn 90 metra innan við rætur Sauðhústófta (Hundakotu). Landamerkin gegnum sjávarkambinn skulu miðuð með tveimur steinum, sem settir skulu verða í holtið Lækjarmegin upp af grandanum og eru merkin þar sem steinarnir bera saman."
>
> Þorvaldur Zófaníasson Valdimar Kristinsson Haukur Kristinsson Haraldur Kristinsson.
>
> Þinglesið að manntalsþingi á Mýrum 28.8. 1958
>
> Jóh. Gunnar Ólafsson[293]

Hinn 9. ágúst 1958 var gengið frá merkisteinum á landamerkjum Núps og Lækjar eða eins og segir í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu:

> Merkin miðast í jarðfastan stein ca. 45 metr. frá ánni; eins og hún rennur nú inneftir ofanvið sjávarkambinn. Veltum við svo stórum steini í beina línu 17 metr. ofar. Steinarnir voru báðir málaðir með bláu vélalakki; einnig var máluð nibba á jarðföstum steini, sem snertir línuna til hægri, þegar merkið er miðað frá sjónum.
>
> Neðri-Hjarðardalur 23. sept. 1958.
>
> Kristj. Davíðsson Arngrímur Jónsson
>
> Fh. eigenda: Haukur Kristinsson Þorvaldur Zófoníasson.[294]

5.9.1 Haukaberg í Dýrafirði[295]

Lýsing um landamerki Haukabergs og Lækjar í Dýrafirði er dagsett 12. júlí 1955, móttekið til þinglýsingar 14. september sama ár og þinglesið 18. júlí 1856. Skráð er á eftirrit skjalsins úr afsals- og veðmálabók, að það hafi verið lagt fram í aukarétti Ísafjarðarsýslu 23. júlí 1956. Efni þess er svohljóðandi:

---

[292] Skjal nr. 2(226).
[293] Skjal nr. 2(6).
[294] Skjal nr. 2(7).
[295] Nýbýli sem var að nokkru stofnað úr landi Ytrihúsa sem voru hjáleiga Núps.

> Landamerkjalýsing.
>
> Við undirritaðir eigendur nýbýlisins Haukabergs og jarðarinnar Lækjar í Mýrahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu gjörum kunnugt:
>
> Ég undirritaður Haraldur Kristinsson, eigandi Haukabergs, leyfi hér með og samþykki eftirfarandi landamerki milli fyrr greindra býla:
>
> Núpsá skilji á milli nefndar [svo] býla frá þeim stað, er Ranalækur fellur í Núpsá, og til sjávar.
>
> Í sambandi við síðast greind landamerki, og til enn frekari skilmerkingar á þeim, lýsi ég, Haraldur Kristinsson, einnig yfir því, að ég leyfi hér með og samþykki, að eigandi jarðarinnar Lækjar veiti Núpsá frá grónu landi fram úr kambi og til sjávar, sem er um 30 – þrjátíu – metra leið frá Hundakotuhól. Skulu þessi landamerki þessara býla haldast óbreytt framvegis, þótt farvegur árinnar kunni að breytast, nema nýtt samkomulag verði milli eigenda beggja býla um breytingu á þeim.
>
> Eiganda Lækjar ber jafnan að halda landamerkjum þessum við á sinn kostnað, eftir því sem honum þurfa þykir og farvegur árinnar kann að breytast.
>
> Ég undirritaður Zophonías Jónsson, eigandi jarðarinnar Lækjar, er að öllu leyti samþykkur ofanrituðu.[296]

Landamerkjalýsingunni var mótmælt með svohljóðandi símskeyti til sýslumanns 2. september 1955, sem er skráð móttekið til þinglýsingar 14. september sama ár og þinglýst 20. júlí 1956:

> Mótmælum landamerkjaskrá þeirri sem Haraldur Kristinsson Haukabergi og Sófanías Jónsson Læk lögðu inn á skrifstou yðar 1. september síðast liðinn til þinglesningar þar sem deila um landamerkin milli Núps og Lækjar og eignarétt milli Núps og Haukabergs er óleyst.
>
> Valdimar Kristinsson.
>
> Haukur Kristinsson.
>
> Undirskriftir staðfestir Áslaug Jensdóttir símastúlka.

Í vitnisburði Guðrúnar Guðmundsdóttur, dagsettum 12. október 1955, er fjallað um landamerki Lækjar í Dýrafirði gagnvart Ytri-Húsum, fyrrum hjáleigu Núps. Vitnisburðurinn var framlagður í aukarétti Ísafjarðarsýslu 22. október 1956 og hljóðar svo:

> Þegar faðir minn Guðmundur Bjarnason bjó á Læk í Dýrafirði voru landamerki milli Læks og Ytri-Húsa, Nupsá. Hún á að renna utan við eyri sem er innan við ána, og þaðan beint í sjó.
>
> Samkvæmt sögn þeirra prófastanna í Holti, sera Stefáns sem byggði föður mínum jörðina um 1880 og síðar séra Janusar, átti ábúandi Lækjar að halda rennsli árinnar í farvegi sínum, þar sem hún vegna hafbáru leitaði öðru kvoru á Lækjar land. Lét faðir minn okkur systkinin vinna þetta verk. Heldum við ánni því oftastnær í farvegi sínum, með því að gera rás í kambinn – sem aldrei náði að verða stór. Reif áin sig þá fram á ný.[297]

Hinn 31. júlí 1956 lýstu eigendur jarðanna Ytri-Húsa og Haukabergs í Mýrahreppi, þeir Jens J. Jóhannesson, Haraldur Kristinsson og Þorvaldur J. Zófóníasson, merkjum

[296] Skjöl nr. 2(221) og 4(39).
[297] Skjal nr. 2(223).

milli jarðanna. Vísað var í skiptagerðir frá 29. september 1928 og frá árinu 1955. Þá voru aðilar samþykkir merkjalýsingu eigenda Haukabergs og Lækjar í Dýrafirði frá 12. júlí 1955. Skjalið var framlagt í aukarétti Ísafjarðarsýslu 22. október 1956 en efni þess hljóðar svo:

> Ytri mörk jarðarinnar Ytri Húsa er Kaldalækur frá sjó og að uppsprettu og þaðan bein sjónhending að þjóðvegi.
>
> Mörk milli hluta Jens Jóhannessonar af Ytri Húsum og Haukabergs fara eptir skiptagerð úttektarmanna frá 29. september 1928 og skiptagerð úttektarmanna frá 1955.
>
> Aðiljar eru samþykkir merkjalýsingu eigendar Haukabergs og Lækjar frá 12. júlí 1955, þar sem ákveðið er, að núpsá ráði mörkum milli Haukabergs og Lækjar frá þeim stað, er Ranalækur fellur í núpsá og til sjávar, þó þannig að undirritaðir eru því samþykkir, að eigandi Lækjar hefur veitt Núpsá frá grónu landi fram úr kambi og til sjávar um 30 – þrjátíu – metrum innan við Hundakotuhól. Skulu þar teljast mörk býlanna og haldast þau óbreytt framvegis, þótt farvegur árinnar kunni að breytast, nema nýtt samkomulag verði milli eigenda býlanna um breytingu þar á. Er þetta landamerkjaákvæði hér með samþykkt af Jens Jóhannessyni sem eiganda Ytri Húsa og að því er snertir jörð hans Ytri Hús.
>
> Að öðru leyti vísast til framangreindra landskiptagerninga og landamerkjalýsingar.[298]

5.10 Alviðra í Dýrafirði

Jón Sigurðsson biskup vígði hálfkirkju í Alviðru árið 1344.[299] Hennar er getið í máldögum Stefáns Jónssonar og skrá um kirkjur frá 1495. Hálfkirkjan var til árið 1583 og við biskupsvísitasíur árin 1639 og 1650 var Alviðra sögð hálfkirkjujörð. Brynjólfur biskup Sveinsson áleit kirkjuna ónauðsynlega árið 1650 og að leggja ætti hana niður.[300]

Í máldaga Stefáns biskups Jónssonar frá 1491–1518 segir um hálfkirkjuna í Alviðru við Dýrafjörð:

> Halfkirkian i alvidru. epter gamalla manna sogn oc ordtaki a xij^{c} jord er heitir skagi. oc liggur i dyrafirdi. et cetera.[301]

Um 1522–1540 vitnaði Ögmundur biskup á Skálholti að hann hefði selt Guðrúnu Björnsdóttur eldri hálfa jörðina Alviðru fyrir 24 hundruð í Sveinsey og 20 hundruð í Rauðsdal á Barðaströnd.[302]

Í vitnisburðarbréfi, dagsettu 26. júní 1545, var vitnað um eftirfarandi landamerki á milli jarðanna Núps og Alviðru þegar Jón Björnsson átti jarðirnar:

> jn primis at aluidra ætti land at gardi þeim sem geingur ofan ur fialle oc ofan j gnupsæa fyrir innan lambhaga. enn at migandalæk mille gerdhamra oc aluidru. jtem at alvidra eige selstaudu j nupsdal suo sem þarfnazt æa haust framm. enn þar j gen æa gnupur j alvidru land skipstaudu oc naustgiaurd. bio jaurundr heitenn bavdaursson xx uetur j alvidru eda leingur oc hiellt oc hafde þetta ataululaust oc alldrei kom hier misgreining

[298] Skjal nr. 2(222), sjá einnig skjal nr. 4(40).
[299] *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 786–787, skjal nr. 4(109).
[300] Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* II, bls. 214, skjal H-17.
[301] *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 81, skjal nr. 4(110).
[302] *Íslenzkt fornbréfasafn* IX, bls. 124–125, skjal nr. 4(88).

> æ suo uid uissum fýrr enn þorgautur heitenn olafsson uar radzmadur undir gnupe, og hier eptir uilium uid sueria ef þurfa þiker.[303]

Hinn 18. apríl 1567 seldi Hannes Björnsson Eggerti Hannessyni 20 hundruð í jörðinni Alviðru.[304] Hannes kvittaði Eggert fyrir sölunni 6. júlí 1567.[305]

Hinn 4. september 1570 var gerð eftirfarandi sátt um landamerki á milli Núps og Alviðru:

> Gnúps Bref.
>
> J nafne heilagrar þrenningar. þa medkennunst vier epterskrifader menn Jön Olafsson. Þorleifur Biarnason. Olafur Þorgautsson. Sveirn Jonsson. Þordur Sigfusson. Jon Grimsson. og giorum gödum mønnum kunnugt med þessu voru opnu brefe. ad ä þann fiorda dag Septembrismanadar. þa lided var fra hingadburd vors liufa lausnara Jesu Christi MDLXX ara ä Myrum i Dyrafirde. þa vorum vier þar i hia og heyrdum þar uppa ord og handaband þessara effterskrifadra manna. sem var af eirnre halfu Þorlakur bonde Einarsson. enn af annare halfu Eggert Hannesson. Enn þad falldest og skilldest under þessu þeirra handabande ad þeir med sier sømdu og nidursettu med sinn gödann vilia. og med voru og annara gödra manna tillage þa langvarande þrætu og agreining sem vered hafde um landamerke i langa tima i mille Gnups og Alvidru er liggia i Dyrafijrde. þa i fyrstu var so til skiled. ad Gnupur skyllde eiga allt land med allre jardarhøfn og fie þvi ollu sem þar kynne ad finnast i jordu og ä. og ecke fyndest eigande ad. fra garde þeim sem geingur ofann ur fialle og ofann i Gnupsä fyrer jnnann lambhaga. og ut i læk þann sem heiter Kalldalækur. so sem sagdur lækur helldur nu fra sinne uppsprettu. og til siöfar ofann hia Føgrutraud. Enn i annann mäta fra sinne uppsprettu rietta sionhending upp effter leitenu. og so riett upp effter hlijdenne ä fiall upp. so hvørke skillde steckia ut ä nie jnn ä hvørkis land fyrrgreindra jarda. Enn Alvidra skillde eiga land allt utann ad fyrrgreindum læk og fyrrskrifudum takmørkum bæde til fialls og fiøru. Svo og skillde Alvidra eiga fyrer alla þa sem þar kynnu ad bua. hvort þeir eru fleijre eda færre. a hvoriu äre frialsa beit fyrer allann þeirra pening vetur og sumar. haust og vor. hatt og lagt i fyrrskrifadann part. sem er ä [mille] greinds Kalldalækiar og fyrrskrifads gards þess sem geingur ur fialle og ofann i Gnupsä sem fyrr seiger. Hier med skillde og aller þeir sem i Alvidru biggia a hvøriu äre hafa frialsann torfskurd til Elldevidartaks i fyrrskrifudum parte. so sem þeim þætte sier vel þarfnast til sins buss a hvoriu äre. og þar med frelse þann Elldevid hijrda og þurka. og sidann heim til sin flytia. Hier med skyllde Alvidra eiga allann Reka vidar og hvala. og allt annad hvad ä land kynne ad bera fra greindum Kalldalæk og jnn i midia Gnupsä. þar med skillde Alvidrumenn eiga met frelse veide i Gnupsä. ad jafnfrialsu sem Gnupsmenn þa þeir villdu veida sem i Alvidru eru. nedann fra siö og upp ad fyrr greindum garde þeim meigenn sem Gnupsland er. enn vijst ei leingra framm effter anne. I annare grein skylldu og aller þeir sem i Alvidru bigge. hvørt þeir være marger eda faer. a hveriu äre hafa frialsa selfør med allann sinn pening ä Gnupsdal hvørt är fra vordøgum. og so langt framm ä haust sem þeir villdu. Skilldu og Alvidrumenn meiga lata reka og renna sina peninga um sumar hvert ä fyrrsøgdum tima. hätt og lagt. nedarlega og framarlega ä fyrrsogdum Gnupsdal. utann lata varda sinum peninge þeim Eingium. sem Gnupsmenn liete sialfer varda sier til slægna. Hier med skilldu Alvidrumenn hafa frialsa þiodgotu ä Gnupsdal til sinna þarfenda. hvert helldur þeir fære ed efra edur nedra um dalenn ä medann þeir hefdu i selenu. enn beita þo hvørke Eingiar nie taudur þeirra sem under Gnupe være. Svo og skilldu Alvidrumenn hafa selstødu ä Gnupsdal þar sem ad fornu hafde vered. og þar meiga giora hus effter þørfum sinum. og hafa þar til frialsa stungu og ristu þar a dalnum. lingrif og hrijsrif a fyrrsogd hus til tröds effter þorfum.

[303] *Íslenzkt fornbréfasafn* XI, bls. 417–418, skjal nr. 4(86).
[304] *Íslenzkt fornbréfasafn* XIV, bls. 610–611, skjal nr. 4(126).
[305] *Íslenzkt fornbréfasafn DI* XIV, bls. 628–630, skjal nr. 4(127).

> hier med torfskurd til Elldevidartaks so sem þeim þætte þarfna hvert är ä medann være vered i selenu. Skilldu Alvidrumenn meiga lata sin selhus ad frialsu standa þar ä dalnum hvert är. Svo og skilldu Gnupsmenn med frialsu meiga hafa skipa uppsatur i fulla naudsyn i Alvidruland þar hia Kalldalæk. enn lata þo ei leingur standa enn skemst mætte þeir sem under Gnupe eru. utann þeir leifdu þeim sem Alvidru ættu.[306]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um hálfkirkjuna á Alviðru í Dýrafirði:

> Hälffkirkian i Alvidru ä Fiallaskaga og .ij. kugilldi.
>
> […]
>
> Jtem er Jørdinn .Lx^{c}. og xviij^{c} betur.[307]

Árið 1576 gerði Eggert Hannesson grein fyrir fasteignum sínum að fráskildum þeim fasteignum sem þær kirkjur áttu, sem hann hafði þá að halda, og þeim 70 hundruðum er hann átti fyrir norðan og hafði áður veðsett Jóni Jónssyni lögmanni til kaups. Meðal jarða hans voru Auðshaugur, 24 hundruð, Hokinsdalur, fjögur hundruð, Skógar í Mosdal, 12 hundruð, Dynjandi í Arnarfirði, 18 hundruð, í Haukadal, sjö hundruð, Alviðra, 78 hundruð, Sæból, 60 hundruð, Fremri-Breiðadalur, 12 hundruð og Kjaransstaðir, 12 hundruð.[308]

Hinn 5. júlí 1680 seldi Jón Þorleifsson klausturhaldari, eftir bréflegri bón og í umboði Þuríðar Árnadóttur að Sæbóli, Oddi Jónssyni klausturhaldara Harastaði, 40 hundruð og 10 hundruð í Stöpum í Húnavatnssýslu. Á móti greiddi Oddur Þuríði hálfa Alviðru, sem reiknuð var til arfaskipta 40 hundruð, og hálfa jörðina Fjall á Skaga, sex hundruð að dýrleika.[309]

Hinn 16. júní 1693 heimilaði Torfi Jónsson sýslumaður sölu á hálfri Alviðru fyrir peninga.[310]

Hinn 26. júlí 1693 seldi Jón Torfason Ásmundi Ketilssyni hálfa jörðina Fjallaskaga, sex hundruð og níu hundruð í Alviðru. Torfi Jónsson staðfesti fyrrnefndan kaupgjörning sonar síns þann 21. ágúst sama ár.[311]

Hinn 28. júlí 1693 seldi Jón Torfason sr. Bjarna Brynjúlfssyni 20 hundruð í Alviðru.[312]

Hinn 20. september 1693 seldi sr. Bjarni Brynjólfsson Páli Torfasyni sýslumanni 10 hundruð í Alviðru fyrir fimm hundruð í Hjarðardal stærri og fimm hundruð í Berustöðum.[313]

---

306 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 433–436, skjal nr. 4(87).
307 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 575, skjal nr. 4(111).
308 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 103–104, skjal H-18.
309 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 171–172, skjal H-18.
310 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 174, skjal H-18.
311 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 174, skjal H-18.
312 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 175, skjal H-18.
313 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 175, skjal H-18.

Hinn 24. september 1693 meðkenndi Guðríður Magnúsdóttir að sonarsonur hennar Jón Torfason hefði mátt selja hálfa Alviðru, 39 hundruð (svo í hundruðum) með hálfum Fjallaskaga.[314]

Með kaupmálabréfi sr. Halldórs Torfasonar og Þuríðar Sæmundsdóttur, dagsettu 1. október 1695, kemur fram að Eggert Sæmundsson tilsagði tilgreindar fasteignir vegna elskulegrar systur sinnar, Þuríðar Sæmundsdóttur. Úr Ísafjarðarsýslu voru það 19 hundruð í Alviðru í Dýrafirði sem Þuríður Árnadóttir tilskildi að hún myndi halda þeim jarðarparti um lífstíð sína, nema hún gæti samið um annað og sex hundruð í Álfadal í Sæbólskirkjusókn, en þeim jarðarparti átti Ragnhildur Steinþórsdóttir að halda um sína lífstíð.[315]

Hinn 12. október 1700 seldi Magnús Magnússon Páli Torfasyni sýslumanni 10 hundruð í Alviðru.[316]

Hinn 12. október 1702 seldi Ásmundur Ketilsson níu hundruð í jörðinni Alviðru til sr. Sigurðar Jónssonar með vísun í sátt þeirra á milli frá 15. maí sama ár og ályktun alþingismanna frá 12. júlí sama ár.[317]

Með skýrslu dagsettri 19. maí 1703 lýsti Sigurður Jónsson því yfir að hann og eiginkona hans, Helga Pálsdóttir væru eigendur að 16 hundruðum í Sveinseyri, fjórum hundruðum í Vatnadal fremri í Súgandafirði, átta hundruðum í Sæbóli í Aðalvík, 12 hundruðum í Breiðabóli í Skálavík og níu hundruðum í Alviðruparti.[318]

Í skjali dagsettu 25. júní 1703 er lýst jörðinni Fjallaskaga. Þar kemur fram að á jörðinni hafi verið 20 verbúðir og skógartak, rista og stunga hafi fylgt þeim. Þá segir að kona Ásmundar Ketilssonar hafi átt það lausafé er hann gaf fyrir níu hundruð í Alviðru. Þá hefði hann leyfi til að selja hverjum sem hann vildi Alviðru.[319]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Alviðru í Dýrafirði:

> **Alvidra.**
>
> Bænhús hefur hjer verið, sem að stendur enn, en ekki hefur hjer embættisgjörð fram verið í 60 ár eður lengur.
>
> Jörðunni er sundur skift í tvo bæi, og standa þó báðir innan garða. Heitir sá minni Alviðruhús. Var það fyrst hjáleiga bygð á fornu fjósstæði hjer um fyrir 80 árum, en er nú talin xx hndr. úr allri jörðunni, úrskift einast að túni og engjum.
>
> Jarðardýrleiki lxxviii hndr., og so tíundast iiii tíundum, þar með eru talin Alviðruhús.
>
> Eigendur Páll Torfason að Núpi hjer í sveit að xx hndr., börn Þorgríms Halldórssonar að Svínanesi að xx hndr., Sr. Bjarni Brynjólfsson á Lækjarósi að ix hndr., Þuríður Sæmundsdóttir að Haukadal í Árnesssýslu að ix hndr.

[314] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 174, skjal H-18.
[315] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 145, skjal H-18.
[316] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 180, skjal H-18.
[317] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 244–245, skjal H-19.
[318] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* XIII, bls. 253, skjal H-19.
[319] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 174–175, skjal H-18.

Ábúandi á xx hndr. Páls og vi hndr. Þuríðar Gísli Brandsson. Ábúandi á xx hndr. barnanna og iii hndr. Þuríðar Sumarliði Nikulausson. Ábúandi á ix hndr. Sr. Bjarna Jón Bjarnason.

[…]

Alvidruhus, að fornu hjáleiga af jörðunni sem áður segir, en nú talið að dyrleika xx hndr., og so tíundast.

Eigandi að hálfri áðurnefndur Sr. Bjarni Brynjólfsson. Eigandi að öðrum x hndr. áðurnefnd Þuríður Sæmundsdóttir.

Ábúandinn á parti prestsins Bjarni Nicolausson. Á parti Þuríðar Jón Bjarnason áðurnefndur á heimajörðunni.

[…]

Útigángur er hjer í betra lagi í fjörunni en lítill á landi. Torfrista og stúnga bjargleg. Móskurður bjarglegur til eldiviðar með sverði. Silúngsveiði hálfa á jörðin í Núpsá upp i Berghyl, hún hefur nú brugðist að mestu leyti í margt ár. Reka fyrir heimalandi frá Haukslæk og í Núpsá. Þessi reki hefur heppnast lítt í margt ár og verið að litlu gagni.

Rekaítak er sagt að bænhúsið eigi nokkurt í Fjallaskagaland, sem nálægir kunna ekki greinilega að undirrjetta og vísa þar um til bænhússins máldaga. Selstöðu á jörðin á Núpsdal, sem brúkast átölulaust, en þar í mót hefur Núpur land frá Núpsá í Kaldalæk til allrar brúkunar nema móskurðar, og er hann nú að mestu eyddur.

Selveiði hefur verið fyrir heimalandi sæmileg en nú í nokkur ár mjög lítil, brúkast og lítt. Hrokkelsatekja hefur verið, heppnast nú lítt, þó til sje reynt.

Túninu hefur skriða spilt fyrir nokkrum árum, hún er nú sumstaðar sokkin en sumstaðar ei. Engjarnar hafa og stórlega spilst af skriðum, sem að áeykst meir og meir. Landlítið er og þar með allvíða skriðurunnið og í hrjóstur komið, og er því hjer stór hagabrestur fyrir kvikfje. Heimræði er hjer á sumur og haust, þó lángræði sje í meira lagi, þegar að fiskur gengur ekki inn á Dýrafjörð, og er þessi afli því oftlega svipull.

Fagratraud, eyðihjáleiga, hefur ei bygð verið í 80 ár eður lengur; en þeir sem nú lifa hafa talað við þann, sem þar hafa búið, en vita þó ekki hverjir byggíngarkostir verið hafa. En þetta land liggur í engjum heimajarðarinnar og má því ekki aftur byggja.

Hladsnes, fornt eyðiból hjer í landinu, þar sjást byggíngamerki af girðíngum og tóftarústum. Þetta eyðiból liggur út frá bænum í engjum jarðarinnar, og því má hjer ekki bygð setja, þar með er alt túnstæðið uppblásið og í hrjóstur komið.[320]

Hinn 4. maí 1729 seldi Markús Bergsson sýslumaður 10 hundruð í jörðinni Alviðru, sem kölluðust hálf Alviðruhús, til Orms Daðasonar sýslumanns fyrir 45 ríkisdali. Sama dag gaf Ormur nefnd 10 hundruð í Alviðru Guði til eflingar og heiðurlegum kennimanni í Mýrakirkjusókn við Dýrafjörð til uppheldis og ágóða. Skilyrði gjafabréfsins var að nefnd 10 hundruð skyldu ganga áfram til eftirmanna við Mýrakirkju.[321]

Í prófastsvísitasíu um Mýrakirkju frá 23. nóvember 1784 er fjallað um bækur og skjöl prestakallsins en þar er getið um gjafabréf Orms Daðasonar sýslumanns fyrir 10 hundruðum í jörðinni Alviðru, prestinum í Mýraþingum til uppheldis og úttekt um sama jarðarpart. Skjölin voru frá árunum 1766 og 1783.[322]

[320] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 78–80, skjal H-12.
[321] Skjal nr. 2(113).
[322] Skjal nr. 2(172).

Við manntalsþing að Mýrum 6. maí 1788 var þinglesið kaupbréf, dagsett 14. ágúst 1786, hvar sr. Markús Eyjólfsson seldi 10 hundruð í Alviðru til Petersens kaupmanns fyrir 55 ríkisdali.[323]

Við manntalsþing að Mýrum 9. júní 1790 var upplesið kaupbréf, dagsett 8. apríl sama ár, hvar Magnús Magnússon keypti af bróður sínum Ólafi 10 hundruð í Núpi og 7 og hálft hundrað í Alviðru fyrir 214 ríkisdali.[324]

Við manntalsþing að Mýrum 27. júní 1798 var þinglýst kaupbréfi hvar sr. Markús Eyjólfsson seldi Jóni Jónssyni í Alviðru 10 hundruð í samnefndri jörð fyrir 60 ríkisdali.[325]

Við manntalsþing að Þingeyri 2. maí 1800 var upplesið afsalsbréf, dagsett 27. desember 1799, hvar Torfi Snæbjörnsson seldi sex hundruð í Hvammi og tvö hundruð og 36 álnir í Alviðru til sonar síns, Bjarna Torfasonar, fyrir 72 ríkisdali og 36 skildinga.[326]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Alviðru metinn 55 hundruð en eigendur jarðarinnar voru fjórir. Af þeim er aðeins ábúandinn Jón Jónsson nafngreindur í jarðamatinu.[327]

Við manntalsþing að Þingeyri 25. júní 1814 var upplesið afsalsbréf, dagsett 7. júní 1814, fyrir fimm hundruðum í jörðinni Alviðru fyrir 110 ríkisdali frá dánarbúi Magnúsar Andréssonar á Sveinseyri til Þingeyrarhöndlunar.[328]

Við manntalsþingsrétt að Mýrum 11. apríl 1815 var upplesið kaupbréf, dagsett 15. nóvember 1814, fyrir fimm hundruðum í Alviðru fyrir 110 ríkisdali þar sem seljandi var A. Steenbach en kaupandi var Jón Jónsson á Alviðru.[329]

Við manntals þing að Þingeyri 13. apríl 1815 var þinglesið kaupbréf, dagsett 3. september 1813, fyrir fimm hundruðum í Alviðru gegn tveimur hundruðum í Brekku, 20 ríkisdölum og einni og hálfri rúgtunnu. Seljandi var Bjarni Torfason hreppstjóri en kaupandi var A. Steenbach faktor.[330]

Við manntalsþing að Mýrum 4. júní 1816 var upplesið kaupbréf, dagsett 30. janúar 1815, fyrir fimm og hálfu hundraði í Alviðru. Skráð er dóma- og þingbókina að kaupendur hafi verið Páll Guðmundsson og Páll Guðmundsson, en líklega er það misskráning og annar hafi verið Finnur Guðmundsson. Seljandi var sr. Ásgeir Jónsson. Við sama þing var upplesið kaupbréf, dagsett 4 febrúar 1815, fyrir fjórum og hálfu hundraði í sömu jörð fyrir 90 ríkisdali. Seljandi var A. Steenbach faktor en kaupendur voru bræðurnir Páll og Finnur.[331]

---

323 Skjal nr. 2(408).
324 Skjal nr. 2(409).
325 Skjal nr. 2(410).
326 Skjal nr. 2(411).
327 Skjal nr. 2(53).
328 Skjal nr. 2(412).
329 Skjal nr. 2(378).
330 Skjal nr. 2(413).
331 Skjal nr. 2(414).

Við manntalsþing að Mýrum 20. júní 1818 var upplesið kaupbréf, dagsett 17. október 1817, fyrir fjórum og hálfu hundraði í Alviðru fyrir 116 ríkisdali og 48 skildinga. Við sama þing var upplesið kaupbréf, dagsett 14. nóvember 1817, fyrir 10 hundruðum í sömu jörð fyrir 200 ríkisdali. Skráð er að seljandi á fimm hundruðum hafi verið Ástríður Gísladóttir en á 10 hundruðum hafi það verið bræðurnir Finnur og Páll Guðmundssynir. Kaupandi var Magnúson Jónsson á Arnarnesi.[332]

Við manntalsþing að Mýrum 27. júlí 1827 voru þinglesin þrjú kaupbréf, dagsett 13. september 1825, 18. maí 1826 og 23. september 1826, fyrir 19 og hálfu hundraði í Alviðru. Brynjólfur var kaupandi á öllum bréfunum fyrir samtals 374 ríkisbankadali og 48 skildinga.[333]

Við manntalsþing að Mýrum 18. júlí 1828 lýsti Magnús Jónsson á Alviðru kaupi sínum á fimm hundruðum í Alviðru, með bréfi dagsettu 29. október 1825, en seljandi var Sæmundur Jónsson á Lambadal. Kaupverðið var 120 ríkisbankadalir.[334]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Alviðra í Dýrafirði metin 78 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 var jörðin talin aðeins 55 hundruð að dýrleika. Þá hafi Árni Magnússon getið um eyðihjáleigur, Fagratröð og Hlaðsnes, sem árið 1805 voru brúkaðar saman frá Alviðru og Leiti. Þá segir að Árni Magnússon hafi nefnt Alviðruhús undir Alviðru, sem prestur eða sýslumaður nefni ekki.[335]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Alviðru:

> 12. Alvidra: Hjer eru Landþreyngsli mikil og slægjur laklegar, en beitarland ónógt[336]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 884 ríkisbankadali.[337]

Hinn 1. desember 1851 skrifaði Brynjólfur Brynjólfsson til biskups um að ágreiningur væri um landamerki milli Núps og Alviðru. Brynjólfur kvaðst hafa afrit af bréfi, sem skrifað hafi verið í Skálholti 24. maí 1712, en eftir efni þess vildi hann sjálfur fara. Alviðrubændur hafi á móti gert tilkall til selstöðu í Núpsdal, notað hana í nokkur ár, en í stað hennar hafi Núpur fengið svonefndan Lambhaga í landi Alviðru. Brynjólfur sagði Lambhaga hafa verið eign Núps árið 1368, en Alviðrumenn myndu byggja sín rök á gjörningi Eggerts Hannessonar hirðstjóra og Þorláks Einarssonar á Núpi frá miðri 16. öld. Brynjólfur óskaði eftir upplýsingum um landamerki kirkjueignarinnar og hvort óhætt væri að fara eftir áðurnefndu bréfi frá 1712, en að hans mati myndi bréf Alviðrumanna aðeins gilda um tíð Eggerts og Þorláks.[338]

Hinn 30. september 1861 seldi Sigmundur Sveinsson á Hrauni á Ingjaldssandi sex og hálft hundrað í Alviðru til Sakaríasar Jenssonar á Alviðru fyrir 221 ríkisdal.[339]

---

332 Skjal nr. 2(415).
333 Skjal nr. 2(416).
334 Skjal nr. 2(417).
335 Skjal nr. 4(1), bls. 194.
336 Skjal nr. 2(76).
337 Skjal nr. 2(81).
338 Skjal nr. 2(257).
339 Skjöl nr. 2(293) og 2(418).

Hinn 23. maí 1864 seldi Jón Magnússon fjögur hundruð í Alviðru til sonar síns, Jónasar Hallgríms Jónssonar fyrir 120 ríkisdali. Afsalsbréfið var þinglesið 11. ágúst sama ár.[340] Sama dag seldi Magnús Jónsson 78 álnir í Alviðru til bróður síns Jónasar Hallgríms fyrir 19 ríkisdali og þrjá skildinga og var það afsalsbréf sömuleiðis þinglesið 11. ágúst 1864.[341]

Með kaupbréfi dagsettu 30. september 1865 seldi Jón Magnússon fimm hundruð og 36 álnir í Alviðru til Jóns Eiríkssonar stýrimanns á Arnarnesi. Kaupbréfið var þinglesið 10. september 1866.[342]

Með kaupbréfi dagsettu 27. nóvember 1866 seldi Jón Magnússon á Alviðru sjö hundruð og sex álnir í Alviðru úr sinni eign og barna sinna til Guðmundar Sigurðssonar skipherra á Mýrum. Kaupbréfið var þinglesið 9. júlí 1867.[343]

Við manntalsþing að Mýrum 10. september 1866 var þinglesið kaupbréf Jóns Eiríkssonar frá 30. september 1866 fyrir fimm hundruðum og 36 álnum í Alviðru fyrir 159 ríkisdali.[344]

Við manntalsþing að Mýrum 9. júlí 1867 var þinglesið kaupbréf G. Sigurðssonar frá 27. nóvember 1866 fyrir sjö hundruðum og sex álnum úr Alviðru fyrir 218 ríkisdali og þrjá skildinga.[345]

Hinn 11. ágúst 1873 fóru fram makaskipti hvar Steinn Jónsson afhenti þrjú hundruð í Brekku í Þingeyrarhrepp til Jens Guðmundssonar bónda á Söndum, en hann lét Stein á móti fá fimm hundruð í Alviðru. Makaskiptabréfið var þinglesið 14. ágúst sama ár.[346]

Hinn 11. ágúst 1873 fóru fram makaskipti hvar Jón Sigurðsson afhenti sex hundruð í Brekku í Þingeyrarhrepp til Jens Guðmundssonar bónda á Söndum, en hann lét Stein á móti fá 10 hundruð í Alviðru. Makaskiptabréfið var þinglesið 14. ágúst sama ár.[347]

Hinn 11. ágúst 1873 fóru fram makaskipti hvar Jens Guðmundsson á Brekku afhenti fimm hundruð í Alviðru í Mýrahrepp til Steins Jónssonar bónda í Meðaldal, en hann lét Jens á móti fá þrjú hundruð í Brekku í Þingeyrarhreppi. Makaskiptabréfið var þinglesið 11. ágúst 1874.[348]

Hinn 11. ágúst 1873 fóru fram makaskipti hvar Jens Guðmundsson á Brekku afhenti tíu hundruð í Alviðru í Mýrahrepp til Jóns Sigurðssonar bónda á Hrauni, en hann lét Jens á móti fá þrjú hundruð í Brekku. Makaskiptabréfið var þinglesið 11. ágúst 1874.[349]

Með kaupbréfi dagsettu 15. júlí 1876 seldi Jón Sigurðsson á Hrauni tíu hundruð að fornu mati í Alviðru til Eggerts Magnússonar í Haukadal.[350]

---

340 Skjöl nr. 2(294) og 2(419).
341 Skjöl nr. 2(295) og 2(419).
342 Skjal nr. 2(296).
343 Skjal nr. 2(297).
344 Skjal nr. 2(420).
345 Skjal nr. 2(421).
346 Skjal nr. 2(298).
347 Skjal nr. 2(299).
348 Skjal nr. 2(300).
349 Skjal nr. 2(301).
350 Skjal nr. 2(302).

Hinn 22. nóvember 1877 seldi Guðrún Jónsdóttir á Mýrum 14 og hálft hundrað að fornu mati í Alviðru og fimm og hálft hundrað í Klukkulandi til Gísla Oddssonar. Afsalsbréfið var þinglesið 3. ágúst 1878.[351]

Hinn 15. október 1889 seldi Guðbjartur Guðbrandsson, fyrir eigin hönd og bræðra sinna Guðjóns og Guðmundar, 10 hundruð að fornu mati í Alviðru í Mýrahreppi til Þorvaldar Magnússonar á Ísafirði.[352]

Landamerkjaskrá jarðanna Alviðru og Leitis í Dýrafirði er dagsett 19. desember 1891 en var hún innkomin til þinglesturs 9. janúar 1892. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir jörðunum Alviðru og Leiti í Dýrafirði.
>
> Jarðirnar eiga land allt að Miðlyndislæk (í eldri skjölum kölluðum Mígandalæk) í svart berg, sem lækurinn kemur fram úr, og beint á fjall upp; að utanverðu að landamerkjum Gerðhamra. En að innanverðu eiga þær land allt í Kaldalæk, svo sem hann rennur og beint í fjall upp frá upptökum hans.
>
> Athugasemd: Lénsgarðar-parturinn „Leiti“ er innan þessara landamerkja en er í smá pörtum hér og hvar innan um þessar eignir, og verða því ekki gefin sérskyld landamerki fyrir þeim jarðarparti.
>
> Alviðru 19. dec. 1891
>
> Gísli Oddsson. G. Sakaríasdóttir Steinn Jónsson og Þorv. Magnússon, eigendur Alviðru.
>
> Kr. Oddson, eigandi Núps.
>
> Guðný Guðmundsdóttir (Eigandi Gerðhamra)
>
> Þórður Ólafsson, fyrir lénsjörðina „Leiti“.[353]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Alviðru:

> Alviðra.
>
> er næsta fyrir utan Leiti. Landamerki að innan sjá Núp að utan Miðlendislækur[354]

Í undirmati II segir um landamerki Alviðru í Dýrafirði að þau séu að utan Miðlendislækur en um merkin að innan er vísað í lýsingu Núps í fasteignamatinu. Jörðin var metin á 4.250 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[355]

Hinn 10. júlí 1930 fór fram uppboðsréttur að Alviðru þar sem tekið var fyrir að halda uppboð á 15 hundruðum að fornu mati í Alviðru, þinglesinni eign Þórodds Davíðssonar. Hæstbjóðandi var Brynj. Árnason cand. jur., f.h. Lárusar Jóhannessonar hrm., með 1.300 kr.[356]

Hinn 29. maí 1948 fóru fram landskipti á jörðinni Alviðru. Eigendur jarðarinnar voru Guðmundur Þorvaldsson, eigandi Alviðru I, 10 hundruð að dýrleika, Sigtryggur Kristinsson, eigandi Alviðru II, 17 hundruð að dýrleika, Kristján og Jóhannes

[351] Skjal nr. 2(283).
[352] Skjal nr. 2(303).
[353] Skjal nr. 2(8).
[354] Skjal nr. 2(90).
[355] Skjal nr. 2(90).
[356] Skjal nr. 2(422).

Þóroddssynir, eigendur Alviðru III, 15 hundruð að dýrleika, og Ágúst Guðmundsson, eigandi Alviðru IV, 13 hundruð að dýrleika. Um dýrleika var vísað til jarðabókar frá 1861. Túnið var mælt og reyndist það vera 49.526 fermetrar en afmörkun túnparta er lýst í landskiptabók. Þá var útræktum og veitulandi skipt og fóru skipti á þeim fram þannig:

> Útræktunum var skipt þannig
>
> Í hlut Alviðru I kom túnblettur sérgirtur utan við túngirðingu að stærð: 9185 m^2 Alviðra II hlaut svonefnda Fögrutröð, innst í Alviðru túngirðingu niður við sjó. og alla útrækt sem slegin verður fyrir ofan túngarð, frá Leitismerkjum að innan og út að settum merkjum á grjóthrygg upp af bæjarlæk Alviðru III. Alviðra III fékk í sinn hlut útræktarblett fyrir ofan ^{tún} garð frá nefndum grjóthrygg og út að settu merki innan við útrækt Alv. IV og upp úr sem slegið verður.
>
> Einnig á Alv. III útrækt alla fyrir utan túngarð niður að útrækt Alviðru IV og út sem slegið verður, og upp að settu þvermerki 38 m. fyrir ofan veg og beint út sem slegið verður.
>
> Alviðra IV hlaut útrækt í tveim hlutum. Efri hluti fyrir utan og ofan útræktarmerki Alviðru III upp og út sem slegið verður. Neðri hluti er fyrir ^{neðan} útrækt Alviðru III í svo nefndri Kattarlág, ~~upp~~ inn að túngarði og niður að holti og út úr sem slegið verður.
>
> Allar þessar útræktir eru innan túngirðingar, nema útrækt Alv. I. Til þess að jafna stærð útrækta milli jarðarhluta, heimilast Alviðru II að taka til ræktunar móa og melablett í nást við útr. Alv. I ca 4000 m^2.
>
> Veituland mælt upp, fyrir neðan túnmerki (veitumerki) út að læk innan við Leitisveitu, niður að túngirðingu á sjávarbökkum inn að Fögrutröð og Leitismerkjagarði og upp að Leitisbrekku, fyrir innan tún.
>
> Reyndist stærðin að vera 8.9 ha.
>
> Var veitunni skipt þannig. Ysta partinn upp að túni og niður að girðingu og inn að settum og hældum merkjum, hlaut Alviðra IV. Næsta part sömuleiðis upp að túni og niður að girðingu hlaut Alviðra III, sömul. inn að settum og hældum merkjum.
>
> Næsta partinn, hinn 3ja í röðinni að utan, hlaut Alviðra I upp að túni og inn í túnþoll sem aðskilur tún Alviðru I og II að neðan, og niður þaðan í beinu áframhaldi af því túnmerki og niður í girðingu innan við fjárhús og hlöður Alviðru I. Næsta part hlaut Alviðra II, inn að settum og hældum hornmerkjum í neðra túnmerki og niður við girðingu.
>
> Næst þar fyrir innan hlaut Alviðra IV inn að settum og hældum merkjum að ofan undir Leitisbrekku og niður við girðingu. að neðan.
>
> Næsti þar fyrir innan hlaut Alviðra III, sömuleiðis að hældum hornmerkjum upp við Leitisbrekku og niður við girðingu.
>
> Innsta partinn sem nær upp að Leitisbrekku og niður að girðingu hlaut Alviðra I.
>
> Efri hluta þess lands sem þar er fyrir innan niður að settu þvermerki, inn að Leitismerkjagarði og upp að Leitisbrekku hlaut Alviðra IV, en Alviðra II hlaut innst og neðst í Veitum. Upp að þvermerki Alv. IV, út að innra merki, innra parts Alviðru I, niður að girðingu og inn að Leitismerkjagarði og Fögrutröð. Skiptagerðin lesin og komu engar athugasemdir fram.[357]

[357] Skjal nr. 2(44).

5.11 Leiti í Dýrafirði

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Leitis metinn 23 hundruð en fram kemur að jörðin var að 10/23 hlutum lögð sem mensalsjörð til prests að Mýrum, Núpi og Sæbóli en öðru leyti tilheyrði jörðin Kristínu Jónsdóttur, ekkju Jóns Arnórssonar sýslumanns. Þá segir að Leiti hafi í hinni gömul jarðabók, þ.e. *Jarðabók* Árna og Páls, gengið undir heitinu Alviðruhús og hafi þá verið hjáleiga Alviðru. Nú sé hún hins vegar skilin frá þeirri jörð. Einnig segir að eyðihjáleigurnar Fagratröð og Hlaðsnes nýtist að einhverju leyti sem beitilönd.[358]

Með kaupbréfi dagsettu 9. október 1831 seldi Jón Halldórsson á Sellátrum við Tálknafjörð eitt hundrað og 36 álnir í Leiti við Dýrafjörð til Árna Jónssonar í Æðey. Kaupbréfið var þinglesið 15. ágúst 1834.[359]

Með kaupbréfi dagsettu 29. október 1831 seldu Jóhannes Halldórsson í Heiðdal í Vatnsfjarðarsveit, Friðrik Halldórsson á Eyri í Vatnsfjarðarsveit og Helgi Einarsson á Laugabóli í Ögursveit þrjú hundrað og 108 álnir í Leiti við Dýrafjörð til Árna Jónssonar í Æðey.[360]

Við manntalsþingsrétt að Mýrum 15. ágúst 1834 var upplesið kaupbréf, dagsett 29. október 1831, fyrir þremur hundruðum og 108 álnum í Leiti fyrir 12 og hálfa spesíu. Við sama þing var upplesið kaupbréf frá 9. október 1831 fyrir einu hundraði og 36 álnum í sömu jörð, einnig fyrir 12 og hálfa spesíu.[361]

Við manntalsþing 22. júní 1848 var þinglesið afsalsbréf frá A. Jónssyni til Sakaríasar Jenssonar fyrir 10 hundruðum og 80 álnum í Leiti fyrir 290 ríkisbankadali, dagsett 22. júní 1847.[362]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Leiti:

> 13. Leiti: Þetta Kot, sem er ljensjórd Prests í Mýraþíngum þó eígí vilji hann búa þar, er hagalítid og eigi allgott, enda ekki heldur vel ræktad ad fornu.[363]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 160 ríkisbankadali.[364]

Landamerkjaskrá Alviðru og Leitis í Dýrafirði er dagsett 19. desember 1891 en var hún innkomin til þinglesturs 9. janúar 1892. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir jörðunum Alviðru og Leiti í Dýrafirði.
>
> Jarðirnar eiga land allt að Miðlyndislæk (í eldri skjölum kölluðum Mígandalæk) í svart berg, sem lækurinn kemur fram úr, og beint á fjall upp; að utanverðu að landamerkjum Gerðhamra. En að innanverðu eiga þær land allt í Kaldalæk, svo sem hann rennur og beint í fjall upp frá upptökum hans.

---

358 Skjal nr. 2(54). Kristín er ekki nafngreind í matinu. Sjá um hana og Jón Arnórsson yngri í *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* III, Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1950, bls. 53.
359 Skjal nr. 2(304).
360 Skjal nr. 2(305).
361 Skjal nr. 2(423).
362 Skjal nr. 2(424).
363 Skjal nr. 2(76).
364 Skjal nr. 2(81).

> Athugasemd: Lénsgarðar-parturinn „Leiti“ er innan þessara landamerkja en er í smá pörtum hér og hvar innan um þessar eignir, og verða því ekki gefin sérskyld landamerki fyrir þeim jarðarparti.
>
> Alviðru 19. dec. 1891
>
> Gísli Oddsson. G. Sakaríasdóttir Steinn Jónsson og Þorv. Magnússon, eigendur Alviðru.
>
> Kr. Oddson, eigandi Núps.
>
> Guðný Guðmundsdóttir (Eigandi Gerðhamra)
>
> Þórður Ólafsson, fyrir lénsjörðina „Leiti“.[365]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Leiti í Dýrafirði:

> Leiti
>
> er næsta jörð við Núp Landamerki sjá Alviðru hjer á eftir.[366]

Í undirmati II er jörðin Leiti í Dýrafirði sögð eiga landamerki samkvæmt jörð nr. 98 í fasteignamatinu. Jörðin var metin á 750 kr. Eigandi hennar var Dýrafjarðarþingaprestakall.[367]

Við aukarétt Ísafjarðarsýslu 20. apríl 1925 var tekið fyrir að dómkveðja tvo hæfa og óvilhalla menn til að gera lýsingu á jörðinni Leiti í Mýrahreppi og meta til peningaverðs. Tilkvaddir voru bændurnir Kristinn Guðlaugsson og Kristján Davíðsson.[368]

Í minnisblaði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 2. september 1926 um jörðina Leiti segir að eftir lýsingu matsmanna sé um lélegt kot að ræða og í framhaldinu er skráð að jörðin sé metin á 1.500 kr.[369]

Hinn 20. desember 1926 afsalaði ráðherra Íslands kirkjujörðinni Leiti til Sigurðar Jónssonar fyrir 1.500 kr.[370]

5.12 Gerðhamrar í Dýrafirði

Hinn 28. apríl 1679 staðfesti Eggert Björnsson og gerði vitanlegt að hann hefði að beiðni bróður síns, sr. Páls Björnssonar, keypt af Ólafi Jónssyni Kloo Gerðhamra, reiknaða 30 hundruð að dýrleika og Arnarnes, 20 hundruð að dýrleika, og hefði svo selt bróður sínum þessar sömu jarðir.[371]

Hinn 9. ágúst 1680 gerði Eggert Björnsson kunnugt að bróðir hans, sr. Páll Björnsson, hefði greitt að fullu fyrir jarðirnar Gerðhamra og Arnarnes, bæði í dölum og fiski.[372]

---

365 Skjal nr. 2(8).
366 Skjal nr. 2(91).
367 Skjal nr. 2(91).
368 Skjal nr. 2(425).
369 Skjal nr. 2(212).
370 Skjal nr. 2(525).
371 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 171, skjal H-18.
372 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 115–116, skjal H-18.

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Gerðhamra í Dýrafirði:

> **Gierdhamrar** eður **Geirshamrar.**
>
> Jarðardýrleiki xxiiii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn prófasturinn Sr. Sigurður Jónsson að Holti í Önundarfirði.
>
> Ábúandinn á hálfri Páll Þorgilsson. Á hinum helmíngnum Þórður Jónsson.
>
> […]
>
> Útigángur í fjörunni góður en lítill á landi. Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Svörður með taði undan kvikfje brúkast til eldiviðar. Lýngrif lítið, brúkast ei. Silúngsveiði valla með hlunnindum teljandi í Gerðhamraá. Reki hefur verið, sem ýmsar kirkjur eiga, en jörðunni sjálfri heyrir ekkert til af nefndum reka. Sölvafjara hefur verið góð og gagnvæn að fornu, hún hefur hjer um fyrir 30 árum af ísum foreyðst og síðan aldrei upp sprottið.
>
> Túninu granda lækir með aurs áburði. Engjar eru að mestum parti eyðilagðar af skriðum. Úthagarnir og í sama máta mjög fordjarfaðir af skriðum. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum og snjóflóðum og hefur oft að því mein og skaði orðið.
>
> Heimræði er hjer ár um kríng, þá fiskur er fyrir, þó lángræði sje í meira lagi og lendíng brimsöm mjög og hættuleg, þegar að amar, so að sæta þarf sjáfarföllum, og gengur eitt skip ábúanda eður tvö eftir sem þeir fá við komið. Skipsuppsátrið er mjög ilt og hafa hjer jafnlega laskast skip af snjófalli úr bökkunum fyrir ofan og so stundum af sjáfargángi.
>
> **Gyrde,** eyðihjáleiga. Bygð við heimatúnið fyrir vel 20 árum og varaði bygðin inn til næstu 13 ára, síðan í auðn.
>
> Dýrleikinn var óviss.
>
> […]
>
> Þessi grasnautn fylgir nú heimajörðunni og eykur það þó að öngvu jarðarinnar skuldir, skertust þær og ekki heldur meðan bygðin varaði á hjáleigunni. Ekki má aftur byggja fyrir heyskaparleysi.[373]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Gerðhamra metinn 24 hundruð en eigendur jarðarinnar voru fimm einstaklingar sem ekki eru nafngreindir í matinu. Þá segir að eyðihjáleigan Gerði fylgi með í matinu.[374]

Við manntalsþing að Mýrum 13. maí 1809 var þinglesið afsalsbréf Sigurðar Guðbrandssonar til Páls Þorsteinssonar á fimm hundruðum í Gerðhömrum fyrir 20 ríkisdali specie og 80 ríkisdali Courant.[375]

Við manntalsþing að Þingeyri 12. apríl 1813 var þinglesið kaupbréf, dagsett 20. janúar 1813, fyrir tveimur hundruðum í Gerðhömrum við Dýrafjörð fyrir 48 ríkisdali courant. Seljandi var Guðrún Ólafsdóttir en kaupandi Torfi Gíslason.[376]

Við manntalsþing að Mýrum 24. júní 1814 var þinglesið kaupbréf, dagsett 8. júní 1813, fyrir sex hundruðum í Gerðhömrum, fyrir 150 ríkisdali Courant. Einnig var þinglesið kaupbréf, dagsett 22. júní 1813, fyrir fimm hundruðum í sömu jörð, fyrir 125

[373] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 80–81, skjal H-12.
[374] Skjal nr. 2(55).
[375] Skjal nr. 2(426).
[376] Skjal nr. 2(427).

ríkisdali. Seljandi á fyrra bréfinu var Bjarni Sigmundsson, fjárhaldsmaður Ásbjarnar Halldórssonar á Kirkjubóli, en seljandi á því síðarnefnda var Páll Þorsteinsson á Gerðhömrum. Kaupandi var Brynjólfur Hákonarson á Mýrum.[377]

Við manntalsþing að Mýrum 4. júní 1816 var upplesið kaupbréf, dagsett 14. ágúst 1816, fyrir tveimur hundruðum í Gerðhömrum fyrir 60 ríkisdali. Kaupandi var Brynjólfur Hákonarson á Mýrum en seljandi var Torfi Gíslason á Kjaransstöðum.[378]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Gerðhamrar í Dýrafirði metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 var eyðihjáleigan Girði talin með. Sýslumaður segir jörð þessa útlagt prestssetur.[379]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Gerðhamra:

> 6. Gerdhamrar: vegna útigángs og hægdar til hverskonar sjófánga.[380]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 600 ríkisbankadali.[381]

Hinn 28. júní 1861 lýstu B. Hákonarson og B. Sigvaldason forboði þess efnis að þeir bönnuðu grasatekju á Arnarnesi og í Gerðhamradal án leyfis beggja landeigenda. Forboðið var þinglesið sama dag.[382]

Við manntalsþing að Mýrum 28. júní 1861 var lesið bann frá 28. júní 1861 fyrir leyfislausri grasatekju á Arnarnesi og Gerðhamradal.[383]

Með kaupbréfi dagsettu 11. desember 1863 seldi Guðmundur Ásbjörnsson þrjú og hálft hundrað í Gerðhömrum í Mýrahreppi til Bjarna Bjarnasonar á Hrafnabjörgum. Kaupbréfið var þinglesið 11. ágúst 1864.[384]

Við manntalsþing að Auðkúlu 13. ágúst 1864 var þinglesið kaupbréf Bjarna Bjarnasonar á Björgum, dagsett 11. desember 1863, fyrir þremur og hálfu hundraði í Gerðhömrum fyrir 157 ríkisdali.[385]

Með kaupbréfi dagsettu 17. nóvember 1866 seldi Guðbrandur Jónsson á Skaga fjögur hundruð að gömlu mati í Gerðhömrum í Mýrahreppi til Guðmundar Brynjólfssonar á Mýrum. Kaupbréfið var þinglesið 8. júlí 1868.[386]

Við manntalsþing að Mýrum 8. júlí 1868 var þinglesið kaupbréf Guðmundur Brynjúlfssonar, dagsett 17. nóvember 1866, fyrir fjórum hundruðum að fornu mati úr Gerðhömrum fyrir 180 ríkisdali.[387]

Landamerkjabréf jarðarinnar Gerðhamra er dagsett 10. desember 1889 en það var innkomið til þinglesturs 22. apríl 1890. Efni þess er svohljóðandi:

---

377 Skjal nr. 2(428).
378 Skjal nr. 2(414).
379 Skjal nr. 4(1), bls. 194.
380 Skjal nr. 2(75).
381 Skjal nr. 2(81).
382 Skjal nr. 2(306).
383 Skjal nr. 2(436).
384 Skjal nr. 2(307).
385 Skjal nr. 2(429).
386 Skjal nr. 2(308).
387 Skjal nr. 2(430).

> Landamerki Gerðhamra.
>
> 1, Að utanverðu milli Gerðhamra og Arnarness ræður áin fram eptir dalnum, síðan eptir læknum í miðjum tungunum, sem hann rennur, og svo sem lækurinn rennur fyrir ofan tungurnar, sem þeir fyrri menn hafa nefnt á, og eptir lægstu heiðunum allt út á hæðstu heiði, en þaðan svo sem brúnir ráða.
>
> 2, Milli Gerðhamra og Alviðru ræður Míganda-lækur, sem í seinni tíð nefnist Miðlendis-lækur, eins og hann rennur beint upp eptir þangað, sem hann rennur fram úr bergi; þaðan ræður sjónhending beint á fjall upp.
>
> Mýrum 10. dec. 1889
>
> Guðný Guðmundsdóttir Guðbjörg Bjarnadóttir (Eigendur Gerðhamra)
>
> Þessa merkjaskrá samþykkjum við eigendur Arnarness:
>
> Gils Þórarinsson Pétur Bjarnason Bjarni H. Bjarnason. Jón Björnsson
>
> Eigendur Alviðru:
>
> G. Oddson G. Sakaríasdóttir.[388]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Gerðhamra:

> Gerðhamrar
>
> er næsta jörð við Alviðru. Landamerki að innan sjá Alviðru að utan Arnarnesá.
>
> […]
>
> Jörðin hefur Mótekju og er góð beitarjörð sumar og vetur.[389]

Í undirmati II segir um landamerki Gerðhamra að þau séu að utan Arnarnestá en um merkin að innan er vísað í jörð nr. 98 í fasteignamatinu. Jörðin var metin á 2.400 kr. Eigendur hennar voru Guðmundur Ág. Guðmundsson og Baldvin Sigurðsson.[390]

5.13 Arnarnes við Dýrafjörð

Hinn 28. apríl 1679 staðfesti Eggert Björnsson og gerði vitanlegt að hann hefði að beiðni bróður síns, sr. Páls Björnssonar, keypt af Ólafi Jónssyni Kloo Gerðhamra, reiknaða 30 hundruð að dýrleika og Arnarnes, 20 hundruð að dýrleika, og hefði svo selt bróður sínum þessar sömu jarðir.[391]

Hinn 9. ágúst 1680 gerði Eggert Björnsson kunnugt að bróðir hans, sr. Páll Björnsson, hefði greitt að fullu fyrir jarðirnar Gerðhamra og Arnarnes, bæði í dölum og fiski.[392]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Arnarnes í Dýrafirði:

> **Arnarnes.**
>
> Bænhús segja munnmæli að hjer hafi að fornu verið, en af fallið fyrir manna minni.

[388] Skjal nr. 2(9).
[389] Skjal nr. 2(92).
[390] Skjal nr. 2(92).
[391] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 171, skjal H-18.
[392] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 115–116, skjal H-18.

> Jarðardýrleiki xviii hndr., og svo tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn prófasturinn Sr. Sigurður að Holti.
>
> Ábúandinn Nicolaus Bjarnason.
>
> […]
>
> Útigángur í betra lagi bæði á landi og í fjörunni. Skógur hefur verið til kolgjörðar og eldiviðar, hann er nú gjöreyddur. Torfrista og stúnga lítt nýtandi. Móskurður til eldiviðar lítill og erfitt til að sækja. Silúngsveiði lítil og valla teljandi í Arnarnessá. Grasatekja hefur verið fyrir heimili, hún er nú að kalla eydd. Selveiði lítil og valla til hlunninda teljandi. Rekavon lítil er hjer fyrir landinu, sem frá jörðinni er gefin í gamla daga til Mýrakirkju, Núpskirkju og hálfkirkjunnar í Alvriðu. Sölvafjara er hjer í betra lagi, þó hún spillist stundum af hafís eður lagnaðarís, og eigna áðurnefndra kirkna forsvarsmenn þeim þessa fjöru. Þó hafa ábúendur brúkað hana að nokkru leyti stundum, þó það hafi ekki verið í alla staði ágreiníngslaust. Hrokkelsaveiði hefur veirð nokkur, heppnast misjafnt. Lýngrif er hjer og bjarglegt.
>
> Túnið hefur spilst til forna af snjóflóðum með grjóts áburði, en ekki so stórlega í nokkur ár, en þó grandar því nú grjóthrun nokkuð lítið. Engjarnar eru að mestu leyti eyðilagðar fyrir skriðum og grjóthruni, sem að áeykst árlega meir og meir. Úthagar eru og mjög af sjer gengnir, skriðurunnir, uppblásnir, og í hrjóstur komnir. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum þó ekki verði jafnaðarlega að því stór skaði. Heimræði er hjer sumar og haust, en sjaldan brúkast það vor eður vetur, er þó lendíng ærið brimsöm, og gengur hjer nú eitt skip ábúanda og stundum tvö.[393]
>
> […]

Þá segir í eftirmála í lýsingu um Grunnavíkursveit í *Jarðabók* Árna og Páls:

> Eftirfarandi grein stendur á lausum miða, sem lagður var í handritinu við Birnustaði í Ögurssveit, en greinin ætti að koma inn á bls. 83 (milli Arnarness og Birnustaða), en sú örk var prentuð er miðinn fanst:
>
> Innri Vogar heita í Arnarnesslandi, Ytri Vogar í Birnustaðalandi, og eru þessir tvennir Vogar þar sem löndin mætast Arnarness og Birnustaða.
>
> Í þessum tvennum Vogum hafa fyrrum legið til fiskjar um vertíð skip úr Dýrafirði, og gefið þar vertoll (fjórðúng eftir mann), sem landsdrotnar uppbáru. Í Innri Vogum reru 3 skip þá flest voru, í Ytri Vogum 2 eður 3. Þessar tvær veiðistöður eru nú í nokkur ár aflagðar, því hjer er hætt bæði skipum og mönnum fyrir grjóthruni úr fjallinu.[394]

Við manntalsþing að Mosvöllum 27. apríl 1729 stefndu sr. Sigurður Sigurðsson og Guðbrandur Sigurðsson Þórkötlu Jónsdóttur á Sæbóli á Ingjaldssnaid fyrir rétt til að heyra vitnisburði um kaupgjörning um jörðina Arnarnes í Dýrafirði. Magnús Snæbjörnsson mætti fyrir hennar hönd. Vitnin voru innstefnd til að vitna um kaupgjörning þar sem foreldar sr. Sigurðar og Guðbrands, sr. Sigurður Jónsson og Helga Pálsdóttir, höfðu selt Þórkötlu jörðina Arnarnes. Í vitnisburði Ólafs Sigurðssonar, Ólafs Jónssonar og Guðmundar Gilssonar kom fram að þeir hafi verið viðstaddir kaupgjörninginn sem fram fór í Holti 9. febrúar 1729 þar sem Helga hafi selt Þórkötlu jörðina, en sr. Sigurður hafi handsalað konu sinni kaupbréfið. Hvorugt þeirra hafi þó skrifað undir kaupbréfið.[395]

---

[393] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 82–83, skjal H-12.
[394] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 317, skjal H-12.
[395] Skjal nr. 2(431).

Við manntalsþing að Mýrum 5. maí 1789 var upplesið kaupbréf, dagsett 14. október 1788, hvar Jón Gunnarsson keypti níu hundruð í Arnarnesi af Kristínu Bergsveinsdóttur fyrir 87 ríkisdali.[396]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Arnarness metinn 18 hundruð en eigendur jarðarinnar voru J. Gunnarsson hreppstjóri og Margrét Björnsdóttir. Þá segir að í hinni gömlu jarðabók, þ.e. *Jarðabók* Árna og Páls, sé fjallað um tvö fiskipláss kölluð Vogar en þau séu fyrir löngu aflögð.[397]

Við manntalsþing að Þingeyri 22. júní 1818 var upplesið kaupbréf frá 14. október 1817 hvar Herdís Eggertsdóttir keypti eitt hundrað og 90 álnir í Arnarnesi af Magnúsi Guðmundssyni fyrir 57 ríkisdali og 26 skildinga. Við saman þing var upplesið kaupbréf frá sama degi, en í dóma- og þingbókina sé skráð að það hafi verið dagsett 14. október 1818. Með því keypti Þorvaldur Sveinsson í Hvammi tvö hundruð í Arnarnesi af Margréti Guðmundsdóttur á Arnarnúpi fyrir 65 ríkisdali og 44 skildinga.[398]

Við manntalsþing að Þingeyri 24. júlí 1821 var þinglesið að Margrét Björnsdóttir á Kirkjubóli afhenti, samkvæmt bréfi dagsettu 20. janúar sama ár, syni sínum Hafþóri Torfasyni tvö hundruð í Arnarnesi fyrir burtselda föðurleifð hans, tvö hundruð í Brekku.[399]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Arnarnes við Dýrafjörð metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[400]

Við manntalsþing að Mýrum 8. maí 1847 var þinglesið afsalsbréf B. Ólafssonar og S. Björnssonar fyrir tveimur hundruðum í Arnarnesi til B. Hákonarsonar fyrir 64 ríkisbankadali, dagsett 4. nóvember 1846.[401]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Arnarnes:

> 7. Arnarnes: fyrir sakir útigángs og hægdar til sjóar má jórd þessi kallast med hinum betri og títt er sú jórd á fóllum undirorpin og hæg til hvervetna.[402]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 594 ríkisbankadali.[403]

Hinn 28. júní 1861 lýstu B. Hákonarson og B. Sigvaldason forboði þess efnis að þeir bönnuðu grasatekju á Arnarnesi og í Gerðhamradal án leyfis beggja landeigenda. Forboðið var þinglesið sama dag.[404]

Við manntalsþing að Mýrum 28. júní 1861 var lesið bann frá 28. júní 1861 fyrir leyfislausri grasatekju á Arnarnesi og Gerðhamradal.[405]

---

396 Skjal nr. 2(432).
397 Skjal nr. 2(56).
398 Skjal nr. 2(433).
399 Skjal nr. 2(434).
400 Skjal nr. 4(1), bls. 194.
401 Skjal nr. 2(435).
402 Skjal nr. 2(75).
403 Skjal nr. 2(81).
404 Skjal nr. 2(306).
405 Skjal nr. 2(436).

Hinn 10. ágúst 1883 seldi T. Halldórsson tvö hundruð og 80 álnir að gömlu mati í Arnarnesi til systurdóttur sinnar Guðrúnar Gísladóttur.[406]

Vitnisburður Torfa Halldórssonar um landamerki jarðarinnar Arnarness við Dýrafjörð er dagsettur 8. mars 1889 en hann var þinglesinn að Mýrum 19. júlí sama ár. Efni vitnisburðarins er svohljóðandi:

> Vitnisburður áhrærandi jörðina Arnarnes.
>
> Jeg undirritaður, sem er fæddur og uppalinn á Arnarnesi, gjöri hér með kunnugt um merki er voru milli hálflendanna á nefndri jörð, er ég fór þaðan fyrir rúmum 45 árum.
>
> Neðri jörðin átti í flatan stein, láréttan, er var fyrir innan fjós, er þá stóð neðan til við skemmur, er nú eru á hlaðinu. Frá steini þessum beina sjónhending í efri steininn á háhryggnum. Að utanverðu við bæinn var merkið eptir götu þeirri, er liggur frá bænum niður í svonefnt „brunnhús“. Síðan eptir læk, er rennur úr téðu brunnhúsi til sjávar. Neðri jörðin átti einnig part í túninu fyrir utan og ofan bæinn. Merki að þeim parti að innanverðu voru: úr virkishorni beina sjónhending utanvert upp eptir svo nefndum „Birgishól“ í stein, er stendur neðarlega í urðunum. En að utanverðu var merkið: Eptir gömlum lækjarfarveg, sem nú er að mestu horfinn, út og upp eftir túninu, neðanvert við svo nefndan „Heiðingja“, hól undir urðunum, en ofanvert við fjárhúskofa, er þá stóð fyrir neðan nefndan hól. Síðan lá merkið beina leið út með urðunum í svo kallað „vatnsauga“.
>
> Ytri jörðin átti land að þessum merkjum, slíkt hið sama „traðirnar“. – Að auki skal þess getið, að neðri jörðin nýtti svo nefndan „Nasa“ allan fyrir utan áðurnefndan brunn læk. En þar á móti fylgdi svo kallað „Hlaðstún“ ytri jörðinni. Neðri jörðin þótti víðáttuminni, en grasgefnari, en ytri jörðin ógrasgefnari, og var því látið mætast.
>
> Að jörð þessari, Arnarnesi, hafi þannig verið skipt frá því er menn hafa sögur af, sögðu móðir mín, móðursystur, Bjarni Niculásson, sem höfðu búið á jörðinni um langan aldur. Sama sagði Just Egilsson, sem nú er dáinn fyrir nokkrum árum, rúmlega áttræður að aldri. Just þessi ólst upp á jörð þessari hjá sínum Agli, er bjó á annari hálflendunni móti Magnúsi, föður Jóns Magnúsonar, sem einnig er ný dáinn rúml. sjötugur að aldri.
>
> Beitihögum, fjörum, reka og öðrum ítökum þessarar jarðar hefir aldrei verið skipt, og hafa ábúendur notað þau í sameiningu.
>
> Þessa upplýsingu gef eg eptir beztu vitund, og set til staðfestu nafn mitt.
>
> Flateyri d. 8. marz 1889
>
> Torfi Halldórsson
>
> Til staðfestu ofanskrifuðu er nafn mitt
>
> Jón Halldórsson á Veðrará
>
> Vitundarvottar: Matth. Ólafsson Sveinn Rósinkranzson.[407]

Landamerkjabréf jarðarinnar Arnarness er dagsett 13. janúar 1890 en það var innkomið til þinglesturs 22. apríl sama ár. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki Arnarness.
>
> 1, Að innanverðu milli Arnarness og Gerðhamra ræður áin fram eptir dalnum síðan eptir læknum í miðjum tungunum á dalnum, sem hann rennur, og svo sem áin ræður fyrir ofan tungurnar og eptir lægstu heiðinni allt út á hæðstu heiði; en þaðan sem brúnir ráða.

[406] Skjal nr. 2(309).
[407] Skjal nr. 2(10).

> 2, Að utanverðu milli Arnarness og Birnustaða er ytri Vogakambur og sjónhending beint á fjall upp
>
> þessi merki hafa gamlir menn heyrt og sagt nefndrar jarðar, og vita engan ágreining þar á milli verið hafa.
>
> Arnarnesi 13. jan. 1890.
>
> Gísli Þórarinsson. Pétr Bjarnason Eigendur Arnarnúps [svo]
>
> Þessa merkjaskrá samþykkja:
>
> Guðný Guðmundsdóttir. Guðbjörg Bjarnadóttir. Jón Bjarnason B.H. Bjarnason. Kr.J. Bjarnadóttir. R.G. Bjarnadóttir[408]

Hinn 18. nóvember 1890 fóru fram makaskipti hvar Guðni Bjarnason í Brautarholti í Haukadal afhenti eitt hundrað og 96 álnir í Arnarnesi í Mýrahreppi til Gils Þórarinssonar á Arnarnesi, í umboði Ásgeirs Þorleifssonar vinnumanns síns, en fékk á móti þrjú hundruð að fornu mati í Sveinseyri í Þingeyrarhreppi.[409]

Með kaupbréfi dagsettu 4. október 1894 seldi Ásgeir Þorleifsson vinnumaður á Arnarnesi eitt hundrað og 96 álnir að fornu mati í Arnarnesi í Mýrahreppi til Gils Þórarinssonar bónda á Arnarnesi. Kaupbréfið var þinglesið 9. júlí 1896.[410]

Með kaupbréfi dagsettu 5. mars 1898 seldi Bjarni Hákon Bjarnason á Árnesi í Mýrahreppi þrjú hundruð og 72 álnir að fornu mati í Arnarnesi í Mýrarhreppi til Guðna Kjartanssonar í Hælavík í Sléttuhreppi. Kaupbréfið var þinglesið 29. júní 1898.[411]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Arnarnes:

> Arnarnes
>
> er næsta jörð við Gerðhamra. Landamerki að innan sjá Gerðhamra að utan ytrivogakambur
>
> […]
>
> Jörðin er góð beitarjörð sumar og vetur, hæg til sjósóknar litlar útislægjur ljelgt mótak.[412]

Í undirmati II segir um landamerki Arnarness að þau séu Ytrivoga Kambur en um merkin að innan er vísað í jörð nr. 102 í fasteignamatinu. Jörðin var metin á 1.600 kr. Eigendur hennar voru Gils Þórarinsson og Gísli Gilsson.[413]

5.14 Birnustaðir við Dýrafjörð

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Birnustaði við Dýrafjörð:

> **Byrnustader** eður **Byrnestader.**
>
> Jarðardýrleiki vi hndr., og svo tíundast 4 tíundum.

[408] Skjal nr. 2(11).
[409] Skjal nr. 2(310).
[410] Skjal nr. 2(311).
[411] Skjal nr. 2(312).
[412] Skjal nr. 2(93).
[413] Skjal nr. 2(93).

> Eigandinn kóngleg Majestat, og hefur Ari Þorkelsson þessa jörð í forleníng ásamt öðrum kóngsjörðum hjer nálægt.
>
> Ábúandinn Magnús Jónsson.
>
> […]
>
> Útigángur við sæmandi, þó hann bregðist stundum. Torfrista og stúnga að kalla þrotin. Lýngrif til eldiviðar bjarglegt. Rekavon lítil og eiga hann áðurnefndar kirkjur.
>
> Túninu hafa grandað skriður sem að áeykst, og engjar öngvar. Úthagar eru litlir um sig, skriðurunnir og mjög hrjóstrugir, og þarf því ábúandi jafnan að þiggja haga af nábúum sínum, og kemur þar fyrir óákveðinn góðvilji en enginn viss tollur. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum og grjóthruni. Vatnsvegur er erfiður, einkanlega á vetur. Kirkjuvegur torsóktur á vetur fyrir harðfenni og svellum yfir Birnistaðahlíð. Hreppamannaflutníngur mjög so tæpur og torsóktur á sumur, en oftast öldúngis ófær á vetur, nema á skipi sje flutt.
>
> Heimræði er hjer ár um kríng og lendíng brimsöm í vestanátt, og gengur hjer eitt skip ábúanda. Skipsuppsátrið er mjög erfitt og brotna því skipin og lamast oftlega fyrir sjáfargángi.
>
> **Lambamule.** Fornt eyðiból hjer í landinu út við Stertagil, sem nú eru haldin landamerki milli Skaga og Birnistaða, og er sagt að landið, sem þessi eyðijörð hafi átt, skuli hafa lagst til beggja jarðanna þá bygðin fjell af. Ekki má hjer aftur <byggja>, því skriða er fallin yfir bæjarstæðið og landið í hrjóstur komið.[414]

Þá segir í eftirmála í lýsingu um Grunnavíkursveit í *Jarðabók* Árna og Páls:

> Eftirfarandi grein stendur á lausum miða, sem lagður var í handritinu við Birnustaði í Ögurssveit, en greinin ætti að koma inn á bls. 83 (milli Arnarness og Birnustaða), en sú örk var prentuð er miðinn fanst:
>
> Innri Vogar heita í Arnarnesslandi, Ytri Vogar í Birnustaðalandi, og eru þessir tvennir Vogar þar sem löndin mætast Arnarness og Birnustaða.
>
> Í þessum tvennum Vogum hafa fyrrum legið til fiskjar um vertíð skip úr Dýrafirði, og gefið þar vertoll (fjórðúng eftir mann), sem landsdrotnar uppbáru. Í Innri Vogum reru 3 skip þá flest voru, í Ytri Vogum 2 eður 3. Þessar tvær veiðistöður eru nú í nokkur ár aflagðar, því hjer er hætt bæði skipum og mönnum fyrir grjóthruni úr fjallinu.[415]

Við héraðsþing dagana 17. og 18. júní 1727 var tekið fyrir mál um landamerki Sæbóls á Ingjaldssandi og konungsjarðanna Brekku og Villingadals auk Birnustaða. Fyrri daginn komu fyrir þingið Magnús Arason vegna föður síns, Ara Þorkelssonar, umráðamanns konungsjarða á Ingjaldssandi, og Magnús Snæbjörnsson, vegna Þórkötlu Jónsdóttur á Sæbóli. Fram kom að Þórkatla byggði landamerki Sæbóls á lögfestu sinni frá 9. júní 1724. Lögfestan er á einum stað sögð vera frá 9. maí það ár. Magnús Arason kvað efni lögfestunnar ganga of nærri konungsjörðunum Brekku og Villingadal og einnig Birnustöðum og fór fram á að efni hennar yrði sannað með frumskjölum. Þórkötlu var því stefnt til þings og sömuleiðis fjölda vitna. Magnús Snæbjörnsson lagði fram lögfestu Sæmundar Eggertssonar sem lögfest hafi verið árið 1665. Efni hennar er svohljóðandi:

> Jeg Sæmundur Eggertsson logfeste hier i dag eign mijna sem er Jord þesse Sæböl med allre hennar Kyrkiueign sem hennar mäldagar henne Eigna, edur henne hefur ad fornu

[414] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 83–84, skjal H-12.
[415] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 317, skjal H-12.

> fari eignad vered, hier med logfeste ieg hier i dag allann nesdal ad frateknum þeim Jtökum sem Mÿrakyrkia og Núps Kirkia sier þangað eigna, edur onnur þaug itök sem med giördum giorningum og gomlum brefum bevijsud verda. Logfeste ieg akra og todur eingiar og Skoga Hollt og haga, votn og veidestodu og allar landsnitiar er þessare sagri Jordu filgia og filgt hafa ad fornu og nýu og allt til Sioar i mille þúfu og Reidarskiers og so framm i SykisEyre, Skal þesse mijn logfesta standa epter logmalsens tijma leingd, fyrerbÿd eg hvorium manne ad Jrkia edur sier i neinu ad nyta nema mitt sie lof og leife til ad vitne þijnu Sigurdur Biarnason og þijnu Andres Jonsson og allra þeirra ord mun heira[416]

Þá var upplesinn vitnisburður Jóns Þorlákssonar um land Sæbóls, dagsettur 27. febrúar 1666:

> So felldan Vittnisburd ber eg Jon Þorlaksson, ad eg hefe alla mijna æfe, og hefe eg nu fiortan vetur vmm Sextugt uppalest ä Villingadal ä Jngialldssande hia mijnum födur (og þar epter bued under hälse allt þar nú er komed og heffe Eg alldrei heirt nie vitad annad umm mijna æfe edur af mier elldre monnum med nokkrum sanni Sagt edur hallded vera, Enn Sæból ætte allt land fra Þufu og i Reidarskier, þar med alla Sæbolshlyd framm i SykesEyre þar sem Steckurenn Ernú fra Sæbóle, og alldrei hefe eg heirt nie vitad Rad edur hefd hafft hafe yfir nefndu Landamerkium enn Sæböls menn mann epter mann, Somuleidis hafa umm alla mijna æfe Villingadals edur brecku búendr arfa forlÿkt Skipstodu og vertoll vid Eygendur bændr ä Sæbole med fiemunum edur annare þocknunnarseme, og aungvan hefe Eg heirt hier ä möte mæla fyrr enn nú fyrer einu Are og hier epter vil eg sveria ef þurfa þiker[417]

Einnig var upplesinn vitnisburður Sigurðar Bjarnasonar og Ólafs Guðmundssonar frá 7. mars 1686 um að Sæbóli hafi verið eignuð hlíðin Villingadals megin, fram í miðja Sýkiseyri og að hún hafi verið yrkt og brúkuð af Sæbólseigendum. Í framhaldinu var upplesinn vitnisburður Arngríms Jónssonar frá 4. apríl 1686 sem segir að hlíðin Brekku megin á Ingjaldssandi fram í miðja Sýkiseyri hafi verið eign Sæbóls. Þá hafi Brekka ekki átt fría skipstöðu í Sæbólslandi nema með leyfi Sæbólseigenda. Sama kemur fram í vitnisburðum Jóns Jónssonar frá 5. apríl 1686 og Brynjólfs Bjarnasonar og Jóns Jónssonar frá 20. mars 1686. Hinn 18. júní 1727 var málinu framhaldið en þar var upplesin eftirfarandi lögfesta Magnúsar Snæbjörnssonar, sem hafi verið upplesin við Sæbólskirkju í viðurvist safnaðarins 19. sunnudag eftir Trinitatis árið 1684:

> Eg Eggert Sæmundsson logfeste Hier i dag þennann städ Sæböl a Ingialldssande akra og Todur, Eingiar, og Skóga hollt og haga votn og veidestade og allar Landsnitiar þær er þessu lande eiga ad filgia til vmmmerkia þeirra er adrer menn eign i möte mier, Nefnelega ad þessum Landamerkium tilteknum alla hlÿdena Villingadals meigenn framm i midia Sykis Eyre, Enn þessumeigenn framm Jffer hladshvamm i þann hrigg er þar er næstur, allann Reka millum Þúfu og Reidarskiers. Jtem Nesdal allann ad frateknum þeim itokum er Myra og Núpskirkiur sier þangad eigna, edur þaug onnur itók sem med Skiallegum bevÿsingum edur gomlum brefum bevÿsud verda. Fyrerbyd eg hiedan af hvórium manne i ad vinna edur sier ad neinu nyta nema mitt edur minnar elsku mödur Þurydar Arnadotter sie lof edur leife til. Vil eg ad þesse mijn logfesta stande epter logmälsens tyma leingd ad vitne þÿnu Sigurdur Biarnason, og þÿnu Olafur Gudmundsson og allra þeirra sem ord mijn heira.[418]

[416] Skjal nr. 2(440).
[417] Skjal nr. 2(440).
[418] Skjal nr. 2(440).

Magnús Snæbjörnsson kvaðst ekki hafa frekari skjöl um landamerki milli Sæbóls og Brekku ásamt Villingadal. Hann lagði lagði þá fram eitt bréf, skrifað á kálfskinn, með vitnisburðum Vermundar Jónssonar frá 4. júlí 1635 og Björns Þorlákssonar frá 7. júlí sama ár. Efni þeirra hljóðar svo:

> Þad votta ieg Vermundur Jonsson, og gióre gódum monnum vitanlegt ad Eg hefe bued Sex ar under Halse ä Jngiallds Sande, voru þä hallden Landamerke mille Brecku og Häls sem äenn Helldur framm epter ollum dal, Slo eg og beitte allt Land fyrer ofan Hals sem annad, þad þeirre Jordu filgde og eingenn atalde þad i þann tÿma eda talade þar neitt um og alldrei hef eg heirt neina efaseme umm þad ad þær Selia tofter sem voru i þeim parte fyrer ofan Hals sie eÿ fra halse
>
> […]
>
> Þad votta Eg Biorn Þorlakson fyrer einum og Sierhvórium ad eg hefe uppalest því nær og allann minn alldur ä Jngialldssande, enn eg hef nu 7. vetur umm 40 og hefe eg glogt til vitad, ad aller þeir ä halse hafa búed hafa Sleiged irt og nydgad allt þad land fyrer ofann Hals sem Aainn helldur og alldrei hef eg heirt neina menn eigna þad land frá Hälse, og heirda ieg minn fódur Þorlak Jónsson seigia ad þad hefd alla tima nefnt Halspartur, bio hann fyrir Villingadal ä Jngiallds sande meir enn 40 är, Eirnenn lyste Gisle H. Sigurdsson fyrer mier ad Sel fra Hälse hefdi vered i þeim parte[419]

Hin framlögðu skjöl voru svo gaumgæfilega skoðuð og sagði Magnús Arason um lögfestu Sæmundar Eggertssonr frá 1665 að engin vitni styddu það að lögfestan hafi verið upplesin við þing eða kirkju. Þá væru engin innsigli á vitnisburðarblaði Jóns Þorlákssonar. Þá hafi aðrir vitnisburðir verið teknir til og útgefnir án vitneskju jarðarhaldara Brekku og Villingadals og ekki heldur verið auglýstir. Með öðrum orðum hafi nefnd skjöl enga þýðingu. Þar á eftir voru yfirheyrð vitni sem stefnt hafði verið til þings. Konráður Oddsson vísaði í máldaga fyrir Brekku á Ingjaldssandi sem hafi getið þess að Brekka ætti allt land til sjávar eftir því sem á heldur Brekku megin á Ingjaldssandi. Í vitnisburðunum er hún oftast kölluð Sandsá. Um Stekkjarstæðið í Brekkulandi, þá hafi það verið léð fyrir skipstöðu við Sæbólslendingu. Svipaðar upplýsingar komu fram í vitnisburði Ólafs Nikulássonar, Gísla Brandssonar, Björns Jónssonar, Jóns Bjarnasonar, Þormóðs Magnússonar og Jóns Jónssonar. Björn, Þormóður og Jón Jónsson sögðu að Brekka eða kirkjan sem þar hafi verið hafi átt beitarítak í Nesdal, framan til við þrönga götu. Enn eitt vitnið, Ólafur Sigurðsson, sagði ána hins vegar ekki hafa verið landamerki milli Brekku annars vegar og Sæbóls hins vegar. Hann kvað bænhús á Brekku hafa átt ítak í Nesdal og á heiðum. Þorleifur Bjarnason, Eiríkur Bjarnason vitnuðu að Sæbólsbændur hafi yrkt í hlíðinni Brekku megin, allt inn að Sýkiseyri. Loks vitnaði Konráð Jónsson að Brekka hafi átt land til sjávar eftir á sem rynni eftir miðjun Ingjaldssandi, en Brekka hafi átt ítak í Nesdal og á heiðum. Í mörgum vitnisburðanna kom fram að Brekka og Villingadalur hafi áður verið ein jörð. Dómur féll þannig að vitnin, að undanskildum Konráði Oddssyni, Ólafi Sigurðssyni og Eiríki Bjarnasyni, sem vitnað hafi til lifandi manna, skyldu sanna vitnisburði sína með eiði. Þá var ályktað að ekki yrði dæmt um landið Brekku megin á

[419] Skjal nr. 2(440).

Ingjaldssandi fyrr en Ormur Daðason sýslumaður, sem eigandi Sæbóls, yrði aðvaraður til að svara ákærunni. Loks var dæmt að Sæbólseigandi mætti yrkja Villingadals megin eins og brúkað hafi verið um næstu 20 ár á undan. Nokkur vitni eiðfestu að lokum vitnisburði sína.[420]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Birnustaða metinn sex hundruð en eigandi jarðarinnar var Guðmundur Arason á Auðkúlu. Þá segir að eyðihjáleigan Lambamúli nýtist sem beitiland.[421]

Hinn 16. ágúst 1829 seldi Jón Guðmundsson þrjú hundruð í Birnustöðum í Dýrafirði til Jóns Jónssonar á Gemlufalli. Afsalsbréfið var þinglesið 15. ágúst 1834.[422]

Við manntalsþingsrétt að Mýrum 15. ágúst 1834 var upplesið kaupbréf, dagsett 18. ágúst 1829, fyrir þremur hundruðum í Birnustöðum fyrir 123 spesíur.[423]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Birnustaðir við Dýrafjörð metin sex hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 var eyðihjáleigan Lambamúli höfð til beitar. Þá segir að jörðin hafi áður verið meðal Ísafjarðarjarða með tilvísun í neðanmálsgrein um jörðina Auðkúlu, en þar segir að með konungsúrskurði hinn 17. febrúar 1777 hafi Auðkúlu og Birnustöðum verið makaskipt fyrir Reykjarfjörð með 50 ríkisdalakróna og fjögurra spesía milligjöf til Reykjarfjarðareigenda og voru jarðirnar þá taldar með Álftafjarðarjörðum.[424]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Birnustaðir var metin á 120 ríkisbankadali.[425]

Með kaupbréfi dagsettu 27. maí 1871 seldi Einar Hákonarson bóndi á Leiti í Núpssókn tvö hundruð í Birnustöðum í Dýrafirði til Guðmundar Brynjólfssonar á Mýrum. Kaupbréfið var þinglesið 21. ágúst 1871.[426]

Með kaupbréfi dagsettu 7. október 1871 seldi Þorvaldur Jónsson læknir, fyrir hönd H.E. Johnsens sýslumanns í Rangárvallasýslu, fjögur hundruð að fornu mati í Birnustöðum til Guðmundar Jóhannessonar á Blámýrum.[427]

Með kaupbréfi dagsettu 25. apríl 1882 seldu Guðmundur Eggertsson og Samson Samsonarson þrjú hundruð að fornu mati í Fjallaskaga til Búa Jónssonar á Skaga. Hluti greiðslu þessa jarðarhluta var hálft hundrað að fornu mati í Birnustöðum. Kaupbréfið var þinglesið 1. júlí 1882.[428]

Með kaupbréfi dagsettu 9. desember 1885 seldi Guðmundur Eggertsson Birnustaði til Guðnýjar Guðmundsdóttur á Mýrum. Kaupbréfið var þinglesið 7. júlí 1886.[429]

---

420 Skjal nr. 2(440).
421 Skjal nr. 2(57).
422 Skjal nr. 2(313).
423 Skjal nr. 2(423).
424 Skjal nr. 4(1), bls. 191 og 194.
425 Skjal nr. 2(81).
426 Skjal nr. 2(314).
427 Skjal nr. 2(315).
428 Skjal nr. 2(319).
429 Skjal nr. 2(316).

Landamerkjabréf jarðarinnar Birnustaða er dagsett 7. júlí 1886 en það var þinglesið við manntalsþing að Mýrum sama dag. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerkjabréf fyrir jörðunni Birnustöðum í Mýrahreppi í Ísafjarðarsýslu.
>
> Landamerki fyrir jörðunni Birnustöðum norðan fram við Dýrafjörð í Vestur Ísafjarðarsýslu eru þannig: Að utanverðu milli Birnustaða og Skaga er svo kallað Seljagil og bein sjónhending í fjallsbrún upp og að innanverðu milli Arnarnes og Birnustaða er ytri Vogakambur og bein sjónhending í fjall upp.
>
> Þessu til staðfestu eru nöfn okkar.
>
> Mýrum, 7. dag Júlím. 1886.
>
> Guðný Guðmundsdóttir Guðrún Jónsdóttir Halldóra Þórarinsdóttir Gils Þórarinsson Guðbrandur Jónsson. Gísli Torfason Búi Jónsson eigendur að Arnarnesi á Skaga.[430]

Annað landamerkjabréf, um merki milli Birnustaða og Arnarness, er einnig dagettt 7. júlí 1886 og þinglesið við manntalsþing að Mýrum sama dag. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Birnustöðum í Mýrahreppi í Ísafjarðarsýslu.
>
> Við undirskrifaðir eigendur jarðanna Birnustaða og Arnarnes gjörum kunnugt: að landamerki milli Arnarness og Birnustaða er Ytri Vogakambur og sjónhending beint í fjall upp.
>
> Þessu til staðfestu eru nöfn okkar.
>
> Mýrum, 7. dag Júlím. 1886.
>
> Gísli Þórarinsson eigandi í Arnarnesi
>
> Halldóra Þórarinsdóttir eigandi í Arnarnesi
>
> Gísli Torfason eigandi í Arnarnesi
>
> Guðrún Jónsdóttir eigandi í Birnustöðum
>
> Guðný Guðmundsdóttir eigandi í Birnustöðum
>
> Guðbrandur Jónsson eigandi í Birnustöðum[431]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Birnustaði í Dýrafirði:

> Birnustaðir
>
> er næsta jörð við Arnarnes. Landamerki: að innan sjá Arnanes, að utan Seljagil. Jörðin hefir verið í eyði síðan 1908. og að mestu ónýtt ~~síðan~~.
>
> […]
>
> Nefndin finnur ekki ástæðu til að meta jörðina.[432]

Í undirmati II segir að landamerki Birnustaða séu að utan Seljagil en um merkin að innan er vísað í jörð nr. 103 í fasteignamatinu. Jörðin var metin á 200 kr. en hún hefur verið í eyði síðan 1908. Eigandi hennar var Kristinn Guðlaugsson.[433]

---

430 Skjal nr. 2(12).
431 Skjal nr. 2(13).
432 Skjal nr. 2(94).
433 Skjal nr. 2(94).

5.15 Skagi/Fjallaskagi við Dýrafjörð

Í Vilchins-máldaga Sandakirkju frá 1397 segir að kirkjan eigi skipshöfn á Skaga og skóg í Dýrafirði milli Seljagila og Miðdæla, skóg fyrir ofan götu.[434]

Samkvæmt máldaga hálfkirkjunnar í Alviðru frá um 1491–1518 átti kirkjan jörðina Skaga í Dýrafirði, 12 hundruð að dýrleika.[435]

Hinn 5. júlí 1680 seldi Jón Þorleifsson klausturhaldari, eftir bréflegri bón og í umboði Þuríðar Árnadóttur að Sæbóli, Oddi Jónssyni klausturhaldara Harastaði, 40 hundruð og 10 hundruð í Stöpum í Húnavatnssýslu. Á móti greiddi Oddur Þuríði hálfa Alviðru, sem reiknuð var til arfaskipta 40 hundruð, og hálfa jörðina Fjall á Skaga, sex hundruð að dýrleika.[436]

Hinn 16. júní 1693 heimilaði Torfi Jónsson sýslumaður sölu á hálfri Alviðru fyrir peninga.[437]

Hinn 12. júlí 1693 bauð Jón Torfason foreldrum sínum, Torfa Jónssyni og Ragnheiði Jónsdóttur, ásamt Guðríði systur sinni, eftirfarandi jarðir til kaups fyrir reiðupeninga: 39 hundruð í Alviðru, Hjalla, 12 hundruð, Múla, 24 hundruð og átta og hálft hundrað í Kálfavík. Þau neituðu að leysa fyrrgreindar jarðir og leyfa Jóni að selja þær burtu fyrir reiðupeninga.[438]

Hinn 26. júlí 1693 seldi Jón Torfason Ásmundi Ketilssyni hálfa jörðina Fjallaskaga, sex hundruð og níu hundruð í Alviðru.[439]

Hinn 26. júlí 1693 seldi Jón Torfason Ásmundi Ketilssyni hálfa jörðina Fjallaskaga, sex hundruð og níu hundruð í Alviðru. Torfi Jónsson staðfesti fyrrnefndan kaupgjörning sonar síns þann 21. ágúst sama ár.[440]

Hinn 24. september 1693 meðkenndi Guðríður Magnúsdóttir að sonarsonur hennar Jón Torfason hefði mátt selja hálfa Alviðru, 39 hundruð (svo í hundruðum) með hálfum Fjallaskaga.[441]

Í skjali dagsettu 25. júní 1703 er lýst jörðinni Fjallaskaga. Þar kemur fram að á jörðinni hafi verið 20 verbúðir og skógartak, rista og stunga hafi fylgt þeim. Þá segir að kona Ásmundar Ketilssonar hafi átt það lausafé er hann gaf fyrir níu hundruð í Alviðru. Þá hefði hann leyfi til að selja hverjum sem hann vildi Alviðru.[442]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Skaga við Dýrafjörð:

> **Fiallaskage.**[1])

[434] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 145, skjal nr. 4(112).
[435] *Íslenzkt fornbréfasafn* VII, bls. 81, skjal nr. 4(110).
[436] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 171–172, skjal H-18.
[437] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 174, skjal H-18.
[438] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 175, skjal H-18.
[439] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 174, skjal H-18.
[440] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 174, skjal H-18.
[441] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 174, skjal H-18.
[442] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 174–175, skjal H-18.

Munnmæli eru að hjer hafi að fornu bænhús verið, en ekki vita menn þar um víst að undirrjetta, sjást þess og engin merki.

Jarðardýrleiki xii hndr., og so tíundast 4 tíundum.

Eigandinn Eggert Sæmundsson að Sæbóli á Íngjaldssandi. Anno 1703 átti móðir Eggerts hálfa þessa jörð, en hálfa átti Ásmundur Ketilsson að Hnífsdal, sem hjer var þá búandi.

Ábúandinn Einar Jónsson.

[…]

Útigángur góður bæði í fjörunni og á landi. Torfrista og stúnga bjargleg. Elt er sverði og taði undan kvikfje mestan part. Lýngrif er nokkuð en brúkast lítt, því það er erfitt til að sækja. Selveiði hefur að fornu verið en ekki til hlunninda teljandi í manna minni. Rekavon sæmileg, þó hún hafi heppnast lítt í nokkur ár. Þennan reka eiga Mýra, Núps og Alviðru kirkjur ut supra. Sölvafjara sæmileg, og eiga áðurnefndar kirkjur öll reksöl, en jörðin á þaug sölin, sem föst eru á skerjunum. Hrokkelsaveiði hefur hjer verið og er enn nú nokkuð lítil þegar til gefur, sem sjaldan er, því hjer er brimsamt mjög. Beitarítak á Núpskirkja í þessarar jarðar landi á vetur krossmessna á milli.

Túninu hafa lángvaranlega skriður grandað og enn í haustið var hljóp þar heim stóreflis skriða úr fjallinu og tók af nærri hálft túnið og engjarnar í sama máta, sem fyrir neðan túnið voru, og so spilla skriður öðru slægjulandi, sem út frá bænum liggur, til stórskaða og eyðileggíngar. Úthagarnir eru og so mjög af skriðum fordjarfaðir. Hætt er kvikfje stórlega fyrir snjóflóðum á vetur og so manninum, sem það geymir. Kirkjuvegur lángur og slæmur og á vetur oftlega ófær yfir Skagahlíð fyrir harðfenni og svellum. Hreppamannaflutníngur í sama máta nema á skipi sje flutt.

Hætt er bænum stórlega fyrir skriðum, og gekk so skriðan mjög að bænum og jafnvel fyrir bæjardyrnar, sem túnið tók í haust. Hefur og bærinn undan skriðum færður verið af tóftarústum þeim, sem í túninu eru inn frá bænum, og í annan tíma í fyrndinni (eftir því sem sagt er) af tóftarústum þeim, sem hjer sjást í úthögum norður með sjónum á Krossavíkur bökkum.

Heimræði er hjer árið um kríng og lendíng í betra lagi, og gengur hjer eitt skip ábúanda en fleiri mætti gánga, ef hann fengi því við komið. Verstaða brúkast hjer og almennilega á vor af flestum úr Dýrafirði, sem skip gjöra út um vertíð, og eru hjer 18 verbúðir uppi við sjóinn í kríngum lendínguna, og á hver skipshöfn eina búðina útaf fyrir sig, sem þeir byggja upp á sinn kost að viðum, en sumar landsdrottinn, og er þó vertollur hinn sami, hvör sem viðinn á í búðinni. Inntökuskip gengu hjer á næstliðnu vori 17 með þeim þremur 1^0 frá Mýrum, 2^0 frá Núpi, 3. frá Söndum, sem hjer eiga frí skipsuppsátur og búðarstöðu. Áður hafa hjer gengið flest 27 skip, aldrei færri en 10 og einu sinni 8 og svo þar í milli, og eru þetta flest sexæríngar og þaðan af smærri. Vertollur almennilegur í fyrstunni inn til næstu 60 ára var fiskafjórðúngur af hverjum manni, sem á skipunum reri til landsdrottins, en þá var tollurinn uppsettur til helmínga og hefur síðan inn til fárra ára verið almennilega 2 fjórðúngar fiska af hverjum manni til landsdrotna; nú og nokkur fyrirfarandi ár hefur sjaldan tekinn verið nema fjórðúngur af hverjum manni, stundum 6 fiskar, stundum hálfur annar fjórðúngur, eftir því sem að aflast hefur. Þrjár eða 4 búðir eru hjer niðri að auk þeirra 18, sem að áður segir að bygðar sjeu.

Urdarhus, eyðihjáleiga, bygð í fyrstunni fyrir 15 árum fyrir neðan heimatúnið, þar sem ekki hafði áður bygð verið, og varaði bygðin inn til næstu 2ja ára og mátti þetta heldur heita tómthús en bygt ból, því grasnautn fylgdi engin hjáleigunni nema fyrir fáeinar sauðakindur.

[…]

> Byggja má þessa hjáleigu aftur með sama móti og áður, en slægjur hefur ei heimajörðin að missa.
>
> [1]) Hjer á eftir er skrifað: „kallast jörðin almennilega, en nokkrir kalla Fjall á Skaga“, en strikað út.[443]

Við héraðsþing að Mýrum 30. ágúst 1723 var þinglesin stefna Orms Daðasonar gegn Snæbirni Pálssyni. Sátt náðist um málið þannig að Ormur fékk jörðina Sæból, 60 hundruð að dýrleika, en Þórkatla Jónsdóttir fékk á móti Fjallaskaga, 12 hundruð að dýrleika, auk þess sem Ormur féll frá öllu sínu máli gegn Snæbirni.[444]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Skaga metinn 12 hundruð en eigandi jarðarinnar var ábúandinn Jón Gunnarsson hreppstjóri. Þá segir að eyðihjáleigan Urðarhús sé með í matinu. Einnig segir að fiskiverið Skagamalir gefi af sér vertolla.[445]

Við manntalsþing að Mýrum 17. maí 1806 var þinglesið afsalsbréf Valgerðar Markúsdóttur til Jóns Gunnarssonar á Skaga í Mýrahreppi fyrir 336 ríkisdali, dagsett 9. desember 1804.[446]

Við manntalsþing að Mýrum 14. júní 1808 var þinglesin brigðalýsing Halldórs Þórðarsonar fyrir jörðinni Skaga, undan erfingjum Jóns Gunnarssonar sáluga. Jörðina hafði Jón keypt af móður Halldórs, Valgerði Markúsdóttur á sama verði og sannað var að hún hafði verið seld á. Lýsingin var dagsett 31. maí 1808.[447]

Hinn 10. nóvember 1827 lýsti Jón Bjarnason á Sæbóli því yfir að hann myndi lofa Jóni Jónssyni á Skaga að rista torf í Nesdal. Yfirlýsing Jóns var meðfylgjandi bréfi sr. Ásgeirs Jónssonar til biskups frá 31. desember sama ár, en í yfirlýsingunni segir:

> Eg undir skrifadur lofa bondanum Joni Jonssyni a Skaga ad Rista torf, í Nesdal eptir þørfum, þó í þeim stad sem hann sier Skada mínst, og þessu til stadffestu er mitt undir skrifad nafn, Sæboli þann 10 Nóvemb. 1827[448]

Í áðurnefndu bréfi sr. Ásgeirs til biskups í lok árs 1827 segir að Jón Jónsson á Skaga hafi kvartað til sín að rist væri úr jörð sinni fyrir þrjár verbúðir, þ.e. verbúðir Sanda-, Mýra- og Núpskirkna. Jón hafi sjálfur þurft á torfristu að halda en fengi hana miðað við yfirlýsingu Jóns á Sæbóli í Nesdal.[449] Biskup svaraði sr. Ásgeiri með bréfi dagsettu 17. mars 1828 en kvaðst ekki geta úrskurðað um málið fyrr en fram væru komin álit fjárhaldsmanna kirknanna, þ.e. hvert væri tilkall þeirra til torfristunnar á Skaga.[450]

Í bréfi dagsettu 24. júlí 1828 skrifaði Brynjólfur Hákonarson, sem forsvarsmaður að helmingi Nýra- og Núpskirkna, að Vilchins- og Gíslamáldagar tækju að engu frá Sanda-, Núps- eða Mýrakirkjum þakristurétt á verbúðir sínar. Þá sagði Brynjólfur að Jón á Skaga hafi selt um tíma þakristu á tvær eða þrjár verbúðir. Að lokum sagði

---

443 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 84–86, skjal H-12.
444 Skjal nr. 2(439).
445 Skjal nr. 2(58).
446 Skjal nr. 2(437).
447 Skjal nr. 2(438).
448 Skjal nr. 2(263).
449 Skjal nr. 2(262).
450 Skjal nr. 2(264).

Brynjólfur að hann treysti sér til að sanna að torfrista í Nesdal væri ekki nýtt.[451] Í bréfi dagsettu 16. september 1828 segir sr. Ásgeirs Jónssonar biskupi að hann hafi skrifað fjárhaldsmönnum Sanda-, Mýra- og Núpskirkna til að fá rök þeirra fyrir torfristu á Skaga. Í bréfinu svarar sr. Ásgeir að nokkru leyti rökum Brynjólfs, s.s. að Jón á Skaga hafi aðeins einu sinni selt þakristu á verbúðir í landi sínu en um torf í Nesdal hafi reynst örðugt að ná því heim þar sem ómögulegt væri að flytja það nema á skipi, en til slíks gæfist ekki tækifæri svo löngum tímum skiptir vegna brima og sjávarólgu.[452]

Með bréfi dagsettu 26. október 1829 skrifaði biskup til sr. Ásgeirs þar sem svaraði loks erindi hans frá 31. mars 1827. Biskup vísaði í réttindi kirknanna samkvæmt Vilchins- og Gíslamáldögum og sagði svo að nefndar kirkju skyldu njóta réttinda sinna frítt eins og verið hefði, en án þess að gera grasnám á töðuvelli eða slægjulandi.[453]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Skagi við Dýrafjörð metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 var eyðihjáleigan Urðarhús talin með.[454]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Fjallaskaga:

> 8. Fjallaskagi: útigángur, hægd til Sjóar og nokkrir vertollar mæla ærid framm med þessari jórd og er hún því á sínu reki ein hin besta.[455]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 480 ríkisbankadali.[456] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Fjallaskaga breytt í 504 ríkisbankadali.[457]

Hinn 12. júlí 1867 arfleiddi Þorlaug Guðbrandsdóttir 12 hundruðum í Fjallaskaga í Mýrahreppi, tíu hundruðum í Kirkjubóli í Þingeyrarhreppi og fimm hundruðum í Ytri-Lambadal til sona sinna, Jóns og Guðbrands Jónssona. Í hlut Jóns féllu níu hundruð í Fjallaskaga, fjögur og hálft hundrað í Ytri-Lambadal en í hlut Guðbrands féllu þrjú hundruð í Fjallaskaga, hálft hundrað í Ytri-Lambadal og 10 hundruð í Kirkjubóli. Arfleiðslubréfið var þinglesið á Mýrum 8. júlí 1868.[458]

Hinn 6. desember 1881 gaf Guðbrandur Jónsson á Birnustöðum Guðmundi Eggertssyni í Haukadal og Samsoni Samsonarsyni hreppstjóra á Granda þrjú hundruð að fornu mati í Fjallaskaga í Mýrahreppi. Gjafabréfið var þinglesið 1. júlí 1882.[459]

Með kaupbréfi dagsettu 25. apríl 1882 seldu Guðmundur Eggertsson og Samson Samsonarson þrjú hundruð að fornu mati í Fjallaskaga til Búa Jónssonar á Skaga. Hluti

[451] Skjal nr. 2(265).
[452] Skjal nr. 2(266).
[453] Skjal nr. 2(277).
[454] Skjal nr. 4(1), bls. 194.
[455] Skjal nr. 2(75).
[456] Skjal nr. 2(81).
[457] Skjal nr. 2(79).
[458] Skjal nr. 2(317).
[459] Skjal nr. 2(318).

greiðslu þessa jarðarhluta var hálft hundrað að fornu mati í Birnustöðum. Kaupbréfið var þinglesið 1. júlí 1882.[460]

Hinn 19. júní 1887 seldi Búi Jónsson 16 hundruð í Fjallskaga í Mýrahreppi til skipstjóranna Andrésar Pétursonar í Haukadal og Kristjáns Andréssonar í Meðaldal.[461]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Skaga við Dýrafjörð er dagsett 2. desember 1891 en hún var innkomin til þinglesturs 9. janúar 1892. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Skaga, norðan fram við Dýrafjörð í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
>
> Að innanverðu milli Skaga og Birnustaða er svokallað „Seljagil“, og bein sjónhending í fjallsbrún upp.
>
> Að utanverðu eru takmörk jarðarinnar í svokallaða „Þúfu“, þaðan á fjall upp, og svo eptir því sem fjallsendin segir.
>
> Þessu til staðfestu eru nöfn okkar eigenda Skaga, Sæbóls og Birnustaða:
>
> Mýrum þ. 2. dec. 1891
>
> Kr. Andrésson Andrés Pétursson Eigendur Skaga.
>
> G.H. Guðmundsson, eigandi Sæbóls.
>
> Guðný Guðmundsdóttir, eigandi Birnustaða.[462]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Fjallaskaga:

> Fjalla-Skagi
>
> er næsta jörð fyrir utan Birnustaðir og ysta jörð norðan Dýrafjarðar. Landamerki að innan sjá Birnustaðir að utan þúfa.[463]

Í undirmati II segir um landamerki Fjallaskaga að þau séu að innan Seljagil en að utan Þúfa. Jörðin var metin á 2.400 kr. Eigendur hennar voru Kristján Andrésson, Guðmundur Kristjánsson, Andrés Guðmundsson og Guðmundur P. Guðmundsson.[464]

5.16 Sæból á Ingjaldssandi

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið á Ingjaldssandi.[465]

Í máldaga Maríukirkju á Sæbóli, er Árni biskup Helgason setti um 1306, segir meðal annars:

> Sæbol.
>
> Mariu kirkia a Sæboli. hins heilaga Jons postola. Magni. Thorlaci og Katerinæ a land vnder Halsi oc attung j Geirsbrecku j Suganda firdi og skogum þeim sem þar fylgia þui landi.[466]

---

460 Skjal nr. 2(319).
461 Skjal nr. 2(320).
462 Skjal nr. 2(14).
463 Skjal nr. 2(95).
464 Skjal nr. 2(95).
465 *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 14, skjal nr. 4(75).
466 *Íslenzkt fornbréfasafn* II, bls. 360, skjal nr. 4(113).

Í máldaga Oddgeirs biskups Þorsteinssonar frá um 1367 segir um kirkju á Sæbóli:

> Mariukirkia a Sæbole. a land vnder halze ä sæbole og attung j geirsbrecku j sugandafirde. og skogum þeim sem þar fylgia þui lande.[467]

Í máldaga Vilchins fyrir Sæbólskirkju á Ingjaldssandi frá um 1397 er vísað til máldaga Árna biskups Helgasonar frá 1306.[468]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Sæbólskirkju á Ingjaldssandi:

> Kirkian á Sæbole ä land vnder Hälse og ättung i Geirsbrecku i Sugandafirdi og skogum theim. sem þar fylgia thui lande.
>
> Kirkian ä thridiung i Nessdal og thridiung i heidum. xij^{c} jørd og tekst aff .iiij. ærgilldi.[469]

Árið 1576 gerði Eggert Hannesson grein fyrir fasteignum sínum að fráskildum þeim fasteignum sem þær kirkjur áttu, sem hann hafði þá að halda, og þeim 70 hundruðum er hann átti fyrir norðan og hafði áður veðsett Jóni Jónssyni lögmanni til kaups. Meðal jarða hans voru Auðshaugur, 24 hundruð, Hokinsdalur, fjögur hundruð, Skógar í Mosdal, 12 hundruð, Dynjandi í Arnarfirði, 18 hundruð, í Haukadal, sjö hundruð, Alviðra, 78 hundruð, Sæból, 60 hundruð, Fremri-Breiðadalur, 12 hundruð og Kjaransstaðir, 12 hundruð.[470]

Hinn 30. júlí 1578 gaf Eggert Hannesson Ragnheiði dóttur sinni og Magnúsi Jónssyni 37 hundruð í jörðum. Fram kemur í bréfinu að þessi 37 hundruð haf staðið í fasteign með jarðar dýrleika í þremur gjafabréfum Ólafs Björnssonar, sonarsyni Eggerts. Þau voru upplesin en fráskildar jarðir í gjöfinni til Ragnheiðar og Magnúsar voru nokkrar jarðir, þar á meðal 12 hundruð í Fremri-Breiðadal sem Eggert vildi, með samþykki Magnúsar, selja Þorláki Einarssyni. Einnig endurnýjaði Eggert gjöf sína til Björns Magnússonar, dóttursonar síns, þannig að Eggert tók aftur Sæból á Ingjaldssandi en lét Birni í staðinn Bæ á Rauðasandi, sem var jafnmikil að dýrleika.[471]

Með samningi milli Magnúsar Jónssonar og Sæmundar Árnasonar, dagsettum 22. september 1588, taldi Sæmundur til kaups og konumundar við Helenu (Elínu) Magnúsdóttur þrjú hundruð hundraða í jörðum og lausagóssi. Jarðirnar voru meðal annars Hóll í Bolungarvík, Meiri-Hlíð, Minni-Hlíð, Þjóðólfstunga, Miðdalur, Ós, Hanhóll, Gil, Meiri-Bakki, Meira-Hraun, Minna-Hraun og Grundarhóll. Þar á móti gáfu hjónin Magnús Jónsson og Ragnheiður Eggertsdóttir dóttur sinni Helenu hundrað hundraða í jörðum, kúgildum og öðrum peningum að ýmsum jörðum tilgreindum, þar á meðal Sæbóli á Ingjaldssandi, Heydal og Botni í Mjóafirði. Jarðirnar Ós, Minni-Hlíð

[467] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 228, skjal nr. 4(76).
[468] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 142, skjal nr. 4(114).
[469] *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 574, skjal nr. 4(115).
[470] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 103–104, skjal H-18.
[471] Skjal nr. 2(206).

og Hraun fékk Helena með þeim skilmálum að þær erfðust til barna hennar og Sæmundar.[472]

Í vitnisburði sr. Sigmundar Egilssonar, Guðmundar Þorleifssonar, Steins Böðvarssonar, Jóns Gissurssonar, Nikulásar Jónssonar og Snæbjörns Erlendssonar frá 19. júlí 1619 segir að hjónin Sæmundur Árnason og Elín Magnúsdóttir hafi gefið til sonar þeirra Magnúsar jarðirnar Sæból, Álfadal, Hraun og Tungu í Valþjófsdal.[473]

Með vitnisburði, dagsettum 16. ágúst 1619, vitnuðu sr. Þorsteinn Oddsson, sr. Halldór Jónsson, Guðmundur Þorleifsson, Þórarinn Grímsson, Snæbjörn Erlendsson og Steinn Böðvarsson að Sæmundur Árnason hefði hinn 8. ágúst það ár selt Magnúsi syni sínum jarðinar Hól í Bolungarvík, Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð og Þjóðólfstungu í Bolungarvík fyrir jarðirnar Sæból, Álfadal, Hraun og Tungu í Valþjófsdal.[474]

Hinn 16. október 1627 auglýstist og staðfestist sá gjörningur milli Sæmundar Árnasonar og Steinþórs Ormssonar vegna brúðkaups barna þeirra, Eggerts Sæmundssonar og Ragnhildar Steinþórsdóttur, þess efnis að Sæmundur gaf Eggerti jarðirnar Sæból, Álfadal, Hraun, Tungu í Valþjófsdal og Gljúfurá, en Steinþór gaf dóttur sinni hundrað hundraða í föstu og lausu. Eggert gaf svo Ragnhildi í tilgjöf jarðirnar Álfadal og Hraun. Hluti gjörningsins var að Sæmundur lofaði að staðurinn Sæból yrði laus til handa Eggerti.[475]

Í biskupsvísitasíu um Sæbólskirkju á Ingjaldssandi frá 21. ágúst 1639 segir meðal annars:

> hun ä häls xij hndr. Jórd Jtem er sagdt hun eige tollfry skip i Mejrabacka lande i Skalavyk med budargiórd.
>
> […]
>
> attung i Gejrsbrecku i Sugandafyrde og Skóg med þejm sem filgia þui lande[476]

Hinn 22. febrúar 1666 vitnaði Jón Arngrímsson í Álfadal um landareign Sæbóls á Ingjaldssandi. Jón kvaðst hafa búið í næstum þrjátíu ár í Álfadal og í Hrauni á Ingjaldssandi og vitnaði svo:

> Svo felldann vitnisburd ber eg Jon Arngrÿmsson ad eg hefi buid fyrer Alfadal og i Hrauni a Ingialldzsandi i næstu þriatÿe är og hef eg alldrei heyrtt nie vitad, edur mier elldri menn med skiolum, briefum nie bÿvÿsingum edur nockrum sanni seigia edur hallda annad, enn Sæbol ætti alltt land med sio a millum þufu og reidarskiers þar þar [svo] med vafalaust Sæbolshlijd fram i sÿchiseyri Villingadalsmeiginn þar steckurinn er nu frá Sæboli. So og hefi eg eigi heyrtt nie vitad af elldri monnum sagt nie halldid vera, ad adrir menn hafi yfer þuij ~~H~~hlÿdarlandi eignarrad edur heimilld haftt enn Sæbolsmenn og abuendur mann epter mann. Somuleidiz hafa Brecku og Villÿngadals abuendur arliga forlÿkt skipstodu og vertoll vid husbændur og eignarradendur a Sæboli med fiemunum ellegar annari þocknunarsemi um allann adurgreindann ara tÿma. Er eg

[472] Skjal nr. 2(207).
[473] Skjal nr. 2(210).
[474] Skjal nr. 2(209).
[475] Skjal nr. 2(211).
[476] Skjal nr. 2(157).

> nu riett sextugur madur og hef eg ongvann mann heyrtt hier a moti mæla fyrr enn nu fyrer einu ári, og vil eg hier epter þessu sveria ef þurfa þykir.[477]

Í biskupsvísitasíu um Sæbólskirkju frá 27. ágúst 1700 segir meðal annars:

> Anno ut Supra d. 27. Augusti Visiter[ud] Mariu kirkia hins H. Jons postula, Magni Thorlaci og Caterinæ, ad Sæböle ä Jngialldz Sande, hun ä land under Hälse, og ättung i Geyrsbrecku i Sugundarfyrde efter Vilchins mäldaga, og Skögum þeim sem þar fylgia þvi lande, Jtem þridiung i Nesdal, og þridiung i Heidum, efter Wisitatiubökenne. Jtem ä kirkiann Jórdena Häls xii hndr., og tollfry Skip, med Budargiórd, efter þvi Sem vænst er i Visitatiubök Mag. Brynjölfs,[478]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Sæból á Ingjaldssandi:

> **Sæból.**
>
> Kirkjustaður.
>
> Jörðin með þrimur hjáleigunum er lx hndr.
>
> Eigandinn að allri jörðunni er Monsr. Eggert Sæmundsson.
>
> Á heimajörðunni (sem reiknast fyrir xxx hndr.) býr eigandinn.
>
> Á heimajörðunni hafa lengi eignarmenn búið, nema hálf heimajörðin (15 hndr.) hefur stundum leigð verið.
>
> […]
>
> Afrjett á jörðin í Nesdal sem áður er sagt. Skógarítak á kirkjan í Gilsbrekku skóg í Súgandafirði. Móskurð hefur jörðin átt í sínu landi, fer nú mjög til þurðar. Reka á jörðin fyrir sínu landi, hefur í nokkur ár ekki heppnast. Tollfría skipstöðu eignar visitatia Magister Brynjúlfs sál. Sæbólskirkju í Meirabakka landi í Skálavík, en ekki hefur kirkjan þess notið í manna minni. Selstöðu á heiðum (fyrir ofan Íngjaldssand) á jörðin.
>
> Útigángur í fjöru er hjer að gagni, þá brim ber þarann að landi. Hætt er útigángs peníngi á vetur fyrir snjóflóðum. Stúnga og rista er hjer næsta ónýt.
>
> Engjunum spilla skriður og hafa mikinn skaða gjört. Sandur úr sjáfarbökkum fýkur á engið.
>
> […][1])
>
> **Efre hus.** Hjáleiga frá Sæbóli reiknuð fyrir x hndr., bygð í fyrstu fyrir 50 eður undir 60 árum.
>
> Ábúendur Jón Gissursson og Jón Brandsson sinn á hverri hálfri.
>
> […]
>
> Á túnið fýkur sandur og spillir því. Engjunum spillir og sandur og skriður.
>
> **Nedre hus** eður **Uthus.** Önnur hjáleiga frá Sæbóli, reiknuð fyrir x hndr., bygð í fyrstu fyrir 80 eður 90 árum. Hefur legið í eyði síðan bóluna, og brúkar nú ábúandi á heima Sæbóli hjáleigunnar grasnyt.
>
> […]
>
> Túninu spillir sandur og engjunum sömuleiðis.
>
> **Krókur** eður **Krókshus.** Þriðja hjáleiga frá Sæbóli reiknuð fyrir x hndr., er eldri en í manna minni.

[477] Skjal nr. 2(42).
[478] Skjal nr. 2(158).

Ábúandinn Þorleifur Hannesson.

[…]

Túni og engjum spillir sandur. Vatnsból er hjer erfitt og verður til að sækja.

Á Sæbóli er útræði og verstaða, og róa hjer til fiskjar þeir sem búa á Íngjaldssandi. Skip til fiskjar hafa hjer gengið stundum 3, stundum 4. Tekur eigandi Sæbóls þar af vertolla þegar aðrir eiga skip en hann. Tollurinn er 2 fjórðúngar, stundum 1 fjórðúngur eftir samkomulagi. Verbúðir heima í Sæbóls landi eru nú engar, ein hefur þar fyrrum verið, sem þeir frá Brekkum brúkað hafa.

[1]) Við Sæból liggur á lausu blaði eftirfarandi lýsíng jarðarinnar, sem eigandi hefur sjálfur skrifað:

Sæból á Íngjaldssandi 60 hndr. að dýrleika, […] Tún í víðlendara lagi af jafndýrum jörðum, hart og sendið að vinna. Grasvöxtur við meðaljarðir og ei lakara þá í ári lætur. Engjar litlar, mjög graslitlar, af skriðum og sandi mjög skemdar. Sumarbeit fyrir peníng lítil að víðáttu og grasi, því í grjót og hrjóstur er komið af skriðum, þetta er lítill dalur, á honum mjög lítið lýngsnap. Selstöðu á jörðin á heiðum og tvo parta þess lands, sem mínir forfeður mjer sagt hafa, en ei nú í mörg ár brúkað, á þessum heiðum er lýng að fá. Skógur enginn í þessarar jarðar landeign, ei silúngsveiði, lítil og slæm torfrista sökum sands og óheillrar jarðar. Nú frá allur reki, sem áður var þó, so nú í 10 ár hafa hjer tvö trje rekið, ásgildi 9 og 12 álna. Heimræði á vor og sumur, og ei eru hjer utan Sands skip til róðra, allskjaldan á vetrartíma róið. Afrjettið Nessdalur brúkast til beitar fyrir geldfje vetur og sumar, so lengi sem snjór og klaki hylur ei gras, þar hafa hestar beit að öðru hvörju, so og á vetur meðan sjer úti gefa. Þar gengur eitt skip á vorin, stundum tvö, með fjórðúngs tolli, og geldneyti sumardag. Þar eiga kirkjur ítak til beitar um sumar, þar má fá lítið lýng og lítil ber, hvörgi í þessari landeign, að minni vitund, að neinum riðum ber að fá annarstaðar og ekki fjallagrös. Dalurinn heyrir til kirkjunni hjer og jörðinni, einnin bænhúsi á Álfadal að fornu. Þessi jörð er í mörgu hæg fyrir þann ábýr, og ein með þeim hægustu til hjálpræðis. Útigángur mjög lítill og ei fjörubeit, þó ber hjer upp þara eftir stórbrim.

[…]

Á öðrum miða hefur Á. M. skrifað þessar minnisgreinar:

[…]

Verbúðir heima. 1/3 í Nesdal. Beit 1/3 í heiðum fyrir ofan Íngjaldssand.[479]

Við héraðsþing að Mýrum 30. ágúst 1723 var þinglesin stefna Orms Daðasonar gegn Snæbirni Pálssyni. Sátt náðist um málið þannig að Ormur fékk jörðina Sæból, 60 hundruð að dýrleika, en Þórkatla Jónsdóttir fékk á móti Fjallaskaga, 12 hundruð að dýrleika, auk þess sem Ormur féll frá öllu sínu máli gegn Snæbirni.[480]

Við héraðsþing dagana 17. og 18. júní 1727 var tekið fyrir mál um landamerki Sæbóls á Ingjaldssandi og konungsjarðanna Brekku og Villingadals auk Birnustaða. Fyrri daginn komu fyrir þingið Magnús Arason vegna föður síns, Ara Þorkelssonar, umráðamanns konungsjarða á Ingjaldssandi, og Magnús Snæbjörnsson, vegna Þórkötlu Jónsdóttur á Sæbóli. Fram kom að Þórkatla byggði landamerki Sæbóls á lögfestu sinni frá 9. júní 1724. Lögfestan er á einum stað sögð vera frá 9. maí það ár. Magnús Arason kvað efni lögfestunnar ganga of nærri konungsjörðunum Brekku og Villingadal og

[479] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 87–89, skjal H-12.
[480] Skjal nr. 2(439).

einnig Birnustöðum og fór fram á að efni hennar yrði sannað með frumskjölum. Þórkötlu var því stefnt til þings og sömuleiðis fjölda vitna. Magnús Snæbjörnsson lagði fram lögfestu Sæmundar Eggertssonar sem lögfest hafi verið árið 1665. Efni hennar er svohljóðandi:

> Jeg Sæmundur Eggertsson logfeste hier i dag eign mijna sem er Jord þesse Sæböl med allre hennar Kÿrkiueign sem hennar mäldagar henne Eigna, edur henne hefur ad fornu fari eignad vered, hier med logfeste ieg hier i dag allann nesdal ad frateknum þeim Jtökum sem Mÿrakyrkia og Núps Kirkia sier þangað eigna, edur onnur þaug itök sem med giördum giorningum og gomlum brefum bevijsud verda. Logfeste ieg akra og todur eingiar og Skoga Hollt og haga, votn og veidestodu og allar landsnitiar er þessare sagri Jordu filgia og filgt hafa ad fornu og nýu og allt til Sioar i mille þúfu og Reidarskiers og so framm i SykisEyre, Skal þesse mijn logfesta standa epter logmalsens tijma leingd, fyrerbÿd eg hvorium manne ad Jrkia edur sier i neinu ad nyta nema mitt sie lof og leife til ad vitne þijnu Sigurdur Biarnason og þijnu Andres Jonsson og allra þeirra ord mun heira[481]

Þá var upplesinn vitnisburður Jóns Þorlákssonar um land Sæbóls, dagsettur 27. febrúar 1666:

> So felldan Vittnisburd ber eg Jon Þorlaksson, ad eg hefe alla mijna æfe, og hefe eg nu fiortan vetur vmm Sextugt uppalest ä Villingadal ä Jngialldssande hia mijnum födur (og þar epter bued under hälse allt þar nú er komed og heffe Eg alldrei heirt nie vitad annad umm mijna æfe edur af mier elldre monnum med nokkrum sanni Sagt edur hallded vera, Enn Sæból ætte allt land fra Þufu og i Reidarskier, þar med alla Sæbolshlyd framm i SykesEyre þar sem Steckurenn Ernú fra Sæbóle, og alldrei hefe eg heirt nie vitad Rad edur hefd hafft hafe yfir nefndu Landamerkium enn Sæböls menn mann epter mann, Somuleidis hafa umm alla mijna æfe Villingadals edur brecku búendr arfa forlÿkt Skipstodu og vertoll vid Eygendur bændr ä Sæbole med fiemunum edur annare þocknunnarseme, og aungvan hefe Eg heirt hier ä möte mæla fyrr enn nú fyrer einu Are og hier epter vil eg sveria ef þurfa þiker[482]

Einnig var upplesinn vitnisburður Sigurðar Bjarnasonar og Ólafs Guðmundssonar frá 7. mars 1686 um að Sæbóli hafi verið eignuð hlíðin Villingadals megin, fram í miðja Sýkiseyri og að hún hafi verið yrkt og brúkuð af Sæbólseigendum. Í framhaldinu var upplesinn vitnisburður Arngríms Jónssonar frá 4. apríl 1686 sem segir að hlíðin Brekku megin á Ingjaldssandi fram í miðja Sýkiseyri hafi verið eign Sæbóls. Þá hafi Brekka ekki átt fría skipstöðu í Sæbólslandi nema með leyfi Sæbólseigenda. Sama kemur fram í vitnisburðum Jóns Jónssonar frá 5. apríl 1686 og Brynjólfs Bjarnasonar og Jóns Jónssonar frá 20. mars 1686. Hinn 18. júní 1727 var málinu framhaldið en þar var upplesin eftirfarandi lögfesta Magnúsar Snæbjörnssonar, sem hafi verið upplesin við Sæbólskirkju í viðurvist safnaðarins 19. sunnudag eftir Trinitatis árið 1684:

> Eg Eggert Sæmundsson logfeste Hier i dag þennann städ Sæböl a Ingialldssande akra og Todur, Eingiar, og Skóga hollt og haga votn og veidestade og allar Landsnitiar þær er þessu lande eiga ad filgia til vmmmerkia þeirra er adrer menn eign i möte mier, Nefnelega ad þessum Landamerkium tilteknum alla hlÿdena Villingadals meigenn framm i midia Sykis Eyre, Enn þessumeigenn framm Jffer hladshvamm i þann hrigg er þar er næstur, allann Reka millum Þúfu og Reidarskiers. Jtem Nesdal allann ad

[481] Skjal nr. 2(440).
[482] Skjal nr. 2(440).

> frateknum þeim itokum er Myra og Núpskirkiur sier þangad eigna, edur þaug onnur itók sem med Skiallegum bevÿsingum edur gomlum brefum bevÿsud verda. Fyrerbyd eg hiedan af hvórium manne i ad vinna edur sier ad neinu nyta nema mitt edur minnar elsku mödur Þurydar Arnadotter sie lof edur leife til. Vil eg ad þesse mijn logfesta stande epter logmälsens tyma leingd ad vitne þÿnu Sigurdur Biarnason, og þÿnu Olafur Gudmundsson og allra þeirra sem ord mijn heira.[483]

Magnús Snæbjörnsson kvaðst ekki hafa frekari skjöl um landamerki milli Sæbóls og Brekku ásamt Villingadal. Hann lagði lagði þá fram eitt bréf, skrifað á kálfskinn, með vitnisburðum Vermundar Jónssonar frá 4. júlí 1635 og Björns Þorlákssonar frá 7. júlí sama ár. Efni þeirra hljóðar svo:

> Þad votta ieg Vermundur Jonsson, og gióre gódum monnum vitanlegt ad Eg hefe bued Sex ar under Halse ä Jngiallds Sande, voru þä hallden Landamerke mille Brecku og Häls sem äenn Helldur framm epter ollum dal, Slo eg og beitte allt Land fyrer ofan Hals sem annad, þad þeirre Jordu filgde og eingenn atalde þad i þann tÿma eda talade þar neitt um og alldrei hef eg heirt neina efaseme umm þad ad þær Selia tofter sem voru i þeim parte fyrer ofan Hals sie eÿ fra halse
>
> […]
>
> Þad votta Eg Biorn Þorlakson fyrer einum og Sierhvórium ad eg hefe uppalest því nær og allann minn alldur ä Jngialldssande, enn eg hef nu 7. vetur umm 40 og hefe eg glogt til vitad, ad aller þeir ä halse hafa búed hafa Sleiged irt og nydgad allt þad land fyrer ofann Hals sem Aainn helldur og alldrei hef eg heirt neina menn eigna þad land frá Hälse, og heirda ieg minn fódur Þorlak Jónsson seigia ad þad hefd alla tima nefnt Halspartur, bio hann fyrir Villingadal ä Jngiallds sande meir enn 40 är, Eirnenn lyste Gisle H. Sigurdsson fyrer mier ad Sel fra Hälse hefdi vered i þeim parte[484]

Hin framlögðu skjöl voru svo gaumgæfilega skoðuð og sagði Magnús Arason um lögfestu Sæmundar Eggertssonr frá 1665 að engin vitni styddu það að lögfestan hafi verið upplesin við þing eða kirkju. Þá væru engin innsigli á vitnisburðarblaði Jóns Þorlákssonar. Þá hafi aðrir vitnisburðir verið teknir til og útgefnir án vitneskju jarðarhaldara Brekku og Villingadals og ekki heldur verið auglýstir. Með öðrum orðum hafi nefnd skjöl enga þýðingu. Þar á eftir voru yfirheyrð vitni sem stefnt hafði verið til þings. Konráður Oddsson vísaði í máldaga fyrir Brekku á Ingjaldssandi sem hafi getið þess að Brekka ætti allt land til sjávar eftir því sem á heldur Brekku megin á Ingjaldssandi. Í vitnisburðunum er hún oftast kölluð Sandsá. Um Stekkjarstæðið í Brekkulandi, þá hafi það verið léð fyrir skipstöðu við Sæbólslendingu. Svipaðar upplýsingar komu fram í vitnisburði Ólafs Nikulássonar, Gísla Brandssonar, Björns Jónssonar, Jóns Bjarnasonar, Þormóðs Magnússonar og Jóns Jónssonar. Björn, Þormóður og Jón Jónsson sögðu að Brekka eða kirkjan sem þar hafi verið hafi átt beitarítak í Nesdal, framan til við þrönga götu. Enn eitt vitnið, Ólafur Sigurðsson, sagði ána hins vegar ekki hafa verið landamerki milli Brekku annars vegar og Sæbóls hins vegar. Hann kvað bænhús á Brekku hafa átt ítak í Nesdal og á heiðum. Þorleifur Bjarnason, Eiríkur Bjarnason vitnuðu að Sæbólsbændur hafi yrkt í hlíðinni Brekku megin, allt inn að Sýkiseyri. Loks vitnaði Konráð Jónsson að Brekka hafi átt land til

[483] Skjal nr. 2(440).
[484] Skjal nr. 2(440).

sjávar eftir á sem rynni eftir miðjun Ingjaldssandi, en Brekka hafi átt ítak í Nesdal og á heiðum. Í mörgum vitnisburðanna kom fram að Brekka og Villingadalur hafi áður verið ein jörð. Dómur féll þannig að vitnin, að undanskildum Konráði Oddssyni, Ólafi Sigurðssyni og Eiríki Bjarnasyni, sem vitnað hafi til lifandi manna, skyldu sanna vitnisburði sína með eiði. Þá var ályktað að ekki yrði dæmt um landið Brekku megin á Ingjaldssandi fyrr en Ormur Daðason sýslumaður, sem eigandi Sæbóls, yrði aðvaraður til að svara ákærunni. Loks var dæmt að Sæbólseigandi mætti yrkja Villingadals megin eins og brúkað hafi verið um næstu 20 ár á undan. Nokkur vitni eiðfestu að lokum vitnisburði sína.[485]

Við manntalsþing að Mýrum 26. apríl 1780 var þinglesinn makaskiptagjörningur Jóns Jónssonar á 15 hundruðum í Sæbóli fyrir 18 hundruð í Meðaldal af hálfu Guðmundar Sigurðssonar.[486]

Í prófastsvísitasíu um Sæbólskirkju frá 6. september 1784 segir að hún haldi sínum eignum og ítökum. Einnig segir að nýta þurfi hrís úr skógi kirkjunnar í Súgandafirði.[487] Sömu upplýsingar koma fram í prófastsvísitasíu frá 9. september 1829.[488] Í prófastsvísitasíu frá 12. nóvember 1834 er fjallað um skógarítak Sæbólskirkju í Súgandafirði sem kallist Sæbólsteigur, en að hann sé að mestu skriðum runninn og eyddur.[489] Sama kemur fram í kirkjustól Sæbólskirkju frá 1829–1887.[490]

Við manntalsþing að Suðureyri 27. júní 1791 var upplesið makaskiptabréf, dagsett 27. apríl sama ár, milli sr. Guðmundar Sigurðssonar og Jóns Bjarnasonar á átta hundruðum í Sæbóli og Dynjanda og kaup Jóns á sjö hundruðum í nefndu Sæbóli af sr. Guðmundi fyrir 84 ríkisdali specie og 16 ríkisdali courant. Ekki kemur fram hvort bréfið eigi við um Dynjanda í Arnarfirði eða Dynjanda í Leirufirði.[491] Makaskiptabréfið var einnig þinglesið við manntalsþing að Sléttu 4. júlí sama ár.[492]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Sæbóls metinn 60 hundruð en eigendur jarðarinnar voru Jón Ásgeirsson prófastur og fleiri meðeigendur sem ekki eru nafngreindir. Þá segir að fiskiverið Ingjaldssandur gefi af sér árlega þrjá ríkisdali í vertolla. Með í matinu eru hjáleigurnar Neðri-Hús og Efri-Hús. Við færsluna um Neðri-Hús er skráð að með í matinu sé eyðihjáleigan Krókshús en við færsluna um Efri-Hús er skráð að eyðihjáleigan Nesdalur sé með í matinu og að hún nýtist sem beitiland.[493]

[485] Skjal nr. 2(440).
[486] Skjal nr. 2(441).
[487] Skjal nr. 2(180).
[488] Skjal nr. 2(181).
[489] Skjal nr. 2(182).
[490] Skjöl nr. 2(184) og 2(188).
[491] Skjal nr. 2(442).
[492] Skjal nr. 2(443).
[493] Skjal nr. 2(59).

Hinn 7. desember 1833 seldi Guðmundur Bárðarson á Sæbóli 15 hundruð í Sæbóli á Ingjaldssandi og þrjú hundruð í Hálsi á Ingjaldssandi til Jens Jacobs Benediktsens á Ísafirði.[494]

Í prófastsvísitasíu um Sæbólskirkju frá 14. júlí 1839 segir meðal annars:

> Arid 1839 þann 14da Julii var kyrkjann ad Sæbóli á Jnggialds Sandi i forföllum Hr Próf. Sigurdar Jonssonr og eptir hans skriflegri Fullmagt yferskodud af Presti Jóni Sigurdssyni á Gerdhömrum – Kyrkjann heldur eins og i fyrri Visitatium er ummgetid, öllum sinum eignum og Jtökum óröskudum; þó er þess hér ad géta, ad afréttid Nesdalur, sem kyrkjan ad Sæbóli á mikinn Part i, er nu byggdur sem Nylenda, án nockurs ennnu feingins Skilmála um afgipt til kyrkjunnar framvégis[495]

Við manntalsþing að Mýrum 9. júní 1845 var þinglesin lögfesta eigenda og ábúenda á Sæbóli, Jóns og Guðmundar Bjarnasona.[496]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Sæból á Ingjaldssandi metin 60 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon telur, auk Nesdals, Efri-Hús, Neðri-Hús og Krók eða Krókshús, en árið 1805 séu þær að hálfu hafðar með heimajörðunni og að hálfu með hjáleigunni Neðri-Húsum sem hjáleigur frá Sæbóli, en eigi sé þeirra nú getið af sýslumanni né presti.[497]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Sæból var metin á 1.200 ríkisbankadali.[498]

Í prófastsvísitasíu frá 5. ágúst 1852 og biskupsvísitasíu frá 11. ágúst sama ár koma fram sömu upplýsingar og í eldri biskupsvísitasíum.[499] Í prófastsvísitasíu frá 30. desember 1853 segir að Sæbólskirkja haldi öllum sínum eignum og ítökum en að hún hafi ekki fengið eftirgjald af þeim áttungi sem hún eigi í Geirsbrekku í Súgandafirði.[500] Sömu uppýsingar koma fram í prófastsvísitasíu frá 25. ágúst 1885 en þar segir að áttungur í Gilsbrekkulandi með skógum sem þar fylgja sé genginn undan kirkjunni. Fram kemur að eigendur hennar hafi haft í hyggju að ná honum aftur undir kirkjuna.[501]

Hinn 26. júlí 1857 skrifaði Jón Jónsson á Sæbóli til sr. Odds Sveinssonar, prófasts á Hrafnseyri um ítök Sæbólskirkju. Í bréfinu segir Jón að samkvæmt biskupsvísitasíu frá 1790 eigi kirkjan áttung í Geirsbrekku í Súgandafirði og skógum þeim sem því landi fylgja og einnig þriðjung í Heiðum. Í framhaldinu segir í bréfinu að honum og öðrum eigendum Sæbóls sé næsta ókunnugt um þessi ítök, en jafnframt óskaði Jón eftir upplýsingum frá prófastsdæminu en annars skrifa biskupi um efnið.[502] Sr. Oddur skrifaði biskupi bréf 22. september 1857 um að Jón hreppstjóri á Sæbóli hafi óskað eftir upplýsingum um ítök Sæbólskirkju.[503]

---

494 Skjal nr. 2(321).
495 Skjal nr. 2(183).
496 Skjal nr. 2(444).
497 Skjal nr. 4(1), bls. 194.
498 Skjal nr. 2(81).
499 Skjöl nr. 2(185) og 2(159).
500 Skjal nr. 2(186).
501 Skjal nr. 2(187).
502 Skjal nr. 2(258).
503 Skjal nr. 2(259).

Landamerkjabréf jarðanna Sæbóls og Háls á Ingjaldssandi er dagsett 15. maí 1886 en það var innkomið til þinglesturs 22. apríl 1890. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki Sæbóls- og Háls
>
> Milli Sæbóls- og Álfadals eru merkin í svonefnda Merkislá, eptir henni ofan sem hún ræður í sýki það, sem er Sæbólsmegin við svonefndan þrætupart; þaðan á jörðin land allt vestur fyrir allan Barða, vestur í Nesdal, með reka öllum til móts við endimörk Mýrareka, í Þúfu. Sæból á Villingadalshlíð úr Kikanum neðanvert við svonefnda Sýkiseyri, og þaðan beint á brún; svo niður eptir til sjávar, og reka allan, og land allt í svonefnt Reiðarsker.
>
> Kirkjan á ennfremur þriðjung í Nesdal og þriðjung í Heiðum og Seljalágar allar frá Mórillu í læk þann, er rennur fyrir utan Stóra bala.
>
> Kirkjujörðin Háls á Mórilleyrar beint í fjall eptir því sem áin Mórilla segir. – Sæbólskirkja á áttung í Geirsbrekku í Súgandafirði og skóga, sem fylgja því landi. Sæbólskirkja á land allt undir Hálsi innan þeirra landamerkja, er nú skal greina. Milli Háls og Brekku eru merkin í svonefnda Þverá, og skilur hún lönd milli þeirra landa fram í dalbotn. Milli Háls og Hrauns skilur Langá fram að þverá sem rennur milli landamerkja Hrauns og Sæbólslands, sem hefir upptök sín neðanvert við Nesdals-skarð.
>
> Þessu til staðfestu eru okkar sameiginleg nöfn að Sæbóli og Hálsi.
>
> Mýrum 15. maí 1886.
>
> Jón Jónsson, eigandi Villingadals.
>
> Guðm. Jóhannesson, eigandi Mosdals.
>
> Jón Bjarnason (hdsl) Kr. Eiríksdóttir (hdsl) sem eigendur Álfadals
>
> Sigm. Sveinsson, eigandi Hrauns.
>
> Eigendur Sæbóls: G.H. Guðmundsson Jón Jónsson Mosdal. G. Sturluson María Jónsdóttir.[504]

Með kaupbréfi dagsettu 2. júlí 1889 seldu Sigurður, Guðmundur, Sigríður og Pálmi Guðmundarbörn sjö hundruð að fornu mati í Sæbóli á Ingjaldssandi til Gísla Jónssonar á Sæbóli. Kaupbréfið var þinglesið 19. júlí sama ár.[505]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Sæból á Ingjaldssandi:

> Sæból.
>
> á Ingjaldssandi. Landamerki: þinglesin
>
> […]
>
> Mótak er á jörðinni, mikil slægna jörð og beitargóð sumar og vetur, hæg til sjósókna mikil hrognkelsaveiði. Lending brimasöm.[506]

Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Þar segir einnig að jörðin átti Nesdal sem upprekstrarland. Jörðin var metin á 5.250 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[507]

---

504 Skjal nr. 2(15).
505 Skjal nr. 2(322).
506 Skjal nr. 2(96).
507 Skjal nr. 2(96).

Hinn 15. apríl 1918 var haldinn sáttafundur hjá sáttanefnd Mýrahreppsumdæmis vegna kæru Jóns Bjarnasonar á Sæbóli gegn Guðmundi Guðmundssyni, einnig á Sæbóli. Jón taldi Guðmund hafa dregið sér kaup úr ábúðarhundruðum sínum á jörðinni Sæbóli og krafðist þess að Guðmundur léti sér eftir kaupin á nefndum jarðarhundruðum. Aðilar sættust þannig að Guðmundur gaf eftir kaup sitt en Jón greiddi stefnukostað og til kærða alls 58 krónur.[508]

Í bréfi Sighvats Borgfirðings frá 17. júlí 1918 til óþekkts viðtakanda, en hugsanlega sýslumanns, er fjallað um Sæból á Ingjaldssandi, svokallaðar Heiðar, Álfadal og Hraun. Í bréfinu segir Sighvatur að kirkjustaðurinn Sæból hafi um langa tíð eignað sér eyðiland framan til á Ingjaldssandi, bút, slægjur og mótak sem nefnist Heiðar. Milli Sæbóls og Heiða séu tvær jarðir, Álfadalur og Hraun, en frá Álfadal hafi átölulaust verið notuð beit á Heiðunum. Þá segir að neðri partur Heiðanna nefnist Seljalágar en þar séu mestar slægjur og mótak og þær hafi Sæbólsmenn nýtt án þess að nokkur hafi mælt í mót. Um þetta atriði segir Sighvatur í bréfinu að hann hafi lesið biskupsvísitasíu Sæbóls frá 1790 en þar segi að Sæbólskirkja eigi þriðjung í Heiðum. Sighvatur spyr því hver eigi hina 2/3 hlutana og ýjar að því að ágreiningur hafi verið milli Sæbólsmanna og Álfadals um yrkingu á svæðinu. Í framhaldinu óskar Sighvatur eftir upplýsingum um landamerki og eignarheimildir um jörðina Álfadal, s.s. *Jarðabók* Árna og Páls, gamlar lögfestur eða kaupbréf yngri en 1548, auk þess að skyggnst sé eftir því hvað Sæbólskirkja eigi mikið tilkall á Heiðum.[509]

Með bréfi til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu dags. 3. maí 1954 lýsti biskup Íslands á svohljóðandi hátt ítökum Holtskirkju í Önundarfirði og Sæbólskirkju á Ingjaldssandi:[510]

> Holtskirkja í Önundarfirði.
>
> a. Fimm kúgilda höfn í Nesdal. Telur prestur ítak þetta hafa verið notað fram á síðustu ár.
>
> Sæbólskirkja.
>
> a. Þriðjungur í Nesdal. Getur þess í Gíslamáldaga um 1570.

Hinn 26. október 1954 sendi sýslumaður þáverandi eiganda Sæbóls, Jóni S. Jónssyni, tilkynningu um ítakslýsinguna.[511]

5.16.1 Nesdalur milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Nesdal:

> **Nesdalur**
>
> heitir afrjett vestan til við Íngjaldssand milli og Dýrafjarðar.

[508] Skjal nr. 2(220).
[509] Skjal nr. 2(43).
[510] Skjal nr. 15(8).
[511] Skjal nr. 15(8).

> Afrjett þessa eiga jörðin Sæból, kirkjan á Sæbóli og einn hlut þar í hefur eignaður verið bænhúsinu í Álfadal á Íngjaldssandi. Item eiga hjer ítök kirkjan í Holti í Önundarfirði, kirkjan að Mýrum og kirkjan að Núpi, eftir því sem þeirra máldagar hljóða.
>
> Í þessum Nessdal var fyrir 5 eður 6 árum sett bygð að forlagi eiganda Sæbóls, og hafði hjer aldrei fyrr bygð verið.
>
> […]
>
> Bygðin hjelst í 2 ár og ekki lengur, og ömuðust þeir við bygðinni, sem tiltölu áttu til Nesdals ásamt Sæbóls eiganda.
>
> Ekki kann hjer aftur að byggjast án haga þeirra, sem beit eiga í dalinn, enda var þessi bygð líkari búðarstæði en bæ, og var þar aldrei nein kýrin.
>
> Útræði mátti hjer vera ef búandinn hefði svo megnugur verið, hafði hann og lítinn bát sjer til fiskiafla. Þrjár vermannabúðir standa í þessum Nessdal, sem tilheyra Sæbóli, og eigandi Sæbóls tók vertolla eftir eður brúkaði sjálfur eina. Nú er ekki nema ein brúkuð, og lágu þar við um næstu vertíð 2 skipshafnir, sem guldu vertoll til eiganda Sæbóls (einn fjórðúng fyrir mann).[512]

Í svari Jóns Árnasonar Skálholtsbiskups til Snæbjörns Pálssonar, dagsettu 22. febrúar 1727, um Mýrakirkju og réttindi í Nesdal segir að kirkjan eigi 15 kúgilda beit í Nesdal, en ekki 10 kúgilda beit.[513]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er fjallað um Nesdal í mati á jörðinni Sæbóli. Dýrleiki Sæbóls var metinn 60 hundruð en eigendur jarðarinnar voru Jón Ásgeirsson prófastur og fleiri meðeigendur sem ekki eru nafngreindir. Með í matinu eru hjáleigurnar Neðri-Hús og Efri-Hús. Við færsluna um Neðri-Hús er skráð að með í matinu sé eyðihjáleigan Krókshús en við færsluna um Efri-Hús er skráð að eyðihjáleigan Nesdalur sé með í matinu og að hún nýtist sem beitiland.[514]

Hinn 9. janúar 1812 skrifaði sr. Ásgeir Jónsson prófastur til biskups um Nesdal og óskaði ráða um hvort Brynjólfur Hákonarson á Mýrum hefði myndugleika til að lána eða leigja öðrum 15 kúgilda beitarítak í Nesdal. Í bréfinu segir meðal annars:

> Tveir Partar Afréttis, adur bejtarlands-dalkorns, sem kalladur er Nesdalur, liggia, og frá elldgömulum Tÿdum Leigid hafa, undir nú verandi ábílis Jörd mÿna Sæból, i hvörre eg á sem stendur 1/3 edr 20 hndr., enn þridie Parturinn heyrdi til Bænhúse því, sem var á næsta bæ Alfadal, og liggr enn nu, eins sÿdann þetta Bænhús var aftekid, under sömu Jördu, i grend vid hvöria og Sæból dalkornið er; enn – Hvörsu lítilfjörlegt og hriostrugt þetta dalverpe annars ordid er, til eigna þó Biskupa og Prófasta Visitatiur hér kríngum liggiandi Kÿrkiuni, Hollts Myra og Nups beitar Itök þarí, nl. þeirri fyrstu VI, þeirri annare XV, og þeirri þridiu V kúgildabeit ótiltekinn Tyma. Héraf kémur þad, ad MyraKyrkiu nú ordinn Proprietarius, Bóndi Monsr Brynjólfur Hákonarson á Myrum hefur afrád vid mig: ad þar hann siái sig naumlega edur ecki siálfan géta notað sér með Peningsgaungu nefndt Itak fyrer fiarlægdar Saker, þá ad leigia þad einhvörium sem þyggia villde, edur hvörium sem hann vill, nærbúandi, til beitarlands, mót þeirri gódþægd edur borgun sem hann fá kynni, hvad eg aungvanveginn ad sostöddu hefi þá viliad hönum tilstanda fyrer mitt leite, enn þar hiá játad rímelegt: ad hann siálfur sem Proprietarius noti sér þad fyrir Kyrkiu Kúgilldenn, þótt aungver Formenn hans hafi, hvört sem þeir hafa seted siálfa Myra edur ecki; heldurenn hinna Kyrknanna Fjárhalldsmenn, svo eg vite edur géti til frétt, neitt um þad syslad, utann þá þeir hafa

[512] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 86–87, skjal H-12.
[513] Skjal nr. 2(138).
[514] Skjal nr. 2(59).

> Gélddneiti átt, sem átölu laust hafa geingid þar í afrétt, og fyrer hvör, enn ecki Saudfé, til tédrar Kúgillda Tölu, beitar Itökenn sÿnast jafnvel i fyrstu hafa géfinn verið nefndum Kyrkium, hvörrar Fiárhalldsmenn umm þær innunder, hafa ad líkindum átt nockurra géldneÿta Rád.[515]

Biskup svaraði bréfi sr. Ásgeirs með bréfi dagsettu 16. mars 1812, en hann kvaðst ekkert vita sem kynni að hindra Brynjólf í að lána eða leigja öðrum 15 kúgilda beitarítak Mýrakirkju í Nesdal.[516]

Hinn 10. nóvember 1827 lýsti Jón Bjarnason á Sæbóli því yfir að hann myndi lofa Jóni Jónssyni á Skaga að rista torf í Nesdal. Yfirlýsing Jóns var meðfylgjandi bréfi sr. Ásgeirs Jónssonar til biskups frá 31. desember sama ár, en í yfirlýsingunni segir:

> Eg undir skrifadur lofa bondanum Joni Jonssyni a Skaga ad Rista torf, í Nesdal eptir þørfum, þó í þeim stad sem hann sier Skada mínst, og þessu til stadffestu er mitt undir skrifad nafn, Sæboli þann 10 Nóvemb. 1827[517]

Í áðurnefndu bréfi sr. Ásgeirs til biskups í lok árs 1827 segir að Jón Jónsson á Skaga hafi kvartað til sín að rist væri úr jörð sinni fyrir þrjár verbúðir, þ.e. verbúðir Sanda-, Mýra- og Núpskirkna. Jón hafi sjálfur þurft á torfristu að halda en fengi hana miðað við yfirlýsingu Jóns á Sæbóli í Nesdal.[518] Biskup svaraði sr. Ásgeiri með bréfi dagsettu 17. mars 1828 en kvaðst ekki geta úrskurðað um málið fyrr en fram væru komin álit fjárhaldsmanna kirknanna, þ.e. hvert væri tilkall þeirra til torfristunnar á Skaga.[519]

Í bréfi dagsettu 24. júlí 1828 skrifaði Brynjólfur Hákonarson, sem forsvarsmaður að helmingi Mýra- og Núpskirkna, að Vilchins- og Gíslamáldagar tækju að engu frá Sanda-, Núps- eða Mýrakirkjumn þakristurétt á verbúðir sínar. Þá sagði Brynjólfur að Jón á Skaga hafi selt um tíma þakristu á tvær eða þrjár verbúðir. Að lokum sagði Brynjólfur að hann treysti sér til að sanna að torfrista í Nesdal væri ekki nýtt.[520] Í bréfi dagsettu 16. september 1828 segir sr. Ásgeirs Jónssonar biskupi að hann hafi skrifað fjárhaldsmönnum Sanda-, Mýra- og Núpskirkna til að fá rök þeirra fyrir torfristu á Skaga. Í bréfinu svarar sr. Ásgeir að nokkru leyti rökum Brynjólfs, s.s. að Jón á Skaga hafi aðeins einu sinni selt þakristu á verbúðir í landi sínu en um torf í Nesdal hafi reynst örðugt að ná því heim þar sem ómögulegt væri að flytja það nema á skipi, en til slíks gæfist ekki tækifæri svo löngum tímum skiptir vegna brima og sjávarólgu.[521]

Með bréfi dagsettu 26. október 1829 skrifaði biskup til sr. Ásgeirs þar sem svaraði loks erindi hans frá 31. mars 1827. Biskup vísaði í réttindi kirknanna samkvæmt Vilchins- og Gíslamáldögum og sagði svo að nefndar kirkju skyldu njóta réttinda sinna frítt eins og verið hefði, en án þess að gera grasnám á töðuvelli eða slægjulandi.[522]

---

515 Skjal nr. 2(260).
516 Skjal nr. 2(261).
517 Skjal nr. 2(263).
518 Skjal nr. 2(262).
519 Skjal nr. 2(264).
520 Skjal nr. 2(265).
521 Skjal nr. 2(266).
522 Skjal nr. 2(267).

Hinn 11. nóvember 1839 skrifaði Friðrik Svendsen til amtmanns um Guðmund Guðmundsson og ósk hans um að fá að reisa nýbýli í Nesdal. Friðrik tjáði amtmanni frá því að Guðmundur, búandi á Nýjabóli í Nesdal, hafi skrifað sér 6. október sama ár og lagði Friðrik það bréf með sínu bréfi. Þá sagði Friðrik að Guðmundur æskti upplýsinga hvaða réttindi hann hefði samkvæmt nýbýlatilskipuninni frá 15. apríl 1776.[523]

Með bréfi dagsettu 20. febrúar 1840 skrifaði Bjarni Thorsteinsson amtmaður til Þorkels Gunnlaugssonar sýslumanns um umsókn Guðmundar Guðmundssonar um nýbýli í Nesdal. Amtmaður kvaðst ekki tekið afstöðu um hvort málið varðaði nýbýlatilskipunina frá 1776, en í bréfinu er vísað í ýmis númeruð fylgiskjöl sem ekki liggja með bréfinu. Í þeim væri vikið að mögulegum réttindum Holts-, Mýra-, Núps- og Sæbólskirkna. Þá sagði amtmaður að sýslumaður þyrfti að rannsaka málið frá öllum hliðum og helsta leita sátta um niðurstöðu.[524]

Hinn 18. október 1840 svaraði amtmaður bréfi sýslumanns frá 26. september og kvittaði fyrir móttöku á gögnum varðandi málið um nýbýli í Nesdal. Í bréfinu er einnig vikið að máli varðandi Jón Árnason hreppstjóra Mosvallahrepps sem þurfi á einhvers konar aðstoð að halda, en amtmaður kvaðst ekki átta sig á hvers vegna sýslumaður væri að blanda þessum tveimur málum saman.[525]

Hinn 28. nóvember 1840 skrifaði sýslumaður hreppstjóranum í Mýrahreppi um ósk Guðmundar Guðmundssonar um nýbýli í Nesdal. Í bréfinu er sagt frá bréfi Guðmundar sjálfs frá 20. október sama ár, vottorði sr. Jóns Sigurðssonar og Odds Gíslasonar hreppstjóra frá 4. október og bréfi Sæbólsbænda, Jóns Bjarnasonar og Guðmundar Bjarnasonar, frá 2. október, sem hafi, vegna réttinda Sæbólskirkju, bannað Guðmundi alla ábúð og yrkingu í Nesdal lengur en til næstkomandi fardaga. Einnig er annarra bréfa um málið getið, s.s. frá Guðmundi Brynjólfssyni á Mýrum, dagsettu 12. október, og Jóni Jónssyni, hreppstjóra á Skaga, dagsettu 16. október. Sýslumaður óskaði eftir að hreppstjóri upplýsti sig um orsakir þess að viðkomendur meinuðu Guðmundi ábúð í Nesdal, þó svo að áðurnefnt vottorð frá 4. október tjái að allir eigendur og umráðaendur Nesdals hafi leyft honum nýbýlisbygginguna og ábúð.[526]

Sýslumaður svaraði amtmanni með bréfi dagsettu 13. janúar 1841 og tjáði honum að ýmsir pappírar er vörðuðu mál nýbýlis í Nesdal væru glataðir.[527]

Með bréfi dagsettu 13. apríl 1841 sendi sýslumaður amtmanni sjö númeruð skjöl varðandi mál Guðmundar Guðmundssonar og nýbyggingu í Nesdal. Viðkomandi bréf og skjöl liggja ekki í bréfasafni Vesturamts en í afriti af bréfi sýslumanns, sem fært er inn í bréfabók sýslumannsembættisins, kveðst hann hafa úrskurðað í málinu 16. janúar sama ár.[528]

[523] Skjal nr. 2(501).
[524] Skjal nr. 2(515).
[525] Skjal nr. 2(516).
[526] Skjal nr. 2(517).
[527] Skjal nr. 2(518).
[528] Skjal nr. 2(519).

Hinn 2. maí 1841 skrifaði sýslumaður Ísafjarðarsýslu til bænda á Sæbóli og svaraði þar bréfi þeirra frá 12. apríl sama ár varðandi ábúð Guðmundar Guðmundssonar í Nesdal. Fram kemur að Sæbólsbændur hafi, vegna kirkjueignarinnar í Sæbóli, ákært ábúð Guðmundar í Nesdal og tilgreinir sýslumaður einkum fjögur atriði sem þeir æski úrlausnar sýslumanns: Í fyrsta lagi hafi Guðmundur rekið fé þeirra úr dalnum, í öðru lagi hafi hann lofað á sáttafundi að fara úr dalnum ef honum yrði útvegað annað ábýli af Sæbólsbændum, í þriðja lagi hafi þeir boðið honum sex hundruð af jörðinni Sæbóli og loks í fjórða lagi skyldi sýslumaður hlutast til um að koma Guðmundi burt úr dalnum. Sem svar við fyrsta atriðinu vísaði sýslumaður til úrskurðar síns frá 16. janúar 1841 og sagði að honum yrði ekki breytt. Um annað atriðið þyrfti Guðmundur að standa við sáttasamning, en sýslumaður kvaðst ekki hafa séð vottað afrit af honum. Þá segir um þriðja atriðið að Sæbólsmenn hafi ekki enn skýrt hvenær eða hvernig Guðmundi yrðu boðin sex hundruð til ábúðar á Sæbóli. Ekki er að sjá á bréfinu að sýslumaður hafi ætlað sér að hlutast til um fjórða atriðið, þ.e. að koma Guðmundi úr Nesdal, heldur endar bréf sýslumanns á því að hann hafnar að svara fyrir ósvífið orðaval Sæbólsbænda en verði allar ástæður málsins sannferðuglega lagðar fyrir sig muni hann fús koma að sátt um málið.[529]

Hinn 3. maí 1841 skrifaði sýslumaður til Guðmundar Guðmundssonar um mál hans um búsetu í Nesdal. Sýslumaður kvaðst hafa meðtekið bréf Guðmundar frá 15. apríl sama ár um viðskipti hans við Sæbólsbændur útaf ábúð hans í Nesdal. Þá kvittaði sýslumaður fyrir móttöku á bréfi Guðmundar frá 16. sama mánaðar um sama efni. Svo virðist sem ágreiningur Guðmundar og Sæbólsbænda yrði formlega tekinn fyrir hjá sýslumanni þar sem hann leiðbeindi Guðmundi í bréfinu um hvaða þings hann skyldi stefna mönnum til og hvernig.[530]

Með bréfi dagsettu 4. september 1841 óskaði amtmaður eftir afriti af úrskurði sýslumanns um nýbýli í Nesdal, dagsettum 16. janúar sama ár.[531]

Hinn 28. febrúar 1842 skrifaði amtmaður til Þorkels Gunnlaugssonar sýslumanns og staðfesti móttöku á bréfi hans frá 13. apríl 1841 um úrskurð sýslumanns. Amtmaður bætti svo við að Guðmundur hafi skrifað amtinu um ósk um aðstoð. Ef ágreiningurinn héldi áfram, vísaði amtmaður í bréf sitt frá 20. febrúar 1840. Þá sagði amtmaður að sýslumaður skyldi útkljá málið fyrir manntalsþingi og gefa Guðmundi lagalegan rétt til að tala þar fyrir sínu máli. Um skrif Guðmundar til sín og ósk hans um aðstoð komst amtmaður svo að orði í bréfi sínu:

> At jeg i denne Formodning heller ikke har taget Feil, det vil H^r^ Sysselmand bedste erfare, af Nyebyggeren Gudmunds herhoslagte Skrivelse til mig af 29 Oct. f.a., modtagen 24 f.m., hvori han indberetter Sagens nærværende Stilling, samt indstændigen beder mig beskytte, sig i sin Ret, især imod Lierne af Sæbol, der skal være Lodtagere, med Flere, i Strækningen Næsdal, da disse nu ville jæge ham bort,

[529] Skjal nr. 2(520).
[530] Skjal nr. 2(521).
[531] Skjal nr. 2(523).

> fölgeligen som det sÿnes, ikke agte at respektere Deres ovennævnte Resolution, hvilket og Lader til, at være Tilfældet med Beneficiarius til Holt, der dog skriftligen her tilladt Gudmund, at bygge i Næsdal, ligesom en mundtlig Tilladelse, til det Samme, i sin Tid, skal være given ham, af Lierne til fornævnte Sæbol.[532]

Amtmaður sagði enn fremur að sýslumaður hafi í raun afvegaleitt Guðmund með bréfi dagsettu 19. ágúst 1836, sem hafi tjáð Guðmundi að málið varðaði hvorki amtið né sýslumannsembættið. Amtmaður taldi hins vegar 1., 4. og 5. gr. nýbýlatilskipunarinnar vel koma til greina við framgang málsins. Þá lét amtmaður fylgja afrit af nokkrum greinum tilskipunarinnar.[533]

Hinn 18. maí 1842 skrifaði amtmaður sýslumanni um mál Guðmundar Guðmundssonar og búsetu hans í Nesdal. Í bréfinu kemur fram að amtmaður sagði málið líklega ekki falla undir tilskipun um nýbýli frá 15. apríl 1776 en bætti við að hann sem yfirvald gæti ekki staðfest úrskurð sýslumanns. Enn fremur, að þar sem sættir næðust ekki milli aðila þyrfti málið sennilega að ganga til dómstóla.[534]

Hinn 22. maí 1843 skrifaði amtmaður til sýslumanns og sagði að þrátt fyrir að sýslumaður mælti með greiðslu fés til Guðmundar þá gæti sjóður á vegum Vesturamts ekki staðið fyrir þeirri greiðslu. Kæmi hins vegar beiðni frá Guðmundi sjálfum, þá myndi hún án tafa vera tekin fyrir hjá amtinu.[535]

Hinn 31. ágúst 1843 skrifaði sýslumaður til amtmanns um Guðmund Guðmundsson og Nesdal og lagði með vottorð sr. Jóns Sigurðssonar frá 20. júlí sama ár um Guðmund.[536]

Hinn 20. febrúar 1844 skrifaði amtmaður til sýslumanns og tjáði honum að hann væri ekki í vafa um sannmæli vottorðs frá sr. Jóni Sigurðssyni frá 20. júlí 1843 varðandi Guðmund Guðmundsson og dugnað hans. Hins vegar væri óvíst hvort greiða ætti honum eitthvert fé og þá hafi hann sjálfur ekki óskað þess.[537]

Með bréfi dagsettu 31. janúar 1845 tjáði Eggert Briem sýslumaður amtmanni Vesturamts að Guðmundur Guðmundsson hafi óskað eftir að fá að reisa nýbýli í Nesdal samkvæmt tilskipun frá 15. apríl 1776.[538]

Hinn 3. febrúar 1846 fór fram sáttafundur hjá sáttanefnd Mýrahreppsumdæmis. Guðmundur Bjarnason og Jón Bjarnason á Sæbóli höfðu kært Guðmundur Guðmundsson í Nesdal fyrir töku á reka í Nesdal, sem eignaður væri Sæbólskirkju. Reynt var að ná sáttum um málið en Sæbólsbændur fóru fram á að kostnaðurinn félli á Guðmund. Guðmundur bauð í fyrstu þriðjung trésins, sem Sæbólskirkja ætti í Nesdal. Loks náðist sátt og er hún skráð þannig í sáttabók:

> þessi Sök sættist med því skilyrdi, ad Sæbolskyrkiueígendur fái alt þetta rekatré~~l~~ enn Gudmundr sem leigu lidi i Nesdal fái allann smærri reka, so stórann eda langann, sem

[532] Skjal nr. 2(509).
[533] Skjal nr. 2(509).
[534] Skjal nr. 2(524).
[535] Skjal nr. 2(511).
[536] Skjal nr. 2(522).
[537] Skjal nr. 2(512).
[538] Skjal nr. 2(502).

> Lög vor tiltaka, ákæru eda tilkallslaust; Kostnadur af forlíkuninni leidandi féll á báda málsparta. – var því þessi sök med kærleíka til lykta leidd af bádum vidkomendum. – frammveigis var áskilid ad ef reki bæri upp á Sæbolsland i Nesdal, ad ábúandinn i Nesdal skyldi biarga og feria og géfa Sæbolseigendum til vitu[ndar] enn þyggia eda fá bjarglau[n] og allann ómakskostnad af þeim en rekann ættu framvegis, ásamt ádurnefndum smærri reka.[539]

Hinn 26. mars 1846 skrifaði amtmaður til Eggerts Briem sýslumanns og sagði amtið ekki vera mótfallið því að taka fyrir mál þess efnis að nýbýli yrði reist í Nesdal. Amtmaður lagði til að kallaðir yrðu til allir hlutaðeigendur sem einhverra réttinda hefðu að gæta í Nesdal. Einnig segir í bréfinu að Nesdalur sé í jarðabókinni frá 1760 færður undir Sæból. Þá gaf amtmaður í skyn að illa hafi verið staðið að ferlinu í tíð Þorkels Gunnlaugssonar sýslumanns, en það hafi verið ruglingslegt og ólöglegt eða eins og segir í bréfinu í samhengi við umfjöllun um ýmis gögn er vörðuðu málið:

> Hvor forvirret og tildeels ulovformeligen det forövrigt er tilgaaet, lige fra begyndelen af, med anlæggelsen af dette Gudmundsens Nyebyggeri, det vil De best erfare af Sagens Acter, som jeg lader hosfölge til Deres Eftersyn. Mine mange breve til Sysselmand Gunnlögsen, i denne Sag vil jeg derimod vel forudsætte maa findes i Sysselarchivet. Men da dette dog mueligen kan slaa Feil, saa lader jeg ogsaa hosfölge en Afskrift af mit hertilhörende sidste brev til ham, af 18 Mai 1842, hvori er paaberaabt en ældre Skrivelse fra mig, af 28 Febr. s.A., som end ydermere viser mine Anskuelser herom. Særdeles önskværdigt vilde det ellers være, om det maatte Lykkes hr Sysselmand mindeligen at udjævne den hele Sag, deels fordi Samme, formedelse Sysselmand Gunnlögsens Mangel paa Jndsigt og Paadicte, strax i begyndelsen fik en forkeert Retning, og deels fordi Forordningen af 1776, formedelst forandrede Omstændigheder, i et og andet Væsentligt nu ei længer Lader sig anvende med Sikkerhed, foruden at enkelte bestemmelser deri synes at være saa dunkle, at den sande Mening er intet mindre end udenfor Tvivl.[540]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 kemur ekki fram mat á Nesdal milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar heldur er skráð að jörðin sé nýbýlingur og þá er hún skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að sýslumaður kalli jörð þessa nýbýli, en Árni Magnússon nefnir hana sem eyðihjáleigu frá Sæbóli, en árið 1805 hafi hún verið höfð til beitar með hjáleigunni Efri-Húsum.[541]

Hinn 11. ágúst 1860 skrifaði sr. Jón Benediktsson á Söndum í Dýrafirði til biskups og spurði hvort kirkjan á Söndum ætti sumarbeit í Nesdal.[542] Biskup svaraði með bréfi dagsettu 25. september sama ár og sagði Sandakirkju enga beit eiga í Nesdal samkvæmt máldögum og vísitasíum. Hins vegar gat biskup þess að væri svokölluð Bakkahlíð öðru hvoru megin í Nesdal, þá ætti Sandakirkja þar sex vikna beit.[543]

Hinn 15. mars 1869 skrifaði Andrés Hákonarson til sýslumanns og óskaði eftir að fá að byggja nýbýli í Nesdal samkvæmt tilskipun frá 15. apríl 1776. Andrés kvaðst hafa fengið leyfi frá forsvarsmönnum Holts- og Mýrakirkna en Sandmenn, sem líklega voru

539 Skjal nr. 2(219).
540 Skjal nr. 2(510).
541 Skjal nr. 4(1), bls. 194.
542 Skjal nr. 2(268).
543 Skjal nr. 2(269).

þeir sem bjuggu á Ingjaldssandi, vildu banna öllum að byggja þar vegna þess að landið væri afréttarland sem kirkja þeirra ætti ítök í. Þá bað Andrés sýslumann um að skrifa amtmanni með ósk um að fá að byggja sér Nesdal.[544]

Í skjalasafni Vesturamts er varðveitt lífssaga Guðmundar Guðmundssonar í þremur hlutum, skráð af honum sjálfum í mars, apríl og maí 1869 sem hann sendi svo til amtmanns. Í öðrum hluta hennar fjallar Guðmundur einkum um búsetu sína í Nesdal. Þar segir að árið 1838 hafi Guðmundur byggt eitt hús í Nesdal og haft með sér vinnufólk, en hélt annars búinu á Sæbóli, á 15 hundruðum með tveimur vinnumönnum, einni konu, tveimur stúlkum, fjórum börnum og móður konunnar. Guðmundur sagðist hafa róið úr dalnum en hafi annars haft annan fótinn í dalnum frá hverjum föstudegi til mánudags til að sinna slætti um sumarið. Þar náði hann að heyja yfir 50 þurrabandshesta, en á meðan kvaðst hann hafa tapað 23 dögum til að vitja sjúkra einstaklinga. Þá greinir í sögunni frá fiskiafla Guðmundar sem hann sagðist hafa deilt að hluta með fátækum og íbúum á Ingjaldssandi. Einnig segir í sögunni frá samskiptum Guðmundar við prest og hreppstjóra sem hafi neitað að láta ómaga til hans og sagðist Guðmundur því enn frekar þurft að reka bú sitt með tapi.

Árið 1839 hóf Guðmundur að reyna tryggja bólfestu sína í Nesdal, eins og það er orðað í sögunni. Guðmundur bað Friðrik Svendsen um að skrifa fyrir sína hönd til amtmanns um nýlendustofnun samkvæmt tilskipun frá 15. apríl 1776. Í framhaldinu er lýst þeim húsum sem Guðmundur byggði í Nesdal og götu sem hann ruddi frá sjó og upp á bakka, en húsin hafi verið orðin 15 talsins þegar hann fór úr dalnum auk þess sem kálgarði og kartöflugarði hafi verið komið á fót. Í þessum hluta sögunnar skrifar Guðmundur að fram hafi farið, eftir hans kröfu, skoðun þann 14. september 1839, en henni er ekki lýst nánar.

Þá segir í sögunni frá því að um þetta leyti hafi sveitarmenn risið upp gegn Guðmundi til að koma honum úr dalnum, sumir eftir að hafa veitt honum skriflegt leyfi til búsetu en aðrir af öfund í hans garð en allir vegna þess að hann bægði því frá að þeir gætu haft naut og hesta í dalnum. Hinn 2. október 1840 hafi Sæbólsmenn, Jón og Guðmundur Bjarnasynir, byggt sér út en Guðmundur hafi svarað þeim með ljóðum og eitt vers fylgir í lífssögunni til amtmanns. Þeir hafi svo í framhaldinu kært sig til sáttanefndar.

Árið 1846 hafi Sæbólsmenn svo sent kröfubréf til sýslumanns um að dæma Guðmund úr Nesdal fyrir ólöglegan burtrekstur á peningi þeirra. Guðmundur kvaðst enga stefnu hafa fengið og þegar sýslumaður hafi mætt til þings á Mýrum hafi hann tjáð Sæbólsmönnum að klögun þeirra og krafa væri að öllu leyti ónýt. Í framhaldinu hafi sýslumaður boðið Guðmundi til fundar á Gerðhömrum með Sæbólsmönnum og þeirra bandamönnum til að fara yfir klöguna. Bandamennirnir eru sjaldan nafngreindir í textanum, fyrir utan Eirík á Hrauni og Guðmund Brynjólfsson á Mýrum. Nokkur

[544] Skjal nr. 2(503).

frásögn er lögð í þann hluta þegar erindismaður kemur í Nesdal til að boða og sækja Guðmund á fundinn, en degi síðar hafi Guðmundur svo lagt af stað til Gerðhamra. Þar hafi hann hitt prest og sýslumann, í fyrstu átt samtal við sýslumenn en svo hafi fundurinn hafist í stofunni.

Efni fundarins er almennt lýst með setningum einstaklinga innan gæsalappa. Í fyrstu hafi sýslumaður, sem fundarstjóri, hvatt Sæbólsmenn til að rýmka umboð sitt til Guðmundar en þeir hafi neitað þar sem Guðmundur hafi ekki haft sitt leyfi til að byggja Nesdal þar sem Sæbólskirkja ætti þriðjung í dalnum. Guðmundur svaraði á móti að samþykki þeirra hafi verið vottanlegt. Áfram hafi svo verið karpað á fundinum þar til Guðmundur vék af honum. Hann hafi svo verið sóttur á fundinn af sýslumanni og presti og Sæbólsmenn þá boðið honum sjálfdæmi eins og það er kallað í textanum. Skilmálar þess voru upplesnir af sýslumanni, en þeir væru að Sæbólsmenn greiddu Guðmundi fimm ríkisbankadali fyrir ferðina að Gerðhömrum og útveguðu honum 10 hundraða jarðarpart á einhverri af eftirfarandi jörðum: Þorfinnsstöðum, Sveinseyri eða Næfranesi. Guðmundur Brynjólfsson svaraði að hægt væri að skoða slíkt með Næfranes í huga, en hinar jarðirnar væru ekki mögulegar. Í framhaldinu setti Guðmundur í Nesdal fram sína eigin skilmála, að allt hans bú í Nesdal yrði flutt af Sæbólsmönnum og bandamönnum þeirra, á þeirra kostnað, að Næfranesi. Þeir hafi svo allir játað þessu boði. Um sumarmál hafi þeir svo hafið flutninga á þremur skipum til að færa allt að Næfranesi og tóku þeir um fimm daga. Guðmundur segir í lífssögu sinni að nokkuð tjón hafi orðið við flutningana. Hann hafi til að mynda tapað búfé, áhöldum og fleiru, sem hann ásamt presti hafi reiknað vera 107 ríkisdali, fjögur mörk og 12 skildinga og hafi það tjón verið óbætt. Þá er byggingarkostnaðurinn í Nesdal sundurliðaður í textanum eftir efni annars vegar, 268 ríkisdalir, fimm mörk og 12 skildingar, og verkalaunum hins vegar, 109 ríkisdalir, tvö mörk og 14 skildingar. Tap sitt hafi verið um 734 ríkisdalir, fimm mörk og 12 skildingar. Lok þessa annars hluta lífssögu Guðmundar greina frá fjárhag hans uns hann fór úr Mýrasveit árið 1851.[545]

Hinn 12. febrúar 1870 skrifaði sýslumaður Ísafjarðarsýslu til amtmanns um ósk Andrésar Hákonarsonar um að fá að reisa nýbýli í Nesdal. Hagagöngu í dalnum, sem sýslumaður kallar afréttarlandið Nesdal, eigi fjórar kirkjur en Andrés hafi þegar rætt við kirkjueigendur um að fá leyfi til byggingar. Sýslumaður kvaðst hafa ráðlagt Andrési að fá skrifleg leyfi viðkomenda, en með bréfinu óskaði hann eftir áliti amtmanns á málinu. Skráð er á skjalið að áður hafi verið skrifað til sýslumanns um nýbýli í Nesdal með bréfi dagsettu 26. mars 1845.[546]

Hinn 4. mars 1870 skrifaði Guðmundur Guðmundsson Andrési Hákonarsyni og skýrði honum frá sínu áliti á Nesdal. Guðmundur sagði Nesdal vera eitt hið verðugasta eyðipláss til að byggjast, en enginn sannkallaður eigandi væri að 2/3 hlutum dalsins. Þá

[545] Skjal nr. 2(504).
[546] Skjal nr. 2(505).

sagði Guðmundur að Þorleifur nokkur hafi fengið leyfi Þórkötlu ríku á Sæbóli, líklega Þórkötlu Jónsdóttur, til að reisa bú í dalnum.[547]

Með bréfi dagsettu 22. mars 1870 svaraði amtmaður bréfi sýslumanns frá 12. febrúar sama ár. Varðandi ósk Andrésar um að fá leyfi Vesturamts til að byggja sér Nesdal samkvæmt tilskipun frá 15. apríl 1776 sagði amtmaður að amtið hefði engan myndugleika til slíks fyrr en ákveðinn undirbúningur færi fram. Fyrst þyrfti að setja fram opinbera auglýsingu um fyrirhugaða stofnun nýbýlis, síðan gefa hlutaðeigendum frest til andmæla og þá yfirskoða plássið af sýslumanni og tilskipuðum mönnum en skyldu þeir meta að nýbýlið ætti að stofnast, þá fyrst gæti amtið gefið út byggingarbréf til viðkomandi. Sýslumanni var bent á að skýra þetta fyrirkomulag fyrir Andrési en um leið benda honum á að hagfelldara gæti verið að leita samkomulags um byggingarleyfi við alla þá sem nokkurn rétt ættu í Nesdal.[548]

Hinn 7. apríl 1870 skrifaði Andrés Hákonarson til amtmanns um að fá að reisa nýbýli í Nesdal. Andrés vísaði annars vegar til tilskipunar um nýbýli frá 15. apríl 1776 og hins vegar til nýlendu þeirrar sem Guðmundur Guðmundsson stofnaði í Nesdal árið 1839, þar sem hann bjó í um sjö ár. Þá kvaðst Andrés hafa verið í samskiptum við Guðmund og óskað eftir upplýsingum hans um dalinn. Andrés sagðist skilja af orðum Guðmundar að enginn eigandi væri að 2/3 hlutum dalsins, en þar væru Mýra-, Núps-, Holts- og Sæbólskirkjur með ítök. Skrifað er efst á skjalið að efninu hafi áður verið svarað með bréfi til sýslumanns dagsettu 22. mars 1870.[549]

Í landamerkjabréfi Sæbóls og Háls á Ingjaldssandi, sem dagsett er 15. maí 1886 og var innkomið til þinglesturs 22. apríl 1890, er fjallað um Nesdal. Efni landamerkjabréfsins er svohljóðandi:

> Landamerki Sæbóls- og Háls
>
> Milli Sæbóls- og Álfadals eru merkin í svonefnda Merkislá, eptir henni ofan sem hún ræður í sýki það, sem er Sæbólsmegin við svonefndan þrætupart; þaðan á jörðin land allt vestur fyrir allan Barða, vestur í Nesdal, með reka öllum til móts við endimörk Mýrareka, í Þúfu. Sæból á Villingadalshlíð úr Kikanum neðanvert við svonefnda Sýkiseyri, og þaðan beint á brún; svo niður eptir til sjávar, og reka allan, og land allt í svonefnt Reiðarsker.
>
> Kirkjan á ennfremur þriðjung í Nesdal og þriðjung í Heiðum og Seljalágar allar frá Mórillu í læk þann, er rennur fyrir utan Stóra bala.
>
> Kirkjujörðin Háls á Mórilleyrar beint í fjall eptir því sem áin Mórilla segir. – Sæbólskirkja á áttung í Geirsbrekku í Súgandafirði og skóga, sem fylgja því landi. Sæbólskirkja á land allt undir Hálsi innan þeirra landamerkja, er nú skal greina. Milli Háls og Brekku eru merkin í svonefnda Þverá, og skilur hún lönd milli þeirra landa fram í dalbotn. Milli Háls og Hrauns skilur Langá fram að þverá sem rennur milli landamerkja Hrauns og Sæbólslands, sem hefir upptök sín neðanvert við Nesdals-skarð.
>
> Þessu til staðfestu eru okkar sameiginleg nöfn að Sæbóli og Hálsi.

[547] Skjal nr. 2(506).
[548] Skjal nr. 2(507).
[549] Skjal nr. 2(508).

> Mýrum 15. maí 1886.
>
> Jón Jónsson, eigandi Villingadals.
>
> Guðm. Jóhannesson, eigandi Mosdals.
>
> Jón Bjarnason (hdsl) Kr. Eiríksdóttir (hdsl) sem eigendur Álfadals
>
> Sigm. Sveinsson, eigandi Hrauns.
>
> Eigendur Sæbóls: G.H. Guðmundsson Jón Jónsson Mosdal. G. Sturluson María Jónsdóttir.[550]

Í undirmati II að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir um Sæból á Ingjaldssandi að jörðin átti Nesdal sem upprekstrarland. Jörðin var metin á 5.250 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[551]

Með bréfi til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu dags. 3. maí 1954 lýsti biskup Íslands á svohljóðandi hátt ítökum Holtskirkju í Önundarfirði og Sæbólskirkju á Ingjaldssandi:[552]

> Holtskirkja í Önundarfirði.
>
> a. Fimm kúgilda höfn í Nesdal. Telur prestur ítak þetta hafa verið notað fram á síðustu ár.
>
> Sæbólskirkja.
>
> a. Þriðjungur í Nesdal. Getur þess í Gíslamáldaga um 1570.

Hinn 26. október 1954 sendi sýslumaður þáverandi eiganda Sæbóls, Jóni S. Jónssyni, tilkynningu um ítakslýsinguna.[553]

5.16.2 Heiðar á Ingjaldssandi

Hinn 26. júlí 1857 skrifaði Jón Jónsson á Sæbóli til sr. Odds Sveinssonar, prófasts á Hrafnseyri um ítök Sæbólskirkju. Í bréfinu segir Jón að samkvæmt biskupsvísitasíu frá 1790 eigi kirkjan áttung í Geirsbrekku í Súgandafirði og skógum þeim sem því landi fylgja og einnig þriðjung í Heiðum. Í framhaldinu segir í bréfinu að honum og öðrum eigendum Sæbóls sé næsta ókunnugt um þessi ítök, en jafnframt óskaði Jón eftir upplýsingum frá prófastsdæminu en annars skrifa biskupi um efnið.[554] Sr. Oddur skrifaði biskupi bréf 22. september 1857 um að Jón hreppstjóri á Sæbóli hafi óskað eftir upplýsingum um ítök Sæbólskirkju.[555]

Í bréfi Sighvats Borgfirðings frá 17. júlí 1918 til óþekkts viðtakanda, en hugsanlega sýslumanns, er fjallað um Sæból á Ingjaldssandi, svokallaðar Heiðar, Álfadal og Hraun. Í bréfinu segir Sighvatur að kirkjustaðurinn Sæból hafi um langa tíð eignað sér eyðiland framan til á Ingjaldssandi, bút, slægjur og mótak sem nefnist Heiðar. Milli Sæbóls og Heiða séu tvær jarðir, Álfadalur og Hraun, en frá Álfadal hafi átölulaust verið notuð

[550] Skjal nr. 2(15).
[551] Skjal nr. 2(96).
[552] Skjal nr. 15(8).
[553] Skjal nr. 15(8).
[554] Skjal nr. 2(258).
[555] Skjal nr. 2(259).

beit á Heiðunum. Þá segir að neðri partur Heiðanna nefnist Seljalágar en þar séu mestar slægjur og mótak og þær hafi Sæbólsmenn nýtt án þess að nokkur hafi mælt í mót. Um þetta atriði segir Sighvatur í bréfinu að hann hafi lesið biskupsvísitasíu Sæbóls frá 1790 en þar segi að Sæbólskirkja eigi þriðjung í Heiðum. Sighvatur spyr því hver eigi hina 2/3 hlutana og ýjar að því að ágreiningur hafi verið milli Sæbólsmanna og Álfadals um yrkingu á svæðinu. Í framhaldinu óskar Sighvatur eftir upplýsingum um landamerki og eignarheimildir um jörðina Álfadal, s.s. *Jarðabók* Árna og Páls, gamlar lögfestur eða kaupbréf yngri en 1548, auk þess að skyggnst sé eftir því hvað Sæbólskirkja eigi mikið tilkall á Heiðum.[556]

5.17 Álfadalur á Ingjaldssandi

Hinn 7. apríl 1467 seldi Björn Þorleifsson jarðirnar Álfadal á Ingjaldssandi og Hraun til Örnólfs Einarssonar fyrir nokkrar jarðir í Hrútafirði og Miðfirði.[557] Ólöf Loptsdóttir handlaggði Örnólfi hinn 8. apríl 1468 jarðirnar Tannstaðabakka, Útibleiksstaði og Hvalsá hina minni ef af honum gengju jarðirnar Álfadalur og Hraun.[558]

Í Álfadal var hálfkirkja samkvæmt Sæbólsmáldaga Árna Helgasonar frá 1306. Hálfkirkjan í Álfadal var sögð eydd árið 1583.[559]

Hinn 27. maí 1420 gaf Ari Guðmundsson Oddfríði Aradóttur til kaups við Halldór Jónsson hálfan Valþjófsdal, 60 hundruð að dýrleika, en hálfan hafði hann selt Halldóri Jónssyni og tekið á móti jörðina Álfadal og jörðina Vífilsmýrar. Jarðirnar í Valþjófsdal eru ekki nafngreindar í bréfinu.[560]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir um hálfkirkjuna í Álfadal:

> Hälffkirkian i Alfadal ä eina klucku riffna og alltarisklædi riffed og rotid.
>
> Jtem fastagotz .xxx^{c}. og .vj^{c}. betur.[561]

Hinn 27. apríl 1601 seldi Þorgautur Ólafsson Sæmundi Árnasyni 33 hundruð í Álfadal fyrir tvær 12 hundraða jarðir. Önnur þeirra jarða var Tunga í Valþjófsdal.[562]

Í vitnisburði sr. Sigmundar Egilssonar, Guðmundar Þorleifssonar, Steins Böðvarssonar, Jóns Gissurssonar, Nikulásar Jónssonar og Snæbjörns Erlendssonar frá 19. júlí 1619 segir að hjónin Sæmundur Árnason og Elín Magnúsdóttir hafi gefið til sonar þeirra Magnúsar jarðirnar Sæból, Álfadal, Hraun og Tungu í Valþjófsdal.[563]

Með vitnisburði, dagsettum 16. ágúst 1619, vitnuðu sr. Þorsteinn Oddsson, sr. Halldór Jónsson, Guðmundur Þorleifsson, Þórarinn Grímsson, Snæbjörn Erlendsson og Steinn Böðvarsson að Sæmundur Árnason hefði hinn 8. ágúst það ár selt Magnúsi syni

556 Skjal nr. 2(43).
557 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 475–476, skjal nr. 4(89).
558 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 517–518, skjal nr. 4(90).
559 Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* II, bls. 216, skjal H-17.
560 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 278–279, skjal nr. 4(91).
561 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 575, skjal nr. 4(116).
562 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 158, skjal H-18.
563 Skjal nr. 2(210).

sínum jarðinar Hól í Bolungarvík, Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð og Þjóðólfstungu í Bolungarvík fyrir jarðirnar Sæból, Álfadal, Hraun og Tungu í Valþjófsdal.[564]

Hinn 16. október 1627 auglýstist og staðfestist sá gjörningur milli Sæmundar Árnasonar og Steinþórs Ormssonar vegna brúðkaups barna þeirra, Eggerts Sæmundssonar og Ragnhildar Steinþórsdóttur, þess efnis að Sæmundur gaf Eggerti jarðirnar Sæból, Álfadal, Hraun, Tungu í Valþjófsdal og Gljúfurá, en Steinþór gaf dóttur sinni hundrað hundraða í föstu og lausu. Eggert gaf svo Ragnhildi í tilgjöf jarðirnar Álfadal og Hraun. Hluti gjörningsins var að Sæmundur lofaði að staðurinn Sæból yrði laus til handa Eggerti.[565]

Með kaupmálabréfi sr. Halldórs Torfasonar og Þuríðar Sæmundsdóttur, dagsettu 1. október 1695, kemur fram að Eggert Sæmundsson tilsagði tilgreindar fasteignir vegna elskulegrar systur sinnar, Þuríðar Sæmundsdóttur. Úr Ísafjarðarsýslu voru það 19 hundruð í Alviðru í Dýrafirði sem Þuríður Árnadóttir tilskildi að hún myndi halda þeim jarðarparti um lífstíð sína, nema hún gæti samið um annað og sex hundruð í Álfadal í Sæbólskirkjusókn, en þeim jarðarparti átti Ragnhildur Steinþórsdóttir að halda um sína lífstíð.[566]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Álfadal á Ingjaldssandi:

> **Alfadalur.**
>
> Bænhús hefur hjer verið að fornu, og stendur það enn, en ekki embættað í manna minni.
>
> Jarðardýrleiki xxxvi hndr.
>
> Eigandi að xxv hndr. Eggert Sæmundsson á Sæbóli. Að 11 hndr. systir hans Þuríður Sæmundsdóttir að Haukadal í Árnessýslu, og er jörðunni óskift milli þeirra.
>
> Ábúendur Jón Magnússon á xviii hndr., Árni Guðmundsson á xii hndr., Bjarni Jónsson á vi hndr.
>
> […]
>
> Útigángur heima á jörðunni er lakur, en geldfje gengur jafnlega á Nessdal. Afrjett á bænhúsið í Nessdal allan þriðjúng, eftir því sem almenniliga heyrst hefur. Torfrista og stúnga lök. Svarðarstúnga til eldíngar með taði undan kvikfje. Skipsuppsátur og nausts gjörð er sagt að bænhúsið eður jörðin eigi ytst á Mölum í Sæbóls landi. Ekki hefur það brúkast í næstu 20 ár eður lengur.
>
> Túnið spillist af grjótsáburði úr Þverá. Engjarnar fordjarfast stórlega af grjóts og sands áburði af Lángá og veitan af Þverá.
>
> Selstöðu á jörðin fram á heiðum, sem brúkast árlega. Úthagarnir heima á jörðunni eru mjög fordjarfaðir af skriðum, og fyrir því brúkast selförin jafnlega.[567]

[564] Skjal nr. 2(209).
[565] Skjal nr. 2(211).
[566] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 145, skjal H-18.
[567] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 89–90, skjal H-12.

Við manntalsþing að Mýrum 22. júní 1791 var upplesið kaupbréf Páls Hákonarsonar frá 22. júlí 1789 þar sem hann keypti af Kristínu Markúsdóttur þrjú hundruð í Álfadal fyrir 21 ríkisdal.[568]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Álfadals metinn 36 hundruð en eigendur jarðarinnar voru Jón Bergsveinsson á Dynjanda og Páll Hákonarson í Dufansdal.[569]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Álfadalur á Ingjaldssandi metin 36 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[570]

Við manntalsþing að Stað í Aðalvík 31. júlí 1807 var upplesið skiptabréf milli Jóns Bergsveinssonar á Dynjanda og Halldórs Bjarnasonar á Látrum þess efnis að Jón haldi öllu lausafé eftir konu sína, móður Halldórs, en Halldór og Guðrún systir hans eignist á móti 12 hundruð í Álfadal. Skiptabréfið var dagsett 12. ágúst 1806. Við sama þing var upplesið afsalsbréf, dagsett 24. júlí 1807, sömu Guðrúnar Bjarnadóttur á fjórum hundruðum í Álfadal til Halldórs bróður síns.[571]

Við manntalsþing að Sléttu 1. ágúst 1811 var upplesið kaupbréf fyrir sex hundruðum í Álfadal þar sem Jón Bergsveinsson á Dynjanda seldi Halldóri hreppstjóra í Aðalvík nefnd hundruð fyrir 12 ríkisdali hvert hundrað.[572]

Við manntalsþing að Suðureyri 21. júlí 1822 var þinglesið afsalsbréf frá 13. október 1821 þar sem Páll Hákonarson í Dufansdal afsalaði til Magnúsar hreppstjóra á Bæ 18 hundruðum í jörðinni Álfadal á Ingjaldssandi fyrir 230 spesíur.[573]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Álfadal:

> 14. Álfadalur: hæg er sú jórd en fremur eru slægjur snóggvar og nokkud hardar.[574]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 680 ríkisbankadali.[575]

Við manntalsþing að Mýrum 29. júní 1854 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 12. mars sama ár, þar sem Friðrik Guðmundsson seldi þrjú hundruð í Álfadal til Bjarna Jónssonar á Sæbóli.[576]

Með kaupbréfi dagsettu 4. júlí 1858 seldi Guðmundur Bjarnason á Sæbóli þrjú hundruð í Álfadal á Ingjaldssandi til Jóns Jónssonar í Mosdal.[577]

Við manntalsþingsrétt að Mýrum 28. júlí 1858 var upplesið bréf dagsett 4. júlí 1858 þar sem Guðmundur Bjarnason á Sæbóli seldi þrjú hundruð í Álfadal fyrir 132 ríkisdali.[578]

---

568 Skjal nr. 2(446).
569 Skjal nr. 2(60).
570 Skjal nr. 4(1), bls. 194.
571 Skjal nr. 2(447).
572 Skjal nr. 2(448).
573 Skjal nr. 2(450).
574 Skjal nr. 2(76).
575 Skjal nr. 2(81).
576 Skjal nr. 2(451).
577 Skjal nr. 2(324).
578 Skjal nr. 2(452).

Með kaupbréfi dagsettu 12. maí 1860 seldi Guðmundur Bjarnason þrjú hundruð í Álfadal á Ingjaldssandi til Jóns Jónssonar í Mosdal. Kaupbréfið var þinglesið 30. maí sama ár.[579]

Við manntalsþing 30. maí 1860 var þinglesið kaupbréf frá 12. maí sama ár þar sem Guðmundur Bjarnason seldi Jóni Jónssyni í Mosdal þrjú hundruð í Álfadal fyrir 67 og hálfa danska spesíu.[580]

Með kaupbréfi dagsettu 2. júlí 1863 seldi Engilbert Árnason í Álfadal eitt og hálft hundrað í Álfadal til Guðmundar Ebenezarsonar. Kaupbréfið var þinglesið 25. ágúst sama ár.[581]

Við manntalsþing að Mýrum 25. ágúst 1863 var þinglesið kaupbréf Guðmundar Ebeneserssonar, dagsett 2. júlí sama ár, fyrir einu og hálfu hundraði í Álfadal fyrir 75 ríkisdali.[582]

Með kaupbréfi dagsettu 22. ágúst 1868 seldi Guðmundur Sigurðsson fimm hundruð í Álfadal til Guðmundar Jóhannessonar í Mosdal. Kaupbréfið var þinglesið 11. ágúst 1874.[583]

Með kaupbréfi dagsettu 28. febrúar 1872 seldu Gísli Jónsson, Halldór Þeofilusson, Karólína Ólafsdóttir og Sigurður Hjálmarsson átta hundruð að fornu mati í Álfadal á Ingjaldssandi til Jóns Nikulássonar á Hrauni á Ingjaldssandi.[584]

Með kaupbréfi dagsettu 25. janúar 1873 seldi Engilbert Árnason eitt og hálft hundrað í Álfadal til Guðmundar Jóhannessonar í Mosdal. Kaupbréfið var þinglesið 11. ágúst 1874.[585]

Með ódagsettu kaupbréfi seldi Guðmundur Ebenesarson á Sæbóli eitt hundrað og 60 álnir í Álfadal til Jóns Pálssonar húsmanns í Hvammi í Dýrafirði. Kaupbréfið var þinglesið árið 1877.[586]

Með kaupbréfi dagsettu 21. apríl 1878 seldi Guðmundur Jóhannesson eitt og hálft hundrað í Álfadal til Jóns Pálssonar í Hvammi við Dýrafjörð. Kaupbréfið var þinglesið að Mýrum sama ár.[587]

Landamerkjabréf jarðarinnar Álfadals á Ingjaldssandi er dagsett 9. desember 1889 en það var innkomið til þinglesturs 22. apríl 1890. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki Álfadals
>
> Milli Álfadals og Sæbóls í svonefnda merkislá, eptir henni ofan, sem hún ræður í sýki það, sem er Sæbóls megin við svonefndan þrætupart, og þaðan beint niður í á

[579] Skjal nr. 2(325).
[580] Skjal nr. 2(453).
[581] Skjal nr. 2(326).
[582] Skjal nr. 2(454).
[583] Skjal nr. 2(329).
[584] Skjal nr. 2(327).
[585] Skjal nr. 2(328).
[586] Skjal nr. 2(330).
[587] Skjal nr. 2(331).

> Milli Álfadals og Hrauns ræður lækur sá, sem sprettur upp framan til við svokölluð Litlu-hraun, og ræður hann landmerkjum svo sem hann rennur allt ofan þar sem hann fellur í Sandsá.
>
> Ennfremur á Álfadalur einn þriðja part í „heiðum“ svonefndum, sem óátalið hefir verið notaður frá Álfadal
>
> Þessu til staðfestu eru nöfn okkar allra þeirra, sem hlut eiga að máli, bæði eiganda Álfadals, og þeirra er eiga land að Álfadal.
>
> Álfadal 9. dec. 1889.
>
> Kristín Eiríksdóttir Jón Jónsson Jón Pálsson María Jónsdóttir G.H. Guðmundsson. Sigm. Sveinson Gísli Jónsson.[588]

Með kaupbréfi dagsettu 12. mars 1890 seldi Sigurður Guðmundsson verslunarmaður á Ísafirði, fimm og hálft hundrað að fornu mati í Álfadal á Ingjaldssandi til hreppsnefndar Mýrahrepps. Kaupbréfið var þinglesið 27. júní 1895.[589]

Með kaupbréfi dagsettu 25. október 1890 seldi Jón Pálsson á Gemlufalli þrjú hundruð að fornu mati í Álfadal á Ingjaldssandi til hreppsnefndar Mýrahrepps. Kaupbréfið var þinglesið 27. júní 1895.[590]

Með kaupbréfi dagsettu 3. nóvember 1891 seldi Guðmundur Sigmundsson í Villingadal eitt og hálft hundrað að fornu mati í Álfadal á Ingjaldssandi til hreppsnefndar Mýrahrepps. Kaupbréfið var þinglesið 27. júní 1895.[591]

Hinn 9. maí 1896 seldi Guðmundur A. Eiríksson á Þorfinnsstöðum, fyrir hönd móður sinnar Jóhönnu Jónsdóttur og systra hennar Okaríu og Guðrúnar Jónsdætra, 75 álnir að fornu mati í Álfadal í Mýrahreppi til oddvita Mýrahrepps, fyrir hönd hreppsins. Afsalsbréfið var þinglesið 4. júlí 1900.[592]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Álfadals séu þinglesin.[593] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 3.200 kr. Eigendur hennar voru Eyjólfur Jónsson, Einar Jóhannesson og Mýrarhreppur.[594]

Í bréfi Sighvats Borgfirðings frá 17. júlí 1918 til óþekkts viðtakanda, en hugsanlega sýslumanns, er fjallað um Sæból á Ingjaldssandi, svokallaðar Heiðar, Álfadal og Hraun. Í bréfinu segir Sighvatur að kirkjustaðurinn Sæból hafi um langa tíð eignað sér eyðiland framan til á Ingjaldssandi, bút, slægjur og mótak sem nefnist Heiðar. Milli Sæbóls og Heiða séu tvær jarðir, Álfadalur og Hraun, en frá Álfadal hafi átölulaust verið notuð beit á Heiðunum. Þá segir að neðri partur Heiðanna nefnist Seljalágar en þar séu mestar slægjur og mótak og þær hafi Sæbólsmenn nýtt án þess að nokkur hafi mælt í mót. Um þetta atriði segir Sighvatur í bréfinu að hann hafi lesið biskupsvísitasíu Sæbóls frá 1790 en þar segi að Sæbólskirkja eigi þriðjung í Heiðum. Sighvatur spyr því hver eigi hina

588 Skjal nr. 2(16).
589 Skjal nr. 2(332).
590 Skjal nr. 2(334).
591 Skjal nr. 2(333).
592 Skjal nr. 2(335).
593 Skjal nr. 2(97).
594 Skjal nr. 2(97).

2/3 hlutana og ýjar að því að ágreiningur hafi verið milli Sæbólsmanna og Álfadals um yrkingu á svæðinu. Í framhaldinu óskar Sighvatur eftir upplýsingum um landamerki og eignarheimildir um jörðina Álfadal, s.s. *Jarðabók* Árna og Páls, gamlar lögfestur eða kaupbréf yngri en 1548, auk þess að skyggnst sé eftir því hvað Sæbólskirkja eigi mikið tilkall á Heiðum.[595]

Hinn 15. október 1968 fór fram matsgerð á jörðinni Álfadal. Í matsgerðinni kemur fram að einn fjórði jarðarinnar hafði verið gerður að sérstöku lögbýli undir heitinu Ástún, en því landi hafði verið skipt úr aðaljörðinni. Jörðin var metin á 270 þús.kr. en með húsakosti á 650 þús.kr.[596]

Með afsali dagsettu 12. febrúar 1969 seldi Jón H. Oddsson jörðina Álfadal til Jarðeignasjóðs ríkisins fyrir 570 þús.kr. Afsalsbréfið var móttekið til þinglýsingar 27. febrúar sama ár.[597]

Í bréfi Búnaðarfélags Íslands til Jarðeignadeildar landbúnaðarráðuneytisins, dagsettu 2. febrúar 1968, er fjallað um jörðina Álfadal. Þar kemur fram að úr landi hennar hafi verið byggt nýbýlið Ástún.[598]

Með leigusamningi dagsettum 13. maí 1974 leigði landbúnaðarráðherra Guðmundi Hagalínssyni og Kristjáni Guðmundssyni jörðina Álfadal til fimm ára frá fardögum 1973.[599]

Guðmundur Kristjánsson leigði hálfa jörðina Álfadal í eitt ár frá fardögum 1983 miðað við leigusamning sem dagsettur er 23. nóvember 1984. Sama dag var Birki Þór Guðmundssyni og Guðmundi B. Hagalínssyni leigð hálf jörðin Álfadalur. Í báðum samningunum segir að um skiptingu lands jarðarinnar milli leigutaka vísist til samkomulags þeirra sbr. bréf dagsett 14. apríl 1984 og fyrra samkomulags um skipti á tínum. Um nánari mörk um skiptingu lands milli leigutaka er vísað til uppdráttar Sigurðar Jarlssonar ráðunauts.[600]

Með leigusamningi dagsettum 24. mars 1994 leigði landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins, Guðmundi B. Hagalínssyni jörðina Álfadal. Samningurinn var til fimm ára frá fardögum 1993.[601]

Með afsali dagsettu 27. febrúar 1995 seldi landbúnaðarráðherra, f.h. Jarðasjóð ríkisins, eyðijörðina Álfadal til Guðmundar B. Hagalínssonar fyrir 1.200 þús.kr.[602]

Með afsali dagsettu 28. febrúar 1995 seldi Guðmundur B. Hagalínsson Guðmundi Hagalín Guðmundssyni og Bjarna Maríusi Jónssyni eyðijörðina Álfadal ásamt öllum skráðum ítökum frá 9. desember 1889. Söluverðið var 1.200 þús.kr.[603]

---

595 Skjal nr. 2(43).
596 Skjal nr. 2(526).
597 Skjal nr. 2(527).
598 Skjal nr. 2(528).
599 Skjal nr. 2(529).
600 Skjöl nr. 2(530) og 2(531).
601 Skjal nr. 2(532).
602 Skjal nr. 2(533) og 2(534).
603 Skjal nr. 2(535).

5.18 Hraun á Ingjaldssandi

Hinn 7. apríl 1467 seldi Björn Þorleifsson jarðirnar Álfadal á Ingjaldssandi og Hraun til Örnólfs Einarssonar fyrir nokkrar jarðir í Hrútafirði og Miðfirði.[604] Ólöf Loptsdóttir handlaggði Örnólfi hinn 8. apríl 1468 jarðirnar Tannstaðabakka, Útibleiksstaði og Hvalsá hina minni ef af honum gengju jarðirnar Álfadalur og Hraun.[605]

Í vitnisburði sr. Sigmundar Egilssonar, Guðmundar Þorleifssonar, Steins Böðvarssonar, Jóns Gissurssonar, Nikulásar Jónssonar og Snæbjörns Erlendssonar frá 19. júlí 1619 segir að hjónin Sæmundur Árnason og Elín Magnúsdóttir hafi gefið til sonar þeirra Magnúsar jarðirnar Sæból, Álfadal, Hraun og Tungu í Valþjófsdal.[606]

Með vitnisburði, dagsettum 16. ágúst 1619, vitnuðu sr. Þorsteinn Oddsson, sr. Halldór Jónsson, Guðmundur Þorleifsson, Þórarinn Grímsson, Snæbjörn Erlendsson og Steinn Böðvarsson að Sæmundur Árnason hefði hinn 8. ágúst það ár selt Magnúsi syni sínum jarðinar Hól í Bolungarvík, Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð og Þjóðólfstungu í Bolungarvík fyrir jarðirnar Sæból, Álfadal, Hraun og Tungu í Valþjófsdal.[607]

Hinn 16. október 1627 auglýstist og staðfestist sá gjörningur milli Sæmundar Árnasonar og Steinþórs Ormssonar vegna brúðkaups barna þeirra, Eggerts Sæmundssonar og Ragnhildar Steinþórsdóttur, þess efnis að Sæmundur gaf Eggerti jarðirnar Sæból, Álfadal, Hraun, Tungu í Valþjófsdal og Gljúfurá, en Steinþór gaf dóttur sinni hundrað hundraða í föstu og lausu. Eggert gaf svo Ragnhildi í tilgjöf jarðirnar Álfadal og Hraun. Hluti gjörningsins var að Sæmundur lofaði að staðurinn Sæból yrði laus til handa Eggerti.[608]

Hinn 30. nóvember 1663 gaf Ragnhildur Steinþórsdóttir dóttursyni sínum í löggjöf fimmta hvert hundrað úr fasteign sinni, sem voru 12 hundruð í Ytri-Veðrará, 12 hundruð í Stærri-Garði í Dýrafirði og átta hundruð í Hrauni á Ingjaldssandi. Hlutur Eggerts Snæbjörnssonar átti að vera sex hundruð úr Ytri-Veðrará. Einnig gaf Ragnhildur Snæbirni sex hundruð í lausafé.[609]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Hraun á Ingjaldssandi:

> **Hraun.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr.
>
> Eigandi að viii hndr. dætur Þorgríms sál. Halldórssonar að Svínanesi í Barðastrandasýslu, að iiii hndr. Eggert Sæmundsson að Sæbóli.
>
> Ábúandinn Jón Jónsson.
>
> […]

[604] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 475–476, skjal nr. 4(89).
[605] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 517–518, skjal nr. 4(90).
[606] Skjal nr. 2(210).
[607] Skjal nr. 2(209).
[608] Skjal nr. 2(211).
[609] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 166, skjal H-18.

> Útigángur er mjög lakur. Torfrista mjög lök, stúnga bjargleg. Móskurður bjarglegur til eldiviðar með sverði. Lýngrif lítið.
>
> Engið spillist stórlega með grjóts og sands áburði úr Lángá, sem áeykst árlega meir og meir. Útihagar eru bjarglegir. Hætt er kvikfje fyrir afætudýjum.[610]

Við manntalsþing að Mýrum 7. júní 1792 var þinglesið kaupbréf Páls Hákonarsonar og Jóns Jónssonar fyrir átta hundruðum í Hrauni á Ingjaldssandi frá Gunnhildi Hákonardóttur fyrir 80 ríkisdali specie, dagsett 25. júní 1791.[611]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Hrauns á Ingjaldssandi metinn 12 hundruð en eigendur jarðarinnar voru J. Hákonarson í Dufansdal og Eiríkur Tómasson í Álftadal.[612]

Við manntalsþing að Mýrum 19. júlí 1805 var þinglesið afsalsbréf sr. Jóns Ásgeirssonar fyrir fjórum hundruðum í Hrauni á Ingjaldssandi til Eiríks Tómassonar fyrir 60 ríkisdali courant.[613]

Við manntalsþing að Mýrum 27. júlí 1827 var þinglesið kaupbréf frá 19. janúar 1825 hvar Jón Vídalín umboðsmaður seldi eitt og hálft hundrað í Hrauni á Ingjaldssandi til Eiríks Tómassonar á Álfadal fyrir 18 spesíur.[614]

Við manntalsþing að Mýrum 9. júní 1845 var þinglesið afsalsbréf H. E. Kolvigs frá Kollsvík fyrir einu og hálfu hundraði í Hrauni á Ingjaldssandi til Eiríks Tómassonar fyrir 48 ríkisbankadali. Afsalsbréfið var dagsett 15. september 1838.[615]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Hraun á Ingjaldssandi metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[616]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Hraun:

> 9. Hraun: þessi jórd er órdug til beitar en notagód og slægjur í betra lagi.[617]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 384 ríkisbankadali.[618]

Með kaupbréfi dagsettu 14. október 1857 seldi Jón Tumasson fjögur hundruð í Hrauni á Ingjaldssandi til Sigmundar Sveinssonar á Hrauni. Kaupbréfið var þinglesið 28. júlí 1858.[619]

Við manntalsþingsrétt að Mýrum 28. júlí 1858 var upplesið bréf dagsett 14. október 1857 þar sem Jón Tómasson á Höfða seldi Sigmundi Sveinssyni fjögur hundruð í Hrauni fyrir 100 spesíur.[620]

Með ódagsettu kaupbréfi seldi Kristín Nikulásdóttir á Hrauni hálft hundrað í Hrauni á Ingjaldssandi til tengdasonar síns Sigmundar Sveinssonar á Hrauni. Kaupbréfið var

---

610 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 90–91, skjal H-12.
611 Skjal nr. 2(445).
612 Skjal nr. 2(61).
613 Skjal nr. 2(405).
614 Skjal nr. 2(416).
615 Skjal nr. 2(444).
616 Skjal nr. 4(1), bls. 194.
617 Skjal nr. 2(75).
618 Skjal nr. 2(81).
619 Skjal nr. 2(336).
620 Skjal nr. 2(452).

þinglesið 20. júlí 1870.[621] Með öðru ódagsettu kaupbréfi seldi Kristín Nikulásdóttir á Hrauni eitt hundrað og 96 álnir í Hrauni til tengdasonar síns Sigmundar Sveinssonar. Kaupbréfið var sömuleiðis þinglesið 20. júlí 1870.[622]

Landamerkjagrein jarðarinnar Hrauns á Ingjaldssandi er dagsett 24. júní 1886 en hún var innkomin til þinglesturs 20. júlí 1889. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjagrein fyrir Hrauni á Ingjaldssandi í Mýrahreppi
>
> Milli Hrauns og Áfadals [svo] er merki í geil, þaðan á fjall upp, og niður eptir lækjarskurði í miðjan dýárdal, og þaðan beint í Langá; milli Hrauns og Brekku skiptir Langá landi allt þangað til Þverá fellur í hana, og þaðan eptir farveg, sem Langá rann fram með svonefndri Hólsveitu, og aftur í Langá, því að um 50 ára tíma hefir hún runnið gegnum þetta stykki, og rifið sér þar all stóran farveg; eptir það á Hraun land eptir Langá fram að Selá, og milli Hrauns og Sæbóls skiptir hún landi upp í Galgafoss, og þaðan í Hraunland eptir læk, er rennur framan vert við svo nefndan Krók allt á fjall upp.
>
> Skrifað 24. júní 1886 af eiganda jarðarinnar: Sigmundi Sveinssyni
>
> Samþykkir: G.H. Guðmundsson Guðm. Sturluson Jón Bjarnason Jón Jónsson Jón Niculásson (handsalað) Þorvaldur Jónsson[623]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Hrauns á Ingjaldssandi séu þinglesin.[624] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 1.400 kr. Eigandi hennar var Bernharður Jónsson.[625]

Í bréfi Sighvats Borgfirðings frá 17. júlí 1918 til óþekkts viðtakanda, en hugsanlega sýslumanns, er fjallað um Sæból á Ingjaldssandi, svokallaðar Heiðar, Álfadal og Hraun. Í bréfinu segir Sighvatur að kirkjustaðurinn Sæból hafi um langa tíð eignað sér eyðiland framan til á Ingjaldssandi, bút, slægjur og mótak sem nefnist Heiðar. Milli Sæbóls og Heiða séu tvær jarðir, Álfadalur og Hraun, en frá Álfadal hafi átölulaust verið notuð beit á Heiðunum. Þá segir að neðri partur Heiðanna nefnist Seljalágar en þar séu mestar slægjur og mótak og þær hafi Sæbólsmenn nýtt án þess að nokkur hafi mælt í mót. Um þetta atriði segir Sighvatur í bréfinu að hann hafi lesið biskupsvísitasíu Sæbóls frá 1790 en þar segi að Sæbólskirkja eigi þriðjung í Heiðum. Sighvatur spyr því hver eigi hina 2/3 hlutana og ýjar að því að ágreiningur hafi verið milli Sæbólsmanna og Álfadals um yrkingu á svæðinu. Í framhaldinu óskar Sighvatur eftir upplýsingum um landamerki og eignarheimildir um jörðina Álfadal, s.s. *Jarðabók* Árna og Páls, gamlar lögfestur eða kaupbréf yngri en 1548, auk þess að skyggnst sé eftir því hvað Sæbólskirkja eigi mikið tilkall á Heiðum.[626]

[621] Skjal nr. 2(337).
[622] Skjal nr. 2(338).
[623] Skjal nr. 2(17).
[624] Skjal nr. 2(98).
[625] Skjal nr. 2(98).
[626] Skjal nr. 2(43).

5.19 Háls á Ingjaldssandi

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Háls á Ingjaldssandi:

> **Háls.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr., og so tíundast presti og fátækum.
>
> Eigandinn Sæbólskirkja.
>
> Ábúandinn Sigurður Ólafsson.
>
> […]
>
> Útigángur í jarðarinnar landi mjög lítill, og því beitir ábúandi oftlega á vetur Sæbólskirkju land, sem hún á fram á heiðum, og geldur þar öngvan toll fyrir. Torfrista og stúnga lök. Sverði er elt með taði undan kvikfje. Lýngrif lítið.
>
> Túninu grandar Lángá með landbroti. Engjarnar sem jörðin á heimum sig eru stórlega fordjarfaðar af skriðum. Fjallslægjur eru nokkrar í brokflóum og er þángað mjög erfitt að sækja. Vatnsból er erfitt á vetur fyrir fannlögum í Lángá.
>
> **Holakot** heitir eitt örnefni í úthögum fram á Hálsdal, þar sjást tóftarústir litlar og eru munnmæli, að þar hafi að fornu hjáleiga verið frá Hálsi, en enginn kann þar um neitt víst framar að segja. Ekki má hjer aftur byggja, því heyskapur er enginn og túnstæðið nýlega fordjarfað af skriðu.[627]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Háls á Ingjaldssandi metinn 12 hundruð en jörðin var kirkjujörð frá Sæbóli. Fram kemur að eyðihjáleigan Hólakot sé með í matinu.[628]

Hinn 7. desember 1833 seldi Guðmundur Bárðarson á Sæbóli 15 hundruð í Sæbóli á Ingjaldssandi og þrjú hundruð í Hálsi á Ingjaldssandi til Jens Jacobs Benediktsens á Ísafirði.[629]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Háls á Ingjaldssandi metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem Sæbólskirkjueign. Í neðanmálsgrein kemur fram að árið 1805 var eyðihjáleigan Hólakot talin með.[630]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Háls:

> 10. Háls: notagód er sú jórd og slægjur nægar á fjalli, en tún er allgrýtt.[631]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 384 ríkisbankadali.[632]

Landamerkjabréf Sæbóls og Háls á Ingjaldssandi er dagsett 15. maí 1886 en það var innkomið til þinglesturs 22. apríl 1890. Efni þess er svohljóðandi:

> Landamerki Sæbóls- og Háls
>
> Milli Sæbóls- og Álfadals eru merkin í svonefnda Merkislá, eptir henni ofan sem hún ræður í sýki það, sem er Sæbólsmegin við svonefndan þrætupart; þaðan á jörðin land allt vestur fyrir allan Barða, vestur í Nesdal, með reka öllum til móts við endimörk Mýrareka, í Þúfu. Sæból á Villingadalshlíð úr Kikanum neðanvert við svonefnda

[627] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 91, skjal H-12.
[628] Skjal nr. 2(62).
[629] Skjal nr. 2(321).
[630] Skjal nr. 4(1), bls. 194.
[631] Skjal nr. 2(75).
[632] Skjal nr. 2(81).

> Sýkiseyri, og þaðan beint á brún; svo niður eptir til sjávar, og reka allan, og land allt í svonefnt Reiðarsker.
>
> Kirkjan á ennfremur þriðjung í Nesdal og þriðjung í Heiðum og Seljalágar allar frá Mórillu í læk þann, er rennur fyrir utan Stóra bala.
>
> Kirkjujörðin Háls á Mórilleyrar beint í fjall eptir því sem áin Mórilla segir. – Sæbólskirkja á áttung í Geirsbrekku í Súgandafirði og skóga, sem fylgja því landi. Sæbólskirkja á land allt undir Hálsi innan þeirra landamerkja, er nú skal greina. Milli Háls og Brekku eru merkin í svonefnda Þverá, og skilur hún lönd milli þeirra landa fram í dalbotn. Milli Háls og Hrauns skilur Langá fram að þverá sem rennur milli landamerkja Hrauns og Sæbólslands, sem hefir upptök sín neðanvert við Nesdals-skarð.
>
> Þessu til staðfestu eru okkar sameiginleg nöfn að Sæbóli og Hálsi.
>
> Mýrum 15. maí 1886.
>
> Jón Jónsson, eigandi Villingadals.
>
> Guðm. Jóhannesson, eigandi Mosdals.
>
> Jón Bjarnason (hdsl) Kr. Eiríksdóttir (hdsl) sem eigendur Álfadals
>
> Sigm. Sveinsson, eigandi Hrauns.
>
> Eigendur Sæbóls: G.H. Guðmundsson Jón Jónsson Mosdal. G. Sturluson María Jónsdóttir.[633]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Háls á Ingjaldssandi:

> Háls
>
> er næsta jörð við Hraun og lyggur austan Langár í botni Ingggaldssunds [svo]. Landamerki, að neðan Þverá, svo ræður Langá til Mórillu og eftir henni til fjalls[634]

Í undirmati II er segir að landamerki jarðarinnar Háls á Ingjaldssandi séu að neðan Þverá, svo ræður Langá til Mórillu eftir henni til fjalls. Jörðin var metin á 1.200 kr. Eigendur hennar voru Sæbólseigendur, hlutfallslega við eign sína þar.[635]

5.20 Brekka á Ingjaldssandi

Afrit vitnisburðar Jóns Arngrímssonar frá 22. febrúar 1666 um jarðirnar Sæból, Brekku og Villingadal á Ingjaldssandi sem og Hlíðarland. Afritið var staðfest í Skálholti 24. maí 1712. Vitnisburðurinn er svohljóðandi:

> Svo felldann vitnisburd ber eg Jon Arngrÿmsson ad eg hefi buid fyrer Alfadal og i Hrauni a Ingialldzsandi i næstu þriatÿe är og hef eg alldrei heyrtt nie vitad, edur mier elldri menn med skiolum, briefum nie bÿvÿsingum edur nockrum sanni seigia edur hallda annad, enn Sæbol ætti alltt land med sio a millum þufu og reidarskiers þar þar [svo] med vafalaust Sæbolshlijd fram i sÿchiseyri Villingadalsmeiginn þar steckurinn er nu frá Sæboli. So og hefi eg eigi heyrtt nie vitad af elldri monnum sagt nie halldid vera, ad adrir menn hafi yfer þuij ~~H~~hlÿdarlandi eignarrad edur heimilld haftt enn Sæbolsmenn og abuendur mann epter mann. Somuleidiz hafa Brecku og Villÿngadals abuendur arliga forlÿkt skipstodu og vertoll vid husbændur og eignarradendur a Sæboli

[633] Skjal nr. 2(15).
[634] Skjal nr. 2(99).
[635] Skjal nr. 2(99).

> med fiemunum ellegar annari þocknunarsemi um allann adurgreindann ara tÿma. Er eg nu riett sextugur madur og hef eg ongvann mann heyrtt hier a moti mæla fyrr enn nu fyrer einu ári, og vil eg hier epter þessu sveria ef þurfa þykir. Og til sanninda hier um festi eg mitt innsigli undir þennann minn vitnisburd huer ut giefinn og skrifadur var fyrir Alfadal a Jngialldzsandi þann 22. Fiebruari. anno 1666.[636]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Brekku á Ingjaldssandi:

> **Brecka.**
>
> Munnmæli eru að hjer hafi að fornu bænhús verið, og sjest hjer í einum stað í vellinum líkindi til þvílíkra tóftaleifa með girðíng í kríng.
>
> Jarðardýrliki xlviii hndr., og so tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn kóngleg Majestat, og hefur Ari Þorkelsson að Haga á Barðaströnd haft hana í forleníngu með öðrum fleirum kóngsjörðum hjer nálægt í nokkur ár.
>
> Ábúendur Jón Bjarnason á xx hndr., Guðmundur Jónsson á xvi hndr., Koðrán Jónsson á xii hndr.
>
> […]
>
> Útigángur við lakari kost. Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar nægur með sverði.
>
> Engjarnar spillast stórlega af skriðum úr brattlendi, sem áeykst meir og meir. Hætt er kvikfje fyrir snjóflóðum. Vatnsvegur er bæði erfiður og lángur í Lángá og torsóktur á vetur fyrir fannlögum og svellum. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórveðrum.[637]

Við héraðsþing dagana 17. og 18. júní 1727 var tekið fyrir mál um landamerki Sæbóls á Ingjaldssandi og konungsjarðanna Brekku og Villingadals auk Birnustaða. Fyrri daginn komu fyrir þingið Magnús Arason vegna föður síns, Ara Þorkelssonar, umráðamanns konungsjarða á Ingjaldssandi, og Magnús Snæbjörnsson, vegna Þórkötlu Jónsdóttur á Sæbóli. Fram kom að Þórkatla byggði landamerki Sæbóls á lögfestu sinni frá 9. júní 1724. Lögfestan er á einum stað sögð vera frá 9. maí það ár. Magnús Arason kvað efni lögfestunnar ganga of nærri konungsjörðunum Brekku og Villingadal og einnig Birnustöðum og fór fram á að efni hennar yrði sannað með frumskjölum. Þórkötlu var því stefnt til þings og sömuleiðis fjölda vitna. Magnús Snæbjörnsson lagði fram lögfestu Sæmundar Eggertssonar sem lögfest hafi verið árið 1665. Efni hennar er svohljóðandi:

> Jeg Sæmundur Eggertsson logfeste hier i dag eign mijna sem er Jord þesse Sæböl med allre hennar Kÿrkiueign sem hennar mäldagar henne Eigna, edur henne hefur ad fornu fari eignad vered, hier med logfeste ieg hier i dag allann nesdal ad frateknum þeim Jtökum sem Mÿrakyrkia og Núps Kirkia sier þangað eigna, edur onnur þaug itök sem med giördum giorningum og gomlum brefum bevijsud verda. Logfeste ieg akra og todur eingiar og Skoga Hollt og haga, votn og veidestodu og allar landsnitiar er þessare sagri Jordu filgia og filgt hafa ad fornu og nýu og allt til Sioar i mille þúfu og Reidarskiers og so framm i SykisEyre, Skal þesse mijn logfesta standa epter logmalsens tijma leingd, fyrerbÿd eg hvorium manne ad Jrkia edur sier i neinu ad nyta nema mitt

[636] Skjal nr. 2(42).
[637] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 92, skjal H-12.

> sie lof og leife til ad vitne þijnu Sigurdur Biarnason og þijnu Andres Jonsson og allra þeirra ord mun heira[638]

Þá var upplesinn vitnisburður Jóns Þorlákssonar um land Sæbóls, dagsettur 27. febrúar 1666:

> So felldan Vittnisburd ber eg Jon Þorlaksson, ad eg hefe alla mijna æfe, og hefe eg nu fiortan vetur vmm Sextugt uppalest ä Villingadal ä Jngialldssande hia mijnum födur (og þar epter bued under hälse allt þar nú er komed og heffe Eg alldrei heirt nie vitad annad umm mijna æfe edur af mier elldre monnum med nokkrum sanni Sagt edur hallded vera, Enn Sæból ætte allt land fra Þufu og i Reidarskier, þar med alla Sæbolshlyd framm i SykesEyre þar sem Steckurenn Ernú fra Sæbóle, og alldrei hefe eg heirt nie vitad Rad edur hefd hafft hafe yfir nefndu Landamerkium enn Sæböls menn mann epter mann, Somuleidis hafa umm alla mijna æfe Villingadals edur brecku búendr arfa forlÿkt Skipstodu og vertoll vid Eygendur bændr ä Sæbole med fiemunum edur annare þocknunnarseme, og aungvan hefe Eg heirt hier ä möte mæla fyrr enn nú fyrer einu Are og hier epter vil eg sveria ef þurfa þiker[639]

Einnig var upplesinn vitnisburður Sigurðar Bjarnasonar og Ólafs Guðmundssonar frá 7. mars 1686 um að Sæbóli hafi verið eignuð hlíðin Villingadals megin, fram í miðja Sýkiseyri og að hún hafi verið yrkt og brúkuð af Sæbólseigendum. Í framhaldinu var upplesinn vitnisburður Arngríms Jónssonar frá 4. apríl 1686 sem segir að hlíðin Brekku megin á Ingjaldssandi fram í miðja Sýkiseyri hafi verið eign Sæbóls. Þá hafi Brekka ekki átt fría skipstöðu í Sæbólslandi nema með leyfi Sæbólseigenda. Sama kemur fram í vitnisburðum Jóns Jónssonar frá 5. apríl 1686 og Brynjólfs Bjarnasonar og Jóns Jónssonar frá 20. mars 1686. Hinn 18. júní 1727 var málinu framhaldið en þar var upplesin eftirfarandi lögfesta Magnúsar Snæbjörnssonar, sem hafi verið upplesin við Sæbólskirkju í viðurvist safnaðarins 19. sunnudag eftir Trinitatis árið 1684:

> Eg Eggert Sæmundsson logfeste Hier i dag þennann städ Sæböl a Ingialldssande akra og Todur, Eingiar, og Skóga hollt og haga votn og veidestade og allar Landsnitiar þær er þessu lande eiga ad filgia til vmmmerkia þeirra er adrer menn eign i möte mier, Nefnelega ad þessum Landamerkium tilteknum alla hlÿdena Villingadals meigenn framm i midia Sykis Eyre, Enn þessumeigenn framm Jffer hladshvamm i þann hrigg er þar er næstur, allann Reka millum Þúfu og Reidarskiers. Jtem Nesdal allann ad frateknum þeim itokum er Myra og Núpskirkiur sier þangad eigna, edur þaug onnur itók sem med Skiallegum bevÿsingum edur gomlum brefum bevÿsud verda. Fyrerbyd eg hiedan af hvórium manne i ad vinna edur sier ad neinu nyta nema mitt edur minnar elsku mödur Þurydar Arnadotter sie lof edur leife til. Vil eg ad þesse mijn logfesta stande epter logmälsens tyma leingd ad vitne þÿnu Sigurdur Biarnason, og þÿnu Olafur Gudmundsson og allra þeirra sem ord mijn heira.[640]

Magnús Snæbjörnsson kvaðst ekki hafa frekari skjöl um landamerki milli Sæbóls og Brekku ásamt Villingadal. Hann lagði lagði þá fram eitt bréf, skrifað á kálfskinn, með vitnisburðum Vermundar Jónssonar frá 4. júlí 1635 og Björns Þorlákssonar frá 7. júlí sama ár. Efni þeirra hljóðar svo:

> Þad votta ieg Vermundur Jonsson, og gióre gódum monnum vitanlegt ad Eg hefe bued Sex ar under Halse ä Jngiallds Sande, voru þä hallden Landamerke mille Brecku og

638 Skjal nr. 2(440).
639 Skjal nr. 2(440).
640 Skjal nr. 2(440).

> Häls sem äenn Helldur framm epter ollum dal, Slo eg og beitte allt Land fyrer ofan Hals sem annad, þad þeirre Jordu filgde og eingenn atalde þad i þann tÿma eda talade þar neitt um og alldrei hef eg heirt neina efaseme umm þad ad þær Selia tofter sem voru i þeim parte fyrer ofan Hals sie eÿ fra halse
>
> […]
>
> Þad votta Eg Biorn Þorlakson fyrer einum og Sierhvórium ad eg hefe uppalest því nær og allann minn alldur ä Jngialldssande, enn eg hef nu 7. vetur umm 40 og hefe eg glogt til vitad, ad aller þeir ä halse hafa búed hafa Sleiged irt og nydgad allt þad land fyrer ofann Hals sem Aainn helldur og alldrei hef eg heirt neina menn eigna þad land frá Hälse, og heirda ieg minn fódur Þorlak Jónsson seigia ad þad hefd alla tima nefnt Halspartur, bio hann fyrir Villingadal ä Jngiallds sande meir enn 40 är, Eirnenn lyste Gisle H. Sigurdsson fyrer mier ad Sel fra Hälse hefdi vered i þeim parte[641]

Hin framlögðu skjöl voru svo gaumgæfilega skoðuð og sagði Magnús Arason um lögfestu Sæmundar Eggertssonr frá 1665 að engin vitni styddu það að lögfestan hafi verið upplesin við þing eða kirkju. Þá væru engin innsigli á vitnisburðarblaði Jóns Þorlákssonar. Þá hafi aðrir vitnisburðir verið teknir til og útgefnir án vitneskju jarðarhaldara Brekku og Villingadals og ekki heldur verið auglýstir. Með öðrum orðum hafi nefnd skjöl enga þýðingu. Þar á eftir voru yfirheyrð vitni sem stefnt hafði verið til þings. Konráður Oddsson vísaði í máldaga fyrir Brekku á Ingjaldssandi sem hafi getið þess að Brekka ætti allt land til sjávar eftir því sem á heldur Brekku megin á Ingjaldssandi. Í vitnisburðunum er hún oftast kölluð Sandsá. Um Stekkjarstæðið í Brekkulandi, þá hafi það verið léð fyrir skipstöðu við Sæbólslendingu. Svipaðar upplýsingar komu fram í vitnisburði Ólafs Nikulássonar, Gísla Brandssonar, Björns Jónssonar, Jóns Bjarnasonar, Þormóðs Magnússonar og Jóns Jónssonar. Björn, Þormóður og Jón Jónsson sögðu að Brekka eða kirkjan sem þar hafi verið hafi átt beitarítak í Nesdal, framan til við þrönga götu. Enn eitt vitnið, Ólafur Sigurðsson, sagði ána hins vegar ekki hafa verið landamerki milli Brekku annars vegar og Sæbóls hins vegar. Hann kvað bænhús á Brekku hafa átt ítak í Nesdal og á heiðum. Þorleifur Bjarnason, Eiríkur Bjarnason vitnuðu að Sæbólsbændur hafi yrkt í hlíðinni Brekku megin, allt inn að Sýkiseyri. Loks vitnaði Konráð Jónsson að Brekka hafi átt land til sjávar eftir á sem rynni eftir miðjun Ingjaldssandi, en Brekka hafi átt ítak í Nesdal og á heiðum. Í mörgum vitnisburðanna kom fram að Brekka og Villingadalur hafi áður verið ein jörð. Dómur féll þannig að vitnin, að undanskildum Konráði Oddssyni, Ólafi Sigurðssyni og Eiríki Bjarnasyni, sem vitnað hafi til lifandi manna, skyldu sanna vitnisburði sína með eiði. Þá var ályktað að ekki yrði dæmt um landið Brekku megin á Ingjaldssandi fyrr en Ormur Daðason sýslumaður, sem eigandi Sæbóls, yrði aðvaraður til að svara ákærunni. Loks var dæmt að Sæbólseigandi mætti yrkja Villingadals megin eins og brúkað hafi verið um næstu 20 ár á undan. Nokkur vitni eiðfestu að lokum vitnisburði sína.[642]

[641] Skjal nr. 2(440).
[642] Skjal nr. 2(440).

Hinn 18. september 1790 fóru fram makaskipti á Skutulsfjarðareyri, eign Eyrarkirkju við Skutulsfjörð, og jörðinni Brekku á Ingjaldssandi, 48 hundruð að dýrleika. Um afmörkum Skutulsfjarðareyrar var farið eftir útmælingu frá árinu 1787. Makaskiptabréfið var upplesið við lögþingsréttinn við Öxará 20. júlí 1791.[643]

Í prófastsvísitasíu um Eyrarkirkju við Skutulsfjörð frá 1. júní 1795 kemur fram að árið 1790 hafi jörðinni Brekku á Ingjaldssandi verið bætt við prestakallið.[644]

Hinn 9. febrúar 1809 skrifaði Brynjólfur Hákonarson til biskups um að fá makaskipt Stærri-Hjarðardal, 68 hundruð að dýrleika, fyrir Brekku á Ingjaldssandi, 48 hundruð að dýrleika. Aftan við bréfið er skráð að sr. Helgi Einarsson prófastur sjái nefndum makaskiptum ekkert til fyrirstöðu, en einnig er skráð að sr. Hákon Jónsson á Eyri í Skutulsfirði mótmæli skiptunum.[645] Sr. Hákon skrifaði til biskups 19. september 1810 um að hann muni ekki taka makaskiptum Eyrarkirkju á jörðinni Brekku á Ingjaldssandi annars vegar og jörðinni Hjarðardal hins vegar.[646]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Brekku á Ingjaldssandi metinn 48 hundruð en jörðin var kirkjujörð frá Eyri í Skutulsfirði.[647]

Við manntalsþing að Mýrum 9. júní 1845 var þinglesin lögfesta sr. Eyjólfs Kolbeinssonar á Eyri fyrir Brekku og Villingadal frá fjalli til áróss til lands og sjávar.[648]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Brekka á Ingjaldssandi metin 48 hundruð að dýrleika og skráð sem Eyrarkirkjueign. Í neðanmálsgrein kemur fram að jörðinni, sem áður var meðal Ísafjarðarjarða, var með konungsúrskurði 22. febrúar 1792 makaskipt, fyrir land Eyrarkirkju í Skutulsfirði, það sem Ísafjarðarverslunarstaður standi á.[649]

Í verðlagsbók jarðamats Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 kemur fram að jörðin Brekka á Ingjaldssandi var metin á 960 ríkisbankadali.[650]

Í úttekt Eyrarkirkju frá 24. júlí 1866 eru upptaldar kirkjujarðir hennar og kúgildi þeirra, Brekka á Ingjaldssandi, Selárdalur, Fossar, Hafrafell og Stakkanes, sem byggt var af heimalandi.[651]

Hinn 28. maí 1878 byggði sr. Árni Böðvarsson prófastur Halldóri Jónssyni 30 hundruð að fornu mati af kirkjujörðinni Brekku á Ingjaldssandi um næstkomandi fardagaár. Á skjalið er skráð að Magnús Benónýsson hafi tekið sama hluta, eða 48 hundruð, til byggingar frá fardögum 1880. Undirskrift Magnúsar er dagsett 18. maí 1881.[652]

---

643 Skjöl nr. 2(140) og 2(141). Sjá einnig skjal nr. 4(74), bréf danska rentukammersins til sýslumanns, dags. 25. ágúst 1789, um fyrirhuguð makaskipti.
644 Skjal nr. 2(203).
645 Skjal nr. 2(547).
646 Skjal nr. 2(323).
647 Skjal nr. 2(63).
648 Skjal nr. 2(444).
649 Skjal nr. 4(1), bls. 194.
650 Skjal nr. 2(81).
651 Skjal nr. 2(204).
652 Skjal nr. 2(33).

Hinn 30. september 1882 byggði sr. Þorvaldur Jónsson Magnúsi Benónýssyni jörðina Brekku á Ingjaldssandi um næstkomandi fardagaár.[653]

Hinn 30. september 1883 byggði sr. Þorvaldur Jónsson Sigurði Bjarnasyni 18 hundruð að fornu mati af kirkjujörðinni Brekku á Ingjaldssandi um næstkomandi fardagaár.[654]

Hinn 5. desember 1885 byggði Bjarni Kristjánsson á Gerðhömrum, fyrir hönd sr. Þorvaldar Jónssonar prófasts á Ísafirði, Magnúsi Benónýssyni 18 hundruð að fornu mati af kirkjujörðinni Brekku á Ingjaldssandi um næstkomandi fardagaár.[655]

Hinn 17. desember 1887 byggði sr. Þorvaldur Jónsson Guðjóni Arnórssyni á Höfðaströnd jörðina Brekku á Ingjaldssandi um næstkomandi fardagaár.[656]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Brekku á Ingjaldssandi er dagsett 15. janúar 1891 en hún var innkomin til þinglesturs 6. febrúar 1892. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá.
>
> Landamerki jarðarinnar Brekku á Ingjaldssandi í Ísafjarðarsýslu eru þau, er nú skal greina:
>
> Að neðanverðu milli Villingadals og Brekku ræður svo kallað Merkisgil (þ.e. Merkigilshryggur) frá fjallsbrún og niður í Urðarfætur, þaðan bein sjónhending þvert yfir í Langá. Svo ræður Langá landamerkjum upp eptir, milli Brekku annars vegar, en Hrauns og Háls hins vegar, þar til Þverá rennur í hana, þá greinir Þverá land Brekku og Háls, og ræður landamerkjum úr því til fjalls og á hæðstu heiði.
>
> Jörðinni fylgir frítt skipa uppsátur við Sæbólssjóinn.
>
> Þessu til staðfestingar eru nöfn vor.
>
> Brekku 15. jan. 1891
>
> G.H. Guðmundsson Guðrún Sakaríasdóttir Gísli Jónsson Eigendur Sæbóls.
>
> Eigendur Villingadals. Ragnheiður Halldórsdóttir Kr. Bjarnason Eb. Sturluson Þ. Jónsson prestur[657]

Hinn 25. maí 1904 byggði sr. Þorvaldur Jónsson Brynjólfi Einarssyni frá Þingeyri jörðina Brekku á Ingjaldssandi um næstkomandi fardagaár.[658]

Hinn 5. janúar 1909 byggði sr. Þorvaldur Jónsson á Eyri við Skutulsfjörð Guðmundi Einarssyni á Minni-Garði jörðina Brekku á Ingjaldssandi um næstkomandi fardagaár.[659]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Brekku á Ingjaldssandi séu þinglesin.[660] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 3.600 kr. Eigandi hennar var Eyrarprestakall á Ísafirði.[661]

---

653 Skjal nr. 2(34).
654 Skjal nr. 2(35).
655 Skjal nr. 2(36).
656 Skjal nr. 2(37).
657 Skjal nr. 2(18).
658 Skjal nr. 2(38).
659 Skjal nr. 2(39).
660 Skjal nr. 2(100).
661 Skjal nr. 2(100).

Hinn 16. nóvember 1993 fór fram matsgerð á landi, hlunnindum og ræktun jarðarinnar Brekku á Ingjaldssandi. Land jarðarinnar var metið á 350 þús.kr. og ræktun, tveir hektarar, á 50.000 kr. Þá segir eftirfarandi í matsgerðinni um jörðina og landamerki hennar:

> 1. Land jarðarinnar
>
> Í landamerkjaskrá eru landamerki Brekku tilgreind þannig:
>
> Að neðanverðu milli Villingadals og Brekku ræður svokallað Merkisgil (Merkishryggur) frá fjallsbrú og niður í Urðarfætur, þaðan bein sjónhending þvert yfir í Langá. Svo ræður langá landamerkjum upp eptir, milli Brekku annars vegar, en Hrauns og Háls hins vegar þar til Þverá rennur í hana, þá greinir Þverá land Brekku og Háls, og ræður landamerkjum úr því til fjalls og á hæðstu heiði. Jörðinni fylgir frítt skipauppsátur við Sæbólssjóinn.
>
> Ekki liggur fyrir stærð landareignarinnar, en jörðin var að fornu mati 48 hundruð. Samkvæmt túnakorti frá 1972 var tún jarðarinnar þá 18,4 ha. Hið forna mat bendir til að Brekka hafi verið talin með betri jörðum. Hún getur þó ekki talist landmikil og stór hluti af landi jarðarinnar er snarbrött og gróðursnauð fjallshlíð. Talsvert beitiland er á Brekkudal tilheyrandi Brekku.[662]

Með byggingarbréfi dagsettu 21. apríl 1980 byggði landbúnaðarráðherra Kristjáni Guðmundssyni jörðina Brekku. Um landamerki er vísað til landamerkjabréfs frá 15. janúar 1891.[663]

Hinn 12. apríl 1995 seldi landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins, jörðina Brekku til Árilíu Jóhannesdóttur fyrir 400 þús.kr.[664]

5.21 Villingadalur á Ingjaldssandi

Afrit vitnisburðar Jóns Arngrímssonar frá 22. febrúar 1666 um jarðirnar Sæból, Brekku og Villingadal á Ingjaldssandi sem og Hlíðarland. Afritið var staðfest í Skálholti 24. maí 1712. Vitnisburðurinn er svohljóðandi:

> Svo felldann vitnisburd ber eg Jon Arngrÿmsson ad eg hefi buid fyrer Alfadal og i Hrauni a Ingialldzsandi i næstu þriatÿe är og hef eg alldrei heyrtt nie vitad, edur mier elldri menn med skiolum, briefum nie bÿvÿsingum edur nockrum sanni seigia edur hallda annad, enn Sæbol ætti alltt land med sio a millum þufu og reidarskiers þar þar [svo] med vafalaust Sæbolshlijd fram i sÿchiseyri Villingadalsmeiginn þar steckurinn er nu frá Sæboli. So og hefi eg eigi heyrtt nie vitad af elldri monnum sagt nie halldid vera, ad adrir menn hafi yfer þuij ~~H~~hlÿdarlandi eignarrad edur heimilld haftt enn Sæbolsmenn og abuendur mann epter mann. Somuleidiz hafa Brecku og Villÿngadals abuendur arliga forlÿkt skipstodu og vertoll vid husbændur og eignarradendur a Sæboli med fiemunum ellegar annari þocknunarsemi um allann adurgreindann ara tÿma. Er eg nu riett sextugur madur og hef eg ongvann mann heyrtt hier a moti mæla fyrr enn nu fyrer einu ári, og vil eg hier epter þessu sveria ef þurfa þykir. Og til sanninda hier um festi eg mitt innsigli undir þennann minn vitnisburd huer ut giefinn og skrifadur var fyrir Alfadal a Jngialldzsandi þann 22. Fiebruari. anno 1666.[665]

---

662 Skjal nr. 2(536).
663 Skjal nr. 2(537).
664 Skjal nr. 2(538).
665 Skjal nr. 2(42).

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir eftirfarandi um Villingadal á Ingjaldssandi:

> **Villingadalur.**
>
> Munnmæli eru að þessi jörð hafi verið í fyrstunni hjáleiga af Brekku, en ekki er þar neitt víst um að segja so menn viti, og lögbýlisjörð hefur þetta verið haldin í manna minni og þeirra feðra.
>
> Jarðardýrleiki xiix hndr., og svo tíundast 4 tíundum.
>
> Eigandinn kóngleg Majestat, og hefur Ari Þorkelsson þessa jörð í forleníng sem áður segir um Brekku.
>
> Ábúendur Jón Grímsson, Þorleifur Þorláksson, á hálfri hver.
>
> […]
>
> Útigángur við lakari kost. Torfrista og stúnga lök. Móskurður til eldiviðar lakur.
>
> Túnið hefur spilst af skriðum, og sýnist enn nú hætt fyrir því. Úthagarnir eru mjög fordjarfaðir af skriðum og í hrjóstur komnir. Hætt er útigángspeníngi á vetur fyrir snjóflóðum og so fyrir harðfenni og svellalögum í snarbrattri fjallshlíð. Hætt er húsum og heyjum fyrir stórveðrum.[666]

Við héraðsþing dagana 17. og 18. júní 1727 var tekið fyrir mál um landamerki Sæbóls á Ingjaldssandi og konungsjarðanna Brekku og Villingadals auk Birnustaða. Fyrri daginn komu fyrir þingið Magnús Arason vegna föður síns, Ara Þorkelssonar, umráðamanns konungsjarða á Ingjaldssandi, og Magnús Snæbjörnsson, vegna Þórkötlu Jónsdóttur á Sæbóli. Fram kom að Þórkatla byggði landamerki Sæbóls á lögfestu sinni frá 9. júní 1724. Lögfestan er á einum stað sögð vera frá 9. maí það ár. Magnús Arason kvað efni lögfestunnar ganga of nærri konungsjörðunum Brekku og Villingadal og einnig Birnustöðum og fór fram á að efni hennar yrði sannað með frumskjölum. Þórkötlu var því stefnt til þings og sömuleiðis fjölda vitna. Magnús Snæbjörnsson lagði fram lögfestu Sæmundar Eggertssonar sem lögfest hafi verið árið 1665. Efni hennar er svohljóðandi:

> Jeg Sæmundur Eggertsson logfeste hier i dag eign mijna sem er Jord þesse Sæböl med allre hennar Kÿrkiueign sem hennar mäldagar henne Eigna, edur henne hefur ad fornu fari eignad vered, hier med logfeste ieg hier i dag allann nesdal ad frateknum þeim Jtökum sem Mÿrakyrkia og Núps Kirkia sier þangað eigna, edur onnur þaug itök sem med giördum giorningum og gomlum brefum bevijsud verda. Logfeste ieg akra og todur eingiar og Skoga Hollt og haga, votn og veidestodu og allar landsnitiar er þessare sagri Jordu filgia og filgt hafa ad fornu og nýu og allt til Sioar i mille þúfu og Reidarskiers og so framm i SykisEyre, Skal þesse mijn logfesta standa epter logmalsens tijma leingd, fyrerbÿd eg hvorium manne ad Jrkia edur sier i neinu ad nyta nema mitt sie lof og leife til ad vitne þijnu Sigurdur Biarnason og þijnu Andres Jonsson og allra þeirra ord mun heira[667]

Þá var upplesinn vitnisburður Jóns Þorlákssonar um land Sæbóls, dagsettur 27. febrúar 1666:

> So felldan Vittnisburd ber eg Jon Þorlaksson, ad eg hefe alla mijna æfe, og hefe eg nu fiortan vetur vmm Sextugt uppalest ä Villingadal ä Jngialldssande hia mijnum födur

[666] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 92–93, skjal H-12.
[667] Skjal nr. 2(440).

> (og þar epter bued under hälse allt þar nú er komed og heffe Eg alldrei heirt nie vitad annad umm mijna æfe edur af mier elldre monnum med nokkrum sanni Sagt edur hallded vera, Enn Sæból ætte allt land fra Þufu og i Reidarskier, þar med alla Sæbolshlyd framm i SykesEyre þar sem Steckurenn Ernú fra Sæbóle, og alldrei hefe eg heirt nie vitad Rad edur hefd hafft hafe yfir nefndu Landamerkium enn Sæböls menn mann epter mann, Somuleidis hafa umm alla mijna æfe Villingadals edur brecku búendr arfa forlÿkt Skipstodu og vertoll vid Eygendur bændr ä Sæbole med fiemunum edur annare þocknunnarseme, og aungvan hefe Eg heirt hier ä möte mæla fyrr enn nú fyrer einu Are og hier epter vil eg sveria ef þurfa þiker[668]

Einnig var upplesinn vitnisburður Sigurðar Bjarnasonar og Ólafs Guðmundssonar frá 7. mars 1686 um að Sæbóli hafi verið eignuð hlíðin Villingadals megin, fram í miðja Sýkiseyri og að hún hafi verið yrkt og brúkuð af Sæbólseigendum. Í framhaldinu var upplesinn vitnisburður Arngríms Jónssonar frá 4. apríl 1686 sem segir að hlíðin Brekku megin á Ingjaldssandi fram í miðja Sýkiseyri hafi verið eign Sæbóls. Þá hafi Brekka ekki átt fría skipstöðu í Sæbólslandi nema með leyfi Sæbólseigenda. Sama kemur fram í vitnisburðum Jóns Jónssonar frá 5. apríl 1686 og Brynjólfs Bjarnasonar og Jóns Jónssonar frá 20. mars 1686. Hinn 18. júní 1727 var málinu framhaldið en þar var upplesin eftirfarandi lögfesta Magnúsar Snæbjörnssonar, sem hafi verið upplesin við Sæbólskirkju í viðurvist safnaðarins 19. sunnudag eftir Trinitatis árið 1684:

> Eg Eggert Sæmundsson logfeste Hier i dag þennann städ Sæböl a Ingialldssande akra og Todur, Eingiar, og Skóga hollt og haga votn og veidestade og allar Landsnitiar þær er þessu lande eiga ad filgia til vmmmerkia þeirra er adrer menn eign i möte mier, Nefnelega ad þessum Landamerkium tilteknum alla hlÿdena Villingadals meigenn framm i midia Sykis Eyre, Enn þessumeigenn framm Jffer hladshvamm i þann hrigg er þar er næstur, allann Reka millum Þúfu og Reidarskiers. Jtem Nesdal allann ad frateknum þeim itokum er Myra og Núpskirkiur sier þangad eigna, edur þaug onnur itók sem med Skiallegum bevÿsingum edur gomlum brefum bevÿsud verda. Fyrerbyd eg hiedan af hvórium manne i ad vinna edur sier ad neinu nyta nema mitt edur minnar elsku mödur Þurydar Arnadotter sie lof edur leife til. Vil eg ad þesse mijn logfesta stande epter logmälsens tyma leingd ad vitne þÿnu Sigurdur Biarnason, og þÿnu Olafur Gudmundsson og allra þeirra sem ord mijn heira.[669]

Magnús Snæbjörnsson kvaðst ekki hafa frekari skjöl um landamerki milli Sæbóls og Brekku ásamt Villingadal. Hann lagði lagði þá fram eitt bréf, skrifað á kálfskinn, með vitnisburðum Vermundar Jónssonar frá 4. júlí 1635 og Björns Þorlákssonar frá 7. júlí sama ár. Efni þeirra hljóðar svo:

> Þad votta ieg Vermundur Jonsson, og gióre gódum monnum vitanlegt ad Eg hefe bued Sex ar under Halse ä Jngiallds Sande, voru þä hallden Landamerke mille Brecku og Häls sem äenn Helldur framm epter ollum dal, Slo eg og beitte allt Land fyrer ofan Hals sem annad, þad þeirre Jordu filgde og eingenn atalde þad i þann tÿma eda talade þar neitt um og alldrei hef eg heirt neina efaseme umm þad ad þær Selia tofter sem voru i þeim parte fyrer ofan Hals sie eÿ fra halse
>
> […]
>
> Þad votta Eg Biorn Þorlakson fyrer einum og Sierhvórium ad eg hefe uppalest því nær og allann minn alldur ä Jngialldssande, enn eg hef nu 7. vetur umm 40 og hefe eg glogt

668 Skjal nr. 2(440).
669 Skjal nr. 2(440).

> til vitad, ad aller þeir ä halse hafa búed hafa Sleiged irt og nydgad allt þad land fyrer ofann Hals sem Aainn helldur og alldrei hef eg heirt neina menn eigna þad land frá Hälse, og heirda ieg minn fódur Þorlak Jónsson seigia ad þad hefd alla tima nefnt Halspartur, bio hann fyrir Villingadal ä Jngiallds sande meir enn 40 är, Eirnenn lyste Gisle H. Sigurdsson fyrer mier ad Sel fra Hälse hefdi vered i þeim parte[670]

Hin framlögðu skjöl voru svo gaumgæfilega skoðuð og sagði Magnús Arason um lögfestu Sæmundar Eggertssonr frá 1665 að engin vitni styddu það að lögfestan hafi verið upplesin við þing eða kirkju. Þá væru engin innsigli á vitnisburðarblaði Jóns Þorlákssonar. Þá hafi aðrir vitnisburðir verið teknir til og útgefnir án vitneskju jarðarhaldara Brekku og Villingadals og ekki heldur verið auglýstir. Með öðrum orðum hafi nefnd skjöl enga þýðingu. Þar á eftir voru yfirheyrð vitni sem stefnt hafði verið til þings. Konráður Oddsson vísaði í máldaga fyrir Brekku á Ingjaldssandi sem hafi getið þess að Brekka ætti allt land til sjávar eftir því sem á heldur Brekku megin á Ingjaldssandi. Í vitnisburðunum er hún oftast kölluð Sandsá. Um Stekkjarstæðið í Brekkulandi, þá hafi það verið léð fyrir skipstöðu við Sæbólslendingu. Svipaðar upplýsingar komu fram í vitnisburði Ólafs Nikulássonar, Gísla Brandssonar, Björns Jónssonar, Jóns Bjarnasonar, Þormóðs Magnússonar og Jóns Jónssonar. Björn, Þormóður og Jón Jónsson sögðu að Brekka eða kirkjan sem þar hafi verið hafi átt beitarítak í Nesdal, framan til við þrönga götu. Enn eitt vitnið, Ólafur Sigurðsson, sagði ána hins vegar ekki hafa verið landamerki milli Brekku annars vegar og Sæbóls hins vegar. Hann kvað bænhús á Brekku hafa átt ítak í Nesdal og á heiðum. Þorleifur Bjarnason, Eiríkur Bjarnason vitnuðu að Sæbólsbændur hafi yrkt í hlíðinni Brekku megin, allt inn að Sýkiseyri. Loks vitnaði Konráð Jónsson að Brekka hafi átt land til sjávar eftir á sem rynni eftir miðjun Ingjaldssandi, en Brekka hafi átt ítak í Nesdal og á heiðum. Í mörgum vitnisburðanna kom fram að Brekka og Villingadalur hafi áður verið ein jörð. Dómur féll þannig að vitnin, að undanskildum Konráði Oddssyni, Ólafi Sigurðssyni og Eiríki Bjarnasyni, sem vitnað hafi til lifandi manna, skyldu sanna vitnisburði sína með eiði. Þá var ályktað að ekki yrði dæmt um landið Brekku megin á Ingjaldssandi fyrr en Ormur Daðason sýslumaður, sem eigandi Sæbóls, yrði aðvaraður til að svara ákærunni. Loks var dæmt að Sæbólseigandi mætti yrkja Villingadals megin eins og brúkað hafi verið um næstu 20 ár á undan. Nokkur vitni eiðfestu að lokum vitnisburði sína.[671]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Villingadals á Ingjaldssandi metinn 18 hundruð en jörðin var konungsjörð.[672]

Við manntalsþing að Mýrum 18. júlí 1828 kom fram að konungsjörðin Villingadalur væri í byggð og viðhaldið með þremur kúgildum og þremur vættum.[673]

670 Skjal nr. 2(440).
671 Skjal nr. 2(440).
672 Skjal nr. 2(64).
673 Skjal nr. 2(417).

Við manntalsþing að Mýrum 9. júní 1845 var þinglesin lögfesta sr. Eyjólfs Kolbeinssonar á Eyri fyrir Brekku og Villingadal frá fjalli til áróss til lands og sjávar.[674]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Villingadalur á Ingjaldssandi metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[675]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Villingadal:

> 15. ~~Brekka~~ Villíngadalur: þar er slægjur ad vísu nægar en tún liggur mjóg undir skemdum af skridufóllum[676]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 360 ríkisbankadali.[677]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Villingadals er dagsett 28. júní 1886 en hún var innkomin til þinglesturs 2. ágúst 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Villingadal í Mýrahreppi.
>
> Milli Sæbóls og Villingadals er merki neðanvert við svonefnda Sýkiseyri úr Langá beint á fjall upp.
>
> Milli Álfadals og Villingadals skiptir Langá landi, allt þangað til Brekkuland tekur við.
>
> Milli Brekku og Villingadals eru landamerki í miðjum Merkishrygg, þaðan beint á fjall upp og beint niður í Langá.
>
> Skrifað á Villdingadal 28. júní 1886.
>
> Jón Bjarnason. G.H. Guðmundsson. Jón Jónsson.
>
> Guðm. Sturluson. Ebenezer Þ. Sturluson. Níels Níelsson
>
> Þorv. Jónsson, fyrir hönd Eyrarkirkju. Sigríður Gissursdóttir. Ragnheiður Halldórsdóttir.[678]

Með kaupbréfi dagsettu 19. nóvember 1892 seldi Ebenezer Þórarinn Sturluson skipstjóri á Flateyri þrjú hundruð að gömlu mati í Villingadal í Mýrahreppi til Bjarna Bjarnasonar vinnumanns á Þórustöðum. Kaupbréfið var þinglesið 12. júlí 1893.[679]

Hinn 6. september 1899 seldi Níels Níelsson þrjú hundruð að fornu mati í Villingadal til Skúla Thoroddsens sýslumanns á Ísafirði. Afsalsbréfið var þinglesið 17. júní 1907.[680]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Villingadals séu þinglesin.[681] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 1.550 kr. Eigendur hennar voru Eiríkur G. Sigmundsson, Kristján Bjarnason og dánarbú Skúla Thoroddsens.[682]

---

674 Skjal nr. 2(444).
675 Skjal nr. 4(1), bls. 194.
676 Skjal nr. 2(76).
677 Skjal nr. 2(81).
678 Skjal nr. 2(19).
679 Skjal nr. 2(339).
680 Skjal nr. 2(340).
681 Skjal nr. 2(101).
682 Skjal nr. 2(101).

5.22 Mosdalur í Önundarfirði

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Mosdal í Önundarfirði:

> **Mosdalur.**
>
> Jarðardýrleiki er haldinn xii hndr. og svo tíundast hún.
>
> Jörðin hefur bygð verið í 18 ár. Fyrir þá tíð hafði hún í eyði legið í marga mannsaldra, kannske 200 ár, og sást þar til lítilla tóftarústa þá bygðin hófst. Er þó víst, að þar hafði áður í gamalli tíð bær staðið.
>
> Meðan þetta pláts lá í eyði, brúkuðu þeir úr Önundarfirði það fyrir afrjett, item ráku þángað nokkrir úr Dýrafirði og af Íngjaldssandi, og var hjer fyrir goldið eftir samkomulagi til þess, sem Mosdal hafði leigt af eiganda. En hann galt landsdrotni árliga einn specie ríxdal.
>
> Eigandinn er kirkjan á Kirkjubóli í Valþjófsdal.
>
> Ábúandinn Sigmundur Guðmundsson.
>
> […]
>
> Jörðin á til sjóar, en ekki rekur hjer. Útræði getur hjer verið, ef ábúandi er svo efnaður. Lendíng er erfið, stórgrýtt og brimsöm, og má ekki lenda nema einu skipi í senn, og getur hjer því ei verstaða verið þótt vildi. Útigángur er hjer í betra lagi á vetur, þá vetur svo leggjast.
>
> Hætt er hjer fyrir snjóflóðum, ef ekki er vel vaktaður peníngur. Flæðihætt er hjer og í nokkrum stöðum. Svo fer og fje hjer í ógöngur í fjöllum, svo oft verður skaði að. Ristulaust er hjer svo að kalla. Skriður falla á túnið og spilla því. Heimaengjum (ef svo skal kalla) spilla og skriður, en fjallaslægjur eru nokkrar þar fyrir utan, og fellur í sama máta á þær þess á milli. Kirkjuvegur er örðugur og lángur til Holts í Önundarfirði, sem almennilega tíðkast, því ekki er jafnlega flutt embætti á Kirkjubóli í Valþjófsdal.[683]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Mosdals metinn 12 hundruð en jörðin var kirkjujörð frá Kirkjubóli.[684]

Í prófastsvísitasíu um Kirkjubólskirkju frá 19. september 1829 segir að kirkjujörðin Mosdalur sé óförguð undir veðurheftugra fjárhaldsmanna ábyrgð og tilsvar.[685]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Mosdalur í Önundarfirði metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem Kirkjubólskirkjueign.[686]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Mosdal:

> 1. Mosdalur: vegna útigángs og beitargæda er þessi jórd metin nokkru betri en medaljardir.[687]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 300 ríkisbankadali.[688] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Mosdal breytt í 336 ríkisbankadali.[689]

---

683 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 94–95, skjal H-12.
684 Skjal nr. 2(65).
685 Skjal nr. 2(192).
686 Skjal nr. 4(1), bls. 194.
687 Skjal nr. 2(77).
688 Skjal nr. 2(82).
689 Skjal nr. 2(80).

Hinn 1. október 1884 seldi Finnur Eiríksson tvö hundruð og 95 álnir í Kirkjubóli í Valþjófsdal og Mosdal til Guðmundar Jóhannessonar í Mosdal. Ekki er tilgreint hve stór hluti úr hvorri jörð var seldur. Afsalsbréfið var þinglesið 28. maí 1886.[690]

Hinn 30. janúar 1885 fóru fram makaskipti hvar Steinþór Jónsson á Kirkjubóli afhenti þrjú hundruð í Mosdal og Kirkjubóli í Valþjófsdal til Jóns Jónssonar í Mosdal en fékk á móti þrjú hundruð að fornu mati í Dalshúsum í Valþjófsdal. Makaskiptabréfið var þinglesið 28. maí 1885.[691]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Mosdals er dagsett 21. júní 1887 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þórustöðum sama dag. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Mosdal í Mosvallahreppi innan Ísafjarðarsýslu.
>
> Landamerki milli Mosdals og Kirkjubóls eru í Brimnes og milli Sæbóls og Mosdals eru í Reyðarsker.
>
> Mosdal, 1. Janúar 1887
>
> Umráðamenn jarða þessara:
>
> Mosdals. Guðm. Jóhannesson
>
> Sæbóls G.H. Guðmundsson
>
> Kirkjubóls Finnur Eiríksson[692]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Mosdal:

> Mosdalur
>
> er ysta jörð í Mosvallahreppi að vestanverðu
>
> Landamerki: að utan Reiðarsker að innan Brimnes.[693]

Í undirmati II segir að landamerki jarðarinnar Mosdals séu að utan Reyðarsker og að innan Brimnes. Jörðin var metin á 1.550 kr. Eigendur hennar voru Sumarliði Jónsson og Kristján Torfason.[694]

5.23 Kirkjuból í Valþjófsdal

Hinn 27. maí 1420 gaf Ari Guðmundsson Oddfríði Aradóttur til kaups við Halldór Jónsson hálfan Valþjófsdal, 60 hundruð að dýrleika, en hálfan hafði hann selt Halldóri Jónssyni og tekið á móti jörðina Álfadal og jörðina Vífilsmýrar. Jarðirnar í Valþjófsdal eru ekki nafngreindar í bréfinu.[695]

Með vitnisburði, dagsettum 23. janúar 1428, vottuðu nokkir menn að Halldór Jónsson handlagði Oddfríði Aradóttur jörðina Mosdal en galt henni Kirkjuból í þau 60 hundruð sem Ari Guðmundsson gaf Oddfríði dóttur sinni til kaups við Halldór Jónsson.

690 Skjal nr. 2(341).
691 Skjal nr. 2(342).
692 Skjal nr. 2(20).
693 Skjal nr. 2(102).
694 Skjal nr. 2(102).
695 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 278–279, skjal nr. 4(91).

Einnig handlagði Halldór dætrum sínum, Valgerði og Ingibjörgu, jarðirnar Þorfinnsstaði, Grafargil og Tungu.[696]

Hinn 3. ágúst 1460 vitnaði Einar Þórðarson um að Guðmundur Arason hefði haft jarðirnar Haukadal í Dýrafirði, Kirkjuból í Valþjófsdal og Eyri í Önundarfirði. Kirkjuból og Eyri hafði Guðmundur þóst hafa fengið í erfðum en ákærur veittar á þær jarðir.[697]

Sveinn biskup Pétursson skipaði hálfkirkju að Kirkjubóli í Valþjófsdal árið 1467, en þremur árum síðar setti hann alkirkju þar. Halldór Hákonarson bóndi gaf þá kirkjunni jörðina Mosdal fyrir 12 hundruð og þar til átta hundruð.[698] Þá segir einnig í máldaganum:

> j fyrrgreindri jordu æ kirckiuboli þar j heimalandi. v. kugilldi og einn tolfæringh med ræ og reida og hier med hundradz eignn j skoginum æ Eyre j fyrr skrifudum Aunundarfirdi. elldividar staudu a kalfeyre til þess er hann mæ vel fluttur verda heim til tijttnefndz kirkiubolz og þar til þeirra hrossa beit æ hueriu ære sem greindur elldividur er æ fluttur til adur nefndrar kalfeyrar suo leinge sem þar stendur þorf til.[699]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Kirkjuból í Valþjófsdal:

> Kirkian i Valthioffsdal ä .xij^{c}. jørd.
>
> […]
>
> j^{c}. i Skóge ä Saudanese.[700]

Í biskupsvísitasíu um Kirkjubólskirkju í Valþjófsdal frá 19. ágúst 1639 segir meðal annars:

> Wtan kirkiu xij hndr. Jórdenn i Mosdal og effter Biskups Suejnz breffe viij hndr. i hejmalande, enn huad me[i]ra er loffar Bjórn Snæbjórnsson Jardarjnnar ejgande skyrslu ä ad gjóra, eff eiga mætte.[701]

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíum frá 6. september 1689 og 26. ágúst 1725 en í þeirri fyrrnefndu segir einnig að heimalandið sé 48 hundruð að dýrleika og að kirkjan eigi tvö hundruð í skóginum á Sauðanesi.[702] Sömu upplýsingar koma einnig fram í kirkjustól Kirkjubólskirkju frá 1742–1811.[703]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Kirkjuból í Valþjófsdal:

> **Kirkiuból** (í Valþjófsdal).
>
> Almenniliga kalla menn jörðina **Dal**.

---

696 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 353–354, skjal nr. 4(92).
697 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 215–217, skjal nr. 4(93).
698 Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi* II, bls. 219, skjal H-17. Sjá einnig *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 491, 579–580; skjöl nr. 4(117) og 4(128).
699 *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 579–580, skjal nr. 4(117).
700 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 574, skjal nr. 4(118).
701 Skjal nr. 2(160).
702 Skjöl nr. 2(161) og 2(162).
703 Skjöl nr. 2(189) og 2(190).

Jörðin er með Dalshúsum tvennum xlviii hndr. Reiknast heimajörðin fyrir xxxii hndr., Dalshús heimari fyrir x hndr., Dalshús ytri fyrir vi hndr.

Hjer er kirkja, og hefur verið annexía frá Holti í Önundarfirði, og eru gamalla manna sagnir, að þar hafi embættað verið fjórða hvern sunnudag, en nú í lánga tíma hefur þar ekki embættað verið nema 4um sinnum á ári.

Eigendur eru Þorbjargir tvær Björnsdætur ekkjur Sr. Árna sál. Ámundasonar á Setbergi og Sr. Einars Gíslasonar á Helgafelli, sín að hverri hálfri.

Ábúendur á heimajörðunni Sveinn Einarsson á xvi hndr., Jón Jónsson á xii hndr., Gissur Tumasson í Ytri Dalshúsum nytkar iiii hndr.

[…]

Skógarítak lítið er kirkjunni eignað á Sauðanesi (milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar) þar sem Barðsurðir heita, en sá skógur er nú í manna minni gjöreyddur.

Ekki rekur hjer, þó jörðin eigi nokkuð til sjóar. Ristulítið er hjer orðið. Útigángur á vetur hefur í betra lagi verið á Sporhamarshlíð milli Valþjófsdals og Mosdals, en nú er sú beit af skriðum fordjörfuð.

Hætt er hjer kvikfje bæði fyrir skriðufalli, kletta ógöngum og flæðum undir Sporhamri. Kirkjuvegur er hjer hættur og torsóktur að Holti í Önundarfirði. Túnið er til þriðjúnga afbrotið af á, sem fellur þar hjá, og gengur þessi á árlega meir og meir á túnið, og líkast að bæinn verði undan henni að flytja. Engjunum spilla til stórskemda á og lækir sem árenna og bera á grjót og aur. Annars vegar spilla engjunum skriður, sem renna úr fjalli. Haganna einum hluta hafa skriður spilt, svo er og vegur þángað svo tæpur orðinn, að nautpeníngur ekki þángað gengið getur. Útræði getur hjer verið ef vill, og er góð lendíng, en ekki brúkast hjer útræði á vetur sökum lángræðis.

Dalshus heimare. Hjáleiga frá Kirkjubóli, eldri en í manna minni.

Reiknast fyrir x hndr. úr heimajörðunni.

Ábúandinn Ólafur Skeggjason.

[…]

Túninu spilla lækir úr fjallinu, sem ábera aur. Engjunum spillir á, sem ber á grjót og hefur nokkurn hlut þeirra aftekið. Um hagana er hið sama og heimajarðarinnar, því þeim er óskift.

Dalshus ytre. Önnur hjáleiga frá Kirkjubóli, bygð fyrir 100 árum eður þar um.

Reiknast fyrir vi hndr. úr jörðunni.

Ábúandinn Gissur Tumasson.

[…]

Nú hefur ábúandi til nytkunar ásamt hjáleigunni iiii hndr. úr heimajörðunni, sem áður er skrifað, og geldur til samans 3 vættir í kaupstað eður með peníngum eftir dönskum taxta.

[…]

Á engjarnar rennur á og ber þar á grjót og aur. Á annan hlut engjanna falla skriður úr fjalli. Hagar eru sömu sem á heimajörðunni.

Midhus heitir í Kirkjubólslandi. Eru sagnir þar hafi hjáleiga staðið, og sjer til byggíngarleifa vallgróinna, en óbygt hefur þetta pláts verið yfir hundrað ár. Ekki verður hjer bygð sett, því skriða er fallin á túnstæðið og tóftirnar, svo eru og Kirkjubóls slægjur miklu minni en svo að aflagt verði.[704]

[704] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 95–97, skjal H-12.

Í prófastsvísitasíu frá 8. nóvember 1793 segir að Kirkjubólskirkja haldi sínum eignum og ítökum en ítakið á Sauðanesi hafi komið til lítilla nota.[705]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Kirkjubóls í Valþjófsdal metinn 48 hundruð en eigendur jarðarinnar voru Guðmundur Bárðarson í Arnardal og Sturla Sturlason á Tungu. Með í matinu voru eyðihjáleigurnar Fremri-Dalshús og Ytri-Dalshús. Þá segir að þriðja hjáleigan sé eyðihjáleiga en að hún nýtist sem beitiland.[706]

Með kaupbréfi dagsettu 5. ágúst 1804 seldi Jón Árnason bóndi 10 hundruð í Framarhúsum í Valþjófsdal til Páls Halldórssonar bónda í Arnardal. Kaupbréfið var þinglesið í Landsyfirrétti 10. apríl 1809.[707]

Í prófastsvísitasíu um Kirkjubólskirkju frá 19. september 1829 segir að kirkjujörðin Mosdalur sé óförguð undir veðurheftugra fjárhaldsmanna ábyrgð og tilsvar.[708]

Við manntalsþing að Þingeyri 9. júní 1838 var þinglesið afsalsbréf fyrir einu hundraði í Kirkjubóli, frá Ásbirni Halldórssyni til Jóns Jónssonar fyrir 20 ríkisbankadali. Bréfið var dagsett 25. apríl 1836.[709]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Kirkjuból í Valþjófsdal metin 48 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon nefni hjáleiguna Heimara-Dalshús, sem sýslumaður og prestur nú kalli Dalshús, en sé látið vera með þeim leigumála, sem Árni telur á Ytra-Dalshúsi og einnig telji hann með eyðihjáleiguna Miðhús, sem árið 1805 var höfð til beitar frá Ytra-Dalshúsi, en nú sé hvorug hjáleigna þessara nefnd.[710]

Hinn 16. júní 1848 fóru fram makaskipti hvar Bárður Jónsson, fyrir hönd barnsins Jónínu Sturludóttur á Kleifum, seldi sex hundruð í Kirkjubóli í Valþjófsdal til Ásgeirs Ásgeirssonar í Skutulsfirði í skiptum fyrir átta hundruð í Ytri-Veðrará. Makaskiptabréfið var þinglesið 1. júlí 1861.[711]

Við manntalsþing að Þórustöðum 24. júní 1848 var þinglesið kaupbréf, dagsett 3. janúar 1848, fyrir átta hundruðum í Kirkjubóli í Valþjófsdal frá Bárði Jónssyni til Ásgeirs Ásgeirssonar fyrir 440 ríkisbankadali. Einnig var þinglesið kaupbréf, dagsett 8. apríl 1848, fyrir hálfu hundraði í sömu jörð frá Guðmundi Sturlusyni til Ásgeirs Ásgeirssonar fyrir 16 ríkisbankadali. Jafnframt var þinglesið kaupbréf fyrir einu og hálfu hundraði í sömu jörð frá Páli Andréssyni til sama Ásgeirs fyrir 51 ríkisbankadal. Það bréf var dagsett 13. apríl 1848. Þá var einnig þinglesið makaskiptabréf á milli Ásgeirs Ásgeirssonar og Bárðar Jónssonar á átta hundruðum í Ytri-Veðrará og sex hundruðum í Kirkjubóli með 68 dala milligjöf, dagsett 16. júní 1848. Loks var þinglesið

705 Skjal nr. 2(191).
706 Skjal nr. 2(66).
707 Skjal nr. 2(343).
708 Skjal nr. 2(193).
709 Skjal nr. 2(463).
710 Skjal nr. 4(1), bls. 194.
711 Skjal nr. 2(344).

kaupbréf fyrir sex hundruðum í Tungu í Valþjófsdal frá Árna Árnasyni til Eyjólfs Jónssonar.[712]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Kirkjuból í Valþjófsdal:

> 1. Kirkjuból í Valþjófsdal: ~~sk~~ árensli af á í eingjar hindra þad ad sú jórd er ekki í medallagi.[713]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 640 ríkisbankadali.[714]

Hinn 5. júní 1854 skrifaði sr. Hálfdán Einarsson á Eyri í Skutulsfirði að í ministerialbók prestakallsins væru færðir inn skilmálar um hjónaband Ásgeirs Á. Johnsens borgara og Mikaelínu Eyjólfsdóttur í Ísafjarðarkaupstað. Þar segði að um 100 spesíur og helminga fjárlag væru upp í þær 100 spesíur tilnefnd sex hundruð í Kirkjubóli í Valþjófsdal með tilheyrandi kirkjueign. Skjalið var þinglesið 1. júlí 1861.[715]

Í prófastsvísitasíu um Kirkjubólskirkju frá 17. júlí 1855 er vísað til biskupsvísitasíu Hannesar Finnssonar biskups sem segi að kirkjan eigi 12 hundruð í jörð en að sú jörð sé ekki tilgreind. Þá segir að skógurinn á Sauðanesi sé gjörsamlega eyddur.[716]

Við manntalsþing að Þórustöðum 12. júlí 1859 var þinglesið makaskiptabréf hjónanna Mikaelínu Eyjólfsdóttur og A. A. Johnsens, dagsett 17. desember 1858, á fjórum hundruðum í Breiðadal og sex hundruðum í Veðrará gegn 12 hundruðum í Kirkjubóli með tilheyrandi kirkjueignum.[717] Bréfið var einnig þinglesið við manntalsþing Eyrarhrepps 9. júní 1859.[718]

Við manntalsþing að Þórustöðum 1. júlí 1861 var þinglesin morgungjöf Mikkalínu Eyjólfsdóttur frá 5. júní 1854 upp á 100 danskar spesíur eða sex hundruð í Kirkjubóli í Valþjófsdal.[719]

Við manntalsþing að Þórustöðum 1. júlí 1861 var þinglesið makaskiptabréf A. A. Johnsens heitins og Bárðar Jónssonar, fyrir hönd Jónínu Sturladóttur, á sex hundruðum í Kirkjubóli í Valþjófsdal gegn átta hundruðum úr Ytri-Veðrará ásamt 68 ríkisdala milligjöf. Makaskiptabréfið var dagsett 16. júní 1848. Við sama þing var þinglesið kaupbréf Þórodds Jónssonar seglsaumara frá 9. september 1859 fyrir fjórum hundruðum í Veðrará fyrir 148 ríkisdali.[720]

Hinn 1. október 1884 seldi Finnur Eiríksson tvö hundruð og 95 álnir í Kirkjubóli í Valþjófsdal og Mosdal til Guðmundar Jóhannessonar í Mosdal. Ekki er tilgreint hve stór hluti úr hvorri jörð var seldur. Afsalsbréfið var þinglesið 28. maí 1886.[721]

---

712 Skjal nr. 2(467).
713 Skjal nr. 2(78).
714 Skjal nr. 2(82).
715 Skjal nr. 2(347).
716 Skjal nr. 2(194).
717 Skjal nr. 2(478).
718 Skjal nr. 2(469).
719 Skjal nr. 2(470).
720 Skjal nr. 2(470).
721 Skjal nr. 2(341).

Hinn 30. janúar 1885 fóru fram makaskipti hvar Steinþór Jónsson á Kirkjubóli afhenti þrjú hundruð í Mosdal og Kirkjubóli í Valþjófsdal til Jóns Jónssonar í Mosdal en fékk á móti þrjú hundruð að fornu mati í Dalshúsum í Valþjófsdal. Makaskiptabréfið var þinglesið 28. maí 1885.[722]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Kirkjubóls í Valþjófsdal er dagsett 1. apríl 1887 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þórustöðum 21. júní sama ár. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Kirkjubóli í Valþjófsdal í Mosvallahreppi innan Ísafjarðarsýslu.
>
> Landamerki milli Kirkjubóls og Mosdals eru í Brimnes, milli Kirkjubóls og Þorfinnsstaða eru merki í Þorfinnsstaðaá upp að Búðarlæk, eptir honum að brúnni og svo eptir veginum heim að brúnni milli bæjanna.
>
> Milli Kirkjubóls og Tungu eru merki eptir Dalsá fram að Stórubrekku, svo eptir syðri ánni uppá Skarðsfjall.
>
> Ítök í Kirkjubólslandi eiga Dalshús frá Torfabrekku heim í vörðu á Svartabakka, og frá Garði, sem liggur fyrir framan Kirkjubóls og Dalshúsatúnin, beint frá Dalsá uppí fjall og að vörðunum fyrir utan Skáladal, er þær bera hvor í aðra.
>
> Fjörubeit og skipsuppsátur að rjettu hlutfalli við Kirkjuból.
>
> Kirkjubóli, 1. Apríl 1887
>
> Umráðamenn jarða þessara:
>
> Kirkjubóls F. Eiríksson.
>
> Mosadals Guðm. Jóhannesson
>
> Þorfinnsstaða Guðm. A. Eiríksson
>
> Tungu J. Ólafsson
>
> Dalshúsa St. Jónsson[723]

Með kaupbréfi dagsettu 1. apríl 1891 seldi Finnur Eiríksson bóndi á Kirkjubóli 10 hundruð og 66 álnir í Kirkjubóli í Valþjófsdal til Ólafs Guðmundssonar vinnumanns á Arnarnúpi í Keldudal. Kaupbréfið var þinglesið 2. júní 1891.[724]

Með kaupbréfi dagsettu 25. nóvember 1895 seldi Ólafur G. Guðmundsson bóndi á Arnarnúpi eitt hundrað í Kirkjubóli í Valþjófsdal til Jóns Guðmundssonar lausamanns á Grafargili.[725]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Kirkjubóls í Valþjófsdal séu þinglesin.[726] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Eigendur hennar voru Steinþór Jónsson, Eyjólfur Jónsson og Jón Guðmundsson.[727]

Við aukaréttur 26. mars 1920 voru tilkvaddir matsmenn til að meta afgjöld prestsseturs og ítaka.[728]

---

722 Skjal nr. 2(342).
723 Skjal nr. 2(21).
724 Skjal nr. 2(345).
725 Skjal nr. 2(346).
726 Skjal nr. 2(103).
727 Skjal nr. 2(103).
728 Skjal nr. 2(473).

Við manntalsþing að Flateyri 9. júlí 1929 var þinglesin yfirlýsing um skipti á Kirkjuþóli í Valþjófsdal, dagsett 21. maí 1929.[729]

5.24 Dalshús í Valþjófsdal

Hinn 27. maí 1420 gaf Ari Guðmundsson Oddfríði Aradóttur til kaups við Halldór Jónsson hálfan Valþjófsdal, 60 hundruð að dýrleika, en hálfan hafði hann selt Halldóri Jónssyni og tekið á móti jörðina Álfadal og jörðina Vífilsmýrar. Jarðirnar í Valþjófsdal eru ekki nafngreindar í bréfinu.[730]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 er fjallað um Dalshús í texta um Kirkjuból í Valþjófsdal. Þar segir eftirfarandi:

> **Kirkiuból** (í Valþjófsdal).
>
> Almenniliga kalla menn jörðina **Dal**.
>
> Jörðin er með Dalshúsum tvennum xlviii hndr. Reiknast heimajörðin fyrir xxxii hndr., Dalshús heimari fyrir x hndr., Dalshús ytri fyrir vi hndr.
>
> […]
>
> Eigendur eru Þorbjargir tvær Björnsdætur ekkjur Sr. Árna sál. Ámundasonar á Setbergi og Sr. Einars Gíslasonar á Helgafelli, sín að hverri hálfri.
>
> Ábúendur á heimajörðunni Sveinn Einarsson á xvi hndr., Jón Jónsson á xii hndr., Gissur Tumasson í Ytri Dalshúsum nytkar iiii hndr.
>
> […]
>
> **Dalshus heimare.** Hjáleiga frá Kirkjuþóli, eldri en í manna minni.
>
> Reiknast fyrir x hndr. úr heimajörðunni.
>
> Ábúandinn Ólafur Skeggjason.
>
> […]
>
> Túninu spilla lækir úr fjallinu, sem ábera aur. Engjunum spillir á, sem ber á grjót og hefur nokkurn hlut þeirra aftekið. Um hagana er hið sama og heimajarðarinnar, því þeim er óskift.
>
> **Dalshus ytre.** Önnur hjáleiga frá Kirkjuþóli, bygð fyrir 100 árum eður þar um.
>
> Reiknast fyrir vi hndr. úr jörðunni.
>
> Ábúandinn Gissur Tumasson.
>
> […]
>
> Nú hefur ábúandi til nytkunar ásamt hjáleigunni iiii hndr. úr heimajörðunni, sem áður er skrifað, og geldur til samans 3 vættir í kaupstað eður með peningum eftir dönskum taxta.
>
> […]
>
> Á engjarnar rennur á og ber þar á grjót og aur. Á annan hlut engjanna falla skriður úr fjalli. Hagar eru sömu sem á heimajörðunni.
>
> **Midhus** heitir í Kirkjubólslandi. Eru sagnir þar hafi hjáleiga staðið, og sjer til byggíngarleifa vallgróinna, en óbygt hefur þetta pláts verið yfir hundrað ár. Ekki verður

[729] Skjal nr. 2(475).
[730] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 278–279, skjal nr. 4(91).

> hjer bygð sett, því skriða er fallin á túnstæðið og tóftirnar, svo eru og Kirkjubóls slægjur miklu minni en svo að aflagt verði.[731]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er fjallað um Dalshús í mati á Kirkjubóli í Valþjófsdal. Dýrleiki Kirkjubóls var metinn 48 hundruð en eigendur jarðarinnar voru Guðmundur Bárðarson í Arnardal og Sturla Sturlason á Tungu. Með í matinu voru eyðihjáleigurnar Fremri-Dalshús og Ytri-Dalshús. Þá segir að þriðja hjáleigan sé eyðihjáleiga en að hún nýtist sem beitiland.[732]

Með kaupbréfi dagsettu 8. ágúst 1807 seldi ekkjan Margrét Björnsdóttir í Dalshúsum og synir hennar, Jón eldri, Björn og Jón yngri, sex hundruð í Ytri-Dalshúsum í Önundarfirði til Páls Halldórssonar bónda í Arnardal. Kaupbréfið var þinglesið í Landsyfirrétti 10. apríl 1809.[733]

Við manntalsþing að Eyri við Skutulsfjörð 22. maí 1815 var upplesið kaupbréf, dagsett 23. september 1814, þar sem Jón Árnason hreppstjóri seldi Johnsen faktor 10 hundruð í Dalshúsum með 10 ám fyrir 250 ríkisdali.[734]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er ekki fjallað um dýrleika jarðarinnar Dalshúsa í Valþjófsdal en hún er skráð sem hjáleiga Kirkjubóls í Valþjófsdal.[735]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Dalshús:

> 2. Dalshús: þeirri jórd verdur þad einasta til gildis talid ad hægd er þar til sjóar fremur ódrum jórdum.[736]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 400 ríkisbankadali.[737]

Hinn 7. júlí 1860 seldi Sigríður Ólafsdóttir þrjú hundruð í Dalshúsum í Önundarfirði til Sturlu Jónssonar að Ytri-Dalshúsum. Afsalsbréfið var þinglesið 1. júlí 1861.[738]

Við manntalsþing að Þórustöðum 1. júlí 1861 var þinglesið kaupbréf Sturla Jónssonar hreppstjóra frá 7. júlí 1860 fyrir þremur hundruðum í Ytri-Dalshúsum fyrir 150 ríkisdali.[739]

Með kaupbréfi dagsettu 22. maí 1866 seldi V. T. Thostrup á Ísafirði þrjú hundruð í Dalshúsum í Mosvallahreppi til Jóns Jónssonar í Mosdal. Kaupbréfið var þinglesið 10. júlí 1867.[740]

Við manntalsþing að Þórustöðum 10. júlí 1867 var þinglesið kaupbréf Jóns Jónssonar í Mosdal, dagsett 22. maí 1866, upp á þrjú hundruð í Dalshúsum fyrir 180 ríkisdali.[741]

---

731 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 95–97, skjal H-12.
732 Skjal nr. 2(66).
733 Skjal nr. 2(348).
734 Skjal nr. 2(459).
735 Skjal nr. 4(1), bls. 194.
736 Skjal nr. 2(77).
737 Skjal nr. 2(82).
738 Skjal nr. 2(349).
739 Skjal nr. 2(470).
740 Skjal nr. 2(350).
741 Skjal nr. 2(471).

Hinn 30. janúar 1885 fóru fram makaskipti hvar Steinþór Jónsson á Kirkjuþóli afhenti þrjú hundruð í Mosdal og Kirkjuþóli í Valþjófsdal til Jóns Jónssonar í Mosdal en fékk á móti þrjú hundruð að fornu mati í Dalshúsum í Valþjófsdal. Makaskiptabréfið var þinglesið 28. maí 1885.[742]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Dalshúsa í Valþjófsdal er dagsett 31. desember 1891 en hún var innkomin til þinglesturs 3. febrúar 1892. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir Dalshús í Mosvallahreppi í Ísafjarðarsýslu.
>
> Landamerki milli Dalshúsa og Kirkjuþóls eru að framanverðu í Torfabrekkubrún, að heimanverðu á því stykki eru merki í vörðu á Svartabakka, og þar skilur Dalsá milli Tungu og Dalshúsa. Einnig eiga Dalshús frá garðinum, sem liggur fyrir framan Kirkjuþóls og Dalshúsa tún, beint frá Dalsá upp í fjallið, og að vörðunum fyrir utan Skáladal, er þær bera hver í aðra. Ennfremur liggja slægnastykki, sem tilheyra Dalshúsum, innan um Kirkjuþólsengjar. Stykkin heita: 1. Stóripartur, innan til í engjunum, að stærð □ faðm. 13440. – 2. Sund, sem nær upp að holtunum, heim að Hreggsnara, og þaðan ofan í garðhornið í Geldingaholtinu, stykkið er að stærð □ f. 19890 þess utan eiga Dalshús skipsuppsátur og fjörubeit að jöfnu hlutfalli við Kirkjuþól.
>
> Dalshúsum 31. dec. 1891.
>
> Eigandi og umráðamaður Dalhúsa: Steindór Jónsson
>
> Umráðamaður Tungu: Vigfús Eiríksson.
>
> Umráðamenn Kirkjuþóls: Eyjólfur Jónsson, Finnur Eiríksson.[743]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að jörðin Dalshús sé ysta jörðin í Valþjófsdal og að landamerki hennar séu þinglesin.[744] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 1.500 kr. Eigendur hennar voru Steinþór Jónsson og Guðrún Sakaríasdóttir.[745]

5.25 Tunga í Valþjófsdal

Hinn 27. maí 1420 gaf Ari Guðmundsson Oddfríði Aradóttur til kaups við Halldór Jónsson hálfan Valþjófsdal, 60 hundruð að dýrleika, en hálfan hafði hann selt Halldóri Jónssyni og tekið á móti jörðina Álfadal og jörðina Vífilsmýrar. Jarðirnar í Valþjófsdal eru ekki nafngreindar í bréfinu.[746]

Með vitnisburði, dagsettum 23. janúar 1428, vottuðu nokkir menn að Halldór Jónsson handlagði Oddfríði Aradóttur jörðina Mosdal en galt henni Kirkjuþól í þau 60 hundruð sem Ari Guðmundsson gaf Oddfríði dóttur sinni til kaups við Halldór Jónsson. Einnig handlagði Halldór dætrum sínum, Valgerði og Ingibjörgu, jarðirnar Þorfinnsstaði, Grafargil og Tungu.[747]

---

742 Skjal nr. 2(342).
743 Skjal nr. 2(22).
744 Skjal nr. 2(104).
745 Skjal nr. 2(104).
746 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 278–279, skjal nr. 4(91).
747 *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 353–354, skjal nr. 4(92).

Hinn 30. janúar 1512 vitnaði Jón Þorsteinsson að Grímur Arason og Halla Þorsteinsdóttir hefðu látið Þorstein Sveinsson aftur fá jörðina Grafargil í Valþjófsdal sem hann hafði ánafnað Höllu dóttur sinni. Enn fremur seldi Þorsteinn Halldóri Hákonarsyni Grafargil og Tungu fyrir Eyri í Önundarfirði.[748]

Hinn 18. febrúar 1521 vitnaði Ólafur Jónsson að Þorsteinn Sveinsson og Bergljót Halldórsdóttir hefðu gert gjöf á jörðinni Grafargili til Höllu dóttur þeirra ónýta. Þorsteinn seldi Halldóri Hákonarsyni Grafargil og Tungu í Valþjófsdal fyrir fimm hundruð og 20 álnir í jörðinni Eyri í Önundarfirði fyrir utan skóg sem Halldór hafði gefið kirkjunni á Kirkjuból í Valþjófsdal.[749]

Hinn 3. desember 1576 gerði Þorlákur Einarsson kunnugt, að hann hefði selt Eggerti Hannessyni fimm hundruð í Trostransfirði í Suðurfjörðum og þar til 15 aura í Tungu í Valþjófsdal. Hér á móti greiddi Eggert hálft sjötta hundruð og 12 álnir betur í jörðinni Neðra-Breiðadal og þar til 20 álnir.[750]

Hinn 27. apríl 1601 seldi Þorgautur Ólafsson Sæmundi Árnasyni 33 hundruð í Álfadal fyrir tvær 12 hundraða jarðir. Önnur þeirra jarða var Tunga í Valþjófsdal.[751]

Í vitnisburði sr. Sigmundar Egilssonar, Guðmundar Þorleifssonar, Steins Böðvarssonar, Jóns Gissurssonar, Nikulásar Jónssonar og Snæbjörns Erlendssonar frá 19. júlí 1619 segir að hjónin Sæmundur Árnason og Elín Magnúsdóttir hafi gefið til sonar þeirra Magnúsar jarðirnar Sæból, Álfadal, Hraun og Tungu í Valþjófsdal.[752]

Með vitnisburði, dagsettum 16. ágúst 1619, vitnuðu sr. Þorsteinn Oddsson, sr. Halldór Jónsson, Guðmundur Þorleifsson, Þórarinn Grímsson, Snæbjörn Erlendsson og Steinn Böðvarsson að Sæmundur Árnason hefði hinn 8. ágúst það ár selt Magnúsi syni sínum jarðinar Hól í Bolungarvík, Meiri-Hlíð með Minni-Hlíð og Þjóðólfstungu í Bolungarvík fyrir jarðirnar Sæból, Álfadal, Hraun og Tungu í Valþjófsdal.[753]

Hinn 16. október 1627 auglýstist og staðfestist sá gjörningur milli Sæmundar Árnasonar og Steinþórs Ormssonar vegna brúðkaups barna þeirra, Eggerts Sæmundssonar og Ragnhildar Steinþórsdóttur, þess efnis að Sæmundur gaf Eggerti jarðirnar Sæból, Álfadal, Hraun, Tungu í Valþjófsdal og Gljúfurá, en Steinþór gaf dóttur sinni hundrað hundraða í föstu og lausu. Eggert gaf svo Ragnhildi í tilgjöf jarðirnar Álfadal og Hraun. Hluti gjörningsins var að Sæmundur lofaði að staðurinn Sæból yrði laus til handa Eggerti.[754]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Tungu í Valþjófsdal:

> **Tunga** í Valþjófsdal.

[748] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 772–773, skjal nr. 4(94).
[749] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 775–777, skjal nr. 4(95).
[750] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 104–105, skjal H-18.
[751] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 158, skjal H-18.
[752] Skjal nr. 2(210).
[753] Skjal nr. 2(209).
[754] Skjal nr. 2(211).

> Jarðardýrleiki xii hndr.
>
> Eigandi önnur hver þeirra mæðgna á Múla í Kollafirði Helga Eggertsdóttir eður Elen Snæbjörnsdóttir.
>
> Ábúendur Jón Lífgjarnsson á v hndr, Jón Jónsson á vii hndr.
>
> […]
>
> Vetrarhart er hjer framar almennu. Hætt er hjer kvikfje fyrir holgryfjulækjum, item skriðuföllum. Túninu spillir á og ber þar á grjót. Útheyis bakkaslægjum spillir sama ár. Högunum hafa skriður spilt til stórs skaða.[755]

Við manntalsþing að Mosvöllum 4. júní 1724 var þinglesið kaupbréf, dagsett 16. september 1723, þar sem Teitur Arason sýslumaður seldi Tungu, 12 hundruð að dýrleika, til sr. Teits Pálssonar gegn 12 hundruðum í Bakka í Gauradal.[756]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Tungu í Valþjófsdal metinn 12 hundruð en eigendur jarðarinnar voru Jón Jónsson á Hóli og Halldóra Magnúsdóttir í Meðaldal.[757]

Við manntalsþing að Suðureyri 6. júlí 1807 var þinglesið afsalsbréf Sveins Oddssonar fyrir átta hundruðum í Tungu fyrir 88 ríkisdali.[758]

Við manntalsþing að Suðureyri 13. ágúst 1821 var þinglesið afsal Indriða Jónssonar á Breiðadal, dagsett 2. mars 1821, fyrir þremur hundruðum í Tungu í Valþjófsdal til Magnúsar Guðmundssonar á Bæ fyrir 115 spesíur.[759]

Við manntalsþing að Eyri 2. ágúst 1822 var þinglesið afsal, dagsett 20. september 1821, hvar Jóhann Jónsson og Bárður Sturluson seldu Jóni Jónssyni faktori á Ísafirði þrjú hundruð í jörðinni Tungu í Valþjófsdal fyrir 114 ríkisbankadali. Við sama þing var þinglýst makaskiptum, dagsettum 12. júní sama ár, á þremur hundruðum Thorstensens sýslumanns í Dvergasteini gegn þremur hundruðum faktorsins í Tungu í Valþjófsdal.[760]

Við manntalsþing að Þórustöðum 7. júní 1845 var þinglesið afsalsbréf erfingja Ebenesers Thorstensens sáluga sýslumanns á þremur hundruðum í Tungu fyrir 78 ríkisdali til Jóns Jónssonar.[761]

Við manntalsþing að Flateyri 22. apríl 1846 var þinglesið kaupbréf fyrir þremur hundruðum í Tungu frá Össuri Magnússyni á Súðavík til Jóns Jónssonar á Innri-Hjarðardal, dagsett 23. ágúst 1845.[762]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Tunga í Valþjófsdal metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[763]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Tungu í Valþjófsdal:

---

755 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 97–98, skjal H-12.
756 Skjal nr. 2(455).
757 Skjal nr. 2(67).
758 Skjal nr. 2(458).
759 Skjal nr. 2(460).
760 Skjal nr. 2(461).
761 Skjal nr. 2(466).
762 Skjal nr. 2(468).
763 Skjal nr. 4(1), bls. 194.

> 3. Tunga í Valþjófsdal: gód sumarbeit er þar og slægjur í skárra lagi, tún er og eigi allíllt.[764]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 360 ríkisbankadali.[765] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Tungu breytt í 348 ríkisbankadali.[766]

Hinn 12. september 1861 seldi Eyjólfur Jónsson sex hundruð í Tungu í Valþjófsdal til Daníels Ólafssonar. Afsalsbréfið var þinglesið 8. september 1866.[767]

Við manntalsþing að Þórustöðum 8. september 1866 var þinglesið kaupbréf D. Ólafssonar, dagsett 12. september 1861, fyrir sex hundruðum úr Tungu fyrir 288 ríkisdali.[768]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Tungu í Valþjófsdal er dagsett 25. júní 1888 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þórustöðum sama dag. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir Tungu.
>
> Milli Tungu og Kirkjubóls í Valþjófsdal ræður á sú merkjum, er Dalsá heitir; rennur hún ofan með Kirkjubóls bænum, og fram í Langá; að vestanverðu er svo merkið eptir ánni fram undir Stórubrekku; tekur þar lækur við, sem rennur ofan Tungurðirnar ofan í ána, og á Tunga ekki lengra.
>
> Milli Tungu og Grafargils ræður Langá fram í vatn það, er liggur fyrir neðan Miðdalsbrekkuna, og svo eptir vestari læknum, sem rennur ofan brekkuna.
>
> Grafargili d. 25. júní 1888
>
> Umráðamenn jarða þessara:
>
> Tunga: Jón Ólafsson
>
> Kirkjuból: Finnur Eiríksson
>
> Grafargil: Jón Guðmundsson.[769]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Tungu í Valþjófsdal séu þinglesin.[770] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 1.700 kr. Eigendur hennar voru Mosvallahreppur og Vigfús Eiríksson.[771]

Hinn 22. maí 1923 fóru fram landskipti á jörðinni Tungu í Valþjófsdal, en eigendur voru Vigfús Eiríksson að helmingi og Mosvallahreppur að helmingi. Skiptin fóru þannig fram:

> Landamerki aðlyggjandi jarða glögg og greinileg.
>
> 1. Túninu skipt aðeins í 2 hluta. á svonefndu fremra túni, er merki eftir lind, sem liggur úr Langholts lægð niður á móts við vað á Tunguá yfir af bænum, merki á neðra túninu,

764 Skjal nr. 2(77).
765 Skjal nr. 2(82).
766 Skjal nr. 2(80).
767 Skjal nr. 2(351).
768 Skjal nr. 2(499).
769 Skjal nr. 2(23).
770 Skjal nr. 2(105).
771 Skjal nr. 2(105).

> eru úr vestan verðu bæjarhorni, beint eftir laut sem lyggur milli Lambahlaðshóls og Langhóls.
>
> Eign Vigfúsar Eiríkssonar ~~fylgir~~ er sá hlutinn af fremra og neðra túninu, sem snýr að svonefndum Hálsi, en eign Mosvallahrepps, sá hlutinn sem snýr að Grafargili.
>
> Landi sem lyggur að túninu og álitst mögulegt til ræktunar, er skipt þannig: Að eign Vigfúsar Eiríkssonar fylgi stykki fyrir framan tún fram að aurholti; Mýrarstykki ofan til við neðra túnið niður að Hólalæk, ásamt stykki þar fyrir neðan niður með holtunum ofaní skur í Lambahlaðslæk, svo lyggur merkið úr skurðinum beina línu gegnum tvo steina, annan ofan til við Lambahlað, en hinn í Stakkgarðsholti í Hólalæk.
>
> Eign Mosvallahrepps fylgir stykki fyrir neðan túnið niður með ánni í beina línu úr áður nefndum skurði yfir í Þorfinnstaða á, einnig svonefndir Hallar fram með túninu.
>
> Ennfremur rjettur til mótaks að helmingi í 1600 □ metrum í áðurnefndri mýri niður við Hólalæk, meðan endist.
>
> Úti slægjum er skipt þannig: Eign Vigfúsar Eiríksson fylgir svokallaður Efripartur og stykki fyrir neðan skurð þann, ~~s~~ er lyggur í Lambahlaðslæk milli Tunguholta og Þorfinnstaðaáar, niður neðst í buginn fyrir neðan Sjónarholtseyrir, beint í stein í Holtaröndinni.
>
> Eign Mosvallahrepps fylgir svonefndur fremri partur, og alt sem slægt er fyrir neðan Sjónarholtseyrarbug, að landamerkjum Kirkjubóls og Þorfinnstaða. Stykkið fremst við Tunguána, sem öll bæjarhús Fjós hlaða og fleiri hús standa á á samt 2. kálgörðum, er óskipt land, sömuleiðis alt beitarland og þeir slægjublettir sem í því finnast og ekki hafa verið hjer til greindir[772]

5.26 Grafargil í Önundarfirði

Með vitnisburði, dagsettum 23. janúar 1428, vottuðu nokkir menn að Halldór Jónsson handlagði Oddfríði Aradóttur jörðina Mosdal en galt henni Kirkjuból í þau 60 hundruð sem Ari Guðmundsson gaf Oddfríði dóttur sinni til kaups við Halldór Jónsson. Einnig handlagði Halldór dætrum sínum, Valgerði og Ingibjörgu, jarðirnar Þorfinnsstaði, Grafargil og Tungu.[773]

Hinn 30. janúar 1512 vitnaði Jón Þorsteinsson að Grímur Arason og Halla Þorsteinsdóttir hefðu látið Þorstein Sveinsson aftur fá jörðina Grafargil í Valþjófsdal sem hann hafði ánafnað Höllu dóttur sinni. Enn fremur seldi Þorsteinn Halldóri Hákonarsyni Grafargil og Tungu fyrir Eyri í Önundarfirði.[774]

Hinn 18. febrúar 1521 vitnaði Ólafur Jónsson að Þorsteinn Sveinsson og Bergljót Halldórsdóttir hefðu gert gjöf á jörðinni Grafargili til Höllu dóttur þeirra ónýta. Þorsteinn seldi Halldóri Hákonarsyni Grafargil og Tungu í Valþjófsdal fyrir fimm hundruð og 20 álnir í jörðinni Eyri í Önundarfirði fyrir utan skóg sem Halldór hafði gefið kirkjunni á Kirkjubóli í Valþjófsdal.[775]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Grafargil í Valþjófsdal:

---

[772] Skjal nr. 2(45).
[773] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 353–354, skjal nr. 4(92).
[774] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 772–773, skjal nr. 4(94).
[775] *Íslenzkt fornbréfasafn* VIII, bls. 775–777, skjal nr. 4(95).

> **Grafargil** (í Valþjófsdal).
>
> Jarðardýrleiki xii hndr.
>
> Eigendur Þorbjargir Björnsdætur ekkjur Sra. Árna sál. Ámundasonar á Setbergi og Sra. Einars sál. Gíslasonar á Helgafelli, sín að hverri hálfri.
>
> Ábúendur Gils Þorleifsson og Gils Gilsson, sinn á hverri hálfri.
>
> […]
>
> Vetrarhart er hjer framar en almenniliga í sveitinni. Torfrista er svo að segja engin. Engjunum spilla skriður, item gil, sem ber á þær grjót. Högunum spilla hjer og skriður eins og annarsstaðar. Hætt er kvikfjenaði fyrir holgryfjum.
>
> Þessi jörð mætir jafnligum átroðníngi af peníngi frá Þorfinnsstöðum, sem varla getur annarstaðar gengið en í þessarrar jarðar landi, sökum þrönglendis Þorfinnsstaða.
>
> Svörður til eldíngar er hjer mjög lítill og öngvu öðru að brenna úr jörðunni.776
>
> Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Grafargils metinn 12 hundruð en eigendur jarðarinnar voru Jón Jónsson á Hóli og Halldóra Magnúsdóttir í Meðaldal.[777]

Við manntalsþing að Eyri í Skutulsfirði 15. júlí 1820 var þinglesið makaskiptabréf, dagsett 11. mars sama ár, þar sem Jón Bjarnason á Gelti makaskipti sex hundruðum í Skálavík til Johnsens faktors á Ísafirði fyrir sex hundruðum í Grafargili.[778]

Hinn 31. desember 1833 fóru fram makaskipti hvar Jens Jacob Benediktsen á Ísafirði skipti á fimm hundruðum og 80 álnum í Kirkjubóli í Skutulsfirði og sex hundruðum í Grafargili í Valþjófsdal sem voru í eigu Sölva Sveinssonar á Kirkjubóli. Makaskiptabréfið var þinglesið 2. september 1834.[779]

Hinn 31. desember 1833 seldi Jens Jacob Benediktsen sex hundruð í Grafargili í Valþjófsdal til Magnúsar Árnasonar í Tungu. Afsalsbréfið var þinglesið 27. maí 1835.[780]

Við manntalsþingsrétt að Þórustöðum 27. maí 1835 var upplesið makaskiptabréf Sölva Sveinssonar til J. J. Benediktsens kaupmanns fyrir sex hundruðum í Grafargili í Valþjófsdal gegn fimm hundruðum og 80 álnum í Kirkjubóli í Skutulsfirði. Við sama þing var upplesið afsalsbréf J. J. Benediktsens fyrir sex hundruðum í Grafargili fyrir 100 spesíur til Magnúsar Árnasonar í Tungu í Bolungarvík.[781]

Við manntalsþingsrétt að Hóli í Bolungarvík 1. júlí 1839 komu Sigfús Jónsson á Grundarhóli og Ívar Hallgrímsson á Hanhóli, sá fyrrnefndi var tengdasonur Hallgríms Laurentíussonar en Ívar sonur hans, og lýstu yfir óánægju yfir að Hallgrímur hafi gefið Kristínu Jónsdóttur, seinni eiginkonu sinni, í morgungjöf sex hundruð í Grafargili. Sigfús og Ívar mótmæltu gjöfinni og töldu hana ólögmæta enda væru erfingjarnir börn Hallgríms, þau Ívar, Steinunn, Laurentíus, Kristjana, Pálmi, Kári og Ólöf.[782]

---

776 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 98–99, skjal H-12.
777 Skjal nr. 2(68).
778 Skjal nr. 2(387).
779 Skjöl nr. 2(352) og 2(353).
780 Skjal nr. 2(354).
781 Skjal nr. 2(462).
782 Skjal nr. 2(464).

Við manntalsþing að Suðureyri 24. júní 1840 mótmælti Laurentíus Hallgrímsson morgungjöf föður síns Hallgríms Laurentíussonar á Gelti til seinni konu sinnar Kristjönu Jónsdóttur, sex hundruðum í Grafargili. Hann taldi gjöfina ólögmæta án samþykkis myndugra erfingja föður síns.[783]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Grafargil í Önundarfirði metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[784]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Grafargil:

> 4. Grafargil: slægjur og hagagædi eru hjer í betra lagi og mjóg svo litid áfóllum undirorpid.[785]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 384 ríkisbankadali.[786]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Grafargils í Valþjófsdal er dagsett 25. júní 1888 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þórustöðum sama dag. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir Grafargil í Valþjófsdal í Mosvallahreppi.
>
> Milli Grafargils og Þorfinnsstaða er landamerkjasteinn, sem stendur í landamerkjabletti; uppi í hlíðinni liggur merkið beint á brún á fjallinu, og svo aptur beint ofan í ána.
>
> Milli Grafargils og Tungu ræður Langá, sem rennur eptir endilöngum dalnum úr vatni, er liggur fyrir neðan Miðdalsbrekkuna, og svo eptir vestari læknum, sem rennur ofan brekkuna ofan í vatnið.
>
> Grafargil 25. júní 1888.
>
> Umráðamenn jarða þessara:
>
> Grafargil: Jón Guðmundsson
>
> Tunga: Jón Ólafsson
>
> Þorfinnsstaða: Guðm. A. Eiríksson.[787]

Í kaupbréfi dagsettu 24. apríl 1895 kunngjörði Sigurður Briem settur sýslumaður Ísafjarðarsýslu að á uppboði þann 2. febrúar 1895 hafi sex hundruð í Grafargili í Önundarfirði verið seld hæstbjóðanda, Jóni Guðmundssyni á Grafargili.[788]

Hinn 23. júní 1896 afhenti Jón Guðmundsson á Grafargili þrjú hundruð að fornu mati í Grafargili í Önundarfirði til Reinharðs Jónssonar bónda á Grafargili samkvæmt afsalsbréfi.[789]

Við manntalsþing að Þórustöðum 17. júní 1907 var þinglesið afsalsbréf Jóns Guðmundssonar fyrir fimm hundruðum í Grafargili til Reinharðs Jónssonar, fyrir 530 krónur. Afsalið var dagsett 28. september 1905.[790]

---

783 Skjal nr. 2(465).
784 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
785 Skjal nr. 2(77).
786 Skjal nr. 2(82).
787 Skjal nr. 2(24).
788 Skjal nr. 2(355).
789 Skjal nr. 2(356).
790 Skjal nr. 2(472).

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Grafargils séu þinglesin.[791] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 1.100 kr. Eigandi hennar var Reinharður Jónsson.[792]

Hinn 31. júlí 1929 vottaði Jón Jónasson að jörðin Þorfinnsstaðir ætti upprekstrarland í Geldingadal og að jörðin Grafargil ætti skipsuppsátur að Þorfinnsstaðasjó.[793] Það sama kemur fram í vottorði Kristjáns Bjarnasonar frá 4. ágúst 1929, þ.e. að Guðmundur Eiríksson á Þorfinnsstöðum hafi notað Geldingadal til upprekstrar.[794]

Í vitnisburði Guðmundar Eiríkssonar frá 5. ágúst 1929 segir hann að Þorfinnsstaðir hafi átt upprekstrarrétt í Geldingadal. Þá segir að þegar landamerkin hafi verið skrásett árið 1887 hafi umráðamaður Grafargils ekki viljað skrifa undir að Þorfinnsstaðir ættu beit í Geldingadal vegna þess að Grafargil væri hætt að nota skipsuppsátur við Þorfinnsstaðasjó. Nú væri svo komið að beit væru meinuð í Geldingdal frá Þorfinnsstöðum. Guðmundur óskaði því eftir að áreið yrði framkvæmd samkvæmt lögum nr. 41/1919.[795]

Hinn 13. september 1929 vottaði Jón Guðmundsson að jörðin Grafargil hafi átt Geldingadal án þess að Þorfinnsstaðir hefðu þar nokkur ítök.[796]

Hinn 14. september 1929 var við landamerkjadóm tekinn fyrir ágreiningur um ítak sem Guðmundur Eiríksson hreppstjóri taldi að Þorfinnsstaðir ættu í landi Grafargils í Geldingadal. Guðmundur sagði Þorfinnsstaði eiga þar rétt til grasatekju og upprekstur en Hallgrímur Guðmundsson, umráðamaður Grafargils, mótmælti og taldi slíkt ekki hafa verið notað frá Þorfinsstöðum fyrr en árið 1921. Sátta var leitað, sem reyndist árangurslaust og þá voru útnefndir menn í landamerkjadóm. Í framhaldinu var gerð áreið á svæðið. Loks voru skjöl lögð fram og málið lagt upp til dóms.[797] Dæmt var í málinu 14. september 1929. Í dóminum kemur fram að sækjandi hafi ekki fært neinar sönnur á að nefnt ítak hafi frá fornu fylgt Þorfinnsstöðum og heldur ekki að það hafi verið notað óslitið í 40 ár. Því var Hallgrímur sýknaður af kröfum Guðmundar.[798]

5.27 Þorfinnsstaðir í Önundarfirði

Hinn 27. maí 1420 gaf Ari Guðmundsson Oddfríði Aradóttur til kaups við Halldór Jónsson hálfan Valþjófsdal, 60 hundruð að dýrleika, en hálfan hafði hann selt Halldóri Jónssyni og tekið á móti jörðina Álfadal og jörðina Vífilsmýrar. Jarðirnar í Valþjófsdal eru ekki nafngreindar í bréfinu.[799]

[791] Skjal nr. 2(106).
[792] Skjal nr. 2(106).
[793] Skjal nr. 2(214).
[794] Skjal nr. 2(215).
[795] Skjal nr. 2(216).
[796] Skjal nr. 2(217).
[797] Skjal nr. 2(476).
[798] Skjal nr. 2(477).
[799] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 278–279, skjal nr. 4(91).

Með vitnisburði, dagsettum 23. janúar 1428, vottuðu nokkir menn að Halldór Jónsson handlagði Oddfríði Aradóttur jörðina Mosdal en galt henni Kirkjuból í þau 60 hundruð sem Ari Guðmundsson gaf Oddfríði dóttur sinni til kaups við Halldór Jónsson. Einnig handlagði Halldór dætrum sínum, Valgerði og Ingibjörgu, jarðirnar Þorfinnsstaði, Grafargil og Tungu.[800]

Hinn 12. febrúar 1676 greindi Gissur Sveinsson, bróðir Brynjólfs biskups Sveinssonar, frá jarðagóssi sínum og fasteignakaupum. Eftir foreldra sína fékk hann meðal annars Arnarnúp, Nauteyri, Botn í Dýrafirði og hálft fimmta hundrað í Gljúfurá. Í arf eftir bróður sinn, Magnús sál. Gissurarson, fékk hann Hrafnabjörg, tólf hundruð, og keypti meðal annars átta eða níu hundruð í Klukkulandi af Magnúsi sál. Jónssyni fyrir sex hundruð í Svarfhóli og þrjú hundruð í lausafé, en þennan part í Svarfhóli átti Margrét Jónsdóttir, kona Gissurar. Þann átta hundruða part í Klukkulandi, sem Gissur meðtók vegna Margrétar, fékk hann meistara Brynjólfi. Þegar sr. Jón Jónsson giftist Halldóru Jónsdóttur gaf Gissur honum hálft níunda hundrað í Gljúfurá. Nauteyri seldi Gissur Bjarna Sigurðssyni fyrir Hofsstaði í Þorskafirði. Brynjólfur Sveinsson fékk meðal annars í fasteign Þorfinnsstaði. Í arf eftir Magnús Gissurarson fékk Brynjólfur Selvoga.[801]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Þorfinnsstaði í Önundarfirði:

> **Þorfinnsstader** (í Valþjófsdal).
>
> Jarðardýrleiki xxiiii hndr.
>
> Eigendur sömu sem að Grafargili.
>
> Ábúendur Guðmundur Gilsson og Ámundi Sigvatsson, sinn á hverri hálfri.
>
> […]
>
> Land þessarrar jarðar liggur til sjóar, en ekki rekur hjer, því það er inn í firði.
>
> Þessi jörð er ærið hagaþröng og kynni ekki að byggjast, ef hún nyti ei Grafargils lands.
>
> Hætt er bænum fyrir snjóflóði, og hefur einu sinni háskalega áhlaupið, en ekki verður bærinn vel færður. Snjóskriður með aur og grjóti falla á túnið. Engjunum spilla grjótskriður og snjóflóð, sem bera á aur, og eru engjarnar hjer af stórum spiltar. Hagarnir þeir litlir sem voru spillast árlega af skriðum, og er mjög lítið eftir orðið.
>
> Torfristu á jörðin svo að segja enga. Útræði getur hjer ekki vel verið, allra síst á vetur, því brimsamt er og ilt að vakta skip frá skaða. Svörður til eldiviðar er hjer lítill.[802]

Við manntalsþing að Mosvöllum 14. apríl 1725 var þinglesið kaupbréf, dagsett 23. september 1724, þar sem sýslumaðurinn Ormur Daðason fékk sr. Teiti Pálssyni 10 hundruð í jörðinni Þorfinsstöðum.[803]

Við manntalsþing að Mýrum 29. apríl 1727 var þinglesið kaupbréf fyrir jörðunum Innri-Lambadal og Þorfinnsstaði. Ormur Daðason sýslumaður fékk Þorvaldi Jónssyni

[800] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 353–354, skjal nr. 4(92).
[801] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 169–170, skjal H-18.
[802] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 99–100, skjal H-12.
[803] Skjal nr. 2(456).

10 hundruð í Innri-Lambadal. Á móti fékk Ormur frá Þorvaldi 10 hundruð í Þorfinnsstöðum.[804]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Þorfinnsstaða metinn 24 hundruð en eigendur jarðarinnar voru systurnar Gróa og Kristín Snæbjörnsdætur og Bjarni Þorvarðsson á Brekku.[805]

Við manntalsþing að Suðureyri 6. júlí 1807 var þinglesið afsalsbréf, dagsett 30. mars 1807, þar sem Brynjólfur Hákonarson á Eyri seldi Jóni Bjarnasyni á Gelti átta hundruð í Þorfinnsstöðum fyrir 96 ríkisdali.[806]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Þorfinnsstaðir í Önundarfirði metin 24 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[807]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Þorfinnsstaði:

> 2. Þorfinnstadir: þar eru áfóll hvervetna er yfirvofa svo mjóg ad jórd sú er med hinum lókustu, eru þar slægiur íllar og hagbeit nærsta lítil og ad óllu er jórd þessi fánýtleg.[808]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 336 ríkisbankadali.[809]

Með kaupbréfi dagsettu 16. ágúst 1880 seldi Guðmundur Sturluson þrjú hundruð og 36 álnir að nýju mati í Þorfinnsstöðum til Guðmundar Á. Eiríkssonar.[810]

Með kaupbréfi dagsettu 22. mars 1881 seldi Guðmundur Guðmundsson á Sæbóli tvö hundruð og 30 álnir í Þorfinnsstöðum til Guðmundar Á. Eiríkssonar.[811]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Þorfinnsstaða í Önundarfirði er dagsett í maí 1887 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þórustöðum 21. júní sama ár. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Þorfinnsstöðum í Mosvallahrepp innan Ísafjarðarsýslu. Landamerki milli Þorfinnsstaða og Kirkjubóls eru eptir ánni að Búðarlæk, eptir honum að brúnni og þaðan eptir veginum heim að brúnni milli bæjanna. Merki milli Þorfinnsstaða og Tungu eru eptir ánni, og merki milli Þorfinnsstaða og Grafargils er úr Landamerkjasteini og beint ofan í á. Merki milli Þorfinnsstaða og Hjarðardals er í Einhamar.
>
> Þorfinnsstöðum, í Maí 1887
>
> Umráðamenn jarða þessara.
>
> Þorfinnsstaða: Guðm. A. Eiríksson
>
> Grafargils Jón Guðmundss.
>
> Tungu J. Ólafss.
>
> Kirkjubóls Finnur Eiríksson
>
> Hjarðardals Arngr Jónsson.[812]

---

804 Skjal nr. 2(457).
805 Skjal nr. 2(69).
806 Skjal nr. 2(458).
807 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
808 Skjal nr. 2(78).
809 Skjal nr. 2(82).
810 Skjal nr. 2(357).
811 Skjal nr. 2(358).
812 Skjal nr. 2(25).

Hinn 7. júlí 1906 seldi Elínborg Jónsdóttir ekkja á Ísafirði 5,55 hundruð að nýju mati í Þorfinnsstöðum til Guðmundar Á. Eiríkssonar. Afsalsbréfið var þinglesið 17. júní 1907.[813]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir eftirfarandi um Þorfinnsstaði:

> Þorfinnstaðir í Valþjófsdal
>
> Landamerki. Milli Hjarðardals ytri „leinhamar“ milli Grafargils Merkjasteinn, milli Tungu og Þorfinnstaða, „Dalsá“ milli Kirkjubóls „vegurinn að búðarlæk.[814]

Í undirmati II segir að landamerki jarðarinnar séu að ofan gagnvart Grafargili Merkjasteinn, gagnvart Tungu sé það Dalsá, gagnvart Kirkjubóli sé það vegurinn að Búðarlæk og þaðan Dalsá til sjávar og milli Þorfinnsstaða og Hjarðardals sé það Einhamar. Jörðin var metin á 3.400 kr. Eigandi hennar var Guðmundur Á. Eiríksson.[815]

Við manntalsþing að Þórustöðum 8. júlí 1925 var þinglesið gjafabréf Guðmundar A. Eiríkssonar og eiginkonu hans til barna þeirra fyrir hálfri jörðinni Þorfinnsstöðum, fyrir 2.400 krónur. Bréfið var dagsett 15. júlí 1924.[816]

Hinn 31. júlí 1929 vottaði Jón Jónasson að jörðin Þorfinnsstaðir ætti upprekstrarland í Geldingadal og að jörðin Grafargil ætti skipsuppsátur að Þorfinnsstaðasjó.[817] Það sama kemur fram í vottorði Kristjáns Bjarnasonar frá 4. ágúst 1929, þ.e. að Guðmundur Eiríksson á Þorfinnsstöðum hafi notað Geldingadal til upprekstrar.[818]

Í vitnisburði Guðmundar Eiríkssonar frá 5. ágúst 1929 segir hann að Þorfinnsstaðir hafi átt upprekstrarrétt í Geldingadal. Þá segir að þegar landamerkin hafi verið skrásett árið 1887 hafi umráðamaður Grafargils ekki viljað skrifa undir að Þorfinnsstaðir ættu beit í Geldingadal vegna þess að Grafargil væri hætt að nota skipsuppsátur við Þorfinnsstaðasjó. Nú væri svo komið að beit væru meinuð í Geldingdal frá Þorfinnsstöðum. Guðmundur óskaði því eftir að áreið yrði framkvæmd samkvæmt lögum nr. 41/1919.[819]

Hinn 13. september 1929 vottaði Jón Guðmundsson að jörðin Grafargil hafi átt Geldingadal án þess að Þorfinnsstaðir hefðu þar nokkur ítök.[820]

Hinn 14. september 1929 var við landamerkjadóm tekinn fyrir ágreiningur um ítak sem Guðmundur Eiríksson hreppstjóri taldi að Þorfinnsstaðir ættu í landi Grafargils í Geldingadal. Guðmundur sagði Þorfinnsstaði eiga þar rétt til grasatekju og upprekstrs en Hallgrímur Guðmundsson, umráðamaður Grafargils, mótmælti og taldi slíkt ekki hafa verið notað frá Þorfinsstöðum fyrr en árið 1921. Sátta var leitað, sem reyndist árangurslaust og þá voru útnefndir menn í landamerkjadóm. Í framhaldinu var gerð

[813] Skjal nr. 2(359).
[814] Skjal nr. 2(107).
[815] Skjal nr. 2(107).
[816] Skjal nr. 2(474).
[817] Skjal nr. 2(214).
[818] Skjal nr. 2(215).
[819] Skjal nr. 2(216).
[820] Skjal nr. 2(217).

áreið á svæðið. Loks voru skjöl lögð fram og málið lagt upp til dóms.[821] Dæmt var í málinu 14. september 1929. Í dóminum kemur fram að sækjandi hafi ekki fært neinar sönnur á að nefnt ítak hafi frá fornu fylgt Þorfinnsstöðum og heldur ekki að það hafi verið notað óslitið í 40 ár. Því var Hallgrímur sýknaður af kröfum Guðmundar.[822]

5.28 Ytri-Hjarðardalur í Önundarfirði

Hinn 11. desember 1473 vitnaði Teitur Magnússon um að Magnús Hallsson hafði búið á Ytri-Hjarðardal. Magnús hafði látið son sinn Hall fá 16 hundruð og 20 álnir í jörðinni. Eftir að Magnús lést fékk Hallur í óskiptum arfi 12 hundruð í sömu jörð. Systkinin Hallur, Gísli, Þórður, Herdís, Jórunn og Ólöf fengu jafnan arf af fjórum hundruðum og 20 álnum í jörðinni. Enn fremur eignaðist Hallur átta hundruð og 40 álnir að auki í sömu jörð í móðurarf.[823]

Hinn 7. janúar 1474 vitnaði Kolbeinn Sigurðsson um að Magnús Hallsson hafði búið á Ytri-Hjarðardal. Magnús hafði látið son sinn Hall fá hálfa jörðina í móðurarf, þannig að eftir voru 12 hundruð í fasteign. Hallur tók 12 hundruð að óskiptum arfi eftir föður sinn látinn en hann og systkini hans Gísli, Þórður, Herdís, Jórunn og Ólöf erfðu öll jafnan arf. Enn fremur hafði Hallur rýmt jörðina fyrir Guðmundi Arasyni.[824]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Ytri-Hjarðardal í Önundarfirði:

> **Hiardardalur ytre** eður **stærre.**
>
> Jarðardýrleiki er næsta óviss. Menn kalla almenniliga jörðina fern xvii hndr., hvað eð til samans gjörir lxviii hndr., og svo tíundast jörðin, en ef menn bera dýrleikann saman við afgiftina eftir þeim hætti, sem í sveitinni er, þá vildi hún verða miklu ódýrri.
>
> Eigandinn er kóngleg Majestat, og fylgir þessi jörð þeim kóngsjörðum í Arnarfirði og Dýrafirði, sem Ari Þorkelsson hefur í forleníngu.
>
> Ábúendur Sigurður Björnsson, Bjarni Jónsson, Sigmundur Sigmundsson og Jórunn Jónsdóttir, sinn á hverjum fjórðúngi eður svo kölluðum xvii hndr.
>
> Landskuld hefur fyrir 80 árum ver<ið> ii hndr. í fríðu, sem tveir trúverðugir menn, Gils Þorleifsson og Jón Lífgjarnsson, segja eftir sögn foreldra sinna. Eftir þann tíma hljóp stór skriða á túnið, hverrar merki enn nú sjer ljóslega. Eru sagnir að þá hafi landskuldin verið aftur færð, en ekki vita menn grant um hvaða tíð þetta hafi verið.
>
> […]
>
> Reki er hjer ekki, því þetta er innarlega í firði. Hrognkelsaveiði hefur lítil verið í gamallri tíð, er nú engin. Útigángur er hjer betri en almenniliga, þá vetur svo leggjast. Torfrista er mjög slæm.
>
> Túninu hefur í gamalli tíð stór skriða merkiliga spilt sem áður er sagt, og fellur enn nú jafnliga í sama stað og hefur eyðilagt nærri þriðjúng túnsins. Hjarðardalsá hefur og stórum spilt einum hluta túnsins. Sama á rennur á engjarnar og hefur brotið þær og borið á grjót og aur. Skriður falla og á engjarnar annarsvegar. Hagarnir spillast og árliga af skriðum og fara stórum til þurðar. Sandur úr Holtsmelum hefur enn nú ekki neinn

[821] Skjal nr. 2(476).
[822] Skjal nr. 2(477).
[823] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 727–728, skjal nr. 4(96).
[824] *Íslenzkt fornbréfasafn* V, bls. 730, skjal nr. 4(97).

> merkiligan skaða gjört þessarri jörðu, en uggandi er, að með framtíðinni muni hann mikinn skaða gjöra.
>
> […]
>
> Heimræði hefur hjer stundum brúkast á sumar og haust, en um vorvertíðina getur það ekki skeð sökum lángræðis. Er hjer þó bæði lendíng og skipsuppsátur gott.[825]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Ytri-Hjarðardals metinn 68 hundruð en eigendur jarðarinnar voru systurnar Gróa og Kristín Snæbjörnsdætur og Bjarni Þorvarðsson á Brekku.[826]

Hinn 9. febrúar 1809 skrifaði Brynjólfur Hákonarson til biskups um að fá makaskipt Stærri-Hjarðardal, 68 hundruð að dýrleika, fyrir Brekku á Ingjaldssandi, 48 hundruð að dýrleika. Aftan við bréfið er skráð að sr. Helgi Einarsson prófastur sjái nefndum makaskiptum ekkert til fyrirstöðu, en einnig er skráð að sr. Hákon Jónsson á Eyri í Skutulsfirði mótmæli skiptunum.[827] Sr. Hákon skrifaði til biskups 19. september 1810 um að hann muni ekki taka makaskiptum Eyrarkirkju á jörðinni Brekku á Ingjaldssandi annars vegar og jörðinni Hjarðardal hins vegar.[828]

Á fundi sáttanefndar Mosvallahreppsumdæmis var hinn 8. september 1837 tekinn fyrir ágreiningur milli Ebens Thorsteinsens sýslumanns á Ytri-Hjarðardal og Jóns Örnólfssonar á Innri-Hjarðardal þar sem hinn síðarnefndi var kærður fyrir að hafa slegið engi Ytri-Hjarðardals. Sátt náðist milli aðila, meðal annars þannig að Jón lofaði að ljá Eben hálfa svokallað Görn á eðan þeir væru nágrannar.[829]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Ytri-Hjarðardalur í Önundarfirði metin 68 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[830]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Ytri-Hjarðardal:

> 3. Hjardardalur ÿtri: skrida háskasamleg hefur á sídarstlidnum vetri geisilega spilt jórd þessari, er feíkilega hátt er metin ad fornu, er þar og beítiland og hefur æ verið mjóg þraungt og ónýtt.[831]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 748 ríkisbankadali.[832] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Ytri-Hjarðardal breytt í 700 ríkisbankadali.[833]

Með kaupbréfi dagsettu 23. september 1858 seldi Guðrún Þórðardóttir Thorsteinssen 68 hundruð í Hjarðardal til Jóns Gíslasonar skipherra á Vöðlum. Kaupbréfið var þinglesið 12. júlí 1859.[834]

---

825 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 100–101, skjal H-12.
826 Skjal nr. 2(70).
827 Skjal nr. 2(470).
828 Skjal nr. 2(471).
829 Skjal nr. 2(218).
830 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
831 Skjal nr. 2(78).
832 Skjal nr. 2(82).
833 Skjal nr. 2(80).
834 Skjal nr. 2(360).

Hinn 23. september 1858 gaf Jón Gíslason, fyrrum skipherra á Söndum syni sínum, Jóni Jónssyni úrsmið í Fredensborg á Sjálandi, 11 hundruð og 66 álnir í Hjarðardal. Gjafabréfið var þinglesið 10. ágúst 1874.[835]

Við manntalsþing að Þórustöðum 12. júlí 1859 var þinglesið kaupbréf, dagsett 23. september 1858, þar sem Jón Gíslason keypti 68 hundruð í Hjarðardal frá G. Th. Thorsteinsen fyrir 1.600 ríkisdali.[836]

Hinn 30. júní 1873 gaf Jón Gíslason fyrrum skipherra á Söndum í Dýrafirði sonardóttur sinni Ólavíu Guðrúnu Gísladóttur þrjú hundruð og 102 álnir að nýju mati í Ytri-Hjarðardal.[837]

Hinn 30. júní 1873 gaf Jón Gíslason fyrrum skipherra á Söndum í Dýrafirði sonarsyni sínum Gísla Gíslasyni á Söndum þrjú hundruð og 102 álnir að nýju mati í Ytri-Hjarðardal.[838]

Hinn 30. júní 1873 gaf Jón Gíslason fyrrum skipherra á Söndum í Dýrafirði sonarsyni sínum Jóni Gíslasyni á Söndum þrjú hundruð og 102 álnir að nýju mati í Ytri-Hjarðardal.[839]

Með kaupbréfi dagsettu 28. maí 1887 seldi Jón Gíslason á Brekku fimm hundruð og 93 álnir í Hjarðardal til Arngríms Jónssonar í Hjarðardal. Kaupbréfið var þinglesið 21. júní 1887.[840]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Ytri-Hjarðardals er dagsett 15. nóvember 1889 en hún var innkomin til þinglesturs 16. janúar 1890. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá fyrir Hjarðardal ytri.
>
> Landamerki milli Hjarðardals og Þorfinnsstaða er í Einhamar, og milli Hjarðardals ytri og Hjarðardals innri: Hjarðardalsá aðskilur landamæri milli Hjarðardalanna úr dalbotni og heim í hraunafót milli túnanna; þaðan liggur merki úr steini yfir ána, og í annan stein neðan til við ána; þaðan beint ofan í lind, sem Görn heitir; svo liggur merki út með henni út í skarð, sem er í Kambinum; úr skarðinu beint niður að ánni, svo eptir ánni til sjávar.
>
> Hjarðardal 15. nóv. 1889.
>
> Arngrímur Vídalín Jónsson
>
> Guðrún Jónsdóttir á Þórustöðum.
>
> Guðm. A. Eiríksson á Þorfinnsstöðum
>
> Ebenezer Sturluson á Hjarðardal innri
>
> Andrés Hákonarson á Hjarðardal innri.[841]

[835] Skjal nr. 2(361).
[836] Skjal nr. 2(478).
[837] Skjal nr. 2(362).
[838] Skjal nr. 2(363).
[839] Skjal nr. 2(364).
[840] Skjal nr. 2(365).
[841] Skjal nr. 2(26).

Með kaupbréfi dagsettu 4. nóvember 1890 seldi Jón Jónsson úrsmiður í Fredensborg ellefu hundruð og 66 álnir að nýju mati í Ytri-Hjarðardal til Arngríms Vídalíns Jónssonar í Hjarðardal. Kaupbréfið var þinglesið 2. júní 1891.[842]

Hinn 11. júní 1900 seldi Arngrímur Jónsson Vídalín í Ytri-Hjarðardal 19 hundruð og 32 álnir að nýju mati Ytri-Hjarðardal til Árna Sveinssonar kaupmanns á Ísafirði. Afsalsbréfið var þinglesið 11. júní 1901.[843]

Hinn 15. ágúst 1900 gaf Árni Sveinsson kaupmaður á Ísafirði börnum sínum, Ragnari, Láru, Nicolínu, Brynjólfi og Árna, 19 hundruð og 32 álnir að nýju mati í Ytri-Hjarðardal. Gjafabréfið var þinglesið 11. júní 1901.[844]

Hinn 12. júlí 1906 seldi Árni Sveinsson kaupmaður á Ísafirði, fyrir hönd barna sinna, 56 hundruð og 100 álnir að fornu mati í Ytri-Hjarðardal til Guðmundar Bjarnasonar bónda í Hjarðadal. Afsalsbréfið var þinglesið 17. júní 1907.[845]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Ytri-Hjarðardals séu þinglesin.[846] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 4.500 kr. Eigendur hennar voru Sæmundur Jóhannesson og Kristján Jóhannesson.[847]

Með bréfi, dagsettu 16. júlí 1921, óskaði Kristján Bjarnason eftir því að sýslumaður gerði áreið á landamerki Innri- og Ytri-Hjarðardals þar sem ágreiningur væri um þau vegna þess að landamerkjabréf jarðanna, sem þinglesin voru 1888 og 1890, væru ekki samhljóða.[848]

Við landamerkjadóm 21. september 1922 var tekinn fyrir ágreiningur um landamerki jarðanna Ytri- og Innri-Hjarðardals. Sátt náðist um landamerkin eins og segir í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu:

> Málsaðilar urðu ásáttir um að landamerki tjeðrar jarða sjeu þannig: Úr dalbotni eftir ánni heim í Hraunafót; þaðan bein lína niður í Görn, svo liggja merki út með Görn út í skarð í kambinn við ytri Garnarenda. Úr skarðinu beint að Hjarðardalsá, þaðan eftir ánni þangað til hún sker línu, sem myndast af tveim staurum, inní Hjarðardalslandi beint í sjó. Merki þessi skulu sett þannig að kamburinn norðanvert við ~~ánna~~, ána skal skift eftir hundraðahæð beggja jarða eftir fornu mati, og ber við skiftin að telja að kamburinn byrji þar sem áin fjell til sjávar áður en hún breytti farveg veturinn 1918 út að árkrók neðan við vað sem er þar í ánni nú.
>
> Framangreind merki skuldbinda sig til að kosta í sameiningu og hafa sett niður úr járnpípum fyrir lok þessa mánaðar.
>
> Ennfremur skuldbinda jarðeigendur sig til að greiða að hálfu kostnað við mál þetta sem sje, ferðakostnað dómara og rjéttargjöld þar á meðal kostnað við birtingu stefnu.
>
> Upplesið játað rjett bókað.

[842] Skjal nr. 2(366).
[843] Skjal nr. 2(367).
[844] Skjal nr. 2(368).
[845] Skjal nr. 2(369).
[846] Skjal nr. 2(108).
[847] Skjal nr. 2(108).
[848] Skjal nr. 2(231).

Frekara eigi fyrirtekið. Rjetti slitið

Oddur Gíslason

Guðm. Gilsson Kristján Jóhannesson

Vottar: Páll Stephensen Stefán Pálsson

Rjetta útskrift staðfestir: Oddur Gíslason.[849]

Við manntalsþing að Flateyri 6. júlí 1923 var þinglesin landamerkjaskrá Innri-Hjarðardals og Ytri-Hjarðardals. Hún var skráð samkvæmt sætt gerðri fyrir landamerkjadómi 21. september 1922.[850]

5.29 Innri-Hjarðardalur í Önundarfirði

Hinn 16. mars 1679 skipti Þorleifur Sveinsson fasteign sinni milli barna sinna og dótturbarna. Sr. Björn Þorleifsson fékk, að Þorleifi látnum, Hjarðardal stærri, 20 hundruð. Páll fékk Innri-Hjarðardal, 18 hundruð að dýrleika og þar til tvö hundruð í Tröð í Önundarfirði. Börn Þórunnar sálugu Þorleifsdóttur fengu 10 hundruð í Gemlufalli, en þrjú hundruð í Ytri-Veðrará ánafnaði Þorleifur konu sinni, Valgerði Tumadóttur. Þrjú hundruð í Tröð hafði áður fengið Guðrún Jörundsdóttir eftir sinn sáluga eiginmann. Þá stóðu eftir óskipt tvö hundruð í Gemlufalli. Björn Þorleifsson lýsti sig samþykkan þessari skiptingu í bréfi 18. júní 1682 að því tilskildu að hann fengi tvö hundruð í Gemlufalli ofan á sinn hluta.[851]

Hinn 25. október 1693 keyptu sr. Björn Þorleifsson og Torfi Magnússon lögréttumaður í umboði Ástríðar Jónsdóttur, Innri-Hjarðardal, 18 hundruð, eign sr. Björns og 18 hundruð í Haukdal sem var eign Ástríðar. Sr. Björn tilskildi að Ástríður gæfi 20 ríkisdali í milligjöf, því að Innri-Hjarðardalur (18 hundruð) væri jörð út af fyrir sig en 18 hundruð í Haukadal væri hluti af 60 hundruðum í jörðinni.[852]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Innri-Hjarðardal í Önundarfirði:

Hiardardalur innre.

Jarðardýrleiki xviii hndr.

Eigandinn Ástríður Jónsdóttir á Mýrum við Dýrafjörð.

Ábúendur Jón Ketilsson og Guðlaug Jónsdóttir, hvert á hálfri.

[…]

Torfrista og stúnga lök og lítt nýtandi. Móskurður hefur verið, en er nú þrotinn.

Túninu hafa skriður spilt, og er sýnilegt að muni áaukast. Enginu grandar Hjarðardalsá með grjótsáburði, item sandfok úr Holtsmelum, hverttveggja til stórs skaða. Ekki er bænum öldúngis óhætt fyrir Hjarðardalsá, og hefur hún einu sinni inn í bæinn hlaupið, en þó engan merkiligan skaða gjört. Heimræði hefur hjer brúkast stundum á sumrin og

[849] Skjöl nr. 2(27) og 2(479).
[850] Skjal nr. 2(480).
[851] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 170, skjal H-18.
[852] *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 159, skjal H-18.

> lendíng góð, en skipsuppsátur slæmt og því brúkast þetta heimræði lítt með því lángræði er mikið.[853]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Innri-Hjarðardals metinn 18 hundruð en eigandi jarðarinnar var Guðmundur Bárðarson í Arnardal.[854]

Á fundi sáttanefndar Mosvallahreppsumdæmis var hinn 8. september 1837 tekinn fyrir ágreiningur milli Ebens Thorsteinsens sýslumanns á Ytri-Hjarðardal og Jóns Örnólfssonar á Innri-Hjarðardal þar sem hinn síðarnefndi var kærður fyrir að hafa slegið engi Ytri-Hjarðardals. Sátt náðist milli aðila, meðal annars þannig að Jón lofaði að ljá Eben hálfa svokallað Görn á eðan þeir væru nágrannar.[855]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Innri-Hjarðardalur í Önundarfirði metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[856]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Innri-Hjarðardal:

> 4. Hjardardalur innri; þad er víst ad slægjur eru hjer gódar nærsta en árensli á tún hamlar því ad jórdin nær ekki fyllilega medallagi.[857]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 378 ríkisbankadali.[858]

Með kaupbréfi dagsettu 23. september 1858 seldi Guðrún Þórðardóttir Thorsteinssen 68 hundruð í Hjarðardal til Jóns Gíslasonar skipherra á Vöðlum. Kaupbréfið var þinglesið 12. júlí 1859.[859]

Hinn 23. september 1858 gaf Jón Gíslason, fyrrum skipherra á Söndum syni sínum, Jóni Jónssyni úrsmið í Fredensborg á Sjálandi, 11 hundruð og 66 álnir í Hjarðardal. Gjafabréfið var þinglesið 10. ágúst 1874.[860]

Við manntalsþing að Þórustöðum 12. júlí 1859 var þinglesið kaupbréf, dagsett 23. september 1858, þar sem Jón Gíslason keypti 68 hundruð í Hjarðardal frá G. Th. Thorsteinsen fyrir 1.600 ríkisdali.[861]

Með kaupbréfi dagsettu 28. maí 1887 seldi Jón Gíslason á Brekku fimm hundruð og 93 álnir í Hjarðardal til Arngríms Jónssonar í Hjarðardal. Kaupbréfið var þinglesið 21. júní 1887.[862]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Innri-Hjarðardals er dagsett 27. maí 1890 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þórustöðum sama dag. Efni hennar er svohljóðandi:

> Skrá yfir landamerki Innra Hjarðardals í Ønundarfirði
>
> Milli Innra Hjarðardals og Þórustaða eru mekin eptir hálsröndinni ofan í Orminn, síðan eptir Djúpapytt til sjóar, Hjarðardalur á svonefnda Faxaála í Þórustaðalandi.

---

853 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 101–102, skjal H-12.
854 Skjal nr. 2(71).
855 Skjal nr. 2(218).
856 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
857 Skjal nr. 2(78).
858 Skjal nr. 2(82).
859 Skjal nr. 2(360).
860 Skjal nr. 2(361).
861 Skjal nr. 2(478).
862 Skjal nr. 2(365).

> Milli Innra Hjarðardals og Ytra Hjarðardals eru merkin úr Torfahorni og ofan eptir í Hraunafót úr Hraunafæti beint í Görn sem öll heyrir til Innri Hjarðardal, og úr Garnarenda beint í sjó.
>
> Þórustöðum 27 maí 1890
>
> Guðrún Jónsdóttir Arngr. Jónsson.
>
> Landamerkjaskrá þessa samþykkir Janus Jónsson.[863]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Innri-Hjarðardals séu þinglesin.[864] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 2.500 kr. Eigandi hennar var Kristján Bjarnason.[865]

Með bréfi, dagsettu 16. júlí 1921, óskaði Kristján Bjarnason eftir því að sýslumaður gerði áreið á landamerki Innri- og Ytri-Hjarðardals þar sem ágreiningur væri um þau vegna þess að landamerkjabréf jarðanna, sem þinglesin voru 1888 og 1890, væru ekki samhljóða.[866]

Við landamerkjadóm 21. september 1922 var tekinn fyrir ágreiningur um landamerki jarðanna Ytri- og Innri-Hjarðardals. Sátt náðist um landamerkin eins og segir í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu:

> Málsaðilar urðu ásáttir um að landamerki tjeðrar jarða sjeu þannig: Úr dalbotni eftir ánni heim í Hraunafót; þaðan bein lína niður í Görn, svo liggja merki út með Görn út í skarð í kambinn við ytri Garnarenda. Úr skarðinu beint að Hjarðardalsá, þaðan eftir ánni þangað til hún sker línu, sem myndast af tveim staurum, inní Hjarðardalslandi beint í sjó. Merki þessi skulu sett þannig að kamburinn norðanvert við ~~ánna~~, ána skal skift eftir hundraðahæð beggja jarða eftir fornu mati, og ber við skiftin að telja að kamburinn byrji þar sem áin fjell til sjávar áður en hún breytti farveg veturinn 1918 út að árkrók neðan við vað sem er þar í ánni nú.
>
> Framangreind merki skuldbinda sig til að kosta í sameiningu og hafa sett niður úr járnpípum fyrir lok þessa mánaðar.
>
> Ennfremur skuldbinda jarðeigendur sig til að greiða að hálfu kostnað við mál þetta sem sje, ferðakostnað dómara og rjéttargjöld þar á meðal kostnað við birtingu stefnu.
>
> Upplesið játað rjett bókað.
>
> Frekara eigi fyrirtekið. Rjetti slitið
>
> Oddur Gíslason
>
> Guðm. Gilsson Kristján Jóhannesson
>
> Vottar: Páll Stephensen Stefán Pálsson
>
> Rjetta útskrift staðfestir: Oddur Gíslason.[867]

Við manntalsþing að Flateyri 6. júlí 1923 var þinglesin landamerkjaskrá Innri-Hjarðardals og Ytri-Hjarðardals. Hún var skráð samkvæmt sætt gerðri fyrir landamerkjadómi 21. september 1922.[868]

---

863 Skjal nr. 2(28).
864 Skjal nr. 2(109).
865 Skjal nr. 2(109).
866 Skjal nr. 2(231).
867 Skjöl nr. 2(27) og 2(479).
868 Skjal nr. 2(480).

5.30 Þórustaðir í Önundarfirði

Í máldaga Laurentíusarkirkju í Holti í Önundarfirði, er Oddgeir biskup Þorsteinsson setti um 1377, segir að meðal eigna hennar var jörðin Þórólfsstaðir, þ.e. Þórustaðir.[869] Sömu upplýsingar koma fram í öðrum máldögum kirkjunnar og prófastsvísitasíum frá 12. júní 1685 og 23. maí 1731.[870]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Þórustaði í Önundarfirði:

> **Þórustader** edur **Þórólfsstader.**
>
> Að fornu bygð í heimalandi Holtsstaðar, og var þá hjáleiga og tíundaðist engum, hefur og engin hýsíng verið á þessarri jörðu inn til næstu 3ja ára, síðan hefur hjer verið hýst svo sem á hverju öðru lögbýli í sveitinni.
>
> Jarðardýrleiki vi hndr., og svo tíundast presti og fátækum í næstu 14 ár.
>
> Eigandinn er Holtsstaður ut supra.
>
> Ábúendur Einar og Ólafur Jónssyni bræður, sinn á hverri hálfri.
>
> […]
>
> Kvaðir eru skipsáróður á Kálfeyri um vertíð, mannslán í kaupstaðarferð annaðhvert ár eitt sinn á sumri, sje á skipi farið, annars geldst hjer ekki fyrir. Sitt af hverjum ábúanda.
>
> […]
>
> Útigángur er mjög lítill, og er rosknu fje burtu komið á vetur. Torfrista og stúnga nægilig. Svörður brúkast til eldíngar með klíníngi.
>
> Túninu grandar sandfok til stórs skaða úr Holtsmelum. Enginu spilla skriður og hafa mikinn part eyðilagt. Hætt er kvikfje fyrir afætudýjum, pyttum og lækjum.[871]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Þórustaða í Önundarfirði metinn 12 hundruð en jörðin var eign Holtskirkju.[872]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Þórólfsstaðir (Þórustaðir) í Önundarfirði metin fjögur hundruð að dýrleika og skráð sem Holtskirkjueign. Í neðanmálsgrein kemur fram að Árni Magnússon og sýslumaður hafi talið jörðina vera sex hundruð að dýrleika.[873]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Þórustaði:

> 5. Þórustadir: tún gott og slægiur eigi all litlar. því jord þessi er ad fornu harla lítils metin.[874]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 240 ríkisbankadali.[875] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var tekin fyrir umkvörtun frá prestinum

---

[869] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 324–325, skjal nr. 4(119).
[870] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 141–142, skjal nr. 4(120); *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 572–574, skjal nr. 4(121). Einnig skjal nr. 2(194).
[871] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 102–103, skjal H-12.
[872] Skjal nr. 2(544).
[873] Skjal nr. 4(1), bls. 195.
[874] Skjal nr. 2(545).
[875] Skjal nr. 2(82).

í Holti um að jörðina vantaði beitiland og að slægjur hennar væru undirorpnar skriðum. Í framhaldinu var mat jarðarinnar lækkað í 216 ríkisbankadali.[876]

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Holts í Önundarfirði er fjallað um landamerki aðliggjandi kirkjujarða, þeirra á meðal Þórustaða. Landamerkjaskráin er dagsett 27. maí 1890 en hún var þinglesin 2. júní 1891. Efni hennar er svohljóðandi:

> Milli Betaníu (Kota) og Vífilsmýra ræður Hafradalsá.
>
> Milli Betaníu og Mosvalla eru merki Tvísteinar, og úr þeim beint í Þverlænu; síðan ræður Þverlæna til sjóar.
>
> Milli Mosvalla og Kirkjubóls eru merkin úr dýi uppi í hlíðinni ofan í stakkgarð og úr honum í Auga. Mosvellir eiga svo nefnda Sturlueyri.
>
> Milli Kirkjubóls- og Holtslands ræður Hádegisá, en Kirkjuból hefir rétt til beitar í Mjóadal öllum norðan Bjarnadsalsár.
>
> Milli Kirkjubóls og Traðar ræður Bjarnadalsá; á einum stað skammt fyrir framan Kirkjuból ræður forn farvegur árinnar.
>
> Milli Holtslands og Traðar eru merki á svonefndu Seljaleiti.
>
> Milli Holtslands á Gemlufjallsheiði og Mýralands greinast lönd þar sem vötnum hallar til Dýrafjarðar.
>
> Milli Holts og Vaðla ræður merkjum Vaðalbotnsskriða og Illakelda; Holt á Holtsfit og Sjóarhólma.
>
> Milli Holts og Þórustaða ræður merkjum Tvísteinn á hlíðinni, þaðan ofan í Hlíðarlæk, þá ræður Hlíðarlækur á móts við Borustaði; þá eru merkin yfir Borustaði og utan til í Holtsteig.
>
> Milli Þórustaða og Hjarðardals innri eru merkin þessi: Eptir Hálsröndinni ofan í Orminn og svo eptir Djúpapytt til sjóar. Hjarðardalur innri á svonefnda Faxála.[877]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Þórustaða séu þinglesin.[878] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 1.800 kr. Eigandi hennar var Hólmgeir Jensson.[879]

Hinn 17. janúar 1972 skrifaði sr. Lárus Þorvarður Guðmundsson í Holti til Þorleifs Pálssonar í dóms- og kirkjumálaráðuneyti um ágreining um landamerki milli Holts og Þórustaða. Í bréfinu lýsti sr. Lárus landamerkjum milli Holts og Þórustaða eins og þau koma fyrir í landamerkjalýsingu yfir landamerki Holts og aðliggjandi kirkjujarða, Betaníu, Mosvalla, Kirkjubóls og Þórustaða, dagsettri 27. maí 1890. Um þau sagði hann að mislestur hlyti að vera á heitinu Holtsteigi en það ætti að vera heitið Holtsbugur. Af þessum sökum væri ágreiningur um landamerki jarðanna tveggja frá Borustöðum og til sjávar. Þá vísaði sr. Lárus í bókina *Aldarfar og örnefni í Önundarfirði* frá 1951 en á bls. 112 í bókinni væri Holtsbugs getið sem landamerkja. Slíkt sagði sr. Lárus að kæmi heim og saman við álit manna í Önundarfirði. Meðfylgjandi bréfinu er ljósrit úr landamerkjabók og kort af svæðinu.[880]

---

[876] Skjal nr. 2(545).
[877] Skjal nr. 2(30).
[878] Skjal nr. 2(546).
[879] Skjal nr. 2(546).
[880] Skjal nr. 2(539).

5.31 Holt í Önundarfirði

Í skrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi um 1200 er kirkju getið í Holti í Önundarfirði.[881]

Í máldaga Laurentíusarkirkju í Holti í Önundarfirði, er Oddgeir biskup Þorsteinsson setti um 1377, segir eftirfarandi:

> Kirkia hins heilaga laurentij j onundarfirdi a heimalannd allt arnnkelzbrecku. vadla oc þorolfsstadi. siettung i hualreka ä saudanesi. siettung hualreka j keflavijk. enn tolftunng j reẏkiarfirdi bædi j vídreka og hualreka med grasnautnn allt thil huanneyra. skog j dyrafiardarbotnni. a medal gilia tueggia fyrir ofan þijnngmanna riodur a hina vinstri hond er a glämu rijdur. fimm kugillda hofn j nesdal. beit j hiardardal hinn jdra fra þui er vr sel er komid til tuijmanadar.[882]

Í máldaga Vilchins fyrir Holtskirkju í Önundarfirði frá um 1397 segir eftirfarandi um eignir og ítök kirkjunnar:

> Kirkia hins heilaga Laurentij j Hollti j Ønundarfirdi a heimaland allt. Arnkelsbrecku. Vadla. Þorolfsstadi. Kirkiubol og Kalldä.
>
> Halfann settung j hualreka a Saudanesi.
>
> Settung hvalreka j Keflavyk. enn tolfttung j Reykiarfirdi bædi j hvalreka oc vidreka med grasnautn allt til Hvanneyra.
>
> Skog j Dyrafiardarbotni a medal Gilia tveggia firir ofann ÞijngmannaRiodur a hinu vinnstri hond er a Glämu rijdur.
>
> v kugillda hôfn j Nesdal.
>
> beit j Hiardardal vj vikur i annad mäl hinn idra fra þui er vr Seli er komit til Tvimanadar.
>
> Settung i hualreka fra Dalsä oc til Raufar a Saudanesi.
>
> þridiung i hualreka i Rekavijk hia Hôfn.
>
> attungur i hvalreka i Lauduvyk.
>
> Tolfttung i hualreka j Flioti.
>
> J Sigluvijk tolfttung i hualreka.
>
> ij attfedminga torfs j Tradarland. einn attfedming i Kalldärland oc riett ad rijda thil og lata hross hafa haga vtann todu oc eingiar. bva vmm torf sem vill og lata standa sem vill. med slijkumm skilmala er attfedmingur j Wijfilsmyraland.
>
> […]
>
> allann vidreka a Teigi j Bolungarvijk mill Audna oc Aross og niunda hlut i hualreka a þeim sama teigi.[883]

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 og síðar segir meðal annars um Holtskirkju í Önundarfirði:

> Kirkian i Holltte i Aunundarfirde ä heimaland alltt med gøgnum og giædum. halffann siettung j hualreka ä Saudanese. siettung hualreka i Kiefflavijk. enn tolfftung i Reykiarfirdi bædi i hualreka og vidreka. med grasnautn. alltt til Huanneyrar. Skog i Dyrafiardarbotne ä mille gilia tueggia fyrer offann Thijngmannariodur. ä hina vinstre

[881] *Íslenzkt fornbréfasafn* XII, bls. 14, skjal nr. 4(75).
[882] *Íslenzkt fornbréfasafn* III, bls. 324–325, skjal nr. 4(119).
[883] *Íslenzkt fornbréfasafn* IV, bls. 141–142, skjal nr. 4(120).

> hønd er ä Glämu rijdur. v. kugillda høffn i Nesdal. beit i Hiardardal vj vikur j annad mäl hid idra fra thui er vr sele er komid. til x manadar. siettung i hualreka frä Dalsä og til Rauffarär ä Sande. thridiung i hualreka i Rekavijk hia Høffn. ättung i hualreka i Løduvijk. Tolfftung i hualreka i Fliote. i Sigluvijk tolfftung i hualreka. Tvo ättfedminga torffs i Tradarland. eirn ättfedming i Kalldärland og riett ad rijda til og läta hross haffa haga vtann tødur og eingiar. Bua vmm torff sem vill og läta standa sem vill. med slijkum skilmäla er ättfedmingur i Vijfelzmyraland.
>
> Jtem ä kirkian thessar jarder Thorolffstadi. heimaland. mørk i landskylld.
>
> Jtem Vadlar. x. aura landskylld.
>
> Jtem Kirkiubol .Lxxx. alner landskylld.
>
> Jtem Mossveller hundrad i landskylld.
>
> Jtem Holl .x. aura landskylld.
>
> Jtem Kalldä .x. aura landskylld.
>
> Jtem Lækur .x. aura landskylld.
>
> Jtem Eingidalur hundrad i landskylld.
>
> Jtem Kiaransvijk ä Ströndum .iiij^{c}. ad dyrleika og .xl. alner i landskylld.[884]

Í biskupsvísitasíu um Holtskirkju í Önundarfirði frá 17. ágúst 1639 segir meðal annars:

> 4 Þessar Jarder a kirkjan hejmaland allt. Wadla xij hndr. kirkiuböl xviij hndr. kjarzvÿk a Stróndum iiij hndr. kalldä xij hndr. Höl xij hndr. Mosvelle xxiiij hndr. Ejngedal xviij hndr. læk xij hndr. Þörustade bygdt af hejmalande. 5 þesse Jtók a kirkjann. halffann Sjettung i hualreka a Saudanese. Sjettung hualreka i kieflavyk enn tolfftung i Rejkiarfyrde bæde i hualreka og vïdreka med grasnautn allt til huanneyra 5 kugillda hóffn i Nessdal bejt i hjardardal Sex vikur i annad mäl hinn Jdra. Sjóttung i hualreka frä Dalsä og til Raufar a Saudanesi Þridjung i hualreka i Rekavyk hia Hóffn. attung hualreka i lóduvÿk tolfftung hualreka i Fliöte. J Sigluvÿk tolfftung hualreka. tuo ättfedmynga torffs i Tradarland. ejrn ättfedmyng i kalldarland
>
> […]
>
> og rjett adrijda til og lata hross haffa haga utan todu og ejngjar, Bua Wmm Torff sem Will og lata standa Sem Will med slijkum skilmäla er ättfedmingur J Wyffilz myrarland Skög i Dyrafjardar botne a medal gylia tueggia fyrer offann þingmanna Rjodur a hinu Winstri handar a glämureijdar (Þetta tuent i mäl dagenn innsent effter hand handskriffadri vilkins mäldaga book Skaalholltz kirkju hid sama er ad fjnna J Visitatiuu bok herra Gysla Jonssonar[885]

Sömu upplýsingar koma fram í biskupsvísitasíu frá 24. ágúst 1675 en þar er einnig fjallað um eyðijörðina Arnkelsbrekku sem eina af eignum kirkjunnar og að hún sé nýtt sem selstaða.[886]

Í registri yfir bréf Holtskirkju frá 17. ágúst 1639 segir frá lýsingarbréfi Kristínar Björnsdóttur upp á jörðina Kjaransvík sem hún hafi goldið sr. Ólafi Ísleikssyni, en bréfið var frá 1448. Þá segir einnig frá lýsingarbréfi sex dánumanna upp á að Ólöf Loptsdóttir hafi afhent sr. Ólafi Ísleikssyni jörðina Læk í Dýrafirði, en það bréf var frá 1459. Loks segir í registrinu frá vitnisburðarbréfum Bjarna Ólafssonar, Jóns Jónssonar

884 *Íslenzkt fornbréfasafn* XV, bls. 572–574, skjal nr. 4(121).
885 Skjal nr. 2(163).
886 Skjal nr. 2(165).

og Bjarna Gunnarssonar frá 1599 um tolllaust skip og búðarstöðu Holtskirkju í Skálavík, Breiðabólsmegin, og eldiviðartak í Breiðabólshlíð.[887]

Í prófastsvísitasíu frá 12. júní 1685 segir að heimaland Holts sé mjög svo af sér gengið af sandi, vötnum og skriðum en staðurinn sé skrifaður fyrir átta hundruð að dýrleika. Þá eru taldar upp jarðir kirkjunnar, Þórólfsstaðir (Þórustaðir), Vaðlar, Kirkjuból, Mosvellir, Hóll, Kaldá, Engidalur, Lækur og Kjaransvík, sem hafi um langa tíð verið í eyði og fáist ekki byggð.[888] Sömu upplýsingar koma fram í prófastsvísitasíu frá árinu 1709 en þar segir einnig að skógurinn í Dýrafjarðarbotni hafi verið að mestu eyddur og ekki nýttur í mörg ár. Tollver í landi Minni-Bakka í Skálavík hafi hins vegar verið nýtt. Þá er fjallað um rekaréttindi sem ekki náist í landi Kjaransvíkur sökum lengdar.[889]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Holt í Önundarfirði:

> **Hollt.**
>
> Kirkjustaður og beneficium.
>
> Jarðardýrleiki er óviss.
>
> Ábúandi á öllum staðnum prófasturinn Sra. Sigurður Jónsson.
>
> […]
>
> Afrjett (5 kúgilda höfn) á staðurinn í Nesdal milli Dýrafjarðar og Íngjaldssands. Selstöðu á staðurinn á Bjarnadal, og þar eru og nokkrar útheyis slægjur staðarins um kríng nesið. Skógarítak á kirkjan í Dýrafjarðarbotni, þar sem Holtsteigur heitir, hefur sá skógur góður verið, en er nú næsta því eyddur og verður nú skóg til kolgjörðar að kaupa.
>
> Móskurður til eldiviðar er nægiligur. Silúngsveiði hefur lítil verið í Bjarnadalsá, er nú ekki til stórra riða. Eggver af kríu hefur áður nokkuð verið upp frá Holts odda, nú síðan þetta land er komið í sand, er það eggver burt. Selveiði hefur hjer til forna gagnlig verið, en nú mjög rýrnuð, þó ennþá að nokkru gagni. Rauðmagaveiði hefur í gamla daga mikil og góð verið, er nú að mestu burtu, þó nokkur þess á milli eftir áraskiftum. Reki er hjer enginn heima þó landið liggi til sjóar. En um reka kirkjunnar í Kjaransvík og annarstaðar stendur í máldögum.
>
> Beit 60 sauðum á vetur er kirkjunni eignuð á Sauðanesi í Eyrarlandi í Önundarfirði. Frí skipstöðu um vertíð á kirkjan í Minnabakkalandi í Skálavík. Um önnur kirkjunnar ítök votta máldagar.
>
> Landþröng er hjer mikil á sumar heima um staðinn. Útræði getur hjer verið, en lángræði er ærið mikið, og gánga því skip staðarhaldarans utar í Önundarfirði, á Kálfeyri eður og annarstaðar þar haga þykir. Á haustin kann þetta útræði að brúkast, þá svo ástendst.
>
> Vetrarríki er hjer í meira lagi.
>
> Högum staðarins hafa skriður spilt, bæði heima um sig og frammi á Bjarnadal. Hagarnir heima um sig eru stórum spiltir af sandi, þar landið er fyrst uppblásið og í sand komið, og síðan hefur sá sandur um sig etið og á fokið víðar. Engjum staðarins hefur þessi

[887] Skjal nr. 2(164).
[888] Skjal nr. 2(194).
[889] Skjal nr. 2(195).

sandur stórum spilt, og er auðsýniligt að sá skaði ár eftir ár vaxa muni. Svo spilla og engjum vötn og lækir, sem í leysíngum þar yfir flóa, bera á aur og jeta úr rótina.

Melavadshus[1]) aliis **Peturshus** aliis **Bryniulfshus**, hefur heitið við túnið, bygð í fyrstu hjer um fyrir 50 árum en nú í auðn síðan bóluna.

[…]

Ekki er staðnum að gagni, að þessi hjáleiga aftur byggist, með því heimalandið svo til þurðar fer ár eftir ár. Heybjörg þessi fylgir nú staðnum.

Melavadshus[1]) **innre** hjet önnur hjáleiga sett á gömlu geldnauta fjósstæði fyrir nokkrum og 40 árum.

[…]

Bygðin hjeltst í tvö ár, síðan lá það í eyði í mörg ár, þar eftir var það bygt um eitt ár og var það þá kallað Garðsendahús. Bygðin var aldrei mikils, liggur nú í eyði og kann aldrei aftur að byggjast.

Heidnahus eður **Haudnahus** hjet býlisnefna í túnhalanum á Holti, bygt fyrst fyrir nokkrum og 40 árum, en hefur nú í eyði legið í 10 ár.

[…]

mátti þetta býli heldur heita húsmenska en bústaður. Sú lítil heybjörg, sem kotinu fylgdi, fylgir nú staðnum.

[1]) Fyrst skrifað -hjáleiga; orðin aliis-Bryniulfshus standa utanmáls.

[…]

Arnkelsbrecka

heitir í Bjarnadal skamt fyrir neðan Holts sel og í Holts lands eign, þar sjer til bæjarstæðis eður gamalla tóftaleifa, og eru sagnir að hjer hafi bær staðið, þó fyrir mörgum mannsöldrum, og veit enginn til að segja, nær það býli hafi eyðilagst, líkast er að þær engjar á Bjarnadal, sem Holtsstaður nú brúkar, hafi þessu býli í gamla daga fylgt. Má staðurinn ekki þeirra án vera, ekki heldur haganna, og verður svo þetta býli ekki aftur bygt án staðarins skaða. Aðrir kalla þetta Arnkelskot.

Þetta eyðibýli á í röðinni að standa millum Traðar og Kirkjubóls, vide infra.[890]

Í prófastsvísitasíu um Holtskirkju frá 23. maí 1731 eru taldar upp jarðir kirkjunnar og landskuld þeirra, Mosvalla, Kirkjubóls, Vaðla, Þórustaða, Hóls, Kaldár, Engidals, Lækjar og Kjaransvíkur.[891] Þær eru sömuleiðis taldar upp í kirkjustól Holtskirkju frá 1749–1767 sem og dýrleiki þeirra í hundruðum.[892]

Í biskupsvísitasíu um Holtskirkju frá 22. júní 1775 segir að Hallvarður Hallsson, eigandi Reykjarfjarðar, hafi hreift þrætu um rekaítak kirkjunnar þar. Prestur í Holtskirkju gat þess að engin réttindi skyldu ganga undan kirkjunni.[893] Rekaréttindi koma einnig fyrir í prófastsvísitasíu frá 16. september 1875 og biskupsvísitasíu frá 13. ágúst 1790 en í þeirri síðarnefndu segir að eftir eintaki af Vilchins-máldaga eigi kirkjan

[890] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 103–105, skjal H-12.
[891] Skjal nr. 2(196).
[892] Skjal nr. 2(197).
[893] Skjal nr. 2(166).

allan viðarreka á Teigi í Bolungarvík, milli Auðna og áróss, og níunda hlut í hvalreka á þeim sama teigi.[894] Sömu upplýsingar koma fram í prófastsvísitasíu frá 17. maí 1797.[895]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Holts í Önundarfirði metinn 12 hundruð en jörðin var eign Holtskirkju. Fram kemur að eyðihjáleigurnar Pétushús, Melvaðshús, Heiðnahús og Arnkelsbrekka séu með í matinu.[896]

Hinn 15. janúar 1843 skrifaði sr. Sigurður Tómasson til biskups um að sér virtist ekki rímilegust vera landamerkin milli Holts og Gemlufalls. Sr. Sigurður óskaði eftir gögnum um jarðirnar tvær.[897] Biskup svaraði með bréfi dagsettu 18. mars sama ár en kvaðst ekki búa yfir neinum gögnum sem varpað gætu ljósi á landamerki Holts og Gemlufalls. Biskup bætti þó við að í Kaupmannahöfn mætti finna skjal frá 1558 um landamerki milli Hjarðardals og Gemlufalls, en það myndi ekki skýra frá landamerkjum gagnvart Holti.[898]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Holt í Önundarfirði metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem beneficium. Í neðanmálsgrein kemur fram að eyðihjáleigurnar Pétushús, Melvaðshús og Heiðnahús hafi árið 1805 verið taldar með staðnum. Þess er einnig getið að eyðijörð kirkjunnar Arnkelsbrekka, sem Árni Magnússon taldi sem eyðihjáleigu með Tröð, kæmi eigi Tröð við, en prestur hefði þar þá í seli.[899]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Holt:

> 6. Holt: hid forna hundradatal jardar þessarar nær eingri átt hvad gædi hennar snertir, er hjer tún allgott og slægjur miklar, selstada gód og ad óllu sætileg jórd og adgeingileg, þó forn órækt og ný spilli nokkud svo edlilegu gædamagni jardar þessarar.[900]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 768 ríkisbankadali.[901] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var tekin fyrir umkvörtun frá prestinum í Holti en eftir nákvæma athugun var ákveðið að breyta ekki mati á jörðinni Holti.[902]

Friðlýst var fyrir landi Holts við manntalsþing árin 1850, 1856, 1857 og 1863. Árið 1850 var friðlýst fyrir svæði frá Bjarnadalsá út þangað sem Djúpipyttur féll í sjó. Árið 1856 var friðlýst að innanverðu úr vaðli og út í Hjarðardalsá.[903]

Rekaítök Holts í Önundarfirði, eins og þau eru skráð eftir biskupsvísitasíu Helga G. Thordersens, dagsettri 12. júlí 1852, voru þinglesin við manntalsþing að Stað í Grunnvík 7. júní 1889 eins og kemur fram í landamerkjabók Ísafjarðarsýslu:

> Eptir visitatiu biskups H.G. Thordersen 12. júlí 1852 á Holtskirkja í Önundafirði þessi reka ítök meðal annara:
>
> 1/12 í Reykjarfirði, bæði í hvalreka og viðreka með grasnautn allt til Hvanneyrar.

894 Skjöl nr. 2(198) og 2(167).
895 Skjal nr. 2(199).
896 Skjal nr. 2(72).
897 Skjal nr. 2(270).
898 Skjal nr. 2(271).
899 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
900 Skjal nr. 2(77).
901 Skjal nr. 2(82).
902 Skjal nr. 2(80).
903 Skjöl nr. 2(481)–2(484).

> 1/3 í hvalreka í Rekavík hjá Höfn
>
> 1/8 hvalreka í Hlöðuvík
>
> 1/12 - - - - - í Fljóti
>
> 1/12 - - - - - í Sigluvík.
>
> Eptir einu exemplair af Wilchins máldaga, útskrifuðu af biblioteki assessors Árna Magnússonar, á Holtskirkja allan viðreka á Teigi í Bolungarvík milli Auðna og Áróss og 9da hluta í hvalreka á þeim sama Teigi.
>
> Holti 31. júlí 1887
>
> Janus Jónsson.[904]

Í biskupsvísitasíu um Holtskirkju frá 12. júlí 1852 koma fram sömu upplýsingar og í fyrri vísitasíum um kirkjuna.[905]

Í skýrslu um tekjur og útgjöld Holtsprestakalls 1849–1853, dagsettri 30. ágúst 1854, segir að eyðikotið Arnkelsbrekka liggi í Mjóadal en þar hafi lengi verið notuð selstaða. Þá segir að nýtt ítök og hlunnindi séu fimm kúgilda höfn í Nesdal og móskurður í landi Vífilsmýrar og Traðar. Ónotuð ítök voru hins vegar rekaréttindi á Sauðanesi, í Keflavík, Reykjarfirði með grasnautn allt til Hvanneyrar, beit í Hjarðardal, hvalreki frá Dalsá til raufar á Sauðanesi, í Rekavík bak Höfn, Hlöðuvík, Fljóti, Sigluvík og skógur í Dýrafjarðarbotni.[906]

Í prófastsvísitasíu frá 26. maí 1884 eru taldar upp jarðir Holtskirkju en fram kemur að breyting hafi orðið á prestakallinu þannig að Staðarsókn í Súgandafirði sé bætt við og því sé Staðarkirkja með öllum hennar eignum í ábyrgð þess sem heldur Holtskirkju.[907]

Hinn 11. september 1885 skrifaði sr. Janus Jónsson til biskups um að fá afrit af máldögum Holtskirkju og upplýsingar um landamerki Holts, sérstaklega land Holts eða hinnar fornu Arnkelsbrekku á Gemlufallsheiði. Einnig óskaði sr. Janus eftir upplýsingum um landamerki Lækjar í Dýrafirði og Staðar í Súgandafirði.[908]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Holts í Önundarfirði og aðliggjandi kirkjujarða, þ.e. Betaníu, Mosvalla, Kirkjubóls í Bjarnadal og Þórustaða, er dagsett 27. maí 1890 en hún var þinglesin 2. júní 1891. Efni hennar er svohljóðandi:

> Milli Betaníu (Kota) og Vífilsmýra ræður Hafradalsá.
>
> Milli Betaníu og Mosvalla eru merki Tvísteinar, og úr þeim beint í Þverlænu; síðan ræður Þverlæna til sjóar.
>
> Milli Mosvalla og Kirkjubóls eru merkin úr dýi uppi í hlíðinni ofan í stakkgarð og úr honum í Auga. Mosvellir eiga svo nefnda Sturlueyri.
>
> Milli Kirkjubóls- og Holtslands ræður Hádegisá, en Kirkjuból hefir rétt til beitar í Mjóadal öllum norðan Bjarnadsalsár.

[904] Skjal nr. 2(29).
[905] Skjal nr. 2(168).
[906] Skjal nr. 2(272).
[907] Skjal nr. 2(200).
[908] Skjal nr. 2(273).

> Milli Kirkjubóls og Traðar ræður Bjarnadalsá; á einum stað skammt fyrir framan Kirkjuból ræður forn farvegur árinnar.
>
> Milli Holtslands og Traðar eru merki á svonefndu Seljaleiti.
>
> Milli Holtslands á Gemlufjallsheiði og Mýralands greinast lönd þar sem vötnum hallar til Dýrafjarðar.
>
> Milli Holts og Vaðla ræður merkjum Vaðalbotnsskriða og Illakelda; Holt á Holtsfit og Sjóarhólma.
>
> Milli Holts og Þórustaða ræður merkjum Tvísteinn á hlíðinni, þaðan ofan í Hlíðarlæk, þá ræður Hlíðarlækur á móts við Borustaði; þá eru merkin yfir Borustaði og utan til í Holtsteig.
>
> Milli Þórustaða og Hjarðardals innri eru merkin þessi: Eptir Hálsröndinni ofan í Orminn og svo eptir Djúpapytt til sjóar. Hjarðardalur innri á svonefnda Faxála.
>
> Holti 27. maí 1890
>
> Janus Jónsson
>
> Landamerkjaskrá þessa samþykkja:
>
> T. Halldórsson Guðrún Jónsdóttir Rósinkranz Kjartansson Guðný Guðmundsdóttir Guðrún Jónsdóttir.[909]

Í kirkjustól Holtskirkju frá 1852–1963 kemur fram að kirkjan haldi sínum eignum og ítökum og hinn 31. júlí 1896 er skráð að landamerkjaskrár eignanna hafi verið samdar og þinglesnar án mótmæla.[910]

Í prófastsvísitasíu um Holtskirkju frá 2. júlí 1908 kemur fram að sala á þremur kirkjujörðum hafi farið fram, þ.e. Kjaransvík, Hóli á Hvilftarströnd og Kaldá.[911]

Í aukarétti Ísafjarðarsýslu 31. október 1908 var tekið fyrir að skipa matsmenn til að meta afgjöld prestsseturs og ítaka í Holtsprestakalli. Skipaðir voru Guðmundur Á. Eiríksson og Guðmundur Pálsson.[912]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Holts séu þinglesin.[913] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 7.500 kr. Eigandi hennar var Holtsprestakall.[914]

Hinn 17. janúar 1972 skrifaði sr. Lárus Þorvarður Guðmundsson í Holti til Þorleifs Pálssonar í dóms- og kirkjumálaráðuneyti um ágreining um landamerki milli Holts og Þórustaða. Í bréfinu lýsti sr. Lárus landamerkjum milli Holts og Þórustaða eins og þau koma fyrir í landamerkjalýsingu yfir landamerki Holts og aðliggjandi kirkjujarða, Betaníu, Mosvalla, Kirkjubóls og Þórustaða, dagsettri 27. maí 1890. Um þau sagði hann að mislestur hlyti að vera á heitinu Holtsteigi en það ætti að vera heitið Holtsbugur. Af þessum sökum væri ágreiningur um landamerki jarðanna tveggja frá Borustöðum og til sjávar. Þá vísaði sr. Lárus í bókina *Aldarfar og örnefni í Önundarfirði* frá 1951 en á bls. 112 í bókinni væri Holtsbugs getið sem landamerkja. Slíkt sagði sr. Lárus að kæmi heim

[909] Skjal nr. 2(52).
[910] Skjal nr. 2(201).
[911] Skjal nr. 2(202).
[912] Skjal nr. 2(485).
[913] Skjal nr. 2(110).
[914] Skjal nr. 2(110).

og saman við álit manna í Önundarfirði. Meðfylgjandi bréfinu er ljósrit úr landamerkjabók og kort af svæðinu.[915]

5.32 Vaðlar í Bjarnadal

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Vaðla í Bjarnadal:

> **Vadlar.**
>
> Jarðardýrleiki xii hndr.
>
> Eigandinn kirkjan að Holti í Önundarfirði.
>
> Ábúendur Jón Jónsson og Gísli Bjarnason, sinn á hverri hálfri.
>
> […]
>
> Engjum spilla skriður árliga, og eykst þetta meir og meir. Engjarnar spillast og af Berjadalsá, sem þar rennur á og ber á grjót og aur. Hagarnir eru litlir mjög og spiltir af skriðum, og liggur þessi jörð uppá öðrum vetur og sumar.[916]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Vaðla í Bjarnadal metinn 12 hundruð en jörðin var kirkjujörð frá Holti.[917]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Vaðlar í Bjarnadal metin 12 hundruð að dýrleika og skráð sem Holtskirkjueign.[918]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Vaðla:

> 7. Vadlar: tún og slægjur eigi litlar bæta jórd þessa ad gódum mun framm ÿfir medaljardir.[919]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 336 ríkisbankadali.[920] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Vöðlum breytt í 360 ríkisbankadali.[921]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Vaðla er dagsett 18. júlí 1889 en hún var þinglesin við manntalsþing sama dag. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá kirkjujarðar Holtskirkju Vaðla í Mosvallahreppi.
>
> Milli Traðar og Vaðla eru merki þessi: Úr holtinu í svo nefndum „merkisbletti“ uppi í hlíðinni beint ofan í stóran stein (Merkisstein), en þaðan ræður læna undir mýrar bökkunum út á móts við þverlænu ofan úr mýrinni, og þaðan beint í ána.
>
> Milli Vaðla og Mosvalla ræður áin, en Mosvellir eiga svo nefnda „Sturlueyri“ Vaðla-megin við ána
>
> Milli Vaðla og Holts ræður Vaðalbotnsskriða, síðan Illa Kelda, unz hún kemur saman við Kelduna ofan til við Kálfafit; þá ræður sú Kelda inn í á.
>
> Holti 18. júlí 1889.

---

915 Skjal nr. 2(539).
916 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 105–106, skjal H-12.
917 Skjal nr. 2(73).
918 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
919 Skjal nr. 2(77).
920 Skjal nr. 2(82).
921 Skjal nr. 2(80).

Janus Jónsson

Þessu samþykkur:

Rósinkranz Kjartansson.[922]

Við manntalsþing 15. desember 1911 voru dómkvaddir menn til að meta hálfa jörðina Vaðla.[923]

Við manntalsþing 11. júlí 1912 var staðfest matsgjörð á jörðinni Vöðlum.[924]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Vaðla séu þinglesin.[925] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 2.600 kr. Eigendur hennar voru Bernharður Halldórsson og Holtsprestakall.[926]

Við aukaréttur 18. apríl 1922 voru útnefndir menn til að meta hálfa jörðina Vaðla.[927]

Við aukarétt Ísafjarðarsýslu 18. apríl 1923 var tekið fyrir að dómkveðja tvo hæfa og óvilhalla menn til að gera lýsingu á Vöðlum í Mosvallahreppi og meta til peningaverðs. Útnefndir voru Kristján Jóhannesson og Jens Hólmgeirsson.[928]

Við aukaréttur 6. júní 1923 var staðfest virðing á Vöðlum II í Mosvallahreppi.[929]

Í minnisblaði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 29. september 1923 um jörðina Vaðla II segir að hreppsnefndin hafi mótmælt því að ábúandinn Bernharður Halldórsson fengi að kaupa helming jarðarinnar, þar sem hann væri ábúandi á hinum helmingnum og hefði ekki þörf fyrir aukið jarðnæði. Á minnisblaðið er skráð að rétt væri að selja Bernharði jörðina fyrir 3.000 kr.[930]

Hinn 2. nóvember 1923 afsalaði ráðherra Íslands kirkjujörðinni Vöðlum II til Bernharðs Halldórssonar fyrir 3.000 kr.[931]

5.33 Tröð í Bjarnadal

Með skiptagjörningi 30. ágúst 1556 seldi Eggert Hannesson Þorláki Einarssyni jarðirnar Núp, Klukkuland, Hóla og Litla-Garð í Dýrafirði fyrir jarðirnar Tröð í Önundarfirði, átta hundruð í jörðinni Litla-Hjarðardal í Dýrafirði, Dranga í Dýrafirði, Geirseyri í Patreksfirði, fimm hundruð í Hnjóti í Örlygshöfn og jörðina Gillastaði í Króksfirði.[932]

Hinn 16. mars 1679 skipti Þorleifur Sveinsson fasteign sinni milli barna sinna og dótturbarna. Sr. Björn Þorleifsson fékk, að Þorleifi látnum, Hjarðardal stærri, 20 hundruð. Páll fékk Innri-Hjarðardal, 18 hundruð að dýrleika og þar til tvö hundruð í Tröð í Önundarfirði. Börn Þórunnar sálugu Þorleifsdóttur fengu 10 hundruð í Gemlufalli, en þrjú hundruð í Ytri-Veðrará ánafnaði Þorleifur konu sinni, Valgerði

922 Skjal nr. 2(31).
923 Skjal nr. 2(486).
924 Skjal nr. 2(487).
925 Skjal nr. 2(111).
926 Skjal nr. 2(111).
927 Skjal nr. 2(488).
928 Skjal nr. 2(489).
929 Skjal nr. 2(490).
930 Skjal nr. 2(213).
931 Skjal nr. 2(540).
932 *Íslenzkt fornbréfasafn* XIII, bls. 152–153, skjal nr. 4(125).

Tumadóttur. Þrjú hundruð í Tröð hafði áður fengið Guðrún Jörundsdóttir eftir sinn sáluga eiginmann. Þá stóðu eftir óskipt tvö hundruð í Gemlufalli. Björn Þorleifsson lýsti sig samþykkan þessari skiptingu í bréfi 18. júní 1682 að því tilskildu að hann fengi tvö hundruð í Gemlufalli ofan á sinn hluta.[933]

Hinn 6. september 1698 gerði Kristín Þorleifsdóttir arfaskipti á þeirri fasteign, sem hún erfði eftir föður sinn. Dóttursonur hennar, Jón Jónsson, fékk til eignar í löggjafar nafni eitt hundruð í Tröð. Magnús Jónsson, sonur hennar, eignaðist þrjú hundruð í Tröð. Ólafur Jónsson, annar sonur hennar, fékk þrjú hundruð í Vífilsmýrum, og Guðlaug systir þeirra fékk hálft annað hundrað í sömu jörð. Hér að auki hlaut hvor þeirra bræðra 72 álnir í Vífilsmýrum, en Guðlaug 36 álnir.[934]

Hinn 29. maí 1702 auglýsti Kristín Magnúsdóttir, að til hlýðni við orð og umtal hennar sæla föður, Magnúsar sáluga Jónssonar, gæfi hún laungetnum syni hans, Sigurði Magnússyni, þau þrjú hundruð í Tröð sem hún ætti í föðurarf á móti þeim þremur hundruðum sem Þorbjörgu systir hennar voru fallin til erfða í Tröð í Bjarnadal.[935]

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Önundarfjörð frá 1710 segir eftirfarandi um Tröð í Bjarnadal:

> **Tröd.**
>
> Jarðardýrleiki xviii hndr.
>
> Eigendur eru Snæbjörn Pálsson á Mýrum, lögmaðurinn Páll Jónsson, eður báðir þeir að vi hndr., Magnús Jónsson búandi hjer að v hndr., Valgerður Jónsdóttir barn á Görðum, hjáleigu hjá Hvilt, að iiii hndr., eða og kannske Vilborg Markúsdóttir móðir hennar að nokkrum hluta þar í, Ísleikur Bjarnason á Bakka í Hnífsdal, Nikulás Bjarnason á Gili í Bolúngarvík, bræður, og kannske 3ðji bróðirinn Guðmundur að iii hndr.
>
> Ábúendur eru Bernharður Jónsson á hálfri jörðunni, sem er á vi hndr. lögmannsins og Snæbjarnar og iii hndr. þeirra bræðra Bjarnasona, Magnús Jónsson á sínum v hndr. og i hndr. barnsins Valgerðar, Jón Einarsson á iii hndr. barnsins Valgerðar.
>
> […]
>
> Útigángur er hjer í betra lagi, þegar vetur svo leggjast. Torfskurð (móskurð) á Holtskirkja í þessa jörð eftir máldögum.
>
> Túninu spilla lækir, sem ábera aur í leysíngum. Engjunum spilla skriður stórum og hafa nokkurn part aftekið.
>
> Bakkaslægjum hefur Bjarnadalsá til stórskemda spilt og spillir árlega.[936]

Við manntalsþing að Meðaldal 23. apríl 1721 var upplesið löggjafarbréf Þórunnar Árnadóttur til Jóns Þorvaldssonar fyrir jörðunum Tröð í Önundarfirði og Stóra-Hjarðardal, dagsett 12. október 1720.[937]

---

933 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 170, skjal H-18.
934 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 178–179, skjal H-18.
935 *Jarðabréf frá 16. og 17. öld*, bls. 180, skjal H-18.
936 *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* VII, bls. 106–107, skjal H-12.
937 Skjal nr. 2(491).

Við manntalsþing að Mosvöllum 20. apríl 1787 var þinglesið makaskiptabréf Jóns Gíslasonar og Guðmundar Jónssonar á Selakirkjubóli, 12 hundruð og 14 og hálfu hundraði í Tröð.[938]

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 er dýrleiki Traðar í Bjarnadal metinn 18 hundruð en eigandi jarðarinnar var ábúandinn Jón Gíslason. Fram kemur að í hinni gömlu jarðabók hafi verið fært inn að Arnkelsbrekka tilheyrði Tröð en það myndi ekki passa þar sem hún myndi tilheyra Holti í Önundarfirði.[939]

Við manntalsþing að Mosvöllum 20. júní 1810 var auglýst gjafabréf Jóns Gíslasonar fyrir þremur hundruðum í Tröð til Andrésar sonar hans, dagsett 5. október 1805. Einnig var þinglesið gjafabréf Andrésar Jónssonar fyrir sömu þremur hundruðum í Tröð til Þóru Brynjólfsdóttur konu hans í morgungjöf, dagsett 6. október 1805.[940]

Við manntalsþing að Mosvöllum 20. apríl 1812 var þinglesið kaupbréf fyrir sex hundruðum í Tröð fyrir 100 ríkisdali. Kaupandi var Andrés Jónsson en seljendur systkini hans. Kaupbréfið var dagsett 8. apríl 1812.[941]

Við manntalsþing að Mosvöllum 8. apríl 1815 var upplesið kaupbréf fyrir fjórum hundruðum í Tröð í Önundarfirði fyrir 104 ríkisdali. Kaupbréfið var dagsett 24. janúar 1812 en seljandi var Þóra Brynjólfsdóttir á Hafurhesti en kaupandi var Daniel Steinback faktor á Flateyri. Við sama þing var upplesið kaupbréf, dagsett 4. október 1813, fyrir 3¼ hundraði með einni á í áðurnefndri jörð. Sami seljandi og sami kaupandi var á bréfinu en kaupverðið var 13 danskar spesíur í 22 ríkisdala virði í góðri matvöru og 22 ríkisdalir í silfursmápeningum.[942]

Við manntalsþing að Mosvöllum 3. ágúst 1821 var þinglesið afsalsbréf þar sem Ólöf Þórðardóttir seldi þrjú hundruð og 60 álnir í Tröð fyrir 24 danskar spesíur og 55 ríkisdali í smápeningum. Bréfið var dagsett 25. júlí 1820.[943]

Við manntalsþing að Suðureyri 14. júní 1825 var þinglesið afsal hvar Friðrik Svendsen kaupmaður á Flateyri seldi Kjartani á Eyri átta hundruð í Tröð í Önundarfirði fyrir 240 ríkisbankadali. Afsalið var dagsett 25. mars 1825. Við sama þing var þinglesið makaskiptabréf hvar Friðrik og Kjartan makaskiptum 10 hundruðum í Tröð gegn tveimur hundruðum í Eyri og 10 hundruðum í Suðureyri.[944]

Í *Jarðatali* Jóns Johnsens frá 1847 er jörðin Tröð í Bjarnadal metin 18 hundruð að dýrleika og skráð sem bændaeign.[945]

Við manntalsþing að Þórustöðum 9. maí 1849 var þinglesið afsalsbréf á tveimur hundruðum í Tröð af Kjartani Ólafssyni til sonar síns.[946]

---

938 Skjal nr. 2(492).
939 Skjal nr. 2(74).
940 Skjal nr. 2(493).
941 Skjal nr. 2(494).
942 Skjal nr. 2(495).
943 Skjal nr. 2(496).
944 Skjal nr. 2(497).
945 Skjal nr. 4(1), bls. 195.
946 Skjal nr. 2(498).

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1849–1850 segir eftirfarandi um jörðina Tröð:

> 8. Tród; hagagædi og slægjur hjálpa þeirri jórd svo, ad hún er eigi litlu betri enn sinníngsjardir.[947]

Í verðlagsbók jarðamatsins kemur fram að jörðin var metin á 486 ríkisbankadali.[948] Við rannsóknarþing jarðamatsins 1. maí 1850 var mati á Tröð breytt í 504 ríkisbankadali.[949]

Með kaupbréfi dagsettu 14. júlí 1876 seldi Jón Arnfinnsson bóndi í Ytri-Lambadal 14½ alin í Tröð til Rósinkrans Kjartanssonar á Tröð. Kaupbréfið var þinglesið 18. júlí sama ár.[950]

Með kaupbréfi dagsettu 25. september 1888 seldi Sveinbjörn Halldórsson á Þorfinnsstöðum í Valþjófsdal eitt hundrað og 90 álnir í Tröð til Rósinkrans Rósinkranssonar á Tröð. Kaupbréfið var þinglesið 27. maí 1890.[951]

Landamerkjaskrá jarðarinnar Traðar í Bjarnadal er dagsett 18. júlí 1889 en hún var þinglesin við manntalsþing að Þórustöðum sama dag. Efni hennar er svohljóðandi:

> Landamerkjaskrá Traðar í Mosvallahreppi
>
> Milli Traðar og Vaðla eru merki þessi: Úr holtinu í svonefndum Merkisbletti uppi í hlíðinni beint ofan í stóran stein (Merkistein), en þaðan ræður læna undir Mýrarbökkunum út á móts við Þverlænu ofan úr mýrinni, og þaðan beint í ána.
>
> Milli Kirkjubóls og Traðar áin og skammt fyrir framan Kirkjuból partur af hinum forna árfarvegi.
>
> Milli Traðar og Mosvalla ræður hinn forni árfarvegur.
>
> Milli Traðar og Holtslands er merki eptir hrygg (leiti), er nefnt er Seljaleiti.
>
> Tröð 18. júlí 1889.
>
> Rósinkranz Kjartansson.
>
> Samþykkur: Janus Jónsson.[952]

Með kaupbréfi dagsettu 29. september 1889 seldi Guðmundur A. Eiríksson á Þorfinnsstöðum 105½ alin í Tröð til Rósinkrans Rósinkranssonar á Tröð. Kaupbréfið var þinglesið 27. maí 1890.[953]

Með kaupbréfi dagsettu 25. mars 1890 seldi Vigfús Eiríksson í Tungu 105½ alin í Tröð til Rósinkrans Rósinkranssonar á Tröð. Kaupbréfið var þinglesið 27. maí sama ár.[954]

---

947 Skjal nr. 2(77).
948 Skjal nr. 2(82).
949 Skjal nr. 2(80).
950 Skjal nr. 2(370).
951 Skjal nr. 2(371).
952 Skjal nr. 2(54).
953 Skjal nr. 2(373).
954 Skjal nr. 2(272).

Hinn 20. desember 1902 seldi Bergur Rósinkransson á Flateyri tvö hundruð að fornu mati í Tröð til systur sinnar Málfríðar Rósinkransdóttur. Afsalsbréfið var þinglesið 24. júní 1905.[955]

Við manntalsþing að Þórustöðum 24. júní 1905 var þinglesið afsalsbréf Bergs Rósinkranssonar fyrir tveimur hundruðum að fornu mati í Tröð til Málfríðar Rósinkransdóttur fyrir 190 kr. Afsalsbréfið var dagsett 20. desember 1902.[956]

Í undirmati I að fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 segir að landamerki Traðar í Bjarnadal séu þinglesin.[957] Í undirmati II koma fram sömu upplýsingar. Jörðin var metin á 1.750 kr. Eigendur hennar voru nokkrir.[958]

[955] Skjal nr. 2(374).
[956] Skjal nr. 2(500).
[957] Skjal nr. 2(111).
[958] Skjal nr. 2(111).

6 SJÓNARMIÐ AÐILA

6.1 Íslenska ríkið

Hér verður fyrst gerð grein fyrir almennum sjónarmiðum íslenska ríkisins en sjónarmiðum sem varða hvert kröfusvæði sérstaklega eru síðan gerð skil í undirköflum.

Af hálfu íslenska ríkisins er almennt byggt á því að þau svæði sem gerðar eru kröfur til teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 58/1998. Þau atriði sem einkum sé litið til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum á svæði 10B séu heimildir um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, og önnur atriði sem gerð er grein fyrir í umfjöllun um hvert svæði fyrir sig. Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til almennra niðurstaða óbyggðanefndar, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

Af hálfu ríkisins er byggt á því að þegar vísað er í fjallsbrún eða fjallsbrúnir sé átt við frambrún fjalls þar sem skörp skil eru oft í hæðarlínum s.s. frambrún kletta eða önnur skýr skil, nema annað sé tekið fram. Í slíkum tilvikum séu landfræðilegar aðstæður oft með þeim hætti að innan fjallsbrúnar/fjallsbrúna, þ.e. ofan á fjalli, liggi tiltölulega flatlent svæði eða skýrt afmarkað. Þegar landamerkjum séu lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall sé almennt litið svo á að merki jarða séu dregin í fjallsbrúnir, eins og þeim sé lýst hér að framan, milli slíkra merkja. Sé merkjum ekki lýst lengra, séu landamerkjalýsingar óskýrar, séu landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að svæði séu t.d. lítt aðgengileg, lítt gróin, í töluverðri hæð sé víða gerð krafa um að slíkt land, ofan fjallsbrúna, verði lýst þjóðlenda.

Í nokkrum kröfulýsingum sé þjóðlendukrafa afmörkuð með hæðarlínu. Það sé gert þegar fyrir liggi að um jörð sé að ræða en landamerkjalýsing liggi ekki fyrir, er óljós eða óskýr og ekki hægt að draga beina línu milli þekktra punkta þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta og ekki hægt að finna skýra landfræðilega afmörkun sem hægt hafi verið að styðja kröfulínu við. Hæðarlína hafi þá jafnan verið valin með hliðsjón af þekktum punkti eða punktum í merkjalýsingu og reynt að miða við landshætti s.s. gróðurfar og landslag.

Um lagarök er af hálfu ríkisins vísað til þjóðlendulaga nr. 58/1998 auk 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, meginreglna um eignarráð fasteignaeigenda, almennra reglna samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986 auk ýmissa eignaréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

6.1.1 Barði, Nesdalur, Heiðar á Ingjaldssandi, Skagi og Skagafjall

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Barði, Nesdalur, heiðar á Ingjaldssandi, Skagi og Skagafjall* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt

landamerkjabréfum Sæbóls, Álfadals, Hrauns, Brekku, Háls, Arnarness, Birnustaða og Skaga. Jafnframt sé miðað við að Nesdalur og heiðar á Ingjaldssandi hafi verið nýttur sem sameiginlegur afréttur. Jafnframt sé miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess sé lægst í um 500m hæð en hæst í tæplega 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

6.1.2 Klukkulandsfjall, Heiðarhorn, Veturlandafjall, Lágfjall, Þverfell, Klúkuheiði, Brekkufjall, Tafla, Hrafnaskálanúpur, Lambaskál, Hörðudalshorn, Vatnahvilftarhorn, Torfhorn, Miðmundarfjall, Kaldbakur og Flatfjall

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Klukkulandsfjall, Heiðarhorn, Veturlandafjall, Lágfjall, Þverfell, Klúkuheiði, Brekkufjall, Tafla, Hrafnskálarnúpur, Lambaskál, Hörðudalshorn, Vatnahvilftarhorn, Torfhorn, Miðmundarfjall, Kaldbakur og Flatfjall* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Mýrar og Lækjarós, Garðs-Meiri, Fells og Minni-Garðs, Klukkulands, Núps, Gerðhamra, Arnarness, Háls, Brekku, Villingadals, Sæbóls, Mosdals, Kirkjubóls og Dalhúsa, Tungu, Grafargils, Hjarðardals ytri, Hjarðardals innri, Traðar og Holts í Önundarfirði. Jafnframt sé miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess sé lægst í um 400m hæð og hæst í rúmlega 750m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

6.1.3 Núpsfjall og Alviðrufjall

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Núpsfjall og Alviðrufjall* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Núps, Alviðru og Leiti og Gerðhamra. Jafnframt sé miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess sé lægst í rúmlega 600m hæð en að mestu í rúmlega 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

6.1.4 Þorfinnur

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu á því kröfusvæði ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Þorfinnur* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra þ.e. Hjarðardal Ytri, Grafargils og Þorfinnsstaða. Jafnframt sé miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess sé umlukið klettabrúnum og allt í yfir 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

6.1.5 Holtsfjall

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Holtsfjall* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra þ.e. Holts, Traðar og Hjarðardals – Innri. Jafnframt sé miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhátta en land innan þess sé umlukið klettabrúnum og allt í yfir 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

6.1.6 Kambafjall og Messuhorn

Í greinargerð íslenska ríkisins segir að við afmörkun kröfulínu ríkisins á því kröfusvæði sem af hálfu þess er nefnt *Kambafjall og Messuhorn* sé fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Aðliggjandi jarðir séu Holt, Tröð og Hjarðardalur – Innri. Jafnframt sé miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess sé umlukið klettabrúnum og allt í yfir 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

6.2 Gagnaðilar íslenska ríkisins

Hér verður gerð grein fyrir sjónarmiðum gagnaðila íslenska ríkisins. Í þeim tilvikum þar sem sami lögmaður gætir hagsmuna vegna margra jarða er fyrst getið sameiginlegra sjónarmiða vegna viðkomandi jarða en sjónarmiðum sem varða hverja jörð sérstaklega eru svo gerð skil í undirköflum, eftir því sem við á.

6.2.1 Minni-Garður, Klukkuland, Núpur, Alviðra ásamt Leiti, Gerðhamrar, Arnarnes, Fjallaskagi og Birnustaðir í Dýrafirði; Brekka á Ingjaldssandi; Mosdalur í Önundarfirði; jarðir í Valþjófsdal; Hjarðardalstorfa og Holt í Önundarfirði; og Vaðlar og Tröð í Bjarnadal

Hér verður fyrst gerð grein fyrir sameiginlegum sjónarmiðum þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem eru eigendur Minni-Garðs, Klukkulands, Núps, Alviðru ásamt Leiti, Gerðhamra, Arnarness, Fjallaskaga og Birnustaða í Dýrafirði; Brekku á Ingjaldssandi, Mosdals í Önundarfirði; jarða í Valþjófsdal; Hjarðardalstorfu og Holts í Önundarfirði; og Vaðla og Traðar í Bjarnadal en sjónarmiðum sem varða hverja jörð sérstaklega eru síðan gerð skil í undirköflum.

Af hálfu framangreindra gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á því að þar sem að því fari fjarri, að kröfur aðila fari saman hljóti ólíkur skilningur þeirra á hugtakinu fjallsbrún að skýra mismun í kröfugerðum hvors um sig. Landeigendur telji að hugtakið fjallsbrún eins og íslenska ríkið virðist túlka það sé algerlega ósamrýmanlegt skilningi landeigenda sem og þorra innfæddra Vestfirðinga.

Íslenska ríkið hafi áður deilt við landeigendur um túlkun á hugtakinu fjallsbrún fyrir óbyggðanefnd t.a.m. í málinu nr. 3–4/2004 um Kjalarnes og Kjós n.t.t. um landamerki á fjallinu Esju. Um þetta segi í úrskurði nefndarinnar á bls. 151:

> Ljóst er að ágreiningur um þjóðlendumörk á því svæði sem hér er til umfjöllunar snertir einkum það álitaefni hvernig túlka beri hugtakið „fjallsbrún“ sem oft er notað í landamerkjabréfum jarða í kringum Esju. Af hálfu íslenska ríkisins er á því byggt að fjallsbrún sé þar sem halli breytist mest á tilteknum stað, t.d. í klettabrún. Af hálfu jarðeigenda er byggt á því að fjallsbrún sé þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar. […]Hér skal þess getið að í svari Gunnlaugs Ingólfssonar, fræðimanns hjá Orðabók Háskóla Íslands, við fyrirspurn óbyggðanefndar um merkingu hugtaksins fjallsbrún kemur fram að af dæmum í seðlasafni Orðabókar Háskólans megi ráða að fjallsbrún geti bæði verið hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknum stað.

Með heildstæðu mati á landamerkjabréfum umhverfis Esjuna hafi óbyggðanefnd hafnað skilningi íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og þá niðurstöðu hafi íslenska ríkið ekki borið undir dómstóla og hafi því sætt sig við.

Svo hafi háttað í máli nr. 3–4/2004, að skammt hafi verið á milli byggða þótt fjallið hafi skilið á milli auk þess sem sum landamerkjabréf lýsi merkjum nánar en eingöngu með tilvísun í fjallsbrún. Samkvæmt lýsingum í landamerkjabréfum jarðanna nái landamerki þeirra á fjall upp og það sama eigi við um aðliggjandi jarðir.

Í fyrrgreindum úrskurði óbyggðanefndar auk annarra úrskurða t.d. í máli nr. 2/2005, hafi verið slíkar sambærilegar lýsingar sínu hvoru megin fjallgarðs túlkaðar þannig að jarðir lægu þar saman:

> Í þeim landamerkjabréfum sem að framan er vísað til er landamerkjum milli jarða oftast lýst að vatnaskilum í Smjörfjöllum eða að merki nái að fjallsbrún. Í öðrum tilvikum er vísað til upptaka áa sem liggja upp í Smjörfjöllum við sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðar. […] Í vesturhlíðum Smjörfjalla liggja jarðir í Vopnafjarðarhreppi. Eins og fram kemur í umfjöllun um þær jarðir í máli nr. 3/2005 er þeim, líkt og þeim jörðum sem hér eru til umfjöllunar, lýst upp til fjallanna, gjarnan að vatnaskilum. Af því verður ráðið að jarðir í Vopnafjarðarhreppi og í Jökulsárhlíð liggi saman í Smjörfjöllum.

Íslenska ríkið hafi ákveðið að una þessum úrskurði.

Landeigendur telji því að aðstæður allar í málum nr. 3–4/2004 og 2/2005 séu öldungis sambærilegar við þær aðstæður sem uppi séu í því máli sem hér er til úrlausnar og eiga bágt með að skilja kröfur íslenska ríkisins með hliðsjón af fyrri úrskurðum óbyggðanefndar og fyrri afstöðu ríkisins til þeirra.

Landeigendur telji að túlkun íslenska ríkisins á hugtakinu fjallsbrún og orðalaginu til fjalls skýri mismunin á kröfugerðum aðila, en landeigendur álíti að með hvoru tveggja sé átt við hæsta hluta fjalls eða vatnaskil, en íslenska ríkið virðist leggja þann skilning í orðalagið, að það merki efstu klettabrún fjalls sem sjáanleg sé neðan frá láglendi jarðar.

Skilningur landeigenda styðjist við málvenju á svæðinu sem hægt sé að finna stað í all mörgum gögnum málsins. Sem dæmi megi nefna orðalag í landamerkjabréfi Arnarness í Dýrafirði, en þar segi:

> Að innanverðu milli Arnarness og Gerðhamra ræður áin fram eptir dalnum síðan eptir læknum í miðjum tungunum á dalnum, sem hann rennur, og svo sem áin ræður fyrir ofan tungurnar og eptir lægstu heiðinni allt út á hæðstu heiði; en þaðan sem brúnir ráða.

Málvenja þessi sé gömul og megi sjá henni bregða fyrir í mun eldri skjölum t.a.m. vitnisburði frá 9. mars 1600 þar sem fimm menn beri um landamerki Breiðaból í Skálavík og Hóls í Bolungarvík. Í vitnisburði eins þeirra segi um merkin:

> So og hef eg Jon Helgason heyrt hit sama, um þessi landamerki, og alldri annat enn Holl eige wtj lækinn wtan til wid Gunnars wÿk, og j kambinn þann sem lækurinn rennr æ, og so upp j fiallz brunina þar sem fiallid er hæst …

Gagnstætt því sem haldið sé fram í kröfulýsingu íslenska ríkisins séu ekki heimildir um annað en að jarðiarnar hafi verið byggðar og nýttar eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma. Innan landmerkja þeirra hafi eigendur farið með umráð og hagnýtingu og gert ráðstafanir með löggerningum á sama hátt og gildi um eignarland almennt að engu undanskildu. Engin gögn bendi til annars en að land, jarðanna hafi alla tíð verið undirorpið beinum eignarrétti.

Landeigendur leggi áherslu á að þegar óbyggðanefnd meti hvort um fullkominn eignarrétt sé að ræða á svæðinu verði að líta til þeirra atvika er varði núverandi eigendur og forvera þeirra, sem styðji tilkall þeirra til beinna eignarrétta innan ummerkja jarðarinnar.

Landeigendur telji ljóst að land jarðanna eins og þeim sé lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæli því að óljósar lýsingar *Landnámu* verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landi innan landamerkja jarðanna verði dregin í efa.

Landeigendur vísi til þess að frá öndverðu hafi lög kveðið á um merkjagerð í það minnsta þegar aðilaskipti urðu að jörðum. Í 2. kapítula landsbrigðaþáttar Grágásar segi:

> Ef maður ræður að selja öðrum manni land sitt við verði, og skulu þeir kveða á merki með sér of land og skóga og engjar og reka og veiðar og afréttu ef eru, og allra auðæfa þeirra er því landi eigu að fylgja, er selt er, í annarra manna lönd, og svo ef aðrir menn eigu í það land auðæfi. Síðan skulu þeir kaupandi og seljandi nefna sér votta að því að hann kaupir land það lagakaupi og lýritar, og hann handsalar honum land til þeirra merkja …

Í 3. kapítula landsbrigðaþáttar segi um merkjagöngu:

> Menn eigu og að kveða á merkjagöngu með sér fyrir veturnætur hinar næstu eftir kaup þeirra, og skal vera til gengið, enda skulu þeir orð gera þeim mönnum öllum, er lönd eigu við, sjö nóttum fyrir. […] Eigi er skylt að ganga á merki þar er fjöll þau eru er vatnföll deilast á millum héraða, og eigi er skylt að ganga úr búfjárgangi á fjöll upp. Kveða skal þar á merki.

Sambærilegt ákvæði sé í 6. kapítula landsbrigðabálks Jónsbókar, en eftir lögtöku hennar hafi bréfun landakaupa verið lögskyld. Merkjalýsingar sé þó sárasjaldan að finna í kaupbréfum þeim sem varðveist hafi. Merkjagangan, sem hafi farið fram eftir kaup, hafi haldið þannig gildi sínu og heimildir um merki jarða þannig aðeins varðveitt í munnlegri geymd.

Það hafi fyrst verið við setningu landamerkjalaga árið 1882 með lögum nr. 5/1882 og síðar árið 1919 með lögum nr. 41/1919, að stjórnvöld hafi haft frumkvæði að því að gengið væri frá landamerkjum, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri uppi. Því sé staðan sú í miklum fjölda tilfella, að elstu upplýsingar um landamerki jarða

hafi ekki orðið til fyrr en í kjölfar landamerkjalaga. Landeigendur byggi kröfur sínar á eignarheimildum sem grundvöll sinn eigi í fyrrgreindum lögum. Kröfur ríkisins hafi komið landeigendum á óvart þar sem þeir hafi athugasemdalausa og þinglýsta eignarheimild fyrir landi sínu.

Þegar haft sé í huga, að samkvæmt landamerkjalögum sé opinberum aðilum falið að ganga úr skugga um að lýsingar landamerkjabréfa séu réttar samkvæmt formi sínu og efni styðji það þá meginreglu íslensks réttar að athugasemdalausri landamerkjalýsingu jarðar verði ekki hnekkt nema óyggjandi sönnunargögn liggi því til grundvallar. Sönnunarbyrðin um inntak eignarréttar á landi jarðarinnar hvíli þannig á íslenska ríkinu.

Landeigendur telji að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfu ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði sé einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Telji landeigendur að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lúti ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest sé í 12. gr. laganna sé óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur megi nefna að landeiganda sé gert að sanna eignatöku að fornu innan merkja sinnar jarðar, og rekja framsal þeirra eignarréttinda óskertra fram á okkar daga. Slíkum kröfum sé ekki hægt að fullnægja með skjallegum sönnunargögnum. Eins og að framan hafi verið rakið séu landamerkjabréf oftast eina gagnið sem landeigendur hafi undir höndum, sem sanni beinan eignarrétt þeirra.

Landeigendur haldi því og fram að eftir að ríkisvald hafi stofnast hér á landi hafi handhafar þess margsinnis bæði beint og óbeint viðurkennt fullkominn eignarrétt þeirra innan lýstra merkja. Landeigendur telji ennfremur að hafi ríkisvaldið einhvern tíma getað haft uppi véfengingarkröfu á hendur landeigendum, þá sé ljóst að slík krafa sé fyrir löngu fallin úr gildi fyrir tómlæti eða fyrningu handhafa ríkisvaldsins. Landeigendur minni á að heimildarskjölum þeirra fyrir jörðinni hafi verið þinglýst athugasemdalaust.

Landeigendur hafi þess vegna í gegnum tíðina haft réttmætar ástæður til að ætla að land jarðarinnar væri undirorpið fullkomnum eignarrétti þeirra og hafi aðgerðir ríkisins fram til þessa aðeins styrkt landeigendur í þeirri trú.

Þá beri í tilfelli allra eftirtalinna jarða að ætelja skort á samræmi í kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendur í Barðastrandarsýslu (Svæði 10C) og Strandasýslu (Svæði 10A) annars vegar og Ísafjarðarsýslu hins vegar. Í fyrrgreindu sýslunum tveimur hafi verið afar takmarkaðar þjóðlendukröfur gerðar en handan sýslumarka séu gerðar einhverjar þær umfangsmestu þjóðlendukröfur sem sést hafa í nokkurri sýslu.

Þó hátti svo til að lýsing landamerkja, stærð jarða, staðhættir aðrir og gróðurfar séu með mjög áþekkum hætti í sýslunum öllum. Að áliti landeigenda séu slík vinnubrögð til þess fallin að mismuna landeigendum eftir því hvar þeir búi og hver lýsir kröfum f.h.

íslenska ríkisins hverju sinni, en slíkt eigi auðvitað ekki að viðgangast í nútíma réttarríki.

Til vara byggi landeigendur kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið enda byggt það og nýtt langt umfram tilskilinn hefðartíma.

Landeigendur krefjast þess að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess að kröfur íslenska ríkisins á svæði 10B séu óhóflegar og verulega úr samræmi við kröfugerðir þess undanfarin ár auk þess sem stór hluti kröfugerðarinnar sé í fullkomnu ósamræmi við niðurstöður dómstóla og óbyggðanefndar í sambærilegum málum.

6.2.1.1 Minni-Garður í Dýrafirði

Af hálfu eigenda jarðarinnar Minni-Garðs í Dýrafirði er byggt á því að Minni-Garður sé forn jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Þórðar Víkingssonar, sem hafi numið land milli Þúfu á Hjallanesi og Jarðfallsgils og búið á Alviðru.

Landeigendur bendi á að skv. heimildum hafi jarðirnar Meiri- og Minni-Garður forðum verið ein jörð. Kröfugerð landeigenda sé byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar frá 10. mars 1890, en þar segi:

> 1, Að innanverðu í upphlaðið merki ofan til við Langalæk, bein sjónhending í Milli-Garðslæk, síðan úr honum, eins og gilið segir, beina sjónhending á fjall upp.
>
> 2, Að neðanverðu sem Langilækur ræður í hinn efra Grástein, beina sjónhending í Löngulá, sem lækur rennur eptir.
>
> Að framanverðu eru landamerkin í Hvassahrygg og beint niður í Skörðin.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á Klukkulandshorni og Mýrarfjalli, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

6.2.1.2 Klukkuland í Dýrafirði

Af hálfu eigenda jarðarinnar Klukkulands í Dýrafirði er byggt á því að Klukkuland sé forn jörð þótt ekki sé hennar getið í Landnámu. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Þórðar Víkingssonar, sem hafi numið land milli Þúfu á Hjallanesi og Jarðfallsgils og búið á Alviðru.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á Klukkulandshorni, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeigenda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Að öðru leyti sé vísað til sjónarmiða sem fram komi fyrir Minni-Garð hér að framan.

6.2.1.3 Núpur í Dýrafirði

Af hálfu eigenda jarðarinnar Núps í Dýrafirði er byggt á því að Núpur sé forn jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Þórðar

Víkingssonar, sem hafi numið land milli Þúfu á Hjallanesi og Jarðfallsgils og búið á Alviðru.

Landamerkjabréf Núps sé dagsett 2. desember 1889 og lýsi merkjum svo:

> 1, Að utanverðu í læk þann, er heitir Kaldilækur, eins og hann ræður frá sjó og að uppsprettu; síðan beina sjónhending á fjall upp.
>
> 2, Að innanverðu í Núpsá, og dal allan í á þá, er rennur úr Geldingadal og fellur í Núpsá.

Lýsingin falli algerlega saman við lýsingu á landamerkjum jarðarinnar frá 1368 þar sem segi meðal annars fært til nútímastafsetningar:

> Garðurinn Gnúpur á land allt til fjalls og fjöru í læk þann er heitir Kaldilækur upp í uppsprettuna og svo rétt upp að leiti og beint á fjall upp og inn í Gnúpsá. Alviðra á móskurð í Gnúpslandi í Lambhaga en Gnúpsmenn beit í Alviðrubakka vor og haust. Gnúpur á dal allan og í á þá er gengur ofan úr Geldingadal og rennur í Gnúpsá.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á Núpsfjalli og á fjallgarðinum sem skilji Núpsdal frá jörðum í Önundarfirði, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

6.2.1.4 Alviðra í Dýrafirði ásamt Leiti

Af hálfu eigenda jarðarinnar Alviðru í Dýrafirði ásamt Leiti er byggt á því að Alviðra sé landnámsjörð. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Þórðar Víkingssonar, sem hafi numið land milli Þúfu á Hjallanesi og Jarðfallsgils og búið á Alviðru.

Landamerkjabréf Alviðru með Leiti lýsi merkjum jarðarinnar á móti Núpi þ.a. Kaldilækur ráði frá ósi til upptaka og þaðan beint á fjall upp. Til sé lýsing á landamerkjum Núps frá árinu 1368 þar sem segi meðal annars fært til nútímastafsetningar:

> Garðurinn Gnúpur á land allt til fjalls og fjöru í læk þann er heitir Kaldilækur upp í uppsprettuna og svo rétt upp að leiti og beint á fjall upp og inn í Gnúpsá. Alviðra á móskurð í Gnúpslandi í Lambhaga en Gnúpsmenn beit í Alviðrubakka vor og haust. Gnúpur á dal allan og í á þá er gengur ofan úr Geldingadal og rennur í Gnúpsá.

Ljóst sé að merkin hafi ekkert breyst í tæp 700 ár.

Einnig er vísað til þess að 4. september 1570 hafi verið gerð sátt um landamerki á milli Núps og Alviðru, en þar komi fram:

> þa i fyrstu var so til skiled. ad Gnupur skyllde eiga allt land med allre jardarhøfn og fie þvi ollu sem þar kynne ad finnast i jordu og ä. og ecke fyndest eigande ad. fra garde þeim sem geingur ofann ur fialle og ofann i Gnupsä fyrer jnnann lambhaga. og ut i læk þann sem heiter Kalldalækur. so sem sagdur lækur helldur nu fra sinne uppsprettu. og til siöfar ofann hia Føgrutraud. Enn i annann mäta fra sinne uppsprettu rietta sionhending upp effter leitenu. og so riett upp effter hlijdenne ä fiall upp. so hvørke skillde steckia ut ä nie jnn ä hvørkis land fyrrgreindra jarda. Enn Alvidra skillde eiga land allt utann ad fyrrgreindum læk og fyrrskrifudum takmørkum bæde til fialls og fiøru.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á Alviðrufjalli, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

6.2.1.5 Gerðhamrar í Dýrafirði

Af hálfu eigenda jarðarinnar Gerðhamra í Dýrafirði er byggt á því að Gerðhamrar séu forn jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Þórðar Víkingssonar, sem hafi numið land milli Þúfu á Hjallanesi og Jarðfallsgils og búið á Alviðru.

Jarðarinnar sé fyrst getið í skrá yfir eignir Guðmundar Arasonar hins ríka, sem gerðar hafi verið upptækar árið 1446.

Kröfulýsing jarðarinnar sé byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar sem samræmist ágætlega fornum heimildum um merki hennar t.a.m. í vitnisburði, dagsettum 26. júní 1545, komi fram um landamerki jarðarinnar á móti Alviðru:

> jn primis at aluidra ætti land at gardi þeim sem geingur ofan ur fialle oc ofan j gnupsæa fyrir innan lambhaga. enn at migandalæk mille gerdhamra oc aluidru

Landamerkjabréf jarðarinnar sé dagsett 10. desember 1889, en þar segi:

> 1, Að utanverðu milli Gerðhamra og Arnarness ræður áin fram eptir dalnum, síðan eptir læknum í miðjum tungunum, sem hann rennur, og svo sem lækurinn rennur fyrir ofan tungurnar, sem þeir fyrri menn hafa nefnt á, og eptir lægstu heiðunum allt út á hæðstu heiði, en þaðan svo sem brúnir ráða.
>
> 2, Milli Gerðhamra og Alviðru ræður Míganda-lækur, sem í seinni tíð nefnist Miðlendis-lækur, eins og hann rennur beint upp eptir þangað, sem hann rennur fram úr bergi; þaðan ræður sjónhending beint á fjall upp.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á Núpsfjalli og Sandaheiði sem skilji milli Dýrafjarðar og byggða á Ingjaldsssandi, en samt er skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

6.2.1.6 Arnarnes í Dýrafirði

Af hálfu eigenda jarðarinnar Arnarness í Dýrafirði er byggt á því að Arnarnes sé forn jörð þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*. Allt land jarðarinnar sé innan landnáms Þórðar Víkingssonar, sem hafi numið land milli Þúfu á Hjallanesi og Jarðfallsgils og búið á Alviðru.

Jarðarinnar sé fyrst getið í skrá yfir eignir Guðmundar Arasonar hins ríka, sem gerðar voru upptækar árið 1446.

Kröfulýsing jarðarinnar sé byggð á landamerkjabréfi jarðarinnar, sem sé dagsett 13. janúar1890, en þar segi:

> 1, Að innanverðu milli Arnarness og Gerðhamra ræður áin fram eptir dalnum, síðan eptir læknum í miðjum tungunum, sem hann rennur, og svo sem lækurinn rennur fyrir ofan tungurnar, sem þeir fyrri menn hafa nefnt á, og eptir lægstu heiðunum allt út á hæðstu heiði, en þaðan svo sem brúnir ráða.

> 2, Að utanverðu milli Arnarness og Birnustaða er ytri Vogakambur og sjónhending beint á fjall upp

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á Óþola og Sandaheiði sem skilji milli Dýrafjarðar og byggða á Ingjaldsssandi, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

6.2.1.7 Fjallaskagi og Birnustaðir í Dýrafirði

Af hálfu eigenda jarðanna Fjallaskaga og Birnustaða í Dýrafirði er byggt á því að Birnustaðir og Fjallaskagi séu fornar jarðir þótt ekki sé þeirra getið í *Landnámu*. Allt land jarðanna sé innan landnáms Þórðar Víkingssonar, sem hafi numið land milli Þúfu á Hjallanesi og Jarðfallsgils og búið á Alviðru.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðanna á fjallgarðinum sem skilji jarðirnar frá Ingjaldsssandi, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfulýsing jarðanna sé byggð á landamerkjabréfum þeirra.

Landamerkjabréf Birnustaða sé dagsett 7. júlí 1886, en þar segi:

> Landamerki fyrir jörðunni Birnustöðum norðan fram við Dýrafjörð í Vestur Ísafjarðarsýslu eru þannig: Að utanverðu milli Birnustaða og Skaga er svo kallað Seljagil og bein sjónhending í fjallsbrún upp og að innanverðu milli Arnarnes og Birnustaða er ytri Vogakambur og bein sjónhending í fjall upp.

Landamerkjabréf Fjallaskagar sé dagsett 2. desember 1891, en þar segi:

> Að innanverðu milli Skaga og Birnustaða er svokallað „Seljagil“, og bein sjónhending í fjallsbrún upp.
>
> Að utanverðu eru takmörk jarðarinnar í svokallaða „Þúfu“, þaðan á fjall upp, og svo eptir því sem fjallsendin segir.

Landamerkjalýsingarnar eins og þær séu túlkaðar af landeigendum og dregnar á kröfulínukort fái stuðning af eldri heimildum, en í máli sem reis vegna lögfestu Sæbóls á Ingjaldssandi frá 1724 komi fram að lýsing landamerkja í lögfestunni hafi verið talin ganga of nærri konungsjörðunum Brekku og Villingadal á Ingjaldssandi sem og Birnustöðum. Ljóst megi vera að landamerki Sæbóls hafi ekki geta gengið nærri Birnustöðum ef landamerki hefðu legið á þann veg sem íslenska ríkið heldur fram.

6.2.1.8 Brekka á Ingjaldssandi

Af hálfu eigenda jarðarinnar Brekku á Ingjaldssandi er byggt á því að Brekka sé forn jörð og komi m.a. við sögu í Þórðarbók *Landnámu*.

Í máldaga sem kirkjunni á Sæbóli á Ingjaldssandi hafi verið settur árið 1306 sé getið um bænhús á Brekku.

Kröfulýsing jarðarinnar sé byggð á landamerkjabréfi hennar.

Landamerkjabréf Brekku sé dagsett 15. janúar 1891, en þar segi:

> Að neðanverðu milli Villingadals og Brekku ræður svo kallað Merkisgil (þ.e. Merkigilshryggur) frá fjallsbrún og niður í Urðarfætur, þaðan bein sjónhending þvert yfir í Langá. Svo ræður Langá landamerkjum upp eptir, milli Brekku annars vegar, en Hrauns og Háls hins vegar, þar til Þverá rennur í hana, þá greinir Þverá land Brekku og Háls, og ræður landamerkjum úr því til fjalls og á hæðstu heiði.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðarinnar á Brekkufjalli og Klúkuheiði, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeigenda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

6.2.1.9 Mosdalur og jarðir í Valþjófsdal

Af hálfu eigenda Mosdals og jarða í Valþjófsdal er byggt á því að jarðirnar séu fornar þótt ekki sé þeirra getið í *Landnámu*, en allt land jarðanna sé innan landnáms Önundar sem hafi numið Önundarfjörð allan og búið á Eyri.

Elstu heimildir um að búið hafi verið í Mosdal séu frá fyrri hluta 15. aldar en næsta víst sé að mannabyggð þar sé mun eldri. Fyrsti eigandi jarðarinnar sem um sé kunnugt sé Ari Guðmundsson, faðir Guðmundar ríka á Reykhólum. Vorið 1420 hafi Ari gefið dóttur sinni hálfan Valþjófsdal til kaups við Halldór Jónsson sem þá hafi gengið að eiga hana. Hinn helminginn af Valþjófsdal hafi Ari selt hinum verðandi tengdasyni sínum við sama tækifæri og í samningnum sé tekið fram að jarðirnar í Valþjófsdal séu látnar af hendi með öllum þeim gögnum og gæðum er þeim hafi fylgt að fornu og nýju að undanteknum Mosdal.

Ljóst sé skv. framangreindu að eignarhald á Mosdal og jörðum í Valþjófsdal hafi löngum verið í eigu sömu ætta og sé því svo farið enn þann dag í dag. Því sé farin sú leið hér að lýsa kröfum sameiginlega fyrir jarðir í hvorum tveggja dalanna.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðanna á Hrafnaskálanúpi, Þverfelli, Tungu- og Torfhorni auk Þorfinns, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfulýsing landeigenda sé byggð á landamerkjabréfum Mosdals og jarða í Valþjófsdal.

6.2.1.10 Hjarðardalstorfa í Önundarfirði

Af hálfu eigenda jarðanna í Hjarðardalstorfu í Önundarfirði er byggt á því að jarðirnar séu fornar þótt ekki sé þeirra getið í *Landnámu*, en allt land jarðanna sé innan landnáms Önundar sem hafi numið Önundarfjörð allan og búið á Eyri.

Elstu skriflegu heimildir um búsetu í Hjarðardal séu í máldaga Holtskirkju frá því um 1377 og fjalli um beitarítak staðarins í landi Hjarðardals ytri auk þess sem þar komi fram að staðurinn eigi Þórólfsstaði sem nú heita Þórustaðir. Hjarðardals Innri er fyrst getið í heimildum í skrá yfir eignir Guðmundar Arasonar sem tekin var saman árið 1466 eftir því sem næst veður komist.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta fyrrgreindra jarða á Þorfinni, Torfhorni, Kambafjalli og Holtsfjalli, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfulýsing torfunnar sé byggð á landamerkjabréfum einstakra jarða innan hennar auk landamerkjabréfs Þórustaða sem áður fyrr hafi verið hluti Holts í Önundarfirði.

6.2.1.11 Holt í Önundarfirði

Af hálfu eiganda jarðarinnar Holts í Önundarfirði er byggt á því að mörk jarðarinnar til fjalla séu ekki í því sem lýst sé í kröfugerð ríkisins sem *fjallsbrúnir* heldur hafi landið verið numið alveg upp á fjallstopp þar sem vötnum halli. Önundarfjörður hafi allur verið numinn samkvæmt *Landnámu*. Samkvæmt reglum Grágásar og svo Jónsbókar hafi ekki verið skylda að ganga á merki þar er fjöll þau séu er vatnföll deilist millum héraða og skýri það lýsingu merkjanna í landamerkjabréfi jarðarinnar. Kröfulýsing ríkisins sem miði við sýnilegar fjallsbrúnir í stað efstu toppa þar sem vötnum halli hafi ekki stoð í eldri gögnum né lögum og sé þeirri túlkun því mótmælt.

Í máldaga staðarins að Holti í Önundarfirði frá 1377 segi að kirkjan eigi heimaland allt auk Arnkelsbrekku, Vaðla og Þórólfsstaða.

Þórólfsstaðir munu vera þar sem nú séu Þórustaðir sem byggðir séu úr heimalandi Holts. Vaðlar hafi haldið nafni sínu til þessa dags. Arnkelsbrekka sem í fyrrgreindum máldaga sem og í Vilchinsmáldaga sé vísað til sem sjálfstæðrar jarðar sé ekki tilgreind í Gíslamáldaga frá árinu 1570.

Skýringuna virðist mega finna í *Jarðabók* Árna og Páls frá árinu 1710, en þar sé frá því greint að jörðin Arnkelsbrekka sé þar sem Holtssel standi nú og hafi jörðin væntanlega verið lögð til heimalands staðarins einhvern tíma á árabilinu 1397–1570.

Ekki sé uppi ágreiningur við íslenska ríkið um að land Arnkelsbrekku njóti stöðu jarðar að lögum heldur sé einungis deilt um hvernig túlka beri landamerkjalýsingu jarðarinnar, en krafan sé byggð á landamerkjabréfi hennar frá 27. maí 1890.

6.2.1.12 Vaðlar í Bjarnadal

Af hálfu eiganda jarðarinnar Vaðla í Bjarnadal er byggt á því að jörðin sé forn þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*, en allt land jarðarinnar sé innan landnáms Önundar sem hafi numið Önundarfjörð allan og búið á Eyri.

Í varðveittum heimildum sé Vaðla fyrst getið í Oddgeirsmáldaga frá árinu 1377, en Holtskirkja hafi þá verið orðin eigandi jarðarinnar. Vaðlar hafi verið kirkjujörð a.m.k. frá 1377 til ársins 1913 eða í 536 ár.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðanna á Holtsfjalli og Messuhorni, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfulýsing jarðarinnar sé byggð á landamerkjabréfi hennar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða.

6.2.1.13 Tröð í Bjarnadal

Af hálfu eigenda jarðarinnar Traðar í Bjarnadal er byggt á því að jörðin sé forn þótt ekki sé hennar getið í *Landnámu*, en allt land jarðarinnar sé innan landnáms Önundar sem hafi numið Önundarfjörð allan og búið á Eyri.

Í varðveittum heimildum sé Traðar fyrst getið í Vilkinsmáldaga frá árinu 1397 þar sem greint sé frá móskurðarréttindum Holtskirkju í landi jarðarinnar. Holtskirkja virðist þó aldrei hafa eignast jörðina, enda þótt hún næði snemma eignarhaldi á öllum hinum jörðunum í Bjarnadal.

Þjóðlendukröfur séu m.a. gerðar í hluta jarðanna á Messuhorni, Kambsfjalli og Kaldbak auk krafna á fjallshryggnum þar sem vötnum halli til Núpsdals í Dýrafirði, en samt sé skv. kröfulýsingu íslenska ríkisins kröfugerðin byggð á sömu rökum og kröfugerð landeiganda og því undarlegt að kröfurnar skuli ekki vera hinar sömu.

Kröfulýsing jarðarinnar sé byggð á landamerkjabréfi hennar auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða.

6.2.2 Sæból, Álfadalur, Háls og Villingadalur

Hér verður gerð grein fyrir sameiginlegum sjónarmiðum þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem eru eigendur jarðanna Álfadals, Sæbóls I–III og hluta Háls og Villingadals. Af hálfu þessara gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á því að það sé engum vafa undirorpið að allt það landsvæði sem íslenska ríkið geri kröfu um að teljist þjóðlenda innan þinglýstra landamerkja jarða þeirra hafi verið numið í upphafi og ávallt verið háð beinum eignarrétt, fyrst og fremst Sæbóls á Ingjaldssandi sem teljist höfuðból að fonu og nýju, líkt og eldri og yngri heimildir beri með sér og sanni. Í *Landnámu* segi:

> Ingjaldr Brúnason nam Ingjalddsand milli Hjallaness ok Ófæru; hann var faðir Harðrefs foður Þorgríms, foður þeira Ljóts ens spaka.

Í bókinni *Landið og Landnáma* eftir Harald Matthíasson segi um þetta að Hrafnaskálanúpur sé innan við Ingjaldssand og þar séu sérkennilegar klettastrýtur, er fyrrum hafi nefnst Standar. Nokkur fyrir innan falli sjór í kletta og heiti þar Pallar (eða Ytri-Ófæra). Þarna hafi verið innri landnámskörk Ingjalds. Ytri mörkin hafi verið um Þúfu (áður kallað Þúfa á Hjallanesi). Fyrir norðan hana sé Nesdalur og hafi legið undir Sæból á Ingjaldssandi svo lengi sem menn muni.

Í bókinni segi að Barði heiti mikið fjall út til hafsins vestan við Ingjaldssand. Þar uppi sé stór hóll, kallaður Ingjaldshóll, og hermi munnmæli, að þar sé Ingjaldur landnámsmaður grafinn. Ljóst sé af nútímaheimildum að Ingjaldshóll á Barða sé talinn til eignarlands Sæbóls og enginn annar hafi farið með eignarheimildir á því landi. Styðji

þetta að fjallið hafi allt verið numið og nytjað í gegnum aldirnar óháð hæðarmörkum yfir sjávarmáli.

Á lista yfir kirkjujarðaskrá í Mýraþingsókn komi fram að Sæból á Ingjaldssandi, 60 hundraða að stærð, sé í einkaeigu frá upphafi skráningar árið 1597 til ársins 1984 og sé svo enn.

Í jarðabréfi sé að finna vitnisburð Jóns Arngrímssonar, sem búið hafi í Álfadal og á Hrauni á Ingjaldssandi í næstum 30 ár, þess efnis að hann hafi aldrei vitað til annars en að Sæból ætti allt land með sjó á milli Þúfu og Reiðarskers og með Sæbólshlíð fram í Sýkiseyri Villingadaldsmegin. Auk þess hafi hann aldrei heyrt né vitað af því að aðrir en eigendur Sæbóls hafi átt þar eignarráð.

Í jarðamati árið 1804 komi fram að jörðin Sæból sé í einkaeigu og að Nesdalur sé hjáleiga jarðarinnar sem nýtt sé til beitar. Hjáleiga sé háð beinum eignarrétti höfuðbólsins, í þessu tilviki Sæbóls.

Í jarðamati 1849–1850 sé Háls talin notagóð jörð og slægjur nægar á fjalli, en tún sé allgrýtt. Þetta sýni svo ekki verði um villst að sökum staðhátta á Vestfjörðum hafi jarðir eignarlanda milli fjalls og fjöru veri nýttar á hvern þann hátt sem landeigendur gátu, m.a. með slægjum á fjalli. Á engan hátt sé vísað til almannaréttar.

Í landamerkjabréfi nr. 107, 15. maí 1886 um landamerki Sæbóls og Háls sem eigendur Villingadals, Mosdals, Álfadals, Hrauns og Sæbóls hafi undirritað segi m.a.:

> Þaðan á jörðin (Sæból) land allt vestur fyrir allan Barða, vestur í Nesdal með reka öllum á móts við endimörk Mýrareka, í Þúfu.
>
> Sæból á Villingadalshlíð úr Krikanum neðanvert við svonefnda Sýkiseyri, og þaðan beint í brún, svo niðureftir til sjávar og reka allan og land allt í svonefnt Reiðarsker.
>
> Kirkjan á ennfremur þriðjung í Nesdal og þriðjung í Heiðum og Seljalágar allar frá Mórillu í læk þann er rennur fyrir utan Stóra-Bala.
>
> Kirkjujörðin Háls á Mórillueyrar beint í fjall eftir því sem áin Mórilla segir.

Ljóst sé að jörðin Sæból I–III sé í þinglýstri eigu landeigenda og þeir hlutar jarðarinnar sem kunni á árum og öldum áður að hafa verið í eigu Sæbólskirkju séu hluti jarðarinnar Sæbóls og háðar beinum eignarrétti. Hafi þessi eignarréttur verið óumdeildur alla síðustu öld eins og staðfest sé af Þjóðkirkjunni.

Í fasteignamati 1916–1918 komi skýrt fram að jörðin Sæból eigi Nesdal sem sé upprekstrarland jarðarinnar. Mótak sé a jörðinni, mikil slægnajörð og beitar góð sumar og veturs. Ljóst sé að hluti sumar- og vetrarbeitilands í eigu jarðarinnar Sæbóls sé Nesdalur sem sé óumdeilt eignarland samkvæmt þessum opinberu gögnum.

Uppskriftir úr dómabókum sýslumanna úr gögnum óbyggðanefndar sýni að þeim jörðum sem hér um ræðir sé afsalað sem eignarlandi.

Eldri gögn svo sem vísitasíur og máldagar styðji ótvírætt að land það sem íslenska ríkið krefjist að verði þjóðlenda hafi frá öndverðu verið eignarland og að kirkjan hafi talið mikilvægt að greina frá, eftir atvikum, beinum eða óbeinum eignarrétti sínum í landi Sæbóls.

Hvað varði Nesdal og Heiðar þá séu heimildir um ítök kirkna en ekki annarra og engra jarða í einkaeigu. Kirkjuítökin sanni ótvírætt að Nesdalur og Heiðar hafi frá upphafi tilheyrt Sæbóli og eftir atvikum Álfadal í tilviki Heiða og falli undir beinan eignarrétt. Umfjöllun í kröfugerð íslenska ríkisins sé órökstudd og verði að telja að um geðþóttaákvörðun sé að ræða fremur en að byggt sé á ákvæðum þjóðlendulaga.

Ekkert bendi til þess að Nesdalur og Heiðar hafi verið nýtt sem afréttur í skilningi þjóðlendulaga og minnt sé á að orðnotkun á öldum áður á orðinu afréttur hafi verið önnur en nú tíðkist og færi því enga sönnun um að landi falli þar með ekki undir beinan eignarrétt. Heimildir frá landeigendum Sæbóls á 20. öld sýni að Nesdalur sé einvörðungu nýttur af þeim og nýttur allt árið og alls ekki einungis til sumarbeitar.

Í máldaga Maríukirkju á Sæbóli sé fjallað um tíund og tolla á öllum jörðum á milli Þúfu og Hrafnskálanúps fyrir utan jörðina Álfadal. Þetta sé órök sönnun þess að litið hafi verið svo á að byggð væri frá Þúfu, þar með talið Nesdal, og allt að Hrafnskálanúp sem falli undir eignarrétt og sé Sæból eigandi þessa landsvæðis.

Í bréfi Sighv. Gr. Borgfirðings frá 1918 komi skýrlega fram að Sæbólsmenn hafi haft allar nytjar af Heiðum og talið þær sína eign. Bréfið lýsi því að ábúendur Álfadals hafi gerst svo djarfir að taka upp mó á Heiðum og það í sjálfum Seljalágum gegn mótmælum Sæbólsmanna eingöngu. Bréfið sýni svo ekki verði um villst að Heiðar séu land sem nýtt hafi verið sem eignarland og geti ekki talist falla undir skilgreiningu þjóðlendu lögum samkvæmt.

Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1951 sé einnig að finna umfjöllun um Ingjaldssand. Þar segi meðal annars að orðalag í máldaga Sæbólskirkju frá 1360 bendi til þess að þá hafi verið bær í Nesdal. Síðan segi þar að Sæból eigi „Nesdal allan“ og að Nesdalur hafi „legið undir Sæból, svo lengi sem menn muna“.

Í gömlum heimildum (máldögum) um ítaksrétt kirkna í Nesdal og á Heiðum sé byggt á því, einnig af hálfu ríkisins, að það hafi veerið eftir Krossmessu á voru hinn 3. maí og að Krossmessu á husti, sem sé 14. september. Nýting Nesdals á 20. öld, og væntanlega mun fyrr af hálfu Sæbóls, sýni að Nesdalur hafi verið nýttur sem hluti jarðarinnar og ekki sem afréttur að sumarlagi sérstaklega eða að öllum hafi verið heimil notkun landsins. Þvert á móti hafi alla 20. öld verið leitað heimilda Sæbóls ef þriðji aðili hafi ætlað sér not af Nesdal.

Í sóknarlýsingum Vestfjarða segi um Nesdal:

> Þar gengur langur dalur fram, sem heitir Nesdalur. Þar er nú, á þessu ári, stofnuð nýlenda, neðst við sjó. Áður er mælt, að þar hafi meiri byggð verið, en sé í eyði lögð, bæði af skriðum og öðru, snemma á tímum, því í gömlum máldögum finnst að kirkjurnar Holts í Önundarfirði, Mýra-, Núps og Sæbóls hafa átt þar ítök og hagagöngu, milli krossmessa, fyrir vissa kúgildatölu, og er það eina afrétti norðan fram Dýrafjarðar.

Í riti Óskars Einarssonar „Aldarfar og örnefni í Önundarfirði“ frá 1951 sé fjalað um örnefn á Ingjaldssandi á bls. 159 og áfram. Þar séu Sæbólsjarðiar fyrst nefndar og síðan sérstakur kafli um Heiðar þar sem segi að Sæból eigi þríhyrnt heiðarlandi frammi í miðjum krikanum mili Hraunhorns og Þorsteinshorns. Það liggi á milli Hraunlands og

Hálslands og takmarkist af Selá að norðan en Langá og Mórillu að sunnan. Þá segi að land þess sé oft nefnt Heiðar.

Með lögum nr. 113/1952 hafi verið unnið að lausn ítaka og samkvæmt 4. gr. laganna hafi áskorun verið gerð um lýsingu ítaka. Hinn 3. maí 1954 hafi biskup Íslands lýst ítökum í jörðina Sæból og Jóni S. Jónssyni landeiganda Sæbóls hafi verið send tilkynning um ítakslýsinguna vegna Nesdals með bréfi 26. október 1954. Þessi ítakalýsing sé óræk sönnun um beint eignarhald Sæbóls á Nesdal og jafnframt að kirkjuítökin, sem eingöngu hafi verið tvö eftir það tímamark og voru kvöð á beinum eignarrétti Sæbóls, en þesum ítökum muni ekki hafa verið þinglýst og þau hafi því fallið niður samkvæmt ákvæðum laga nr. 113/1952. Þá hafi Þjóðkirkjan með beinum hætti lýst því yfir með bréfi 25. apríl 2016 að hún eigi hvorki lönd né ítök í Nesdal né Heiðum og hið sama hafi ríkið gert með bréfi 14. júní 2017.

Dagbókarfærslur Ágústs Guðmundssonar bónda á Sæbóli frá því fyrir hartnær 100 árum sýni not Sæbóls á Nesdal og að farið hafi verið með fé í dalinn þegar á Góu. Dagbókarfærslur sonar hans, Guðmundar Ágústssonar sem hafi tekið við búi af föður sínum, frá því um miðja 20. öld sanni þetta einnig.

Á árunum 1972 til 1986 séu skýrar heimildir um að Sæból hafi haft fé í Nesdal fram í lok október og allt fram í miðjan nóvember, mismunandi eftir árum, og að það fé hafi einvörðungu verið fé í eigu Sæbóls og að Sæból hafi séð um að taka féð án aðkomu eigenda annarra jarða.

Sæból hafi skorið mó á Heiðum og engar heimildir séu um að aðrar jarðir hafi haft þar mótekjurétt. Bendi þetta ótvírætt til beins eignarréttar á landinu.

Samningur um fjölnytjaskógrækt og skjólbeltarækt hafi verið gerður hinn 3. mars 2003 á milli Skjólskóga á Vestfjörðum og Bjarna M. Jónssonar sem skógarbónda um skógrækt á 155 hektara svæði á Heiðum í landi Sæbóls I–III, auk Álfadals og Ástúns og honum hafi verið þinglýst 8. júní 2008. Samningurinn hafi verið staðfestur af landbúnaðarráðuneytinu árið 2006.

Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar sé Nesdalur eignarland sem landeigendur á Sæbóli hafi heimild til að byggja fasteignir á.

Telja verði sannað að alla 20. öld hafi Sæból farið með bein eignarráð yfir Nesdal og að opinberir aðilar hafi komið fram við landeigendur sem eigendur Nesdals. Ákvæðum hefðarlaga sé því löngu fullnægt fyrir setningu þjóðlendulaga. Hið sama gildi eftir atvikum um Heiðar og eignarráð Sæbóls og Álfadals. Jarðirnar hafi farið afskiptalaust með bein eignarráð í fullan hefðartíma löngu fyrir setningu þjóðlendulaga.

Ennfremur byggja gagnaðilar ríkisins á því að kröfur ríkisins séu órökstuddar með öllu og byggi þannig ekki á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Ríkið virðist komið langt frá tilgangi laga nr. 58/1998 með kröfum sínum í málinu, sér í lagi hvað varði þjóðlendukröfur m.a. í Nesdal, á Heiðum og stórum hluta jarðarinnar Háls. Höfuðtilgangur laganna hafi verið að eyða óvissu um eignarhald að miðhálendi landsins og þannig hafi málið verið lagt fyrir Alþingi árið 1998. Engin óvissa hafi verið um

eignarhald jarða á þessu svæði enda þinglýst eign landeigenda. Við undirbúning þjóðlendulaga hafi komið fram að ekki ætti að telja þau landsvæði til þjóðlendna sem nú væru innan þinglýstra landamerkja jarða. Sé engu líkara en að ríkið hafi nú allt aðrar hugmyndir um þjóðlendur en hafi verið tilgangur löggjafans þegar Alþingi hafi samþykkt frumvarpið og gert að þjóðlendulögum.

Í kröfugerð íslenska ríkisins felist óvægin aðför að stjórnarskrárvörðum eignarréttindum landeigenda sem vernduð séu af 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Aðför þessari megi líkja við eignaupptöku en engan megi skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji og þurfi til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir, sem séu skilyrði eignarnáms. Ekki sé um eignarnám að ræða heldur feli kröfur ríkisins í sér kröfu um eignaupptöku og séu því ólögmætar að öllu leyti.

Engin rök sé að finna í kröfugerð ríkisins fyrir því að svæðin sem um ræðir liggi eða hafi nokkurn tímann frá landnámi legið utan eignarlanda og sé í raun ómögulegt að átta sig á því hvernig kröfugerð ríkisins eigi að byggja á þeim heimildum sem þar sé vísað til og hvaða þýðingu gögn með kröfugerðinni hafi til að renna stoðum undir hana.

Þá fáist hvorki séð af hverju né á hvaða grundvelli fjallað sé um Nesdal og Heiðar sem sér og aðskilin kröfusvæði í kröfugerð íslenska ríkisins. Því sé mótmælt harðlega að unnt sé að aðskilja umrædd svæði frá landi Sæbólsjarða. Vísist í því samhengi til eldri heimilda sem kveði á um að svæðin tilheyri jörðinni Sæból. Þá sé á það bent að unnt væri að gera slóða sem lægi aðeins um land Sæbóls til að tengja saman heimalandið við Nesdal og Heiðar án þess að fara yfir aðrar aðliggjandi jarðir. Hér sé því ekki um aðskilin landsvæði að ræða heldur áframhaldandi landsvæði Sæbóls.

Af hálfu landeigenda er einnig byggt á því að land innan landamerkja jarða sé eignarland. Landamerkjabréf vegna jarðanna sem um ræðir hafi verið árituð um samþykki eigenda aðliggjandi jarða og bréfin þinglesin. Í þessu samhengi sé t.d. bent á úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 1/2002 þar sem fram komi að með vísan til tilgangs landamerkjalaga 1882, síðari tíma löggjafar og úrlausna dómstóla, telji óbyggðanefnd að leggja verði til grundvallar að jörð, svo sem hún er afmörkuð í landamerkjabréfi, sé beinum eignarrétti háð. Í þeim tilvikum þar sem einstaklingar eða lögaðilar hafi samkvæmt elstu heimildum farið með þau réttindi og skyldur sem í beinum eignarrétti felast verði að telja eðlilegt að íslenska ríkið beri hallann af öllum þeim vafa sem fyrir hendi kunni að vera. Að mati landeigenda sé þó enginn slíkur vafi til staðar og bendi landamerkjabréf ótvírætt til beins eignarréttar landeigenda að jörðunum.

Líkt og rakið hafi verið séu landamerkjabréf jarðanna árituð, þinglesin og færð í landamerkjabók og á þeim hafi síðan verið byggt án þess að til athugasemda yfirvalda hafi komið. Landeigendur hafi því um langa hríð haft réttmætar ástæður til að vænta þess að landamerkjum sé rétt lýst.

Svo tekinn sé af allur vafi þá falli svæðin Nesdalur og Heiðar innan þeirra lýsinga sem fram komi í landamerkjabréfum. Í landamerkjabréfi Sæbóls frá 15. maí 1886 komi eftirfarandi fram:

> „… þaðan á jörðin land allt vestur fyrir allan Barða, vestur í Nesdal, með reka öllum til móts við endimörk Mýrareka, í Þúfu. Sæból á Villingadalshlíð úr Kikanum neðanvert við svonefnda Sýkiseyri, og þaðan beint á brún; svo niður eptir til sjávar, og reka allan, og land allt í svonefnt Reiðarsker."

Sé þannig hafið yfir allan vafa að Nesdalur rúmist innan þessara örnefna, þ.e. milli Þúfu og Reiðarskers. Þá sé í framangreindu landamerkjabréfi ítrekað að kirkjan eigi þriðjung í Nesdal og Heiðum. Hér sé um áréttingu að ræða hvað varði eignarhlut kirkjunnar en ljóst sé að væri þess ekki getið væri Sæbólsjörðin ein eigandi þessa landsvæða enda engin önnur skýring tæk. Minnt sé á að Sæbólskirkja var bændakirkja og eignarrétturinn því allur á hendi eigenda Sæbóls. Engin gögn hafi komið fram í málinu um hið gagnstæða, og öllum fullyrðingum um annað sé mótmælt ef um slíkt sé að ræða.

Landamerkjalýsingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfar gildistöku landamerkjalaga hafi víða verið byggðar á eldri heimildum, svo sem lögfestum, máldögum og eftir atvikum eldri landamerkjabréfum og jarðamötum. Þessum lýsingum hafi svo verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu yfirvaldsins og telji landeigendur það leiða til þess að þarna hafi orðið til fullkomnar heimildir um landamerkin og þar með eignarrétt þinglýstra eigenda. Þetta fyrirkomulag beri að virða. Þá hafi landeigendur greitt öll hefðbundin gjöld og alla skatta af jörðunum ásamt því að sinna öðrum skyldum vegna jarðanna.

Af almennum niðurstöðum óbyggðanefndar megi ráða að óbyggðanefnd telji að jarðamöt sýni fram á tilvist sjálfstæðrar jarðar og dýrðleiki hennar sé fyrst og fremst heimild um landgæði fyrr á tímum. Jarðabækur og jarðamöt gefi þannig vísbendingar um eignarréttindi, landnýtingu og jafnvel landamerki.

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu frá 1804 komi fram að dýrleiki jarðarinnar Sæból sé metinn 60 hundruð. Með í þessu mati hafi verið hjáleigurnar Efri-hús og Neðri-hús og sérstaklega tiltekið að eyðihjáleigan Nesdalur sé með í matinu.

Ljóst sé að jörðin Sæból hefði ekki verið metin svo hátt í jarðamati sem raun beri vitni ef henni hefðu ekki tilheyrt Nesdalur og Heiðar þar sem jörðin hefði verið mjög landlítil án þessara svæða. Fái þetta sömuleiðis stuðning frá jarðamötum aðliggjandi jarða sem allar séu metnar talsvert minna að dýrleika en höfuðbólið Sæból.

Að mati landeigenda séu fyrirliggjandi jarðamöt í málinu ljóslega til marks um sjálfstæða tilvist jarðanna. Í fasteignamati 1916–1918 sé jafnframt að finna heimildir um sjálfstæða tilvist jarðanna og eignarétt á þeim tíma. Þegar fasteignamatið hafi verið gefið út hafi gilt 7. gr. fasteignalaga nr. 22/1915 sem hafi kveðið á um að afréttarlönd sem væru í eigu sveita og einungis notuð til upprekstur skyldi eigi meta sérstaklega. Aftur á móti skyldi við mat jarða taka til greina upprekstarrétt þeirra sem slíkan ættu í jarðarmati. Í fasteignamati Sæbóls komi fram að jörðin eigi Nesdal, sem sé

upprekstrarland jarðarinnar. Það ásamt landamerkjabréfum jarðarinnar sýni það ljóslega að Nesdalur tilheyri jörðinni og ekki hafi verið uppi ágreiningur, hvorki hvað varðar landamerkin né jarðamötin. Í þessu sambandi séu aðrar jarðir ekki nefndar sem sannar bæði eignarrétt Sæbóls og að Nesdalur og Heiðar falli innan ágreiningslausra landamerkja samkvæmt landamerkjabréfum.

Samkvæmt almennum niðurstöðum óbyggðanefndar geti máldagar og vísitasíur haft nokkuð heimildargildi um tilvist eignarréttinda. Í fyrirliggjandi máldögum og vísitasíum Sæbólskirkju megi finna samhljóðandi heimildir um eignir kirkjunnar sem nái meðal annars til landsins undir Hálsi, áttundar í Geirsbrekku í Súgandafirði auk þriðjungs í Nesdal og Heiðum. Heimildir þessar megi finna á skjölum 2(157)a–b, 2(158)a–b, 2(180)a–b), 2(181)a–b, 2(183)a–b, 2(159), 2(185)a–b, 2(186)a–b og 2(187)a–b og nái þær yfir tímabil allt frá árinu 1306 og til ársins 1570.

Í þessu samhengi sé vert að árétta að Sæbólskirkja ásamt kirkjunni í Álfadal hafi verið í eigu eigenda þeirra jarða, sem sagt í bændaeign, svokallaðar bændakirkjur. Hér falli saman eignarréttur og óskertur umráðaréttur jarðeigenda viðkomandi jarða þó með tilliti til þeirra ítaka sem kirkjur hafi átt, til dæmis Mýrarkirkja.

Svæðin sem um ræði hafi verið numin og nýtt með öllum mögulegum hætti, ávallt eftir fremsta megni hverju sinni. Nytjar landeigenda hafi í gegnum tíðina m.a. verið sauðfjárbeit, fjörunytjar, útræði, berjatínsla, fjallagrös, mótaka og í seinni tíð skógrækt.

Þá bendi ekkert til þess að aðrir en Sæbólsmenn eða þeir sem leitt hafa ítaks- eða leigurétt frá Nesdal og Heiðum hafi nýtt landið innan merkja Sæbóls og aðrar nytjar hafi verið háðar leyfi Sæbólsbænda ef um það hafi verið að ræða.

Í bókinni Kvöldlag við kirkjudyr sé að finna umfjöllun um Sæból á Ingjaldssandi. Komi þar fram að við árið 1710 hafi bændurnir Eggert Sæmundsson á Sæbóli og faðir hans Sæmundir verið sjálfseignarbændur á Sæbóli. Sé þar enn fremur vísað til þess að þeir hafi verið auðbændur miklir. Auk róðrarskyldu hafi af jarðeignum þeirra fengist smjör- og lambstollar og beitarstaða t.d. á Nesdal. Þá hafi Nesdalur verið girtur með fyrirhleðslu sem bendi til notkunar dalsins sem beitilands. Af umfjöllun bókarinnar um Eggert megi ráða að hér hafi verið um auðmann að ræða sem hafi verið mikils virtur í þjóðfélaginu. Verði að telja að auðmaður af þeirri gráðu hafi kosið sér búsetu á Sæbóli í ljósi hinna miklu verðmæta sem í jörðinni fólust, þar á meðal vegna Nesdals og Heiða, en slíkir jarðeignamenn hefðu vart kosið sér bústöðu þar annars.

Í framangreindri heimild komi einnig fram að á Sæbóli hafi verið allmikið bú og furðu margt í fjósi. Þá hafi verið langsótt á engjar sem voru nokkrar í Nesdal. Það sanni að Sæból hafi nýtt slægjur í Nesdal og engir aðrir. Þessi nýting sé óræk sönnun um beinan eignarrétt.

Þá segi í sóknarlýsingu Vestfjarða um Nesdal að þar sé hið besta beitiland, vetur og sumar og nokkuð slægnaland, bæði neðarlega og framarlega. Um beitiland í Nesdal bæði vetur og sumur vísist einnig til eldri heimilda og nýs skjals með greinargerð (fskj.

6) þar sem fram komi í bókinni Frá yztu nesjum að geldfé hafi síðari hluta vetrar verið haldið til beitar í Nesdal.

Landeigendur hafi einnig lagt fram endurminningar Gunnars M. Magnúss. Þar fjalli hann um veru sína í Nesdal og vísar til beitarítaka kirkna. Komi þar einnig fram að leyfi til róðra í Nesdal hafi verið auðfengið. Sé það til marks um það að um slíkt leyfi hafi samt sem áður þurft að sækja hjá eigendum Sæbóls. Þá fjalli Gunnar í endurminningum sínum um að einstöku sinnum hafi menn komið í dalinn að líta eftir nautgripum en eigendur dalsins hafi rætt um slík atvik sín á milli og í framhaldinu tekið fyrir og afráðið að vermenn yrðu að víkja. Í kjölfarið hafi eigendur synjað þeim sem um uppsátur sóttu þar sem dalurinn skyldi ekki vera veiðistöð.

Ljóst sé að einstaka ær frá öðrum en eigendum Nesdals hafi í gegnum tíðina fundið sig í Nesdal og Heiðum en landeigendur taki í því tilliti fram að það hafi ekki þýðingu og bendi alls ekki til þess að um samafrétt hafi verið að ræða enda sé svæðið ekki girt. Um það vísist einnig til máls óbyggðanefndar nr. 1/2002 þar sem fyrirkomulag smölunar hafi ekki verið talið hafa eignarréttarlega þýðingu að mati óbyggðanefndar. Eigi hið sama við hér.

Þá hafi í seinni tíð farið fram umfangsmikil gróðursetning skógar á Heiðum af hálfu eiganda Sæbóls sem ekki hafi verið gerð athugasemd við.

Um fjörur og rekaeign sé vísað til eldri heimilda svo sem ítaka kirkna, til að mynda vegna Mýrakirkju. Þar komi fram að kirkjan eigi ítak í reka öllum allt þar til sást til skáladyra við Nesdal. Sýni þetta að frá Þúfu (landamerki) hafi taka reka í Nesdal verið óheimil öðrum en Sæbólsjörðum og Sæbólskirkju.

Benda megi á eftirfarandi umfjöllun úr hinni sögulegu greinargerð þar sem fram komi að litið sé á Guðmund Guðmundsson í Nesdal sem ábúanda og að reki væri eign Sæbóls. Í samningi sem gerður sé fær ábúandi bjarglaun og ómakskostnað og smærri reka sem síður skipti máli. Sanni þetta ótvíræðan eignarrétt Sæbóls.

Úr sögulegri greinargerð:

> Hinn 3. febrúar 1846 fór fram sáttafundur hjá sáttanefnd Mýrahreppsumdæmis. Guðmundur Bjarnason og Jón Bjarnason á Sæbóli höfðu kært Guðmundur Guðmundsson í Nesdal fyrir töku á reka í Nesdal, sem eignaður væri Sæbólskirkju. Reynt var að ná sáttum um málið en Sæbólsbændur fóru fram á að kostnaðurinn félli á Guðmund. Guðmundur bauð í fyrstu þriðjung trésins, sem Sæbólskirkja ætti í Nesdal. Loks náðist sátt og er hún skráð þannig í sáttabók:
>
> þessi Sök sættist med því skilyrdi, ad Sæbolskyrkiueígendur fái alt þetta rekatré~~d~~ enn Gudmundr sem leigu lidi i Nesdal fái allann smærri reka, so stórann eda langann, sem Lög vor tiltaka, ákæru eda tilkallslaust; Kostnadur af forlíkuninni leidandi féll á báda málsparta. – var því þessi sök med kærleíka til lykta leidd af bádum vidkomendum. – frammveigis var áskilid ad ef reki bæri upp á Sæbolsland i Nesdal, ad ábúandinn i Nesdal skyldi biarga og feria og géfa Sæbolseigendum til vitu[ndar] enn þyggia eda fá bjarglau[n] og allann ómakskostnad af þeim en rekann ættu framvegis, ásamt ádurnefndum smærri reka.

Þá séu engar heimildir um annað en að tekinn hafi verið tollur af öllu útræði úr Nesdal af hálfu eigenda Sæbólsjarða.

Þá megi þess geta að af Barðafjallinu sé hægt að fara úr ca. 495m hæð niður í 390m hæð í Nesdalsskarðinu sjálfu, sem sagt rúmir 100 metrar og góð gönguleið. Einnig séu tæpir 900 metrar þvert yfir Barða frá brún Skáladals að brún Loðnuhvilftar í Nesdal. Sæbólsmenn hafi oft farið gangandi yfir Barða, yfir í Nesdal þar sem það hafi verið mun styttra og fljótfarnara áður en vegurinn kom.

Landeigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi sem m.a. hafi lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar eða að leitað hafi verið leyfis hjá landeigendum til hvers kyns nytja. Úr sögulegri greinargerð:

> Hinn 10. nóvember 1827 lýsti Jón Bjarnason á Sæbóli því yfir að hann myndi lofa Jóni Jónssyni á Skaga að rista torf í Nesdal. Yfirlýsing Jóns var meðfylgjandi bréfi sr. Ásgeirs Jónssonar til biskups frá 31. desember sama ár, en í yfirlýsingunni segir:
>
> Eg undir skrifadur lofa bondanum Joni Jonssyni a Skaga ad Rista torf, í Nesdal eptir þørfum, þó í þeim stad sem hann sier Skada mínst, og þessu til stadffestu er mitt undir skrifad nafn, Sæboli þann 10 Nóvemb. 1827

Með hliðsjón af gróðurfari og nytjum sé ekkert sem bendi til annars en að um hafi verið að ræða land í einkaeigu. Hvergi í heimildum aðliggjandi jarða sem hafi ekki átt ítaksrétt á svæðunum sé vikið að Nesdal eða Heiðum sem bendi til þess að ekki hafi verið um sameiginlegan afrétt að ræða. Þess beri einnig að geta að eftir tilkomu laga um fasteignamat hafi borið að kveða á um afréttarlönd sem væru í eigu sveita en upprekstrarrétt annara skyldi greina í jarðamati. Líkt og áður greini sé í jarðamati Sæbóls tilgreint svokallað afréttarland Nesdalur, væri þess ekki getið þar nema um einkarétt væri að ræða. Landskuldir, fasteignamat og annað sé greitt af jörðinni af hálfu eigenda Sæbóls og ef um væri að ræða sameiginlegan afrétt þá hefði hann verið tilgreindur á annan hátt og Sæbólseigendur þar með ekki ábyrgir fyrir honum.

Íslenska ríkið haldi því fram að Nesdalur og Heiðar á Ingjaldssandi hafi verið nýtt sem sameiginlegar afréttir án þess að útskýra það nánar á hverju slíkur málatilbúnaður sé byggður.

Í málinu séu engar heimildir þess efnis að einhverjir hlutar jarðanna hafi fallið úr einkaeign og orðið almenningur. Á svæðinu hafi aldrei verið afréttir í þeim skilningi að afnot hafi verið takmörkuð við beitarafnot eða sameiginleg afnot með öðrum. Landið í Nesdal hafi verið notað til vetrarbeitar og sóttust nágrannar eða aðrir ávallt eftir leyfi Sæbólseigenda fyrir hverskyns afnot. Þó svo að einstaka ær annarra hafi villst á svæðið og sveitamenn á einhverjum tímapunkti tekið þátt í smölun á svæðinu sé það engin sönnun fyrir að landið teljist frekar almenningur eða einungis háð afnotarétti. Lög um afréttarmál og fjallaskil geri þá einnig ráð fyrir skipulagðri smölun á heimaafréttum og eignarlöndum bænda. Smölun á svæðinu hafi verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum og hafi enginn getað nýtt það til beitar eða annars nema með samningum við landeigendur.

Gamlar heimildir kveði á um að í Nesdal hafi verið hið besta beitiland, bæði vetur og sumar og bendi það ótvírætt til þess að ekki hafi verið um afrétt að ræða, að minnsta kosti ekki í þeim skilningi sem nú sé lagður í hugtakið.

Þá megi benda á umfjöllun um afréttir og afréttarnot í sögulegri greinargerð þar sem fram komi að Árni Magnússon og Páll Vídalín hafi tekið fram í sinni jarðabók að þegar ekki hafi verið búið í Mosdal og jörðin því í eyði hafi hún verið nýtt sem afréttur eins og þeir nefni það. Skýrt komi fram að þeir bændur úr Dýrafirði og af Ingjaldssandi sem þetta nýttu, hafi gjaldið landeiganda toll. Hér sé því skýrt dæmi um að hugtakið afréttur hafi verið notað um land sem hafi verið í einkaeigu og eiginlegir afréttir og almenningar hafi ekki verið á þessu svæði.

Þá sé ljóst að í tilefni fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands um afréttir og almenninga hafi oddvitar Mýrarhrepps lýst því yfir í upphafi 20. aldar að hvorki væru afréttir né almenningar í hreppnum sem ekki tilheyrðu lögbýli. Sambærileg fyrirspurn hafi verið gerð hinn 20. febrúar 1989 og hafi henni verið svarað af oddvitum Mýrarhrepps og Mosvallahrepps um að í hreppunum væru engin afréttarlönd.

Þá hafi óbyggðanefnd tekið fram m.a. í úrskurði sínum í máli nr. 2/2020 að notkun hugtaksins afréttur í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hafi ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hafi merking þess ekki verið einhlít í gegnum tíðina. Í sögulegum heimildum sé hvergi vikið að Nesdal eða Heiðum sem afrétt í núverandi skilning heldur ávallt tekið fram að svæðin tilheyri jörðinni Sæból, Sæbólskirkju og bænahúsi í Álfadal. Af landamerkjabréfi jarðarinnar Sæbóls sé heldur ekki hægt að draga þá ályktun að svæðin hafi aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland Sæbóls.

Í heimildum hafi ítaka ítrekað verið getið hvað varðar Nesdal og Heiðar, svæðin geti því ekki talist afréttur eða almenningur enda væri það í andstöðu við ítaksrétt á svæðunum sem sé einkaréttarlegs eðlis.

Þá sé minnt á dagbækur eiganda Sæbóls frá 20. öld. Í þeim sé lýst nýtingu Sæbóls á Nesdal langt umfram venjuleg afréttarnot. Af þeim heimildum sé ljóst að eignarréttur Sæbóls jarða sé beinn og fullkominn.

Ljóst sé að réttmætar væntingar manna til eignarréttar séu verndaðar af mannréttindaákvæðum MSE. Slíkar réttmætar væntingar geti m.a. byggt á því að ríkisvaldið hafi með einum eða öðrum hætti viðurkennt eignarréttinn t.d. með því að þinglýsa eignaryfirfærsluskjölum athugasemdalaust um áratugaskeið, en um þetta vísist til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu frá 23. nóvember 2000 (Former King of Greece and others vs. Greece).

Ríkisvaldið hafi án alls vafa afsalað sér öllum rétti til landsvæðisins líkt og sjá megi á bréfum landeigenda að Sæboli frá fasteignasviði Kirkjumálasjóðs hinn 25. apríl 2016 og frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu hinn 14. júní 2017. Landeigendur hafi því öðlast réttmætar væntingar til eignarréttar síns.

Hafi íslenska ríkið nokkru sinni getað haft uppi kröfu eða véfengt eignarhald landeigenda að jörðunum sem um ræðir þá sé ljóst að slík krafa sé fyrir löngu fallin niður vegna hefðar, fyrningar og tómlætis.

Óbyggðanefnd hafi áður komist að þeirri niðurstöðu að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæði það, sem ítakið sé á, sé eða hafi einhvern tímann verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti.

Í eldri heimildum um réttindi kirkna á svæðinu sé ítrekað vísað til þess að kirkjur eigi ítök í Nesdal. Samkvæmt máldögum kirkna á svæðinu áttu kirkjan í Holti í Önundarfirði, kirkjan að Mýrum og kirkjan að Núpi og Sæbólskirkja ítök í Nesdal. Taka verði tillit til staðhátta á Vestfjörðum og á Ingjaldssandi. Ljóst sé að hér hafi ekki verið um almenning að ræða í Nesdal og kirkjur gætt þess vel að tiltaka ítaksrétt sinn sem hafi verið nauðsynlegt vegna beins eignarréttar Sæbóls, sem hafi verið höfuðból. Aðrir gátu ekki nýtt sér Nesdal og Heiðar nema með sérstöku leyfi þess efnis.

Af sögulegum heimildum megi sjá að tilraunir hafi verið gerðar til stofnunar nýbýlis í Nesdal samkvæmt nýbýlistilskipun. Slíkar tilraunir hafi ávallt sætt mótmælum landeigenda Sæbóls og ekki tekist. Verði að telja ástæðu þess vera vegna þess að aðrir hafi talið til eignarréttar á svæðinu en af 3. og 10. gr. nýbýlatilskipunarinnar verði ráðið að ef stofnað væri til nýbýlis á landsvæði sem hafi verið háð beinum eignarrétti fyrir hafi ekki verið gert ráð fyrir yfirfærslu þess eignarréttar til nýbýlingsins nema um það semdist við landeiganda. Hugmyndin um stofnun nýbýlis við þær aðstæður hafi þá verið fremur til að vera tímabundin ábúð á leigulandi, líkt og heimildir, meðal annars um reka, sem rakin séu hér að framan benda til.

Heimildir um tilraunir til stofnunar nýbýlis í Nesdal bendi því til þess að þarna hafi verið um ábúð á eignarlandi að ræða fremur en að almenningur væri numinn og tekinn bótalaust til eignar.

Þá sé á því byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland. Landeigendur haldi því fram að á umræddu svæði sé hvergi að finna afrétti eða almenninga en taka fram að fræðimenn hafi talið að eignarhefð verði unnin á landi hvort sem það sé afréttur eða almenningur sé skilyrðum hefðar á annað borð fullnægt. Landeigendur telji eldri heimildir styðja að ekki hafi verið um eigendalaust land að ræða heldur bendi allt til þess að landið hafi verið numið. Sjónarmið um hefð séu því til staðfestingar náminu, til að festa í sessi eignarrétt landeigenda.

Þá hafi landeigendur í gegnum tíðina borgað öll lögboðin gjöld af eignum sínum.

Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar, sem lögfest var með 12. gr. stjórnsýslulaga, beri ríkisvaldinu ætíð að hafa meðalhóf að leiðarljósi í samskiptum sínum við borgarana, sér í lagi hvað varðar íþyngjandi ákvarðanir. Á þeim grundvelli verði landeigendur ekki sviptir eignarréttindum sínum bótalaust né á þá lögð óhófleg sönnunarbyrði.

Þá sé vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og stjórnsýslulaga um að sambærileg mál skuli hljóta sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna. Þá sé ekki að sjá

að í málum vegna svæðis 10B fyrir óbyggðanefnd séu gerðar viðlíka kröfur af hálfu ríkisins í land annarra jarða líkt og gert sé hvað varðar Nesdal, Heiðar og stóran hluta jarðarinnar Háls.

Hvað varði kröfulýsingar annarra jarða á svæðinu sé mótmælt öllum kröfum sem kunni að vera andstæðar kröfum þeirra landeigenda sem skila greinargerð þessar, hverju nafni sem nefnast, en tekið undir sjónarmið sem falli að kröfum þeirra. Þá sé öllum landamerkjalýsingum sem kunna að stangast á við landamerkjalýsingar landeigenda í greinargerð þessari mótmælt ef um slíkt sé að ræða.

Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á þann rétt. Landeigendur hafi sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa fyrir jörðum sínum. Eldri heimildir mæli þeim ekki í mót og hafi ríkið sönnunarbyrði fyrir því að landamerki þessara jarða séu röng.

Þá hafi óbyggðanefnd ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að líkur séu á því að land sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum sé eða hafi verið jörð sé beinum eignarrétti háð. Sönnunarbyrðin hvíli á þeim sem öðru haldi fram.

Um þrautavarakröfu er vísað til framangreindrar umföllunar og á það bent að heimildir bendi til þess að fjalllendi hafi verið nýtt að öllu leyti og ekki á neinn hátt aðskilið frá eignarlandi jarðanna. Bendi örnefni eins og Ingjaldshóll (Ingjaldsdys) eindregið til þessa, sbr. þinglesið skjal um friðun fornleifa sem fylgdi með bréfi Þjóðminjasafns og sem beint hafi verið til eiganda Sæbóls sem landeiganda.

Fjallið Barði sé hæst í 519 m hæð og geti þjóðlendulína ekki miðast við lægri hæðarmörk en þá tölu þar sem fjallið sé nýtt að öllu leyti og heyri undir beinan eignarrétt. Nefna megi ýmis örnefni í fjallinu sem styðji þetta.

Sama gildi um Skagafjall, þar sé nýtt að öllu leyti óháð hæðarmörkun. Telji óbyggðanefnd að miða eigi við hæðarmörk án þess að gengið sé gegn ákvæðum 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar erði að telja að ekki komi til greina að miða við lægri hæðarmörk á þessu svæði en 600 m sem geri það að verkum að afar lítill hluti þessa svæðis geti talist þjóðlenda.

Fari svo ólíklega að fallist verði að einhverju marki á þjóðlendukröfur ríkisins innan þess svæðis sem hér sé til umfjöllunar bendi allar heimildir til þess að öll óbein eignarréttindi hverju nafni sem nefnist séu eftir atvikum í eigu Álfadals, Sæbóls I–III og Villingadals. Nægi þar að vísa til umfjöllunar hér að framan um reka, mótekju og hefðbundin landbúnaðarafnot, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1998.

Komist óbyggðanefnd að þeirri niðurstöðu að um þjóðlendu sé að ræða þá sé það að mati landeigenda einungis ein jörð, Sæból I–III, sem átt geti öll réttindi innan svæðisins, þar með talið í Nesdal og á Heiðum en engar eldri heimildir bendi til þess að önnur nærliggjandi jörð eigi nokkurt tilkall til óbeinna eignarréttinda.

Fari svo ólíklega að land innan þinglýstra landamerkja jarðarinnar Háls verði talin þjóðlenda sé gerð krafa um að þinglýstir eigendur jarðarinnar eigi öll óbein eignarréttindi innan þessa tilgreinda svæðis, s.s. beitarrétt.

Um lagarök sé af hálfu landeigenda vísað til meginreglna eignarréttar og stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sérstaklega 72. gr. og 65. gr. hennar. Einnig sé vísað til mannréttindasáttmála Evrópu, einkum 2. og 6. gr. og 1. gr. 1. samningsviðauka við hann. Þá sé vísað til landamerkjalaga nr. 41/1919, laga nr. 46/1905 um hefð, fasteignalaga nr. 22/1915, laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Enn fremur sé vísað til venjuréttar og almennra reglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga. Þá sé vísað til almennra meginreglna stjórnsýsluréttar sem ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 eru byggð á. Sérstaklega sé vísað til rannsóknarreglu, janræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar. Vísað sé til þinglýsingarlaga nr. 39/1978, einkum 25.–27. gr. og laga um afréttarmálefni, fjallaskil o.fl. nr. 6/1986. Jafnframt sé vísað til laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, einkum 1. gr., 5. gr., 15. gr., 17.gr, 11. gr. og 12. gr. Varðandi kröfu um málskostnað sé vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. þjóðlendulaga.

6.2.3 Sæból og Háls

Hér verður fyrst gerð grein fyrir sameiginlegum sjónarmiðum gagnaðila íslenska ríkisins vegna hluta af Sæbóli 2 og hluta Háls en sjónarmiðum sem varða hvora jörð sérstaklega eru síðan gerð skil í undirköflum.

Af hálfu framangreindra gagnaðila íslenska ríkisins er byggt á því að með kröfugerð ríkisins fyrir óbyggðanefnd, sé gerð alvarleg aðför að eignarrétti þeirra sem njóti verndar 72. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), sbr. 10. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur hefur verið með lögum nr. 62/1994 (MSE).

Í ljósi kröfugerðar ríkisins telji landeigendur að óbyggðanefnd verði að taka skýra afstöðu til þeirra röksemda sem byggðar séu á 72. gr. stjskr. sem og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE við mat á því hvort sönnur hafi tekist fyrir löglegu eignarhaldi.

Hafa beri í huga að hugtakið „eign“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE hafi af Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) verið túlkað á þá leið að það hafi sjálfstæða merkingu. Með sjálfstæðri merkingu sé átt við að við mat á því hvort í tilteknu máli sé um að ræða eign sem njóti verndar 1. gr. þurfi að kanna hvort svo sé samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis, sem í hlut á. Skortur á slíkri vernd að landsrétti ráði hins vegar ekki alltaf úrslitum um mat á því hvort um eign sé að ræða í skilningi 1. gr. Þannig geti verið um að ræða eign í skilningi ákvæðisins þótt dómstólar viðkomandi aðildarríkis hafi ekki talið að um eign væri að ræða samkvæmt innanlandsrétti þess ríkis.

Hér sé það mat MDE með tilliti til atvika í hverju máli fyrir sig sem ráði för. MDE hafi ítrekað áréttað að við mat þetta beri að líta til allra atvika máls í heild sinni. Þannig hafi dómstóllinn bæði litið til staðreynda og lagalegra atriða. Við mat þetta hafi í ákveðnum málum ráðið úrslitum, hvernig farið hafði verið með umrædda eign í framkvæmd, sérstaklega í lögskiptum og hvaða traust menn hafi borið til þeirrar framkvæmdar. Þá hafi framkoma handhafa ríkisvaldsins í garð eigenda, einnig skipt máli. Í þeim málum þar sem komið hafi verið fram við einstaklinga/lögaðila sem réttmæta eigendur ákveðinna eigna hafi slík framkoma verið talin vekja ákveðnar væntingar hjá þeim aðilum um löglegt eignarhald sitt á þeim eignum. Af þessu megi ráða að afskipti og afskiptaleysi ríkisvaldsins skiptir máli við þetta sönnunarmat.

Um framangreind sjónarmið vísist til dóms MDE frá 24. júní 1993 (Papamichaloppulos gegn Grikklandi), dóms yfirdeildar MDE frá 23. núvember 2000 (Fyrrum Grikklandskonungs og fleiri gegn Grikklandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 5. janúar 2000 (Beyeler gegn Ítalíu).

Þá byggi landeigendur einnig á þeim sjónarmiðum sem MDE hafi lagt til grundvallar um lögmætar væntingar. Þannig hafi MDE lagt til grundvallar að væntingar einstaklinga eða lögaðila til að njóta eigna sinna séu verndaðar af 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE ef þær séu byggðar á sanngjörnu og réttlætanlegu trausti á réttargerning, sem sé tengdur við eignarréttindi og hefur áreiðanlegan lagagrundvöll.

Um framangreind sjónarmið vísast til dóms MDE frá 29. nóvember 1991 (Pine Valley Developments Ltd. og fleiri gegn Írlandi), dóms MDE frá 4. júní 2003 (Stretch gegn Bretlandi) og dóms yfirdeildar MDE frá 28. september 2004 (Kopecký gegn Slóvakíu).

Við setningu landamerkjalaganna nr. 5/1882 og síðan nr. 41/1919, hafi það verið ætlun löggjafans að framkvæmdavaldið hefði frumkvæði að því að gengið yrði frá landamerkjum jarða, þau skráð og leyst úr ágreiningi um þau ef hann væri fyrir hendi. Þannig sé í 6. gr. laganna frá 1919 lögð ákveðin eftirlitsskylda á embættismenn þannig að við gildistöku þeirra laga hafi valdsmönnunum borið hverjum í sínu umdæmi að rannsaka hvort landamerkjum þar hefði verið þinglýst.

Landamerkjalögin frá 1882 hafi ekkert kveðið á um það hvaða land eða landgæði fylgi jörðum eða öðrum fasteignum enda hafi ekkert verið um það deilt, þar sem sú skoðun virtist óumdeild á þeim tíma að jarðeigandi ætti fullkominn eignarrétt innan landamerkja jarðar sinnar. Þannig virðist ljóst allt frá tíma Grágásar og fram á þennan dag að landeigandi hafi átt beit og annan gróður á jörð sinni. Hann hafi sjálfur stjórnað því hvenær, hversu lengi og hvaða fjölda fjár þar væri beitt.

Á sama tíma hafi að meginreglu verið kveðið á um einkarétt jarðeiganda til veiði fugla, fiska og annarra nytjadýra á jörð sinni. Í sumum tilvikum hafi beinlínis verið tekið fram að rétt landamerki jarðar hverrar skyldu ráða veiði á landi. Hér megi að auki

nefna þá meginreglu vatnalaga, nr. 15/1923, að vatnsréttindi fylgi landareign hverri, sbr. ákvæði 2. gr. Regla þessi eigi rætur að rekja til ákvæða Grágásar og Jónsbókar.

Á því sé byggt að landsvæðið, sem hér sé deilt um eignarrétt á, sé innan marka upphafslegs landnáms á svæðinu. Svæðið sé ekki mjög hálent, allvel gróið, og frekar einsleitt, og því ekki rök til að efast um að landnámslýsingar nái yfir það.

Krafa ríkisins um að viðurkennt verði að land þetta hafi aldrei verið undirorpið beinum eignarrétti eða sá eignarréttur síðar fallið niður, fái ekki staðist, sbr. hina löngu eignaskráningu á jörðinni. Landsvæðið sé beintengt hinum hluta jarðarinnar og ekkert sérstakt sem aðskilji það frá hinum hluta jarðarinnar á þann hátt að ótækt sé að telja það hluta jarðarinnar sem eignarland, rétt eins og aðra hluta hennar.

Á því sé byggt að um sé að ræða land jarðar frá öndverðu, og styðji fornar merkjalýsingar við það. Jörð með þinglýstu landamerkjabréfi, sem styðst við eldri eignarheimildir sé eignarland, sá er haldi öðru fram hafi sönnunarbyrðina fyrir því. Megi í þessu sambandi vísa til Hrd. 48/2004 (Úthlíð) og Hrd. 722/2009, Hvammur /Hvammsheiði, Þistilfirði, og Hrd. 748/2009, Vatnsendi á Álandstungu, og einnig til úrskurðar óbyggðanefndar í máli 2/2009 um Kolbeinsdalsafrétt, (Hólaafrétt).

Landamerkjalýsingar þær sem gerðar hafi verið í kjölfar landamerkjalaganna 1882 hafi víða verið byggðar á eldri heimildum svo sem lögfestum máldögum og eldri landamerkjabréfum. Þessum lýsingum hafi síðan verið gefið aukið vægi með þinglýsingu og eftirlitsskyldu valdsmanna sem landeigendur telji að leiði til þess, að þarna verði til fullkomnar heimildir um landamerkin og þannig eignarrétti þinglýstra eigenda. Þessi landamerki og þetta fyrirkomulag beri að virða að mati landeigenda. Þess sé krafist að land sem í tugi ára hafi verið talið innan þinglýstra landamerkja jarða teljist eignarland.

Á þessi sjónarmið hafi óbyggðanefnd fallist, í almennum niðurstöðum sínum og sú niðurstaða hafi verið staðfest í meginatriðum af Hæstarétti sbr. mál nr. 48/2004, þó þannig að rétturinn hafi talið að meta verði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig. Þegar landamerkjabréf þeirra landsvæða sem nú sé fjallað um séu skoðuð með hliðsjón af eldri heimildum um jarðirnar, sem og í ljósi landfræðilegrar staðsetningar hins umþrætta lands, hljóti niðurstaðan að vera sú að ekki sé um þjóðlendu að ræða á þessu landsvæði. Merkjalýsingar nái hér víða upp á háfjöll á vatnaskil. Engar heimildir séu um afréttaralmenning, heldur beri heimildir með sér að allt land á þrætusvæðinu heyri vissum jörðum til.

Með vísan til *Landnámu* sé ljóst að hið umþrætta land sé í óslitinni einkaeign frá landnámi. Landeigendur telji því að fyrir liggi að allt land í Ísafjarðarsýslu hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og almenningsafréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðin hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum, sbr. svar Kristins Guðlaugssonar, oddvita Mýrahrepps, dags. 15. apríl 1920, við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands og svar oddvita Mýrarhrepps, dags. 6. nóvember 1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins.

Jarðirnar séu með þinglýstu landamerkjabréfi, sem ekki fari í bága við eldri heimildir. Þess vegna hafi ríkið sönnunarbyrðina fyrir því að innan merkja jarðarinnar sé þjóðlendu að finna. Hér sé því um eignarland að ræða, og því beri að hafna þjóðlendukröfu til þess. Vísað sé til þess að þó heimalönd sumra stórjarða séu geysi víðfeðm, hafi þau engu að síður verið viðurkennd sem eignarlönd. Sjá m.a. Hrd. 48/2004, (Úthlíð og efstu lönd í Biskupstungum), Hrd. 65/2012 (Reykjahlíð) Hrd. nr. 723/2009 (Laxárdalur/Dalsheiði), Hrd. nr. 722/2009 (Hvammur/Hvammsheiði), Hrd. nr. 40/2011 (Sameignarland Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls). Þessu svæði hafi ekki verið lýst sérstaklega og aðgreindu frá heimalandi jarðarinnar og ekkert fram komið sem bendi til þess að það sé ólíkt öðru landi jarðarinnar að þessu leyti.

Staðhættir og gróðurfar á hinu umþrætta landsvæði styðji við þá niðurstöðu að jörðin öll sé öll undirorpin beinum eignarrétti og þar með að þjóðlendukröfu verði hafnað. Landsvæðið sé ekki mjög hálent og vel gróið, að stórum hluta. Þar að auki sé jörðin aðliggjandi landsvæðum sem talin hafa verið til landsvæða jarða allt frá tímum landnáms. Engin rök hnígi að þeirri niðurstöðu að kröfusvæðið hafi aðra eignarréttarlega stöðu en aðrar slíkar jarðeignir á svæðinu.

Í ljósi ofangreinds sé því haldið fram að land innan þinglýstra landamerkja Sæbóls sé allt eignarland, og styðjist það við ofangreindar eignarheimildir, en einnig við fullnaða hefð. Á því sé byggt að venjuréttur og hefðarsjónarmið leiði einnig til þess að allt land innan landamerkja jarða teljist eignarland.

Hefð megi rekja allt til rómaréttar og sé hún vissulega skyld námi þannig að segja má að hefð hafi tekið við þegar eiginlegu landnámi taldist lokið. Hefð hafi síðan fyrst og fremst gildi sem eignarheimild eftir gildistöku laga 46/1905. Fyrstu grein hefðarlaga frá 1905 sé ætlað að taka af öll tvímæli um að hefð verði unnin á verðmæti enda þótt það hafi verið opinber eign. Að þessu leyti sé greininni ekki ætlað að takmarka svið hefðar heldur þvert á móti að rýmka það. Samkvæmt því megi fremur segja að úr því að hefðarlög heimili eignarhefð lands, sem sé í opinberri eigu, þeim mun fremur hljóti að vera unnt að hefða land sem sé ekki eignarrétti háð. Í fyrri Landmannaafréttardómnum sé beinlínis gert ráð fyrir því að eignarhefð geti unnist á landi sem sé afréttareign. Sama megi lesa út úr 3. gr. þjóðlendulaga i.f.

Talið hafi verið af fræðimönnum að eignarhefð verði unnin á landi, hvort heldur sé afréttur eða almenningur ef skilyrðum hefðar sé á annað borð fullnægt en að gera verði strangari kröfur um not ef um eigendalaust landsvæði sé að tefla. Nú sé því alls ekki haldið fram að umþrætt landsvæði hafi verið eigendalaust land fram eftir öldum, heldur bendi allt til þess að landið hafi verið numið, m.a. í ljósi gróðurfars og heimilda um búsetu. Sjónarmiðin um hefð séu því til staðfestingar náminu þ.e. til þess að festa í sessi eignarrétt þessara aðilja.

Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafa bannað öðrum not eignarinnar. Smölun sauðfjár hafi ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hafi getað nýtt landið til

beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta.

Í H.1997:2792 (Laugavellir) hafi eignarhefð verið viðurkennd, enda þótt not hefðanda, sem jafnframt studdi rétt sinn við kaupsamning, hefðu verið sambærileg afréttarnotum, þ.e. beit og eftir atvikum önnur þrengri nýting. Í H.1939:28 (Einarsnes) hafi eignarhefð einnig talist fullnuð, enda þótt eignarheimild væri sögð glötuð og ekki annar grundvöllur fyrir hendi en takmörkuð not.

Í ljósi ofangreindra heimilda telji landeigendur að þeir, með hliðsjón af framangreindum gögnum og fyrirliggjandi upplýsingum um staðhætti, gróðurfar og nýtingu, hafi réttmæta ástæðu til að ætla að það svæði sem lýst sé í landamerkjabréfum þeirra sé fullkomin eign þeirra. Þessar væntingar landeigenda njóti verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu. Líkt og að ofan greini hafi MDE túlkað 1. gr. samningsviðauka nr. 1. MSE, þannig að hún veitir eignarréttinum jafnvel enn ríkari vernd en 72. gr. STS.

Í þessu ljósi verði lög nr. 58/1998 ekki skýrð á þá leið að landeigendur þurfi að sýna frekar fram á, en þegar hafi verið gert, að umrætt landsvæði, eins og það sé afmarkað í landamerkjabréfum, sé utan þjóðlendu.

Kröfugerð landeigenda byggi m.a á þinglýstum afsölum/eignarheimildum sem þeir hafi fyrir þessari eign sinni, og einnig þinglýstum landamerkjabréfum. Á því sé byggt að landamerkjabréf jarðanna séu löglega frá gengin og að þau fari ekki í bága við eldri heimildir. Ekki verði annað séð af gögnum málsins en að merki hafi verið virt milli aðila um áratugskeið án árekstra og jarðirnar skráðar í veðmálabækur með hefðbundnum hætti.

Landeigendur leggi áherslu á þau tengsl sem séu milli þeirra eignarheimilda sem þeir færa fram til sönnunar á eignatilkalli sínu. Sú víðtekna meginregla gildi í eignarrétti að ein eignarheimild geti stutt aðra. Hefð, venjuréttur og réttmætar væntingar styrki enn frekar þann rétt sem tiltekin sé í þinglýstum eignarheimildum.

Í dómi Héraðsdóms Suðurlands frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002 hafi dómurinn farið þá leið að túlka framlagðar eignarheimildir með þeim hætti að hver gæti stutt aðra. Þar hafi verið tekin afstaða til sjónarmiða landeigenda um réttmætar væntingar eins og þær hafi komið fram í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu. Sú umfjöllun standi óröskuð af Hæstarétti.

Vísað sé til þess að um málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd gildi ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 sem byggi á almennum óskráðum meginreglum stjórnsýsluréttar. Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar sem lögfest hafi verið í 12 gr. ssl., beri ríkisvaldinu ætíð að hafa meðalhóf að leiðarljósi í samskiptum sínum við borgarana, sér í lagi er taki til íþyngjandi ákvarðana. Landeigendur verði á þeim grundvelli ekki sviptir eignaréttindum sínum bótalaust, né á þá lögð óhófleg sönnunarbyrði.

Við málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd sé óhjákvæmilegt að líta til reglna um sönnun og mat sönnunargagna sem gildi fyrir dómi við meðferð einkamála sbr. ákvæði VI.–XII. kafla einkamálalaga nr. 91/1991.

Sú almenna regla hafi verið talin gilda í eignarrétti að sá sem haldi fram beinum eignarrétti verði að færa sönnur á eignarrétt sinn. Á því sé byggt að sá sem hafi í hendi þinglýsta eignarheimild sé talinn eiga tilsvarandi rétt yfir eigninni þar til annað sannast. (Hrd. 1961:629)

Landeigendur telji sig hafa sannað eignarrétt sinn með framlagningu heimildarskjala og landamerkjabréfa fyrir jörðum sínum. Eldri heimildir mæli þeim almennt ekki á mót, heldur þvert á móti staðfesti þær. Ríkisvaldið hafi því sönnunarbyrði fyrir því að umrætt land landeigenda sé ekki fullkomin eign þeirra. Vísist einnig um þetta til fyrri úrskurða óbyggðanefndar, þar sem meginniðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að land sem samkvæmt elstu heimildum væri sjálfstæð jörð með þinglýstum landamerkjum væri eignarland, og sá sem héldi öðru fram hefði sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Jafnframt sé það niðurstaða óbyggðanefndar að vafann um hvort land hafi verið numið í öndverðu eigi að meta landeigenda í vil, ef athugasemdalausar landamerkjagjörðir, einkum ef þær fari ekki í bága við eldri heimildir, benda til beins eignarréttar.

Að sömu niðurstöðu hafi Héraðsdómur Suðurlands komist í dómi sínum frá 6. nóvember 2003 í máli nr. E-986/2002, sem hafi staðið óbreyttur í Hæstarétti, sbr. Hrd. 48/2004, þó rétturinn teldi að meta yrði gildi hvers landamerkjabréfs fyrir sig.

Vísað sé sérstaklega til jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og stjórnarskrár um að sambærileg mál hljóti sömu niðurstöðu og að jafnræði ríki milli borgaranna.

Einnig hafi verið litið til þess af Mannréttindadómstóli Evrópu að skoða verði 1. gr. samningsviðauka nr. 1 MSE, með hliðsjón af jafnræðisreglu sáttmálans sem orðuð sé í 14. gr. MSE. En það ákvæði mæli fyrir um að gæta verði jafnræðis milli þeirra sem njóti þeirra réttinda sem sáttmálanum sé ætlað að vernda. Þannig hafi oft í dómum MDE verið litið svo á að þótt ákveðin háttsemi hafi ekki talist brjóta gegn reglunni friðhelgi eignarréttarins hafi háttsemi talist vera brot á þeirri reglu með hliðsjón af jafnræðisreglunni. Landeigendur hafi í ljósi eignarheimilda sinna og viðurkenningu ríkisvaldsins á þeim, lengi haft réttmætar ástæður til að vænta þess að jörðin sé öll beinum eignarrétti háð. Önnur og þyngri sönnunarbyrði verði því ekki lögð á þá en aðra landeigendur á Íslandi.

Vakin sé athygli á því að um kröfugerð ríkisins gildi ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 (ssl). Samkvæmt meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar sem lögfest hafi verið í 12. gr. ssl., beri ríkisvaldinu að velja vægasta úrræðið sem völ sé á við úrlausn máls.

Kröfugerð ríkisins um þjóðlendur frá 15. september 2020, og greinargerð dags. 16. júní 2022, inná landsvæði landeigenda, sé mótmælt. Svo virðist sem einkum sé byggt á því að land það sem um ræðir hafi ekki verið numið í öndverðu eða eignaréttur á því hafi síðar fallið niður, og að það hafi einkum verið nýtt sem afréttur. Þetta leiði til þess

að landið sé þjóðlenda. Þessum sjónarmiðum sé mótmælt af hálfu landeigenda. Með kröfum ríkisins um framangreint landsvæði sé farið inn á land þeirra.

Af lýsingum *Landnámu* megi ráða að allt land á þessu svæði hafi verið numið, og landnám hafi verið samfellt. *Landnáma* hafi einnig í dómaframkvæmd verið túlkuð til stuðnings beinum eignarrétti, sbr. dóm Hæstaréttar í máli frá 1960, bls. 726 og dóm Hæstaréttar frá 1994, bls. 2228, sbr. og Mýrdalsdóma Hæstaréttar. Landeigendur telji að taka verði *Landnámu* með fyrirvara sem réttarheimild. Hins vegar verði að telja þá skoðun ríkisins að landnám hafi ekki náð til þessa landsvæðis órökstuddar, enda ekki reistar á neinum hlutlægum sönnunargögnum. Þvert á móti bendi allt til þess að svæðið hafi verið numið og nýtt allar götur síðan. Landsvæðið hafi þannig allt frá landnámi verið eigendum þess nauðsynlegt til þess að lifa af á hinu harðbýla Íslandi. Það sé einnig í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í mörgum málum, t.d. Hrd. 748/2009, Vatnsendi, og Hrd. 40/2011, sameignarlandi Fagradals, Víðirhóls, Hólssels og Nýhóls, á Hólsfjöllum, að landnám hafi almennt verið samfellt á Íslandi, sjá einnig nýlegan dóm Landsréttar í máli nr. 490/2020 (Ystutunguafrétt) og dóm Hrd. í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur).

Ósannaðar séu röksemdir fjármálaráðherra þess efnis að svæðin hafi ekki verið numin til beinnar eignar, heldur aðeins til afnota eða eignarréttur á því síðar glatast eða fallið niður. Svæðin hafi verið numin og nýtt með öllum mögulegum hætti, eftir fremsta megni hverju sinni. Eigendur hafi farið með öll hefðbundin eignarréttindi jarðarinnar, sem m.a. hafa lýst sér í því að þeir hafi bannað öðrum not eignarinnar. Þá hafi þeir borgað af allri eigninni lögboðin gjöld, þ.m.t. eignarskatta. Smölun sauðfjár hafi ætíð verið skipulögð af landeigendum en ekki opinberum aðilum, enginn hafi getað nýtt landið til beitar, hvað þá annars, nema með samningum við landeigendur. Sé þetta skýlaus sönnun þess að land þetta er háð beinum eignarrétti.

6.2.3.1 Sæból á Ingjaldssandi, ásamt Heiðum og Nesdal

Byggt er á því að landamerki Sæbóls séu mjög gömul, en jarðarinnar sé getið í fornum ritum. Landeigandi vísi til heimildaskjala, fornra og nýrra, sem sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt þeirra í gegnum tíðina.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi Sæból tilheyrt Maríukirkjunni á Sæbóli sbr. máldaga kirkjunnar frá um 1306. Þá sé Sæbóls getið meðal eigna Eggerts Hannessonar árið 1576, þá sögð 60 hdr. að dýrleika.

Í máldaga Gísla Jónssonar biskups frá 1570 segi svo um eignir Sæbólskirkju á Ingjaldssandi að hún eigi m.a. land undir Hálsi sem og þriðjung í Nesdal og þriðjung í Heiðum.

Um Sæból og Nesdal standi í *Jarðabók* Árna og Páls, að Sæból sé 60 hundruð að dýrleika og að eigandi að allri jörðinni sé Monsr. Eggert Sæmundsson. Um Nesdal segi að hann sé afrétt sem sé eign Sæbóls, kirkjunnar á Sæbóli og einn hluti þar í hafi eignaður verið bænhúsinu í Álfadal á Ingjaldssandi. Ítök í Nesdal eigi kirkjan í Holti í

Önundarfirði, kirkjan að Mýrum og kirkjan að Núði, eftir því sem þeirra máldagar hljóði.

Í jarðamati 1804 komi fram um Sæból að dýrleiki sé 60 hndr. og hún sé í einkaeign. Í jarðatali Johnsens frá 1847 segi um Nesdal að hann sé í beneficium og sé nýbýli. Um Sæból segi að hún sé beneficium og 60 hndr. að dýrleika.

Sérstaklega sé vísað til landamerkjabréfs fyrir Sæból- og Háls á Ingjaldssandi er dags. 15. maí 1886, innkomið til þinglýsingar 22. apríl 1890, þar sem landamerkjum jarðarinnar sé lýst frá Þúfu, yfir allan Barðann að Reyðarskeri. Einnig segi að kirkjan eigi þriðjung í Nesdal og þriðjung í Heiðum og Seljalágar allar. Landamerkjabréfið sé áritað um samþykki eigenda aðliggjandi jarða og þinglesið. landamerkjabréfið sæki m.a. stoð í fjölda vitnisburða, þeim elsta frá 22. febrúar 1666 þar sem Jón Arngrímsson í Álfadal hafi vitnað um landareign Sæbóls á Ingjaldssandi þannig:

> hef eg alldrei heyrtt nie vitad, edur mier elldri menn med skiolum, briefum nie bÿvÿsingum edur nockrum sanni seigia edur hallda annad, enn Sæbol ætti alltt land med sio a millum þufu og reidarskiers þar þar [svo] med vafalaust Sæbolshlijd fram i sÿchiseyri Villingadalsmeiginn þar steckurinn er nu frá Sæboli. So og hefi eg eigi heyrtt nie vitad af elldri monnum sagt nie halldid vera, ad adrir menn hafi yfer þuij H[h]lÿdarlandi eignarrad edur heimilld haftt enn Sæbolsmenn og abuendur mann epter mann. Somuleidiz hafa Brecku og Villÿngadals abuendur arliga forlÿkt skipstodu og vertoll vid husbændur og eignarradendur a Sæboli med fiemunum ellegar annari þocknunarsemi um allann adurgreindann ara tÿma

Þá vísist einnig til þess að við héraðsþing dagana 17. og 18. júní 1727 hafi verið tekið fyrir mál um landamerki Sæbóls á Ingjaldssandi og konungsjarðanna Brekku og Villingadals auk Birnustaða. Þar hafi verið lagðir fram fjöldi vitnisburða og lögfesta um landamerki jarðarinnar sem fari ekki í bága við landamerkjabréf hennar. Einnig sé vísað til landamerkjabréfa aðliggjandi jarða, þ.e. Hrauns, Villingardals, Mosdals, Álfadals, Brekku og Skaga þar sem landamerkum Sæbóls sé einnig lýst.

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað sé til í málinu sé ljóst að allt sameiginlegt og óskipt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsing landeigenda hljóði á um, sé háð beinum eignarrétti og tilheyri allt land innan þeirra merkja Sæboli.

Með vísan til lýsinga í *Landnámu* sé ljóst að hið umþrætta land sé í óslitinni einkaeign frá landnámi. Landeigandi telji því að fyrir liggi að allt land í Ísafjarðarsýslu hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti.

Engir almenningar og samnotaafréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum, sbr. svar Kristins Guðlaugssonar, oddviti Mýrahrepps, dags. 15. apríl 1920, við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands, frá 29. desember 1919, um almenninga. Svar Kristins hafi verið að almenningar væru ekki til í hreppnum. Um afréttarlönd hafi Kristinn komist svo að orði:

> 2. Afrettarlönd geta naumast talist að vera til. Sumstaðar er geldfé alls ekkert rekið. Á öðrum stöðum er það rekið á smá afdali, og haldið þar, eftir föngum. Þessir dalir eru

> m.a. Nesdalur. Nesdalur, sem afmarkar Barðan, að vestan – má teljast afrétt. Hefir í seinni tíð, verið talinn eign Sæbóls, en mun samkv. máldögum vera að 1/3 eign Álfadals (s.b. Jarðabók Árna Magnússonar) Kirkjurnar að Holti, Núpi og Mýrum eiga þar beitarítak.

Sjá einnig svar oddvita Mýrarhrepps, dags. 6. nóvember 1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20. febrúar 1989, um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt, þess efnis að engin afrétt sé í sveitarfélaginu.

Svo virðist að íslenska ríkið byggi kröfugerð sína einkum á því að vísað sé til Nesdals og Heiða sem afréttar eða beitarlands. Um þetta vilji landeigandi árétta að þrátt fyrir að þessu landsvæði hafi verið lýst sem afrétt og það hafi einkum verið nýtt sem beitiland, sé það engu að síður háð beinum eignarétti Sæbóls og innan landamerkja jarðarinnar. Þá megi þess geta að aðrir hafi lýst beitarítaksrétti á svæðinu en landeigendur bendi á að ítaksréttur eins sé jafnan talið í eignarland annars, umrætt landsvæði geti því ekki talist þjóðlenda líkt og íslenska ríkið hafi gert kröfu um, sbr. einnig Hrd. 48/2004, þar sem jörðin Hólar hafi ekki verið talin þjóðlenda þótt hún hafi verið lögð til afréttar af Biskupstungnahreppi. Sjá og Hrd. 193/1970 Gullberastaðatungur, inntak eignarréttar breytist ekki þó jörð sé lögð til afréttar.

Eignarréttarlegt inntak hugtaksins afréttur hafi ekki mikið sjálfstætt gildi við mat á grunneignarrétti á landi. Hugtakið hafi haft margræða merkingu í löggjöf fyrr og síðar. Afréttarlönd geti allt eins verið eignarlönd, eins og margdæmt hafi verið, sbr. meðal annars Hrd. 448/2006 (Stórhöfði) og Hrd. 536/2006 (Hvítmaga).

Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land Sæbóls, og þar með talið Nesdalur og Heiðar sé greinilega allt innan landnáms, og hafi verið byggt á því alla tíð eins og sjá megi á vísun til þess í framangreindum gögnum að umrætt svæði sé eign Sæbóls og innan landamerkja þeirrar jarðar á sama máta og annað landsvæði hennar.

Engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti, eða eignarréttur á því týnst. Engar fornar heimildir finnist um slíkt. Þau fáu skrif, sem til séu um svæðið bendi einmitt til hins gagnstæða en samkvæmt elstu heimildum um Sæból, hafi hún verið háð beinum eignarrétti Mýrarkirkju og síðar í einkaeigu tiltekinna manna. Megi í þessu sambandi t.d. benda á fjölda máldaga fyri Maríukirkju á Sæbóli, þeim elsta máldaga er Árni biskup Helgason setti um 1306, og einnig *Jarðabókar* Árna og Páls frá 1710, jarðamatið 1804 og Jarðatal Johnsens frá 1847.

Notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hafi ekki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almennings-afrétta, né heldur hafi þær staðið almenningi frítt til afnota. Heimildir bendi heldur til þess að svæðið, þ.e. Nesdalur og Heiðar hafi tilheyrt Sæbóli, en aðrir hafi átt þar beitarítök, sjá hér fjölda lögfesta um jörðina, t.d. lögfestu Sæmundar Eggertssonar, frá um 1665, þar sem segir:

> Jeg Sæmundur Eggertsson logfeste hier i dag eign mijna sem er Jord þesse Sæböl med allre hennar Kÿrkiueign sem hennar mäldagar henne Eigna, edur henne hefur ad fornu fari eignad vered, <u>hier med logfeste ieg hier i dag allann nesdal ad frateknum þeim Jtökum sem Mÿrakyrkia og Núps Kirkia sier þangað eigna</u>, edur onnur þaug itök sem

> med giördum giorningum og gomlum brefum bevijsud verda. Logfeste ieg akra og todur eingiar og Skoga Hollt og haga, votn og veidestodu og allar landsnitiar er þessare sagri Jordu filgia og filgt hafa ad fornu og nýu og allt til Sioar i mille þúfu og Reidarskiers og so framm i SykisEyre, Skal þesse mijn logfesta standa epter logmalsens tijma leingd, fyrerbÿd eg hvorium manne ad Jrkia edur sier i neinu ad nyta nema mitt sie lof og leife til ad vitne þijnu Sigurdur Biarnason og þijnu Andres Jonsson og allra þeirra ord mun heira

Einnig bendi landeigandi á að byggð hafi um tíma verið í Nesdal, og hafi verið sótt um hana á grundvelli nýbýlistilskipunarinnar frá 1776. Ósætti hafi þó verið um tilvist þessarar byggðar í Nesdal, og þá einkum Sæbólsmanna sem talið hafi eignarrétti sínum í Nesdal ógnað. Hafi málið endað á þann veg að nýbýlið hafi verið lagt niður.

Landsvæðið falli ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afrétti „það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman.“ Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að svæðið hafi verið numið til eignar.

Kröfugerð íslenska ríkisins til þessa landsvæðis virðist einkum byggja á landfræðilegri legu þess og staðháttum. Vísað sé til þess í kröfugerð ríkisins að landið sé lægst í rúmlega tæplega 500m hæst en í tæplega 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Þá sé sérstaklega byggt á því af hálfu íslenska ríkisins að Nesdalur og Heiðar á Ingjaldssandi hafi verið nýtt sem sameiginlegur afréttur. Hvað þennan rökstuðning ríkisins varðar vilji landeigandi sérstaklega árétta hér nokkuð.

Í fyrsta lagi byggi landeigandi á því að landamerki Sæbóls nái í hæðstu hæðir fjallanna á svæðinu og að merkin taki mið að vatnaskilum. Í þessu sambandi sé bent á að í landamerkjabréfi fyrir Sæból og Háls tiltekið að jörðin eigi allt land „vestur fyrir allan Barða, vestur í Nesdal, með reka öllum til móts við endimörk Mýrareka, í Þúfu“. Þessi lýsing eigi sér m.a. stoð í vitnisburði Jóns Arngrímssonar frá 22. febrúar 1666, um landamerki Sæbóls. Telji landeigandi strax ljóst af þessu að sá hluti kröfusvæðisins sem nefnist Barði sé innan landamerkja jarðarinnar. Þá sé í landamerkjabréfi Hrauns, þar sem merkjum sé lýst á milli Sæbóls og Hrauns sé þeim m.a. lýst „á fjall upp“, sem bendi til þess að merkin nái á hæðstu hæðir fjallsins. Ennfremur sé í landamerkjabréfi Sæbóls og Háls lýst að kirkjujörðin Háls eigi „Mórillueyrar allar í fjall eftir því sem áin Mórilla segir“. Þá sé ljóst að á milli Háls og Brekku séu merkin í Þverá allt fram í dalbotninn. Í landamerkjabréfi Brekku sé merkjum milli Brekku og Háls lýst „til fjalls og á hæðstu heiði“. Af þessu öllu telji landeigandi ljóst að jörðin eigi landamerki á hæstu fjallseggjum og eftir vatnaskilum. Jafnframt sé það ljóst að fjöllin hafi verið nytjuð með öllum mögulegum hætti af landeigendum, m.a. til beitar.

Rétt sé að nefna í þessu tilliti að á þessu svæði séu almennt mjög skýr náttúruleg merki á milli jarða, en hver og ein jörð afmarkist tíðast af fjallgörðunum í kring og þar taki næsta jörð við. Landamerkjabréf jarða á svæðinu miði skýrlega við slík merki, og eigi það við um ofangreind landamerkjabréf sem lýsi merkjum Sæbóls. Telji landeigandi rétt að miða við fjallseggjar og vatnaskil um merki, að teknu tilliti til og til samræmis við orðalag fyrirliggjandi landamerkjabréfa og legu jarða á svæðinu almennt,

sbr. uppdráttur sá sem lagður sé fram með kröfulýsingu. Landeigandi telji þannig rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt sé á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað sé við hvert regndropi falli, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari – Jökulsár). Landeigandi árétti að almennt sé miðað við vatnaskil og fjallseggjar um efri merki jarða á svæðinu og þótti almennt ekki rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau hafi verið rituð.

Í öðru lagi hvað Heiðar og Nesdal varði vill landeigandi benda á það að samkvæmt landamerkjabréfi Sæbóls segi að jörðin eigi þriðjung í Nesdal og þriðjung í Heiðum. Þótt þessum svæðum hafi verið lýst sem afréttarlandi til upprekstrar telji landeigandi engu að síður um eignarland Sæbóls að ræða.

Um Heiðarnar sé bent á að ávallt hafi verið litið svo á að þær séu að hluta til eigu Sæbóls, þó ljóst sé að aðrir kunni einnig að eiga þar réttindi, t.d. eigendur Álfadals. Landeigandi byggi á því að Heiðarnar séu háðar beinum eignarrétti, og ekki sé um þjóðlendu að ræða. Megi í þessu samhengi nefna að í landamerkjabréfi Hrauns sé merkjum milli Sæbóls og Hrauns lýst og að Sæból eigi land gagnvart Hrauni eftir Langá fram að Selá og í „læk þann er rennur framan vert við svo nefndan Krók allt á fjall upp“. Hér sé jafnframt líklegast um svonefndar Seljalágar (neðsti hluti Heiða) að ræða, sem tilheyri allar Sæbóli „frá Mórillu í læk þann er rennur fyrir utan Stóra bala“. Þess megi geta að íslenska ríkið gerði enga tilraun til þess að afmarka Seljalágar frá kröfusvæði sínu, þ.e. frá því landsvæði sem nefnt er Heiðar.

Hvað Nesdal varði segi í *Jarðabók* Árna og Páls m.a. að hann sé afrétt og afrétt þessa eigi jörðin Sæból. Þrátt fyrir að talið yrði eftir atvikum að Nesdalur væri afréttur á grundvelli fyrirliggjandi gagna, þá verði ekki framhjá því litið að hann er í eigu Sæbóls að þriðjung, og sé því háður beinum eignarrétti eigenda Sæbóls, vísist hér einnig til fyrri umfjöllunar um Nesdal.

Því sé harðlega mótmælt að landfræðileg lega og gróðurfar svæðisins að öðru leyti og ágiskanir um nýtingu þess í gegnum árin út frá því, geti leitt til þess að svæðið teljist þjóðlenda líkt og ríkið virðist byggja á í kröfulýsingu sinni. Bent sé sérstaklega á í þessu tilliti að landsvæðið sé ekki frábrugðið fjölmörgum svæðum sem talin hafa verið til eignarlanda.

6.2.3.2 Háls á Ingjaldssandi

Af hálfu eigenda hluta jarðarinnar Háls á Ingjaldssandi er byggt á því að landamerki Háls séu mjög gömul, en jarðarinnar sé getið í fornum ritum. Landeigendur vísi til heimildaskjala, fornra og nýrra, sem sýni ótvírætt fram á beinan eignarrétt þeirra í gegnum tíðina. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi jörðin tilheyrt Háls, kirkjunni á Sæbóli, sbr. máldaga kirkjunnar frá um 1306 og *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710.

Sérstaklega sé vísað til landamerkjabréfs fyrir Sæból- og Háls á Ingjaldssandi sé dags. 15. maí 1886, innkomið til þinglýsingar 22. apríl 1890, þar sem landamerkjum jarðarinnar er lýst þannig; „Kirkjujörðin Háls á Mórillueyrar beint í fjall eptir því sem áin Mórilla segir.“ Enn fremur „Milli Háls og Brekku eru merkin í svonefnda Þverá, og skilur hún lönd milli þeirra landa fram í dalbotn. Milli Háls og Hrauns skilur Langá fram að Þverá sem rennur milli landamerkja Hrauns og Sæbólslands, sem hefir upptök sín neðanvert við Nesdals-skarð.“

Landamerkjabréfið sé áritað um samþykki eigenda aðliggjandi jarða og þinglesið. Landamerkjabréfið sæki m.a. stoð í fjölda vitnisburða, en hvað Háls varði megi nefna vitnisburð Vermundar Jónssonar frá 4. júlí 1635 og Björns Þorlákssonar frá 7. júlí sama ár, en þar segi:

> Landamerke mille Brecku og Häls sem äenn Helldur framm epter ollum dal, Slo eg og beitte allt Land fyrer ofan Hals sem annad, þad þeirre Jordu filgde og eingenn atalde þad i þann tÿma eda talade þar neitt um og alldrei hef eg heirt neina efaseme umm þad ad þær Selia tofter sem voru i þeim parte fyrer ofan Hals sie eÿ fra halse
>
> ad aller þeir ä halse hafa búed hafa Sleiged irt og nydgad allt þad land fyrer ofann Hals sem Aainn helldur og alldrei hef eg heirt neina menn eigna þad land frá Hälse, og heirda ieg minn fódur Þorlak Jónsson seigia ad þad hefd alla tima nefnt Halspartur, bio hann fyrir Villingadal ä Jngiallds sande meir enn 40 är, Eirnenn lyste Gisle H. Sigurdsson fyrer mier ad Sel fra Hälse hefdi vered i þeim parte

Einnig sé vísað til landamerkjabréfs aðliggjandi jarðar, þ.e. Brekku, þar sem landamerkum milli Háls og Brekku sé einnig lýst; „Svo ræður Langá landamerkjum upp eptir, milli Brekku annars vegar, en Hrauns og Háls hins vegar, þar til þverá rennur í hana, þá greinir þverá land Brekku og Háls, og ræður landamerkjum úr því til fjalls og á hæðstu heiði.“

Samkvæmt þessum eignarheimildum og öðrum þeim sem vísað sé til í málinu sé ljóst að allt sameiginlegt og óskipt land jarðarinnar, samkvæmt landamerkjum þeim sem kröfulýsing landeigenda hljóði á um, sé háð beinum eignarrétti og tilheyri allt land innan þeirra merkja Hálsi.

Með vísan til lýsinga í *Landnámu* sé ljóst að hið umþrætta land sé í óslitinni einkaeign frá landnámi en ekki almenningur eða afrétt. Landeigendur telji því að fyrir liggi að allt land í Ísafjarðarsýslu hafi frá landnámi verið undirorpið beinum eignarrétti. Engir almenningar og samnotaafréttir séu á svæðinu og nýting og búseta bendi til þess að allt land á svæðinu hafi verið nytjað allt frá landnámi, og tilheyrt ákveðnum jörðum, sbr. svar Kristins Guðlaugssonar, oddvita Mýrahrepps, dags. 15. apríl 1920, við fyrirspurn Stjórnarráðs Íslands, frá 29. desember 1919, um almenninga. Svar Kristins hafi verið að almenningar væru ekki til í hreppnum. Um afréttarlönd hafi Kristinn komist svo að orði:

> 2. Afrettarlönd geta naumast talist að vera til. Sumstaðar er geldfé alls ekkert rekið. Á öðrum stöðum er það rekið á smá afdali, og haldið þar, eftir föngum. Þessir dalir eru m.a. Nesdalur. Nesdalur, sem afmarkar Barðan, að vestan – má teljast afrétt. Hefir í seinni tíð, verið talinn eign Sæbóls, en mun samkv. máldögum vera að 1/3 eign Álfadals

(s.b. Jarðabók Árna Magnússonar) Kirkjurnar að Holti, Núpi og Mýrum eiga þar beitarítak.

Sjá einnig svar oddvita Mýrarhrepps, dags. 6. nóvember 1989, við fyrirspurn félagsmálaráðuneytisins, dags. 20. febrúar 1989, um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt, þess efnis að engin afrétt sé í sveitarfélaginu.

Ekkert bendi til þess að þetta landsvæði hafi verið undanskilið beinu eignarnámi. Land Háls sé greinilega allt innan landnáms, og hafi verið byggt á því alla tíð eins og sjá megi á vísun til þess í framangreindum gögnum að umrætt svæði sé eign Háls og innan landamerkja þeirrar jarðar á sama máta og annað landsvæði hennar.

Engar heimildir séu um að land þetta hafi nokkurn tíma færst undan einkaeignarrétti, eða eignarréttur á því týnst. Engar fornar heimildir finnist um slíkt. Þau fáu skrif, sem til séu um svæðið bendi einmitt til hins gagnstæða líkt og áður hafi verið rakið.

Notkun landsvæðisins í gegnum aldirnar hafi ekki verið með þeim hætti að það flokkist til svokallaðra almennings-afrétta, né heldur hafi þær staðið almenningi frítt til afnota. Landsvæðið falli ekki undir forna skilgreiningu lögbókanna fornu um afrétti „það eru afréttir sem tveir eða fleiri eigu saman.“ Þvert á móti hafi umþrætt landsvæði verið nýtt af landeigendum eftir búskaparháttum og aðstæðum á hverjum tíma, allt frá því að svæðið hafi verið numið til eignar.

Óljóst sé á hvaða grunni kröfugerð ríkisins byggir á varðandi jörðina Háls en virðist þó einkum byggja á landfræðilegri legu þess og staðháttum. Þá sé vísað til þess í kröfugerð ríkisins að landið sé lægst í rúmlega tæplega 500m hæð en hæst í tæplega 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Hvað þennan rökstuðning ríkisins varði vilji landeigandi sérstaklega árétta hér nokkuð.

Ítrekað sé að jörðinni sé lýst í landamerkjabréfi hennar frá 15. maí 1886 og aðliggjandi jarðar, þar sem merkjum hennar sé lýst m.a. í fjall. Bendi þetta orðlaga til þess að merkin nái á hæðstu hæðir fjallsins og á vatnaskil og eftir hæstu fjallseggjum. Jafnframt sé það ljóst að fjöllin hafi verið nytjuð með öllum mögulegum hætti af landeigendum, m.a. til beitar. Þá sé merkjum jarðarinnar einnig lýst í fjölda heimilda, m.a. vitnisburðum sem fyrr hafi verið rakið og einnig í fasteignamatinu 1916–1918 þar sem segi; „Landamerki, að neðan Þverá, svo ræður Langá til Mórillu og eftir henni til fjalls“. Landeigendur telji að með því að horfa algjörlega framhjá fyrirliggjandi þinglýstu landamerkjabréfi jarðarinnar, þar sem merkjum hennar sé lýst langt inn fyrir það svæði sem íslenska ríkið telji þjóðlendur, sé verulega ámælisvert. Íslenska ríkið hafi þannig ekki gætt að þeim grunn réttarreglum sem ætlast hefði mátt til af því, þá einkum um sönnun, jafnræði og meðalhóf.

Rétt sé að nefna í þessu tilliti að á þessu svæði séu almennt mjög skýr náttúruleg merki á milli jarða, en hver og ein jörð afmarkist tíðast af fjallgörðunum í kring og þar taki næsta jörð við. Landamerkjabréf jarða á svæðinu miði skýrlega við slík merki, og eigi það við um ofangreind landamerkjabréf sem lýsi merkjum Háls. Telji landeigandi rétt að miða við fjallseggjar og vatnaskil um merki, að teknu tilliti til og til samræmis

við orðalag fyrirliggjandi landamerkjabréfa og legu jarða á svæðinu almennt, sbr. uppdráttur sá sem lagður sé fram með kröfulýsingu. Landeigandi telji þannig rétt að vatnaskil ráði merkjum, svo sem almennt sé á þessu svæði, og miða beri við þau og þá túlkun að miðað sé við hvert regndropi falli, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli 4/2008 (Skagafjörður austan Vestari – Jökulsár). Landeigandi árétti að almennt sé miðað við vatnaskil og fjallseggjar um efri merki jarða á svæðinu og hafi almennt ekki þótt rík þörf á að skilgreina landamerki að því leyti í landamerkjabréfum á þeim tíma er þau hafi verið rituð.

Því sé harðlega mótmælt að landfræðileg lega og gróðurfar svæðisins að öðru leyti og ágiskanir um nýtingu þess í gegnum árin út frá því, geti leitt til þess að svæðið teljist þjóðlenda líkt og ríkið virðist byggja á í kröfulýsingu sinni. Bent sé sérstaklega á í þessu tilliti að landsvæðið sé ekki frábrugðið fjölmörgum svæðum sem talin hafa verið til eignarlanda.

6.2.4 Hraun á Ingjaldssandi

Af hálfu eiganda jarðarinnar Hrauns á Ingjaldssandi er bent á því að það vekji óhjákvæmilega eftirtekt að í kröfugerð lögmanns fjármálaráðherra skuli ekki einu orði að því vikið að Dynjandisheiði og að því að fjalllendisvíðáttan suður af Dynjandisvogi í Arnarfirði eigi að teljast þjóðlenda. Það fyrsta sem í hug komi, sé hvort máli skipti þegar ríkið sjálft eigi í hlut, en Dynjandi sé ríkisjörð. Náttúrvættið, fossinn fagri falli fram af klettabrún fjalllendisvíðáttunnar þar sem áin sem hann sé í, eigi sitt vatnasvið. En klettabrún sem blasi við af bæjarhlaði kýs lögmaður fjármálaráðherra að kalla fjallsbrún í kröfugerð sinni, þar sem aðrar jarðir en Dynjandi eigi í hlut. Merkjabréf jarða fyrir vestan vísi hins vegar almennt til hábrúnar hvers fjalls með orðinu fjallsbrún, en ekki klettabrúnar svo sem hún blasi við frá bæjarhlaði. Í nefndri kröfugerð sé ekki orði vikið að merkjabréfi Dynjanda, sem sé frá 21. maí 1922, né heldur að fjalllendisvíðáttunni að baki Dynjandisfossi.

Í fjalllendinu sem umlykur Súgandafjörð, Önundarfjörð, Dýrafjörð og Arnarfjörð séu hvorki afréttir né almenningar, heldur hafi búfénaður um aldir gengið til beitar í heimalöndum jarða. Það hafi ekki tíðast að reka búfénað til fjalla, hvað þá að flytja, nema þá í heimalönd annarra jarða á grundvelli samnings eða sérstakrar heimildar. Búfénaði sé einfaldlega hleypt út fyrir garð eða upp fyrir girðingu og gangi svo upp syllurnar, mjög hátt upp ef því sé að skipta, yfir fjöll milli héraða. Kostir búfjárbeitar til háfjalla felist í því að þar gefist nýgresi fram á haust eftir því sem snjólínan hopi þegar líði á sumarið. Þessi staðreynd og þessir búskaparhættir séu einkennandi fyrir þessi svæði. Vænstu dilkarnir komi af háfjalli, enda gangi þeir að ferskgresi fram á haust. Þess vegna séu fjöllin mikilvægur og órjúfanlegur hluti hverrar jarðar og gömlu jarðarmötin hafi tekið mjög af þessu mið. Jarðir sem séu landlitlar niður við sjó, hafi verið metnar til tuga kýrverða eða jarðarhundraða vegna fjallanna sem þeim tilheyri, tilheyri sem heimalönd þótt hátt gnæfi.

Úr þessu umhverfi hafi prófessor Ólafur Lárusson (1885–1961) verið runninn, hann hafi verið frá Selárdal í Arnarfirði. Þegar Samband vestfirskra átthagafélaga hafi staðið fyrir útgáfu Sóknarlýsinga Vestfjarða árið 1952 hafi hann ritað formála. Upp í formálann hafi hann tekið spurningarnar, sem landlýsingarnefndin, sem Jónas Hallgrímsson hafi átt frumkvæði að stofnun á og setið í, sendi sóknarprestum þann 30. apríl 1839. Spurningu nr. 32 um afréttarlönd hafi verið hvað varðaði heimasveit próf. Ólafs Lárussonar sjálfs svarað með þessum orðum: „Afréttarlönd eru hér engin og ganga skepnur í dalbotnum og hér og hvar um fjöllin milli sóknanna.“ Hliðstæð svör hafi borist hvaðan æfa að á Vestfjörðum, enda á almennu vitorði. Próf. Ólafur Lárusson hefði aldrei játað kröfugerð lögmanns fjármálaráðherra, sem sæti því meiri furðu sem oftar sé í henni vísað til Sóknarlýsinga Vestfjarða. Í sóknarlýsingunum sé sá grunntónn sleginn sem sérstök áhersla sé á lögð hér að framan og sé í gagngerri mótsögn við þá klettabrúnakröfugerð sem í nefndri kröfulýsingu sé sett fram. Kröfugerð lögmanns fjármálaráðherra sé enda í fullkominni mótsögn við almennt viðtekin vestfirsk viðhorf, vitund og viðmið.

Í ritinu *Landið og Landnáma* eftir Harald Matthíasson, I. bindi bls. 52, segi:

> Landamerki þau er Landnáma segir frá, eiga að mestu við byggðir og má þar venjulega átta sig á mörkum. Hitt er meiri vafa bundið, hvernig mörk hafa legið til fjalla. Er Landnáma mjög fáorð um það og nefnir það venjulega alls ekki og verður þá að styðjast við líkur.
>
> Allvíða á landinu hagi þannig til, að ekki sé mjög mikil óbyggð að baki byggðar, svo að auðsætt virðist að landnám nái saman. Þannig sé t.d. um Snæfellsnes, Dali, Vestfjörðu, Skaga, hálendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu, Tjörnes, Melrakkasléttu, Austfjörðu og víðar. Þarna hljóti landnámin að hafa náð saman uppi á hálendinu, land hafi verið numið milli fjalls og fjöru, einnig þar sem háfjöll eða jöklar séu skammt að baki byggðar, t.d. í Austur-Skaftafellssýslu og undir Eyjafjöllum.

Óvíða á landinu eigi þessi orð betur við en um fjalllendið sem umlykur Súgandafjörð, Önundarfjörð, Dýrajörð og Arnarfjörð. Frá aldaöðli hafi merki milli héraða, sókna og jarða miðast við vatnaskil til fjalla. Vatnaskilin þar vestra hafi aldrei verið talin vera á einhvers konar eyðu eða einskis manns landi.

Í lögbók þjóðveldistímans og í lögbókum upphafsára konungsdóms á Íslandi, sé og gengið út frá merkjum á vatnaskilum milli héraða, sókna og jarða. Þessi merki séu talin glögg frá náttúrunnar hendi. Svo glögg að eigi hafi þurft að ganga á þau við merkjaumfjöllun eða í viðskiptum þar sem reyndi á merki á fjöllum.

Í klettabrúnakenningu lögmanns fjármálaráðherra felist og sú órökræna fjarstæða að ókleifur hamarinn og klettabeltin séu af landnemum og landeigendum talin meira virði en flatlendið ofan þeirra. Hér hafi hagkvæmnissjónarmið ráðið merkjatilgreiningu en tilgangurinn ekki verið það eignarafsal, sem felist í því sem lögmaður fjármálaráðherra haldi fram.

Vitundin um þýðingu vatnaskila og undanþágan frá skyldunni til að ganga á merki hafi svo verið greipt í vitund manna, sérstaklega fyrir vestan, að út frá henni hafi jafnan

verið gengið sem staðreynd. Ákvæði merkjabréfa gerðra á grundvelli landamerkjalaga bæði frá 1882 og 1919 beri þetta með sér og byggi raunar á þessu sem forsendu. Þetta skýri hvers vegna oft var látið nægja að lýsa merkjum í tilteknum klett í klettabrún en nefna ekki sérstaklega hvað við taki ofan hans. Reglan um merki á vatnaskilum hafi verið undirliggjandi forsenda slíkra lýsinga, greipt í vitundina, þannig að kletturinn sem nefndur hafi veirð markaði línuna áfram að vatnaskilum þó ekki væru þau alltaf nefnd. Þýðing tilgreiningarinnar á klettinum hafi ekki verið að takmarka eignarhaldið við ókleifan hamarinn, að eigna jörð ónýtanlegan klettavegg og afsala með tilgreiningunni tilkalli til alls ofan hans, eins og haldið sé fram með klettabrúanakenningu lögmanns fjármálaráðherra. Um kennimarkið skyldi línan dregin að vatnaskilum og óþarft að tiltaka það sérstaklega.

Við gerð landamerkjabréfa upp úr 1882 hafi nýting fossafls til framleiðslu rafmagns ekki verið ofarlega í huga landeigenda. Hún hafi ekki getað verið það enda fyrirbrigðið ekki þekkt. Ofan túna hafi það verið beitarnotin sem mesta þýðingu hefðu haft, beitarnot í heimalöndum sem oft liggi hátt fyrir vestan og aðstaðan gjörólík sameiginlegum afréttum á víðáttum Suðurlands svo dæmi sé tekið. Stundum hafi nýtanlegar slægjur verið þar efra og svo hafi gefið þar tínslu berja og grasa. Þessi staða hafi verið breytt 1919 við gildistöku nýju merkjalaganna. Tilkoma rafurmagnsins hafi markað þáttaskil.

Þegar merkjalýsing Dynjanda hafi verið færð í letur á árinu 1922 voru framkomin álit meiri- og minnihluta Fossanefndar sem skipuð hafi verið 1917 og skammt til gildistöku vatnalaga nr. 15/1923, sem hafi leyst af hólmi fossalögin frá 1907.

Þá hafi það og gerst árið 1919, að Dansk-Islandsk Anlægsselskap a/s keypti af Theodóru Thoroddsen, sem þá hafi setið í óskiptu búi eftir látinn eiginmann sinn Skúla Thoroddsen alþingismann, allt vatnsafl frá eignarjörð búsins, Dynjanda, aðeins að fráteknu neysluvatni til heimilisþarfa á bænum. Tveimur árum fyrr hafi Kristján Torfason kaupmaður á Sólbakka keypt allt vatnsafl í Mjólkurám og Hofsá. Tilefnið hafi verið námuvinnsla í fjallinu ofan Flateyrar, en réttindin hafi hann selt 1919 til sama félags og keypti réttindin af Theodóru Thoroddsen.

Þróun mála á upphafsárum 20. aldar hafi þannig orðið mönnum áminning um aðgæslu við gerð landamerkjabréfa og þótt vitneskjan um merki á vatnaskilum væri á almennu vitorði hvort sem þeirra væri getið eður ei, hafi þau nú verið nefnd berum orðum til frekara öryggis. Tilefnið hafi verið nýting vatnsafls til raforkuframleiðslu.

Merkjalýsing Dynjanda hljóði:

> Að norðanverðu: Úr Meðalnestá og austur í Glámufjallgarð, austur eftir Meðalnesfjalli eftir því sem vötnum hallar að Dynjandavog. – Að sunnanverðu: Þverbein sjónhending á fjall upp úr svonefndri Deild á Urðarhlíð, því næst austur eftir fjallinu austur á Glámufjallgarð, eftir því sem vötnum hallar að Dynjandi vog.

Jörðin Dynjandi skeri sig ekki úr, frá öðrum jörðum í Arnarfirði, Dýrafirði, Önundarfirði og Súgandafirði þegar litið sé til staðhátta, landshaga og mögulegra landsnytja, fyrir rafvæðingu. En merkjabréf hennar skeri sig úr, ásamt nokkrum öðrum merkjabréfum raunar og það eigi sér þá skýringu sem rakin sé hér að framan. Sem aftur

varpi ljósi á og undirstriki alveg sérstaklega, að það geti ekki orðið grundvöllur þess að lýsa hluta nærliggjandi jarða þjóðlendur af þeirri ástæðu að merkjabréf þeirra hafi verið gerð fyrir tilkomu rafmagns. Vatnaskilin séu nefnd í merkjabréfi Dynjanda; ekki sem einhver nýlunda, heldur til frekara öryggis og til áréttingar. Sem ekki geti orðið tilefni gagnályktunar þess efnis, að um aðrar jarðir á kröfusvæði 10B skuli vatnaskil ekki hafa sömu þýðingu, en slíka og ótæka gagnályktun megi lesa af kröfugerð lögmanns fjármálaráðherra.

6.2.5 Orkubú Vestfjarða

Hér verður fyrst gerð grein fyrir almennum sjónarmiðum Orkubús Vestfjarða vegna krafna Orkubúsins í málum nr. 3–5/2021.

Í greinargerð Orkubúsins er greint frá því að Orkubúinu hafi verið komið á fót með lögum nr. 66/1976. Samkvæmt 5. gr. nefndra laga skyldu Rafmagnsveitur ríkisins og ríkissjóður, svo og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum afhenda Orkubúi Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum í raforkuverum, rafstöðvum, kyndistöðvum og jarðvarmavirkjunum ásamt tilheyrandi flutnings- og dreifikerfi. Kröfur Orkubús Vestfjarða byggist á því að Orkubúið hafi eignast þau réttindi og mannvirki sem um sé að ræða við stofnun þess sem hluta af stofnframlögum ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga.

Meðal stofnframlaga vegna stofnunar Orkubúsins hafi verið allar eignir Rafmagnsveitu ríkisins, RARIK, á Vestfjörðum, sem iðnaðarráðherra hafi afsalað til Orkubúsins með samþykki fjármálaráðherra, sbr. ýmis afsöl þar að lútandi sem dagsett séu 14. júní 1978. Raflínur þær sem kröfur séu gerðar vegna í málunum hafi verið meðal þeirra eigna Rafmagnsveitu ríkisins sem Orkubúið hafi tekið við á grundvelli umræddra afsala ráðherra og einnig Reiðhjallavirkjun í landi Gils í Syðridal í Bolungarvík og vatnsréttindi vegna hennar.

Ísafjarðarbær hafi einnig verið meðal stofnaðila að Orkubúinu og stofnframlag hans hafi m.a. falist í Fossárvirkjun og Nónvirkjun í Engidal, ásamt vatnsréttindum vegna þeirra, auk alls annars réttar til virkjunar vatnsafls sem sveitarfélagið hafi átt, þ.m.t. í landi Tungu í Tungudal. Um það vísist til afsals Ísafjarðarbæjar til Orkubúsins dagsettu 1. desember 1978. Á þeim grundvelli hafi Orkubúið eignast vatnsréttindi í Tungudal sem nýtt séu í rekstri Tungudalsvirkjunar.

Þá hafi Ögurhreppur og Reykjafjarðarhreppur jafnframt verið meðal stofnaðila að Orkubúinu og stofnframlaga þeirra sé getið í afsali dags. 24. júní 1980. Meðal þeirra hafi verið allar eigur Rafveitu Reykjafjarðar- og Ögurhrepps svo og allur réttur til virkjunar vatnsafls í löndum hreppanna, rafveitunnar eða annars staðar og hrepparnir kunna að hafa samið um. Meðal lands hreppanna hafi verið hinir svokölluðu almenningar eða afréttir í Hestfirði, Skötufirði og Ísafirði.

Verði komist að þeirri niðurstöðu að þau svæði sem kröfur Orkubúsins taka til séu þjóðlendur byggi Orkubúið á að viðurkenna beri eignarrétt Orkubúsins að

framangreindum réttindum, sbr. c-lið 7. gr. laga nr. 58/1998, að undanskildum kröfum vegna raflína þar sem Orkubúið krefjist beins eignarréttar og þess að þjóðlendukröfu ríkisins verði hafnað, en til vara viðurkenningar á eignarrétti að mannvirkjunum.

Í því sambandi bendi Orkubúið á að framsöl ríkisins og sveitarfélaganna á framangreindum réttindum og mannvirkjum hafi verið liður í stofnun Orkubúsins á grundvelli laga nr. 66/1976, í samræmi við fyrirmæli 5. gr. laganna. Að því ferli hafi komið sveitarfélög á Vestfjörðum og iðnaðarráðherra f.h. ríksins. Ljóst sé að framsal réttindanna og mannvirkjanna hafi farið fram með þátttöku iðnaðarráðherra. Bæði í tilviki eigna Rafmagnsveitu ríkisins þar sem iðnaðarráðherra hafi undirritað afsöl vegna þeirra, með samþykki fjármálaráðherra, og í tilviki eigna og réttinda sveitarfélaganna sem iðnaðarráðherra hafi haft milligöngu um að yrðu lögð inn í Orkubúið við stofnun þess, sbr. 15. gr. laga nr. 66/1976 þar sem segi að þegar heimild samkvæmt lögunum til að stofna Orkubúið sé nýtt skuli iðnaðarráðherra beita sér fyrir gerð stofnsamnings og boðun stofnfundar, en stofnframlögin hafi verið mikilvægur liður í því.

Að mati Orkubúsins sé þjóðlendukrafa ríkisins nú ósamrýmanleg þeirri fyrri afstöðu ríkisins, þ.m.t. iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, að umrædd réttindi, eins og þau séu afmörkuð í kröfugerð Orkubúsins, skyldu falla til Orkubúsins, og fari þannig beinlínis í bága við fyrri lögskipti og athafnir ríkisins.

Af hálfu Orkubúsins er bent á að Hæstiréttur hafi í nokkrum dómum hafnað þjóðlendukröfum með vísan til þess að þær væru ósamrýmanlegar fyrri lögskiptum og aðkomu íslenska ríkisins, sbr. dóma Hæstaréttar í málum nr. 496/2005 (Skaftafell II), nr. 617/2012 (Hellisheiði) og nr. 94/2017 (Hvassafell). Einnig vísist til úrskurða óbyggðanefndar 3. maí 2018 í máli nr. 3/2016 og frá 15. ágúst 2019 í máli nr. 4/2018.

Auk þess byggi Orkubúið á því að hagnýting og ráðstöfun þess og forvera þess á umræddum réttindum og mannvirkjum á ágreiningssvæðunum uppfylli skilyrði laga um hefð nr. 46/1905. Orkubúið og forverar þess hafi um áratugaskeið farið með umrædd réttindi og nýtt þau í góðri trú. Öllum skilyrðum um hefðartíma, virk umráð og huglæga afstöðu hefðanda sé þannig fullnægt. Samkvæmt því verði að telja, án tillits til uppruna og sögu eignarheimilda fyrir réttindunum og mannvirkjunum, að hefð hafi unnist á þeim samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1905.

Að því er varðar sérstaklega kröfur Orkubúsins vegna línustæða Súðavíkurlínu, Ingjaldssandslínu og Þingeyrarlínu er af hálfu Orkubúsins bent á að Súðavíkurlína og Þingeyrarlína muni hafa verið reistar á sjötta áratug síðustu aldar og Ingjaldssandslína á áttunda áratugnum. Í öllum tilvikum hafi verið um að ræða mikilvæg framfararmál sem hafi tengt byggðir á svæðunum sem þær liggi að við rafmagn og hafi aukið orkuöryggi þar til muna. Þessar raflínur hafi verið meðal þeirra eigna Rafmagnsveitu ríkisins sem lagðar hafi verið inn í Orkubúið við stofnun þess árið 1978, sbr. framlögð afsöl iðnaðarráðherra dags. 14. júní 1978. Orkubúið hafi frá þeim tíma verið eigandi umræddra lína og séð um rekstur þeirra og viðhald.

Byggt sé á því að þjóðlendukröfur ríkisins séu ósamrýmanlegar þeim fyrri athöfnum ríkisins, í þessu tilviki iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra, að leggja Orkubúinu umræddar raflínur til. Á því, auk sjónarmiða um hefð, byggi aðalkrafa Orkubúsins um að viðurkenndur verði beinn eignarréttur Orkubúsins að landi á línustæðunum og að þjóðlendukröfum ríkisins verði því hafnað.

Til vara sé þess krafist að viðurkenndur verði eignarréttur Orkubúsins að umræddum mannvirkjum, þ.e. raflínunum sjálfum og þeim staurum sem þær eru festar við, að því marki sem þau kunni að standa í þjóðlendum. Óumdeilt sé í málinu að Orkubúið sé eigandi þessara mannvirkja á grundvelli framsals frá Rafmagnsveitu ríkisins. Þó vísist um varakröfuna einnig til umfjöllunar um fyrri athafnir ríkisins og sjónarmiða um hefð.

Til stuðnings kröfum sínum vísar Orkubúið til ákvæða stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 72. gr. og til ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá vísast til almennra meginreglna íslensk eignaréttar. Enn fremur er vísað til laga nr. 66/1976 um Orkubú Vestfjarða, laga nr. 26/1972 og 8/1973, laga um hefð nr. 46/1926 og vatnalaga nr. 15/923. Þá vísar Orkubúið til ákvæða laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, raforkulaga nr. 56/2003 og eldri laga um raforkuver nr. 60/1981.

7 NIÐURSTÖÐUR ÓBYGGÐANEFNDAR

7.1 Inngangur

Hér á eftir verður fyrst fjallað um ýmis almenn atriði í kafla 7.2. Þar verður gerð grein fyrir *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* og vikið að fyrirliggjandi dómafordæmum í þjóðlendumálum. Þá verður fjallað sérstaklega um sameiginleg álitaefni sem varða fjallsbrúnir, hæðarlínur o.fl. Að því búnu verður gerð grein fyrir landnámi á því svæði sem mál þetta varðar.

Því næst koma niðurstöður óbyggðanefndar um afmörkun og eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæða málsins. Í kafla 7.3 er fjallað um staðhætti á ágreiningssvæðunum, afmörkun þeirra og landamerki jarða og í kafla 7.4 um eignarréttarlega stöðu ágreiningssvæðanna. Þá verður tekin afstaða til krafna Orkubús Vestfjarða í kafla 7.5. Loks verður fjallað um ákvörðun málskostnaðar í kafla 7.6.

Þar sem heimildir benda í fæstum tilvikum til þess að ágreiningssvæði málsins hafi lotið sjálfstæðri afmörkun í eignarréttarlegu tilliti ráðast niðurstöður fyrst og fremst af því hvort þau teljist vera innan landamerkja jarða. Í rökstuðningi fyrir niðurstöðum nefndarinnar varðandi landamerki og eignarréttarlega stöðu eru gögnum málsins gerð skil að því marki sem þurfa þykir en saga afmörkunar, ráðstafana að eignarrétti og nýtingar ágreiningssvæðanna er rakin ítarlegar í 5. kafla hér að framan.

Í málinu eru til umfjöllunar sex ágreiningssvæði sem ná annars vegar til efstu hluta fjalla á skaganum milli Önundarfjarðar og Dýrafjarðar en hins vegar til Nesdals og Heiða á Ingjaldssandi. Á fimm þeirra fylgja kröfulínur íslenska ríkisins að mestu eða öllu leyti fjallsbrúnum samkvæmt málatilbúnaði þess sem tekinn er til sérstakrar skoðunar að þessu leyti í kafla 7.2.3. Á hinu sjötta fylgja kröfulínur ríkisins jafnframt fjallsbrúnum í fyrrgreindum skilningi að mestu leyti en ágreiningssvæðið tekur einnig til Nesdals og Heiða á Ingjaldssandi. Við mynni Nesdals nær krafa ríkisins niður að sjávarmáli og tekur síðan til alls dalsins sem þar gengur inn í landið. Fyrir botni Nesdals er Nesdalsskarð og handan þess eru svonefndar Heiðar á Ingjaldssandi sem ágreiningur málsins tekur einnig til.

Af hálfu þeirra sem lýst hafa kröfum um eignarréttindi er á því byggt að einstakir hlutar ágreiningssvæðanna séu innan marka jarða þeirra. Kröfur gagnaðila ná til kröfusvæða ríkisins í heild, með einni undantekningu, og ná jafnan saman á fjöllum. Á einum stað gerir þó enginn kröfu um eignarland, en land Meiri-Garðs í Dýrafirði er aðliggjandi þeim hluta.[959] Sú ályktun verður dregin af dómum Hæstaréttar frá 16. maí 2007 í máli nr. 571/2006 (Rangárvallaafréttur) og 6. september 2005 í máli nr. 367/2005 (Skaftafell I og III) að óbyggðanefnd sé bundin af kröfugerð aðila, hvort heldur er íslenska ríkisins eða annarra, þó innan þeirra takmarka sem kröfugerð íslenska ríkisins setur hverju sinni, og leysa verði úr málum á þeim grundvelli. Eignarréttarleg staða viðkomandi landsvæðis er þrátt fyrir þetta til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á

[959] Um ástæður þess að krafa vegna jarðarinnar hefur ekki komið fram verður fjallað í kafla 7.3.5.

grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins við aðalmeðferð málsins, sem fór fram 5. október 2022, þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að á svæðum þar sem ríkisjarðir væru til staðar og á öðrum svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda, á sama hátt og ef gagnkröfur væru fyrir hendi. Því verða þjóðlendukröfusvæðin í heild tekin til skoðunar í samræmi við það.

Af hálfu Orkubús Vestfjarða er gerð krafa um að viðurkenndur verði eignarréttur þess að landi á línustæði Ingjaldssandslínu en til vara að viðurkenndur verði eignarréttur þess að umræddum mannvirkjum að því marki sem þau kunna að standa í þjóðlendum. Sú krafa tekur til hluta af svæðum sem einnig eru gerðar kröfur til um eignarréttindi vegna jarðanna Brekku og Háls á Ingjaldssandi og jarða í Mosdal og Valþjófsdal.

7.2 Almenn atriði

7.2.1 Almennar niðurstöður óbyggðanefndar

Í úrskurðum óbyggðanefndar í málum á svæði 1 var í kaflanum *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* gerð grein fyrir athugunum og niðurstöðum um staðreyndir og lagaatriði sem almenna þýðingu geta haft við úrlausn þjóðlendumála. Í úrskurðum í málum á svæði 2 var aukið við þessa umfjöllun og nokkrum nýjum atriðum bætt við. Kaflar þessir voru felldir saman, með lítils háttar breytingum, og birtir þannig sem viðauki við úrskurði í málum á svæðum 3–6. *Almennu niðurstöðurnar* fylgdu einnig í viðauka með úrskurðum í málum á svæði 7A, en þá hafði verið bætt við þær nokkrum köflum úr úrskurðum á svæðum 5–6. Í þeim köflum hafði verið tekin almenn afstaða til tiltekinna staðreynda og lagaatriða sem þar reyndi á. Þær útgáfur *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar* sem fylgdu úrskurðum á svæðum 7B, 8A, 8B og 10A höfðu með sama hætti verið uppfærðar með umfjöllun um almenn atriði úr úrskurðum á næsta svæði á undan. Þegar úrskurðað var um svæði 9A, 9B og 10C þótti hins vegar ekki þörf á að uppfæra þær að nýju með efni úr úrskurðum á svæðunum á undan. Nú hafa *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar* að nýju verið uppfærðar með efni úr úrskurðum á svæði 10C um nýgengna dóma, einkum atriði sem varða stofnun eignarréttar á grundvelli nýbýlatilskipunar frá 1776.

Umfjöllun og niðurstöður óbyggðanefndar um eignarland eða þjóðlendu á einstökum landsvæðum, sbr. kafla 7 hér á eftir, eru í beinu samhengi og samræmi við *Almennar niðurstöður óbyggðanefndar*, með framangreindum viðbótum, og þar er vísað til þeirra eftir því sem við á.

7.2.2 Dómafordæmi í þjóðlendumálum

Í úrskurðum óbyggðanefndar á hverju svæði hefur jafnan verið gerð grein fyrir þeim dómum Hæstaréttar eða Landsréttar sem hafa fallið frá uppkvaðningu úrskurða á næsta

svæði á undan. Úrskurðir í málum á svæði 10C, þ.e. Barðastrandarsýslu, voru kveðnir upp 22. desember 2020. Frá þeim tíma hefur Hæstiréttur kveðið upp einn dóm í þjóðlendumáli. Um er að ræða dóm réttarins frá 31. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur). Því liggja fyrir samtals 69 dómar Hæstaréttar í málum sem varða ágreining um eignarréttarlega stöðu lands samkvæmt þjóðlendulögum, nr. 58/1998. Frá sama tíma hefur Landsréttur kveðið upp fjóra dóma í þjóðlendumálum sem ekki hafa komið til kasta Hæstaréttar og eru því endanlegir. Um er að ræða dóma réttarins frá 28. maí 2021 í máli nr. 104/2020 (Tvídægra, Sámsstaðaselland, Reykholtsselland, austurhluti Síðumúlaskógar og Helgavatnsselland)[960], 3. júní 2022 í máli nr. 490/2020 (Austurhluti Ystutunguafréttar)[961], og frá 4. nóvember 2022 í málum nr. 514/2021 (Fjalllendi Borgarhrepps)[962] og nr. 515/2021 (Fjalllendi Hraunhrepps)[963].

Í öllum framangreindum dómum Landsréttar voru niðurstöður óbyggðanefndar um svæðin sem deilt var um staðfestar. Í framangreindum dómi Hæstaréttar komst meirihluti réttarins hins vegar að þeirri niðurstöðu að svæðið sem deilt var um, Þóreyjartungur í Borgarfirði, væri eignarland, en óbyggðanefnd hafði komist að þeirri niðurstöðu að það væri þjóðlenda. Minnihluti Hæstaréttar taldi að staðfesta bæri niðurstöðu óbyggðanefndar. Verður nú vikið nánar að dómi Hæstaréttar.

Í úrskurði óbyggðanefndar 11. október 2016 í máli nr. 5/2014 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að Þóreyjartungur í Borgarfirði væru þjóðlenda í afréttareign Sjálfseignarstofnunarinnar Oks. Í dómi Hæstaréttar kom fram að þrátt fyrir að lýsingar í hinum ýmsu gerðum *Landnámu* af landnámi á svæðinu væru ekki að öllu leyti glöggar og samrýmanlegar yrði sú ályktun dregin af þeim að umþrætt landsvæði hefði í upphafi tilheyrt hinu víðfeðma landnámi Skalla-Gríms. Um landnám Þóreyjartungna vísaði dómurinn til þess að óbyggðanefnd hefði komist að þeirri niðurstöðu að aðliggjandi heiðarlönd, Lundartunga og Oddsstaðatunga, hefðu verið numin í öndverðu og teldust eignarlönd. Þá hefði íslenska ríkið ekki gert kröfu fyrir óbyggðanefnd um að landsvæði norður af Þóreyjartungum teldist þjóðlenda. Að mati meirihluta Hæstaréttar ættu flest sömu sjónarmið við um Þóreyjartungur og umrædd heiðarlönd, að því er varðaði lýsingar *Landnámu* á landnámi á svæðinu, staðháttum, hæð yfir sjávarmáli og gróðurfari. Ekki stæðu rök til annars en að niðurstaðan yrði sú sama hvað varðaði nám Þóreyjartungna og því talið nægilega sýnt fram á að þær hefðu verið numdar með þeim hætti að beinn eignarréttur hefði stofnast yfir þeim.

Að fenginni þeirri niðurstöðu tók Hæstiréttur til skoðunar hvort beinn eignarréttur hefði haldist frá landnámi. Dómurinn tiltók að niðurstaða um það réðist einkum af heildarmati á heimildum um eignarréttindi yfir Þóreyjartungum og inntaki þeirra, heimildum um nýtingu þeirra og fyrirliggjandi upplýsingum um gróðurfar og staðhætti.

[960] Ekki var óskað áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar.
[961] Beiðni um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar hafnað með ákvörðun réttarins 10. október 2022 nr. 2022-98.
[962] Beiðni um áfrýjunareyfi til Hæstaréttar hafnað með ákvörðun réttarins 31. janúar nr. 2022-151.
[963] Beiðni um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar hafnað með ákvörðun réttarins 31. janúar nr. 2022-152.

Að mati meirihluta Hæstaréttar veittu fyrirliggjandi heimildir um jörðina Hrísa í Flókadal og Þóreyjartungur því næga stoð að Þóreyjartungur hefðu lengst af verið hluti af jörðinni Hrísum og að beinn eignarréttur hefði ekki fallið niður þótt Reykholtskirkja, sem átti hálfa jörðina Hrísa og ýmist hálfar eða allar Þóreyjartungur, hefði í lok 19. aldar selt landsvæðið til sveitarfélags. Með vísan til ólíkrar niðurstöðu óbyggðanefndar um eignarréttarlega stöðu Þóreyjartungna annars vegar og Lundartungu og Oddsstaðatungu hins vegar taldi dómurinn rétt að bera saman þá þætti sem helst þættu skipta máli varðandi eignarréttarlega stöðu landsvæðanna. Um þá þætti sem talið var að greindu Þóreyjartungur frá hinum heiðarlöndunum segir eftirfarandi í dóminum:

> Í fyrsta lagi eru heimildir ekki jafn skýrar um hvaða landnámi Þóreyjartungur tilheyrðu og hvað varðar Lundartungu og Oddsstaðatungu. Samkvæmt framansögðu er þó líklegast að öll landsvæðin hafi verið innan upphaflegs landnáms Skalla-Gríms. Í öðru lagi eru eignarréttarleg tengsl jarðarinnar Hrísa og Þóreyjartungna ekki jafn skýr og samfelld og jarðarinnar Lundar og Lundartungu annars vegar og jarðarinnar Oddsstaða og Oddsstaðatungu hins vegar að því leyti að á löngu tímabili átti Reykholtskirkja hálfa jörðina Hrísa en allar Þóreyjartungur. Í þriðja lagi var Þóreyjartungna jafnan getið sérstaklega í eldri heimildum þótt yfirleitt hafi það verið í tengslum við jörðina Hrísa en jörðinni Oddsstöðum og landamerkjum hennar hins vegar að jafnaði lýst þannig að landsvæðið Oddsstaðatunga taldist í raun hluti af henni. Í fjórða lagi hafði verið gert landamerkjabréf fyrir jörðina Oddsstaði 29. maí 1885 áður en Oddsstaðatunga var seld frá Oddsstöðum árið 1930 og náði lýsing á merkjum einnig yfir Oddsstaðatungu án þess að hún hafi sérstaklega verið þar tilgreind eða afmörkuð.

Hvað varðar þá þætti sem talið var að umrædd heiðarlönd ættu sameiginlega í eignarréttarlegu tilliti segir eftirfarandi:

> Í fyrsta lagi eru landsvæðin afar einsleit hvað varðar landfræðilega legu, gróðurfar og hæð yfir sjávarmáli. Í öðru lagi hafa landsvæðin svo lengi sem elstu heimildir greina verið nýtt sem séreignarafréttir sem ekki hafa staðið öðrum en eigendum þeirra til afnota án leyfis. Í þriðja lagi rofnuðu eignarréttarleg tengsl milli landsvæðanna og þeirra jarða sem landsvæðin tengdust ekki fyrr en í lok 19. og byrjun 20. aldar og þau þá gerð að samnotaafréttum. Í fjórða lagi hefur meðferð eigenda landsvæðanna verið án athugasemda yfirvalda og nágranna og að mestu ágreiningslaus. Í fimmta lagi fjalla heimildir um öll landsvæðin fyrst og fremst um beit og önnur þrengri og sambærileg not svo sem selstöðu sem heimildir eru um á þeim öllum. Í sjötta lagi var landsvæðanna ekki getið sérstaklega í lýsingu á jörðunum Hrísum, Lundi og Oddsstöðum í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1708 en takmarkaðar ályktanir verða af því dregnar. Í sjöunda lagi var Lundartungu lýst með svipuðum hætti í eldri heimildum í tengslum við lýsingu á Lundi eða Lundarkirkju og Þóreyjartungum var lýst í tengslum við lýsingu á Hrísum. Lundartungu eða Lundarheiði var þannig ekki getið sérstaklega í eldri heimildum um jörðina Lund og Lundarkirkju en svæðisins fyrst getið í vísitasíu fyrir Lund frá árinu 1647 og staðsetningu hennar þar fyrst lýst. Í lögfestum Lundar frá árunum 1665, 1671, 1679, 1694 og 1703 var Lundarheiði tilgreind með svipuðum hætti gagnvart jörðinni Lundi og Þóreyjartungur gagnvart jörðinni Hrísum. Þannig var Lundarheiði lögfest Lundi sérstaklega í lögfestu frá árinu 1694 og í vísitasíum fyrir Lundarkirkju frá árunum 1827 og 1868 er landamerkjum Lundar lýst annars vegar og Lundarheiðar hins vegar gagnvart öðrum landsvæðum. Í áttunda lagi hafði hvorki verið gert landamerkjabréf fyrir Hrísa né Lund áður en Þóreyjartungur voru seldar árið 1895 og Lundartungur árið 1910, gagnstætt við Oddsstaði þegar Oddsstaðatunga var seld árið 1930.

Samkvæmt þessu taldi meirihluti Hæstaréttar að Þóreyjartunga og Lundartunga ættu að nær öllu leyti og Oddsstaðatunga að flestu leyti þá þætti sameiginlega sem mestu máli skiptu við afmörkun á eignarlöndum og þjóðlendum. Ekkert væri fram komið sem stutt gæti að munur yrði gerður á Þóreyjartungum og aðliggjandi landsvæðum og því stæðu ekki rök til annars en að niðurstaðan yrði sú sama hvað varðaði eignarréttarlega stöðu Þóreyjartungna, Lundartungu og Oddsstaðatungu, þ.e. að Þóreyjartunga teldist eignarland en ekki þjóðlenda.

Í sératkvæði tveggja dómara Hæstaréttar var komist að öndverðri niðurstöðu. Að því marki sem talið yrði að Þóreyjartungur hefðu verið numdar í öndverðu hefðu þær verið innan landnáms Björns gullbera, sem hefði numið land milli Grímsár og Flókadalsár. Þar sem því væri lýst í *Landnámu* að síðarnefnda áin hefði skilið milli landa hans og jarðarinnar Hrísa hefðu Þóreyjartungur ekki verið hluti af landnámsjörðinni Hrísum. Að mati minnihluta Hæstaréttar veittu heimildir um Hrísa og Þóreyjartungur því ekki stoð að Þóreyjartungur hefðu verið hluti af jörðinni Hrísum, enda væru tungurnar tilgreindar sérstaklega og í lögfestum allt frá árinu 1739 með öðrum eignum og ítökum Reykholtskirkju. Þvert á móti taldi minnihluti Hæstaréttar að heimildir bentu fremur til þess að Þóreyjartungur hefðu verið sérstakt landsvæði og ekki hluti af jörðinni. Í sératkvæðinu er þess getið að ekkert hafi komið fram í heimildum um að Þóreyjartungur hefðu verið nýttar til annars en upprekstrar búfjár. Engin viðhlítandi rök stæðu því til annars en að líta svo á að réttindi Reykholtskirkju, og þeirra sem leiddu rétt sinn til landsins frá henni, hefðu verið fólgin í óbeinum eignarréttindum til hefðbundinna nota á því til upprekstrar og annars þess sem afréttir hefðu í aldanna rás almennt verið hafðir til. Um samanburð á Þóreyjartungum og aðliggjandi landsvæðum segir í sératkvæðinu:

> Við tökum undir þá lýsingu í atkvæði meirihluta dómenda að niðurstaða um hvort landsvæði telst hafa verið numið í öndverðu og hvort það telst eignarland eða þjóðlenda geti meðal annars ráðist af samanburði við niðurstöður um aðliggjandi landsvæði sem telja verður sambærileg með tilliti til gróðurfars og hæðar yfir sjávarmáli. Þetta er þó aðeins einn af mörgum þáttum í heildarmati en kemur ekki í stað kröfu um að efnislega áþekkar heimildir séu til stuðnings eignarhaldi á samliggjandi landsvæðum.
>
> Þegar litið er til aðliggjandi landsvæða, Lundartungu og Oddsstaðatungu, sem liggja sunnan Þóreyjartungna og talin voru eignarlönd í fyrrnefndum úrskurði óbyggðanefndar, sést að til grundvallar þeirri niðurstöðu lágu mun skýrari heimildir í samanburði við Þóreyjartungur, bæði um nám í öndverðu og þaðan í frá um óslitin og óumdeild tengsl þeirra sem hluta viðkomandi landsnámsjarða. Allt þetta landsvæði er vissulega áþekkt að gróðurfari og staðháttum sem rennir stoðum undir þá ályktun að Þóreyjartungur hafi verið numdar í upphafi. Þar sem ekki nýtur við styrkari heimilda um að Þóreyjartungur hafi upphaflega verið hluti af landnámsjörðinni Hrísum og beinn eignarréttur að landinu hafi með henni færst á hendur annarra geta áþekkir staðhættir þó ekki einir sér ráðið úrslitum til staðfestingar því að um eignarland stefndu sé að ræða.

Að þessu virtu var niðurstaða minnihluta Hæstaréttar að staðfesta bæri niðurstöðu óbyggðanefndar.

Af dómnum má ráða að talsverð áhersla hafi verið lögð á samanburð við aðliggjandi landsvæði og miklu virðist hafa ráðið í niðurstöðu meirihluta Hæstaréttar að óbyggðanefnd hafi komist að öndverðri niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu Lundartungu og

Oddsstaðatungu, þrátt fyrir að margt væri sameiginlegt með þeim og Þóreyjartungum. Þessi sjónarmið sem koma fram af hálfu meirihluta Hæstaréttar í dómnum eru meðal þess sem hlýtur að koma til skoðunar við mat á eignarréttarlegri stöðu í tilvikum sem talist geta sambærileg. Hins vegar virðist munurinn á niðurstöðu meirihluta Hæstaréttar og óbyggðanefndar einnig grundvallast á ólíku mati á sambandi jarðarinnar Hrísa og Þóreyjartungna, en óbyggðanefnd komst að þeirri niðurstöðu að heimildir um Hrísar og Þóreyjartungur bentu til þess að Þóreyjartungur hefðu ekki verið hluti jarðarinnar heldur sérstakt landsvæði, aðskilið frá jörðinni, líkt og minnihluti Hæstaréttar.

7.2.3 Almenn álitaefni um eignarréttarlega stöðu efstu hluta fjalla

7.2.3.1 Almennt

Sá ágreiningur sem uppi er milli íslenska ríkisins og gagnaðila þess í málum nr. 1–8/2021 á svæði 10B snýr að verulegu leyti að því hvort efstu hlutar fjalla séu þjóðlendur eða hvort eignarlönd jarða beggja vegna nái saman uppi á fjöllum. Íslenska ríkið byggir gjarnan á því að þær fjallsbrúnir sem mynda skörp skil í landslagi, t.d. við frambrún kletta, ráði merkjum eignarlanda gagnvart þjóðlendum. Vísað er til þess af hálfu ríkisins að í slíkum tilvikum séu landfræðilegar aðstæður oft með þeim hætti að innan fjallsbrúna, þ.e. ofan á fjalli, liggi tiltölulega flatlent svæði eða skýrt afmarkað. Þegar landamerkjum sé lýst í fjallsbrún, í fjall eða á fjall sé almennt litið svo á að merki séu dregin í fjallsbrúnir í þeirri merkingu. Sé merkjum ekki lýst lengra, landamerkjalýsingar séu óskýrar eða landfræðilegar aðstæður með þeim hætti að svæði séu t.d. lítt aðgengileg, lítt gróin og í töluverðri hæð sé víða gerð krafa um að slíkt land, ofan fjallsbrúna, verði úrskurðað þjóðlenda. Kröfugerð ríkisins er í þeim tilvikum iðulega háttað þannig að kröfulínur eru sagðar fylgja fjallsbrúnum, eins og þær eru skilgreindar af hálfu ríkisins, en tilgreindir punktar á línunum sem miðast við efstu punkta í landamerkjalýsingum, en eru ekki endilega nákvæmlega þeir sömu. Þá eru kröfulínur ríkisins í sumum tilvikum miðaðar við hæðarlínur. Fram kemur í kröfugerð ríkisins að það sé gert þegar fyrir liggi að um jörð sé að ræða en landamerkjalýsing liggi ekki fyrir, sé óljós eða óskýr og ekki sé hægt að draga beina línu milli þekktra punkta þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta og ekki sé hægt að finna skýra landfræðilega afmörkun til að miða við. Hæðarlína hafi þó jafnan verið valin með hliðsjón af þekktum punkti eða punktum í merkjalýsingu og reynt að miða við landshætti, s.s. gróðurfar og landslag.[964]

Gagnaðilar íslenska ríkisins byggja aftur á móti jafnan á því að túlka beri landamerkjabréf og aðrar heimildir um merki jarða á þessu svæði á þann veg að landamerki jarðanna nái upp á efstu hluta fjallanna og að þegar hugtakið fjallsbrún kemur fyrir í merkjalýsingum sé átt við vatnaskil. Því séu engar þjóðlendur uppi á

[964] Fjallað er um kröfur og sjónarmið íslenska ríkisins í máli þessu í köflum 3.1 og 6.1.

fjöllunum.[965] Við úrlausn um framangreind atriði reynir m.a. á túlkun hugtaksins „fjallsbrún“ og sambærilegra hugtaka í merkjalýsingum, mat á þýðingu þess að merkjalýsingar til fjalla séu óljósar og áhrif atriða á borð við staðhætti, gróðurfar og fjarlægð frá byggð á sönnunarmat. Þar sem víða reynir á atriði af þessu tagi við úrlausn málanna er ástæða til að fjalla almennt um þau hér, áður en að því kemur að taka afstöðu til einstakra tilvika.

Við úrlausn þjóðlendumála skal m.a. gætt samræmis og jafnræðis. Í því sambandi ber ekki einungis að líta til niðurstaðna einstakra ágreiningsmála heldur einnig þess hvernig kröfugerð íslenska ríkisins hefur verið háttað. Má í því sambandi geta um dóm Hæstaréttar frá 11. maí 2006 í máli nr. 345/2006 (Fell í Suðursveit). Þar var m.a. deilt um hvort miða ætti mörk þjóðlendu á Vatnajökli við stöðu jökuljaðarsins við gildistöku þjóðlendulaga árið 1998 eða þann tíma þegar landamerkjabréf jarðarinnar Fells var gert. Þar sem ríkið undi þeirri niðurstöðu óbyggðanefndar að miða við fyrrnefnda tímamarkið gagnvart öðrum jörðum í Suðursveit og Öræfum án þess að láta reyna á þau fyrir dómi taldi Hæstiréttur að vegna jafnræðisreglu yrði ekki hróflað við ákvörðun nefndarinnar gagnvart eignarlandi Fells að þessu leyti.

Fyrir uppkvaðningu úrskurða í málum á svæði 10B hefur óbyggðanefnd lokið almennri málsmeðferð á um 91% meginlandsins og úrskurðir nefndarinnar í þjóðlendumálum eru orðnir 66 talsins, en í hverju máli hefur iðulega verið fjallað um nokkur ágreiningssvæði og fjölda jarða. Þá liggja fyrir 69 hæstaréttardómar í þjóðlendumálum, 8 dómar Landsréttar og 107 héraðsdómar. Þegar litið er heildstætt á endanlegar niðurstöður málanna finnast ekki dæmi þess að efstu hlutar fjalla teljist þjóðlendur nema um sé að ræða nokkuð víðfeðm heiðarlönd eða hluta af þjóðlendum sem ná jafnframt yfir nærliggjandi landsvæði. Þá hafa gjarnan legið fyrir heimildir um að viðkomandi svæði hafi aðra stöðu að eignarrétti en land aðliggjandi jarða, svo sem að þar séu eða hafi verið afréttir eða almenningar.[966] Enn fremur hafa fjölmörg fjöll talist eignarlönd í heild þegar af þeirri ástæðu að íslenska ríkið lýsti ekki kröfum um að þau eða hlutar þeirra væru þjóðlendur. Ætla verður að til grundvallar þeirri afstöðu ríkisins hafi legið það mat að um eignarlönd væri að ræða. Víða um land eru staðhættir sambærilegir við Ísafjarðarsýslur að því leyti að fjöll skilja þar gjarnan á milli eignarlanda jarða í dölum og fjörðum, án þess að endilega sé um að ræða víðáttumikla fjallgarða eða stór og samfelld heiðarlönd. Má í því sambandi nefna sem dæmi Barðastrandarsýslur sem auðkenndar voru sem svæði 10C við málsmeðferð óbyggðanefndar en um ágreiningssvæði þar var fjallað í úrskurðum nefndarinnar í málum nr. 1–4/2021.

Greining óbyggðanefndar á landamerkjum sem varða ágreiningssvæði í þeim landshlutum þar sem nefndin hefur lokið málsmeðferð hefur leitt í ljós að mjög algengt

[965] Fjallað er um kröfur og sjónarmið annarra en ríkisins í köflum 3.2–3.21 og 6.2.

[966] Hvað varðar nánari umfjöllun um jarðir, afrétti og almenninga vísast til kafla 4.2–4.5 í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurðinum.

er að vatnaskil efst á fjöllum ráði merkjum milli jarða, sérstaklega í tilvikum þar sem ekki er um að ræða mjög víðfeðma fjallgarða eða heiðarlönd, eða að lönd jarða nái a.m.k. saman uppi á fjöllum án þess að nákvæmlega sé skilgreint með hvaða hætti. Í þessu sambandi má nefna sem dæmi fjallgarðinn milli Lóns og Nesja í málum nr. 4/2001 (Nes) og 5/2001 (Lón), Esju í sameinuðum málum nr. 3–4/2004 (Kjalarnes og Kjós), Smjörfjöll í málum nr. 2/2005 (Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár á Jökuldal ásamt Jökulsárhlíð) og 3/2005 (Vopnafjarðarhreppur), Lambafjöll og fjallgarðinn á Tjörnesi í máli nr. 2/2007 (Tjörnes og Þeistareykir), Kinnar- og Víknafjöll í máli nr. 4/2007 (Kinnar- og Víknafjöll ásamt Flateyjardalsheiði austan Dalsár), fjalllendi í Grýtubakkahreppi í máli nr. 5/2007 (Grýtubakkahreppur ásamt Flateyjardalsheiði vestan Dalsár), fjöll sem skilja að jarðir í fyrrum Hörðudals- og Miðdalahreppum í Dalasýslu í máli nr. 3/2016 (Hörðudalshreppur og Miðdalahreppur vestan Miðár) og fjalllendi inn af Vatnsfirði í máli nr. 2/2020 (Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps). Niðurstöður allra þessara mála standa óraskaðar af dómstólum að þessu leyti enda undi íslenska ríkið við þær. Þá eru ótalin tilvik þar sem ágreiningslaust var milli íslenska ríkisins og landeigenda að eignarlönd næðu saman uppi á fjöllum þar sem ríkið lýsti ekki kröfum um þjóðlendur þar.

Algengt er þó að merkjalýsingar til fjalla séu ekki eins nákvæmar og niðri á láglendi. Að mati nefndarinnar er líklegt að oft stafi það annars vegar af því að meiri hagsmunir voru bundnir við að merki milli nytjalanda jarða á láglendi væru skýr heldur en merki til fjalla. Hins vegar má að mati nefndarinnar ætla að sú útbreidda venja, sbr. fyrrgreind dæmi, að vatnaskil og hæstu brúnir fjalla ráði merkjum hafi gert það að verkum að minni ástæða hafi þótt til að lýsa þeim hluta merkjanna en merkjum gagnvart aðliggjandi jörðum á láglendi í tilvikum þar sem fjöllin fólu í sér skýr landamerki af náttúrunnar hendi. Þar sem fjöll skilja að dali og firði sem eru eða hafa verið í byggð má að mati nefndarinnar oft telja líklegt að merki jarða nái saman á fjöllunum, nema heimildir eða staðhættir mæli því sérstaklega í mót.

7.2.3.2 Nánar um áhrif staðhátta o.fl. á sönnunarmat

Fjölmörg dæmi eru um það í réttarframkvæmd að atriði á borð við staðhætti, gróðurfar og fjarlægð frá byggð hafi haft áhrif á mat á því hvort landsvæði væru eignarlönd eða þjóðlendur. Staðhættir geta verið þannig að meiri kröfur en ella séu gerðar um sönnun þess að svæði sé eignarland. Til marks um það eru t.d. tveir dómar sem voru meðal þeirra fyrstu sem Hæstiréttur kvað upp í þjóðlendumálum en þar gaf rétturinn til kynna þá afstöðu að í ljósi staðhátta og gróðurfars hefðu tiltekin svæði átt að teljast þjóðlendur ef ríkið hefði gert sérstakar kröfur um það. Um er að ræða dóma réttarins frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar fjalllendi nærri mörkum fyrrum Biskupstungna- og Laugardalshreppa, og frá 28. september 2006 í máli nr. 498/2005 (Stafafell) að því er varðar tiltekið landsvæði sunnan og vestan Jökulsár í Lóni. Tilvikin sem um ræðir í þessum tveimur dómum eru

frábrugðin flestum tilvikum í Ísafjarðarsýslum sem nú eru til umfjöllunar að því leyti að þar er ekki um að ræða tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi sem skilur milli eignarlanda jarða heldur lítt gróin hálendissvæði sem eru nokkuð fjarri byggð en liggja nærri samfelldri þjóðlendu á miðhálendinu. Þá hefur Hæstiréttur einnig staðfest að hálend og lítt gróin svæði geti verið innan eignarlanda ef fullnægjandi heimildir liggja því til grundvallar, sbr. t.d. dóm réttarins frá 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 (Fljótshverfi). Með dómnum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að hin umdeildu svæði, sem afmörkuð voru í landamerkjabréfum viðkomandi jarða, væru eignarlönd. Þar á meðal var lítt gróið land í um og yfir 1.000 m hæð yfir sjávarmáli sem heimildir bentu til að hefði einungis verið háð mjög takmörkuðum notum.

Af framangreindu er ljóst að það að svæði er hálent, lítt gróið, fjarri byggð og lítt nytjað leiðir ekki sjálfkrafa til niðurstöðu um þjóðlendu, þótt allt séu þetta atriði sem geta ásamt skriflegum heimildum haft áhrif á sönnunarmatið.

7.2.3.3 Áhrif þess að landamerkjabréf skortir eða merkjalýsing er óljós

Með lögum um landamerki nr. 5/1882 var í fyrsta skipti í íslenskri löggjöf kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrá landamerki jarða sinna. Skrásetja skyldi nákvæma lýsingu á landamerkjum, afla áritana eigenda aðliggjandi landsvæða ef þeir voru samþykkir lýsingunni og fá sýslumanni skrána í hendur til þinglýsingar á næsta manntalsþingi, sbr. 3. og 4. gr. laganna. Kveðið var á um sambærilegar skyldur í 2. gr. laga um landamerki nr. 41/1919 sem leystu lög nr. 5/1882 af hólmi. Þessar skrár eða merkjalýsingar sem lög nr. 5/1882 og síðar lög nr. 41/1919 kváðu á um eru jafnan nefndar landamerkjabréf. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt á landi og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd.

Þrátt fyrir að landamerkjabréf jarða hafi almennt mjög mikið vægi við sönnun um eignarland[967] hefur í réttarframkvæmd ekki verið gerð fortakslaus krafa um að merkjalýsingar þeirra séu að öllu leyti ótvíræðar og raunar eru nokkur dæmi um að svæði hafi verið talin eignarlönd þótt ekki séu fyrir hendi landamerkjabréf og jafnvel ekki heldur aðrar merkjalýsingar. Á það sérstaklega við ef landamerki geta talist glögg af náttúrunnar hendi, t.d. ár og lækir, strandlengjan og jökulrendur. Má í því sambandi nefna úrskurði óbyggðanefndar í málum á svæði 2 (Sveitarfélagið Hornafjörður) og svæði 3 (Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla) þar sem merkjum jarða gagnvart jöklum var ekki endilega lýst í landamerkjabréfum en nefndin komst þó almennt að þeirri niðurstöðu að jöklarnir hefðu afmarkað það land sem máli skipti með svo augljósum hætti að umfjöllunar hefði ekki talist þörf.

[967] Sjá umfjöllun um landamerkjabréf í köflum 5.5, 7.1.1, 10.2, 11.2 og 12.1 í *Almennnum niðurstöðum óbyggðanefndar*.

Í þessu sambandi er vert að leggja áherslu á að þótt lögð væri á skylda til skrásetningar landamerkja með lögum nr. 5/1882 og síðar lögum nr. 41/1919 var ræksla þeirrar skyldu aldrei forsenda þess að eignarréttindi héldust við. Eignarréttindi féllu ekki niður vegna vanrækslu skyldunnar og að sama skapi hefur aldrei verið unnt að stofna til nýrra eignarréttinda, umfram þau sem fyrir voru, með því að útbúa landamerkjabréf.[968] Um var að ræða skrásetningu réttinda sem þegar voru til staðar og eftir atvikum ákvörðun um mörk þeirra, í samráði við eigendur eða umráðamenn aðliggjandi landsvæða. Af þessu leiðir að þýðing landamerkjabréfs við úrlausn þjóðlendumála er fyrst og fremst sönnunarlegs eðlis en tilvist þess er ekki fortakslaust skilyrði þess að fallist sé á að landsvæði sé háð beinum eignarrétti, ef rétt þykir að draga slíka ályktun af öðrum atriðum.

Að mati óbyggðanefndar leiðir það af eðli máls að ef fyrir liggur að landsvæði hafi stöðu jarðar að lögum en merkjalýsingu skortir þarf að ákvarða merkin að álitum, m.a. út frá staðháttum. Sem dæmi um tilvik þar sem úrskurðað hefur verið um eignarland þrátt fyrir vöntun á landamerkjabréfi og öðrum merkjalýsingum má nefna úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 3/2018 (Eyrarbotn). Þar voru ekki fyrir hendi landamerkjabréf eða aðrar merkjalýsingar fyrir jörðina Hrafnkelsstaði en með hliðsjón af staðháttum og öðrum fyrirliggjandi heimildum komst nefndin að þeirri niðurstöðu að mörk jarðarinnar gagnvart þjóðlendu í Eyrarbotni lægju um efstu brúnir Gunnungsfells á vatnaskilum.

Í réttarframkvæmd finnast á hinn bóginn nokkur dæmi þess að mörk þjóðlendna og eignarlanda séu dregin um beinar línur milli efstu kennileita sem getið er um í landamerkjabréfum eða öðrum merkjalýsingum. Má í því sambandi fyrst nefna úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 1/2018 (Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans) en nánar er vikið að honum í kafla 7.2.3.5. Sömu nálgun var beitt í úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 8/2003 (Síða, Landbrot og Brunasandur ásamt fyrrum Leiðvallahreppi) og dómi Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 79/2007 (Mörtunga og Prestbakkajarðir). Með dómnum staðfesti Hæstiréttur þá niðurstöðu óbyggðanefndar að mörk þjóðlendunnar Síðumannaafréttar gagnvart umræddum jörðum skyldu dregin um beina línu milli upptaka Geirlandsár og Þverár. Niðurstaða óbyggðanefndar um að miða merkin að þessu leyti við beina línu byggðist m.a. á því að náttúrulegar aðstæður á svæðinu veittu litla vísbendingu um legu norðurmerkja jarðanna og engin glögg skil væru frá náttúrunnar hendi til að styðjast við. Hæstiréttur

[968] Um stofnunarhætti eignarréttinda er fjallað í 3. kafla í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* sem birtar eru í viðauka með úrskurðinum. Tekið skal fram að þótt ekki sé hægt að stofna til nýrra eignarréttinda með landamerkjabréfi, þá er unnt að semja með landamerkjabréfi um breytingu á landamerkjum milli eignarlanda, enda eru landamerkjabréf í eðli sínu samningar, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar í málum nr. 457/2011 (Krýsuvík), 547/2012 (Reykjahlíð), 360/2013 (Hrollaugsstaðir og Ásgrímsstaðir), 222/2014 (Miðhús og Barmar), 637/2014 (Brekka/Snartastaðir), 127/2015 (Dyrhólaey) og 136/2017 (Á og Skarð), sem og: Þorgeir Örlygsson, Karl Axelsson og Víðir Smári Petersen: *Eignaréttur II*. Reykjavík 2023, bls. 168–171. Ef þannig er samið um breytingu á landamerkjum er um að ræða svonefnda *afleidda stofnun* eignarréttinda en ekki frumstofnun þeirra.

staðfesti niðurstöðu nefndarinnar að þessu leyti. Annað dæmi um að Hæstiréttur dragi mörk þjóðlendu gagnvart eignarlöndum eftir beinum línum milli þeirra kennileita sem getið er um í landamerkjabréfum og liggja næst viðkomandi þjóðlendum er dómur réttarins frá 26. september 2013 í máli nr. 411/2012 (Mjóidalur, Sörlastaðir og Hjaltadalur ásamt Kambfellskjálka) en þar breytti rétturinn niðurstöðu óbyggðanefndar um mörk þjóðlendunnar afréttarlands í Þingeyjarsveit gagnvart umræddum jörðum, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 3/2007 (Þingeyjarsveit sunnan Ljósavatnsskarðs og vestan Skjálfandafljóts). Við samanburð þessara tilvika við þau sem til úrlausnar eru á svæði 10B ber þess að gæta að bæði Síðumannaafréttur og afréttarland í Þingeyjarsveit eru svæði sem samkvæmt fyrirliggjandi heimildum nutu stöðu afrétta að lögum fyrir gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998 og tilheyra nú víðáttumiklu og samfelldu svæði þjóðlendna á miðhálendi Íslands. Í þessum tilvikum var því ekki um að ræða álitaefni um efstu hluta fjalla sem skilja á milli eignarlanda jarða.

7.2.3.4 Túlkun hugtaksins „fjallsbrún“ og sambærilegra tilvísana í merkjalýsingum

Í málunum sem hér eru til úrlausnar hefur óbyggðanefnd lagt fram álitsgerð Orðabókar Háskólans frá árinu 2006 um merkingu hugtaksins fjallsbrún en hennar var á sínum tíma aflað vegna meðferðar nefndarinnar á málum 3–4/2004 (Kjalarnes og Kjós). Meginniðurstaðan sem þar er lýst er sú að fjallsbrún geti verið hvort sem er „hæsti hluti fjalls eða sá hluti sem hæst ber, séður af tilteknum stað“. Í umræddum málum reyndi á túlkun hugtaksins í landamerkjabréfum jarða umhverfis Esju. Þá líkt og nú byggði íslenska ríkið á því að fjallsbrún væri þar sem halli breyttist mest á tilteknum stað, t.d. í klettabrún, en jarðeigendur byggðu á því að fjallsbrún væri þar sem fjall er hæst eða þar sem vötnum hallar. Í úrskurði óbyggðanefndar í sameinuðum málum nr. 3–4/2004 (Kjalarnes og Kjós) fjallaði nefndin um landamerkjabréf jarða sem liggja að Esju og komst að þeirri niðurstöðu að merki nokkurra jarða tækju að einhverju leyti til hæsta hluta fjallsins. Aðrar lýsingar væru óljósari en nefndu þó gjarnan vatnaskil, brúnir eða jafnvel hæstu brúnir. Nefndin túlkaði umræddar heimildir með hliðsjón af staðháttum og komst að þeirri niðurstöðu að landamerki jarða næðu upp á efstu brúnir Esju, þ.e. vatnaskil, sbr. eftirfarandi texta í úrskurðinum:

> Esjan er hár og brattur móbergsstapi, mótaður af jöklum, ám og lækjum; skorin með dölum og giljum í allar áttir. Á hryggjum milli dala er víðast bratt til beggja hliða og ekki mikið um flatt land ofan á fjallinu. Á flestum stöðum eru því engin vandkvæði á að finna hvar vötnum hallar á Esjunni. Hugtakið fjallsbrún er notað í landamerkjabréfum jarða í kringum Esjuna, jafnvel þar sem erfitt er að átta sig á hvar fjallsbrún í skilningi íslenska ríkisins ætti að vera, nema þá að litlum hluta.
>
> Samkvæmt framangreindum heimildum um merki og staðháttum á Esjusvæðinu telur óbyggðanefnd eðlilegt að leggja til grundvallar að hugtakið fjallsbrún í umræddum landamerkjalýsingum vísi til þeirra hluta Esjunnar sem hæstir eru og vötnum hallar frá.

Niðurstaða nefndarinnar varð því sú að ekki væri þjóðlenda á efsta hluta Esju. Íslenska ríkið skaut þeirri niðurstöðu ekki til dómstóla. Sambærileg álitaefni voru uppi varðandi Smjörfjöll í málum nr. 2/2005 (Jökuldalur norðan og vestan Jökulsár á Jökul-

dal ásamt Jökulsárhlíð) og 3/2005 (Vopnafjarðarhreppur). Í úrskurðum óbyggðanefndar kemur fram að Smjörfjöll séu firnabreiður fjallgarður sem sé mikill um sig og rísi hæstu hnjúkarnir í yfir 1.200 m hæð yfir sjávarmáli. Jökulsárhlíðarmegin halli Smjörfjöll mót austri og séu skorin giljum. Frá bæjarstæðum í Jökulsárhlíð að sveitarfélagamörkum séu um 12–13 km í beinni loftlínu. Vopnafjarðarmegin séu Smjörfjöll með hamróttar brúnir, þar sem smáir hvilftarjöklar hafi grafið sig niður á nokkrum stöðum og myndað skálar og ekið fram jökulruðningi á nokkrum stöðum. Frá bæjarstæðum jarða Vopnafjarðarmegin að sveitarfélagamörkum á Smjörfjöllum séu um 9,5–13 km, mælt í beinni loftlínu.

Í umræddum málum greindi óbyggðanefnd landamerkjabréf jarða sem liggja að Smjörfjöllum með sambærilegum hætti og gert var í áðurnefndum málum vegna jarða sem liggja að Esju. Sú greining leiddi í ljós að í landamerkjabréfum jarða Jökulsárhlíðarmegin væri merkjum oftast lýst að vatnaskilum í Smjörfjöllum eða svo að merki næðu að fjallsbrún. Í öðrum tilvikum væri vísað til upptaka áa í Smjörfjöllum við sveitarfélagamörk Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðar. Vopnafjarðarmegin væri landamerkjum sömuleiðis gjarnan lýst að vatnaskilum og stundum vísað til kennileita í háfjöllunum. Þá voru eldri heimildir taldar renna frekari stoðum undir landamerkjabréfin hvað varðaði efri mörk jarðanna til fjalla. Niðurstaða nefndarinnar varð því sú að jarðir í Vopnafjarðarhreppi og í Jökulsárhlíð lægju saman í Smjörfjöllum og þar með væru ekki þjóðlendur efst á fjöllunum. Líkt og í tilviki Esju undi íslenska ríkið þessum niðurstöðum.

Fyrir liggur hæstaréttardómur þar sem lagt var til grundvallar að með tilvísun til fjallsbrúnar í landamerkjabréfi væri átt við vatnaskil, þ.e. dómur Hæstaréttar frá 20. október 2016 í máli nr. 59/2016 (Torfufell, Hólsgerði og Úlfá). Í dómnum segir m.a.:

> Í landamerkjabréfi Úlfár sagði sem áður var getið að merki jarðarinnar til suðurs fylgdu Hafrá „til fjallsbrúnar“, en að vestan réði „fjallsbrúnin.“ Úr því að lýsingin hljóðaði á þennan veg verður að teknu tilliti til úrskurðar óbyggðanefndar og krafna málsaðila að líta svo að fjallsbrúnin, sem fylgja átti Hafrá til, sé við upptök árinnar og þar með við vatnaskil. Merkin til vesturs fylgi síðan þessari fjallsbrún og þar með vatnaskilum.

Með þessu er ljóst að Hæstiréttur hefur fallist á að með tilvísun til fjallsbrúnar í landamerkjabréfi kunni að vera átt við efsta hluta fjalls, þ.e. vatnaskil. Að mati óbyggðanefndar er þó ekki unnt að líta á það sem algilda reglu að túlka beri slíkt orðalag í landamerkjabréfum á þann hátt. Eftir sem áður þarf að túlka orðalag landamerkjabréfa og annarra merkjalýsinga með atviksbundnum hætti, m.a. að teknu tilliti til staðhátta á viðkomandi svæði. Þá þarf jafnframt að gæta að því að með gerð landamerkjabréfs gátu menn ekki aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði og fyrir gildistöku þjóðlendulaga nr. 58/1998 var engum til að dreifa sem gat sem handhafi beins eignarréttar gert samninga um mörk þess lands sem nú nefnist þjóðlenda, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum).

7.2.3.5 Þjóðlendur ofan „fjallsbrúna“

Sem dæmi um tilvik þar sem svæði ofan þeirra brúna sem mynda skörp skil í landslagi, neðan vatnaskila, var úrskurðað þjóðlenda má nefna úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 1/2018 (Snæfellsjökull og landsvæði sunnan og austan hans). Þar var úrskurðað um þjóðlendu á landsvæði sunnan og austan Snæfellsjökuls. Suður- og austurmörk þjóðlendunnar liggja að talsverðu leyti um kennileiti sem eru nærri fjallsbrúnum í þessum skilningi, nánar tiltekið eftir línum sem dregnar eru í beina stefnu milli efstu kennileita sem getið er um í landamerkjabréfum og öðrum merkjalýsingum jarða sem liggja að þessum hluta þjóðlendumarkanna. Byggðist sú niðurstaða m.a. á heildstæðu mati á heimildum sem lágu fyrir um viðkomandi jarðir með hliðsjón af staðháttum, þar á meðal því að sýnilegar fjallsbrúnir mynduðu sums staðar glögg skil í landslaginu. Einnig hafði samanburðarskýring á landamerkjabréfum jarða á vestanverðu Snæfellsnesi áhrif á þetta mat, þ.e. samanburður við jarðir sem óumdeilt var að ættu land upp að jökli. Þau landamerkjabréf voru talin benda til þess að alvanalegt væri á þessum slóðum að lýsa merkjum í Snæfellsjökul berum orðum þar sem landeigendur töldu sig á annað borð eiga land að honum. Það var aftur á móti ekki gert í tilvikum umræddra jarða sem liggja hlið við hlið sunnan og austan jökulsins, sem ásamt öðru var talið benda til þess að eignarlönd jarðanna næðu skemur til fjalla þar. Sú niðurstaða að draga mörk þjóðlendunnar um beinar línur milli efstu punkta sem getið var um í viðkomandi merkjalýsingum byggðist m.a. á því að ekki væri fyrir að fara glöggum náttúrulegum skilum á borð við vatnaskil sem eðlilegt væri að styðjast við. Þó kemur fram í úrskurðinum að brúnir Botnsfjalls og Hamraendafjalls myndi að vísu nokkuð glögg skil í landslaginu, þótt ekki séu þar vatnaskil, en með því að draga beinar línur milli framangreindra efstu merkjapunkta sé brúnunum að mestu leyti fylgt. Norðurmörk sömu þjóðlendu voru aftur á móti miðuð við vatnaskil gagnvart óumdeildu eignarlandi jarðarinnar Fossárdals í samræmi við breytingu sem gerð var á legu kröfulínu ríkisins eftir að aflað var greiningar frá Veðurstofu Íslands á vatnaskilunum. Í úrskurði óbyggðanefndar kemur fram að heimildir mæli því ekki í mót að línan sé dregin með þessum hætti milli syðstu punkta á merkjum Fossárdals, enda liggi punktarnir á vatnaskilum og algengt sé að mörk fasteigna liggi um vatnaskil þegar svo háttar til.

7.2.3.6 Samanburður tilvika

Að framan var fjallað um niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 3–4/2004 og 2–3/2005 þess efnis að eignarlönd jarða umhverfis Esju og Smjörfjöll næðu upp á efstu brúnir fjallanna, þ.e. vatnaskil, en nú síðast um úrskurð nefndarinnar í máli nr. 1/2018 þar sem niðurstaðan var að landamerki jarða austan Snæfellsjökuls næðu einungis að kennileitum nærri þeim fjallsbrúnum sem mynda skörp skil í landslagi, milli brattra hlíða og hallaminna lands ofan þeirra, en ofan þessara fjallsbrúna væri þjóðlenda. Vert er að skoða nánar hvað þarna skilur helst á milli. Annars vegar er einkum um það að ræða að í fyrrnefndu málunum voru fyrir hendi landamerkjabréf og aðrar merkja-

lýsingar sem lýstu merkjum jarða upp á efstu fjallsbrúnir á vatnaskilum en í síðastnefnda málinu voru ekki fyrir hendi nein landamerkjabréf eða aðrar heimildir sem veittu því viðhlítandi stoð að merki jarðanna næðu hærra upp til fjalla en að þeim kennileitum sem þjóðlendumörkin voru miðuð við. Hins vegar er munur á staðháttum sem styður við þessar ólíku niðurstöður. Svæðið sem deilt var um í máli nr. 1/2018 tilheyrir samfelldu fjalllendi sem skilur á milli norðan- og sunnanverðs Snæfellsness og rís hæst í Snæfellsjökli sem einnig er þjóðlenda og liggur að umræddri þjóðlendu sunnan og austan jökulsins. Þá er víðátta svæðisins allnokkur í samanburði við stærð eignarlanda umræddra jarða neðan þeirra fjallsbrúna sem liggja nærri þjóðlendumörkunum, ólíkt því sem á við um a.m.k. flestar jarðir sem liggja að Esju og Smjörfjöllum.

7.2.3.7 Hæðarlínur

Eins og að framan greinir miðar íslenska ríkið kröfugerð sína í sumum tilvikum við hæðarlínur, þ.e. þegar óumdeilt er að um jörð er að ræða en landamerkjalýsing liggur ekki fyrir eða er óljós eða óskýr að mati ríkisins og „ekki hægt að draga beina línu milli þekktra punkta þar sem það myndi leiða til niðurstöðu sem ekki væri hægt með sanngirni eða skynsemi að réttlæta og ekki hægt að finna skýra landfræðilega afmörkun sem hægt var að styðja kröfulínu við“, eins og segir í rökstuðningi kröfugerðar ríkisins.

Þegar á fyrsta svæðinu sem óbyggðanefnd tók til meðferðar, þ.e. svæði 1 (Árnessýsla), byggði íslenska ríkið kröfugerð sína að talsverðu leyti á hæðarlínum, innan lýstra merkja samkvæmt landamerkjabréfum jarða, sbr. t.d. mál nr. 4/2000 (Biskupstungnaafréttur og efstu lönd í Biskupstungnahreppi), þar sem gjarnan var miðað við hæðarlínur, ýmist í 250, 300 eða 400 m hæð yfir sjávarmáli. Kröfugerð ríkisins var m.a. byggð á því að hálendi, fjöll og öræfi hefðu ekki verið numin til eignar og að hæðarlínur skiptu miklu máli í því tilliti. Óbyggðanefnd féllst ekki á þessi sjónarmið ríkisins heldur úrskurðaði að um eignarlönd væri að ræða innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfum jarða á svæðinu. Hæstiréttur staðfesti þá niðurstöðu nefndarinnar með dómi 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þá eru fjölmörg dæmi um það í síðari réttarframkvæmd að fallist hafi verið á eignarlönd í mun meiri hæð en kröfur ríkisins í umræddu máli miðuðust við, sbr. t.d. áðurnefndan dóm Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 (Fljótshverfi). Því er ljóst að hæðarlínur eru ekki í eðli sínu eignarréttarleg mörk heldur er það háð mati hverju sinni hvort hálend svæði séu háð beinum eignarrétti eða ekki.

Eins og áður kom fram getur þurft að ákvarða mörk eignarlands að álitum, m.a. út frá staðháttum, ef fyrir liggur að um er að ræða jörð en landamerkjabréf og aðrar merkjalýsingar skortir. Ekki er útilokað að hæðarlínur geti í einhverjum tilvikum þótt eðlileg mörk við þær aðstæður. Ef um er að ræða tilvik þar sem tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur á milli eignarlanda jarða í dölum og fjörðum, líkt og víða er raunin í Ísafjarðarsýslum, liggur þó að mati óbyggðanefndar beinna við að ganga út frá

því að merki jarða nái saman efst á fjöllum og á vatnaskilum, enda eru merkin þá glögg af náttúrunnar hendi.

7.2.3.8 Landamerkjalýsingar og staðhættir í Ísafjarðarsýslum

Líkt og áður hefur verið vikið að eru staðhættir meðal þeirra atriða sem horfa þarf til við túlkun merkjalýsinga. Jafnframt hefur verið greint frá dæmum um hvernig munur á staðháttum hefur stutt við ólíkar niðurstöður óbyggðanefndar um hversu langt til fjalla landamerki jarða hafi talist ná.

Andstæður í landslagi eru einkennandi fyrir Ísafjarðarsýslur og þar eru há og tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi iðulega á mörkum eignarlanda jarða í dölum og fjörðum. Fjöllin fela í sér glögg landamerki af náttúrunnar hendi og fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjalla eru oftast litlar. Hér á eftir verður fjallað um einkenni merkjalýsinga á svæðinu og áritanir um samþykki landamerkjabréfa.

Almenn athugun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum jarða í Ísafjarðarsýslum þar sem staðhættir eru af fyrrgreindu tagi leiðir í ljós að orðalag merkjalýsinga er iðulega með þeim hætti að merkjum milli jarða er lýst frá tilteknum stað á láglendi *til fjalls,* í *fjallsbrún* eða í tiltekið örnefni í fjalli, sé merkjum á annað borð lýst til fjalla, en ekki er gerð grein fyrir því hvernig merki liggi milli efstu kennileita sem vísað er til. Oft geyma landamerkjabréf tvær lýsingar af þessu tagi, þ.e. á merkjum tiltekinnar jarðar gagnvart jörðunum beggja vegna en einnig lýsa sum landamerkjabréf merkjum milli tveggja jarða án þess að gerð sé grein fyrir merkjum þeirra að öðru leyti. Sem dæmi um slíkt má nefna ýmis landamerkjabréf jarða í Jökulfjörðum og á Hornströndum þar sem merkjum milli tveggja jarða er gjarnan lýst með vísan til ákveðins kennileitis, oft við sjó.[969]

Að mati óbyggðanefndar má jafnan telja ljóst að ætlunin hafi ekki verið að gera merkjum viðkomandi jarða tæmandi skil eða takmarka beinan eignarrétt jarðanna við land neðan efstu kennileita sem nefnd eru. Þá eru óglöggar merkjalýsingar til fjalla ekki endilega til marks um að jarðirnar hafi ekki talist ná þangað, enda fjöllin glögg skil af náttúrunnar hendi. Í þessu sambandi má nefna að í 2. gr. eldri landamerkjalaga, nr. 5/1882, voru fjöll nefnd sem dæmi um „glögg landamerki, er náttúran hefur sett“, í tengslum við þá skyldu sem lögð var á að setja merki þar sem þau væru ekki glögg af náttúrunnar hendi. Að því gættu að fjöllin mynda glögg náttúruleg merki er að mati nefndarinnar ekki hægt að leggja almennt til grundvallar að jarðirnar afmarkist í slíkum tilvikum af línum sem dregnar eru í beina stefnu milli efstu punkta í merkjalýsingum eða eftir atvikum um klettabrúnir eða önnur skil í landslagi sem íslenska ríkið vísar til sem fjallsbrúna í málatilbúnaði sínum, né heldur af hæðarlínum. Þá eru jafnframt dæmi þess að merkjum jarða sé lýst um önnur glögg merki af náttúrunnar hendi, svo sem tiltekna á. Telja má að viðkomandi kennileiti í fjalli, árfarvegur eða lína sem dregin var

[969] Hér má sem dæmi nefna bréf um landamerki milli Álfsstaða í Hrafnfirði og Kvía í Lónafirði, dags. 24. júní 1889, sjá kafla 5.3 í úrskurði í máli nr. 8/2021.

til fjalls, hafi þótt skýr og hentug viðmiðun en að mati nefndarinnar má telja líklegt að litið hafi verið svo á að línan lægi áfram efst upp á fjall eða að vatnaskilum. Í sumum tilfellum eru efstu kennileiti í merkjalýsingum jafnvel niðri við sjó og þá er augljóst að heildarmerkjum er ekki lýst. Þegar landamerkjabréfin eru skoðuð í samhengi við þá staðhætti sem að framan er lýst, þar sem tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur að jarðir og fjarlægðir eru litlar á milli bæjarstæða og efstu hluta fjalla, telur óbyggðanefnd í ljósi framangreindrar umfjöllunar alla jafna hægt að leggja til grundvallar að jarðir nái saman á fjöllum, nema annað mæli því sérstaklega í mót.

Í landamerkjabréfum jarða í Ísafjarðarsýslum er merkjum samkvæmt framansögðu sjaldan lýst berum orðum í hæsta punkt fjalls eða að vatnaskilum en þó má finna landamerkjabréf á svæðinu þar sem sú er raunin. Til að mynda er merkjum Karlsstaða við Arnarfjörð m.a. lýst „eftir því sem vötnum hallar til Karlsstaðalanda“ í landamerkjabréfi jarðarinnar. Ekki er að sjá að landamerkjabréf sem lýsa merkjum berum orðum til vatnaskila eigi endilega önnur einkenni sameiginleg. Flest þeirra eru reyndar gerð í gildistíð yngri landamerkjalaga, nr. 41/1919, en það er ekki algilt. Þá finnast jafnframt dæmi um að merkjum milli jarða sé lýst að hreppamörkum en í landamerkjabréfum Hvilftar og Eyrar í Önundarfirði frá 1921 er merkjum milli jarðanna lýst „til fjalls að hreppatakmörkum“. Hreppamörk milli Suðureyrarhrepps og Mosvallahrepps voru eftir endilöngum fjallgarðinum milli Súgandafjarðar og Önundarfjarðar og því á þeim stað þar sem eigendur jarða beggja vegna fjallgarðsins telja þær ná saman.

Ekki liggur fyrir hvers vegna merkjum er lýst nánar til fjalla í fyrrgreindum landamerkjabréfum en almennt gerist á svæðinu en að mati óbyggðanefndar er ólíklegt að merki jarðanna og beinn eignarréttur eigenda þeirra hafi í reynd náð lengra til fjalls en merki aðliggjandi jarða í sama dal eða firði og jarða hinum megin fjallsins. Í þessu samhengi skal bent á að meðal atriða sem geta haft áhrif á úrlausn þjóðlendumála er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004, að því er varðar efstu jarðir í Biskupstungum, 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006, að því er varðar Stórhöfða í Mýrdal, og 13. október 2021 í máli nr. 41/2020, að því er varðar Þóreyjartungur í Borgarfirði. Það skyti skökku við ef komist yrði að mismunandi niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu sambærilegra aðliggjandi landsvæða án þess að annað og meira en óljós merkjalýsing annars svæðisins styddi slíka ályktun. Telja verður hið sama eiga við um landsvæði þar sem merkjalýsingu skortir, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.3, og að því verði að horfa til eignarréttarlegrar stöðu aðliggjandi svæða auk staðhátta við mat á eignarréttarlegri stöðu.

Líkt og áður hefur komið fram hafa landamerkjabréf jarða almennt mikið vægi við sönnun um eignarland. Í lögum um landamerki, nr. 5/1882, var kveðið á um almenna skyldu eigenda og umráðamanna jarða til að skrásetja nákvæma lýsingu á landamerkjum jarða sinna. Svo framarlega sem eigendur aðliggjandi jarða og rétthafar ítaka væru sammála um efni landamerkjabréfsins skyldu þeir árita samþykki sitt á

bréfið. Af áritunum um samþykki landamerkjabréfa vegna aðliggjandi jarða má stundum sjá vísbendingar um hvort sátt eða ágreiningur hafi verið uppi um merki milli jarðanna við gerð bréfanna og það hverjir árita tiltekið landamerkjabréf getur gefið til kynna hvaða jarðir hafa talist aðliggjandi. Ekki verður litið fram hjá því að svo virðist sem landamerkjabréf jarða í Ísafjarðarsýslum hafi alla jafna ekki verið árituð vegna jarða sem liggja hinum megin fjalla en ekki er endilega hægt að draga almennar ályktanir af því. Almenn könnun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum á svæði 10C, í Barðastrandarsýslum, leiddi t.d. á sínum tíma í ljós að landamerkjabréf jarða þar eru almennt aðeins árituð um samþykki vegna jarða sem eru aðliggjandi á láglendi, þ.e. í sama firði, sbr. úrskurð óbyggðanefndar í máli nr. 2/2020 (Austurhluti fyrrum Barðastrandarhrepps). Við mat á merkjum tiltekinnar jarðar þar þótti ekki hafa sérstaka þýðingu að landamerkjabréf jarða í aðliggjandi fjörðum væru almennt ekki árituð um samþykki vegna jarðarinnar. Almenn könnun óbyggðanefndar á landamerkjabréfum í Ísafjarðarsýslum leiðir hið sama í ljós, þ.e. að þau séu almennt aðeins árituð um samþykki vegna jarða sem eru aðliggjandi á láglendi eða í sama dal. Því verður ekki talið hafa sérstaka þýðingu að landamerkjabréf jarða í Ísafjarðarsýslum séu ekki árituð vegna jarða hinum megin fjalla, enda virðist það hafa verið venjan á Vestfjörðum, og raunar víðar um landið, þegar staðhættir eru með fyrrgreindum hætti.

7.2.3.9 Ályktanir og niðurstöður

Eins og að framan greinir er sú venja útbreidd víða um land að eignarlönd nái saman efst á fjöllum eða á vatnaskilum, sérstaklega þar sem staðhættir eru þannig að fremur mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur á milli dala og fjarða. Sú er almennt raunin í landshlutum þar sem óbyggðanefnd hefur lokið málsmeðferð, þ.e. á langstærstum hluta landsins.[970] Þá hefur réttarframkvæmd ótvírætt leitt í ljós að hálend svæði geta eftir atvikum verið eignarlönd, þótt þau séu lítið eða jafnvel ekkert gróin og þótt nytjar af þeim séu litlar eða jafnvel engar. Séu merkjalýsingar landamerkjabréfa og annarra heimilda um merki óljósar eru þær jafnan túlkaðar með hliðsjón af atriðum á borð við staðhætti, gróðurfar og fjarlægð frá byggð. Minni kröfur en ella hafa verið gerðar til skýrleika merkjalýsinga ef merki teljast glögg frá náttúrunnar hendi. Þá eru þess dæmi að dregin hafi verið ályktun um merki út frá staðháttum, eftir atvikum með hliðsjón af landamerkjum nærliggjandi jarða, ef landamerkjabréf og aðrar skriflegar heimildir um merki skortir, eða ef ljóst þykir að heildarmerkjum jarðar sé ekki lýst í landamerkjabréfi. Í tilvikum þar sem ekki er fyrir að fara víðáttumiklu fjalllendi eða heiðarlöndum telur óbyggðanefnd, líkt og áður segir, alla jafna hægt að leggja til grundvallar að jarðir nái saman á fjöllum, nema annað mæli því sérstaklega í mót.

Að framan voru niðurstöður óbyggðanefndar í málum nr. 3–4/2004 og 2–3/2005 annars vegar og í máli nr. 1/2018 hins vegar bornar saman og greint frá því að munur á

[970] Ísafjarðarsýslur eru það fimmtánda af sextán svæðum á meginlandinu sem óbyggðanefnd úrskurðar um en fyrri svæðin fjórtán ná yfir 91% af meginlandinu.

staðháttum hafi meðal annars stutt við ólíkar niðurstöður. Almennt má að mati óbyggðanefndar segja um þau tilvik í Ísafjarðarsýslum þar sem deilt er um efstu hluta fjalla að þau eru mun líkari framangreindum tilvikum Esju og Smjörfjalla heldur en tilviki svæðisins sunnan og austan Snæfellsjökuls að því leyti að fjalllendi milli jarða er ekki víðfeðmt í samanburði við stærð óumdeildra eignarlanda jarðanna neðan þeirra fjallsbrúna sem íslenska ríkið miðar kröfur sínar við. Skoðun landamerkjabréfa og annarra heimilda um merki jarða í Ísafjarðarsýslum leiðir þó í ljós að þar er algengara en í tilvikum Esju og Smjörfjalla að merkjalýsingar til fjalla séu óljósar eða að merkjum sé yfirhöfuð ekki lýst til fjalla. Aftur á móti eru fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna í flestum tilvikum litlar og fjöllin mynda skýr náttúruleg skil. Að teknu tilliti til alls þess sem hér hefur verið rakið er því að mati óbyggðanefndar í flestum tilvikum þar sem deilt er um efstu hluta fjalla í Ísafjarðarsýslum rétt að leggja til grundvallar að land jarða nái saman á fjöllum og því séu ekki þjóðlendur þar. Á þetta við um flest ágreiningssvæði sem fjallað er um í málum nr. 1–4/2021 og hluta þeirra svæða sem fjallað er um í málum nr. 5/2021 og 7–8/2021, þ.e. svæði þar sem fremur mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur á milli dala og fjarða. Þessi almennu sjónarmið eiga aftur á móti síður við í tilvikum þar sem staðhættir eru öðruvísi og deilt er um víðáttumeiri hálendissvæði. Við úrlausn um einstök ágreiningssvæði hér á eftir verður vísað til þessarar almennu umfjöllunar eftir því sem við getur átt hverju sinni.

Samkvæmt framangreindu gengur kröfugerð íslenska ríkisins í Ísafjarðarsýslum í veigamiklum atriðum gegn fyrri réttarframkvæmd á sviði þjóðlendumála. Þá hefur ríkið ekki nema að litlu leyti dregið úr kröfum sínum undir rekstri málanna, þrátt fyrir gögn sem hafa komið fram og gefið tilefni til þess, sáttaumleitanir óbyggðanefndar og ítrekaðar ábendingar nefndarinnar til lögmanna íslenska ríkisins um að endurmeta kröfurnar með hliðsjón af framangreindum atriðum. Með þessu hefur fjöldi jarðeigenda að ófyrirsynju þurft að sæta málsmeðferð sem hefur reynst tímafrek og þannig íþyngjandi fyrir viðkomandi málsaðila.

7.2.4 Landnám

Óbyggðanefnd hefur í fyrri úrlausnum sínum byggt á því að skýrar frásagnir *Landnámu* hafi sönnunargildi um tilvist eignarréttar en talið hæpið að af takmörkuðum lýsingum í *Landnámu* verði afdráttarlausar ályktanir dregnar um hvort í öndverðu hafi verið stofnað til eignarréttar yfir landsvæði með námi.[971] Má í þessu sambandi t.d. vísa til dóms Hæstaréttar frá 28. september 2006 í máli nr. 497/2005 (Hoffells-Lambatungur í Nesjum).

Í kafla 5.1 hér að framan er gerð grein fyrir frásögnum *Landnámu* sem lúta að landsvæði því sem hér er til umfjöllunar. Eins og þar kemur fram greina *Sturlubók* og *Hauksbók* báðar frá því að Dýri hafi numið Dýrafjörð og búið að Hálsum. Bókunum

[971] Sbr. umfjöllun um landnám í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* (í viðauka).

ber þó ekki saman um hve stóran hluta fjarðarins Dýri hafi numið. Í *Sturlubók* segir að Þórður Víkingsson hafi numið land milli Þúfu á Hjallanesi[972] og Jarðfallsgils og búið í Alviðru. Samkvæmt þeirri frásögn nemur Dýri í raun einungis innsta hluta fjarðarins, innan Jarðfallsgils. *Hauksbók* segir þó frá því að Dýri hafi gefið Þórði landið og hafi Dýri því einnig numið norðurströnd fjarðarins. Í bæði *Sturlubók* og *Hauksbók* segir jafnframt að Ingjaldur Brúnason hafi numið Ingjaldssand milli Hjallaness og Ófæru. Þá segir að Önundur Víkingsson, bróðir Þórðar í Alviðru, hafi numið Önundarfjörð allan og búið á Eyri.

Af framangreindum frásögnum *Landnámu* verður ekki ráðið hvort ágreiningssvæði málsins hafi verið numin, enda eru landnámsmörk upp til fjalla og inn til lands ekki tiltekin. Að mati óbyggðanefndar mæla staðhættir og fjarlægðir því þó ekki í mót að svæðin hafi verið numin, þó svo að sums staðar séu nokkuð skörp skil milli fjalllendis og láglendis, enda fjarlægðir frá byggð almennt ekki miklar. Almennt telur nefndin ekki sérstakar líkur á að við landnám hafi verið miðað við þær brúnir sem íslenska ríkið miðar málatilbúnað sinn að verulegu leyti við, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3, enda fela þær almennt ekki í sér slíka farartálma að þær hafi reist landnámi augljósar skorður.

Sem fyrr segir greinir *Sturlubók* frá því að Þórður Víkingsson hafi numið land milli Þúfu á Hjallanesi og Jarðfallsgils, en samkvæmt ritinu *Landið og Landnáma* hefur Hjallanes líklega verið nesið allt milli Ingjaldssands og Dýrafjarðar. Þegar frásögnin er lesin samhliða þeim frásögnum um Ingjald Brúnason sem *Sturlubók* og *Hauksbók* fjalla um, þ.e. að hann hafi numið Ingjaldssand milli Hjallaness og Ófæru, þykja talsverðar líkur á að láglendari svæði málsins, þ.e. Nesdalur og Heiðar á Ingjaldssandi, hafi verið numin í samræmi við framangreindar frásagnir, þó ekki verði um það fullyrt hversu langt til vesturs landnám Ingjalds hafi náð.

7.3 Afmörkun

Hér á eftir verður fyrst tekið til skoðunar hvað ráðið verður af fyrirliggjandi heimildum um merki jarða sem liggja að ágreiningssvæðunum en í fæstum tilvikum er fyrir að fara heimildum sem varða merki ágreiningssvæðanna sérstaklega. Jafnframt verður fjallað stuttlega um staðhætti.[973] Rétt er að taka skýrt fram að í þeirri athugun sem gerð er grein fyrir hér á eftir felst ekki afstaða til merkja milli eignarlanda, enda ekki á verksviði óbyggðanefndar að skera úr um þau. Markmið athugunarinnar er að upplýsa um merki ágreiningssvæðanna og þeirra jarða sem um ræðir að því leyti sem merkin varða ágreiningssvæðin, þar á meðal hvort samræmi sé á milli heimilda og afmörkunar

[972] Haraldur Matthíasson segir um Hjallanes í bókinni *Landið og Landnáma (1. bindi*, bls. 216): „Hjallanes hefur að líkindum verið nesið allt milli Ingjaldssands og Dýrafjarðar. Nafnið er nú horfið en leifar þess kunna að vera í orðinu Nesdalur, sem hefur ef til vill heitið Hjallanesdalur og sker sig inn í nesið“.

[973] Umfjöllun um staðhætti á svæðinu er byggð á ýmsum útgefnum kortum, kortasjá og landupplýsingagátt Landmælinga Íslands, loft- og gervitunglamyndum, örnefnaskrám frá nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, athugunum í vettvangsferð, sbr. kafla 4.3, og almennum uppsláttarritum, svo sem *Árbókum* Ferðafélags Íslands.

málsaðila á svæðum sem kröfur þeirra varða. Kröfur íslenska ríkisins um þjóðlendur á ágreiningssvæðunum byggjast á því að um sé að ræða svæði utan landamerkja jarða, þ.e. að merki þeirra nái ekki inn á ágreiningssvæðin, auk þess sem ríkið byggir á því að Nesdalur og Heiðar á Ingjaldssandi séu svæði sem nýtt hafi verið sem sameiginlegur afréttur. Ágreiningur aðila er því fyrst og fremst um afmörkun jarða, þ.e hvort merki jarðanna nái inn á ágreiningssvæðin og viðkomandi hlutar þeirra séu eignarland á þeim grundvelli. Um nánari afmörkun krafna aðila vísast til 3. kafla og úrskurðarkorts málsins. Að fenginni niðurstöðu um merki verður fjallað um eignarréttarlega stöðu svæðanna í kafla 7.4.

Þar sem þjóðlendukröfur íslenska ríkisins byggjast aðallega á því að um sé að ræða svæði utan landamerkja jarða og gagnaðilar ríkisins byggja á að jarðir þeirra nái inn á ágreiningssvæðin og nái saman á fjöllum verða kannaðar sérstaklega heimildir um merki jarðanna en það eru einkum landamerkjabréf þeirra.[974] Tilhögun umfjöllunar um landamerki verður þannig að fyrst verður fjallað um merki jarða sem liggja að Þorfinni, þá verður fjallað um merki jarða sem liggja að Holtsfjalli og því næst um merki jarða sem eru aðliggjandi Kambafjalli og Messuhorni. Þá verður fjallað um merki jarða sem eru aðliggjandi Núpsfjalli, Alviðrufjalli, Gerðhamrahorni og Miðhvilftarnúpi og því næst verður fjallað um merki jarða sem eru aðliggjandi fjallgarðinum á mörkum fyrrum Mosvallahrepps og Mýrahrepps. Loks verður fjallað um merki jarða á Ingjaldssandi og yst í Dýrafirði.

Tekið skal fram að óbyggðanefnd lítur svo á að þegar komist er að þeirri niðurstöðu hér á eftir að landamerkjabréf lýsi ekki heildarmerkjum jarða og merki jarða nái saman á fjöllum skipti nákvæm staðsetning efstu örnefna í merkjalýsingum ekki verulegu máli. Því verður ekki fjallað nákvæmlega um staðsetningu örnefna nema sérstakt tilefni þyki til.

7.3.1 Þorfinnur

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Þorfinnur*.[975] Það liggur sunnan Önundarfjarðar og afmarkast af hlíðum fjallsins Þorfinns. Svæðið rís hæst í um 720 m hæð en er að mestu í um 600–700 m hæð. Frá nyrsta til syðsta punkts ágreiningssvæðisins eru um 2,5 km í beinni loftlínu en lengsta beina loftlína þvert yfir svæðið milli austurs og vesturs er innan við 1 km og það er því allmjótt. Frá hæstu brúnum Þorfinns að bæjarstæði Ytri-Hjarðardals eru tæpir 2 km í beinni loftlínu en um 1,5 km að bæjarstæðum Þorfinnsstaða og Grafargils.

Kröfulína íslenska ríkisins er í meginatriðum miðuð við miðuð við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1. Syðst á fjallinu Þorfinni

[974] Landamerkjabréf jarða á svæði því sem hér er til meðferðar eru birt í heild í 5. kafla og þar sést m.a. hvaða áritanir um samþykki eru á hverju landamerkjabréfi, auk þess sem upplýsingar um þinglýsingu eru tilgreindar þar.

[975] Textalýsingu á kröfulínu íslenska ríkisins er að finna í kafla 3.1. Á úrskurðarkorti málsins sést hvernig kröfulínur hafa verið dregnar á kort af hálfu ríkisins og annarra málsaðila.

er línan þó dregin niður í kamb við Manntapaskarð. Til athugunar kemur því hvort land jarða nái inn fyrir kröfulínu ríkisins. Að svæðinu austanverðu liggur óumdeilt eignarland Ytri-Hjarðardals, en sameiginleg krafa er gerð vegna jarðarinnar og annarra jarða í Hjarðardalstorfu, þ.e. Innri-Hjarðardals og Þórustaða. Að vestanverðu liggur að svæðinu óumdeilt eignarland Grafargils og Þorfinnsstaða, en sameiginleg krafa er gerð vegna jarðanna og annarra jarða í Mosdal og Valþjófsdal, þ.e. Mosdals, Kirkjubóls, Dalshúsa og Tungu. Afmörkun ríkisins er fyrst og fremst sögð styðjast við afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Ríkið tilgreinir þar Ytri-Hjarðardal, Grafargil og Þorfinnsstaði. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki þessara jarða.

Í landamerkjabréfi Ytri-Hjarðardals, dags. 15. nóvember 1889, er merkjum jarðarinnar til vesturs lýst svo: „Landamerki milli Hjarðardals og Þorfinnsstaða er í Einhamar …“ Í landamerkjabréfi Þorfinnsstaða frá maí 1887 er merkjum til austurs lýst með sama hætti. Landamerkjabréf Grafargils, dags. 25. júní 1888, lýsir merkjum svo: „Milli Grafargils og Þorfinnsstaða er landamerkjasteinn, sem stendur í landamerkjabletti; uppi í hlíðinni liggur merkið beint á brún á fjallinu, og svo aptur beint ofan í ána.“ Þá er merkjum Grafargils gagnvart Tungu lýst um tilteknar ár og læki í Tungudal. Hinum megin fjallsins er síðan Hjarðardalur en samkvæmt áðurnefndu landamerkjabréfi Ytri-Hjarðardals ræður Hjarðardalsá merkjum í dalnum „úr dalbotni“. Með hliðsjón af þessum lýsingum og staðháttum þykir ljóst að lönd Grafargils og Ytri-Hjarðardals nái saman við og sunnan Manntapaskarðs sem syðsti punkturinn á kröfulínu ríkisins miðast við og því séu merkjalýsingar samfelldar umhverfis ágreiningssvæðið.

Í kröfugerð eigenda Ytri-Hjarðardals og Þorfinnsstaða er kröfulína dregin frá Einhamri og beint upp í Þorfinn og þaðan er vatnaskilum fylgt að hreppamörkum. Ekki er deilt um staðsetningu Einhamars, sem er við sjó, en í landamerkjabréfum jarðanna er merkjum milli jarðanna ekki lýst að öðru leyti en með vísun til hans. Landamerkjabréf Grafargils lýsir hins vegar merkjum til fjalls, þ.e. „beint á brún á fjallinu“.

Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um landamerki sem varða ágreiningssvæðið. Þrátt fyrir skort á merkjalýsingum sem nefna Þorfinn beint eða tilgreina mörk jarða til fjallsins verður að líta til þess að fjallið myndar glögg landfræðileg skil af náttúrunnar hendi milli Valþjófsdals og Hjarðardals auk þess sem fjarlægðir frá bæjarstæðum aðliggjandi jarða upp á efsta hluta fjallsins eru afar litlar.

Niðurstöður um landamerki og afmörkun er að finna í kafla 7.3.7.1.

7.3.2 Holtsfjall

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Holtsfjall*.[976] Það liggur sunnan við Önundarfjörð og afmarkast af hlíðum

[976] Textalýsingu á kröfulínu íslenska ríkisins er að finna í kafla 3.1. Á úrskurðarkorti málsins sést hvernig kröfulínur hafa verið dregnar á kort af hálfu ríkisins og annarra málsaðila.

Holtsfjalls. Svæðið rís hæst í um 730 m hæð en er að mestu í um 600–700 m hæð. Um er að ræða talsvert brattlendi innan svæðisins, sérstaklega við nyrsta punktinn á kröfulínu ríkisins. Frá nyrsta til syðsta punkts ágreiningssvæðisins eru um 1,5 km en lengsta beina loftlína þvert yfir svæðið milli austurs og vesturs er innan við 500 m og það er því afar mjótt. Frá bæjarstæðum Holts, Vaðla og Innri-Hjarðardals eru um 2 km að efsta hluta Holtsfjalls.

Kröfulína íslenska ríkisins er að öllu leyti miðuð við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1. Kemur því til athugunar hvort land jarða nái inn fyrir kröfulínu ríkisins. Að norðan- og vestanverðu liggur að svæðinu óumdeilt eignarland Innri-Hjarðardals og Þórustaða, en sameiginleg krafa er gerð vegna jarðanna og Ytri-Hjarðardals. Að austanverðu liggur að svæðinu óumdeilt eignarland Holts norðan til og óumdeilt eignarland Vaðla sunnan til. Kröfur vegna Holts og Vaðla skarast lítillega á norðanverðu ágreiningssvæðinu. Afmörkun ríkisins er fyrst og fremst sögð styðjast við afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Ríkið tilgreinir þar Innri-Hjarðardal, Holt og Tröð. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki þessara jarða og að auki heimildir um merki Vaðla og Þórustaða. Hins vegar verður ekki fjallað um merki Traðar, enda liggur jörðin ekki að kröfusvæðinu.

Í landamerkjabréfi Innri-Hjarðardals, dags. 27. maí 1890, er merkjum jarðarinnar og Þórustaða lýst svo: „Milli Innra Hjarðardals og Þórustaða eru merkin eptir hálsröndinni ofan í Orminn, síðan eptir Djúpapytt til sjóar …“ Hér má ætla að vísað sé í Þórustaðaháls en heimildir herma að hálsinn sé upp af túninu og þar séu merki Hjarðardals og Þórustaða.[977]

Í landamerkjabréfi Holts, dags. 27. maí 1890, þar sem jafnframt er að finna landamerkjalýsingu Þórustaða, koma fram eftirfarandi merkjalýsingar sem varða ágreiningssvæðið:

> Milli Holts og Vaðla ræður merkjum Vaðalbotnsskriða og Illakelda; Holt á Holtsfit og Sjóarhólma. Milli Holts og Þórustaða ræður merkjum Tvísteinn á hlíðinni, þaðan ofan í Hlíðarlæk, þá ræður Hlíðarlækur á móts við Borustaði; þá eru merkin yfir Borustaði og utan til í Holtsteig.

Landamerkjabréf Vaðla er dagsett 18. júlí 1889. Þar segir um mörk Vaðla og Holts: „Milli Vaðla og Holts ræður Vaðalbotnsskriða, síðan Illa Kelda, unz hún kemur saman við Kelduna ofan til við Kálfafit; þá ræður sú Kelda inn í á.“

Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um landamerki sem varða ágreiningssvæðið en samkvæmt þeim lýsingum sem hafa verið raktar er ljóst að merkjalýsingar ná a.m.k. að og í fjallshlíð. Þrátt fyrir skort á merkjalýsingum sem nefna Holtsfjall beint eða tilgreina mörk jarða til fjallsins verður að líta til þess að fjallið myndar glögg landfræðileg skil af náttúrunnar hendi milli Bjarnadals og Hjarðardals auk þess sem fjarlægðir frá bæjarstæðum aðliggjandi jarða upp á efsta hluta fjallsins eru afar litlar.

977 Óskar Einarsson: *Aldarfar og örnefni í Önundarfirði*, bls. 115.

Niðurstöður um landamerki og afmörkun er að finna í kafla 7.3.7.1.

7.3.3 Kambafjall og Messuhorn

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Fjallstoppur Kambafjalls*[978] *– Messuhorn*.[979] Það liggur sunnan við Önundarfjörð og afmarkast af hlíðum Kambafjalls og Messuhorns. Allt svæðið er talsvert bratt og rís hæst í rúmlega 720 m hæð en er að mestu í um 600–700 m hæð. Messuhornið gnæfir yfir Bjarnadal sem gengur suður úr Önundarfirði og er meðal hæstu fjalla sem umkringja dalinn. Fjarlægð í beinni loftlínu frá austurmörkum til vesturmarka svæðisins er innan við 2 km og er um að ræða afar mjótt svæði á toppum fjallanna sem teygir sig jafnframt eftir fjallskambinum til norðurs. Frá bæjarstæðum Vaðla og Traðar að efsta hluta Messuhorns eru tæpir 1,5 km í beinni loftlínu en frá efsta hluta ágreiningssvæðisins að bæjarstæði Innri-Hjarðardals eru tæpir 4 km.

Kröfulína íslenska ríkisins er að öllu leyti miðuð við miðuð við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1. Kemur því til athugunar hvort land jarða nái inn fyrir kröfulínu ríkisins. Að vestanverðu liggur að svæðinu óumdeilt eignarland Innri-Hjarðardals, en sameiginleg krafa er gerð vegna jarðarinnar og annarra jarða í Hjarðardalstorfu, þ.e. Þórustaða og Ytri-Hjarðardals. Að austanverðu liggur að svæðinu óumdeilt eignarland Vaðla en að því sunnanverðu liggur óumdeilt eignarland Traðar. Afmörkun ríkisins er fyrst og fremst sögð styðjast við afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Ríkið tilgreinir þar Innri-Hjarðardal, Holt og Tröð. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki þessara jarða og að auki heimildir um merki Vaðla. Hins vegar verður ekki fjallað um merki Holts, enda liggur jörðin ekki að kröfusvæðinu.

Í landamerkjabréfi Innri-Hjarðardals, dags. 27. maí 1890, er merkjum jarðarinnar einungis lýst gagnvart Þórustöðum og Ytri-Hjarðardal en ekki að öðru leyti og Kambafjall, sem er á milli þeirra marka sem lýst er, kemur því ekki við sögu í merkjalýsingunni.

Landamerkjabréf Vaðla er dagsett 18. júlí 1889. Þar segir um merki milli Traðar og Vaðla: „Úr holtinu í svo nefndum „merkisbletti“ uppi í hlíðinni beint ofan í stóran stein (Merkisstein), en þaðan ræður læna undir mýrar bökkunum út á móts við þverlænu ofan úr mýrinni, og þaðan beint í ána.“ Samhljóða lýsing er í landamerkjabréfi Traðar, dags. 18. júlí 1889.

Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um landamerki sem varða ágreiningssvæðið en samkvæmt þeim lýsingum sem hafa verið raktar er ljóst að merki milli Traðar og Vaðla ná a.m.k. upp í fjallshlíð. Þrátt fyrir skort á lýsingum á mörkum jarðanna til fjalla og að

978 Kambafjall er nefnt Kambsfjall í nokkrum kaflaheitum kröfulýsingar íslenska ríkisins en fyrrnefnda gerðin virðist algengari og því verður hún notuð hér.

979 Textalýsingu á kröfulínu íslenska ríkisins er að finna í kafla 3.1. Á úrskurðarkorti málsins sést hvernig kröfulínur hafa verið dregnar á kort af hálfu ríkisins og annarra málsaðila.

Kambafjall og Messuhorn séu ekki tilgreind sérstaklega í merkjalýsingum verður að líta til þess að fjöllin mynda glögg landfræðileg skil af náttúrunnar hendi milli Bjarnadals og Hjarðardals auk þess sem fjarlægðir frá bæjarstæðum aðliggjandi jarða upp á efstu hluta fjallanna eru afar litlar.

Niðurstöður um landamerki og afmörkun er að finna í kafla 7.3.7.1.

7.3.4 Núpsfjall og Alviðrufjall, Gerðhamrahorn og Miðhvilftarnúpur

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Núpsfjall og Alviðrufjall*.[980] Það liggur norðan við Dýrafjörð og afmarkast sunnanmegin af hlíðum Núpsfjalls, Alviðrufjalls og Gerðhamrahorns frá austri til vesturs en af hlíðum Miðhvilftarnúps til norðurs. Fjallaklasinn er umkringdur djúpum dölum, Gerðhamradal að vestanverðu og Núpsdal að austanverðu; Litlidalur teygir sig inn í sunnanverðan fjallaklasann norður af bæjarstæði Alviðru, á milli Hyrnu, mjórrar strýtu í Núpsfjalli, og Breiðhillu. Miðlendishvilft liggur vestan við Breiðhillu en Gerðhamrahorn tekur svo við. Svæðið rís hæst í rúmlega 730 m hæð en er að mestu í um 600–700 m hæð og er norðurhluti þess talsvert brattur. Frá nyrsta til syðsta punkts ágreiningssvæðisins eru tæpir 5 km í loftlínu en lengsta beina loftlína frá austurmörkum til vesturmarka svæðisins er um 3,5 km. Um miðbik svæðisins, milli Gerðhamrahvilftar að vestan og Miðhvilftar að austan, er ágreiningssvæðið einungis um 100 m breitt. Frá bæjarstæðum aðliggjandi jarða, þ.e. Núps, Alviðru og Gerðhamra, að hæsta hluta ágreiningssvæðisins eru um 1,5–2 km í beinni loftlínu.

Kröfulína íslenska ríkisins er að öllu leyti miðuð við miðuð við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1. Kemur því til athugunar hvort land jarða nái inn fyrir kröfulínu ríkisins. Að vestanverðu liggur að kröfusvæðinu óumdeilt eignarland Gerðhamra og að sunnanverðu liggur að svæðinu óumdeilt eignarland Alviðru og Leitis. Að austanverðu liggur að svæðinu óumdeilt eignarland Núps. Afmörkun ríkisins er fyrst og fremst sögð styðjast við afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Ríkið tilgreinir þar Gerðhamra, Alviðru, Leiti og Núp. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki þessara jarða.

Landamerkjabréf Núps er dagsett 2. desember 1889 en þar segir um mörk jarðarinnar gagnvart Alviðru: „Að utanverðu í læk þann, er heitir Kaldilækur, eins og hann ræður frá sjó og að uppsprettu; síðan beina sjónhending á fjall upp.“ Merkjum er ekki lýst nánar gagnvart ágreiningssvæðinu.

Sameiginlegt landamerkjabréf fyrir Alviðru og Leiti er dagsett 19. desember 1891. Þar segir:

> Jarðirnar eiga land allt að Miðlyndislæk (í eldri skjölum kölluðum Mígandalæk) í svart berg, sem lækurinn kemur fram úr, og beint á fjall upp; að utanverðu að landamerkjum

[980] Textalýsingu á kröfulínu íslenska ríkisins er að finna í kafla 3.1. Á úrskurðarkorti málsins sést hvernig kröfulínur hafa verið dregnar á kort af hálfu ríkisins og annarra málsaðila.

> Gerðhamra. En að innanverðu eiga þær land allt í Kaldalæk, svo sem hann rennur og beint í fjall upp frá upptökum hans.

Í bréfinu er bókuð athugasemd um Leiti sem kallað er lénsgarðar-partur og sagður innan fyrrgreindra landamerkja í smá pörtum hér og hvar.

Landamerkjabréf Gerðhamra er dagsett 10. desember 1889. Þar segir:

> Að utanverðu milli Gerðhamra og Arnarness ræður áin fram eptir dalnum, síðan eptir læknum í miðjum tungunum, sem hann rennur, og svo sem lækurinn rennur fyrir ofan tungurnar, sem þeir fyrri menn hafa nefnt á, og eptir lægstu heiðunum allt út á hæðstu heiði, en þaðan svo sem brúnir ráða.
>
> Milli Gerðhamra og Alviðru ræður Míganda-lækur, sem í seinni tíð nefnist Miðlendis-lækur, eins og hann rennur beint upp eptir þangað, sem hann rennur fram úr bergi; þaðan ræður sjónhending beint á fjall upp.

Í framangreindum landamerkjabréfum er merkjum milli jarðanna einungis lýst gagnvart sunnanverðu ágreiningssvæðinu en ekki er að finna merkjalýsingar gagnvart fjallaklasanum norðanverðum. Af kröfugerðum allra aðila málsins má ráða að óumdeilt sé að land Gerðhamra og Núps liggi saman við Núpsskarð, sem er norðan við ágreiningssvæðið og skilur að Núpsdal og Gerðhamradal, en í kröfugerð eigenda Núps og Gerðhamra er kröfulína milli jarðanna dregin um skarðið. Jafnframt er óumdeilt að sá hluti Núpsdals sem liggur að ágreiningssvæðinu, þ.m.t. Nálahvilft, Miðhvilft og Seljahvilft sem ganga inn úr dalnum í átt að ágreiningssvæðinu, sé eignarland, sem teygir sig þannig talsvert langt inn til landsins og umhverfis austanvert ágreiningssvæðið. Hið sama á við um þann hluta Gerðhamradals, þ.m.t. Gerðhamrahvilft, sem umlykur ágreiningssvæðið að vestanverðu.

Þrátt fyrir að merkjum þar sé ekki lýst með skýrum hætti í landamerkjabréfum má, með vísan til staðhátta, færa rök fyrir því að jarðirnar nái saman í Núpsskarði en leiða má líkur að því að ekki hafi þótt tilefni til að lýsa merkjum nánar þar vegna þeirra glöggu landfræðilegu skila sem þar eru milli dalanna.

Óljóst er hve langt merki fyrrgreindra jarða ná til fjalla gagnvart ágreiningssvæðinu en samkvæmt landamerkjabréfum allra jarðanna eru merki milli þeirra á sunnanverðu ágreiningssvæðinu þó ofar en upptök þeirra lækja sem vísað er til.

Merkjum í fyrrgreindum landamerkjabréfum er lýst nánar til fjalla en merkjum annarra jarða á þessu svæði, en sem fyrr segir er merkjum lýst í upptök lækja og þaðan á fjall upp. Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um landamerki sem varða ágreiningssvæðið. Þrátt fyrir skort á nákvæmum lýsingum á mörkum jarðanna til fjalla og að fjöllin séu ekki tilgreind sérstaklega í merkjalýsingum verður að líta til þess að þau mynda glögg landfræðileg skil af náttúrunnar hendi auk þess sem fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta fjallanna eru fremur litlar.

Niðurstöður um landamerki og afmörkun er að finna í kafla 7.3.7.1.

7.3.5 Fjallgarður á mörkum fyrrum Mosvallahrepps og Mýrahrepps

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Klukkulandsfjall, Heiðarhorn,*[981] *Veturlandafjall, Lágfjall,*[982] *Þverfell, Klúku-heiði, Brekkufjall, Tafla, Hrafnaskálanúpur, Lambaskál, Hörðdalshorn,*[983] *Vatna-hvilftarhorn, Torfhorn,*[984] *Miðmundarfjall, Kaldbakur og Flatfjall*[985].[986] Það teygir sig frá utanverðum Önundarfirði til suðausturs yfir í Dýrafjörð en um er að ræða fjallgarð sem afmarkast að mestu leyti af hlíðum þeirra fjalla sem nefnd eru í heiti kröfusvæðisins af hálfu íslenska ríkisins. Syðsti hluti svæðisins er Svartahorn sem teygir sig suðaustur af Klukkulandsfjalli en Klukkulandshorn liggur suðvestur úr fjallinu. Heiðnahorn liggur norður af Klukkulandshorni, teygir sig til vesturs af sama hálenda svæðinu, og gnæfir yfir Geldingadal sem er norðan við hornið. Austanmegin liggja að sama hálenda svæðinu Folaldahvilft og Rjúpnahvilft en neðan við þær austanmegin tekur Gemlufallsheiði við. Skáldagrímsfjall sker sundur Rjúpnahvilft og Skáldagrímsdal en norðan dalsins rís fjallið Kaldbakur. Veturlandafjall er næsta fjall fjallgarðsins til norðvesturs. Miðhorn liggur til austurs frá Veturlandafjalli en að vestan liggja að fjallinu Hrútaskál og Grjótdalur inn af Núpsdal. Klettahyrnan Torfhorn liggur við botn Hjarðardals norðan við Grjótdal og Lágafjall tekur svo við til vesturs. Því næst liggur Miðmundarfjall til norðurs milli Valþjófsdals og Dalsdals en Tunguhorn teygir sig enn norðar út frá fjallinu. Til vesturs liggja frá Miðmundarfjalli Þverfell, Klúka og Klúkuheiði en þá tekur fjallgarðurinn stefnu til norðausturs að Torfahyrnu fyrir vestan Dalsdal. Vatnahvilftarhorn stendur yfir Mosdalnum vestanverðum en þar næst mótar Vatnahvilftin austanvert Brekkufjall. Fjallið Tafla liggur norðan við Brekkufjall en Hördalshorn teygir sig út frá því til austurs, sunnan við Hördalinn sjálfan. Svæðið er víðast hvar í um 600–750 m hæð yfir sjávarmáli. Frá nyrsta punkti þess til hins syðsta eru um 18 km í beinni loftlínu. Þá er svæðið misbreitt, allt frá örmjóum börðum til tæpra 4 km í beinni loftlínu þar sem það er breiðast, á syðsta hlutanum. Vegalengdir frá bæjarstæðum aðliggjandi jarða að hæstu hlutum svæðisins í grennd við hverja jörð eru oftast á bilinu 1–4 km en einungis þrjú bæjarstæði mælast meira en 4 km frá hæstu brúnum, þ.e. bæjarstæði Alviðru og Núps sem eru í um 5 km fjarlægð og bæjarstæði Gerðhamra sem er í tæplega 6 km fjarlægð.

---

981 Við leit á kortum og í örnefnaskrám hefur þessi gerð örnefnisins ekki fundist. Aftur á móti er hornið sem teygir sig út frá Klukkulandsfjalli, norðanmegin við bæjarstæði Klukkulands í slíkum heimildum og það heiti verður notað héðan í frá.

982 Í örnefnasjá Landmælinga Íslands er fjallið nefnt Lágafjall og það það heiti verður notað héðan í frá.

983 Á kortum og í örnefnaskrám er hornið nefnt Hördalshorn, en hornið dregur nafn sitt af Hördalnum sem liggur norðan við hornið. Því verður heitið Hördalshorn notað héðan í frá.

984 Hyrnan fyrir botni Hjarðardals í Önundarfirði er kölluð Torfhorn í Árbók Ferðafélags Íslands (1999). Örnefnið Torfhorn á milli Mos- og Valþjófsdals er að finna í örnefnasjá Landmælinga Íslands en er einnig kallað Torfahyrna í riti Óskars Einarssonar: *Aldarfar og örnefni í Önundarfirði*, bls. 134. Verður heitið Torfahyrna notað hér til aðgreiningar frá Torfhorni í Hjarðardal.

985 Í örnefnasjá Landmælinga Íslands er fjallið nefnt Flatafjall og það heiti verður notað héðan í frá.

986 Textalýsingu á kröfulínu íslenska ríkisins er að finna í kafla 3.1. Á úrskurðarkorti málsins sést hvernig kröfulínur hafa verið dregnar á kort af hálfu ríkisins og annarra málsaðila.

Kröfulína íslenska ríkisins er að öllu leyti miðuð við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1. Kemur því til athugunar hvort land jarða nái inn fyrir kröfulínu ríkisins. Umhverfis svæðið liggja óumdeild eignarlönd ýmissa jarða, í fyrsta lagi Meiri-Garðs, Minni-Garðs, Klukkulands, Núps og Gerðhamra í Dýrafirði og í öðru lagi Háls, Brekku, Villingadals og Sæbóls á Ingjaldssandi. Sameiginleg krafa er gerð vegna Álfadals, Sæbóls I–III og Villingadals og þá er sameiginleg krafa gerð vegna hluta Sæbóls og Háls. Í þriðja lagi liggja að svæðinu eignarlönd jarða í Mosdal og Valþjófsdal í Önundarfirði, nánar tiltekið land Mosdals, Kirkjubóls, Dalshúsa, Tungu og Grafargils, en sameiginleg krafa er gerð vegna jarðanna og Þorfinnsstaða. Í fjórða lagi liggja að svæðinu eignarlönd Ytri-Hjarðardals og Innri-Hjarðardals í samnefndum dal, en sameiginleg krafa er gerð vegna þeirra jarða og Þórustaða. Í fimmta lagi liggja að svæðinu eignarlönd Traðar í Bjarnadal og Holts í Önundarfirði en kröfur vegna jarðanna skarast lítillega innan ágreiningssvæðisins. Afmörkun ríkisins er fyrst og fremst sögð styðjast við afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Ríkið tilgreinir þar Mýrar, Lækjarós og Fell, Meiri-Garð, Minni-Garð, Klukkuland, Núp, Gerðhamra, Arnarnes, Háls, Brekku, Villingadal, Sæból, Mosdal, Kirkjuból, Dalshús, Tungu, Grafargil, Ytri-Hjarðardal, Innri-Hjarðardal, Tröð og Holt. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki þessara jarða.

Tilhögun umfjöllunarinnar verður þannig að fjallað verður um landamerki jarða réttsælis í kringum svæðið, frá upphafspunkti kröfulínu ríkisins í suðri. Fyrst verður þannig fjallað um jarðir í Dýrafirði sem liggja að ágreiningssvæðinu frá austri til vesturs, þaðan farið yfir á Ingjaldssand og svo áfram inn með Önundarfirði í Mosdal, Valþjófsdal, Hjarðardal og loks Bjarnadal. Ekki eru til sérstakar merkjalýsingar fyrir ágreiningssvæði málsins og því einskorðast könnun á merkjum við merki framangreindra jarða sem liggja að ágreiningssvæinu.

Sem fyrr segir hefur gagnkröfu ekki verið lýst á syðsta hluta þjóðlendukröfusvæðis íslenska ríkisins en með hliðsjón af kröfugerð vegna annarra jarða má ætla að merki Meiri-Garðs kunni einnig að ná inn á svæðið.[987] Íslenska ríkið gerir eitt kröfu til þessa hluta svæðisins en er eignarréttarleg staða hans er þrátt fyrir það til rannsóknar af hálfu óbyggðanefndar á grundvelli fyrirvara sem kom fram af hálfu íslenska ríkisins við aðalmeðferð málsins þess efnis að það væri ósk íslenska ríkisins að á svæðum þar sem ríkisjarðir væru til staðar og á öðrum svæðum þar sem gagnkröfur hefðu ekki verið gerðar kannaði óbyggðanefnd samt og skæri úr um hvaða land teldist til þjóðlendna og hver væru mörk þeirra og eignarlanda, á sama hátt og ef gagnkröfur væru fyrir hendi.

[987] Fyrir liggur að þinglýstur eigandi jarðarinnar samkvæmt fasteignaskrá lést árið 1939. Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanni Vestfjarða var jörðin meðal þeirra eigna sem féll til erfingja hans við opinber skipti dánarbúsins samkvæmt erfðafjárskýrslu, dags. 13. janúar 1942, en ekki liggur fyrir hvers vegna skráningu í fasteignaskrá hefur ekki verið breytt.

Merkjum Mýra er lýst svo í sameiginlegu landamerkjabréfi Mýra, Fells og Lækjaróss í Dýrafirði, dagsettu 12. desember 1889:

> Að innanverðu eiga Mýrar allt inn að Gemlufellsá og veiði í ánni og svo fram eptir Mýrardal sem áin heldur svo langt sem vötnum hallar til Dýrafjarðar að Folaldalgili, og svo hinu megin á dalnum Gemlufallsmegin þvert yfir en heim eptir sem þessi örnefni takmarka: Hrútahjalla, Fjalldal og Háfadal með Söðlum og það heim í Litladalsá með hálfum Litladal að framanverðu.
>
> Á þá ytri síðu sem Kýrá heldur innri hluta Vatnadals á móts við Folaldagil, að neðanverðu, sem reiðgata heldur í Langalæk og svo eptir honum allt í Keldusef, er stenst á við Mýrafellsseta og skilur landamerki Fells og Mýra.

Landamerkjabréf Meiri-Garðs er dagsett þann 10. mars 1890. Þar segir:

> Að innanverðu ræður Kýrá upp á svonefnda Vatnahverk, og eptir því sem árfarvegurinn vísar á fjall upp […] Að utanverðu milli Litla Garðs og Meira-Garðs ræður upphlaðið merki ofan til við Langalæk, beina sjónhending í Milli-Garðslæk, síðan úr honum, eins og gilið segir, beina sjónhending á fjall upp.

Landamerkjabréf Minni-Garðs í Dýrafirði, dags. 10. mars 1890, er samhljóða bréfi Meiri-Garðs hvað varðar merki milli Minni- og Meiri-Garðs, þ.e. úr Milli-Garðslæk eins og gilið segir, beina sjónhending á fjall upp. Merkjum til norðurs er lýst svo: „Að framanverðu eru landamerkin í Hvassahrygg og beint niður í Skörðin.“ Í ódagsettri örnefnaskrá fyrir Klukkuland og Hólakot, skráðri af Ara Gíslasyni, segir að merki Klukkulands og Hólakots móti Minni-Garði sé hryggur sá, sem heiti Hvassihryggur en hann nái upp undir rönd á svonefndu Klukkulandsfjalli.

Í landamerkjabréfi Klukkulands í Dýrafirði, dags. 6. apríl 1886, segir: „Að Hvassihryggur ræður ofan eptir hlíðinni ofan í Kjóamýri neðst, en þaðan beint í Núpsá; þar eptir ræður Núpsá landamerkjum fram í Geldingadalsá og Geldingadal hálfan eptir því, sem áin ræður.“

Landamerkjabréf Núps er dagsett 2. desember 1889. Þar segir um mörk jarðarinnar að sunnan og austanverðu, þ.e. gagnvart Klukkulandi: „Að innanverðu í Núpsá, og dal allan í á þá, er rennur úr Geldingadal og fellur í Núpsá.“

Fyrrgreind landamerkjabréf Klukkulands og Núps eru samhljóða um að mörk milli jarðanna liggi upp með Núpsá og að þeirri á er rennur úr Geldingadal. Í kröfugerð landeigenda er kröfulína dregin milli jarðanna eftir ánni inn í botn Geldingadals þar sem hún mætir kröfulínu íslenska ríkisins í rúmlega 600 m hæð yfir sjávarmáli við hreppamörk fyrrum Mosvallahrepps og Mýrahrepps. Enginn ágreiningur er því milli aðila um að jarðirnar nái að gömlu hreppamörkunum á þessum stað.

Merkjum Núps er ekki lýst nánar gagnvart ágreiningssvæðinu en óumdeilt eignarland Núps nær inn eftir öllum Núpsdal þangað til það mætir óumdeildu landi Gerðhamra við Núpsskarð, sbr. umfjöllun í kafla 7.3.4.

Í landamerkjabréfi Gerðhamra, dags. 10. desember 1889, segir um merki jarðarinnar að vestanverðu og til norðvesturs:

> Að utanverðu milli Gerðhamra og Arnarness ræður áin fram eptir dalnum, síðan eptir læknum í miðjum tungunum, sem hann rennur, og svo sem lækurinn rennur fyrir ofan

> tungurnar, sem þeir fyrri menn hafa nefnt á, og eptir lægstu heiðunum allt út á hæðstu heiði, en þaðan svo sem brúnir ráða.

Bréfið lýsir merkjum „allt út á hæðstu heiði“ en Sandsheiði er norðan við Gerðhamradal.

Þá hefur verið lýst heimildum um landamerki jarða í Dýrafirði sem liggja að ágreiningssvæðinu og næst verða kannaðar heimildir um merki jarða á Ingjaldssandi sem liggja að ágreiningssvæðinu.

Norðan Gerðhamra í Dýrafirði er jörðin Háls á Ingjaldssandi. Óumdeild eignarlönd jarðanna mætast á Sandsheiði en í sameiginlegu landamerkjabréfi Sæbóls og Háls á Ingjaldssandi, dags. 15. maí 1886, segir um sunnanverð merki Háls: „Kirkjujörðin Háls á Mórilleyrar beint í fjall eptir því sem áin Mórilla segir.“ Þá segir jafnframt að landamerki milli Háls og Brekku, sem er norðaustan við Háls, séu „í svonefnda Þverá, og skilur hún lönd milli þeirra landa fram í dalbotn.“ Að öðru leyti er merkjum Háls ekki lýst nánar gagnvart ágreiningssvæðinu.

Í landamerkjabréfi Brekku á Ingjaldssandi, dags. 15. janúar 1891, segir:

> Að neðanverðu milli Villingadals og Brekku ræður svo kallað Merkisgil (þ.e. Merkigilshryggur) frá fjallsbrún og niður í Urðarfætur, þaðan bein sjónhending þvert yfir í Langá. Svo ræður Langá landamerkjum upp eptir, milli Brekku annars vegar, en Hrauns og Háls hins vegar, þar til Þverá rennur í hana, þá greinir Þverá land Brekku og Háls, og ræður landamerkjum úr því til fjalls og á hæðstu heiði.

Í landamerkjabréfi Villingadals sem er dagsett 28. júní 1886 segir um merki jarðarinnar til fjalls: „Milli Sæbóls og Villingadals er merki neðanvert við svonefnda Sýkiseyri úr Langá beint á fjall upp. […] Milli Brekku og Villingadals eru landamerki í miðjum Merkishrygg, þaðan beint á fjall upp og beint niður í Langá.“

Í áðurnefndu landamerkjabréfi Sæbóls og Háls frá 1886 er merkjum Sæbóls lýst svo gagnvart ágreiningsvæðinu til austurs: „Sæból á Villingadalshlíð úr Kikanum neðanvert við svonefnda Sýkiseyri, og þaðan beint á brún; svo niður eptir til sjávar, og reka allan, og land allt í svonefnt Reiðarsker.“

Fyrrgreindum landamerkjabréfum Sæbóls og Háls annars vegar og Brekku hins vegar ber saman um að Þverá skilji lönd Háls og Brekku fram í dalbotn. Í landamerkjabréfi Brekku segir berum orðum að merki jarðarinnar liggi frá Þverá til fjalls og á hæstu heiði en Klúkuheiði rís upp af Brekkudal til suðurs og ofan af henni rennur Þverá. Þá lýsa fyrrgreind landamerkjabréf jarða vestan við Brekkufjall, Töflu og Hrafnaskálarnúp, þ.e. Brekku, Villingadals og Sæbóls, öll merkjum beint á fjall upp eða beint á brún.

Þá koma til skoðunar heimildir um landamerki jarða í Mosdal og Valþjófsdal í Önundarfirði.

Óumdeilt eignarland Mosdals liggur austan megin við Hrafnaskálarnúp og er því aðliggjandi austanverðu ágreiningssvæðinu. Landamerkjabréf jarðarinnar er dagsett 21. júní 1887. Þar segir um merki milli Sæbóls og Mosdals að þau séu „í Reyðarsker“, sem er einnig tilgreint í landamerkjabréfi Sæbóls, og um merki milli Mosdals og Kirkjubóls

í Valþjófsdal segir að þau séu í „Brimnes“. Merkjum milli framangreindra jarða er ekki lýst nánar.

Landamerkjaskrá Kirkjubóls í Valþjófsdal er dagsett 1. apríl 1887 og segir þar að merki milli Kirkjubóls og Tungu í Valþjófsdal séu „eptir Dalsá fram að Stórubrekku, svo eptir syðri ánni uppá Skarðsfjall“. Merkjum Kirkjubóls gagnvart Mosdal er lýst með sama hætti og í bréfi Mosdals, þ.e. í „Brimnes“.

Í landamerkjaskrá Dalshúsa í Valþjófsdal, dags. 31. desember 1891, er merkjum lýst svo:

> Landamerki milli Dalshúsa og Kirkjubóls eru að framanverðu í Torfabrekkubrún, að heimanverðu á því stykki eru merki í vörðu á Svartabakka, og þar skilur Dalsá milli Tungu og Dalshúsa. Einnig eiga Dalshús frá garðinum, sem liggur fyrir framan Kirkjubóls og Dalshúsa tún, beint frá Dalsá upp í fjallið, og að vörðunum fyrir utan Skáladal, er þær bera hver í aðra.

Landamerkjaskrá Tungu í Valþjófsdal er dagsett 25. júní 1888 og segir þar:

> Milli Tungu og Kirkjubóls í Valþjófsdal ræður á sú merkjum, er Dalsá heitir; rennur hún ofan með Kirkjubóls bænum, og fram í Langá; að vestanverðu er svo merkið eptir ánni fram undir Stórubrekku; tekur þar lækur við, sem rennur ofan Tungurðirnar ofan í ána, og á Tunga ekki lengra.
>
> Milli Tungu og Grafargils ræður Langá fram í vatn það, er liggur fyrir neðan Miðdalsbrekkuna, og svo eptir vestari læknum, sem rennur ofan brekkuna.

Í landamerkjaskrá Grafargils í Valþjófsdal frá 25. júní 1888 er merkjum gagnvart Tungu lýst á sama hátt og og í fyrrgreindu bréfi Tungu.

Næst koma til skoðunar heimildir um landamerki jarða í Hjarðardal í Önundarfirði.

Landamerkjaskrá Ytri-Hjarðardals er dagsett 15. nóvember 1889 og er merkjum gagnvart Innri-Hjarðardal lýst svo: „Hjarðardalsá aðskilur landamæri milli Hjarðardalanna úr dalbotni og heim í hraunafót milli túnanna …“

Landamerkjaskrá Innri-Hjarðardals er dagsett þann 27. maí 1890. Þar segir um mörk gagnvart Ytri-Hjarðardal: „Milli Innra Hjarðardals og Ytra Hjarðardals eru merkin úr Torfahorni og ofan eptir í Hraunafót úr Hraunafæti beint í Görn sem öll heyrir til Innri Hjarðardal, og úr Garnarenda beint í sjó.“

Sá munur er á landamerkjabréfum Ytri- og Innri-Hjarðardals að mörkum milli jarðanna er í bréfi fyrrnefndu jarðarinnar lýst úr dalbotni og þaðan eftir Hjarðardalsá en í bréfi þeirrar síðarnefndu úr Torfahorni og ná merkjalýsingar þaðan niður í sjó. Ekki er ljóst hversu langt til fjalls merki jarða ná þegar vísað er til dalbotns en Torfahornið gnæfir yfir Hjarðardalnum og rennur Hjarðardalsá um dalinn á milli bæjanna. Merkjum samkvæmt þessu er því a.m.k. lýst að mörkum ágreiningssvæðisins í landamerkjabréfi Innri-Hjarðardals.

Næsta jörð sem liggur að ágreiningssvæðinu er Tröð í Bjarnadal en dalurinn er næsti dalur í Önundarfirði innan við Hjarðardal. Í landamerkjabréfi Traðar sem er dagsett 18. júlí 1889, segir: „Milli Traðar og Holtslands er merki eptir hrygg (leiti), er nefnt er Seljaleiti.“ Þar er vísað til syðri hlutans af landi Holts í Önundarfirði en land jarðarinnar er tvískipt. Nyrðri hlutinn er til umfjöllunar í tengslum við ágreiningssvæðið Holtsfjall,

sbr. kafla 7.3.2. Kröfulína vegna syðri hluta jarðarinnar er dregin frá Bjarnadalsá upp í Kaldbak og fylgir síðan vatnaskilum í fjalllendinu og á Gemlufallsheiði gagnvart jörðum í Dýrafirði, sem eru jafnframt mörk fyrrum Mosvallahrepps og Mýrahrepps. Landamerkjabréf Holts, dags. 27. maí 1890, gerir annars vegar grein fyrir merkjum syðri hlutans, Holtslands, gagnvart Mýralandi á Gemlufallsheiði á þann hátt að lönd greinist þar sem vötnum hallar til Dýrafjarðar, og hins vegar gagnvart Tröð í Bjarnadal um Seljaleiti, líkt og í landamerkjabréfi Traðar. Merkjum Traðar og Holtslands er að öðru leyti ekki lýst til fjalla. Á milli Skáldagrímsdals sunnan við Kaldbak og Galtardals norðan við hann er kröfusvæði ríkisins mjög mjótt og umlykja því dalirnir, sem eru óumdeild eignarlönd Traðar og Holts, nánast Kaldbak.

Líkt og áður segir er því lýst í landamerkjabréfi Holts að handan vatnaskila á Gemlufallsheiði taki við land Mýrar í Dýrafirði, en merkjum þeirrar jarðar var lýst í upphafi þessarar umfjöllunar.

Ekki liggja fyrir aðrar heimildir um landamerki sem varða ágreiningssvæðið. Ljóst er að merkjalýsingar fyrrgreindra jarða taka ekki í öllum tilvikum af tvímæli um hversu langt til fjalla merki jarðanna ná og þarf því m.a. að túlka merkjalýsingar með hliðsjón af staðháttum. Þrátt fyrir að lýsingar á merkjum jarða til fjalla séu almennt ekki ótvíræðar verður að líta til þess að fjöllin mynda glögg landfræðileg skil af náttúrunnar hendi auk þess sem fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu brúnir fjallgarðsins eru almennt litlar.

Niðurstöður um landamerki og afmörkun er að finna í kafla 7.3.7.1.

7.3.6 Nesdalur, Heiðar og fjalllendi milli Ingjaldssands og Dýrafjarðar

Hér verður fjallað um það þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins sem af hálfu þess er nefnt *Barði, Nesdalur, heiðar á Ingjaldssandi, Skagi og Skagafjall*,[988] er á ysta hluta skagans milli Önundarfjarðar og Dýrafjarðar innan fyrrum Mýrahrepps og tekur krafa íslenska ríkisins til Nesdals og Heiða á Ingjaldssandi auk stórs hluta fjalllendis umhverfis svæðið. Að vestan- og sunnanverðu afmarka kröfulínur íslenska ríkisins efstu hluta Skaga og Skagafjalls en Nesdalur er austan við fjallgarðinn. Þá liggja kröfulínur ríkisins austur fyrir efstu hluta Barða og Hraunshorns sem standa austan við Nesdal. Austan við svæðið gengur dalurinn Ingjaldssandur inn í landið frá sjó og eru þar m.a. jarðirnar Sæból, Álfadalur, Hraun og Háls. Svæðið rís hæst í tæplega 700 m hæð en er víðast hvar í 400–650 m hæð. Á austanverðu ágreiningssvæðinu er kröfulína ríkisins dregin niður fyrir 100 m hæð austan við Seljalágar auk þess sem hún nær niður að sjávarmáli við mynni Nesdals á norðvestanverðu ágreiningssvæðinu. Ágreiningssvæðið er tæplega 11 km í beinni loftlínu frá norðvesturhorni til suðausturhorns þess og tæpir 5 km þar sem það er breiðast frá norðaustri til suðvesturs.

[988] Textalýsingu á kröfulínu íslenska ríkisins er að finna í kafla 3.1. Á úrskurðarkorti málsins sést hvernig kröfulínur hafa verið dregnar á kort af hálfu ríkisins og annarra málsaðila.

Kröfulína íslenska ríkisins er í meginatriðum miðuð við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1. Á milli punkta nr. 3 og 5 er línan þó sögð dregin frá upptökum Selár, þaðan eftir miðlínu árinnar í Mórillu og því næst eftir miðlínu Mórillu í fjallsbrún. Á milli punkta nr. 8 og 9 er kröfulína ríkisins jafnframt dregin beint frá Þúfu til sjávar, síðan eftir strandlengjunni og þaðan í Búðarhorn. Umhverfis svæðið liggja óumdeild eignarlönd jarðanna Sæbóls, Álfadals, Hrauns, Háls, Arnarness, Birnustaða og Fjallaskaga.[989] Afmörkun ríkisins er fyrst og fremst sögð styðjast við afmörkun aðliggjandi jarða samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Ríkið tilgreinir þar Sæból, Hraun, Háls, Brekku, Arnarnes, Birnustaði og Fjallaskaga. Í eftirfarandi umfjöllun verða teknar til skoðunar heimildir um merki þessara jarða. Hins vegar verður ekki fjallað um merki Brekku, enda liggur jörðin ekki að kröfusvæðinu.

Kröfulýsingar bárust vegna allra aðliggjandi jarða en sameiginleg krafa er gerð vegna Birnustaða og Fjallaskaga. Þá bárust tvær kröfulýsingar vegna bæði Háls og Sæbóls en meðal viðkomandi aðila er þó ekki uppi ágreiningur um mörk jarðanna. Þá er skörun á kröfum vegna Hrauns og Sæbóls innan ágreiningssvæðisins.

Krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu á ágreiningssvæðinu byggist annars vegar á því að hluti svæðisins, efstu hlutar fjalla, sé utan landamerkja aðliggjandi jarða, þ.e. að merki þeirra nái ekki inn á ágreiningssvæðið, sbr. önnur ágreiningssvæði í málinu. Hins vegar byggist krafan á því að Nesdalur og Heiðar á Ingjaldssandi hafi verið nýtt sem sameiginlegur afréttur og séu því ekki eignarlönd heldur þjóðlenda. Líkt og áður greinir er á því byggt af hálfu gagnaðila ríkisins að afmarkaðir hlutar ágreiningssvæðisins séu innan marka jarða þeirra og háðir beinum eignarrétti á þeim grundvelli. Við úrlausn málsins reynir því fyrst og fremst á túlkun fyrirliggjandi heimilda um merki umræddra jarða og verða kannaðar sérstaklega heimildir um hverja jörð fyrir sig. Tilhögun umfjöllunarinnar verður þannig að fyrst verður fjallað um merki jarða í Dýrafirði sem eru aðliggjandi ágreiningssvæðinu, þ.e. Fjallaskaga, Birnustaði og Arnarnes, og svo verður fjallað um jarðir og landsvæði á Ingjaldssandi sem liggja að ágreiningssvæðinu frá suðri til norðurs, þ.e. Háls, Heiðar, Hraun, Álfadal og loks Sæból auk Nesdals.

Fyrst koma til skoðunar merki jarða í Dýrafirði sem eru aðliggjandi ágreiningssvæðinu. Jörðin Fjallaskagi er yst í norðanverðum Dýrafirði en sameiginleg krafa er gerð vegna jarðarinnar og Birnustaða. Í landamerkjabréfi Fjallaskaga, dags. 2. desember 1891, er merkjum jarðarinnar lýst svo:

> Að innanverðu milli Skaga og Birnustaða er svokallað „Seljagil“, og bein sjónhending í fjallsbrún upp.
>
> Að utanverðu eru takmörk jarðarinnar í svokallaða „Þúfu“, þaðan á fjall upp, og svo eptir því sem fjallsendin segir.

Í fasteignamati 1916–1918 er í undirmati I vísað til Birnustaða hvað varðar landamerki Fjallaskaga að innanverðu en að utan eru merki jarðarinnar sögð í Þúfu. Í

989 Í heimildum um jörðina er hún ýmist nefnd Skagi eða Fjallaskagi en hér verður notað heitið Fjallaskagi.

undirmati II er merkjum jarðarinnar að utan lýst með sama hætti en að innan er vísað til Seljagils, líkt og í landamerkjabréfum Fjallaskaga og Birnustaða.

Framangreint landamerkjabréf jarðarinnar lýsir merkjum gagnvart Birnustöðum í fjallsbrún upp úr Seljagili. Þúfa er ysti hluti fjallsins vestan Nesdals, ofan við Þúfusker. Því er ljóst að landamerkjabréfið, sem vísar til Þúfu og þaðan á fjall upp og eftir því sem fjallsendinn segir, lýsir merkjum jarðarinnar nánar til fjalls en landamerkjabréf flestra annarra jarða á svæðinu, enda er Þúfa ofan við þau skörpu skil í landslagi þar sem við tekur hallaminna land.

Innan við land Fjallaskaga liggur land Birnustaða. Til eru tvö landamerkjabréf fyrir Birnustaði, bæði dagsett 7. júlí 1886. Annað þeirra lýsir merkjum gagnvart Arnarnesi beina sjónhendingu frá Ytri-Vogakambi í fjall upp, en merkjum Birnustaða gagnvart Fjallaskaga er lýst í Seljagil og þaðan beina sjónhendingu í fjallsbrún upp. Hitt landamerkjabréfið nær einungis til landamerkja gagnvart Arnarnesi en þar er merkjum milli jarðanna lýst með sama hætti og í fyrra landamerkjabréfinu. Í kafla um Mýraþingsókn í *Jarðabók* Árna og Páls frá 1710 er fjallað um fornt eyðiból í landi Birnustaða úti við „Stertagil“, en vísað til örnefnisins um landamerki milli Fjallaskaga og Birnustaða.

Í fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er vísað til Arnarness um landamerki Birnustaða að innanverðu en að utan til Seljagils.

Næsta jörð innan við Birnustaði er Arnarnes. Landamerkjabréf Arnarness er dagsett 13. janúar 1890 og er merkjum jarðarinnar lýst svo:

> 1, Að innanverðu milli Arnarness og Gerðhamra ræður áin fram eptir dalnum síðan eptir læknum í miðjum tungunum á dalnum, sem hann rennur, og svo sem áin ræður fyrir ofan tungurnar og eptir lægstu heiðinni allt út á hæðstu heiði; en þaðan sem brúnir ráða.
>
> 2, Að utanverðu milli Arnarness og Birnustaða er ytri Vogakambur og sjónhending beint á fjall upp

Í eftirmála í lýsingu Grunnavíkursveitar í *Jarðabók* Árna og Páls segir um merki Arnarness og Birnustaða að þau séu þar sem Innri- og Ytri-vogar mætist en líklegt má telja að það sé sami staður og nefndur er Ytri-Vogakambur í landamerkjabréfi Arnarness.

Í vitnisburði Torfa Halldórssonar frá 8. mars 1889 lýsir hann merkjum milli hálflenda á Arnarnesi sem honum hafi verið kunnugt um er hann hafi farið þaðan 45 árum fyrr. Þar er merkjum gagnvart ágreiningssvæðinu ekki lýst nema að mjög takmörkuðu leyti. Annars vegar er vísað til þess að merki neðri jarðarinnar hafi legið frá flötum stein fyrir innan fjós „beina sjónhending í efri steininn á háhryggnum“. Hins vegar er merkjum sömu jarðar lýst „úr virkishorni beina sjónhending utanvert upp eptir svo nefndum „Birgishól“ í stein, er stendur neðarlega í urðunum“.

Í fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 er vísað til Gerðhamra hvað varðar merki Arnarness að innanverðu en að utan til Ytri-Vogakambs.

Landamerkjabréf Arnarness frá 1890 segir að áin sem rennur um Gerðhamradal ráði merkjum „allt út á hæstu heiði og þaðan séu merkin „sem brúnir ráða“. Merkjum jarðarinnar er því lýst nánar til fjalla en merkjum flestra annarra jarða á þessu svæði. Sandsheiði er ofan við norðanverðan Gerðhamradal og staðhættir o.fl. benda til þess að hún sé heiðin sem vísað er til. Þaðan hækkar landið smám saman í átt að hæsta hluta Skagafjalls en ekki eru á þessum slóðum brúnir sem mynda skörp skil í landslagi á þann hátt að ofan þeirra taki við hallaminna land. Því þykir orðalag bréfsins gefa vísbendingu um að hugtakið „brúnir“ þar vísi til hæsta hluta fjalls þar sem jafnframt eru vatnaskil.

Næst koma til skoðunar heimildir um merki jarða og landsvæða á Ingjaldssandi. Syðst á Ingjaldssandi liggur jörðin Háls. Sem fyrr segir bárust tvær kröfulýsingar vegna Háls en ekki er munur á afmörkun þeirra. Merkjum Háls í grennd við ágreiningssvæðið er lýst svo í sameiginlegu landamerkjabréfi Sæbóls og Háls, dags. 15. maí 1886:

> Kirkjujörðin Háls á Mórilleyrar beint í fjall eptir því sem áin Mórilla segir.
>
> […]
>
> Sæbólskirkja á land allt undir Hálsi innan þeirra landamerkja, er nú skal greina. Milli Háls og Brekku eru merkin í svonefnda Þverá, og skilur hún lönd milli þeirra landa fram í dalbotn. Milli Háls og Hrauns skilur Langá fram að þverá sem rennur milli landamerkja Hrauns og Sæbólslands, sem hefir upptök sín neðanvert við Nesdals-skarð.

Bréfið lýsir merkjum jarðarinnar m.a. eftir árfarvegi Mórillu beint í fjall. Sú „þverá“ sem sameinast Langá og er sögð skilja milli landamerkja Hrauns og Sæbólslands er af ýmsum heimildum og staðháttum að dæma Selá sem rennur um Hraunsdal. Samkvæmt því lýsir landamerkjabréfið merkjum Háls gagnvart Hrauni þannig um Langá fram að þeim stað þar sem Selá rennur í Langá og jafnframt að Selá ráði merkjum milli Hrauns og Sæbólslands.

Merkjum Háls er jafnframt lýst í fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu 1916–1918 en þar segir: „Landamerki, að neðan Þverá, svo ræður Langá til Mórillu og eftir henni til fjalls.“ Sú lýsing er í samræmi við framangreinda lýsingu landamerkjabréfsins.

Af hálfu þeirra gagnaðila sem lýsa kröfum vegna Sæbóls eru Heiðar, sem byggt er á að séu innan merkja Sæbóls, afmarkaðar gagnvart Hálsi um Mórillu og áfram til fjalls, að vatnaskilum milli Ingjaldssands og Dýrafjarðar og gagnvart Hrauni um Selá frá Langá og upp í Nesdalsskarð. Líkt og áður segir er því lýst í landamerkjabréfi Sæbóls og Háls frá 15. maí 1886, eins og það hefur verið túlkað hér að framan, að Selá ráði merkjum milli Hrauns og Sæbólslands frá upptökum sínum við Nesdalsskarð. Af hálfu gagnaðila ríkisins er á því byggt að umrætt Sæbólsland sé Heiðar. Í landamerkjabréfinu er því ekki lýst sérstaklega hvernig Sæbólsland afmarkist gagnvart Hálsi, en þar kemur þó fram að Háls afmarkist að vestanverðu af Mórillu, og í þessu sambandi verður að hafa í huga að um er að ræða sameiginlegt landamerkjabréf fyrir Sæból og Háls. Í landamerkjabréfi Hrauns frá 24. júní 1886 er því lýst að Selá skipti löndum milli Hrauns og Sæbóls upp í Gálgafoss „og þaðan í Hraunland eptir læk, er rennur framan vert við svo nefndan Krók allt á fjall upp.“ Merkjalýsingunum ber saman um að Selá ráði

merkjum milli Hrauns og Sæbóls, þrátt fyrir að efsta hluta merkjanna sé ekki lýst með nákæmlega sama hætti, svo sem nánar verður vikið að síðar.

Önnur gögn sem liggja fyrir í málinu styðja við málatilbúnað gagnaðila íslenska ríkisins um að umrætt landsvæði, þ.e. milli Selár og Mórillu, sé Heiðar.

Í riti Óskars Einarssonar, *Aldarfar og örnefni í Önundarfirði*, greinir staðkunnugur höfundur frá því að þríhyrnt heiðarland, sem liggi milli Hraunslands og Hálslands og takmarkist af Selá að norðan en Langá og Mórillu að sunnan, nefnist oft í heild Heiðar. Svo segir jafnframt:

> Morilla fellur í Langá allmiklu framar en Selá. Með Langá og upp að *Balabrúnum* eru svonefndar *Seljalágar.* Þar er mælt, að sel frá Sæbóli og Álfadal hafi verið fyrr á tímum. Niður miðjar Seljalágar fellur lækur, sem ávalt er nefndur *Nónlækir*, enda þótt aðeins sé um einn læk að ræða. Nónlækir koma undan *Girðisbrekku* og skipta Seljalágum í tvo staði. Milli Selár og Nónlækja er hár og brattur hjalli, er nefnist *Stóribali,*
>
> […]
>
> Milli Mórillu og Nónlækja er annar hjalli, nefndur *Miðmundabali*
>
> […]
>
> Uppi á Stórabala og Miðmundarbala eru víðlendir brokflóar, sem oftast voru slegnir. Það var nefnt að *slá frammi á Heiðum.*

Í örnefnaskrá um Heiðar, skrásettri af Guðmundi Benediktssyni, segir að stórt landstykki milli Selár og Mórillu nefnist einu nafni Heiðar og þær eru sagðar í Sæbólslandi. Einnig kemur fram að neðsti hluti svæðisins heiti Seljalágar en allmikill hjalli skilji Seljalágar frá hinum eiginlegum Heiðum. Af hálfu hluta þeirra gagnaðila ríkisins sem lýsa kröfum vegna Sæbóls eru kröfusvæði vegna Heiða og Seljalága aðgreind á kröfulínukorti en í ljósi framangreinds verður hér á eftir litið á Seljalágar sem hluta Heiða og þær því ekki tilgreindar sérstaklega.

Líkt og áður er Hraun næsta jörð norðan við Heiðar. Landamerkjabréf Hrauns er dagsett 24. júní 1886 og er merkjum í grennd við ágreiningssvæðið lýst svo:

> Milli Hrauns og Áfadals [svo] er merki í geil, þaðan á fjall upp, og niður eptir lækjarskurði í miðjan dýárdal, og þaðan beint í Langá;
>
> […]
>
> eptir það á Hraun land eptir Langá fram að Selá, og milli Hrauns og Sæbóls skiptir hún landi upp í Galgafoss, og þaðan í Hraunland eptir læk, er rennur framan vert við svo nefndan Krók allt á fjall upp.

Suðurmörkum Hrauns gagnvart Heiðum hefur áður verið lýst en að norðanverðu er merkjum jarðarinnar gagnvart Álfadal lýst á fjall upp frá skarði í fjallinu.

Í riti Óskars Einarssonar, *Aldarfar og örnefni í Önundarfirði*, segir að landamerki Hrauns séu frá Grjótdal eftir Selá í Langá.[990] Í örnefnaskrá Hrauns, skráðri af Guðmundi Benediktssyni, er örnefnum á fjallgarðinum ofan við bæinn lýst. Þar segir m.a. að Stórholt sé að sunnanverðu við Stórholtslæk, útsuðurkvísl Selár, en ofan við það gangi

[990] Óskar Einarsson: *Aldarfar og örnefni í Önundarfirði*, bls. 170. Þar segir jafnframt að Sandsá sé annað nafn Langár, bls. 146.

stór hjalli undan Hraunshorni og fram í dalinn sem Krókur heiti. Þá er fjallgarðinum upp af Krók lýst en í kjölfar þess segir: „og eru nú upptalin örnefni í Hrauni, og tekur þá við örnefni á Heiðum, en það land er frá Sæbóli“.

Næsta jörð norðan við Hraun er Álfadalur. Landamerkjabréf Álfadals á Ingjaldssandi, dags. 9. desember 1889, lýsir merkjum jarðarinnar gagnvart Sæbóli og Hrauni með eftirfarandi hætti:

> Milli Álfadals og Sæbóls í svonefnda merkislá, eptir henni ofan, sem hún ræður í sýki það, sem er Sæbóls megin við svonefndan þrætupart, og þaðan beint niður í á
>
> Milli Álfadals og Hrauns ræður lækur sá, sem sprettur upp framan til við svokölluð Litlu-hraun, og ræður hann landmerkjum svo sem hann rennur allt ofan þar sem hann fellur í Sandsá.
>
> Ennfremur á Álfadalur einn þriðja part í „heiðum“ svonefndum, sem óátalið hefir verið notaður frá Álfadal.

Landamerkjabréfi Álfadals og landamerkjabréfi Sæbóls frá 15. maí 1886, sem er aðliggjandi Álfadal að norðanverðu, ber saman um merki milli jarðanna, þ.e. að þau séu í Merkislág. Eftir henni rennur Merkislækur sem kemur að mestu leyti úr Nautaskál í fjallinu. Litluhraun, á merkjum Álfadals og Hrauns, munu vera neðan undir svonefndum Borgum bæjarmegin, en Borgir eru sagðar vera stór grjóthjalli í Hraunshorni sem skilur á milli dalanna Álfadals og Hraunsdals.[991]

Koma þá til skoðunar heimildir um landamerki Sæbóls og Nesdals. Líkt og áður segir byggja þeir gagnaðilar ríkisins sem gera kröfur vegna Sæbóls á því að Nesdalur, líkt og Heiðar, sé innan merkja Sæbóls. Í landamerkjabréfi Sæbóls og Háls frá 15. maí 1886 er merkjum jarðarinnar lýst svo:

> Milli Sæbóls- og Álfadals eru merkin í svonefnda Merkislá, eptir henni ofan sem hún ræður í sýki það, sem er Sæbólsmegin við svonefndan þrætupart; þaðan á jörðin land allt vestur fyrir allan Barða, vestur í Nesdal, með reka öllum til móts við endimörk Mýrareka, í Þúfu. Sæból á Villingadalshlíð úr Kikanum neðanvert við svonefnda Sýkiseyri, og þaðan beint á brún; svo niður eptir til sjávar, og reka allan, og land allt í svonefnt Reiðarsker.
>
> Kirkjan á ennfremur þriðjung í Nesdal og þriðjung í Heiðum og Seljalágar allar frá Mórillu í læk þann, er rennur fyrir utan Stóra bala.
>
> Kirkjujörðin Háls á Mórilleyrar beint í fjall eptir því sem áin Mórilla segir. – Sæbólskirkja á áttung í Geirsbrekku í Súgandafirði og skóga, sem fylgja því landi. Sæbólskirkja á land allt undir Hálsi innan þeirra landamerkja, er nú skal greina. Milli Háls og Brekku eru merkin í svonefnda Þverá, og skilur hún lönd milli þeirra landa fram í dalbotn. Milli Háls og Hrauns skilur Langá fram að Þverá sem rennur milli landamerkja Hrauns og Sæbólslands, sem hefir upptök sín neðanvert við Nesdalsskarð.

Landamerkjabréfið lýsir merkjum Sæbóls gagnvart Álfadal í fjallshlíð fjallsins Barða, líkt og landamerkjabréf Álfadals. Þá segir berum orðum í landamerkjabréfinu að Sæból eigi land allt vestur fyrir Barða, vestur í Nesdal og í Þúfu. Líkt og áður segir er Þúfa ysti hluti fjallsins vestan Nesdals, ofan við Þúfusker, og eins og áður hefur

[991] Óskar Einarsson: *Aldarfar og örnefni í Önundarfirði*, bls. 172 og 177.

komið fram er Þúfa á merkjum Fjallaskaga samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 2. desember 1891. Sérstaklega er tilgreint í landamerkjabréfi Sæbóls að kirkjan eigi þriðjung í Nesdal en ekki er tilgreind sérstök afmörkun á Nesdal að öðru leyti en því sem að framan greinir. Að mati óbyggðanefndar kann það m.a. að stafa af því að hann er skýrt afmarkaður af náttúrunnar hendi.

Einnig liggur fyrir vitnisburður Jóns Arngrímssonar frá 22. febrúar 1666 um merki Sæbóls en hann kvaðst hafa búið nær þrjátíu ár í Álfadal og í Hrauni. Hann sagðist m.a. aldrei hafa heyrt um eða vitað af öðru en að Sæból ætti allt land með sjó milli Þúfu og Reiðarskers.

Mál um landamerki Sæbóls á Ingjaldssandi og konungsjarðanna Brekku og Villingadals auk Birnustaða var tekið fyrir á héraðsþingi 17. og 18. júní 1727. Kom þar fram að Þórkatla Jónsdóttir á Sæbóli byggði landamerki Sæbóls á lögfestu sinni frá 9. júní 1724 og en af hálfu umráðamanns konungsjarða þótti lögfestan ganga of nærri Birnustöðum, Brekku og Villingadal og farið var fram á að efni hennar yrði sannað með frumskjölum. Lögfesta Sæmundar Eggertssonar frá 1665 var lögð fram en þar lögfesti hann Sæból sem sína eign auk allra hennar kirkjueigna. Þá lögfesti hann allan Nesdal að fráteknum ítökum Mýra- og Núpskirkju og annarra sem gætu sannað ítök sín, sem og allar landsnytjar er fylgdu jörðinni til sjávar milli Þúfu og Reiðarskers. Þá var upplesinn vitnisburður Jóns Þorlákssonar um land Sæbóls, dags. 27. febrúar 1666, sem er samhljóða um að jörðin nái milli Þúfu og Reiðarskers. Einnig var lögð fram lögfesta Eggerts Sæmundssonar frá árinu 1684 en þar greinir jafnframt frá eign Sæbóls á reka öllum milli Þúfu og Reiðarskers auk Nesdals alls að undanskildum ítökum Mýra- og Núpskirkju og annarra sem gætu sannað ítök sín.

Samkvæmt merkjalýsingum jarða sem raktar hafa verið er ljóst að merkjalýsingar á svæðinu ná í mörgum tilvikum a.m.k. að og í fjallshlíð, í fjallsbrún eða upp á fjall. Í sumum tilfellum er merkjum lýst nánar til fjalla, eða „allt út á hæstu heiði og þaðan sem brúnir ráða“ og „á fjall upp, og svo eptir því sem fjallsendin segir“. Þó er ljóst að merkjalýsingar taka almennt ekki af tvímæli um hversu langt merki jarðanna ná til fjalla og þarf því m.a. að túlka merkjalýsingar með hliðsjón af staðháttum. Þrátt fyrir að merkjalýsingar innan ágreiningssvæða efst á fjöllum eða á mörkum jarða til fjalla séu ekki alltaf ótvíræðar verður að líta til þess að fjöllin mynda glögg landfræðileg skil af náttúrunnar hendi auk þess sem fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu hluta þeirra fjalla sem skilja á milli jarðanna eru litlar.

Niðurstöður um landamerki og afmörkun er að finna í kafla 7.3.7.2.

7.3.7 Niðurstöður um afmörkun

Hér að framan hefur verið fjallað um landamerkjabréf og aðrar fyrirliggjandi heimildir sem hafa að geyma lýsingar á merkjum jarða og annarra landsvæða sem tengjast ágreiningssvæðum málsins.

Eins og áður segir snýr sá ágreiningur sem uppi er milli íslenska ríkisins og gagnaðila þess í þessu máli að verulegu leyti að því hvort efstu hlutar fjalla séu þjóðlendur eða hvort eignarlönd jarða beggja vegna nái saman á fjöllum. Þetta á við um öll ágreiningssvæði málsins að undanskildu ágreiningssvæðinu í Nesdal og á Heiðum á Ingjaldssandi. Því verður gerð grein fyrir niðurstöðum hvað varðar afmörkun í tvennu lagi. Fyrst verður fjallað um þau fimm ágreiningssvæði sem taka einungis til efstu hluta fjalla og þar á eftir verður fjallað um Nesdal, Heiðar og fjalllendi milli Ingjaldssands og Dýrafjarðar.

7.3.7.1 Efstu hlutar fjalla

Hér verður fjallað um niðurstöður óbyggðanefndar um afmörkun á þeim fimm kröfusvæðum þar sem álitaefnin eru af þeim toga sem lýst er í kafla 7.2.3, þ.e. hvort merki jarða nái saman á fjöllum eða takmarkist að ofanverðu af þeim fjallsbrúnum sem málatilbúnaður ríkisins miðast við, sbr. kafla 7.2.3.1 og 7.3.1–7.3.5.

Kröfusvæðin sem taka til efstu hluta fjalla eru löng og mjó og fjöllin mynda glögg skil af náttúrunnar hendi milli jarða. Þá eru engar heimildir um að ofan umræddra brúna séu aðrar fasteignir, svo sem afréttir, sem lúti sjálfstæðri afmörkun gagnvart jörðunum. Það atriði skiptir máli við túlkun merkjalýsinga jarðanna, að því leyti sem þær eru óljósar.

Samkvæmt merkjalýsingum sem raktar hafa verið er ljóst að landamerkjum á skaganum milli Dýrafjarðar og Önundarfjarðar er iðulega lýst til fjalls, í fjallsbrún eða í tiltekið örnefni á fjalli, sé merkjum á annað borð lýst til fjalla, og því reynir m.a. á túlkun á hugtakinu „fjallsbrún“ og sambærilegum tilvísunum í merkjalýsingum, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.4. Þar er m.a. gerð grein fyrir dómi Hæstaréttar frá 20. október 2016 í máli nr. 59/2016 (Torfufell, Hólsgerði og Úlfá) en þar féllst Hæstiréttur á að með tilvísun til fjallsbrúnar í viðkomandi landamerkjabréfi væri átt við efsta hluta fjalls, þ.e. vatnaskil. Slík túlkun orðalags í landamerkjabréfum er þó ekki algild að mati óbyggðanefndar. Í málinu liggja jafnframt fyrir dæmi þess að landamerkjabréf jarða lýsi merkjum jafnvel nánar til fjalla, eða „allt út á hæstu heiði og þaðan sem brúnir ráða“ og „á fjall upp, og svo eptir því sem fjallsendin segir“.

Þrátt fyrir að lýsingar á merkjum jarða til fjalla á svæðinu séu óljósar og almennt séu ekki fyrir hendi ótvíræðar merkjalýsingar innan kröfusvæðanna er til þess að líta að fjöllin mynda glögg landfræðileg skil af náttúrunnar hendi þar sem þau skilja að dali auk þess sem fjarlægðir frá bæjarstæðum upp á efstu brúnir eru litlar. Má því leiða líkur að því að ekki hafi þótt þörf á að lýsa merkjum frekar til fjalla en í raun var gert. Vísast í þessu sambandi til almennrar umfjöllunar í kafla 7.2.3 en þar er m.a. bent á að það að svæði sé hálent, lítt gróið, fjarri byggð og lítt nytjað leiði ekki sjálfkrafa til niðurstöðu um þjóðlendu, þótt um sé að ræða atriði sem geti haft áhrif á sönnunarmat ásamt skriflegum heimildum. Þá segir að ef um er að ræða tilvik þar sem tiltölulega mjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur að jarðir og fjarlægðir eru litlar á milli bæjarstæða og

efstu hluta fjalla, telji óbyggðanefnd alla jafna hægt að leggja til grundvallar að jarðir nái saman á fjöllum, nema annað mæli því sérstaklega í mót.

Hér vísast jafnframt sérstaklega til kafla 7.2.3.1 þar sem lögð er áhersla á að í þjóðlendumálum þurfi að gæta samræmis og jafnræðis. Ekki beri einungis að líta til niðurstaðna einstakra ágreiningsmála heldur einnig þess hvernig kröfugerð íslenska ríkisins hefur verið háttað. Við heildstæða skoðun á endanlegum niðurstöðum mála sem lokið er hjá óbyggðanefnd og dómstólum finnast ekki dæmi þess að efstu hlutar fjalla teljist þjóðlendur nema um sé að ræða nokkuð víðfeðm heiðarlönd eða hluta af þjóðlendum sem ná jafnframt yfir nærliggjandi landsvæði. Málsmeðferð óbyggðanefndar er lokið á langstærstum hluta landsins og algengt hefur verið að eignarlönd jarða hafi talist ná saman efst á fjöllum eða á vatnaskilum, sérstaklega þar sem allmjó fjöll eða víðáttulítið fjalllendi skilur á milli dala og fjarða. Enn fremur hefur fjöldi fjalla á landinu talist til eignarlanda í heild þegar af þeirri ástæðu að íslenska ríkið lýsti ekki kröfum um að þau eða hlutar þeirra væru þjóðlendur. Ætla verður að til grundvallar þeirri afstöðu ríkisins hafi legið það mat að um eignarlönd væri að ræða. Víða um land eru staðhættir sambærilegir við Ísafjarðarsýslur að því leyti að fjöll skilja þar gjarnan á milli eignarlanda jarða í dölum og fjörðum, án þess að endilega sé um að ræða víðáttumikla fjallgarða eða stór og samfelld heiðarlönd.

Athugun á landamerkjabréfum í Ísafjarðarsýslum leiðir í ljós að merkjalýsingar til fjalla eru ekki eins nákvæmar og niðri á láglendinu. Líklegt má telja að það geti annars vegar verið af því að meiri hagsmunir voru bundnir við að merki milli nytjalanda jarða á láglendi væru skýr heldur en merki til fjalla. Hins vegar má að mati nefndarinnar ætla að minni ástæða hafi þótt til að lýsa þeim hluta merkjanna en merkjum gagnvart aðliggjandi jörðum á láglendi vegna þeirrar útbreiddu venju að vatnaskil og hæstu brúnir fjalla réðu merkjum þegar fjöllin mynduðu skýr landamerki af náttúrunnar hendi.

Í tilvikum þar sem heimildir um merki eru óljósar ber m.a. að túlka orðalag landamerkjabréfa og annarra merkjalýsinga með hliðsjón af staðháttum. Iðulega háttar svo til í lýsingum landamerkjabréfa jarða sem hér eru til umfjöllunar gagnvart aðliggjandi jörðum á láglendi að merkjum er lýst í tiltekið örnefni í fjalli og/eða í tiltekið örnefni og þaðan upp á fjall, án þess að nánar sé tilgreint hvernig merkin liggi milli efstu kennileita sem vísað er til. Í umfjöllun um það atriði í kafla 7.2.3.8 segir m.a. að telja megi að viðkomandi kennileiti eða sú lína sem dregin var til fjalls hafi þótt skýr og hentug viðmiðun en að mati nefndarinnar verði að telja líklegt að litið hafi verið svo á að línan lægi áfram efst upp á fjall eða að vatnaskilum. Með vísan til framangreindrar umfjöllunar og staðhátta á umræddum svæðum, þar sem mjó fjöll skilja að jarðir og fjarlægðir milli bæjarstæða og efstu hluta fjalla eru litlar, telur óbyggðanefnd alla jafna hægt að leggja til grundvallar að jarðir nái saman á fjöllum, nema annað mæli því sérstaklega í mót.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar að fyrirliggjandi heimildir um merki jarða á svæðunum sem hér eru til umfjöllunar,

túlkaðar með hliðsjón af staðháttum, styðji við afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins að því er varðar efstu hluta fjalla. Verður því lagt til grundvallar að landamerki jarða nái saman efst á fjöllum á þeim fimm svæðum þar sem kröfulína ríkisins er að öllu leyti miðuð við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, sbr. kafla 7.2.3.1. Því er niðurstaða óbyggðanefndar sú að þjóðlendukröfusvæðin fimm séu að öllu leyti innan merkja jarða.

7.3.7.2 Nesdalur, Heiðar og fjalllendi milli Ingjaldssands og Dýrafjarðar

Eftir stendur að fjalla um niðurstöður óbyggðanefndar um afmörkun á ágreiningssvæðinu sem í kröfugerð íslenska ríkisins er nefnt *Barði, Nesdalur, heiðar á Ingjaldssandi, Skagi og Skagafjall* auk aðliggjandi jarða. Af hálfu eigenda jarðarinnar Sæbóls er á því byggt að Nesdalur og Heiðar, ásamt Seljalágum, séu innan landamerkja Sæbóls samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1886. Auk þess er af hálfu eigenda Hrauns lýst kröfu til hluta ágreiningssvæðisins og á því byggt að hann sé innan merkja jarðarinnar samkvæmt landamerkjabréfi hennar frá 1889.

Í landamerkjabréfi Sæbóls og Háls frá 15. maí 1886 er því lýst að frá merkjum jarðarinnar gagnvart Álfadal, sem eru við sunnanverð austurmörk Sæbóls, eigi jörðin „land allt vestur fyrir allan Barða, vestur í Nesdal, með reka öllum til móts við endimörk Mýrareka, í Þúfu“. Að mati óbyggðanefndar er rétt að túlka orðalag landamerkjabréfsins þannig að land Sæbóls nái að Þúfu sem er fjall vestan Nesdals. Landamerkjabréfið hefur ekki að geyma frekari lýsingu á merkjum inn til landsins við dalinn. Að mati óbyggðanefndar bendir orðalagið hins vegar til þess að lýsingin taki til Nesdals alls, sem er milli Barða og Þúfu. Nesdalur er skýrt afmarkaður af fjöllunum umhverfis dalinn og því kann að vera að ekki hafi verið talin þörf á að lýsa merkjum þar nánar en með vísun til þess að Sæbóli tilheyrði land allt vestur í Nesdal.

Í vitnisburðum staðkunnugra og lögfestum frá seinni hluta 17. aldar er greint frá því að Sæból eigi allt land milli Þúfu og Reyðarskers. Að mati nefndarinnar styðja umrædd skjöl við afmörkun Sæbóls í landamerkjabréfi Sæbóls og Háls frá 1886 og að Nesdalur sé innan merkja Sæbóls.

Afmörkun Heiða kemur við sögu í ýmsum gögnum. Í landamerkjabréfi Sæbóls og Háls er austurmerkjum Háls, sem var á þeim tíma eign Sæbólskirkju, gagnvart Brekku lýst um Þverá fram í dalbotn en vesturmerkjum Háls gagnvart Hrauni er lýst um Langá, fram að þverá sem eigi upptök sín við Nesdalsskarð og sem renni milli „Hrauns og Sæbólslands“ eins og þar segir, en áður hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að með „þverá“ sé í þessu sambandi átt við Selá sem á upptök sín í Nesdalsskarði og rennur í Langá. Með orðalagi þessarar lýsingar er a.m.k. vísað til þess að mörk milli Hrauns og Sæbóls nái upp í Nesdalsskarð. Í landamerkjabréfinu er þess einnig getið að Hálsi tilheyri Mórillueyrar beint í fjall eftir því sem áin Mórilla segir, en Mórilla rennur af fjalli niður á láglendi og sameinast þar Langá, aðeins ofan við þann stað þar sem Selá rennur í Langá.

Af hálfu gagnaðila íslenska ríkisins sem gert hafa kröfur vegna Sæbóls eru Heiðar afmarkaðar að norðan og norðaustan af Selá frá ármótum við Langá upp í Nesdalsskarð og þaðan til fjalls á Skagafjalli, og að sunnan og suðaustan af Mórillu og þaðan til fjalls á Skagafjalli. Vesturmörk Heiða liggja eftir vatnaskilum á Skagafjalli samkvæmt málatilbúnaði gagnaðila íslenska ríkisins. Af hálfu hluta gagnaðila ríkisins eru Seljalágar tilgreindar sem neðsti hluti Heiða.

Samkvæmt framangreindu er umrætt svæði allt innan þeirra merkja sem lýst er í landamerkjabréfi Sæbóls og Háls, enda er þess getið þar að á sem eigi upptök sín neðanvert við Nesdalsskarð skilji að land Hrauns og Sæbóls og svo taki við land Háls handan Mórillu. Að mati nefndarinnar er því rétt að túlka texta landamerkjabréfsins svo að Heiðum, eins og þær eru afmarkaðar af hálfu þeirra gagnaðila íslenska ríkisins sem lýsa kröfum vegna Sæbóls, sé öllum lýst innan merkja Sæbólslands samkvæmt landamerkjabréfinu.

Afmörkun þessara gagnaðila ríkisins á Heiðum á sér jafnframt stoð í öðrum rituðum heimildum. Í ritinu *Aldarfar og örnefni í Önundarfirði* er því lýst að Heiðar liggi milli Hraunslands og Hálslands og takmarkist af Selá að norðan en Langá og Mórillu að sunnan. Í örnefnaskrá um Heiðar segir að landsvæði milli Selár og Mórillu nefnist einu nafni Heiðar og þar eru þær sagðar í Sæbólslandi.

Krafa vegna Hrauns skarast að hluta til við kröfur vegna Sæbóls á því svæði sem hér um ræðir. Af hálfu eigenda Hrauns er á því byggt að merki milli Hrauns og lands Sæbóls á Heiðum séu um Selá upp í Gálgafoss en í stað þess að draga mörkin upp í Nesdalsskarð eru þau dregin eftir læk sem rennur framanvert við svonefndan Krók og þaðan á fjall upp. Samkvæmt kröfulínukorti málsins eru mörkin dregin á fjall upp skammt sunnan við Grjótdal þannig að Rjúpnahvilft og Grjótdalur eru innan kröfusvæðis vegna Hrauns.

Krafa eigenda Hrauns styðst við landamerkjabréf jarðarinnar frá 24. júní 1886 en þar er því lýst að Selá skipti löndum milli Hrauns og Sæbóls upp í Gálgafoss „og þaðan í Hraunland eptir læk, er rennur framan vert við svo nefndan Krók allt á fjall upp.“ Merkjalýsingum í landamerkjabréfum Sæbóls og Hrauns ber saman um að Selá ráði merkjum en efsta hluta þeirra er ekki lýst með vísan til sömu örnefna og fyrir liggur að eigendur jarðanna túlka þann hluta merkjanna með ólíkum hætti. Það skýrir það hvers vegna kröfur vegna Sæbóls og Hrauns skarast á þessu svæði.

Það er ekki hlutverk óbyggðanefndar að taka afstöðu til merkja milli eignarlanda og því verður ekki tekin afstaða til þess hvort umrætt landsvæði sé innan merkja Sæbóls eða Hrauns, en ljóst er að merkjalýsingar í landamerkjabréfum jarðanna varða þann hluta ágreiningssvæðisins sem gagnaðilar ríkisins byggja á að séu Heiðar, ýmist í heild eða að hluta.

Af framangreindu leiðir að ágreiningssvæðin í Nesdal og á Heiðum, ásamt Seljalágum, eins og þau hafa verið afmörkuð af hálfu aðila málsins, eru innan landamerkja Sæbóls eins og þeim er lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1886, eða

eftir atvikum að hluta innan merkja Hrauns eins og þeim er lýst í landmerkjabréfi þeirrar jarðar frá 1886. Sú niðurstaða er í samræmi við málatilbúnað gagnaðila íslenska ríkisins.

Hvað varðar þá hluta ágreiningssvæðisins sem liggja að fjöllum og upp á efstu hluta þeirra eiga að mati nefndarinnar sömu röksemdir við um efstu hluta fjalla og raktar voru í kafla 7.3.7.1 hér að framan en þar var komist að þeirri niðurstöðu að jarðir næðu saman á fjöllum.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er niðurstaða óbyggðanefndar að fyrirliggjandi heimildir um merki jarða á svæðunum sem hér eru til umfjöllunar, túlkaðar með hliðsjón af staðháttum, styðji við afmörkun gagnaðila íslenska ríkisins. Því er niðurstaða óbyggðanefndar sú að ágreiningssvæðið sé að öllu leyti innan merkja jarða.

7.4 Eignarréttarleg staða

Kemur þá til skoðunar hver sé eignarréttarleg staða þjóðlendukröfusvæðanna. Í kafla 7.2.4 er fjallað um landnám á svæðinu og komist að þeirri niðurstöðu að af frásögnum *Landnámu* verði ekki ráðið hvort ágreiningssvæði málsins hafi verið numið, enda séu landnámsmörk upp til fjalla og inn til lands ekki tiltekin. Að mati óbyggðanefndar mæli staðhættir og fjarlægðir því þó ekki í mót að svæðið hafi verið numið að einhverju leyti, þó að sums staðar séu nokkuð skörp skil milli fjalllendis og láglendis, enda fjarlægðir frá byggð almennt ekki miklar. Jafnframt eru að mati nefndarinnar ekki sérstakar líkur á að landnám hafi miðast við þær brúnir sem íslenska ríkið miðar málatilbúnað sinn að verulegu leyti við, sbr. umfjöllun í kafla 7.2.3.1, enda fela þær almennt ekki í sér slíka farartálma að þær hafi reist landnámi augljósar skorður. *Sturlubók* greinir frá því að Þórður Víkingsson hafi numið land milli Þúfu á Hjallanesi og Jarðfallsgils, en í bókinni *Landið og Landnáma* segir að Hjallanes hafi líklega verið nesið allt milli Ingjaldssands og Dýrafjarðar. Þegar frásögnin er lesin samhliða frásögnum *Sturlubókar* og *Hauksbókar* um Ingjald Brúnason, þ.e. að hann hafi numið Ingjaldssand milli Hjallaness og Ófæru, þykja talsverðar líkur á að láglendari svæði málsins, þ.e. Nesdalur og Heiðar á Ingjaldssandi, hafi verið numin í samræmi við framangreindar frásagnir, þótt óljóst sé hversu langt til vesturs landnám hafi náð af hálfu Ingjalds. Því verður ekki fullyrt hvort framangreind svæði hafi verið numin þar sem lýsingar eru óljósar en það verður þó talið líklegt, einkum þar sem svæðin liggja ýmist nálægt eða að sjó.

Um almenna þýðingu landamerkjabréfa og hugtakanna jörð og afrétt(ur) við mat á sönnun um eignarhald á landi vísast til fyrirliggjandi dóma Hæstaréttar og *Almennra niðurstaðna óbyggðanefndar*, sem birtar eru í viðauka með úrskurði þessum. Við mat á eignarréttarlegri stöðu landsvæða skiptir almennt mestu máli hvort viðkomandi svæði sé eða hafi verið jörð eða hluti af jörð samkvæmt fyrirliggjandi heimildum. Þá liggur fyrir að landsvæði hverrar jarðar hefur frá öndverðu borið að afmarka með landamerkjum. Landamerkjabréf hafa þó bæði verið gerð fyrir jarðir og annars konar

réttindasvæði, svo sem ítök og afrétti(r). Það á einnig við um aðrar tegundir heimilda um merki landsvæða en auk landamerkjabréfa er t.a.m. algengt að merkjum landsvæða sé lýst í máldögum, vísitasíum og lögfestum. Landamerkjabréf jarða hafa almennt haft ríkara vægi en aðrar heimildir sem sönnunargögn um beinan eignarrétt og í fyrirliggjandi dómum og úrskurðum hefur að meginreglu verið komist að þeirri niðurstöðu að þau afmarki eignarlönd. Frá þessari meginreglu eru tilteknar undantekningar, enda hefur sú áhersla dómstóla á landamerkjabréf jarða sem að framan var lýst frá upphafi verið með skýrum fyrirvörum, sjá t.d. dóm Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum). Þar kemur fram að meta verði sérstaklega gildi hvers landamerkjabréfs og að með því að gera landamerkjabréf hafi menn ekki getað aukið einhliða við land sitt eða annan rétt umfram það sem verið hafði. Um þetta segir einnig svo: „Er þá einkum til þess að líta hvort fyrir hendi séu eldri heimildir, sem fallið geti að lýsingu í landamerkjabréfinu, enda stangist sú lýsing heldur ekki á við staðhætti, gróðurfar og upplýsingar um nýtingu landsins.“ Við úrlausn þessara mála reynir því helst á hvort ágreiningssvæðin hafi upprunalega verið hluti af jörð eða jörðum, og verið háð beinum eignarrétti á þeim grundvelli, eða hvort svæðin hafi frá upphafi verið utan marka jarða og séu þar með þjóðlendur sem eftir atvikum eru háðar óbeinum eignarréttindum.

Niðurstöður um eignarréttarlega stöðu þjóðlendukröfusvæðanna verða hér dregnar saman í tveimur undirköflum.

7.4.1 Efstu hlutar fjalla

Hér verður fjallað um eignarréttarlega stöðu efstu hluta fjalla, þ.e. þau fimm þjóðlendukröfusvæði þar sem kröfulína ríkisins miðast að öllu leyti við fjallsbrúnir samkvæmt málatilbúnaði þess, sbr. kafla 7.2.3.1 og 7.3.1–7.3.5, auk fjalllendis milli Ingjaldssands og Dýrafjarðar sem er hluti af ágreiningssvæðinu sem um var fjallað í kafla 7.3.6.

Líkt og rakið er í kafla 7.3.7 var komist að niðurstöðu um að framangreind landsvæði efst á fjöllum séu að öllu leyti innan merkja jarða. Í ljósi mikils vægis landamerkjabréfa jarða sem sönnunargagna um beinan eignarrétt hefur sú ályktun einnig afgerandi þýðingu að því er varðar eignarréttarlega stöðu svæðanna.

Í málinu liggja ekki fyrir heimildir sem benda til þess að ofan þeirra brúna sem íslenska ríkið miðar kröfur sínar við hafi verið landsvæði með aðra eignarréttarlega stöðu en annað land jarðanna, svo sem almenningar eða afréttir. Þá mæla staðhættir, gróðurfar eða önnur atriði því ekki sérstaklega í mót að mati óbyggðanefndar að svæðin séu eignarlönd, enda leiðir það ekki sjálfkrafa til niðurstöðu um þjóðlendu að svæði sé hálent, lítt gróið, fjarri byggð og lítt nytjað. Má í því sambandi t.d. nefna dóm Hæstaréttar frá 18. október 2007 í máli nr. 47/2007 sem varðaði ágreining um eignarréttarlega stöðu jarða í Fljótshverfi í Skaftárhreppi. Með dómnum var staðfest niðurstaða óbyggðanefndar um að hin umdeildu svæði, sem afmörkuð voru í

landamerkjabréfum viðkomandi jarða, væru eignarlönd. Þar á meðal var lítt gróið land í um og yfir 1.000 m hæð yfir sjávarmáli. Þau svæði sem hér eru til umfjöllunar liggja efst á mjóum fjöllum og því fer fjarri að unnt sé að lýsa þeim sem víðáttumiklum fjallgörðum eða stórum og samfelldum heiðarlöndum. Þá skilja fjöllin að jarðir og eru ekki víðfeðm miðað við stærð óumdeildra eignarlanda jarðanna, þ.e. neðan þeirra brúna sem íslenska ríkið miðar kröfur sínar við, auk þess sem fjarlægðir milli bæjarstæða og efstu hluta fjalla eru litlar.

Samkvæmt framansögðu eru að mati óbyggðanefndar ekki forsendur til annars en að leggja til grundvallar að eignarréttarleg staða þjóðlendukröfusvæðanna ráðist af því að þau séu í heild innan merkja jarða. Þá er af hálfu aðila málsins ekki deilt um að viðkomandi jarðir séu eignarlönd heldur snýst ágreiningur málsins eingöngu um afmörkun jarðanna til fjalla. Þær heimildir sem raktar eru í 5. kafla styðja aukinheldur að um jarðir sé að ræða. Í ljósi þess og að fenginni niðurstöðu um afmörkunina, sem rakin er hér að framan, er að mati óbyggðanefndar ekki þörf á að fjalla nánar um það atriði.

Að öllu framangreindu virtu hefur íslenska ríkið ekki sýnt fram á að innan marka kröfusvæða þess efst á fjöllum séu þjóðlendur í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar séu eignarlönd, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

7.4.2 Nesdalur og Heiðar á Ingjaldssandi

Í kafla 7.3.7.2 var m.a. komist að þeirri niðurstöðu að Nesdalur og Heiðar á Ingjaldssandi væru innan merkja Sæbóls samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar, eða eftir atvikum að hluta innan merkja Hrauns samkvæmt landamerkjabréfi þeirrar jarðar, en ágreiningur væri um það milli gagnaðila íslenska ríkisins hvar mörkin milli Heiða og jarðarinnar Hrauns lægju. Þrátt fyrir það liggja fyrir ýmsar heimildir sem gefa tilefni til að kanna hvort fyrrgreind svæði hafi haft aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeild eignarlönd jarða á svæðinu.[992]

[992] Samkvæmt kröfugerð íslenska ríkisins er byggt á því af hálfu þess að svæðið Nesdalur og Heiðar á Ingjaldssandi hafi verið nýtt sem sameiginlegur afréttur. Þá er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti við afmörkun þess en land innan þess er samkvæmt kröfugerð íslenska ríkisins lægst í um 500 m hæð en [hæst] í tæplega 700 m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Við 3. fyrirtöku í máli nr. 3/2021, dags. 12. maí 2022, var lögmönnum íslenska ríkisins bent á að vikið væri frá fyrrgreindum röksemdum fyrir legu kröfulínu ríkisins. Svæðið í grennd við punkt nr. 4 á kröfulínunni, við austurmörk Seljalága þar sem Selá og Mórilla mætast, væri í reynd láglent og vel gróið. Lögmenn ríkisins sögðu punktinn ekki rangt staðsettan heldur hefði þarna verið höfð hliðsjón af landamerkjalýsingum aðliggjandi jarða en málið yrði þó skoðað nánar. Undir rekstri málsins bárust aftur á móti ekki frekari röksemdir fyrir staðsetningu punktsins.

Eins og áður er rakið tekur landamerkjabréf Sæbóls til ágreiningssvæðisins en jafnframt liggur fyrir fjöldi heimilda, allt frá 14. öld, sem geta um að umrædd landsvæði eða hlutar þeirra hafi tilheyrt Sæbóli, kirkjunni á Sæbóli og bænhúsinu í Álfadal. Auk þess liggja fyrir heimildir um réttindi ýmissa annarra kirkna í Nesdal og á Heiðum og þá eru heimildir um búsetu og tilraunir til uppbygginga nýbýla í Nesdal. Í eftirfarandi umfjöllun verður fyrst fjallað um heimildir um eignarhald á Nesdal og Heiðum, þá heimildir um búsetu í Nesdal og loks heimildir um réttindi annarra kirkna á landsvæðunum sem til umfjöllunar eru.

Í máldaga Sæbólskirkju frá um 1306 segir að til Sæbóls skuli leggjast tíundir og tollar og gröftur af öllum bæjum milli Þúfu og Hrafnaskálanúps fyrir utan Álfadal. Sæból er ysta jörðin á Ingjaldssandi. Vestan við bæjarstæðið rís Barði og vestan hans liggur Nesdalur, sem afmarkast að vestanverðu af fjallinu Þúfu. Af lýsingum máldagans má leiða líkur að því að byggð hafi verið milli Sæbóls og Þúfu, þ.e. í Nesdal, þótt ekki verði fullyrt um það út frá fyrirliggjandi gögnum. Hafi byggð verið milli Sæbóls og Þúfu árið 1306 þegar máldaginn var gerður styður það við þá ályktun að Nesdalur hafi verði numinn í öndverðu.

Elsta heimild sem fram hefur komið við gagnaöflun óbyggðanefndar sem tilgreinir eignarhald á Nesdal sérstaklega er máldagi Sæbólskirkju frá 1570 (Gíslamáldagi) en þar segir að kirkjan eigi þriðjung í Nesdal og þriðjung í Heiðum. Í biskupsvísitasíu Sæbólskirkju 27. ágúst 1700 greinir jafnframt frá þriðjungseign kirkjunnar í Nesdal og Heiðum.

Í tilefni af deilu um landamerki Sæbóls og konungsjarðanna Brekku og Villingadals auk Birnustaða, sem tekin var fyrir á héraðsþingi 17. og 18. júní 1727, voru lesnar og skrifaðar upp lögfestur og vitnisburðir um merki jarðanna. Í tveimur lögfestum Sæmundar Eggertssonar, þáverandi eiganda Sæbóls, frá 1665 og 1684, er Sæbóli og Sæbólskirkju eignaður Nesdalur allur, að undanskildum ítökum annarra kirkna.

Í *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710 segir m.a. eftirfarandi í umfjöllun um kirkjustaðinn Sæból:

> Afrjett á jörðin í Nesdal sem áður er sagt. […] Selstöðu á heiðum (fyrir ofan Íngjaldssand) á jörðin.
>
> […]
>
> Við Sæból liggur á lausu blaði eftirfarandi lýsíng jarðarinnar, sem eigandi hefur sjálfur skrifað: […] Selstöðu á jörðin á heiðum og tvo parta þess lands, sem mínir forfeður mjer sagt hafa, en ei nú í mörg ár brúkað, á þessum heiðum er lýng að fá. […] Afrjettið Nessdalur brúkast til beitar fyrir geldfje vetur og sumar, so lengi sem snjór og klaki hylur ei gras, þar hafa hestar beit að öðru hvörju, so og á vetur meðan sjer úti gefa. Þar gengur eitt skip á vorin, stundum tvö, með fjórðúngs tolli, og geldneyti sumardag. Þar eiga kirkjur ítak til beitar um sumar, þar má fá lítið lýng og lítil ber, hvörgi í þessari landeign, að minni vitund, að neinum riðum ber að fá annarstaðar og ekki fjallagrös. Dalurinn heyrir til kirkjunni hjer og jörðinni, einnin bænhúsi á Álfadal að fornu. Þessi jörð er í mörgu hæg fyrir þann ábýr, og ein með þeim hægustu til hjálpræðis. Útigángur mjög lítill og ei fjörubeit, þó ber hjer upp þara eftir stórbrim.
>
> […]

> Á öðrum miða hefur Á. M. skrifað þessar minnisgreinar: […] Verbúðir heima. 1/3 í Nesdal. Beit 1/3 í heiðum fyrir ofan Íngjaldssand.

Í framangreindri lýsingu þáverandi eiganda kemur fram þrískipting eignarhalds á Nesdal sem er sagt skiptast milli kirkjunnar á Sæbóli, jarðarinnar Sæbóls og bænhússins á Álfadal. Í lýsingunni er Nesdalur kallaður „afrjett“ en eigandi Sæbóls tekur fram að dalurinn hafi verið nýttur til beitar sumar og vetur, eins lengi og gras væri ekki hulið snjó eða klaka, aftur á móti hafi ítök kirkna náð til beitar á sumrum.

Í *Jarðabók* Árna og Páls er jafnframt fjallað sérstaklega um Nesdal en þar segir:

> **Nesdalur**
>
> heitir afrjett vestan til við Íngjaldssand milli og Dýrafjarðar.
>
> Afrjett þessa eiga jörðin Sæból, kirkjan á Sæbóli og einn hlut þar í hefur eignaður verið bænhúsinu í Álfadal á Íngjaldssandi. Item eiga hjer ítök kirkjan í Holti í Önundarfirði, kirkjan að Mýrum og kirkjan að Núpi, eftir því sem þeirra máldagar hljóða.
>
> Í þessum Nessdal var fyrir 5 eður 6 árum sett bygð að forlagi eiganda Sæbóls, og hafði hjer aldrei fyrr bygð verið.
>
> […]
>
> Bygðin hjelst í 2 ár og ekki lengur, og ömuðust þeir við bygðinni, sem tiltölu áttu til Nesdals ásamt Sæbóls eiganda.
>
> Ekki kann hjer aftur að byggjast án haga þeirra, sem beit eiga í dalinn, enda var þessi bygð líkari búðarstæði en bæ, og var þar aldrei nein kýrin.
>
> Útræði mátti hjer vera ef búandinn hefði svo megnugur verið, hafði hann og lítinn bát sjer til fiskiafla. Þrjár vermannabúðir standa í þessum Nessdal, sem tilheyra Sæbóli, og eigandi Sæbóls tók vertolla eftir eður brúkaði sjálfur eina. Nú er ekki nema ein brúkuð, og lágu þar við um næstu vertíð 2 skipshafnir, sem guldu vertoll til eiganda Sæbóls (einn fjórðúng fyrir mann)

Í umfjölluninni er þrískipt eignarhald á Nesdal sérstaklega tilgreint, þ.e. á milli jarðarinnar á Sæbóli, kirkjunnar á Sæbóli og bænhússins í Álfadal, og þeir hlutar eru aðgreindir frá umfjöllun um ítök kirknanna í Holti, að Mýrum og að Núpi. Þá er fjallað um útræði og vertolla sem eigandi Sæbóls tók í skiptum fyrir not á vermannabúðum sem tilheyrðu jörðinni. Gerður er skýr greinarmunur á eignarhaldi Sæbólsjarðar, Sæbólskirkju og bænhússins í Álfadal á dalnum annars vegar og hins vegar ítökum annarra kirkna í dalnum. Af þessari aðgreiningu er ljóst að litið hefur verið svo á að réttindi Sæbólsjarðar, Sæbólskirkju og bænhússins í Álfadal væru ríkari en þau réttindi sem fólust í ítökum. Fullyrt er að aldrei hafi verið byggð í Nesdal nema um tveggja ára skeið fimm eða sex árum áður en lýsingin var skrifuð, þ.e. á upphafsárum átjándu aldar, og að eigandi Sæbóls og aðrir sem áttu réttindi í Nesdal hafi verið andsnúnir slíkum tilraunum.

Í *Jarðabók* Árna og Páls segir í umfjöllun um Álfadal að eigandi stærsta hluta jarðarinnar sé sá sami og eigandi Sæbóls, Eggert Sæmundsson. Þá segir að bænhús hafi verið á jörðinni að fornu og standi enn, en ekki embættað í manna minni. Bænhúsið í Álfadal er sagt eiga afrétt í Nesdal, „allan þriðjúng“, eftir að greint er frá því að útigangur heima á jörðinni sé lakur og að geldfé gangi jafnlega á Nesdal. Jafnframt er

greint frá því að skriður hafi spillt úthögum jarðarinnar en jörðin eigi selstöðu fram á heiðum, sem notist árlega. Lýsing af sama tagi kemur fram í umfjöllun sömu bókar um jörðina Háls en þar segir: „Útigángur í jarðarinnar landi mjög lítill, og því beitir ábúandi oftlega á vetur Sæbólskirkju land, sem hún á fram á heiðum, og geldur þar öngvan toll fyrir.“ Framangreind lýsing styður þá ályktun að Sæbólskirkja eigi a.m.k. hluta af Heiðum og þar sem sérstaklega er tekið fram að Háls greiði engan toll vegna nýtingar þar verður að telja líklegt að aðrir gætu hafa þurft að greiða slíkan toll.

Í prófastsvísitasíum um Sæbólskirkju frá 18. og 19. öld segir m.a. að kirkjan haldi sínum eignum og ítökum. Með því er vísað til eigna og ítaka samkvæmt eldri vísitasíum og máldögum, en þar segir m.a. að Sæbólskirkja eigi þriðjung í Nesdal og þriðjung í Heiðum.

Í jarðamati Ísafjarðarsýslu 1804 eru hjáleigurnar Neðri-Hús og Efri-Hús metnar með Sæbóli en við færsluna um hina síðarnefndu er skráð að eyðihjáleigan Nesdalur sé með í matinu og nýtist sem beitiland. Ekki hefur fundist umfjöllun um Nesdal í fasteignamati annarra jarða en Sæbóls.

Hinn 9. janúar 1812 skrifaði sr. Ásgeir Jónsson prófastur til biskups um Nesdal og óskaði ráða um hvort Brynjólfur Hákonarson á Mýrum hefði myndugleika til að lána eða leigja öðrum 15 kúgilda beitarítak í Nesdal þar sem hinn síðarnefndi gæti ekki nýtt sér það sökum fjarlægðar. Í bréfinu er gerð grein fyrir ítökum Holts-, Mýra- og Núpskirkju. Þá segir jafnframt:

> Tveir Partar Afréttis, adur bejtarlands-dalkorns, sem kalladur er Nesdalur, liggia, og frá elldgömulum Tÿdum Leigid hafa, undir nú verandi ábílis Jörd mÿna Sæból, i hvörre eg á sem stendur 1/3 edr 20 hndr., enn þridie Parturinn heyrdi til Bænhúse því, sem var á næsta bæ Alfadal, og liggr enn nu, eins sÿdann þetta Bænhús var aftekid, under sömu Jördu, i grend vid hvöria og Sæból dalkornið er; enn – Hvörsu lítilfjörlegt og hriostrugt þetta dalverpe annars ordid er, til eigna þó Biskupa og Prófasta Visitatiur hér kríngum liggiandi Kÿrkiuni, Hollts Myra og Nups beitar Itök þarí,

Hér greinir enn frá þrískiptingu eignarhalds á Nesdal og ber orðalag bréfsins með sér að dalurinn hafi verið gróðursælli áður fyrr. Í bréfinu er vísað til Nesdals sem afréttar, áður beitarlandsdalkorns, og að tveir þriðju hlutar hans hafi frá öndverðu tilheyrt Sæbóli, en einn þriðji bænhúsi í Álfadal.

Með yfirlýsingu 10. nóvember 1827 gaf eigandi Sæbóls eiganda Fjallaskaga skriflegt leyfi til torfristu í Nesdal.

Í prófastsvísitasíu um Sæbólskirkju frá 14. júlí 1839 kemur m.a. fram: „þó er þess hér ad géta, ad afréttid Nesdalur, sem kyrkjan ad Sæbóli á mikinn Part i, er nu byggdur sem Nylenda, án nockurs ennnu feingins Skilmála um afgipt til kyrkjunnar framvégis“. Má af orðalagi vísitasíunnar greina óánægju með að ekki hafi verið samið við kirkjuna um gjald vegna búsetu í Nesdal en til dalsins er vísað sem afréttar sem Sæbólskirkja eigi mikinn hlut í.

Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 þess getið að í Nesdal sé ábúandi sem sé nýbýlingur og einnig að Nesdals sé ýmist getið sem nýbýlis eða eyðihjáleigu frá Sæbóli.

Hinn 26. júlí 1857 skrifaði Jón Jónsson á Sæbóli til sr. Odds Sveinssonar, prófasts á Hrafnseyri, um ítök Sæbólskirkju sjálfrar. Í bréfinu segir Jón að samkvæmt biskupsvísitasíu frá 1790 eigi kirkjan m.a. þriðjung í Heiðum. Að beiðni Jóns skrifaði sr. Oddur biskupi bréf 22. september 1857 um að Jón hreppstjóri á Sæbóli hefði óskað eftir upplýsingum um ítök Sæbólskirkju. Ekki liggur fyrir hvort svar barst við fyrirspurninni.

Í landamerkjabréfi Sæbóls og Heiða, dags. 15. maí 1886, er þess getið að kirkjan á Sæbóli eigi þriðjung í Nesdal og þriðjung í Heiðum og Seljalágar allar.

Þann 17. júlí 1918 skrifar Sighvatur Borgfirðingur bréf til óþekkts viðtakanda, hugsanlega sýslumanns, og óskar eftir upplýsingum um landamerki og eignarheimildir um jörðina Álfadal auk upplýsinga um hve mikið tilkall Sæbólskirkja eigi á Heiðum. Í bréfinu segir Sighvatur að kirkjustaðurinn Sæból hafi um langa tíð eignað sér eyðiland framan til á Ingjaldssandi, bút, slægjur og mótak sem nefnist Heiðar. Milli Sæbóls og Heiða séu tvær jarðir, Álfadalur og Hraun, en frá Álfadal hafi átölulaust verið notuð beit á Heiðunum. Þá segir að neðri partur Heiðanna nefnist Seljalágar en þar séu mestar slægjur og mótak og þær hafi Sæbólsmenn nýtt án þess að nokkur hafi mælt í mót. Um þetta atriði segir Sighvatur í bréfinu að hann hafi lesið biskupsvísitasíu Sæbóls frá 1790 en þar segi að Sæbólskirkja eigi þriðjung í Heiðum. Sighvatur spyr því hver eigi hina 2/3 hlutana og ýjar að því að ágreiningur hafi verið milli Sæbólsmanna og Álfadals um yrkingu á svæðinu. Ekki er að sjá af fyrirliggjandi heimildum hvort erindi Sighvats var svarað.

Í fasteignamati 1916–1918 segir að Sæból eigi Nesdal sem upprekstrarland.

Í svari Kristins Guðlaugssonar, oddvita Mýrahrepps, til sýslumanns Ísafjarðarsýslu 15. apríl 1920 vegna fyrirspurnar Stjórnarráðs Íslands, frá 29. desember 1919, um almenninga kemur fram að almenningar séu ekki til í hreppnum. Um afréttarlönd kemst Kristinn þó svo að orði:

> Afrettarlönd geta naumast talist að vera til. Sumstaðar er geldfé alls ekkert rekið. Á öðrum stöðum er það rekið á smá afdali, og haldið þar, eftir föngum. Þessir dalir eru: Dýrafjarðarbotn, Lambadalur, Hjarðardalur, Gemlufallsdalur (eða Mýrad.) Núpsdalur, Gerðhamradalur (eða Arnarnesd.) og Nesdalur. 6 hinir fyrst nefndu, eru innan landamerkja hlutaðeigandi lögbýla, enda líka notaðir fyrir búsmala, og til slægna. Hinn síðastnefndi – Nesdalur, sem afmarkar Barðan, að vestan – má teljast afrétt. Hefir í seinni tíð, verið talinn eign Sæbóls, en mun samkv. máldögum vera að 1/3 eign Álfadals (s.b. Jarðabók Árna Magnússonar) Kirkjurnar að Holti, Núpi og Mýrum eiga þar beitarítak.

Í bréfi oddvita Mýrahrepps, dags. 6. nóvember 1989, vegna fyrirspurnar félagsmálaráðuneytisins til sveitarstjórna um afrétti, mörk þeirra og upprekstrarrétt segir aftur á móti að enginn afréttur sé í sveitarfélaginu.

Hinn 26. október 1954 sendi sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu þáverandi eiganda Sæbóls, Jóni S. Jónssyni, tilkynningu um ítakslýsingu biskups Íslands frá 3. maí 1954. Þar segir að Sæbólskirkja eigi þriðjung í Nesdal en þess sé getið í Gíslamáldaga um 1570. Jafnframt segir að Holtskirkja í Önundarfirði eigi fimm kúgilda höfn í Nesdal og

telji prestur ítak þetta hafa verið notað fram á síðustu ár. Ekki liggja fyrir upplýsingar um að eigendum annarra jarða hafi verið sendar slíkar tilkynningar vegna ítaka kirkjunnar í Nesdal og bendir það til þess að litið hafi verið svo á að Nesdalur tilheyrði Sæbóli.

Næst verður gerð grein fyrir heimildum um búsetu og tilraunir til nýbýlastofnunar í Nesdal. Fyrir liggja ýmis skjöl frá árunum 1839–1846 um ósk Guðmundar Guðmundssonar um að reisa nýbýli í Nesdal samkvæmt nýbýlatilskipuninni frá 15. apríl 1776. Af þessum gögnum má ráða að Guðmundur hafi komið sér upp búi í Nesdal og búið þar í nokkur ár en hann hafi allan þann tíma átt í deilum við eigendur Sæbóls sem hafi verið því andsnúnir að Guðmundur tæki upp búsetu í dalnum. Af fyrirliggjandi gögnum verður ráðið að nýbýlisstofnun hafi komið til umræðu af hálfu sýslumanns og amtmanns en þeir hafi talið það vafa undirorpið hvort ákvæði tilskipunarinnar gætu átt við. Í öllu falli virðist sem ákvæðum nýbýlatilskipunarinnar um stofnun nýbýlis hafi ekki verið fylgt og ekkert liggur fyrir um að lögformlegu nýbýli hafi verið komið á fót.

Fyrir liggja nokkur skjöl frá árunum 1869–1870 um ósk Andrésar Hákonarsonar um að reisa nýbýli í Nesdal samkvæmt nýbýlatilskipuninni frá 15. apríl 1776. Af skjölunum verður ráðið að „Sandmenn“, þ.e. menn á Ingjaldssandi, hafi bannað Andrési að koma sér upp býli í Nesdal. Svo virðist sem ákvæðum nýbýlatilskipunarinnar um stofnun nýbýlis hafi ekki verið fylgt og ekkert liggur fyrir um að lögformlegu nýbýli hafi verið komið á fót.

Loks verður fjallað um heimildir um réttindi ýmissa kirkna á ágreiningssvæðinu.

Í máldaga Núpskirkju frá um 1363 segir að kirkjan eigi fimm kúgilda beit í Nesdal. Hið sama kemur m.a. fram í máldögum kirkjunnar frá 1378, 1397 og 1570, biskupsvísitasíu um Núpskirkju frá 1647 og *Jarðabók* Árna og Páls yfir Mýraþingsókn frá 1710. Í landamerkjabréfi Núps, dags. 2. desember 1889, greinir frá sömu réttindum, þ.e. fimm kúgilda beit í Nesdal, auk fjórðungshlutar af reka.

Í ýmsum heimildum, t.d. máldögum Holtskirkju í Önundarfirði allt frá 1377 og *Jarðabók* Árna og Páls um Önundarfjörð frá 1710, er fjallað um fimm kúgilda beit Holtskirkju í Nesdal.

Í máldögum Mýrakirkju í Dýrafirði frá því á 14.–17. öld, biskups- og prófastavísitasíum um kirkjuna frá því á 17.–19. öld og lögfestum frá árunum 1700, 1712 og 1727 er fjallað um 15 kúgilda ítak Mýrarkirkju í Nesdal auk rekaítaks. Í *Jarðabók* Árna og Páls er einnig nefnd 15 kúgilda „beit á sumar í Nesdal“ í umfjöllun um Mýrar. Í svari Jóns Árnasonar Skálholtsbiskups til Snæbjörns Pálssonar, dags. 22. febrúar 1727, um Mýrakirkju og réttindi í Nesdal, kemur einnig fram að kirkjan eigi 15 kúgilda beit í Nesdal.

Í umfjöllun um Holt í Önundarfirði í *Jarðabók* Árna og Páls segir m.a.: „Afrjett (5 kúgilda höfn) á staðurinn í Nesdal milli Dýrafjarðar og Íngjaldssands.“

Við héraðsþing dagana 17. og 18. júní 1727 voru gefnir vitnisburðir þar sem m.a. kom fram að Brekka á Ingjaldssandi, eða kirkjan sem þar hafi verið, hefði átt beitarítak í Nesdal. Þá kom fram að bænhús á Brekku hefði átt ítak í Nesdal og á Heiðum.

Í skýrslu um Mýraþingaprestakall í *Sóknalýsingum Vestfjarða*, dags. 4. janúar 1840, segir m.a. að á því ári hafi verið stofnuð „nýlenda“ í Nesdal, neðst við sjó. Þá segir að áður hafi verið mælt að byggð hafi verið meiri í Nesdal en hafi snemma lagst í eyði, bæði af skriðum og öðru. Til stuðnings framangreindu er vísað til þess að í gömlum máldaga sé fjallað um ítök eða hagagöngu kirknanna í Holti í Önundarfirði, Mýrum og Núpi í Dýrafirði og á Sæbóli. Þá sé Nesdalur „eina afrétti norðan fram Dýrafjarðar“ og á dalnum sé besta beitarland, vetur og sumar, og nokkuð slægnaland, bæði neðarlega og framarlega.

Í sömu skýrslu er greint frá því að skammt fyrir framan Hraun falli á vestan af Skagafjalli og framanvert við hana séu „selstöður frá Sæbóli og í Álfadal.“ Í sömu umfjöllun segir að í Álfadal hafi verið bænhús eða kirkja og enn sjáist þar kirkjugarðsmenjar. Sagt sé að kirkjan hafi verið staðsett þar áður, en ekki á Sæbóli, en auðugur eigandi beggja jarða hafi flutt hana á heimili sitt að Sæbóli.

Sem fyrr segir er lagt til grundvallar að Nesdalur og Heiðar séu innan merkja Sæbóls samkvæmt landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1886, eða eftir atvikum að hluta innan merkja Hrauns samkvæmt landamerkjabréfi þeirrar jarðar frá 1886, en skörun á kröfum eigenda Sæbóls og Hrauns virðist fyrst og fremst snúast um mismunandi túlkun á merkjum milli Hrauns og Heiða og þar með hvaða landsvæði teljist til Heiða, en óumdeilt virðist vera milli umræddra gagnaðila ríkisins að Heiðar tilheyri Sæbóli. Þrátt fyrir það gefa fyrrgreind gögn tilefni til að meta hvort svæðin hafi haft aðra eignarréttarlega stöðu en óumdeilt eignarland jarðarinnar. Í lýsingu landamerkjabréfsins á landi Sæbóls er enginn greinarmunur gerður á því landi jarðarinnar sem er vestan við Barða, þ.e. í Nesdal, og um er deilt í málinu, og austan við hann, sem er óumdeilt eignarland jarðarinnar. Að mati nefndarinnar bendir það til þess að ekki hafi verið gerður greinarmunur á eignarréttarlegri stöðu þessara svæða.

Þess er hins vegar getið í landamerkjabréfi Sæbóls að Sæbólskirkja eigi þriðjung í Nesdal, þriðjung í Heiðum og Seljalágar allar. Þessi skipting á eignarhaldi Nesdals og Heiða á sér einnig stoð í ýmsum öðrum fyrirliggjandi gögnum sem geta þess að Nesdalur og Heiðar hafi skipst til þriðjunga milli Sæbólsjarðarinnar, Sæbólskirkju og bænhúss í Álfadal. Að mati nefndarinnar bendir slík skipting á eignarhaldi ekki ein og sér til þess að ágreiningssvæðin hafi ekki verið háð beinum eignarrétti, enda eru mörg dæmi þess að eignarhald á landi hafi skipst milli nokkurra eigenda allt frá fyrstu tíð.

Ýmsar aðrar heimildir, einkum máldagar, vísitasíur og lögfestur, geta þess að Sæból, Sæbólskirkja og bænhúsið í Álfadal *eigi* Nesdal allan og eftir atvikum einnig Heiðar, án þess að inntaki eignarréttarins sé nánar lýst. Þrátt fyrir slíka umfjöllun í viðkomandi heimildum leiðir það ekki til afdráttarlausrar ályktunar um að svæðin hafi verið háð beinum eignarrétti. Óbyggðanefnd og dómstólar hafa almennt lagt minna upp úr

máldögum, vísitasíum og lögfestum en landamerkjabréfum jarða sem sönnunargögnum um tilvist beins eignarréttar. Ávallt er þó um að ræða heildstætt mat á sönnunargildi fyrirliggjandi heimilda og þar kunna atriði á borð við staðhætti, gróðurfar, fjarlægð frá byggð og nýtingu viðkomandi landsvæðis einnig að hafa áhrif.

Í þessu sambandi vísast t.d. til dóms Hæstaréttar frá 21. febrúar 2013 í máli nr. 433/2011 (Steinvarartunga). Í því máli var niðurstaða Hæstaréttar sú að um þjóðlendu væri að ræða þrátt fyrir að fyrir lægju heimildir um að Hofskirkja í Vopnafirði hefði átt Steinvarartungu *alla*. Var talið að inntak réttinda kirkjunnar hefði verið bundið við þau óbeinu eignarréttindi sem fólust í rétti til upprekstrar búfjár til sumarbeitar og annarra hefðbundinna afréttarnota, þ.e. afréttareign. Á hinn bóginn má t.d. benda á úrskurði óbyggðanefndar frá 11. október 2016 í máli nr. 4/2014 (Arnarvatnsheiði, Geitland og Langjökull) og frá 3. maí 2018 í máli nr. 2/2016 (Haukadalshreppur og Miðdalahreppur austan Miðár). Í fyrrnefnda úrskurðinum kom fram að eignarhaldi Reykholtskirkju á Geitlandi væri lýst með svipuðum hætti og framan greinir í heimildum. Í hinum síðarnefnda var fjallað um að eignarhaldi Kvennabrekkukirkju á Geldingadal væri einnig lýst svo í ýmsum heimildum. Í báðum úrskurðunum leiddi þetta, ásamt öðrum atriðum, til niðurstöðu um eignarland.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið liggja fyrir heimildir um Nesdal allt aftur til 14. aldar. Í þeim elstu er fjallað um ítök Núpskirkju, Mýrakirkju og Holtskirkju í Nesdal. Líkt og segir í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* telur nefndin að tilvist ítaks í fasteign bendi fremur til þess að svæðið þar sem ítakið er sé eða hafi einhvern tímann verið eignarland. Þannig hafi réttur yfir viðkomandi landsvæði verið nauðsynlegur grundvöllur undir stofnun ítaks á því og ítakshafinn öðlast rétt sinn innan marka þess réttar sem handhafi hinna beinu eignarréttinda átti. Ekki er þó útilokað að ítök kunni að finnast í landsvæðum sem ekki eru, eða hafa verið, undirorpin beinum eignarrétti. Tilvist ítaka Núps-, Mýra- og Holtskirkju í Nesdal bendir þó að öðru framangreindu gætt að mati óbyggðanefndar frekar til þess að Nesdalur hafi verið undirorpinn beinum eignarrétti.

Hvað varðar heimildir um selstöðu á Heiðum skal tekið fram að í *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* er rakið að á grundvelli tilvitnaðra rannsókna hafi þeirri kenningu verið haldið fram að seljabúskapur hafi mjög snemma orðið mikilvægur þáttur í íslenskum landbúnaði. Af þeim rannsóknum hafi verið dregin sú ályktun að selstæði hafi í fyrstu verið í heimalöndum en snemma færst yfir á svæði sem öllum var heimilt að nýta. Þessi sameiginlegu sellönd hafi síðan komist í einkaeigu eða ábúendur einstakra jarða gert tilkall til þeirra. Samkvæmt Jónsbók var óheimilt að gera sel í afréttum en jarðir gátu átt sel í almenningum. Heimildir um seljabúskap leiða þannig ekki, einar og sér, til afdráttarlausrar niðurstöðu um eignarréttarlega stöðu lands.

Heimildir greina frá því að í tvígang hafi verið óskað eftir því að reisa nýbýli í Nesdal á grundvelli nýbýlatilskipunarinnar frá 15. apríl 1776 og ljóst er að byggð var í dalnum um nokkurra ára skeið um miðja 19. öld. Í *Jarðabók* Árna og Páls er þess einnig getið

að byggð hafi verið í Nesdal um tveggja ára skeið í upphafi 18. aldar. Samkvæmt ákvæðum nýbýlatilskipunarinnar var hvort heldur unnt að stofna til nýbýlis á landi sem enginn kallaði til eignarréttar yfir, sbr. 4. og 5. gr. hennar, eða í eignarlandi annarra, sbr. 3. gr. Með stofnun nýbýlis á landi sem enginn kallaði til eignarréttar yfir stofnaðist jafnframt til beins eignarréttar nýbýlings að landinu.

Eigendur Sæbóls voru samkvæmt framangreindu ávallt mótfallnir tilraunum til stofnunar nýbýlis í Nesdal og svo virðist sem ákvæðum nýbýlatilskipunarinnar þar að lútandi hafi ekki verið fylgt. Ekkert liggur þannig fyrir um að lögformlegu nýbýli hafi verið komið á fót í Nesdal, þrátt fyrir að þar hafi verið byggð í einhverri mynd. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að stofnun býlis á óbyggðu svæði, án þess að fylgt væri ákvæðum nýbýlatilskipunarinnar um stofnun lögformlegs nýbýlis, hafði ekki sömu réttaráhrif og nýbýlisstofnun, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 22. september 2011 í máli nr. 294/2010 (Mælifell). Þær heimildir sem liggja fyrir um tilraunir til stofnunar nýbýlis í Nesdal taka ekki ótvírætt af skarið um hvort litið hafi verið svo á að um væri að ræða landsvæði háð beinum eignarrétti eða land sem enginn kallaði til eignarréttar yfir. Að mati óbyggðanefndar benda umræddar heimildir, þar á meðal sátt frá 3. febrúar 1846 þar sem umsækjandi um nýbýli er kallaður leiguliði í Nesdal, þó frekar til þess að litið hafi verið svo á að Nesdalur væri háður beinum eignarrétti eigenda Sæbóls.

Ekki liggja fyrir heimildir um að Nesdalur hafi verið tilgreindur í jarðamati annarra jarða en Sæbóls en í jarðamati 1804 er vísað til Nesdals sem hjáleigu/eyðihjáleigu og í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er þess getið að í Nesdal sé ábúandi sem sé nýbýlingur og einnig að Nesdals sé ýmist getið sem nýbýlis eða eyðihjáleigu frá Sæbóli. Að mati nefndarinnar bendir það fremur til þess að litið hafi verið svo á að um væri að ræða landsvæði háð beinum eignarrétti eigenda Sæbóls.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan er þeirra landsvæða sem hér eru til umfjöllunar getið í allmörgum heimildum í tengslum við upprekstur og afréttarnot, líkt og á við um marga afrétti einstakra jarða eða stofnana. Samkvæmt *Almennum niðurstöðum óbyggðanefndar* hefur afréttur oft verið skilgreindur sem afmarkað landsvæði, að jafnaði utan byggðar, sem að fornu og/eða nýju hefur verið nýtt sem sumarbeitiland en land utan jarða, þar á meðal afréttarland, hefur að meginreglu verið talið þjóðlenda. Notkun hugtaksins afrétt(ur) í landamerkjabréfi og/eða öðrum heimildum hefur þó ekki úrslitaþýðingu um að þar sé þjóðlenda, enda hefur merking þess ekki verið einhlít. Slíkt landsvæði er því eftir atvikum eignarland eða þjóðlenda. Heimildir um afnot landsvæðanna fjalla fyrst og fremst um beit eða önnur þrengri og sambærileg not, svo sem selstöðu, og heimildir herma að byggð í Nesdal hafi einungis haldist í mjög skamman tíma. Í dómum Hæstaréttar og úrskurðum óbyggðanefndar hafa atriði af þessu tagi í mörgum tilvikum legið, ásamt öðru, til grundvallar niðurstöðu um þjóðlendu og óbein eignarréttindi, nánar tiltekið afréttareign.

Á hinn bóginn verður að mati óbyggðanefndar ekki fram hjá því litið að ýmis önnur atriði benda fremur til beins eignarréttar á Nesdal og Heiðum en óbeinna eignarréttinda.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið liggja fyrir heimildir allt frá 16. öld um að umráðamenn Sæbóls hafi farið með umráð og hagnýtingu yfir Nesdal og Heiðum og má ráða af þeim að svæðið hafi ekki staðið öðrum til afnota án leyfis. Nesdalur og Heiðar liggja nærri byggð og eru talsvert gróin svæði, sérstaklega láglendustu hlutar þeirra sem liggja m.a. að hluta að sjó. Þá gefa staðhættir að öðru leyti ekki tilefni til að ætla að landsvæðin hafi verið undanskilin við landnám.

Ekki verður þannig séð að atriði á borð við staðhætti og gróðurfar bendi til þess að svæðin hafi síður orðið undirorpin beinum eignarrétti en aðliggjandi svæði, en að Nesdal og Heiðum liggja eignarlönd til allra átta. Þar að auki eru Nesdalur og Heiðar samliggjandi óumdeildu eignarlandi Sæbóls. Þessi atriði eru til þess fallin að styðja við niðurstöðu um að réttindi á Nesdal og Heiðum hafi falist í beinum eignarrétti fremur en óbeinum, enda er eignarréttarleg staða aðliggjandi svæða meðal þeirra atriða sem máli skipta við mat á stofnun og viðhaldi eignarréttar. Um það vísast t.d. til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar frá 21. október 2004 í máli nr. 48/2004 (Framafréttur og efstu jarðir í Biskupstungum), að því er varðar land jarðarinnar Hóla, frá 16. maí 2007 í máli nr. 448/2006 (Stórhöfði) og frá 13. október 2021 í máli nr. 41/2020 (Þóreyjartungur).

Að öllu framangreindu virtu benda fyrirliggjandi heimildir að mati óbyggðanefndar til þess að landsvæðin Nesdalur og Heiðar á Ingjaldssandi hafi verið undirorpin beinum eignarrétti. Af hálfu íslenska ríkisins hefur ekki verið sýnt fram á að land innan marka þeirra sé þjóðlenda í skilningi 1. gr. laga nr. 58/1998, sbr. einnig a-lið 7. gr. laganna. Rannsókn óbyggðanefndar leiðir einnig til þeirrar niðurstöðu að þar sé eignarland, án þess þó að tekin sé afstaða til þess hver fari með þau eignarréttindi, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1998. Með vísan til sama ákvæðis ber jafnframt að taka fram að í umfjöllun óbyggðanefndar felst ekki afstaða til merkja á milli eignarlanda, enda ekki á verksviði nefndarinnar að skera úr um þau.

7.5 Um kröfur Orkubús Vestfjarða

